Jón J. Aðils - Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787 (1919)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar galli á bls. 310.
Minniháttar gallar á bls. 177 og 391.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

EINOKUNARVERZLUN DANA Á ÍSLANDI 1602—1787

EFTIR

JÓN J. AÐILS

HÁSKÓLAKENNARA

REYKJAVÍK

ÚTGEFANDI: VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

AÐALÚTSÖLUMAÐUR: ÞÓRARINN B. ÞORLÁKSSON

1919

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG.

FORMÁLI.

Rit það, sem hér kemur fyrir almennings sjónir, hefur verið lengi í smíðum, sem vonlegt er, því það er nær eingöngu bygt á óprentuðum skjölum og skilríkjum í innlendum og erlendum skjala- og handritasöfnum. Hefi eg gert mér far um að draga saman í eina heild alt það, sem eg gat höndum yfir komist og mér þótti máli skifta um einokunarverzlun Dana hér á landi, svo að menn gæti fengið sem ljósasta hugmynd um þennan mikilvæga þátt í sögu vorri. Vona eg, að mér hafi eigi sést yfir nein stórvægileg atriði í því máli, þótt eg hins vegar gangi að því vísu, að mörgu mætti við bæta til fróðleiks og skýringar, ef betur væri eftir grafið. Aðalvandinn var í því falinn, að skipa svo niður efninu, að vel færi á, og veit eg eigi hversu það hefur tekist. Býst eg við, að sumum kunni að þykja fullmikið af endurtekningum í ritinu, en hjá því varð eigi komist, að mér fanst, enda þótt eg gerði mér far um að sneiða hjá því eftir megni.

Eg var lengi vel í nokkrum vafa um, hvort eg ætti að hafa fylgiskjöl með ritinu eða ekki, mest fyrir þá sök, að eg sá enga von til að prenta öll þau skjöl, sem æskilegt hefði verið að taka með, því það hefði lengt bókina að miklum mun. Að lokum afréð eg þó að velja úr þau skjölin, er mér þótti mestu máli skifta, en það voru samþyktir verzlunarfélaganna og vöruskrár þær frá 17. öld og fyrri hluta 18. aldar, er eg gat fundið. Eg hefði feginn viljað taka með nokkur af erindisbréfum kaupmanna og eins verzlunarskýrslur frá seinni hluta 18. aldar, en sá mér því miður

eigi fært að bæta þeim við. Varð eg því að láta mér nægja að vísa til þeirra í skjala- og handritasöfnunum.

Starfsmönnum við skjalasöfn hér á landi og erlendis leyfi eg mér að þakka góða og greiða hjálp við aðdrætti alla til ritsins. Vil eg þó sérstaklega beina þeim orðum mínum til skjalavarðanna beggja við Þjóðskjalasafnið í Reykjavík, dr. Jóns Þorkelssonar og Hannesar Þorsteinssonar, því bæði hafa þeir leitt athygli mína að ýmsum gögnum, sem mér annars kynni að hafa sést yfir, og auk þess látið mér upplýsingar í té, sem hafa komið mér að góðu haldi.

Að lokum er mér skylt að votta Alþingi Íslendinga sérstaka þökk fyrir utanfararstyrk til skjalarannsókna árið 1917 og Verzlunarráði Íslands fyrir útgáfu ritsins.

Reykjavík, 2. september 1919.

Höfundurinn.

HELZTU SKAMMSTAFANIR.

Alþb. = Alþingisbók (Lögþingisbók).
Alþb. Ísl. = Alþingisbækur Íslands. Útg. Sögufélagið. I—IV. Rv. 1912—1919.
A. M. = Handritasafn Árna Magnússonar í Háskólabókhlöðunni í Kaupmannahöfn.
A. M. Embskr. = Arne Magnusson: Embedsskrivelser og andre offenlige Aktstykker. Udg. af Kr. Kålund. Kbh. 1916.
Bisk. = Biskupasögur gefnar út af hinu ísl. Bókmentafélagi. I—II. Kmh. 1858—1878.
Bisk. Jóns próf. Hald. = Biskupasögur Jóns prófasts Haldórssonar í Hítardal. Útg. Sögufélagið. I—II. Rv. 1903—1915.
Bmfél. (eða Hdrs. Bmfél.) = Handritasafn Bókmentafélagsins í Landsbókasafninu í Reykjavík.
Bréfab. amtm. = Bréfabækur amtmanna í Þjóðskjalasafninu í Reykjavík.
Bréfab. stiftamtm. = Bréfabækur stiftamtmanna í Þjóðskjalasafninu í Reykjavík.
Dipl. Flensb. = Diplomatarium Flensborgense. I—II. Kbh. 1865—1873.
Dipl. Isl. = Diplomatarium Islandicum (Íslenzkt fornbréfasafn).
D. Kanc. = Danske Kancelli í Ríkisskjalasafni Dana.
Gl. Kgl. Saml. = Gammel Kongelig Samling í Konungsbókhlöðunni í Kaupmannahöfn.
J. Sig. (eða Hdrs. J. Sig.) = Handritasafn Jóns Sigurðssonar í Landsbókasafninu í Reykjavík.
Kancbr. = Kancellibréf.
Kanc. Brevb. = Kancelliets Brevböger (1551—1615). Udg. ved C. F. Bricka og L. Laursen. Kbh. 1885—1916.
Kgsbr. = Konungsbréf.
Kgsúrsk. = Konungsúrskurður.
Kh. Dipl. = Kjöbenhavns Diplomatarium. Udg. af O. Nielsen.
Lbs. = Handritasafn Landsbókasafnsins í Reykjavík.

Mk. = Mark.
M. Ket. = Magnús Ketilsson: Forordninger og aabne Breve I—III. Hrappsey 1776 og 1778 og Kmh. 1787.
Ny Kgl. Saml. = Ny Kongelig Samling i Konungsbókhlöðunni í Kaupmannahöfn.
Rd. = Ríkisdalur.
Rk. = Rentukammerið.
Rkbr. = Rentukammerbréf.
Rskjs. = Ríkisskjalasafn Dana.
Safn t. s. Ísl. = Safn til sögu Íslands gefið út af hinu ísl. Bókmentafélagi. I—IV. Kmh. og Rv. 1856—1915.
Sk. = Skildingur.
Sýsl. = Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson gefnar út af hinu ísl. Bókmentafélagi. I—IV. Rv. 1881—1915.
Thott = Handritasafn Thotts greifa í Konungsbókhlöðunni í Kaupmannahöfn.
Tollstjbr. = Tollstjórnarbréf.
Þjskjs. = Þjóðskjalasafnið í Reykjavík.

EFNISYFIRLIT.

Inngangur: Bls.

Upphaf verzlunar Dana á Íslandi . . . . . 3— 64

Einokunarverzlun Dana (1602—1787).

Fyrsti þáttur:
Verzlunarútgerðin.

I. Borgarar í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri (1602—1619) . . . . . 67— 92
II. Elzta íslenzka verzlunarfélagið (1620—1662) . . . 92—113
III. Verzlun aðalútgerðarmanna (1662—1683) . . . . 114—131
IV. Umdæmaverzlunin (1684—1732) . . . . . 131—178
V. Félag lausakaupmanna (1733—1742) . . . . . 178—186
VI. Hörmangarafélagið (1743—1758) . . . . . 186—209
VII. Konungsverzlunin fyrri (1759—1763) . . . . . 209—234
VIII. Almenna verzlunarfélagið (1764—1773) . . . . . 234—249
IX. Konungsverzlunin síðari (1774—1787) . . . . . 250—258

Annar þáttur:
Verzlunarhættirnir.

I. Hafnirnar og kaupsviðin . . . . . 259—298
II. Verzlunarhúsin og verzlunarþjónarnir . . . . . 299—335
III. Skipastóllinn og skipshafnirnar. — Farþegaflutningur. — Flutningshlunnindi . . . . . 335—357
IV. Kaupstefnur og kaupsetningar . . . . . 357—406
V. Mynt. — Alin, vog og mælir. — Gilding. — Skuldaviðskifti . . . . . 406—436
VI. Útlenzkur varningur . . . . . 436—473
VII. Íslenzkur varningur . . . . . 473—513
VIII. Viðskifti einokunarkaupmanna og Íslendinga . . 514—545
IX. Innanlandsverzlun . . . . . 545—573
X. Launverzlun . . . . . 573—616

Niðurlag: Bls.
Einokunin frá ýmsum hliðum. — Umbótaviðleitni. — Lausað um verzlunarböndin . . . . . 619—658

Fylgiskjöl.

1. Samþyktir elzta íslenzka verzlunarfélagsins 1620. . 661—670
2. Hlutafé og hagur Íslenzka verzlunarfélagsins 1636 . 671—673
3. Útfluttar íslenzkar vörur og gróði og tap á íslenzku höfnunum árið 1624 . . . . . 674—675
4. Aðfluttar og útfluttar vörur árið 1630 . . . . . 676—678
5. Hagur Íslenzka verzlunarfélagsins og aðfluttar og útfluttar vörur árið 1655 . . . . . 679—694
6. Útfluttar íslenzkar vörur 1733—1742. . . . . 695—700
7. Samþyktir Hörmangarafélagsins 24. febr. 1748. . . 701—716
8. Leigugjald í konungssjóð af íslenzku verzluninni 1602—1787 . . . . . 718—719

INNGANGUR

UPPHAF VERZLUNAR DANA Á ÍSLANDI

»MJÓR er mikils vísir«, segir máltækið, og hefur það óvíða betur sannast en á Hansaborgunum þýzku á miðöldunum. Þær ráku fyrst verzlun í grendinni og í smáum stíl hver út af fyrir sig, en komust brátt að raun um, að samtök voru líklegust til þrifnaðar í verzlun og viðskiftum, eigi sízt á þeim óaldarárum. Þær tóku því höndum saman fleiri eða færri eftir atvikum til að gæta sameiginlegra hagsmuna, og svo fóru leikar á endanum, eftir að rúmar 70 borgir höfðu gert bandalag með sér í Köln árið 1367, að »Hansasambandið« er svo var kallað (»Die seven und seventig Hansen«) gerðist í raun réttri eitt af stórveldum heimsins og drotnaði um langt skeið yfir verzlun og viðskiftum í norður- og vesturhluta álfunnar. Að vísu fór hagur bandalagsins vaxandi eða þverrandi eftir atvikum, og var það mest komið undir samheldni borganna sjálfra og ástæðum innanbæjar, en öldum saman voru þær svo máttugar, að enginn stóðst þeim snúning í viðskiftalífinu, þó að þær yrði stundum í svipinn fyrir skakkaföllum í hernaði.

Þetta bandalag stóð með mestum blóma á seinni hluta 14. aldar og fram í lok hinnar 15.[1]) Flestar þjóðir og þjóðhöfðingjar í norður- og vesturhluta álfunnar urðu þá að lúta verzlunaryfirráðum Hansaborganna, hvort sem þeim var það ljúft eða leitt. Eins og geta má nærri var engum það ljúft í rauninni, því enda þótt konungarnir

1) Smbr. E. Daenell: Die Blütezeit der Deutschen Hanse. I II. Berlin 1905—1906.

yrði fegnir að leita til þeirra um peningalán þegar að þrengdi, þá urðu þeir að kaupa þann greiða dýru verði og selja þeim í hendur æ fleiri einkaréttindi og hlunnindi til óhagræðis og skaða fyrir þegna sína. Að sönnu reyndu þeir annað veifið að hrista af sér fjötrana, en urðu oftast að lúta í lægra haldi fyrir þessum þríhöfðaða þussa, — því þrjár voru í raun og veru deildirnar, eða jafnvel fjórar áður lauk, þó að alsherjar bandalag stæði jafnframt að nafninu til. Þessi þrískifting bandalagsins í smærri deildir (»Dritteln«) var sprottin af legu og staðháttum borganna, því borgirnar í Prússlandi og Westfalen hændust að Köln sem aðalbækistöð, borgirnar í Pommern og Vindlandi höfðu sér mest að Lybiku og Eystrasaltsborgirnar í Líflandi héldu sér að Visby á Gotlandi. Seinna meir, þegar dró fram á 16. öldina, urðu deildirnar fjórar með borgirnar Köln, Braunschweig, Lybiku-Hamborg og Danzig í broddi fylkingar.

Sambandið var í eðli sínu einkar rúmt og frjálst og öllu fremur verzlunarsamband en stjórnmálasamband, enda lögðust borgirnar sjaldan á eitt í stjórnmálum, jafnvel þótt mikið lægi við. Að öllum jafnaði áttu fulltrúar aðalborganna þing saman eða stefnu árlega, og var það kallað »Hansadagur«. Voru þar samþyktar gerðar, er vörðuðu hag og heill bandalagsins, og lá við útlegð úr sambandinu (»Verhansung«) ef eigi voru haldnar af öllum hlutaðeigendum. Þessar samþyktir tóku þó einasta til verzlunarmála, en eigi stjórnmála, og yfirleitt var sambandið í eðli sínu friðsamlegt, eins og að líkindum ræður þar sem kaupmenn áttu í hlut. Helztu borgirnar áttu að sönnu annað veifið í ófriði við erlenda þjóðhöfðingja, en það tók ekki að jafnaði til bandalagsins í heild sinni, þó að ósjaldan væri hinsvegar beitt verzlunarsamtökum til að styðja bandamennina. Lybikumenn höfðu lengst af aðalforustuna á hendi, þó að öfund nokkur léki á um stundar sakir. Þar var aðalbréfahirzla félagsins og þar voru flestar Hansastefnur haldnar. Hansakaupmenn höfðu

skrifstofur erlendis á við og dreif t. d. í Hólmgarði eða Novgorod (Peterhof), Björgvin, Lundúnum (Stahlhof) og Brügge. Þar voru um leið vörubirgðastöðvar þeirra og var þaðan rekin verzlun öll nærlendis, en ekki beina leið frá borgunum sjálfum. Á stöðvum þessum lifðu kaupmenn þeirra og kaupsveinar við strangan aga og ókvæntir (»piparsveinar«), og voru þeir háðir sérstökum lögum, er mæltu fyrir um afstöðu þeirra til annara borgara þar á staðnum og trygðu þeim yfirhöndina í öllum viðskiftum.[1])

Engir fengu að kenna jafn óþyrmilega á verzlunarfjötrum Hansaborganna eins og Norðurlandaþjóðirnar þrjár. Hansakaupmenn náðu snemma tangarhaldi á konungunum og sölsuðu undir sig alls konar einkaréttindi á verzlunarsviðinu, og úr því var eigi að sökum að spyrja. Konungarnir urðu að láta sér lynda að staðfesta og rýmka þessi réttindi þeirra æ meira, og áður en nokkurn varði voru Hansakaupmenn búnir að ná fullu tangarhaldi á allri verzlun og viðskiftum ríkjanna. Einna mest kvað að yfirgangi þeirra í Svíþjóð. Um eitt skeið var Stokkhólmur jafnvel talinn með í sjálfu bandalaginu, og í sumum borgum öðrum var það skilyrði sett, að þýzkir kaupmenn skipuðu bæjarstjórnina að helmingi. Þó urðu engir að líkindum ver úti en Norðmenn, þegar öllu er á botninn hvolft, því stöðin í Björgvin tók fyrir kverkarnar á allri verzlunarsamkepni af hálfu þegnanna, og öll viðleitni í þá áttina var brotin á bak aftur. Áður en Þjóðverjar komu til sögunnar, var risin upp allþrifleg innlend farmanna- og verzlunarstétt í Noregi, og stóð hagur hennar með einna mestum blóma á dögum Magnúsar lagabætis. En árið 1294 tókst Þjóðverjum að afla sér ýmsra hlunninda og einkaréttinda í Noregi, og rúmri hálfri öld síðar eru þau umskifti á orðin, að öll verzlun landsins út á við er komin í hendur Hansakaupmanna. Stöðvar þeirra í Björgvin,

1) Smbr. áðurnefnt rit og D. Schäfer: Die Deutsche Hanse. Bielefeld & Leipzig 1914. [Monographien zur Weltgeschichte 19.] Í Björgvin voru kaupsveinar Þjóðverja kallaðir »Garpar«.

Túnsbergi og Ósló eru búnar að ná slíku tangarhaldi á viðskiftalífinu, að innlendir farmenn eru að mestu úr sögunni og verzlunarstétt landsins komin í þá kreppu, að eigi var framar viðreisnar von. Innlendu kaupmennirnir urðu að sætta sig við að lifa á þeim molum, sem féllu af borðum drotnanna, og þeir voru hvorki margir né miklir.[1])

Því verður að sönnu eigi neitað, að konungarnir reyndu í lengstu lög og af fremsta megni að halda í við Þjóðverja og setja verzlun þeirra einhverjar skorður. En það var að eins á þrengri sviðum. Þannig er Þjóðverjum í hlunnindabréfinu frá 6. júlí 1294 leyfð frjáls verzlun í Noregi, »en þó eigi lengra norður en til Björgynjar, nema einhverjum sé veitt sérstakt leyfi til þess«[2]). Enn skýrar var þetta fram tekið í réttarbót Hákonar háleggs frá 1302, því þar er svo að orði komist, að enginn útlenzkur maður megi flytja góz sitt eða senda norður um Björgvin eða annarstaðar til sölu í hérað *eða gera félag til Íslands eða annara skattlanda Noregskonungs.*[3]) Enn að nýju var gefin út réttarbót árið 1348, sem átelur það stranglega, að »útlenzkir kaupmenn sigli til skattlanda og annarstaðar, þar sem eigi hefir fyr vani á verið«, og bannar öllum útlendum kaupmönnum að sigla með kaupeyri sinn »norðan um Björgvin« eða »nokkurstaðar til vorra skattlanda«[4]). Þetta miðaði auðvitað til þess að tryggja þegnunum sjálfum einhverja ofurlitla hlutdeild í verzlun og viðskiftum ríkisins.[5]) En það var þó ekki af einskærri umhyggju fyrir hagsmunum þegnanna, að konungarnir héldu þessu dauðahaldi í skattlandaverzlunina,

---

1) Yngvar Nielsen: Bergen fra de ældste Tider indtil Nutiden. Krist. 1877. Alex. Bugge: Studier over de norske byers selvstyre og handel för Hanseaternes tid. Krist. 1899.

2) Non tamen ultra Bergas uersus partes boreales, nisi hoc alicui de speciali gracia concedatur. Dipl. Norv. V, 24.

3) Dipl. Isl. II, 333.

4) Dipl. Isl. II, 346.

5) Konungur getur þess í réttarbótinni 1348, að landið hafi skaða af þessum siglingum útlendinga norður um Björgvin, »oc suo noker kiöbmennd i landeno«.

heldur jafnframt til þess að tryggja konungsfjárhirzlunni sem mestan hagnað af henni. Það var einkum skreiðarverzlunin íslenzka, sem arðvænleg þótti á seinni hluta miðaldanna, og konungarnir vildu fyrir engan mun af henni sjá. Þeir tóku því það ráð að einskorða hana við Björgynjarbæ, sem var um þær mundir aðalskreiðarbúr Noregs, og fela Björgynjarkaupmönnum einum að reka verzlun til skattlandanna, eða þeim öðrum af Björgynjarbúum, sem konungi þóknaðist í þann og þann svipinn. Af íslenzkum annálum er það auðsætt, að kirkjur og klaustur í Björgvin eða grendinni ráku stundum verzlun til Íslands um þessar mundir, en auðvitað hefur hún verið einhverjum skilyrðum bundin af konungi.[1]) Úr þessu fer nú meir og meir að komast á sú stefna, að konungur áskilur sér fullan einokunarrétt á skattlandaverzluninni, og á seinni hluta 14. aldar eru hafðar strangar gætur á því, að engir reki verzlun til Íslands eða Grænlands nema þeir einir, sem hafa konungsleyfi til. Náði það engu síður til Íslendinga sjálfra en annara, eins og dæmin sanna. Árið 1362 keyptu Eyfirðingar ferju af Þverárstað og fóru á til Noregs, þar á meðal Þorsteinn Eyjólfsson frá Urðum, er bæði hafði lögsögn og hirðstjórn hér á landi á næstu árum. Tóku þeir Hálogaland, en Hreiðar darri, sem eflaust hefur haft þar konungssýslu, greip alt samt, skip og góz, og færði leikmenn fram til konungs í haldi.[2]) Árið 1374 fór Jón skalli Hólabiskup utan á Maríubollanum, er hann hafði látið smíða, en þegar til Noregs kom kallaði konungur sér skipið.[3]) Þá er og alkunn sagan af hrakningum Björns Jórsalafara til Grænlands árið 1385 og rekistefnu þeirri, sem varð út af því í Noregi veturinn 1388—89. Var þar kært á hendur þeim félögum, að þeir

1) Árið 1343 eru talin hér við land 4 skip af Noregi, sem öll voru kend við klaustur og kirkjur eða kapellur í Björgvin og eflaust hafa verið á þeirra vegum, — *Lýsubússan, Postulasúðin, Ögvaldsnesbússan* og *Katrínarsúðin*. Flateyjarann. Islandske Annaler indtil 1578 (Storm). Krist. 1888, bls. 402.

2) Lögmannsann. og Flateyjarann. Isl. Ann. bls. 279 og 408.

3) Lögmannsann. og Flateyjarann. Isl. Ann. bls. 280 og 411.

hefði siglt til Grænlands »með réttu forakt, samþykki og vilja«, framið þar verzlun án konungs orlofs og keypt krúnunnar góz móti lögum, en þeir báru þetta af sér með eiði og kváðust að eins hafa siglt þangað í lífsnauðsyn.[1])

Af þessum og öðrum heimildum er það ljóst, að verzlun skattlandanna er í lok 14. aldar einskorðuð við Björgynjarbæ og alveg á konungs valdi að ráðstafa henni eftir vild sinni.[2]) Ef konungarnir hefðu nú séð Íslendingum fyrir nægum aðflutningum, eins og skylda bar til eftir Gamla sáttmála, þá hefði þetta verið sök sér. En það var öðru nær. Á dögum Hákonar háleggs (1302 eða 1306) og við ríkistöku Magnúsar Eiríkssonar (1319) var af Íslendinga hálfu kvartað yfir vanhöldum á siglingunum.[3]) Og ekki rættist betur úr eftir því sem lengra sótti fram, því oft og einatt er getið um siglingarskort í íslenzkum annálum frá 14. öldinni, og jafnvel um algert siglingarleysi.[4]) Í hyllingarbréfi Íslendinga til Eiríks konungs frá Pommern árið 1419 segir berum orðum, að réttarbætur geri svo ráð fyrir, að 6 skip komi af Noregi árlega, en það hafi lengi ekki verið haldið.[5]) Björgynjarmenn voru þá orðnir svo þróttlausir af yfirgangi Hansakaupmanna, að þeir gátu eigi haldið uppi farmensku svo neinu næmi, en samt stóðu þeir fast á einkarétti sínum, og það jafnvel löngu eftir að verzlunin var gengin þeim úr greipum. Má því nærri geta hvernig farið hefði fyrir Íslendingum, sem engan skipastól höfðu, ef Englendingar hefði þá eigi tekið upp

---

1) Dipl. Isl. III. 432—441.

2) Einna ljósast sést þetta af tveim skjölum, sem enn eru til, frá byrjun 15. aldar. Annað er skýrsla frá sendimönnum Eiríks konungs frá Pommern í Englandi árið 1415 (Dipl. Isl. III, 768—769), en hitt kæruskjal Hannesar Pálssonar hirðstjóra 1425 (Dipl. Isl. IV, 324—325).

3) Dipl. Isl. II, 335 og 497—498. Fyrra bréfið er í Fornbréfasafninu heimfært til ársins 1302, en vafi leikur á hvort það sé rétt, og vilja sumir halda því fram, að það sé frá árinu 1306. (Smbr. B. M. Ólsen: Um upphaf konungsvalds á Íslandi. Rv. 1908. Bls. 63-64).

4) Þannig kom ekki nema eitt skip til Íslands á árunum 1325, 1333 og 1357 (Isl. Ann. bls. 22*, 268 og 398), en á árunum 1326, 1350, 1355 og 1375 alls ekkert (Isl. Ann. bls. 276, 356, 396 og 412).

5) Dipl. Isl. IV, 268.

siglingar til Íslands og haldið þeim áfram langa hríð þvert ofan í öll konungsboð.

Það er öll ástæða til að ætla, að Englendingar eða Bretar[1]) hafi fyrstir útlendra þjóða stundað fiskiveiðar hér við land, enda var þeim hægast um vik, og fiskiveiðarnar leiddu brátt til nánari viðskifta. Eigi verður sagt um það með fullri vissu, hve nær þeir hafi fyrst tekið að venja komur sínar hingað, en í íslenzkum heimildum er þeirra fyrst getið hér við land árið 1412.[2]) Árið eftir kom kaupskip af Englandi til Íslands. Hét sá Ríkarður, er fyrir því var, og hafði bréf Noregskonungs að sigla frjálslega í ríki hans með kaupskap sinn.[3]) Gekk hann af skipi sínu austur við Horn og reið svo til Skálholts og aftur undir Eyjafjöll. Þar sté hann á skip sitt og sigldi því til Hafnarfjarðar; var honum áður skipuð höfn á Eyrarbakka, en þar vildi hann ekki lenda. Keyptu margir varning að honum niðri við sundin, og var líft á því tekið af mörgum vitrum mönnum. Sigldi hann brott aftur litlu síðar, og tók Vigfús hirðstjóri áður af honum eiða, að hann skyldi hollur og trúr landinu. Þetta sumar sigldu hingað af Englandi 30 fiskiduggur eða meira. Þá lögðu og 5 ensk skip inn í Vestmannaeyjar. Komu með þeim bréf konungsins á Englandi, að kaupskapur væri leyfður sérstaklega við menn hans og skip það, sem honum tilheyrði. Keypti þar hver sem orkaði eftir efnum. Seinna um sumarið kom þó út bréf Eiríks konungs frá Pommern, sem bannaði öll kaup við útlenda menn, þá sem eigi höfðu verzlað hér áður.[4]) Sumarið 1415 lágu 6 ensk skip í Hafnarfirði og

---

1) Írar og Skotar eru einnig taldir öðru hvoru meðal þeirra. (Smbr. t. d. Löngurétttarbót, Dipl. V, 67 § 14, o. fl. heimildir).

2) Lögmannsann. Isl. Ann. bls. 290.

3) Það er mjög ólíklegt að þetta verzlunarleyfi hafi tekið til Íslands, því í leyfisbréfum þeim, sem út voru gefin af Noregskonungi hér eftir, var Ísland og önnur skattlönd einmitt sérstaklega undanskilin, þó svo hafi eigi verið í þetta skifti.

4) Lögmannsann. Isl. Ann. bls. 290—291.

sigldi Vigfús hirðstjóri á einu þeirra til Englands.[1]) En nú var Björgynjarkaupmönnum nóg boðið, því enda þótt verzlun þeirra væri orðin næsta þróttlítil, þá vildu þeir samt ekki unna öðrum þjóðum hagnaðarins eða láta íslenzku verzlunina með öllu ganga sér úr greipum. Hafa þeir eflaust borið sig upp um þetta við Eirík konung, því hann gerði þá menn af sinni hálfu á fund Englakonungs, og fengu þeir því áorkað, að Englakonungur bannaði þegnum sínum fiskiveiðar og verzlun á Íslandi framar en forn vandi stæði til.[2]) En lítt hefur það hrifið, eða þá ekki nema rétt að eins um stundar sakir, því þess er getið í annálum, að vorið 1419 hafi brotið hér við land eigi færri en 25 ensk skip í ofsaveðri.[3]) Í hyllingarbréfi sínu til Eiríks konungs frá 1. júlí 1419 kannast og landsmenn skýlaust við, að þeir hafi vegna siglingaleysis af Noregi neyðst til að kaupa við útlenda menn, sem hingað hafi siglt og með friði farið og réttum kaupskap.[4]) Nokkrum dögum síðar veitti Arnfinnur Þorsteinsson, er þá gegndi hirðstjórastörfum um hríð, tveim utanríkiskaupmönnum verzlunarleyfi um eitt ár. Skyldu þeir mega kaupa og selja um alt land og hafa skip sitt til útróðra hvar sem þeir vildu.[5])

Upp frá þessu héldu Englendingar fram verzlun sinni hér á landi hvað sem hver sagði, og færðu sig jafnvel upp á skaftið, enda vissu þeir sem var, að Englakonungi var það ekkert alvörumál að hefta verzlun þeirra og fiskiveiðar á Íslandi, þó að hann léti stundum til leiðast að banna hvorttveggja eftir beiðni Noregskonungs, og hins fóru þeir heldur eigi duldir, að Noregskonungur hafði eigi mátt til að framfylgja verzlunarbanni sínu, þó að hann

---

1) Lögmannsann. Isl. Ann. bls. 292. Vigfús hirðstjóri, móðir hans, kona og börn voru tekin undir bænahald Tómasar helga í Kantarabyrgi á Englandi 7. okt. 1415. (Dipl. Isl. III, 764).

2) Dipl. Isl. III, 769.

3) Lögmannsann. Isl. Ann. bls. 293.

4) Dipl. Isl. IV, 268.

5) Dipl. Isl. IV, 269 -270.

færi geyst og hótaði lífljóni og eignamissi hverjum þeim, er á móti bryti. Þegar konungsmenn reyndu að aftra verzlun þeirra, færðust Englendingar í aukana og gripu þá oft til rána og annara ofbeldisverka. Gerðust einkum mikil brögð að þessu á árunum 1420—1425, því þá fóru Englendingar með ránum og hernaði víða um land, settust í Vestmannaeyjar og gerðu sér þar hús og virki, og þegar hirðstjórarnir Hannes Pálsson og Baltazar sóttu þangað með flokk manna til að stökkva þeim á brott, fóru svo leikar með þeim, að Englendingar tóku þá báða höndum og fluttu með sér til Englands (1425).[1]) Á þessu gekk svo jafnan annað veifið alla ríkisstjórnartíð þeirra Eiríks og Kristófers frá Bæjaralandi, og er það varla ofmælt, að hin óeðlilega og skammsýna verzlunarstefna þeirra konunganna hafi valdið mestu um óspektir þær og yfirgang, sem Englendingar sýndu af sér hér á landi, því eigi er annars getið, en að alt færi skaplega með Englendingum og Íslendingum þegar þeir áttust einir við án allrar íhlutunar af hálfu konungs eða valdsmanna, enda var Íslendingum það hin mesta lífsnauðsyn, að viðskiftin héldist átölulaust, því annars var þeim háski búinn af siglingaleysi. Það orð lék og á seinna, að Íslendingar hefði fengið betri kaup hjá Englendingum en hjá nokkuri annari þjóð, og kaupsetning ein milli Englendinga og Íslendinga í Vestmannaeyjum nál. 1420 ber það með sér, að kaupin voru þá mjög hagstæð landsmönnum og skreiðarverðið *sexfalt* hærra en á dögum einokunarverzlunarinnar dönsku.[2])

Kristján konungur I. virðist hafa tekið upp að nokkru leyti nýja stefnu í verzlunarmálunum, því hann gerir sér ekki svo mjög far um að banna Englendingum verzlun á Íslandi, sem hitt, að krefja þá um tolla og sekkjagjöld, er sigldu þangað, og var það auðvitað ólíkt skynsamlegra. Á fyrsta ríkisstjórnarári sínu veitti hann meira að segja

1) Lögmannsann. (Isl. Ann. bls. 294). Smbr. skýrslu Hannesar Pálssonar (Dipl. Isl. IV, 324–334).

2) Smbr. Dipl. Isl. IV, 276–277.

enskum manni verzlunareinkaleyfi á Íslandi um 2 ár með 10 skipum, og gerði sér jafnframt far um að útiloka aðra og hefta óspektir þeirra á Íslandi.[1]) Þetta kemur og ljóst fram í Lönguréttarbót, sem hann gaf út árið eftir (1450).[2]) Það gekk þó ekki tregðulaust að ná tollum og sekkjagjöldum af Englendingum, því konungur ritaði Íslendingum þar að lútandi 1453 og bað þá að hafa hendur á þeim Englendingum, sem eigi vildi lúka hafnartolla,[3]) og af bréfi konungs 27. maí 1456 til Alfons konungs í Aragóníu er það auðsætt, að eitthvað hefur þá borið á milli um íslenzku verzlunina, því hann kveðst búast við nýjum skærum milli sín og Englakonungs út af Íslandi.[4]) Björn hinn ríki Þorleifsson var þá hirðstjóri konungs sunnan og austan á Íslandi og boðaði konungur hann á fund sinn þetta sumar. Fór hann utan um haustið með konu sinni, en á leiðinni voru þau tekin af víkingum og flutt í böndum fram fyrir Skotakonung.[5]) Losnaði hann þó úr klóm Skota fyrir tilstilli Kristjáns konungs, en hitt er eigi ólíklegt, að hann hafi munað þeim meðferðina á sér og hugsað þeim og frændum þeirra þegjandi þörfina, ekki síst eftir að hann tók hirðstjórn yfir öllu Íslandi (1464). Þá kvað enn sem fyr allmikið að siglingum og yfirgangi Englendinga hér við land, og lágu skip þeirra víða í höfnum, en konungur gerði sitt hið ítrasta til að hafa einhvern hemil á verzlun þeirra. Árið 1463 hafði hann gefið út bréf þess efnis, að enginn mætti eiga kaup við útlenda menn fyr en þeir hefði greitt sekkjagjöld og konungsskyldir eftir fornum vanda, og árið 1465 gerði hann samning við Englakonung á þá leið, að hann skyldi sjá til þess að þegnar sínir færi eigi til Íslands, að viðlögðu líftjóni og eignamissi, nema þeir hefði sérstakt leyfi til þess af Noregs-

---

1) Dipl. Isl. V, 31—33. Smbr. Dipl. Isl. IV, 766 - 767.
2) Dipl. Isl. V, 67 (§ 14).
3) Dipl. Isl. XI, 15.
4) Dipl. Isl. V, 142.
5) Dipl. Isl. V, 147—149.

konungi.[1]) Næsta ár tók konungur alveg af skarið með því að endurkalla öll þau leyfisbréf, er hann hafði veitt Englendingum til verzlunar á Íslandi.[2]) Má eflaust gera ráð fyrir, að þeim hafi gramist þetta og gerzt óþjálir við hirðstjóra konungs á Íslandi, enda var Björn víst enginn skapdeildarmaður er því var að skifta. Víst er það, að hann lenti í illdeilum við Englendinga í Rifi haustið 1467 og tóku þeir hann af lífi og fóru síðan ránshendi um bygðir og býli.[3]) Í hefndarskyni lét konungur gera upptæk ensk skip í Eyrarsundi, og leiddi af þessu öllu saman 5 ára ófrið milli Englendinga annars vegar og Hansaborganna og Danakonungs hins vegar, en að lokum komst friður á í Utrecht (1474) og var þar gert út um öll þessi mál.[4])

Þó að Englendingar væri allra þjóða mest riðnir við íslenzku verzlunina fram á seinni hluta 15. aldarinnar, þá voru þeir samt ekki einir um hituna, því Hansakaupmennirnir þýzku fóru þá jafnframt að sækja hingað þrátt fyrir konungsboðin og urðu Englendingum brátt hinn skæðasti keppinautur. Í kæruskjali einu frá 1521 telja Englendingar fornar sakir á hendur þýzkum kaupmönnum fyrir yfirgang og ójöfnuð við landa sína á Suðurnesjum 1423—1424,[5]) og virðist af því mega ráða, að Þjóðverjar hafi þá verið farnir að venja komur sínar hingað, enda hníga þar fleiri rök til. Hinn 7. maí 1425 gaf Eiríkur konungur út bréf, þar sem hann talar um siglingu *þýzkra* og annara útlenzkra manna til Íslands og skattlandanna þvert ofan í lög og venju, og aftekur hana með öllu,[6]) og

---

1) Dipl. Isl. V, 383 385 og 453. »Sub poena amissionis vitae et bonorum« er upp frá þessu viðkvæðið í öllum samningum, er lúta að verzlun og fiskiveiðum á Íslandi.

2) Dipl. Isl. XI, 20—21.

3) Smbr. bréf Kristjáns konungs 20. júní 1468 (Dipl. Isl. X, 24—25).

4) Um verzlun Englendinga hér á landi á 15. öldinni hefur Finnur Magnússon prófessor samið fróðlega ritgerð, sem pr. er í Tidsskrift for nordisk Oldkyndighed II, 112—169.

5) Dipl. Isl. XI, 84—85.

6) Dipl. Isl. IV, 321—323.

í hyllingarbréfi Íslendinga hinu síðara til Eiríks konungs (1431) er getið um þýzka kaupmenn á Íslandi,[1]) svo það getur enginn vafi á því leikið, að þeir hafa þá verið farnir að reka hér verzlun. En hitt má víst óhætt fullyrða, að mjög lítið hafi að henni kveðið á fyrri hluta 15. aldar. Aftur á móti fóru þeir að verða ásæknari þegar dró fram á seinni hluta aldarinnar, og fengu þýzkir kaupmenn, einkum Hamborgarar, hvað eftir annað verzlunarleyfi til Íslands á dögum Kristjáns I., enda var hann í sífeldri peningaþröng og gerði sér mat úr öllu.[2]) Tók þá brátt að örla á samkepni og sundurlyndi með þeim og Englendingum. Þegar Kristján konungur gerði upptæk ensku skipin í Eyrarsundi eftir víg Björns ríka, kendu Englendingar Hansakaupmönnum um þessar ófarir sínar og fengu því framgengt við Englakonung, að þýzkir kaupmenn í Lundúnum voru teknir fastir og sviftir öllum einkaréttindum, en það var eitt með öðru undirrót ófriðar þess, er áður getur. Upp frá þessu gerðist oft og einatt mjög róstusamt með Englendingum og Þjóðverjum hér á landi. Þannig reis megn deila með Englendingum og Lybikumönnum árið 1475 út af skipi, sem Englendingar rændu hér á Íslandi.[3]) En hvernig sem Englendingar reyndu að halda í horfinu, þá kom það fyrir ekki; þeir fengu eigi spornað við því, að Þjóðverjar, einkum Hamborgarar, næði æ fastari tökum á íslenzku verzluninni. Árið 1486 báru Englendingar sig mjög illa út af samkepni Hansakaupmanna og kváðust eigi haldast við fyrir þeim í íslenzkum höfnum, enda væri það segin saga, að Hansakaupmenn legðust jafnan á eitt með konungsmönnum í viðskiftum þeirra við Englendinga.[4])

Það er auðsætt af þessu, að Hansakaupmenn höfðu

---

1) Dipl. Isl. IV, 461.

2) Ernst Baasch: Forschungen zur hamburgischen Handelsgeschichte I. Die Islandsfahrt der Deutschen. Hamb. 1889. Bls. 6—9.

3) Dipl. Isl. X, 32—44. Smbr. Hansische Geschichtsblätter 1907 bls. 245—264.

4) Dipl. Isl. XI, 32—40.

þegar hér var komið sögunni öllu betur í viðskiftunum og þurftu eigi svo mjög að óttast samkepni Englendinga. Aftur á móti stóð þeim meiri hætta af samkepni þeirra sjálfra innbyrðis, því nú þegar er farið að brydda á þeirri öfund og verzlunarafbrýði milli Hansaborganna sjálfra, sem að lokum reið veldi þeirra að fullu. Hansakaupmenn í Björgvin undu því illa, að konungur skyldi veita öðrum Hansakaupmönnum leyfi til að reka verzlun á Íslandi og töldu það koma í bága við hagsmuni og einkaréttindi Björgynjarbæjar. Þegar Kristján konungur I. féll frá rituðu öldurmenn þýzku samkundunnar í Björgvin borgarráðinu í Lybiku og formönnum annara borga á Þýzkalandi bréf um það 10. sept. 1481, að æskilegt væri að fá afnuminn þann rétt, sem nokkrum Hansakaupmönnum hefði verið veittur, að fornspurðu norska ríkisráðinu, til þess að reka verzlun á Íslandi, og í sama strenginn tók ríkisráðið í Noregi með bréfi dags. tveim dögum síðar.[1]) Er því haldið þar fram að hagsmunir beggja, Noregs og Lybiku,[2]) krefjist þess að réttur sá, er Kristján I. veitti Hamborgurum til verzlunar á Íslandi, sé af tekinn og að Björgvin sé framvegis aðalstöð íslenzku verzlunarinnar. Þetta gerði ríkisráðið að skuldbindingu af sinni hálfu fyrir nýrri konungshyllingu, og varð Hans konungur að sætta sig við að játa þessum kröfum.[3]) Hansakaupmenn á Þýzkalandi undu þó mjög illa þessari einokunarviðleitni Björgynjarkaupmanna, einkum Hamborgarar, og vildu alls eigi láta af siglingunum, enda virðist konungi aldrei hafa verið alvara með að framfylgja skuldbindingunni. Að minsta kosti héldu bæði Hamborgarar og Englendingar áfram verzlun sinni á Íslandi alveg opinskátt, og nokkrum árum síðar (1490) veitti Hans konungur bæði Hamborgurum, Englendingum og Hansakaupmönnum í Hollandi skýlaust verzlunar- og

1) Dipl. Isl. VI, 399—400 og 401—402.
2) Það voru Lybikumenn, sem áttu mesta hlutdeild í Björgynjarverzluninni.
3) Dipl. Isl. IX, 40—41 og VI, 474.

fiskiveiðaleyfi á Íslandi.[1]) Hefur konungur að líkindum verið kominn á þá skoðun, að betra væri að leyfa það fyllilega, sem eigi varð afstýrt hvort sem var, enda þótt bannað væri. Þetta mun hafa vakið gremju Björgynjarkaupmanna, því sumarið eftir gerðu þeir samtök við aðra Hansakaupmenn gegn Englendingum, sem lágu hér við land á Suðurnesjum, réðust að þeim með ærnum herbúnaði bæði á sjó og landi, ráku skip þeirra úr höfnum og meinuðu þeim fiskiveiðar og öll viðskifti við landsmenn.[2])

Við þessu gátu Íslendingar auðvitað ekki þagað, því þeim var það áhugamál, að siglingar og samkepni héldist, úr því að konungsleyfi var til. Voru því konungsbréfin birt á alþingi um sumarið og dómur kveðinn upp af lögmönnum báðum og lögréttunni um það, hvern frið útlendir kaupmenn skyldi hafa hér á landi o. fl. þar að lútandi (Piningsdómur 1. júlí 1490). Var það úrskurður lögréttunnar, að þeir kaupmenn, sem hefði konungsbréf fyrir sér, skyldi allir mega sigla hingað frjálslega, ef þeir hefði réttan kaupskap og falslausan, en fyrirboðinn kaupskapur hverjum þeim, sem uppvís yrði að svikum. »Svo höfum vér dæmt, að Þýzkir og Engelskir skulu halda frið sín í millum hér í landi meðan þeir liggja í höfnum, sakir þess að konungsins skipan verður landinu eigi til nytja, ef þeir halda ekki frið sín á millum, en hvorir hafi hafnir sem fyrri koma og sjálfum semur. En hvorir sem friðinn brjóta, þá sé eigi við þá keypt.«[3]) Þessi dómur var þó hvergi nærri einhlítur til að tryggja frið og sátt, því samkepnin var hin illvígasta á báða bóga og oft og einatt róstusamt með Englendingum og Þjóðverjum hér á landi framan af 16. öldinni. Höfðu Englendingar um

---

1) Dipl. Isl. VI, 689—690 og VIII, 76. Englendingum var þó gert að skyldu að endurnýja leyfið á hverjum 7 ára fresti.

2) Dipl. Isl. XI, 49—50.

3) Dipl. Isl. VI, 703–705. Smbr. Magnús Ketilsson: Forordninger I, 78–87 og Lovsamling for Island I, 41—43.

þær mundir aðalbækistöð sína í Hafnarfirði og voru oft mjög fjölmennir, svo talið er að eitt sinn hafi þar jafnvel komið 3—400 manns af Englendingum, bæði kaupmenn og skipverjar.[1]) En á fyrstu hirðstjórnarárum Hannesar Eggertssonar (nál. 1518) varð orusta með Englendingum og Hamborgurum í Hafnarfirði, og reið þá um þvert bak. Lágu Englendingar inni hjá Fornubúðum, sem kallað var, en Hamborgarmönnum lék hugur á að ná í höfnina og vildu því rýma hinum í burtu. Komu þeir að þeim í útrænu, svo reykinn lagði allan á Englendinga, en Þjóðverjar höfðu klætt skip sín með sængurfötum ofan í sjó. Fengu þeir til liðs við sig 48 þýzka menn af Vatnsleysu, Keflavík, Bátsöndum og Þórshöfn (á Miðnesi), og komu að sögn eigi aftur af þeim nema 8, en hinir 40 lágu dauðir eftir. Samt veitti Þjóðverjum betur og stöktu þeir hinum á brottu. Höfðu þeir lengi síðan bækistöð sína suður við Óseyri, en Enlendingar tóku sér eftir það höfn í Grindavík.[2])

Af sögnum, skjölum og skilríkjum frá þessu tímabili virðist mega ráða, að Þjóðverjar hafi oftast borið hærra hlut í viðskiftunum við Englendinga, flæmt þá úr einum stað í annan og sölsað smám saman undir sig beztu hafnirnar. Þegar hér var komið sögunni voru þeir orðnir ofan á í Hafnarfirði og á Suðurnesjum, en í Grindavík höfðust Englendingar við enn sem komið var. Sumarið 1532 lá þar enskur kaupmaður, er Jóhann Breye hét.[3]) Hafði hann legið þar í þrjár vikur og rekið verzlun og fiskiveiðar. Þá komu þar Hamborgarar og Brimarar og lögðu fölur á skreið þá, er Jóhann hafði keypt og tekið frá. Vildi hann eigi lausa láta skreiðina og kvaðst hafa tekið hana upp í skuld frá fyrra ári. Þessu reiddust Þjóðverjar, komu á næturþeli með skipshafnir af 8 skipum,

1) Allen: De tre nordiske Rigers Historie II, 134.
2) Biskupaannálar Jóns Egilssonar (Safn til sögu Ísl. I, 45—46).
3) Riki-Bragi er hann kallaður í Biskupaannálum Jóns Egilssonar (Safn I, 79), en Björn á Skarðsá kallar hann Jóhann Breiða.

eitthvað um 280 manns, er Englendingar voru flestir á land gengnir, réðust á skip þeirra og drápu þar 15 menn í fasta svefni, en ræntu skipið öllu fémætu. Svona skýrðu Englendingar frá atburðum og töldu skaða sinn 1500 sterlingspund.[1]) En Þjóðverjar og Íslendingar báru söguna alt öðru vísi. Segir Björn á Skarðsá, að Jóhann hafi orðið missáttur við fógetann á Bessastöðum, sem þá var Diðrik frá Brjámstöðum, og eigi viljað greiða honum toll sem vera átti; einnig hafi risið ágreiningur með Jóhanni þessum og Hamborgurum, sem lágu til kaupskapar á Suðurnesjum, og hafi hann keypt og haldið skreið nokkurri, sem þeir þóttust eiga tilkall til, svo út úr þessu varð allhörð rimma. Gerði Jóhann sér þá vígi eða virkisgarð skamt frá búðum á Járngerðarstöðum, sem enn sá merki til á dögum Björns á Skarðsá, og gerði Hamborgurum orð með spotti og spéi að sækja til sín skreiðina. Tóku þá Þjóðverjar höndum saman við fógetann á Bessastöðum og komu að óvörum á næturþeli til Grindavíkur. Komust þeir upp í virkið og drápu Jóhann og alla menn hans, en tóku skip þeirra með öllu sem á var.[2]) Svipuð þessu var skýrsla Hamborgara um alla málavöxtu.[3]) Englakonungur lét ekki lengi hjá líða að krefjast skaðabóta af Hamborgarmönnum fyrir hönd þegna sinna, og hafði í hótunum við Hansakaupmenn þá, er búsettir voru í Lundúnum, svo horfurnar voru fremur ískyggilegar um eitt skeið. Hamborgarar skutu máli sínu til Danakonungs, því hann var hertogi í Holtsetalandi og húsbóndi þeirra að lögum, og gekk hann í málið með þeim, enda sannaði Diðrik fógeti sögu þeirra um áreitni Englendinga að fyrra bragði og var með í þingum, er sendiboði Englakonungs túlkaði mál sitt. Ritaði Friðrik konungur Englakonungi bréf um haustið (13. okt. 1532) þess efnis, að Englendingar hefði sjálfir unnið sér til óhelgi með athæfi sínu. Kveðst hann

1) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 21—22.
2) Annálar. Hrappsey 1774.
3) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 22—24.

þess vísari orðinn af hirðstjóra sínum á Íslandi, að Englendingar hafi árum saman og á ýmsa lund gert þegnum sínum óskunda, heimtað fiskimið þeirra o. s. frv., og nú í ár hafi þeir tekið með ofríki hálfan skatt konungs af landinu og nokkrir þeirra hafi ætlað að sölsa undir sig skreið þá, er konungi sjálfum var ætluð. Hirðstjórinn hafi þá kvatt þegna sína frá Hamborg og bandamenn sína frá Brimum til hjálpar, og í þeim skærum hafi fallið nokkrir þegnar Englakonungs, en þeir hafi áður hafið samblástur gegn hirðstjóranum og neitað að greiða tolla sína.[1])

Þessari misklíð lauk þannig, að sátt og sami tókst með konungunum báðum og lýðríkjunum í Hamborg og Brimum veturinn eftir (1533), og skýrði Friðrik konungur þegnum sínum á Íslandi frá aðalatriðum samningsins í sérstöku bréfi. Voru þau á þessa leið: »Hvar sem Engelskir, Hamborgarar eður Breimarar liggja í einni höfn, skal einn láta annan liggja með frið. — Hvar sem ein höfn er, þar sem vel er fiskað, skal einn lofa öðrum inn, hvort sem það eru Engelskir, Hamborgarar eður Breimarar, að hver sem einn megi fá sína frakt. — Svo og skulu Íslenzkir færa og flytja sína fiska hvert sem þeir vilja; sömuleiðis skulu þeir selja hvar sem þeir vilja helzt. — Svo og komi deilur eður kíf í millum Hamborgara eður Breimara, þá skal fógeti á Íslandi þá sjálfa forlíka. En Hamborgar ráðsmenn og Breimarar vilja þar engan hlut með hafa að gera, heldur hvor sem einn skal láta hafa sinn kaupskap friðsamlega. — Svo og skulu allir gefa konunginum fullan toll bæði Engelskir og Þýzkir. — Þessi fyrrskrifuð samþykt er innsigluð af oss og konunginum í Englandi og báðum stöðunum Hamborg og Breimen. — Þar er annars sker og einhver heldur eigi þessar skipanir, hann skal vera straffaður fyrir utan vægð.«[2]) —

1) Dipl. Isl. XI, 108—110.

2) Dipl. Isl. IX, 647—648. Bréfið er hér heimfært til ársins 1532, en af öllum gögnum málsins er það auðsætt, að eigi hefur gengið saman að fullu fyr en að áliðnum vetri 1533. Bréf konungs til Íslendinga er því að líkindum skrifað þá um vorið. Smbr. að öðru leyti Baasch: Islandsfahrt bls. 24—28 og Anhang II—III.

Íslendingar guldu fyrir sitt leyti jákvæði við þessum samningi með alþingisdómi 30. júní 1533, að því viðbættu, að duggarasigling væri aftekin »sakir þess að þeir ræna bæði fé og fólki burt af þessu fátæka landi, og forminka svo vors náðugasta herra konungsins skatt og guðtíund, og þeir réttilega straffist af konungsins fógetum og sýslumönnum, eða hverjum sem helzt sem þeim kunna að ná, fyrir utan vægð, því soddan ólögum kunnum vér með engu móti af að koma utan með vors náðugasta herra konungsins hjálp og góðum ráðum.« Að lokum var það samþykt, að allir útlendir menn, sem hingað sigla, skyldi greiða konungi fullan toll, 20 gyllini af hverju skipi, en hinir hafi hér enga verzlun eða viðstöðu, sem eigi geri það.[1]) Ögmundur biskup hafði þennan dóm utan með sér og fekk hann staðfestan af ríkisráði Norðmanna þá um haustið,[2]) svo þar með var af öllum hlutaðeigendum viðurkent fullkomið verzlunarjafnrétti á Íslandi meðal leyfishafa, að minsta kosti í orði kveðnu.

Þetta var líka einmitt það, sem Íslendingar sjálfir stefndu að, því auðvitað var þeim jafn hugleikið að halda í samkepnina, eins og Björgynjarmönnum hitt, að útiloka hana.[3]) Stefna Íslendinga lýsir sér berlegast í verzlunarsamningi þeim, er þeir gerðu á alþingi 1527 við Hamborgara og Englendinga eftir beiðni þeirra kaupmannanna, því báðum er þar gert jafnhátt undir höfði.[4]) Um þær mundir var raunar alt svo á hverfanda hveli í stefnum og stjórnmálum, að enginn var óhultur um sig stundinni lengur. Stóðu Danakonungar árum saman, bæði Kristján II. og

---

1) Dipl. Isl. IX, 668—670. 20 gyllini munu hafa jafngilt 25 rd. eða nál. 200 kr. í voru fé.

2) Smbr. Dipl. Isl. IX, 685—686.

3) Norðmenn létu oft til sín heyra um þetta efni á dögum Kristjáns II. og Friðriks I. og vildu fá þá til að banna öllum útlendingum verzlun á Íslandi eins og fyrri, þó að dauðir væri sjálfir úr öllum æðum, og sinti Kristján konungur því að einhverju leyti til að byrja með, en þó með litlum árangri, enda komst hann brátt á þá skoðun, að það væri háski fyrir landið. Smbr. Dipl. Isl. VIII, 463—464, IX, 199, 576 og 633.

4) Dipl. Isl. IX, 413—417.

Kristján III., í samningum við Englakonung um peningalán og buðu Ísland að veði, en þegar til kom gekk eigi saman,[1]) og máttu Hansakaupmenn hrósa happi, því engum vafa er það bundið, að Englendingar hefðu orðið einráðir hér á landi, ef þetta hefði náð fram að ganga. Annars fór verzlun þeirra síhnignandi hér á landi um þessar mundir, enda spiltu þeir stórum fyrir sér með yfirgangi og ójöfnuði við landsmenn og þrjózku við konungsfulltrúa og valdsmenn, og varð eigi lát á því athæfi meðan þeir ráku hér verzlun.[2]) Aftur á móti fóru Þjóðverjar miklu spaklegar að ráði sínu og lögðu um þessar mundir sérstakt kapp á að afla sér vinsælda bæði hjá landsmönnum og konungsfulltrúunum, enda eru næg rök fyrir því, að verzlunin var að miklu leyti komin í þeirra hendur um 1540. Þannig er á landabréfi Olaus Magnus frá 1539 í suðvesturhorni Íslandsmyndarinnar eftirlíking af tveim skipum, er skjótast á, og er annað þeirra Hamborgarfar en hitt skozkt og illa útleikið af skotum Hamborgara, og á það auðsjáanlega að tákna verzlunaryfirburði þeirra á Íslandi.[3]) Þótti jafnan vissara um þær mundir að vera við öllu búinn í siglingunum, enda vönd-

---

1) Smbr. Ríkisréttindi Íslands (Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson). Rvik 1908. Bls. 44—51.

2) Gerðust einkum mikil brögð að því árið 1538 (smbr. Dipl. Isl. X, 409—411 og 417—418), og árið eftir nefndi Erlendur lögmaður Þorvarðsson dóm á Býjaskerjum um yfirgang þeirra. Var þeim gefið það að sök, að þeir hefði okur og rán í frammi, tæki fé manna í heimildarleysi en berði þá sjálfa, að þeir skæri menn og stingi og hirti ekki um neina kaupsetningu, en metti sjálfir fé sitt og góz og tæki þrjá peninga eða fjóra fyrir einn. Fyrir slíkan ránskap og skemd og svívirðing á mönnum voru þeir dæmdir útlægir, er þetta sannaðist á, og fé þeirra alt undir konung (Dipl. Isl. X, 474—475). Og Erlendur lögmaður lét eigi sitja við það eitt, að dæma dóminn, heldur hjóst hann og að framfylgja honum, því þess er getið í Biskupaannálum Jóns Egilssonar (Safn I, 86) að Erlendur lögmaður og menn hans hafi barist við Englendinga í Grindavík og orðið fyrir miklum skemdum, en drepið þó af þeim tvo menn og tekið undir sig alt fé þeirra. Jón Egilsson heldur því fram að Erlendur hafi látið vega þá saklausa, en það mun eigi rétt vera, því báðir mennirnir sem drepnir voru, Jón Daltún og Nikulás, eru nafngreindir í dómnum.

3) Myndinni fylgir svofeld skýring: Naves mercatoriae sese ob portuum et lucri commoditatem bombardis mutuo destruentes. Baasch: Islandsfahrt bls. 29. Smbr. Thoroddsen: Landfræðissaga Íslands I, 140.

uðu Hansakaupmenn sem mest þeir máttu til útgerðarinnar, höfðu traust skip, vel týgjuð og vel mönnuð, og voru sáralæknar oftast með í förinni.[1]) Þetta reið að lokum baggamuninn í samkepni þeirra við Englendinga. Af reikningum Otta Stígssonar hirðstjóra frá 1546 má ljósast ráða mismuninn á verzlun Englendinga og Þjóðverja hér á landi um þær mundir. Hann telur þá fram 5 skipatolla enska, 17 þýzka og 4 duggaratolla.[2]) Er það næg sönnun þess, svo framarlega sem öll kurl hafa komið til grafar, að verzlun Þjóðverja er þá orðin alveg yfirgnæfandi, en verzlun Englendinga á fallanda fæti. Kaupmenn þeir, sem tóku þátt í Íslandsverzluninni um þær mundir, voru flestir frá Hamborg, og höfðu þeir löngu fyrir þennan tíma stofnað með sér félag og fóstbræðralag (Íslandsfarafélagið).[3]) Hamborgarar höfðu aðalstöðvar sínar í Hafnarfirði, reistu þar kirkju og höfðu með sér þýzkan prest.[4]) Brimarar höfðu aftur á móti bækistöð sína vestur á Snæfellsnesi, á Búðum og í Kumbaravogi. En auk þeirra tóku einnig kaupmenn frá Lybiku, Rostock, Wismar, Danzig, Stralsund og jafnvel frá Lüneburg annað veifið þátt í verzluninni.[5])

Svo var jafnan ráð fyrir gert í verzlunarleyfum þeim, er útlendum kaupmönnum voru veitt hér á landi, að þeir hefði eigi vetrarsetu, því bæði voru konungarnir smeykir um, að það kynni að verða til þess að skattlöndin gengi undan krúnunni, og svo þóttust þegnarnir sjálfir verða

---

1) Sáralæknar þessir eða »bartskerar«, sem þeir oftast voru kallaðir, komu hér í góðar þarfir, því Íslendingar voru þá yfirleitt heldur fákunnandi í læknislistinni. Árið 1525 gekk hér á landi sótt sú, er kölluð var sárasótt, og hélzt hún lengi við. Varð þá ilendur hér bartskeri þýzkur, er Lazarus hét Mattheusson. Hann kvæntist vestur á Stað í Grunnavík og fekk íslenzkrar konu. Ögmundur biskup gerði þann samning við hann, að hann skyldi græða 100 menn af sárasótt, svo þeir yrði heilir heilsu, og hafa fyrir ómak sitt jörðina Skáney í Borgarfirði (Dipl. Isl. IX, 290). Bjó hann þar síðan og jók ætt sína og var kallaður Skáneyjar-Lassi; hann var haldinn margkunnugur (Árb. Esp. III, 90).

2) Dipl. Isl. XI, 489.

3) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 113 eftf.

4) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 109—110.

5) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 16.

fyrir ýmsum átroðningi og óþægindum af vetrarsetunni. Konungarnir gerðu sér því enn meira far um að sporna við vetrarsetum en verzlun, og bönnuðu hana þráfaldlega, þó að verzlunin væri leyfð eða látin við gangast. Eins og geta má nærri var þó erfitt að sporna við þessu í svo mikilli fjarlægð og með því aga- og eftirlitsleysi, sem þá var. Þegar í byrjun 15. aldar gerðu Englendingar sig heimakomna að þessu leyti, og Þjóðverjar fetuðu að sjálfsögðu í fótspor þeirra seinna meir. Það var skreiðin eða fiskiveiðarnar, sem þessir útlendu keppinautar sóttust mest eftir. Síldarveiðarnar í Eystrasalti voru þá mjög teknar að þverra og fiskimiðin við Newfoundland enn eigi komin til sögunnar, svo Ísland var um þær mundir auðsælasta fiskistöðin í norðurhöfum. Að vísu gátu útlendingar fiskað hér á djúpmiðum á duggum sínum, en aðstaðan var þó ólíkt betri fyrir þá, sem áttu kost á að reka fiskiveiðar úr landi eða á grunnmiðum. Þetta varð til þess, að þeir útlendir kaupmenn, sem hingað sóttu, oft og einatt í óleyfi sem fyr segir, létu sér eigi nægja að verzla hér á sumrum varning sínum, heldur sátu þeir hér einnig á vetrum. Seldu þeir þá eigi að eins það, sem eftir var af varningnum, heldur tóku sér jarðir við sjóinn og höfðu þar fiskiútveg, en fengu íslenzka menn til að róa fyrir sig. Þetta spilti auðvitað fyrir bændum, bæði að fá vinnuhjú og sjómenn, enda bönnuðu Íslendingar þessar vetrarsetur kaupmanna þegar frá öndverðu. Þannig segir í hyllingabréfinu síðara til Eiríks konungs frá Pommern (1431), að það hafi verið samþykt, að engir útlenzkir menn skyldi hér á landi vera upp frá Maríumessu síðari (8. sept.) er nú kemur, utan þeirra húsbændur eða þeir hefði konungsbréf fyrir sér, að þeir mætti hér með réttu vera, »*en sérstaklega Enskir og Þýzkir skyldu hér enga vetursetu hafa og engan kaupskap framar en forn vandi hefur til verið*«.[1]) En vetrarseturnar héldust engu að síður lands-

1) Dipl. Isl. IV, 461–462.

mönnum til baga. Árið 1480 var klagað á alþingi af öllu landinu yfir þessum vetrarsetum útlendinga, og leizt bæði lögmönnum og öðrum horfa til stórtjóns fyrir landið, ef eigi væri að gert, »sakir þess að þeir halda hér hús og garða við sjóinn og lokka svo til sín þjónustufólkið, að bændurnir fá ekki sína garða upp unnið eða neina útvegu haft, þá er þeim eða landinu mega til nytja verða«. Var það því samþykt af hirðstjóra, lögmönnum báðum og almúganum bæði utan lögréttu og innan, að enginn útlendur maður skyldi hafa hér vetursetur, nema sá sem fæddur væri og innborinn í ríki Noregskonungs.[1]) Þessa samþykt staðfesti konungur árið eftir með sérstöku bréfi.[2])

Eftir að útlendir kaupmenn, bæði Englendingar og aðrir, fengu skýlaust verzlunarleyfi af Hans konungi árið 1490, þótti enn meiri nauðsyn til bera að reisa öflugar skorður við vetrarsetum þeirra og fiskiútgerð, og var það gert í Piningsdómi þá um sumarið. Þar er með sérstakri grein sleginn varnagli við þessu og er hún svolátandi: »Svo og skulu engir útlenzkir menn hafa hér vetursetu utan fyrir fulla nauðsyn, annaðhvort ef þeir kunna að verða sárir eða sjúkir eða í skipbroti, og selji þó engan pening dýrra vetur en sumar, *og haldi engan íslenzkan mann sér til þjónustu og geri hvorki skip né menn til sjós.* En hver sem þá hýsir eða heimir öðruvísi en nú er sagt, svari slíku fyrir sem hann hýsi útlægan mann. En hver íslenzkra manna, sem þeim þjónar, svari slíkri sekt sem hinir.«[3]) Þar næst er ákvæði um að engir búðsetumenn skuli vera í landinu, sem eigi hafi búfé til að fæða sig við og eigi minna en til þriggja hundraða, og áttu allir karlar og konur, sem minna fé ætti, að vera skyldir til að vinna hjá bændum. Þetta ákvæði er ljós vottur um, að menn hafa þá verið farnir að flytja sig í þurrabúðir við sjóinn, og er einmitt ástæða til að ætla, að sjávar-

1) Dipl. Isl. VI, 283.
2) Dipl. Isl. VI, 359—365.
3) Dipl. Isl. VI, 704.

útvegur kaupmanna hafi ýtt mjög undir það. En þessar búðsetur töldu landsmenn þá og lengi síðan mjög skaðlegar fyrir landbúnaðinn og landið í heild sinni. Piningsdómur var staðfestur hvað eftir annað,[1]) svo auðsætt er að hann hefur þótt nauðsynlegur. Í verzlunarsamningi þeim, er Íslendingar gerðu við Þjóðverja og Englendinga árið 1527, er sú skuldbinding ein með fleirum af hendi kaupmanna, að engir útlendir menn, hvorki þýzkir né enskir, skyldi hafa hér sjávarútveg eða vetrarsetu, nema skipbrotsmenn eða smádrengir, er engan kaupskap hefði. En ef þeir gæti eigi fengið farm í skip sín og skreið væri ekki til, þá skyldi þeir mega fá góz sitt í hendur einhverjum trúlyndum manni íslenzkum, en selja þó engan pening dýrra um vetur en gengi í réttri kauptíð á sumrum.[2])

Þetta kom þó alt fyrir ekki, því kaupmenn sáu ráð til að smeygja sér undan ákvæðunum. Þeir fengu Íslendinga til að róa fyrir sig og létu heita sem landsmenn sjálfir ætti skipin, og fóru á þann hátt í kring um lögin. Höfðu Þjóðverjar, einkum Hamborgarar, mikinn útveg á Suðurnesjum, og gengu þaðan milli 40 og 50 skip er þeir áttu að mestu eða öllu leyti; en auk þess áttu þeir víst einhverja hlutdeild í fleiri skipum í samlögum við Íslendinga.[3]) Þetta var þó reyndar á allra vitorði, þó að dult ætti að fara, og var þá Kristjáni konungi III. nóg boðið, enda var hann lítill vinur Hansakaupmanna eða Hamborgara, þó að þeir lyti í vissum skilningi yfirráðum hans. Gaf hann út nýtt bréf um vetrarsetu kaupmanna 25. des. 1542[4]) og sendi Otta Stígsson hirðstjóra með það

---

1) T. d. með alþingissamþ. 1501 og 1502 (Dipl. Isl. VII, 573–574 og 608). Enn fremur af Ara Jónssyni lögm. 1531 (Dipl. Isl. IX, 581—583) og af báðum lögmönnum 1533 (Dipl. Isl. IX, 668—670), og þó nokkrum sinnum eftir það.

2) Dipl. Isl. IX, 413—417.

3) Englendingar stunduðu þá mest dugguveiðar á djúpmiðum, en eitthvað voru þeir þó riðnir við útgerð í Vestmannaeyjum. (Smbr. Dóm Páls Vigfússonar sýslum. 21. maí 1543, Dipl. Isl. XI, 218—219).

4) Dipl. Isl. XI, 180—182.

til Íslands sumarið eftir og bauð honum að framfylgja því sleitulaust. Þetta lét hann eigi segja sér tvisvar, heldur tók sig til og lét gera upptæka alla fiskibáta Þjóðverja á Suðurnesjum og dæma þá konungi til handa.[1]) Voru þeir að sögn 45 að tölu. Hamborgarar þóttust grátt leiknir og kærðu mál sitt fyrir konungi um veturinn, kváðust sýknir saka um átroðning eða lögbrot og létust gera það í þágu Íslendinga sjálfra, að leggja þeim við í báta og veiðarfæri til útgerðar. En Otti Stígsson var þar fyrir til andsvara og bar fyrir sig lög og landsrétt og sagði margt ófagurt af viðskiftum kaupmanna við Íslendinga. Var það ráð upp tekið, að vísa málinu til alþingis á ný, og skyldi þar kveðinn upp löglegur dómur um skipaútveg kaupmanna og verzlun og viðskifti útlendinga og Íslendinga.[2]) Dómur þessi var kveðinn upp á alþingi 30. júní 1545 í viðurvist kaupmanna sjálfra (Skipadómur), og er þetta aðalinntakið:

»Í fyrstu grein, að allir þeir fiskibátar, sem útlenzkir menn eða íslenzkir þeirra vegna hafa brúkað til sjós hér í landið, skulu vera kongl. majest. og fógetanum tilfallnir, eftir Þingsdómi og öðrum dómum, sem þar um hafa á fallið. En þá báta, sem útlenzkir menn hafa gert eður látið gera, og ekki hafa til sjós gengið, dæmum vér að þeir mættu þá selja og til kaups bjóða áður en þeir sigldu af landinu og kaupstefnan væri úti, þó svo, að þeir skyldu enga parta í þeim eiga við Íslenzka, smá né stóra, mikið né lítið. Lofuðu allir fyrskrifaðir útlenzkir menn, sem sama tíma voru á þinginu, uppá sína trú, sál og samvizku, að sérhver þeirra skyldi rétt til segja þeirra báta, sem þeir ætti og ekki hefði til sjós gengið, og ef annað kynni síðar að reynast sannara, þá skyldi þessir bátar sem aðrir forfallnir vera kongl. majest. og fógetanum til eignar. En farmaskip að flytja þeirra skreið skyldu þeir vel mega

1) Dipl. Isl. XI, 323—324.
2) Dipl Isl. XI, 382—396.

eiga, eitt eður tvö mest með hverju skipi, og eigi ávinning þar með gera né brúka.«

»Í þriðju[1]) grein dæmdum vér, að kongl. majest. tollur skyldi vera eftir því, sem nú um tíma hafði vani til verið hér í landi, 20 gyllini í mynt af hverju þýzku skipi, sem fer með kaupskap hingað í landið, og skulu greiðast í góðri mynt, gulli eður silfri, en ekki í annari smámynt eður peningum. En af hverju engelsku skipi 10 nobil, og hvert og eitt duggufar, hvaðan sem það er, 2 englot konginum í sinn toll, en tunnu salts og hogsetur bjórs kongs umboðsmanni, þar sem þeir kunna yfir þá að komast.[2]) En þeir útlenzkir kaupmenn, sem skifta sínu gózi, reisa búðir og hafa kaupskap í tveimur eður þremur stöðum eður fleirum, gjaldi hærra toll eður forlíkist við kongs umboðsmann þar um, því að eigi skal eitt skip hafa kaupskap meir en í einni höfn. Þar skal hvert skip hafa höfn með frí, sem það kann fyrst að að bera. En ef nokkrir dirfast að drífa aðra af höfn eður banna hafnir, þeir sömu sem það gera skulu strax gefa konginum sinn fullan toll, svo snart sem kongs umboðsmaður krefur, þann sem það skip skyldi gefa sem burt var rýmt, líka vel þó það kunni þar eftir til annarar hafnar að koma.«

»Í fjórðu grein dæmdum vér, að engir útlenzkir menn skyldu hafa hér nokkra setu í landið með nokkrum kaupskap eður höndlan, nema fyrir fulla nauðsyn, sem eru skipbrotsmenn eður litlir smádrengir, sem læra vilja mál, eður þeir sem heimta eiga stórar skuldir, eður ef skip kann að fara hafvilla og koma seint, þá allur fiskur er seldur, þá skulu þeir, sem eftir vilja vera með kaupskap af þeim, með fógetans leyfi vera í landið, í svo máta að þeir gefi reiðuglega og viljuglega fullan toll, 20 gyllini, þó

---

1) Annari greininni, um vigt og gilding á skreið o. fl., er slept hér úr að sinni, og verður hún athuguð nánar í öðru sambandi.

2) 20 gyllini eru sem fyr segir ámóta við 25 rd. eða nál. 200 kr.; 10 nobil jafngiltu hér um bil 42 rd. eða 336 kr. í voru fé, og 2 englot hér um 5 rd. eða 40 kr. (Smbr. ritgerð sr. Vigfúsar Jónssonar í Hítardal: Um framandi kauphöndlun á Íslandi, Lbs. 173 fol og J. Sig. 332, 4to). Reikningurinn er þó eigi nákvæmur.

svo að þeir selji engan pening dýrra vetur en sumar, eftir réttri kaupsetning. En ef þetta er ekki af þeim haldið, þá sé upptækur allur þeirra peningur, og sekir xiij mörkum við kong að auki.«

»Í fimtu grein var dæmt og samþykt, að bartskerar mættu liggja hér í landið með fógetans leyfi og samþykki, þeir sem vilja vera landsmönnum til gagns og góða, og græða vilja fólk, þó svo að þeir séu mögulegir um sárgræðslukaup og góðum mönnum sýnist þeir vera skaðlausir af. En þeir geri hvorki skip né menn til sjós, né hafi nokkurn annan kaupskap eður handtering hér í landið. Verði þetta ekki af þeim haldið, þá sé upptækur allur þeirra peningur, sem þeir hafa meðferðis, kongi og kongs umboðsmanni til handa.«

»Í sjöttu grein dæmdum vér Piningsdóm og svo þann dóm, er dæmdur var fyrra árið á alþingi um þeirra báta og skip, að þeir skyldu blífa við magt og í allan máta þá mynduga og skjallega að vera í öllum þeim greinum, er þeir verða þessum samþykkir.«[1])

Með dómi þessum og aðgerðum Otta Stígssonar var endi bundinn á útgerð og vetrarsetu Þjóðverja, eða fyrir það girt að mestu, og voru bátarnir síðan lengi fram eftir öldum gerðir út af konungi sjálfum (konungsbátar, innstæðubátar) undir eftirliti Bessastaðavaldsins. En annað og meira bjó þó undir af konungs hálfu. Honum var illa við Hansakaupmenn út af hlutdeild þeirra í Greifastyrjöldinni (1533—1536), og reyndi af fremsta megni að hnekkja verzlun þeirra í ríkjum sínum, þegar hann var orðinn fastur í sessi. Lagði hann því kapp á að greiða fyrir verzlun þegnanna sjálfra, enda hafði það jafnan vakað meira og minna ljóst fyrir Danakonungum frá því á dögum Hans konungs, þó að lítið yrði úr framkvæmdum, mest fyrir þá sök, að Danir höfðu lítt við útgerð fengist

1) Dipl. Isl. XI, 424—427; smbr. Lovsaml. for Isl. I, 61—63. Stafsetningu er viklð hér til nýrrar tizku, en orðalag óbreytt eftir Fornbréfas.

eða verzlunarrekstur, og voru því eigi vaxnir samkepninni enn sem komið var. Þetta sá konungur í hendi sér og vildi því gera sitt til að ráða bót á því. Þegar Kristófer Hvítfeldur var sendur til Íslands í erindagerðum konungs vorið 1542, var borgurum í Kaupmannahöfn, Helsingjaeyri og víðar gefinn kostur á að taka þátt í útgerðinni og senda vörur til Íslands, svo sem mjöl og malt, »til þess að þegnar ríkisins geti vanist siglingum til Íslands og hirt þann ágóða, sem aðrir njóta nú sem stendur.«[1]) Það fer engum sögum um það, hvort nokkuð hafi orðið úr hluttökunni, en hitt er vafalaust, að konungur og ráð hans voru um þessar mundir að bollaleggja hinar og þessar nýjungar, sem miðuðu heldur til að draga úr verzlun Hamborgara á Íslandi. Þannig gerði Jóhann Fris kanzlari tillögur um það, að konungur sendi árlega tvö skip til Íslands eftir brennisteini, áskildi sjálfum sér Bátsandahöfn með því yfirvarpi, að hann þyrfti að hafa þar skip til að taka á móti skatti sínum og skreiðargjöldum, og að hann léti til reynslu skip ganga á Rifshöfn undir Jökli til skreiðarkaupa.[2]) Þetta hvað með öðru sýnist bera vott um, að konungur hafi búið yfir þeim ásetningi að draga verzlunina smám saman úr klóm Hamborgara og halda henni framvegis meira undir sjálfan sig og þegnana, og vafalaust hefur það verið eitt af undirbúningsatriðunum, að hnekkja verzlun þeirra með því að taka fyrir skipaútveginn og vetrarseturnar.

Árið 1547 gerði konungur að lokum alvöru úr því að fela þegnum sínum verzlun á Íslandi, eins og lengi mun hafa til staðið, og bjó þá svo um hnútana, að þeir höfðu miklu betri aðstöðu en keppinautar þeirra frá öðrum löndum, enda var það tilgangurinn að styðja þá í sam-

1) »Poo thett att rijgens jndbyggere motte och lere seglation tiill Jslandt och nyde then fordell som nu fremmett bruge.« Dipl. Isl. X, 711—712.

2) Dipl. Isl. XI, 368—70. Konungur hafði sjálfur ráðist í útgerð til Íslands vorið 1542, sem fyr segir, og bað hann Gizur biskup að ráðstafa eigi fiski sínum fyr en skip hans kæmi til landsins, og mæltist til að fá að sitja fyrir kaupunum. (Smbr. Dipl. Isl. X, 705).

kepninni eftir föngum. Ráðið, sem konungi hugkvæmdist, var það, að hann seldi borgarstjórum og bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn, og þeim mönnum öðrum, er þeir kynni að taka í félag með sér, Ísland og Vestmannaeyjar á leigu með sköttum og skyldum til fullra umráða og afnota í 10 ár samfleytt, gegn 1000 marka afgjaldi árlega í góðum og gildum eyri. Þó lét konungur svo um mælt, að afgjaldið skyldi hækka eftir samkomulagi að þrem eða fjórum árum liðnum, svo framarlega sem hann kæmist þá að þeirri niðurstöðu, að hann gæti haft meiri hagnað af landinu á annan hátt. *Skyldu þeir gera árlega út skip til Íslands og láta þau ganga frá Kaupmannahöfn.* Enn fremur áttu þeir að senda þangað umboðsmann til eftirlits og stjórnar. Skyldi hann vera þar bæði vetur og sumar til að gegna erindum þeirra og geyma laga og réttar, eða með öðrum orðum fara með hirðstjórnarvald yfir landinu.[1]) Það var *Lárenzius Múli,* sem hlaut þessa tign, enda átti hann sjálfur sæti í bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn og var því jafnt hinum við þetta fyrirtæki riðinn.[2])

Með þessum ráðstöfunum hugðist konungur að tryggja þegnum sínum sem bezta aðstöðu í verzlunarsamkepninni, meðan þeir væri að koma fótum undir sig, því hann sá sér eigi fært að útiloka Þjóðverja alveg að svo stöddu. En það kom brátt á daginn, að Danir höfðu eigi bolmagn á við Hansakaupmenn, enda færðust Þjóðverjar í aukana og gerðust uppivöðslumeiri en nokkru sinni fyr, eftir að Otti Stígsson lét af hirðstjórninni, því honum höfðu þeir jafnan haft beyg af. Hafði hann og verið þeim ærið þungur í skauti, en nú hugðust þeir að jafna það á eftirmanni hans. Gerðist nú heldur agasamt hér á landi upp úr þessu, því annars vegar hófst Jón biskup Arason

---

1) Bréfið er dagsett 4. jan. 1547. Dipl. Isl. XI, 529—531. Smbr. Danske Kancelliregistranter 1535—1550 (udg. ved Kr. Erslev og W. Mollerup) Kh. 1881—1882, bls. 326 (ágrip).

2) Múli hefur eflaust verið fjáður maður og vel metinn borgari í Kaupmannahöfn. Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn i Aarene 1536—1660. I, 221.

og synir hans handa og skipuðu málum að vild sinni, en hins vegar léku Þjóðverjar svo við Múla og Dani hér syðra næstu árin (1548—50), að engum lögum varð yfir þá komið. Er þessari viðureign þeirra lýst allítarlega í skýrslu til konungs frá borgarstjórum og ráði Kaupmannahafnar, sem bygð er á framburði Múla sjálfs og annara hlutaðeigenda, en auk þess eru fleiri gögn til samanburðar og hliðsjónar.[1])

Múli kom fyrst hingað til lands með Otta Stígssyni sumarið 1547, birti bréf sín á alþingi og tók við völdunum af Otta. Brýndi hann þar rækilega fyrir mönnum í viðurvist Otta Stígssonar sjálfs ákvæði Skipadóms um útgerð og vetrarsetur. Þegar þingi var slitið komu Hamborgarar til fundar við hann, báðu um vetrarsetuleyfi og báru það fyrir sig, að þeir hefði orðið síðbúnir að heiman sökum ófriðar í Þýzkalandi. Lét Múli það eftir, að þeir legði upp varningi sínum og léti eftir þrjá menn af hverju skipi til að gæta hans vetrarlangt, en tók þeim jafnframt vara fyrir að reka nokkra verzlun um veturinn. Vorið eftir (1548), þegar skip voru út komin, fór Múli til þeirra í Hafnarfjörð og las yfir þeim í (þýzku) kirkjunni alla dóma og konungsbréf, sem út voru gefin um verzlun og vetrarsetur, og tók þeim vara fyrir að rjúfa þau. Kom þá enn til mála um vetrarsetuleyfi, og bar Múli það undir lögmenn og lögréttuna um sumarið, en fekk það svar, að eigi þyrfti slíks að vænta, því það væri alveg gagnstætt lögum og venju. Þetta var þeim gefið til kynna, og til frekari fullvissu útvegaði Múli nýtt konungsbréf þá um sumarið, er bannaði Hamborgurum vetrarsetu á Íslandi.[2]) Við þessar undirtektir espuðust Þjóðverjar og tóku nú að hafa ójöfnuð í frammi við keppinauta sína. Eitt af kaup-

---

1) Skýrslan er dags. 21. des. 1550, og fylgir henni ódagsett bréf frá sömu hendi með fyrirsögninni: »En Extract paa Giensuar emodt thend lange oc vrange Klegt, the Islandsfarer aff Hamborg haffue fördt for Koningl. Maist. vor Allerkieristhe naadige Herre«. D. Kanc. Island & Færö. Supplem. 2 nr. 2[7—8] (Rskjs.). Smbr. Dipl. Isl. XI, 826—828, 831—848.

2) Kgsbr. 29. ág. 1548. Dipl. Isl. XI, 662.

förum Dana ætlaði að hafna sig á Bátsöndum þá um sumarið, en Hamborgarar létu það eigi ná að komast inn á leguna, svo það varð að halda sér við fyrir utan og eiga á hættu hversu tækist. Kom þá Múli til og vildi fá leiðréttíng á þessu, en Hamborgarar svöruðu illu einu og létust hafa fornan einkarétt til verzlunar á Bátsöndum. Er þess getið, að Íslandsfarar af Hamborg hafi þá haft *fógeta* yfir sér, er Mauritz Beck hét. Tóku þeir Múli að bræða þetta með sér, og varð það að lokum að samningum, að kaupfarið danska skyldi að vísu fá þar höfn og mega leggja varning sinn á land, en hinu urðu Danir að játa í móti, að þeir skyldi enga verzlun reka þar og eigi kaupa fisk af landsmönnum nema rétt til matar sér, og landsmönnum sjálfum bönnuðu Þjóðverjar að eiga nokkur kaup við Dani.

Það má geta nærri, að Múla hefur þótt súrt í brotið að verða að sætta sig við þessa nauðungarkosti, en hann mun eigi hafa séð sér fært að etja kappi við Þjóðverja meðan skip þeirra lágu hér við land, enda var nú og tekið að ókyrrast hér innanlands eftir lát Gizurar biskups. Þegar Hamborgarar sigldu héðan um haustið létu þeir enn eftir vörubirgðir sínar og kaupsveina víða í höfnum, þrátt fyrir bannið, og tók þá Múli rögg á sig, fekk lögmann[1]) og lögréttumenn til fylgdar við sig og lét skrásetja birgðirnar og marka konungi. Síðan fór Múli utan til að skýra konungi frá málavöxtum, en kom aftur næsta vor (1549) og brá þá heldur en ekki í brún. Höfðu Hamborgarar að engu haft ráðstafanir hans frá árinu áður, og tekið aftur til sín með valdi allar birgðirnar, sem hann hafði kyrsett fyrir þeim og markað konungi. Reið þá Múli til alþingis, kærði þetta athæfi þeirra og lét enn á ný það boð út ganga, að öllum bæri að hlýða fyrirmælum laganna, en hinir, sem á móti bryti, mætti sjálf-

1) Það hefur sjálfsagt verið Erlendur Þorvarðsson, sem þá bjó á Strönd í Selvogi og var lögm. sunnan og austan 1521—1552. Safn t. s. Ísl. II, 110—111.

um sér um kenna ef illa færi. Sendi hann Hamborgurum skriflega tilkynningu um þetta, og dvaldist nú á Íslandi fram eftir sumrinu. Þegar Hamborgarar voru farnir af landi brott, sendi hann menn í eftirlitsferðir um hafnirnar, og hittu þeir víða fyrir sér varning þeirra og kaupsveina, sem enn áttu að hafa hér vetrarsetu í trássi við Múla. Lét hann þá enn á ný gera upptækar vörurnar og marka konungi, en hafði kaupsveina þeirra nokkra á skip með sér og sigldi með þá til Amsterdam í Hollandi. Þar struku þeir frá honum og kærðu mál sitt fyrir Hansakaupmönnum þar í borginni. Varð löng rekistefna út af þessu, svo að Múli komst ekki til Kaupmannahafnar fyr en seint og síðar meir.

Múli flýtti sér að skýra konungi frá málavöxtum,[1]) og ritaði hann þá Hamborgarmönnum tvö bréf um jólaleytið og setti drjúgum ofan í við þá fyrir athæfi þeirra á Íslandi. Kvaðst hann eigi geta unað því, að þegnar sínir væri gerðir að hornrekum, og hafði á orði að vekja upp aftur fornan rétt Noregskonunga til að banna þeim verzlun á Íslandi, er eigi hefði sérstakt konungsleyfi til. Hamborgurum fór þá ekki að lítast á blikuna og gerðu menn á fund konungs til að túlka mál sitt, en Lybikumenn tóku þátt í förinni, því þeir voru einnig við málið riðnir.[2]) Hittu þeir konung í Flensborg og komu svo ár sinni fyrir borð, að konungur lét það boð út ganga 20. marz 1550, að gózi því, er kyrsett hafði verið, skyldi tafarlaust skilað aftur og Hamborgarar framvegis mega fela valinkunnum mönnum á Íslandi varning sinn til geymslu vetrarlangt.[3]) Múli var sjálfur hvergi nærri til andsvara og vissi ekkert um málalok er hann sté á skip um vorið. En Hamborgarar þóttust hafa komið ár sinni vel fyrir borð og létu mikið yfir sér. Var þá Múli ókominn út er

1) Smbr. Bréf hans til konungs 20. des. 1549. Dipl. Isl. XI, 735—736.
2) Baasch: Islandsfahrt, bls. 34—35.
3) Kh. Dipl. IV, 523—524. Dipl. Isl. XI, 767—769. Smbr. Bréf Hamborgara og svar konungs við því 18. marz 1550. Dipl. Isl. XI, 759—767.

þeir tóku höfn á Íslandi. Fógeti þeirra Hamborgaranna sendi þegar eftir umboðsmanninum á Þessastöðum, sem þá mun hafa verið Kristján skrifari,[1]) og bað hann koma til að setja kaupstefnu eins og lög og venja stóðu til, og hét honum fullum griðum. Kom hann skjótt til fundar við þá í þessum erindagerðum, en áður nokkurn varði reis ágreiningur með þeim, hvernig sem það hefur atvikast, og fóru svo leikar, að Hamborgarar börðu á þeim Kristjáni og sveinum hans allóþyrmilega. Höfðu þeir hann síðan á skip með sér og létu hann liggja í böndum neðst í búlka þrjár nætur og tvo daga, en mýktu þá svo um varðhaldið, að hann fekk að ganga laus um daga. Litlu síðar kom Múli út. Riðu þá Hamborgarar til fundar við hann 9. maí og kröfðust endurgjalds fyrir varning sinn, er kyrsettur hafði verið, og kváðust hafa konungsbréf fyrir því. Múli vissi ekkert hvaðan á sig stóð veðrið, því hann hafði eigi fengið boðskap konungs áður hann legði af stað frá Kaupmannahöfn, og Hamborgarar höfðu sjálfir eigi bréfið með sér í þetta skifti, svo Múli fekk eigi að sjá það fyr en 20. júní. Vildi hann því engu sinna erindum þeirra, en bað þá láta lausan umboðsmanninn, og fekst það eigi. Hamborgarar fóru þess á leit, að þing væri sett í Hafnarfirði til að gera út um málið, en það vildi Múli ekki heyra og bað þá koma til alþingis, ef þeir hefði nokkuð að kæra. Höfðu þá kaupmenn stefnu fjölmenna í Hafnarfirði og færðu þangað umboðsmanninn nauðugan og í fjötrum. Sendu þeir nú enn til Múla og boðuðu hann á fund sinn, en hann tók því fjarri og væri þeim engin vorkunn að koma til alþingis og reka

1) Það má telja víst, að Kristján skrifari hafi slæðst hingað til lands í fóruneyti Múla, hve nær sem það hefur verið. Af bréfi hans til Daða Guðmundssonar 27. des. 1549 er það ljóst, að hann hefur þá verið hér á landi og farið með umboð Múla, og má víst gera ráð fyrir, að Hamborgarar hafi verið eitthvað ónægðir með ráðsmensku hans um veturinn. (Smbr. F. Joh. Hist. Eccles. II, 288). Hann hafði um eitt skeið (1534—36) setið í bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn, en oltið úr tigninni er staðurinn gekk konungi á vald. Hann átti eignir í Kaupmannahöfn og hefur því sjálfsagt verið talinn í röð hinna betri borgara. (O. Nielsen: København 1536—1660, I, 155.)

þar mál sín að lögum og landsvenju.[1]) Þessu reiddust Hamborgarar og skeyttu nú skapi sínu á umboðsmanninum, hröktu hann og hrakyrtu og settu honum að lokum tvo kosti: annaðhvort að hlaupa fyrir hestum þeirra og vísa þeim á konungsfisk, hvar hann væri niður kominn, eða láta lífið ella. Þetta varð Kristján að láta sér lynda, og skipuðu þeir um hann tylft manna til gæzlu. Síðan létu þeir hann hlaupa með hestum sínum úr einum stað í annan og létu greipar sópa um konungsfisk og kaupmanna á Suðurnesjum, en þröngvuðu bændum að flytja hann á skip út. Ofan á alt þetta varð Kristján sjálfur að greiða þeim 2 lestir fiska fyrir uppeldi sitt í varðhaldinu, og sleptu þeir honum síðan gegn þeirri skuldbindingu, að hann héti þeim fullum griðum og talaði aldrei illa um Hamborgara, því að öðrum kosti skyldi enginn danskur maður lífi halda í landinu.

Það má geta nærri, hver skapraun Bessastaðamönnum hefur verið að þessu öllu saman, en um það tjáði ekki að fást, því Hamborgarar voru miklu liðsterkari. Höfðu þeir yfir 20 skip í förum til Íslands, en Danir ekki nema 2 og þau lítil. Ofan á þetta bættist, að landsmenn voru þeim fráhverfir og mótsnúnir, og fekk Múli sjálfur að kenna á því um sumarið á alþingi, er hann fór að ganga eftir sínu hjá þeim Hólafeðgum.[2]) Konungsmenn urðu að sætta sig við þetta alt saman og bera harm sinn í hljóði, því Hamborgarar voru einráðir í verzluninni og léku lausum hala í öllum kaupstöðum syðra, en Jón biskup sat yfir virðingu þeirra fyrir norðan land og réði lögum og lofum á alþingi. Það var því sízt að furða, þótt konungsmenn setti þetta í samband hvað við annað, tráss og óhlýðni Hamborgara í verzlunarmálunum og yfirgang

1) Það er auðsætt af alþingisdómi 30. júní 1550, að Þjóðverjar hafa stefnt málum sínum þangað, en dómurinn féll þó Múla í vil, því hann staðfesti Þingsdóm í öllum greinum, og voru Hamborgarar dæmdir á konungsnáð fyrir yfirtroðslur sínar. Smbr. Dipl. Isl. XI, 780—781.

2) Þá var það að Ari biskupsson rak fésjóðinn á nasir honum. Smbr. Kvæði Ólafs Tómassonar, Bisk. II, 490—491.

Jóns biskups og sona hans í kirkjumálum og landsmálum yfirleitt, og grunuðu þá um samtök sín á milli, enda hefur það ef til vill haft við einhver rök að styðjast. Björn á Skarðsá segir það afdráttarlaust, að Jón biskup hafi um þær mundir haft mikil mök við Engelska og Hollenzka (ɔ: Hansakaupmenn af Hollandi),[1]) og ein af sakargiftum Kristjáns skrifara til Jóns biskups og sona hans í Skálholti haustið 1550 var sú, að hann hefði »lofað og tilsagt þeim Hamborgarkaupmönnum, að hann og hans synir skyldi svo leika og spila við þá dönsku, að hér skyldi ekki einn finnast eftir lifandi að vori komanda, hvað sem það kostaði«.[2]) En hvað sem því líður, þá hefur Múli borið konungi ófagrar sögur af Íslandi þegar hann fór utan um haustið, og dróttað því að Hamborgurum, að þeir reri undir óspektirnar í eiginhagsmunaskyni. Ritaði konungur Hamborgarráði 15. sept. 1550, taldi sakir á hendur kaupmönnum fyrir alls konar úlfúð og óspektir, og gaf þeim meðal annars að sök, að þeir hefði styrkt nokkra þegna sína á Íslandi til ókristilegrar uppreistar og til að ganga af trúnni.[3]) Hamborgarar svöruðu þessu með löngu skjali, báru af sér sakirnar og sneru öllum kærum á hendur Múla og Kristjáni skrifara, því þeir hefði beitt við þá harðstjórn og rangindum, farið sjálfir með ránum og gripdeildum og gert sitt hið ítrasta til að spilla fyrir verzlun þeirra á Íslandi. Þessar sakargiftir bar konungur undir borgarstjóra og ráðið í Kaupmannahöfn, og bað þá gera grein fyrir máli sínu og senda Múla og einn eða tvo menn með honum á fund sinn með skjöl og skilríki til að sanna söguna.[4]) Svöruðu

---

1) Skarðsárann. við árið 1549.

2) Bisk. II, 466, 470. Dipl. Isl. XI, 817. Smbr. orðatiltæki þeirra Hamborgaranna, er þeir sleptu Kristjáni úr prísundinni og tóku af honum skuldbindinguna.

3) Auch etzlichder underthan uff bemeltem unserz lande zu unchristlichem aufrur und abfal godtlicher warheit und eehre gestercket. Baasch: Islandsfahrt, bls. 35.

4) Smbr. Bréf konungs til þeirra 1. des. 1550. Kh. Dipl. IV, 527—528. Dipl. Isl. XI, 825—826.

þeir aftur með kæruskjali því frá 21. des., sem áður er frá sagt, og röktu þar söguna af viðskiftum þeirra og Hamborgara, og mun konungi hafa þótt lýsingin ófögur, því það er auðsætt af bréfum hans um þessar mundir, að honum var gramt í geði við Hamborgara og kendi þeim allar ófarirnar á Íslandi.

Konungur sat þennan vetur í Flensborg sem oftar og átti þar tal við nokkra trúnaðarmenn sína um þessi málefni. Kom þeim saman um að gera Hamborgurum tvo kosti: annaðhvort að bæta að fullu skaða þann, er þegnar konungs höfðu orðið fyrir á Íslandi af þeirra völdum, og lofa því hátíðlega að fara með friði og halda skuldbindingar sínar hér eftir, eða þá að eiga það á hættu, að konungur bannaði þeim framvegis alla verzlun á Íslandi og ræki réttar síns með hervaldi, ef þeir léti sér ekki segjast. Þetta gaf konungur þeim bréflega til kynna og bað um greið svör. En hann lét eigi þar við sitja, heldur hafði jafnframt viðbúnað mikinn til að framfylgja hótunum sínum, ef til þess kæmi. Gerði hann ráð fyrir að senda 5 vígbúin skip til Íslands vorið 1551 með nægan liðsafla til að yfirstíga Jón biskup og hremma Hamborgara, ef þeir sýndi lit á að þverskallast og reka verzlun í óleyfi hans.[1]) Hamborgurum fór nú eigi að verða um sel og flýttu sér að senda menn á fund konungs til að semja við hann og afstýra vandræðum, ef unt væri. Fóru samningarnir fram í Flensborg í marzmánuði 1551 og snerust aðallega um skaðabótakröfurnar, en jafnframt þó um verzlunina yfirleitt og vetrarsetur kaupmanna. Héldu Hamborgarar því fram, að Danir væri útlendingar á Íslandi engu síður en þeir, og hefði eigi fremur rétt til vetrarsetu, því Ísland lyti Noregskrúnu en ekki Danakonungi, enda hefði og Hamborgarar rekið þar verzlun frá ómunatíð, en Danir væri þar nýjir af nálinni og hefði mjög lítið umleikis enn sem komið væri.[2]) Þetta gat konungur auðvitað

1) Smbr. Bréf konungs til Eske Bilde o. fl. 6. marz 1551. Kh. Dipl. IV, 528—530.
2) Baasch: Islandsfahrt bls. 35—36.

ekki fallist á og hélt fram réttindum þegna sinna, enda létu Hamborgarar undan síga til að afstýra vandræðum. Dró þá von bráðar til samkomulags, er staðfest var af beggja hálfu 6. apríl 1551. Var það undir skilið í sættinni, að Hamborgarar skyldi greiða Kaupmannahafnarborgurum 2300 dali í skaðabætur fyrir usla og rán á Íslandi, og skyldi það goldið í Kaupmannahöfn eða Helsingjaeyri eigi síðar en á Jónsmessu næstkomandi, en konungur lofaði í móti, að Hamborgarar skyldi fá aftur varning þann, er Múli hafði kyrsett fyrir þeim, eða það af honum, sem óselt væri eða ójetið. Þeim skipherrum og kaupmönnum, sem yrði að því kunnir og sannir á Íslandi, að þeir hefði bundið menn eða sært, kúgað eða beitt ofríki, skyldi bönnuð sigling til Íslands, nema þeir lofi bót og betrun og svari þeim lögum og rétti, er þeir hefði áður óskunda gert. En þeim skipherrum og kaupmönnum, sem með friði vildi fara og réttum kaupskap, skyldi heimil verzlun á Íslandi, en hafi þó hvorki vetrarsetu né útgerð. Að lokum er það tekið fram af konungs hálfu, að Íslendingar megi ekki »gera svo miklar skuldir við útlenzka menn, að þar fyrir yrði þeir að tapa sínum eigin fasteignum og óðulum, að þýzkir menn yrði hér jarðeigandi, utan þeir sem hér vildi búa og staðfestast.«[1]) Þegar Hamborgarar voru frá gengnir, sá konungur eigi ástæðu til að senda nema 3 herskip til Íslands til að fást við Jón biskup, en þeir feðgar voru þá raunar úr sögunni, sem kunnugt er, þó að konungur vissi það eigi.

Þó að Kaupmannahafnarborgarar fengi með aðstoð konungs rétt hluta sinn á þýzku kaupmönnunum, þá var þess samt eigi langt að bíða, að yfirráðum þeirra væri lokið á

1) Bréfa- og dómabók 1297—1629 með hendi sr. Jóns Erlendssonar í Villingaholti, Lbs. 67, 4to. Skaðabótaupphæðin er hér ranglega tilgreind iiij c dalir og xx í stað 2300 dala. Smbr. Bréf konungs til Eske Bilde 5. apr. 1551 (Kh. Dipl. IV, 530). Niðurlagsatriðið í samningnum virðist hafa verið konungi sérstaklega hugstætt, því árið eftir bauð hann Páli Hvítfeld í erindisbréfi því, er honum var í hendur fengið, að sjá til þess að Íslendingar léti eigi fasteignir af hendi við erenda kaupmenn upp í skuldir sínar. (M. Ket. Forordn. I, 302—303).

Íslandi, enda voru þeir flestum hvimleiðir, því þeir skákuðu í því skjólinu, að þeir mætti bjóða sér alt á Íslandi, úr því að þeir hefði landið að léni með sköttum og skyldum. Það var ófagur vitnisburður, sem þeir Hólafeðgar gáfu Múla í bréfi sínu til kanzlara konungs 10. ág. 1550, því þeir bera honum á brýn róg og fjárdrátt, mútuþágur og óréttvísi, og segja afdráttarlaust, að hann mundi aldrei hafa með lífi komist af landinu, ef hann hefði eigi notið konungs.[1]) Og þótt eigi sé að fullu mark á því takandi, sem þar segir, af því að þeir feðgar voru honum fjandsamlegir, þá mun samt mega gera ráð fyrir, að eitthvað meir en lítið hafi verið athugavert í fari hans. Hitt var að minsta kosti flestum ljóst, að Múli var eigi þeim vanda vaxinn að gegna landstjórnarstörfum á Íslandi svo að vel færi, og það var jafnvel konungi sjálfum farið að skiljast. Hinn 30. nóv. 1551 ritaði hann Eske Bilde og Rentumeistara sínum út af ránum og víkingsskap í hafi við Noregsstrendur, og hnýtti þeirri athugasemd aftan við bréfið, að hann hefði í hyggju að fela Páli Hvítfeld hirðstjórn á Íslandi, því að Kaupmannahafnarborgarar kæmi engu tauti við landsmenn.[2]) Höfðu Íslendingar þá um veturinn tekið umboðsmann þeirra af lífi, sem kunnugt er, og sýnt Dönum í tvo heimana, svo konungi þótti vissara að fá kaupmönnum þeirra verndarbréf í hendur til styrkingar áður þeir færi út vorið 1552.[3]) Þá um haustið var það loks afráðið, að svifta þá landstjórnarvöldum og tollheimtu á Íslandi og fela Páli Hvítfeld, og skyldi þeir síðan reka verzlun sína sem aðrir kaupmenn og svara til saka fyrir umboðsmanni konungs.[4]) En í sárabætur lét þó konungur þá aftur fá Vestmannaeyjar að léni um óákveðinn tíma með sköttum og skyldum gegn 200 dala afgjaldi

1) Bisk. II, 455--457.
2) Kancelliets Brevbøger 1551--1555. Kbh. 1885--86. Bls. 98.
3) Kh. Dipl. IV, 538. Smbr. Kanc. Brevb. 1551--1555. Bls. 136 (ágrip).
4) F. Joh. Hist. Eccles. II, 315--316.

árlega.[1]) Hefur konungi víst fundist það nægur verkahringur fyrir þá, úr því að svo illa hafði til tekist með hitt, sem raun var á orðin. En verzlun þeirra þreifst eigi að heldur, enda þótt hlynt væri að henni eftir föngum, t. d. með því að leyfa þeim vetrarsetu á Íslandi, sem annars var nú aftekin að mestu eða öllu leyti. Konungur var þó einráðinn í að halda fast við stefnu sína í verzlunarmálunum, og þegar Kaupmannahafnarborgarar létu af hendi Vestmannaeyjar við árslok 1557, tók konungur sjálfur að sér verzlun í eyjunum og rak hana á sinn kostnað. Sendi hann þangað Símon Surbeck kaupmann af sinni hálfu vorið 1558 og fal honum jafnframt umboðsvald í eyjunum.[2])

Kristján III. hafði fyrstur Danakonunga orðið til þess að hvetja þegna sína til að reka verzlun á Íslandi, og gert það sem unt var til þess að styðja viðleitni þeirra. Að sönnu varð honum fremur lítið ágengt í því efni, en hitt hafði hann þó áunnið, að verzlun Þjóðverja á Íslandi beið talsverðan hnekki, og að þeir urðu að kannast við það sjálfir, að konungur hefði vald til að takmarka hana eða banna eftir vild sinni, þótt þeir í lengstu lög héldi því fram, að þeir hefði lögmætan rétt til verzlunar á Íslandi frá fornu fari. Tók nú úr þessu veldi Hansakaupmanna óðum að hnigna víðs vegar um lönd, og stafaði það að miklu leyti af stórviðburðum þeim, er gerzt höfðu í lok 15. aldar og á fyrstu áratugum hinnar 16., er sjóleiðin fanst til Indlands og ný heimsálfa (Ameríka) fanst og bygðist. Sóttu vestrænar þjóðir ógrynni fjár til Indlands og Ameríku, og olli það smám saman straumhvörfum í verzlun og viðskiftum Norðurálfunnar. Úr þessu fara Hollendingar og Englendingar að leggja undir sig úthafsverzlunina, og Hansakaupmenn verða smám saman að þoka sæti.[3]) Þetta notuðu konungarnir sér bæði á Norðurlönd-

1) F. Joh. Hist. Eccles. II, 316. Smbr. Kanc. Brevb. 1551--1555. Bls. 195 (ágrip).
2) Kanc. Brevb, 1556--1560. Bls. 175.
3) Kr. Erslev: Det 16. Aarhundrede. Kbh. 1910. Bls. 12 - 14.

um og víðar til að hrista af sér verzlunarfjötra Hansakaupmanna og glæða viðskifti þegnanna innbyrðis. Það er einmitt þessi stefna, sem bólar á í viðleitni Kristjáns III., og sonur hans Friðrik II. hélt henni fram sleitulaust og þoldi Hansakaupmönnum engan yfirgang eða ójöfnuð. Á öndverðum dögum hans var einkaréttur Hansaskrifstofunnar í Björgvin afnuminn (1560) og verzlun Þjóðverja að öðru leyti takmörkuð í ríkjum hans, og í öllum viðskiftum þeirra urðu Hansakaupmenn að lúta í lægra haldi.[1])

Á dögum Friðriks II. var Ísland talið með *fatabúrslénum* konungs, eða lagt til konungsfjárhirzlunnar, eins og tíðkast hafði frá því á dögum Magnúsar Eiríkssonar, og kennir þess ótvírætt í öllum ráðstöfunum konungs þar að lútandi, og eigi sízt í verzlunarmálunum, því enda þótt hann haldi fast við stefnu föður síns í aðalatriðunum, þá breytir hann samt um aðferð í ýmsum greinum og leggur jafnan aðaláherzluna á, að hafa sem mestan hagnað af landinu. Fyrst tekur hann upp á því, að vekja upp aftur hinn forna forkaupsrétt konungs á þeim varningi, er honum lék sérstaklega hugur á og þótti arðvænlegur í svipinn, og aflaði sjálfum sér með þessu álitlegra tekna, án þess þó að hefta siglingarnar eða skerða hafnatollinn að stórum mun. Var það *brennisteinsverzlunin* fyrir norðan land, sem hann slægðist eftir til að hyrja með, og réð sér 1560 mann til að reka hana í sínu nafni. Skyldi sá hafa að launum fimtung alls ágóða og ókeypis flutning á skipi konungs fram og aftur á 5 lestum af tunnugózi, er hann ætti sjálfur.[2]) Þegar Hamborgarar komust á snoðir um þetta, brugðu þeir skjótt við og gerðu menn á fund konungs til að afstýra þessum ófögnuði, en varð lítið ágengt, því konungur ítrekaði þetta með bréfi 19. jan. 1561, og gerði meira að segja ráð fyrir, að hafa sjálfur

1) Danmarks Riges Historie III, 150, 242.
2) Kanc. Brevb. 1556--1560. Bls. 422.

allan *saltpétur* og *litunarleir*, er finnast kynni í jörðu.[1]) Gerðu þá Hamborgarar nýja atrennu til að fá konung ofan af þessu, og buðu fé við, en það kom fyrir ekki, enda sló þá í deilu með Hamborgurum og konungi út af öðrum greinum, og þegar Hamborgarar rufu bann konungs og keyptu brennistein á Íslandi, lét konungur taka skip fyrir þeim í Eyrarsundi og víðar, og urðu þeir að greiða 10 þúsundir dala til að ná sáttum við konung og afsala sér hátíðlega brennisteinsverzluninni á Íslandi.[2]) Að lokum tók konungur fyrir alla þrætu um brennisteinsverzlunina með því að kaupa að þeim Þorsteinssonum, Níkulási og Vigfúsi, brennisteinsnámurnar í Þingeyjarþingi (1563) og lét síðan reka á sinn kostnað eða þá í félagi við þýzka menn frá Stettin.[3]) Einnig syðra lét konungur taka brennistein og bauð 1562 Gísla biskupi Jónssyni, próföstum hans og prestum að leggja til menn og hesta og sjá um flutning á honum til sjávar.[4]) — Á líkan hátt bauð konungur Íslendingum 1562 að selja sér einum alt *lýsi*, er þeir léti af hendi, og árið eftir bannar hann þeim að selja öðrum en sér *hesta*, *tóuskinn* og *bjarnfeldi*, *rostungstennur* og *hvaltennur*, nema svo sé, að hirðstjóri konungs vilji eigi sæta forkaupsrétti.[5])

Þessi áfergja konungs í íslenzkar vörutegundir dró þann dilk á eftir sér, að hann varð að auka verzlun sína að stórum mun og færast meira í fang, en hann hafði ætlað sér í fyrstu. Árið 1562 gerði hann út 6 skip til Íslands, tvö fyrir norðan land, tvö í Vestmannaeyjar, eitt fyrir vestan og eitt fyrir sunnan.[6]) Aðalverzlunarstöðvar hans nyrðra voru í Eyjafirði og Húsavík, en annað veifið rak

---

1) Kanc. Brevb. 1561--1565. Bls. 8--9. Smbr. Konungsbréf 22. febr. 1561 (Kanc. Brevb. 1561--1565, bls. 20).

2) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 39--42.

3) Kanc. Brevb. 1561--1565. Bls. 20, 45, 124--125 o. v. Bogi Benediktsson: Sýslumannaæfir I, 64. M. Ket. Forordn. II, 26--28.

4) Kanc. Brevb. 1561--1565. Bls. 125--126.

5) M. Ket. Forordn. II, 18. Lovs. for Isl. I, 78--79.

6) Kanc. Brevb. 1561--1565. Bls. 126.

hann jafnframt verzlun í Hofsós, og þóttu hafnir þessar arðvænlegar, einkum brennisteinshafnirnar (Eyjafjörður og Húsavík).[1]) Kaupmenn hans á þessum höfnum voru þeir *Hans Nielsen* og *Rasmus Pedersen*, og hafa þeir víst báðir verið dugandi menn, enda var staðan talsvert ábyrgðarmikil. Hans Nielsen var ráðinn 1560 með þeim kjörum, er fyr segir, en Rasmus Pedersen gekk í þjónustu konungs haustið 1577. Skyldi hann hafa 100 dali í laun árlega, einn óbreyttan hirðklæðnað, frítt uppeldi og farmrúm í skipum konungs fram og aftur fyrir 10 lestir varnings, er hann ætti sjálfur. Var honum boðið að flytja góðar vörur til landsins og eigi selja dýrara verði en aðrir kaupmenn, en reyna jafnframt að fá sem mest af brennisteini upp í varninginn.[2]) Konungsverzlun þessari fyrir norðan land var hætt um eitt skeið (1572—1576), en síðan var hún tekin upp aftur og rekin viðstöðulaust til 1597.[3])

Enn meira kvað þó að verzlun konungs í Vestmannaeyjum, enda var hún rekin viðstöðulaust fram til aldamótanna (1600). Voru jafnan ráðnir valdir menn til að veita henni forstöðu, og þeim einnig falið umboðsvald í eyjunum. Fyrstur þeirra var *Simon Surbeck*. Hann gekk í þjónustu konungs árið 1558 og tók þá að sér verzlun og tollheimtu í eyjunum. Þessu starfi gegndi hann langalengi og hafði félagsgerð við konung. Skyldi hann kosta útgerðina að fjórðungi og taka ávöxt af henni sem því svaraði. Einnig átti hann að sjá um fiskiútveg konungs í eyjunum og fara með umboðsvald af konungs hálfu. Konungur

---

1) Smbr. Kgsbr. til Herlufs Trolle 12. febr. 1565 (Kanc. Brevb. 1561–1565. Bls. 559). Árið 1579 voru konungi boðnar í þessar 2 hafnir 1500 dalir og 2 lestir af hreinsuðum brennisteini árlega, og tóku þá að renna á hann tvær grímur. Þó varð það ofan á, að konungur hafnaði boðinu, en gerði þegnum sínum kost á höfnunum, ef einhverir þeirra vildi greiða í leigu 2000 dali og 2 lestir af hreinsuðum brennisteini árlega. Enginn mun þó hafa fengist til að sinna því boði, svo konungur hélt áfram að reka verzlunina á sinn kostnað. (Smbr. Kanc. Brevb. 1576–1579. Bls. 541.

2) Kanc. Brevb. 1576–1579. Bls. 249.

3) Smbr. konungsbréf 20. jan. 1572, 17. febr. 1576 og 22. apr. 1598. (Kanc. Brevb. 1571–1575 bls. 102, 1576–1579 bls. 13 og 1596–1602 bls. 267–268).

lagði honum til skrifara eða fulltrúa, og skyldi sá hafa vetrarsetu í eyjunum og gegna verzlunar- og umboðsstörfum í fjarvist húsbónda síns.[1]) Símon Surbeck mun hafa auðgast drjúgan á verzlun sinni þar í eyjunum og fengið álit á sig í Kaupmannahöfn, því hann komst þar í bæjarstjórn árið 1577 og var borgarstjóri frá 1579 til dauðadags (1583).[2]) Á efstu árum hans reis misklíð með honum og konungi út af verzluninni, því Símon tregðaðist við að kosta útgerðina að sínum hluta, en vildi þó taka ávöxtinn eða áskilja sér fjórðungsrúm í skipunum, og þótti konungi það harðir kostir, svo hann sagði honum upp vistinni 1582.[3]) Var þá *Jörgen Kydt* eða *Kiödt* ráðinn í stað hans, enda hafði hann gegnt verzlunarstörfum þar í eyjunum að undanförnu, og sjálfur rak hann verzlun á ýmsum höfnum hér við land bæði fyr og síðar. Hann var um hríð verzlunarfélagi Magnúsar Heinesens hins færeyska og naut hylli Kristófers Valkendorfs rentumeistara, svo hann hefur verið í talsverðum metum, enda var hann skipaður landfógeti sumarið 1582, og árið eftir komst hann í bæjarstjórnina í Kaupmannahöfn.[4]) Árið 1583 tók *Niels Sörensen*, borgari í Kaupmannahöfn, við verzlunarforstöðu í eyjunum, og skyldi hann hafa sömu kjör og Símon Surbeck fyrstu tvö árin, en úr því eigi nema sjöttung ávaxtar, enda gekk hann frá starfinu að þrem árum liðnum.[5]) Þá tók við *Oluf Madsen*, vel metinn borgari, er sæti átti í bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn og síðar varð borgarstjóri,[6]) og að lokum (1590) *Povl Pedersen*, borgari í Árósum, og gegndi hann starfinu til aldamóta.[7])

1) Tegnelser paa alle Landene XI, 81–82 (Rskjs.). Eftirrit með hendi Jóns Sigurðssonar í hdrs. J. Sig. 372, 4to bls. 771—774. Smbr. Kanc. Brevb. 1566–1570. Bls. 578–579.

2) Smbr. O. Nielsen: Kōbenhavn 1536–1660 I, 191.

3) Kh. Dipl. IV, 660–661. Smbr. Kanc. Brevb. 1580–1583. Bls. 435.

4) O. Nielsen: Kōbenhavn 1536–1660 I, 229. Sambr. Kanc. Brevb. 1576–1579 bls. 233 og 325, og 1580–1583 bls. 26.

5) Kanc. Brevb. 1580–1583. Bls. 643–644.

6) Kanc. Brevb. 1584–1588. Bls. 475–477. O. Nielsen: Köbenhavn 1536–1660 I, 197.

7) Kanc. Brevb. 1588–1592. Bls. 488–491. Hann er oft og einatt kallaður *Povl Skriver* í konungsbréfum frá þessu tímabili.

Þessir aðalkaupmenn sáu um innkaup og sölu á öllum varningi konungs innlendum og útlendum og höfðu sumardvöl í eyjunum, en létu eftir kaupsveina á vetrum til umsjónar og varningssölu, og reyndust þeir stundum miðlungi vel. Þannig komst það upp um Povl Hansen, kaupsvein og fógeta í Vestmannaeyjum, er gegnt hafði störfum konungs þar í eyjunum í tvö ár, að hann hefði svikið reikninga sína og dregið sér rúma 1000 dali af fé konungs, og var hann tekinn af lífi fyrir árið 1586.[1])

Þess er áður getið, að Englendingar höfðu fyrrum aðalbækistöð sína í Vestmannaeyjum og ráku þar bæði verzlun og fiskiútveg, eins og Þjóðverjar höfðu gert á Suðurnesjum. Otti Stígsson mun hafa tekið fyrir útveg þeirra og vetrarsetu í eyjunum, en fiskiveiðar ráku þeir eftir sem áður fyrir sunnan land á duggum sínum, og báru fyrir sig forna samninga milli Englakonungs og Danakonungs. Voru þar stundum 60 duggur í senn af Englandi, eða fleiri.[2]) Gerðu þeir usla allmikinn á fiskimiðum landsmanna og slægðust eftir launverzlun í eyjunum og víðar, er færi gafst, án þess að svara tolli, svo konungur aftók þetta með bréfi 12. marz 1552.[3]) En það hafði lítinn árangur, því bæði Englar og Skotar héldu uppteknum hætti og gerðu sig jafnvel seka um rán og óspektir, svo konungur varð að senda höfuðsmann upp á vígbúnu skipi vorið 1559 til að hreinsa fyrir víkingum og sjá verzlun hans borgið í eyjunum,[4]) enda var og eyjaskeggjum bannað að eiga kaup við nokkurn mann fyr en skip konungs væri fullfermd.[5]) Þetta hefur Englendingum mislíkað stórum, og reis ágreiningur mikill með þeim og Símoni Surbeck í eyjunum sumarið 1561, svo þeir jafnvel tóku hús á

---

1) Kanc. Brevb. 1584--1588. Bls. 482.

2) Bréf frá M. Jacobus Deidonanus til Kristjáns konungs III. dags. London 1. júní 1552. (Dipl. Flensb. II. 996--999.)

3) Tegnelser paa alle Landene IV, 47 b (Rskjs.). Eftirrit með hendi Jóns Sigurðssonar í hdrs. J. Sig. 372, 4to bls. 315.

4) Kanc. Brevb. 1556--1560. Bls. 254.

5) Kgsbr. 15. apr. 1561. Kanc. Brevb. 1561--1565. Bls. 26.

honum, en eignuðu honum þó upptökin að deilunni.[1] Árið eftir varð enn rekistefna út af verzlun þeirra í eyjunum, og var Páli Vigfússyni lögmanni gefið það að sök, að hann hefði ýtt undir þá og hvatt eyjaskeggja til að verzla við þá. Var honum stefnt utan fyrir þetta tiltæki 27. marz 1563 og misti fyrir það lögmannsdæmið að lokum.[2] Upp frá því var farið að hafa miklu strangari gætur á þessu og eyjaskeggjum bönnuð skilyrðislaust öll verzlun við aðra en konung sjálfan. Var Símoni Surbeck falið að ganga sleitulaust eftir að þessu væri hlýtt bæði af landsmönnum og útlendingum þeim, er stunduðu fiskiveiðar þar við eyjarnar, og taka 16 dala toll af hverju fiskiskipi, en 2 rósenóblur af hverjum duggara, sem hann næði í. En þeir útlendingar, sem gerði sig sig seka í ránum og þjófnaði, skyldi tafarlaust hengdir, ef í þá næðist.[3] Það gekk þó sjaldnast erjulaust að ná tollinum hjá Englendingum, og í rauninni létu þeir hann aldrei góðfúslega af hendi. Árið 1571 tók Símon Surbeck toll af Englendingum nokkrum frá Ipswich, en þegar hann kom til Englands um haustið með varning sinn, kyrsettu þeir hann sjálfan, skip hans og góz og kúguðu af honum 2500 dala veð, áður hann næði heim að fara. Kærði hann þetta athæfi þeirra fyrir konungi, svo hann gerði ráðstafanir til að hefta för enskra skipa frá Ipswich um Eyrarsund, unz leiðrétting fengist á málinu.[4] Var hvað eftir annað reynt að jafna og koma í veg fyrir slíkar deilur með samningum á milli hlutaðeigandi þjóðhöfðingja, og má svo að orði kveða, að annað veifið stæði jafnan á samningaumleitunum með þeim Friðreki II. Danakonungi og Elízabetu

---

1) Smbr. Bréf Elízabetar drotningar til Friðriks II. Danakonungs 5. okt. 1561. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 2 (Rskjs.).

2) M. Ket. Forordn. II, 24–25. Kanc. Brevb. 1561—1565. Bls. 234. Safn t. s Ísl. II, 123.

3) Kgsbr. 9. apríl 1570. Kh. Dipl. IV, 595—596. Smbr. Kanc. Brevb. 1566—1570. Bls. 572.

4) Kgsbr. 21. apr. 1572 til tollheimtumanns í Helsingjaeyri. Kanc. Brevb. 1571—1575. Bls. 125.

Engladrotningu um fiskiveiðar í norðurhöfum.[1]) En sá var gallinn á, að það reyndist jafnan mjög erfitt að framfylgja þessum samningum hér úti á Íslandi. Var oft og einatt kært yfir usla og yfirgangi Englendinga við eyjaskeggja í Vestmannaeyjum um þessar mundir, og gerðust þeir jafnvel svo nærgöngulir, að þeir rifu upp veiðarfæri þeirra og ónýttu, en lögðu sínum í staðinn, svo konungur neyddist til að kæra þetta athæfi fyrir Elízabetu drotningu 4. maí 1585, og lét hún aftur það boð út ganga til þegna sinna 15. júlí þá um sumarið, að þeir mætti eigi hafa slíkan ójöfnuð í frammi, og lagði við þungar refsingar.[2]) Árið eftir var það tekið fram í erindisbréfi Olufs Madsens, að hann skyldi harðlega banna Englendingum að hafa nokkra fiskibáta í Vestmannaeyjum, eða taka sér þar bólfestu og reka atvinnu, og skyldi hann ýta bátunum jafnharðan á flot, ef þeir brýndi þeim á land, en eyjaskeggjum átti hann að refsa harðlega, ef þeir hefði nokkur mök við Englendinga eða aðra útlendinga á degi eða nóttu.[3]) Jafnframt bauð konungur einum af skipherrum sínum, Hans Holst, að taka með sér nægilega mikið af fólki, hertýgjum og skotfærum og reisa virki á hentugum stað við höfnina í Vestmannaeyjum. Átti hann síðan að setjast í það og banna öllum skipum höfnina, nema þeim einum, er hefði vegabréf af konungi. Hin átti hann að taka, er eigi vildi segja til sín hreinskilnislega, eða skjóta þau í kaf. *Skyldi hann einnig hafa gætur á því, að eyjaskeggjar færi eigi inn*

1) Þannig lókust samningar með þeim 13. ág. 1577 (Recessus Hamburgensis) um siglingar og fiskiveiðar í norðurhöfum, og þar á meðal við Íslandsstrendur. Voru þar endurnýjaðir hinir fyrri sáttmálar hér að lútandi. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 1 Litr. N. Rskjs. Eftirrit með hendi Jóns Sigurðssonar í hdrs. J. Sig. 373, 4to.) Enn voru nýjir samningar gerðir með þeim í Haderslev 22. júní 1583, og var Englendingum þar leyft að leita hafna hvar sem væri í Noregi og á Íslandi, »hoc tamen reservato, ne sine speciali nostra licentia in portubus Norwagicis et Islandicis antea prohibitis ulla ratione negotiuntur et mercaturam exerceant, neve subditis nostris dictorum locorum ulla re contra hospitalitatis jura molesti sint, ac ab omni maleficio prorsus abstineant«. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 5 b--6 Litr. X. Rskjs.).

2) D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 2 (Rskjs).

3) Kanc. Brevb. 1584—1588. Bls. 475—477.

til meginlandsins í verzlunarerindum, svo hann var í raun-inni engu miður settur þeim til höfuðs en Englending-um.[1]) Héldu þó viðskiftin áfram engu að síður, og segir í konungsbréfi einu frá 8. maí 1592, að verzlun Englend-inga fari vaxandi með hverju ári.[2]) Sá þá konungur eigi annað vænna, en að taka með öllu fyrir þennan ófögnuð með því að skipa umboðsmanni sínum í eyjunum, að hremma skilyrðislaust allar fiskiduggur Englendinga í nánd við eyjarnar, ef hann hefði styrk til þess, en ella skyldi hann grenslast eftir nöfnum þeirra og heimilisfangi og skýra konungi frá, svo að hann gæti sjálfur rekið réttar síns á þeim.[3]) Gekk Povl Pedersen mjög vel fram í að hremma þessa duggara og tók hvað eftir annað skip og varning þeirra.[4]) Englendingum þótti súrt í brotið og kváðu rofin á sér lög og forna sáttmála af konungs hálfu.[5]) En konungur svaraði því til aftur á móti, að þeir mætti sjálfum sér um kenna, því þeir bryti af sér allan rétt með óspektum sínum. Voru þeir teknir upp á því er hér var komið sögunni, að skjóta mönnum á land úr duggum

---

1) Kgsbr. 18. april 1586. (Kanc. Brevb. 1584—1588. Bls. 495—496.)

2) Kanc. Brevb. 1588—1592. Bls. 774—775.

3) Kgsbr. 14. nóv. 1590. (Kanc. Brevb. 1588—1592. Bls. 49.)

4) Smbr. Kanc. Brevb. 1588—1592 bls. 524—525, 859 og 888, og 1593—1596 bls. 158 og 197—198.

5) Smbr. Bréf frá sendimanni Engladrotningar dags. í Lundúnum 13. okt. 1590. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 2 Rskjs.). Segir þar fyrst af kæru enskra þegna út af skipatöku í Eyrarsundi, og því næst af fiskiveiðabanninu á þessa leið: »To which complaint if your Lordsh. shall thinke good an other complaint of great importance may wel be added concerning the impeachment of her Maj. subiects from fishing im Islande, which is against the treaty made between King Henry the 7th and King John of Danmarke. For first they will not suffer that her Maiestie's subiects may in anie wise fish about Vestmony which is a small Jsle adioyning vnto Jsland, where the best fishing for Stochfish, Codd and linge is, whereas no place is exempted by the treaties. Which fishing about Westmany of verie late years the King of Danmarke hath reserued into his owne vse, and furnisheth his court and nauy therewith, sellinge by his own Mer-chants the residue unto other Nations to his great profyt, for I know that John Stokes of London fishmonger hath bought the same residue of the treasurer of Danmarke, who had to forne the fishing of the said Islande, as much as came to 3000 £ by the yeare. And as for the fishing in other hauens of Island, which is an Isle greater than England, the said Kings officers do exacte of her Maie-sty's subiects greater tole than heretofore was exacted of them.«

sínum til varningskaupa, helzt á afskektum höfnum, og taka þá aftur með sér heimleiðis að afloknum kaupunum. Þetta bannaði konungur með bréfi 30. apríl 1594, og skipaði höfuðsmanni sínum á Íslandi að gera upptækar allar vörur þeirra, ef þeir héldi þessu áfram.[1]) Fjórum árum síðar bannaði konungur þeim algerlega fiskiveiðar fyrir sunnan land og lýsti duggur þeirra ófriðhelgar milli eyja og lands og 2 vikur sjávar austur af eyjunum.[2])

Það er auðsætt af viðskiftum konungs við Englendinga, að hann gerði sér hið mesta far um að afstýra og uppræta verzlun þeirra á Íslandi. Aftur á móti beitti hann alt annari aðferð við Þjóðverja, enda hefði hann eigi gert annað en skaða sjálfan sig og þegna sína með því að banna þeim verzlun á Íslandi að svo komnu, því hann hefði mist skipatollinn og auk þess orðið að hafa leiðangur úti hvert sumar til eftirlits og varnar. Hann lét sér því nægja að hafa hemil á verzlun þeirra og binda hana vissum skilyrðum. Í stað þess að konungarnir höfðu áður veitt allsherjar-leyfi til verzlunar á Íslandi, án þess að binda það öðrum skilyrðum en þeim, að hlutaðeigendur færi með friði og réttum kaupskap og greiddi lögmælta tolla, þá tekur Friðrik konungur upp þá nýjung, að leigja ákveðnum og nafngreindum mönnum einstakar hafnir á Íslandi, og mátti enginn verzla á þeim nema leigunautar.[3]) Við þetta ávann konungur það fyrst og fremst, að hann hafði meira upp úr verzluninni, því leyfisbréfin varð að kaupa í hvert skifti, og giltu þau fyrir ákveðið árabil eða þangað til konungur vildi gera aðra ráðstöfun á, og hitt annað, að hann hafði jafnan tökin á leigunautunum, ef eitthvað bar á milli, og gat hótað þeim uppsögn á leig-

1) M. Ket. Forordn. II, 195—196. Kanc. Brevb. 1593—1696. Bls. 261. Smbr. Alþb. Ísl. III, 122--123.

2) Smbr. Kgsbr. 10. maí 1598. (Kanc. Brevb. 1596--1602. Bls. 272--273.)

3) Munurinn kemur ljósast fram í orðatiltækjum þeim, sem notuð eru í skjölum og skilríkjum frá þeim tíma, því annars vegar er að ræða um »generall Passbordt« eða »generall concession und vergunstigung«, en hins vegar um »speciell begnadigungh«. Smbr. Baasch: Islandsfahrt. Bls. 44—45.

unni. Árið 1563 heimtaði konungur 30 þús. dali af Hamborgurum í heimanmund systur sinnar, en Hamborgarar tregðuðust við að greiða fé þetta af hendi. Hótaði konungur þá að loka fyrir þeim höfnum á Íslandi, og svifti þá verzlun í Hofsós til að byrja með (1564). Gaf hann þeim að sök, að þeir hefði haft ranga vog og mæli, flutt skemda vöru til landsins og æst almúgann upp á móti stjórnarvöldunum. Þessa höfn fekk hann síðan í hendur Hans Nielsen kaupmanni sínum nyrðra og félögum hans.[1]) Þegar Hamborgarar sáu hvað verða vildi, sendu þeir menn á fund konungs til að afstýra frekari ráðstöfunum af þessu tægi. Fóru þá umboðsmenn konungs fram á það við Hamborgara, að þeir lánuðu konungi 100 þús. dali gegn vöxtum, og hétu þeim hlunnindum í móti, að konungur skyldi heimila þeim einkarétt á 10 höfnum íslenzkum, en Hamborgarar vildu eigi gína við þeirri flugu.[2]) Samt sem áður lýsti konungur því yfir, að hann vildi enn um hríð leyfa þeim verzlun á Íslandi, og er það ljósastur vottur þess, að hann leit meira á sinn eigin hag en á hitt, að svala geði sínu á Hamborgurum.[3]) En upp úr þessu fer konungur að gera sér það að fastri venju, að leigja ákveðnum kaupmönnum einstakar hafnir til fárra ára í senn, og mun hann lengst af hafa fylgt þeirri reglu, að láta þann sitja fyrir, sem hæst bauð, hver sem hann var. Notaði konungur sér það óspart til að þröngva kosti Hamborgara og takmarka verzlun þeirra á Íslandi, hve nær sem eitthvað bar á milli. Voru sífeldar erjur með þeim og konungi um þessar mundir út af skipalegu í Elfinni, sem Hamborgarar þóttust eiga rétt á að banna. Árið 1572 tók konungur enn 3 íslenzkar hafnir af Hamborgurum, en þeir svöruðu með því að kyrsetja nokkur dönsk skip í Elfinni árið eftir. Bauð þá konungur 11. maí 1574 höfuðsmanni

1) Kanc. Brevb. 1561—1565. Bls. 530.
2) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 42—43.
3) Smbr. Kgsbr. til Magn. Gyldenstjerne ofl. 28. jan. 1565. Kanc. Brevb. 1561–1565. Bls. 553–554.

sínum á Íslandi að láta flytja allan fisk til Englands, sem hingað til hefði flutt verið til Hamborgar.[1]) Þrem árum síðar bauð konungur enn höfuðsmanni að kyrsetja öll Hamborgarför í íslenzkum höfnum, því eins og nú stæði sakir væri hann fastráðinn í að banna Hamborgurum alla verzlun á Íslandi.[2]) Stóð svo í 5 ár, að Hamborgurum var bönnuð öll verzlun í ríkjum Danakonungs. Þótti Hamborgurum þetta hart að gengið, sem von var, því þeir áttu skuldir miklar á Íslandi og enginn vegur að krefja þeirra meðan svo stóð á. Komust að lokum sættir á í Flensborg árið 1579, og var Hamborgurum þá leyfð aftur verzlun á Íslandi. Konungur vildi þó eigi með nokkru móti sinna beiðni þeirra um ótakmarkað verzlunarleyfi á Íslandi, heldur batt það við ákveðnar hafnir, og var málum þessum ráðið til lykta með konungsúrskurði 24. nóv. 1585.[3])

Hin nýja verzlunarstefna konungs leiddi til þess, að kapp mikið varð um íslenzku hafnirnar á seinni hluta 16. aldar, og kom það jafnvel fyrir ekki svo sjaldan, að stórhöfðingjar erlendis slægðust eftir höfnum á Íslandi.[4]) Mest var þó kappið í Hansaborgunum þýzku, og varð oft og einatt misklíð þeirra á milli út af verzlunarhöfnum. Hamborgarar vildu einir gína yfir íslenzku verzluninni og þóttust hafa gömul forréttindi fram yfir hina, en Brimarar og Lybikumenn vildu eigi kannast við það og héldu dauðahaldi í sínar hafnir. Gengu klögumálin og fortölurnar á víxl, svo það er engu líkara en hér sé um örgustu fjandmenn að ræða. Árið 1564 sneru Brimarar sér til Páls Stígssonar höfuðsmanns og báðu hann sjá til þess,

---

1) Kanc. Brevb. 1571—1575. Bls. 435.

2) Kgsbr. 9. apr. 1577. Kanc. Brevb. 1576—1579. Bls. 164.

3) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 46—47 og Anhang V. Smbr. Danm. Riges Hist. III, 237.

4) Þannig veitti konungur frændum sínum Adolf hertoga í Holtsetalandi og Hans greifa af Aldinborg verzlunarleyfi á Íslandi hvað eftir annað, og sömuleiðis furstabiskupinum í Brimum. Kanc. Brevb. 1571—1575. Bls. 370 og 580, o. v. Baasch: Islandsfahrt. Bls. 45—46.

að Hamborgarar gerði sig eigi alveg atvinnulausa á Íslandi, og árið 1579 sneru þeir sér beint til Hamborgara sjálfra og leiddu þeim fyrir sjónir, hvílik ósvinna það væri, að fornir Hansabræður skyldi beita svikum og undirferli hverir við aðra í samkepninni. Lybikumenn þóttust einnig rangindum beittir af Hamborgurum, og völdu þeim eigi kveðjurnar.[1]) Hafði smám saman komist sú venja á, að hverir um sig höfðu fengið eins konar hefð á vissum höfnum, sem þeir þóttust næstum því eiga erfðatilkall til. Þannig héldu Hamborgarar dauðahaldi í suðurhafnirnar (Hafnarfjörð, Keflavík, Bátsanda og Grindavík), og vildu jafnvel eigi þoka fyrir Dönum.[2]) Brimarar höfðu lengi bækistöð sína vestur á Snæfellsnesi (Búðum, Rifi og Kumbaravogi) og svo í Austfjörðum (Berufirði),[3]) en Lybikumenn héldu mest til í Vestfjörðum (Patreksfirði, Dýrafirði, Álftafirði) og í Vopnafirði eystra. Það lítur jafnvel út fyrir, að sumar hafnirnar hafi gengið í ættum langa lengi mann fram af manni, og var þá sízt að furða, þótt þeir tæki eins konar trygð við þær og þættist verða fyrir ofbeldi og rangindum, ef aðrir seildust til þeirra.[4]) Afleiðingin af þessari verzlunartilhögun Friðriks II. varð því sú, að hver gerði það sem hann gat til að halda sínum skika, en hafði jafnframt allar klær úti til að bora sér inn víðar, og urðu Hamborgarar langhlutskarpastir í stympingunum. Þannig tókst þeim að bora sér inn í Austfjörðum (Berufirði) árið 1589, þó að Brimarar væri þar fyrir, og notuðu þeir alleinkennilega aðferð til þess. Brim-

1) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 43—44.

2) Smbr. Kgsbr. til höfuðsmannsins 24. marz 1571. Kanc. Brevb. 1571—1575. Bls. 17.

3) Þeir munu einnig hafa rekið verzlun í Hólminum (Reykjavík) að fornu fari, því hann er stundum kallaður Brimarahólmur (Bremerholmen), t. d. í hafnaskrá íslenzkri frá 1588 (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 21. Rskjs.), en Hamborgarar kræktu höfnina frá þeim í lok 16. aldar.

4) Þannig segir Karsten Back í bréfi einu frá 1592eða þar um bil, að ættingjar sínir hafi siglt á Kumbararvog í 150 ár, og Bernt Salefeldt segir í bréfi einu frá 1603, að faðir sinn hafi rekið verzlun í Rifi á undan sér í 60 ár. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 18a og 19. Rskjs.). En heldur mun þó valt að byggja á þessum staðhæfingum.

arar höfðu sem sé jafnan kallað höfnina »Ostfiordt in Ostfiordt-Süssell«, og svo var hún kölluð í leyfisbréfum þeirra, og höfðu þeir lengstum skipalegu í Fýluvogi eða Fúluvík, sem skerst inn í Búlandsnes rétt í námunda við Djúpavog.[1]) Hamborgarar komust á snoðir um, að Íslendingar kölluðu fjörðinn Berufjörð og aðalhöfnina Djúpavog, og notuðu sér þetta til að krækja sér í leyfisbréf fyrir henni hjá konungi 20. júní 1589. Reis þá heldur en ekki ágreiningur sumarið eftir með Hamborgurum og Brimurum, er báðir lögðust til kaupa á sömu höfnina, eða því sem næst, og báðir með jafn góðar heimildir í höndunum. Tóku þeir vitnisburði manna þar um slóðir sumarið 1591 um það, hvort nafnið væri réttara á skipalegunni, Fúluvík eða Djúpivogur, og hnigu þeir flestir að því, eins og vænta mátti, að fjörðurinn héti Berufjörður og höfnin Djúpivogur, en þó voru þeir eigi allfáir, sem kölluðu hana Fúluvík, og hitt bar öllum saman um, að Brimarar hefði legið þar til verzlunar í 80 ár.[2]) Niðurstaðan af þessu öllu saman varð sú, að konungur úrskurðari báðum höfnina, og skyldu þeir sem vildu verzla við Brimara í Fúluvík, en hinir við Hamborgara á Djúpavogi, sem það vildu heldur.[3]) Svona voru Hamborgarar slóttugir og óbilgjarnir, og var því sízt að furða, þó að þeir bæri hæstan hlut frá borði í þessum skinndrætti um hafnirnar. Af konungsúrsk. 24. nóv. 1585 sést það, að Hamborgarar hafa þá verzlað á 15 höfnum á Íslandi og sent þangað 14 skip árlega, en

1) Lýsing Hofs- og Hálssókna 1840, (Bmf. 18 fol.). Smbr. Vitnisburð Ketils Sveinssonar að Sléttu í Reyðarfirði 19. ág. 1591. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 18a. Rskjs.).

2) Ketill Sveinsson vottar það, að þeir hafi legið nær 80 ár i Fúluvík, »hvar at stendur þeirra gömul búð og þeirra forfeðra«, og bætir svo við: »Yfir af þessari höfn Fúluvik er af elztu mönnum hér sagt að Djúpavogur liggi«. Brimarar fengu yfirleitt ágætisorð þar eystra fyrir góðgirni og hógværð, og óska flestir þess, að konungur vilji unna þeim hafnarinnar framvegis eigi síður en Hamborgurum, »hverjir að með stórum ofstopa sig auðsýna við fátækan almúga hér i landið, svo og sina vöru dýrara selja marga hverja en þeir«, segir í einum vitnisburðinum. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 18a. Rskjs.).

3) Kanc. Brevb. 1588—1592. Bls. 596—597 og 739.

Lybikumenn, Brimarar og Stademenn höfðu samtals 8 hafnir á leigu og sendu árlega 8 skip til Íslands.[1])

Það er ljóst af þessu, að Hamborgarar þurftu eigi svo mjög að óttast samkeppni félagsbræðra sinna, Hansakaupmannanna. Aftur á móti stóð þeim meiri hætta af Dönum, því konungur dró auðvitað alveg sérstaklega taum þeirra í samkepninni um hafnirnar, og með þessari aðferð, að skifta höfnunum á milli einstakra leigunauta, tókst honum að koma í veg fyrir, að þegnar sínir yrði undir í viðskiftunum, þótt þeir væri eigi sérlega þróttmiklir í fyrstu. Danir tóku þegar á öndverðum ríkisstjórnarárum Friðriks II. að seilast eftir íslenzkum höfnum, og síðan ágerist þetta meir og meir þegar líður á öldina. Tókst þeim smám saman að krækja í margar hafnir bæði frá Hamborgurum og öðrum, að minsta kosti annað veifið, því konungur var sífelt að stytta leigufrestinn á höfnunum, og leigði þær sjaldan nema til þriggja eða fjögra ára í senn þegar fram í sótti. Stóðu Danir það betur að vígi en hinir, að þeir voru jafnan við höndina og gátu sætt færi að verða á undan hinum, ef þeim lék hugur á einhverri sérstakri höfn, og voru þær þá sjaldan af verri endanum. Þessi hluttaka Dana í íslenzku verzluninni hófst 1564, er Hans Nielsen fekk Hofsóshöfn, sem fyr segir. Árið eftir fekk Anders Godske borgarstjóri í Kaupmannahöfn o. fl. Bátsandahöfn, og Anders Madsen Jude o. fl. Rifs- og Stapahafnir.[2]) Næsta ár (1566) fekk Börge Trolle o. fl. Búðir og Kumbaravog, og Markús Hess borgarstjóri o. fl. Bátsanda, og var leyfisbréfið endurnýjað 1569.[3]) Árið 1572 fekk Markús Hess konungshafnirnar 3 fyrir norðan land (Eyjafjörð, Skagafjörð og Húsavík), og rak þar verzlun í

1) Smbr. Baasch: Islandsfahrt. Anhang V. Bls. 139.

2) Kanc. Brevb. 1561—1565. Bls. 561—562 og 568. Anders Jude hafði áður verið kaupmaður og fógeti í Færeyjum, en var sviftur stöðunni fyrir óknytti og rangsleitni við eyjaskeggja einmitt þetta ár (1565). Smbr. O. Nielssen: Köbenhavn 1536—1660 II, 214.

3) Kanc. Brevb, 1561—1570. Bls. 24, 81 og 440.

4 ár.[1]) Árið 1576 fekk Richard Vederbor í Helsingjaeyri o. fl. með honum Stapa- og Rifshafnir til þriggja ára, og Markús Hess Hafnarfjörð og Vopnafjörð einnig til þriggja ára.[2]) Árið 1578 fekk Jörgen Kydt í samlögum við Lybikumenn Eyrarbakka og Þorlákshöfn til 10 ára, og Markús Hess Stapa, Rif og Grundarfjörð.[3]) Árið eftir (1579) fekk Jóhann Bockholt höfuðsmaður verzlunarleyfi í Hólminum, Hafnarfirði, Straumi, Vatnsleysu, Keflavík og Bátsöndum, eða með öðrum orðum á öllum eða allflestum suðurhöfnunum, undir því yfirskini, að þær lægi til Bessastaða og væri óráðstafað í svipinn, svo eigi væri ugglaust um aðflutninga.[4]) Árið 1596 fekk Klaus Eriksen og félagar hans í Kaupmannahöfn og Helsingjaeyri Flateyjarhöfn til þriggja ára, og 2 árum síðar fengu margir borgarar í Kaupmannahöfn Eyjafjörð með úthöfnum til fjögra ára.[5]) Sést af þessu ljóslega, hve mikil eftirsóknin var af Dana hálfu og annara um þessar mundir, og kvað jafnvel svo ramt að, að einstaka Íslendingar fóru líka að bera sig eftir björginni. Þannig fekk Eggert Hannesson lögmaður verzlunarleyfi í Skutulsfirði og Dýrafirði árið 1579, og mun hafa rekið þar verzlun í félagi við Hambogara, því hann var þeim mjög handgenginn og fór alfarinn af landi brott til Hamborgar árið eftir.[6]) Árið 1580 fekk Guðbrandur biskup verzlunarleyfi fyrir sig og Skagfirðinga í Hofsós, og keypti í því skyni 60 lesta skip af Hamborgurum, en það fórst nokkru síðar á útsiglingu, svo fyrirtækinu var þar með lokið.[7]) Enn fekk Staðarhóls-Páll árið 1589 verzlunarleyfi á Flateyjarhöfn til fjögra ára, og tók hann Brimara nokkurn í félag með sér, en gekk víst sjálfur úr skaftinu

1) Kanc. Brevb. 1571--1575. Bls. 102.
2) Kanc. Brevb. 1576--1579. Bls. 5 og 15--16.
3) Kanc. Brevb. 1576--1579 Bls. 325--326.
4) Kanc. Brevb. 1576--1579. Bls. 292--293 og 651.
5) Kanc. Brevb. 1593—1596 bls. 576—577 og 1596—1602 bls. 267—268.
6) Kanc. Brevb. 1576—1579. Bls. 791. Smbr. Sýslumannaæfir Boga Bened. II, 25 o. v.
7) Kanc. Brevb. 1580—1583. Bls. 44—45. M. Ket. Forordn. II, 98—99. Smbr. Árb. Esp. V, 24.

von bráðar.[1]) Íslendingum varð því engin féþúfa úr verzluninni, enda varla stofnað til hennar í því skyni af sumum þeirra. Aftur á móti var öðru máli að gegna um Dani. Þeir ráku hana einvörðungu í gróða skyni, sem eigi var tiltökumál, og voru oft margir í samlögum um eina höfn, að minsta kosti framan af, meðan þeir voru að koma fótum undir sig, en færðist síðan meira í fang. Efldust þeir smám saman af íslenzku verzluninni og urðu sumir vel fjáðir. Einna mestur atkvæðamaður í þeirra hóp var *Markús Hess* borgarstjóri. Var hann talinn vellauðugur maður um eitt skeið, enda stóð hann víða fótum undir, og rak verzlun og iðnað í stórum stíl eftir því sem þá gerðist. Hann var klæðasali og hrossakaupmaður, smíðaði skip og steypti fallbyssur, og rak verzlun til Rússlands og víða hér á Íslandi í tíð Friðriks II., sem fyr segir, en heldur mun hann hafa þótt harðdrægur í verzlun sinni. Hann átti margar húseignir í Kaupmannahöfn og skemtigarða með veiðivötnum fyrir utan borgina, svo hann befur borist allmikið á, enda fengu sendiherrar erlendra

---

1) Kanc. Brevb. 1588—1592. Bls. 268. Páll gerði sjálfur grein fyrir ráðstöfunum sínum hér að lútandi með bréfi dags. í Kmh. 28. sept. 1589, og er orðalagið nokkuð einkennilegt sumstaðar, eins og hans var von og vísa. En þetta er aðalinntakið: »Eg Páll Jónsson kennist og geri viturlegt fyrir öllum með þessari minni eiginlegri handskrift og opnu bréfi, að eg tilorsakaður af því eg enga mína nauðþurft fyrir mig og mitt fátækt undirfólk í Flatey á Breiðafirði nokkur umliðin ár fengið hefi, né út eða inn í landið mér til mins uppeldis mátt skikka fyrir öfund nokkurra manna, hvað tilhæfilega ekki skyldi skeð, hef eg neyðst til frá öllu minu með forsóman og hættu út reisa og hingað til Danmerkur að draga og um sömu höfn Flatey að biðja. Svo og hefur það háa yfirvald og regerandi Herrar uppá undirdanugasta billega bón mér náðugast unt og tillátið með minum selskap og frændum og félögum nefnda Flateyju að besigla og sækja láta í næstu eftirfylgjandi 4 ár með góða óstraffanlega kaupmannsvöru og rétta venjulega höndlun. . . . Því hef eg til mín tekið í mass-skap og félag heiðarlegan dandissvein Björn Jónsson í Bremen og hans skips frændur og reiðara, sem hann framar meir til sín takandi verður, með þvílíkri conditio og áþvingan, að hann og þeir skuli fulla magt hafa þeirra góz inn að færa, selja og forhandla« osfrv. — Þessi Björn Jónsson, borgari í Brimum, sem hér um getur, er víst sá hinn sami, er höfnina fær að leigufrestinum útrunnum 1593 og víðast er kallaður Bernt Salefeldt. Rak hann hér verzlun alla æfi, oftast vestur í Rifi, og tóku synir hans við að honum látnum. Hét einn þeirra sama nafni og er hann í íslenzkum heimildum kallaður Björn Salefeldt eða Salufelld. (Smbr. Alþb. Ísl. III, 273.)

ríkja oft inni hjá honum, þegar þeir voru í Kaupmannahöfn. Á efri árum gekk þó mjög af honum fé, og var hann orðinn eignalaus að mestu er hann andaðist 1590.[1])

Þessi nýja verzlunartilhögun var að því leyti hagstæð landsmönnum, að áfergjan varð svo mikil í hafnir á Íslandi um eitt skeið, að vart var til sú smuga, er eigi væri siglt á, að minsta kosti annað veifið, og hefur líklega aldrei hvorki fyr né síðar verið meiri sigling á Íslandi eða önnur eins.[2]) En verzlunarhagirnir eða verzlunarkjörin bötnuðu þó eigi að sama skapi, heldur þvert á móti, því einkarétturinn á höfnunum dró mjög úr allri verzlunarsamkepni, og útilokaði hana gersamlega þegar svo bar undir, að einn og sami maðurinn eða eitt og sama félagið rak verzlun á tveim eða fleiri nágrannahöfnum í senn. Tók nú smám saman að brydda á kærum um illa verzlun og óhagstæða hvaðanæfa af landinu, og fóru þær heldur vaxandi eftir því sem á leið. Útlenda varningnum hrakaði með ári hverju og hækkaði þó sífelt í verði, en innlendur varningur var tekinn eftir forngildu, og hafði það lítið upp á sig, þótt konungur áskildi sér í leigumálum hafnanna, að kaupmenn flytti góðan varning og héldi gömul kaup. Höfuðsmaðurinn sjálfur varð að kannast við það í bréfi einu frá 1570, að allar útlendar nauðsynjar hækki nú í verði hjá kaupmönnum ár frá ári.[1]) Skagfirðingar munu hafa orðið einna fyrstir til að kveða rækilega upp

---

1) O. Nielsen: København 1536—1660. I, 181—186, 191 og 229.

2) Þá var í lok aldarinnar auk hinna algengu og venjulegu hafna siglt á Þórshöfn á Miðnesi (Thorshafn), Vatnsleysuvík (Vadlösse, Wattloss), Straumsvík (Strömme) í Hraunum, Hvalfjörð (Walleſiordt), Hjallasand (Hellesandt) og Nesvog (Nesswag) á Snæfellsnesi, Kollabúðir (Kulleboder) við Þorskafjörð, Borðeyri í Hrútafirði, Kolbeinsárós (Kolbensoss) í Skagafirði, Þórshöfn (Dureshaue) á Langanesi, og auk þess virðast þá skip hafa gengið í Hornafjörð (»Ostfriederness sonst Hoddenfiord genanndt«), sem annars hefur verið mjög fátitt (Hdrs. J. Sig. 111, 4to (Regesta II) og Kanc. Brevb. á við og dreif. Smbr. einnig hafnatal í lok 16. aldar, D. Kanc. Ísl. & Færö. Supplem. 2 nr. 7—8. Rskjs.). Raunar er það vafasamt, hvort siglt hefur verið á allar þessar hafnir, nema þá ef til vill rétt einstaka sinnum, og fráleitt allar samtímis, enda þótt taldar sé í leyfisbréfum.

1) Alþb. Ísl. I, 49.

úr með þessar nauðsynjar og kæra þær fyrir konungi, enda virðast þeir hafa átt við hin örðugustu kjör að búa undir leigumála Markúsar Hess. Hirti hann ekkert um að sigla á Skagafjörð eða Húnaflóa, svo menn voru þar í hinu mesta hraki og neyð af vöruskorti, en enginn dirfðist að leita þar hafnar í blóra við hann. Tóku þeir höndum saman Guðbrandur biskup og Jón lögmaður og fleiri höfðingjar nyrðra og kærðu athæfi kaupmanns 1574. Báðu þeir konung þess, að öðrum kaupmönnum væri leyfð sigling á hafnirnar, ef leigunautar svikist um að birgja þær framvegis, en það mun lítt hafa stoðað.[1]) Á alþingi 1576 var rætt um »ótilbærilegan kaupskap og vonda vöru, já smíðað fals, hér verður af kaupmönnum innflutt«, með öðru fleira, og konungi gefið til kynna, að í Rifi hafi ekkert skip komið síðan höfnin var leigð, en í Hafnarfirði sé verzlunin þannig vaxin, að hún megi heita landsmönnum óbærileg, þó að konungur sjálfur hafi boðið gömul kaup og góða vöru í leigumálanum.[2]) Hið lakasta af öllu var þó, að konungsverzlunin sjálf tók hinum ekkert fram, eða þótti jafnvel öllu lakari. Það eitt út af fyrir sig, að lögmaðurinn sjálfur skyldi ýta undir launverzlun í Vestmannaeyjum 1562, hlýtur að vekja grun um, að konungsverzlunin þar í eyjunum hafi eigi verið sem hagstæðust landsmönnum, enda kom það á daginn þegar Símon Surbeck lét af forstöðunni 1582, því árið eftir kærðu eyjaskeggjar nauð sína fyrir höfuðsmanni. Hafði Símon eða umboðsmenn hans í eyjunum þyngt svo kvaðir og gjöld á mönnum, að eyjaskeggjar fengu varla undir risið, og verzlunarhagir voru hinir þungbærustu. Erlend nauðsynjavara var seld rándýrt, en afurðir landsmanna teknar með afföllum, og hótað fjötrum og fangelsi, ef menn reyndu að krækja sér í eitthvert lítilræði hjá Englendingum, sem buðu margt við hægu verði, svo sem færi fyrir 6 fiska,

1) Alþb. Ísl. I, 274–276.
2) Alþb. Ísl. I, 319, 321.

eða jafnvel stundum fyrir eina vetlinga, og annað þessu líkt. Þóttust þeir eigi sjá annað fyrir, en að eyjarnar mundu leggjast í eyði, ef þessu héldi fram.[1])

Það var eigi nema eðlilegt að landsmenn yndi því illa, að útlenda varan hækkaði sífelt í verði jafnframt því að henni hrakaði, en innlendur varningur stæði í stað. Það var að sönnu forn venja hér á landi, að valdsmenn réði kaupsetningu, að minsta kosti í orði kveðnu, en auðvitað hafa þeir eigi séð sér annað fært en að sveigja til um verðið í samráði við kaupmenn. Þetta er ljóst af kaupsetningu Magnúsar prúða frá árunum 1586—88 eða þar um bil.[2]) Sé hún borin saman við kaupsetningar þær, sem gengu hér á landi nokkru fyrir miðja öldina (1530—40),[3]) leynir það sér ekki, að erlendur varningur hefur stigið mjög í verði. Í eldri kaupsetningunum er vintunnan á 3 vættir eða 120 f., en hjá Magnúsi 4 vættir eða 160 f. Mjaðartunnan er í eldri kaupsetningunum á 60 f., en hjá Magnúsi 2 vættir eða 80 f. Mjöltunnan er í eldri kaupsetningunum á 30 f., en hjá Magnúsi á 40 f. Hálfstykki varningsklæðis er í eldri kaupsetningunum á 3 vættir eða 120 f., en hjá Magnúsi 4 vættir eða 160 f. o. s. frv. Með öðrum orðum: útlenda varan hefur á þessum 40—50 árum verið færð fram til þriðjunga (33 %), en innlenda varan stóð í stað. Þess var þó eigi langt að bíða, að kaupsetning Magnúsar væri rofin og varningurinn færður enn meira fram, og nefndi Magnús sjálfur dóm um það að Tungu í Örlygshöfn 11. okt. 1589. Sannaðist þar, að menn höfðu gefið ýmist $1^1/_2$ vætt, 14 fjórðunga eða jafnvel 2 vættir fyrir mjöltunnuna hjá Þjóðverjum, eða alt að því helmingi meira en kaupsetningin greinir.[4]) Í Vest-

1) Alþb. Ísl. II, 32—34.

2) Jón Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Kmh. 1895. Bls. 85—88.

3) Dipl. Isl. IX, 583—584 og X, 587—588.

4) Alþb. Ísl. II, 155—156. Var ályktað með fullu dómsatkvæði, »að enginn kaupi dýrari varnings mjöltunnu en upp á 10 fjórðunga í einkaupi«, svo Magnús hefur hér enn slakað til við kaupmenn, og hækkað hana um 10 fiska frá því sem verið hafði í fyrri kaupsetningunni.

mannaeyjum kostaði mjöltunnan 1583 við sjálfa konungsverzlunina 35 áln. eða 70 f., svo ekki hafa þar boðist betri kjör en annarstaðar.[1]) Þetta háa verðlag og svo hitt, að konungsverzlunin í eyjunum var illa birg að matvöru, svo eyjaskeggjar áttu oft og einatt við þröngan kost að búa, gaf tilefni til þess, að þeir verzluðu í pukri við Englendinga hve nær sem færi gafst, en voru svo auðvitað dregnir fyrir lög og dóm, ef uppvíst varð. Árið 1590 voru nokkrir menn í eyjunum kærðir fyrir verzlun við Englendinga, og báru þeir fyrir sig hungursneyð. Voru þeir dæmdir á alþingi árið eftir í sektir til konungs, ef þeir gæti eigi fært fullar sönnur á, að þeir hefði fyrst beðist bjargar sinnar hjá umboðsmanni og ekki fengið, og því keypt við Englendinga fyrir neyðar sakir.[2]) Þegar tekið var fyrir þessi mök við Englendinga með ströngu eftirliti, fóru skipherrar, bátsmenn og hásetar á sjálfum konungsskipunum að reka launverzlun við eyjaskeggja sér í hag, einkum á nóttunni, og var það þráfaldlega brýnt fyrir umboðsmönnum konungs í eyjunum, að hafa strangar gætur á þessu, og loks var fyrir það tekið með konungsbréfi 8. jan. 1596.[3])

Anmarkar þeir, sem voru á verzlunarhögunum um þessar mundir, koma ljósast fram í erindum Jóns lögmanns til konungs af hálfu landsmanna sumarið 1592, eða öllu heldur í svarbréfi konungs frá 9. maí árið eftir, og eins hitt, hversu konungur sjálfur eða stjórn hans leit á málið. Þar er svo að orði komist um þetta efni:

»Eftir því sem þeir í fimta lagi í allra undirgefnasta máta láta kunngera um þá þvingun, er þar liggur á fátækum almúga, og hvert ár eykst af þeirra þýzku kaupmanna höndlan, einkum af þeim sem sigla til landsins

1) Jón Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Bls. 89 nm.
2) Alþb. Ísl. II, 168 og 207.
3) Kanc. Brevb. 1584--1588 bls. 475--477. 1588--1592 bls. 488--491 og 1593--1596 bls. 575.

með vorum passbréfum, svo að nær fyrnefndir kaupmenn koma í höfn, sem þeirra sjóbréf þar um hljóðar, þá hafa þeir ekki einasta með sér slæma og lítilsverða vöru, sem er landinu til lítils gagns, hverja vöru þeir upp setja upp á hið allra hæsta móti gömlum kaupsetningum og skikkunum og landsins privilegii, og þar með forbjóða með sínum passa öðrum skipum að sigla á aðrar hafnir, enn þó þær liggi langt hver frá annari í sumum sýslum, og ekki álíta, að almúginn hefur langa og mæðusama reisu, sumir 30 eður 40 mílur, og nær þeir þá koma til kaupmannsins, skulu þeir fátæku bændur gefa sína vöru kaupmönnum eftir gömlu kaupi, svo sem frá arilds tíð hefur verið sett og skikkað, eftir því sem kaupmaðurinn vill, og þar á móti taka af kaupmanninum hans vöru svo dýrt sem hann hana setur eður upp á slær, þar fyrir auðmjúklega biðjandi, *að það mætti vera hverjum sem vildi heimilt að sigla til Íslands án passbréfa, og að sigla í hverja höfn sem þeir vilja, eður undir hverjum landsenda þá lystir,* að undanteknum Vestmannaeyjum og þeim brennisteinshöfnum, í hverjar vér látum sigla með vorum skipum. Hvar upp á vér viljum þeim náðuglegt andsvar gefa, að svo margir sem annaðhvort hafa fengið eða hér eftir kunna að fá vor passbréf að sigla í nokkrar hafnir undir fyrnefndu voru landi Íslandi, þá bífalast þeim og skipast í fyrnefndu passbréfi, að þeir skuli flytja góða falslausa vöru og óstraffanlega, og títtnefndum vorum undirsátum með réttri vigt og mælingu selja. En hver sem finst hér í móti að gera, eður hér eftir kann koma, að hann mætti þá nefnast, hvernig hann á móti vorum fyrnefndum passbréfum gert og höndlað hafi, því viljum vér láta sjá þar til, að það skuli aftakast og afleggiast. *En eftir því það kann að finnast landinu og þess innbyggjurum að vera til hins mesta skaða og fordjörfunar, að það skuli vera hverjum manni heimilt að sigla til landsins án*

vorra passbréfa, því kann það í engan máta til að látast eður til vilja gerast.«[1])

Hér er þá í fyrsta skifti kveðið skýrt og skorinort upp úr með það, er síðan var jafnan fram haldið af konungi og stjórn til réttlætingar einokunarstefnunni, að það væri landinu til hins mesta »skaða og fordjörfunar« að leyfa ótakmarkaða sigling á hafnirnar. Menn skyldi nú samt ætla, að hinar sívaxandi kærur af hálfu landsmanna hefði átt að vekja athygli konungs á verzlunarhögunum og aftra því, að hert væri frekar á böndunum en gert hafði verið. En því var sízt að fagna. Verzlunarstéttinni dönsku hafði vaxið talsvert fiskur um hrygg á dögum Friðriks II., og borgirnar tekið allmiklum þroska, einkum Kaupmannahöfn og Helsingjaeyri, enda hafði konungur leitast við að efla þær á allar lundir. Þessari stefnu var síðan fram haldið af stjórnarherrum þeim, sem ríkjum réðu í æsku Kristjáns IV., og þegar hann kom sjálfur til skjalanna árið 1596, var enn þá meiri áherzla lögð á þetta, enda hefur enginn Danakonungur látið sér annara um að auka verzlun þegnanna og efla kaupstaði í ríkjum sínum en einmitt hann. Hallaðist hann þegar í öndverðu að stefnu þeirri í fjárhagsmálum, sem kölluð hefur verið *Merkantilisme* (verzlunarstefnan), og leitaðist við að efla velmegun þegnanna með alls konar einkaleyfum og stjórnarráðstöfunum.[2]) Notaði hann þá aðferð meðal annars til að losa um síðustu klær Hansaverzlunarinnar í ríkjum sínum, og þar á meðal á Íslandi. Gætti hann þess vandlega, að hafa leigufrestinn sem skemstan er hann seldi Þjóðverjum hafnir á leigu á Íslandi, og lét þegna sína jafnan sitja fyrir hafnaleigunni, enda mun það hafa vakað fyrir honum þegar frá öndverðu, að bægja Þjóðverjum algerlega frá íslenzku verzluninni og fela hana þegnum sínum einum, þegar honum þætti tími til kominn. Þess var heldur eigi langt

1) Alþb. Ísl. II, 359--360. M. Ket. Forordn. II, 156- 157. Leturbreytingin er gerð hér og stafsetningu vikið til nýrrar tízku.

2) Danm. Riges Hist. IV, 95--100.

að bíða, að hann léti af því verða. Hinn 9. apríl 1601 ritaði hann borgarstjórum og bæjarstjórn í Málmey og Helsingjaeyri um þann ásetning sinn, að láta þegna sína eina sitja framvegis fyrir íslenzku verzluninni, sem Hamborgarar og aðrir Þjóðverjar hefði rekið að undanförnu með góðum hagnaði, og væri þeir nú að sinni hyggju svo á legg komnir, að þeim væri engin vorkunn að takast þetta á hendur. Skyldi nú hvorir um sig gera tvo menn á fund konungs til að heyra vilja hans um þetta mál, og er það auðsætt af orðalagi bréfsins, að það er konungur sjálfur, sem hefur átt upptökin að þessari nýlundu, en ekki kaupmennirnir.[1]) Má eflaust gera ráð fyrir, að gengið hafi greiðlega saman með konungi og kaupmönnum um þetta mál, því nokkru síðar (24. júlí) tilkynti konungur Hamborgurum þennan ásetning sinn. Vakti það bréf hans afarmikið víl og gremju í Hamborg, og var það sízt að furða, því margir af kaupmönnum þar í borginni höfðu atvinnu sína af íslenzku verzluninni. Ef þetta skyldi verða ofan á, máttu þeir vera við því búnir að snúa sér að öðru, en margir þeirra höfðu reist verzlunarhús á Íslandi og áttu þar allmikið af vörubirgðum og ókröfðum skuldum. Íslandsfarar sneru sér því til ráðsins í Hamborg til þess að fá þessu afstýrt, ef unt væri, og ráðið leitaði aftur samninga við konung, en öll viðleitni þeirra varð árangurslaus.[2]) Konungur sat fastur við sinn keip, og 20. apríl 1602 veitti hann borgurum í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri einkarétt til verzlunar á Íslandi í 12 ár. Gerir konungur þá grein fyrir máli sínu, að hann þykist viss um að erlendir kaupmenn, Hamborgarar, Brimarar, Lybikumenn og aðrir, hafi ábatast mjög á íslenzku verzluninni að undanförnu, en hann telji þegna sína standa

---

1) Kanc. Brevb. 1596--16'2. Bls. 617.

2) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 49. Smbr. Bréf Íslandsfara til ráðsins dags. 28. og 29. okt. 1601. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 19, Rskj.).

nær að njóta þeirra hlunninda, enda sé guði fyrir þakkandi að þeir séu nú orðnir svo efnum búnir, að þeir geti tekist þetta á hendur.[1])

1) Lovsaml. for Isl. I, 139. M. Ket. Forordn. II, 212.

EINOKUNARVERZLUN DANA

(1602—1787)

FYRSTI ÞÁTTUR

VERZLUNARÚTGERÐIN

I.

Borgarar í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri (1602—1619).

Með tilskipuninni 20. apríl 1602 heldur einokunarverzlunin danska innreið sína hér á Íslandi. Undirrót hennar var, sem fyr segir, umhyggja konungs fyrir þegnum sínum í Danmörku. Hann vildi með þessu efla verzlun og velmegun í helztu borgum ríkisins. En það var jafnframt stjórnkænskubragð til að brjóta hið forna Hansaveldi algerlega á bak aftur, því Ísland var ein af síðustu verzlunarstöðvum Hansakaupmanna erlendis. Það er meir en sennilegt, að bæði konungur og stjórn hans hafi verið þeirrar skoðunar, að þessi ráðstöfun mundi jafnframt verða Íslendingum sjálfum fyrir beztu, að þeim yrði betur borgið með þessari tilhögun en þeirri, sem áður var, og í fljótu bragði virðist sú skoðun eiga við talsverð rök að styðjast. Íslendingar höfðu ósjaldan áður fyrri sætt ofbeldi og ránum af hendi útlendra kaupmanna, jafnt Þjóðverja sem annara.[1]) En nú var fyrir það girt, því varla þurfti að óttast, að danskir kaupmenn færi að

1) Þá voru enn í fersku minni ránin miklu í Bæ á Rauðasandi 1579 (Árb. Esp. V, 30—31), og oft höfðu Íslendingar orðið að láta sér lynda úrskurð Þjóðverja á málunum, ef eitthvað bar á milli út af verzluninni. Hinn 23. apr. 1594 ritaði konungur höfuðsmanni sínum á Íslandi og bauð honum að hafa gætur á því, að þýzku kaupmennirnir beitti eigi sektum eða refsingum við þegna konungs á Íslandi, þó að erjur eða stimpingar risi með þeim út af verzluninni. (M. Ket. Forordn. II, 193—195. Smbr. Kanc. Brevb. 1593—1596. Bls. 259.)

rjúfa grið og frið á mönnum. Þá var og öll ástæða til að ætla, að dönsku kaupmennirnir mundu virða meira boð og tilskipanir konungs, en hinir útlendu kaupmenn höfðu gert, og að auðveldara mundi að hafa eftirlit með þeim en öðrum, krefja þá reikningsskapar á ráðsmenskunni og ná sér niðri á þeim, ef út af brygði.

Jafnframt því, að konungur veitti þegnum sínum einkaleyfi til verzlunar á Íslandi, setti hann þeim reglur ýmsar og skilyrði í áðurnefndri tilskipun, og eru þessar helstar: — 1. Kaupmönnum var gert að skyldu að flytja nægan og góðan, falslausan og óspiltan varning, svo sem mjöl, öl, malt, vín, mjöð, brennivín, klæði, léreft og annað, sem landsmenn þarfnist, og selja almenningi það með sanngjörnu og kristilegu verði. Bryti nokkur á móti þessu, skyldi hann svara til saka fyrir konungi. — 2. Kaupmönnum er bannað að leggja verð á varning sinn eftir eigin geðþótta, heldur skyldi þeir fara þar eftir góðri og gamalli landsvenju, og hafa íslenzka stiku og mæli. Ef ágreiningur risi út af kaupunum, átti lögmaður að skera úr þrætunni. Kaupmenn skyldi og reka önnur mál sín fyrir íslenzkum dómstólum, en eigi beita kúgun og gjörræði til að koma vilja sínum fram, og lofar konungur að sjá um, að þeir fái greiðan úrskurð á málum sínum. — 3. Kaupmönnum er gert að skyldu, að sýna höfuðsmanninum hlýðni og auðsveipni, en landsmönnum vinsemd og kurteisi í allri umgengni og viðskiftum. — 4. Eigi skyldi þeir hafa marga verzlunarþjóna í vetrarsetu á Íslandi, svo að almenningur léti eigi tælast til drykkjuskapar eða óþarfra varningskaupa, og máttu þeir eigi skilja eftir nema í hæsta lagi einn eða tvo menn á hverri höfn til að reka erindi sín og gegna þörfum almúgans. — 5. Konungur gerir ráð fyrir því, að siglt verði árlega á 20 hafnir, auk Vestmannaeyja, sem leigðar voru sérstaklega, og skiftir þeim þannig á milli borganna þriggja: *Kaupmannahöfn* skyldi annast verzlun á 6 höfnum (Grindavík, Keflavík, Hafnarfirði, Dýrafirði, Ísafirði og Hofsós),

Málmey átti að hafa 7 hafnir (Rif, Hólminn, Grundarfjörð, Stykkishólm, Patreksfjörð, Vopnafjörð og Berufjörð), og *Helsingjaeyri* aðrar 7 (Stapa, Búðir, Kumbaravog, Spákonufellshöfða, Akureyri, Reyðarfjörð og Eyrarbakka). Ef þörf gerðist skyldi þó siglt á fleiri hafnir. — 6. Ef einhver félli frá af útgerðarmönnum áður en einkaleyfisfresturinn væri útrunninn, skyldi ekkju hans og börnum heimilt að taka við og reka verzlunina áfram í hans stað. — 7. Fyrir þetta einkaleyfi skyldi útgerðarmenn greiða konungi 16 gamla dali árlega af hverri höfn. Skyldi verzlunin koma í þeirra hendur smám saman jafnskjótt og frestur sá rynni út, er þýzkum kaupmönnum væri heimilaður í einkaleyfisbréfum þeirra, og áttu þeir að reka hana til 1614. — Að lokum áskildi konungur sér rétt til að auka við þessa tilskipun nýjum ákvæðum, og breyta þessum, er nú voru talin, ef þörf gerðist.[1])

Það er einkennilegt, að *Vestmannaeyjar* eru ekki nefndar á nafn í tilskipuninni eða taldar með höfnum þeim, sem leigðar voru, enda hafði konungur áður selt þær á leigu með sérstökum samningi og leigumála.[2]) Skyldi leigunautar hafa eyjarnar með öllum sköttum og skyldum og svara konungi ákveðnu gjaldi af vissum tekjum, en óvissum tekjum eftir reikningi, og af verzluninni skyldi þeir árlega greiða konungi 400 dali. Var það miklu hærri leigumáli en annars tíðkaðist, enda fylgdu konungsbátar og önnur hlunnindi með í leigunni. Þessi tilhögun hélzt síðan óbreytt enn um hríð, og áttu eyjaskeggjar að ýmsu leyti við þrengri kost að búa en aðrir þegnar konungs á Íslandi. Oft var þeim bannað af kaupmönnum að flytja nokkuð af varningi sínum til meginlandsins, og það jafnt útróðramönnum sem öðrum, svo að þetta horfði til vandræða um eitt skeið, en á því fekst þó sú tilslökun, að

1) Lovsaml. for Isl. I, 138—143. M. Ket. Forordn. II, 212—218. Á íslenzku í Alþb. Ísl. III, 250--255.

2) Smbr. Kgsbr. 29. okt. 1600. Kanc. Brevb. 1596--1602. Bls. 552.

útróðramönnum var leyft að flytja heim til sín svo mikið af aflanum, er nægja mundi til heimilisþarfa og til að greiða skatta og skyldur til konungs, en heldur ekki meira.[1]) Þegar elzta félagsverzlunin hófst (1620), voru eyjarnir loks með í leigunni, en þó með öðrum og hærri leigumála en aðrar hafnir, og hélzt sú tilhögun langa lengi, eða mestalla þá tíð, er einokunin stóð.

Þegar konungur réðst í þessar breytingar á íslenzku verzluninni, hafði hann einmitt stilt svo til, að siglingaleyfi flestra Þjóðverja var útrunnið, eða því sem næst, svo að þeir gátu eigi kært yfir gjörræði af konungs hálfu í því efni. Þeim höfnum, sem enn voru eigi lausar eftir samningum, fengu Þjóðverjar að halda út leigutímann, en þær voru mjög fáar og skamt að bíða, að fresturinn væri útrunninn.[2]) Hinum öllum veitti konungur tveggja ára frest til að ganga eftir skuldum sínum á Íslandi, en tók þeim vara fyrir að nota þessa ívilnun að yfirvarpi til að reka launverzlun. Út af þessu risu þó brátt erjur og ósamlyndi, því Danir trúðu illa Hamborgurum og grunuðu þá um græsku, og það víst ekki alveg að ástæðulausu. Dönsku kaupmennirnir þóttust hafa komist á snoðir um það veturinn áður en einokunartilskipunin var gefin út, að Hamborgarar ætluðu þá um vorið (1602) að senda skip á hafnir syðra (Straumsvík, Vatnsleysuvík og Bátsanda) til að kaupa upp allan fisk á Suðurnesjum undir því yfirskini, að þeir væri að ganga eftir skuldum sínum, og spilla þannig öllum viðskiftum fyrir Kaupmannahafnarborgurum, sem til stóð að fengi einkarétt á verzlun í Keflavík og Grindavík. Þetta gáfu þeir konungi til vit-

1) Kanc. Brevb. 1603–1608 bls. 683 og 1609–1615 bls. 41. Smbr. M. Ket. Forordn. II, 251–252.

2) 9 hafnir losnuðu árið 1601 og 4 fyrir marzmánaðarlok 1602. Grundarfjörður og Kumbaravogur losnuðu báðir haustið 1602, og Rif og Flatey fyrir kauptíð 1603. Þrjár af aðalhöfnunum losnuðu ekki fyr en eftir kauptíð 1603 (Hafnarfjörður, Vopnafjörður og Eyrarbakki), og sömuleiðis 3 úthafnir (Straumsvík, Vatnsleysuvík og Hvalfjörður). Smbr. Verzeichnis der Isslandischen Hafen vnd zu welcher Zeit die darauf ausgegebne Königliche Verschreibungen expiriren (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 8. Rskjs.)

undar, en hann skrifaði aftur hirðstjóra sínum á Íslandi, Enevold Kruse, 30. marz 1602, og bað hann hafa strangar gætur á, að Hamborgarar ræki enga verzlun á Suðurnesjum, nema að eins í Hafnarfirði, og láta þá sæta ábyrgð, er að því væri staðnir. Enn fremur átti hann stranglega að banna bændum öllum á Suðurnesjum og í Grindavík að selja Hamborgurum fisk sinn eða afurðir, heldur láta Dani sitja fyrir öllum kaupum, því þeir mundu bjóða engu lakari kjör en Hamborgarar. En það sem umfram kynni að verða af framleiðslu bændanna, skyldi þeir mega láta af hendi við Hamborgara upp í skuldir sínar.[1])

Hamborgurum mun hafa þótt þetta hart að gengið, enda var eigi við því að búast, að þeir gerði sig ánægða með að hirða þá mola eina, sem félli af borðum Dana, upp í skuldir sínar á Íslandi, og það því síður, sem leigufrestur þeirra á suðurhöfnunum var enn eigi útrunninn. Þeir verzluðu því fullum fetum á Vatnsleysuströndinni sumarið eftir, þrátt fyrir konungsbréfið, og einn Hamborgari, Jóhann Holtgreven, sem gengið hafði í þjónustu Helsingjaeyrarborgara og ráðist kaupmaður í Spákonufellshöfða, tók sér höfn í Keflavík og síðar á Bátsöndum og spilti þar allri verzlun fyrir Kaupmannahafnarborgurum, en kom aldrei norður í Höfðakaupstað. Þetta kærðu Hafnarbúar, er verzlun ráku í Keflavík og Grindavík, fyrir konungi og kváðust hafa fengið tvö skip sín galtóm heim aftur, eða því sem næst. Konungur ritaði Hamborgurum þegar í stað og bað þá gera grein fyrir máli sínu, en þeir kváðust í engu brotið hafa og báru fyrir sig leyfisbréf konungs sjálfs. Jóhann Holtgreven kannaðist reyndar við, að hann hefði verzlað í óleyfi á suðurhöfnunum, en bar því við, að hann hefði eigi komist í Höfða norður fyrir ís og rekið þessa verzlun syðra eftir beiðni landsmanna sjálfra.[2]) Konungur mun hafa tekið þessar afsakanir gildar

1) Kanc. Brevb. 1596--1602. Bls. 714--715.
2) D. Kanc. Ísl. & Færð. Supplem. 2 nr. 19 (Rskjs.).

og látið hér við sitja, en hann gerði þó nýjar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja að þetta kæmi fyrir aftur. Hann leyfði Hamborgurum að sönnu að gera 3 menn af sinni hálfu til suðurhafnanna vorið 1603 til að krefjast skuldaeftirstöðvanna, en setti jafnframt þau skilyrði, að þeir hefði eigi neitt skip í förum. Skyldi þessir erindrekar taka sér fari með þeim Hamborgarkaupmönnum, sem enn hefði leyfi til að reka verzlun í Hafnarfirði og á Eyrarbakka, og koma slyppir og snauðir til landsins.[1]) Þetta tilkynti konungur höfuðsmanni þá um vorið, og brýndi fyrir honum að hafa strangt eftirlit með þessum kumpánum, því að það væri nú komið upp úr dúrnum, að þeir hefði mjög spilt fyrir verzlun Dana sumarið 1602, eins og grunur hefði á leikið. Skyldi hann nú heimta af þessum erindrekum nákvæma skrá yfir skuldirnar, hvað þeir ætti inni hjá hverjum manni og fyrir hvað, með öðrum orðum sundurliðaða reikninga, og sjá um að þeir fengi ekki meira en þeim bæri, eða hefði með sér peninga til að kaupa meira. En allar þær afurðir, sem þeir fengi upp í skuldir sínar, áttu þeir að láta flytja á annara skipum til útlanda. Þá er og höfuðsmanni falið að grenslast nákvæmlega eftir, hvort eftirlegumenn Hamborgara í Hafnarfirði hafi verzlað nokkuð við Suðurnesinga um veturinn, og draga þá fyrir lög og dóm, ef svo skyldi reynast, og yfir höfuð gæta betur skyldu sinnar í þessu efni, en hann hefði gert sumarið áður. Jafnframt skyldi höfuðsmaður brýna fyrir þýzku kaupmönnunum í Hafnarfirði og víðar, að haga svo verzlun sinni og skuldaheimtum, að þeir gæti skilið við að fullu á þessu ári, því upp þaðan mundi algerlega verða tekið fyrir siglingar þeirra til landsins.[2])

Með þessum og þvílíkum ráðstöfunum var Þjóðverjum gert æ erfiðara fyrir með skuldakröfur sínar, og kvörtuðu

---

1) Kanc. Brevb. 1603–1608. Bls. 21–22.

2) Kgsbr. til Enevold Kruse 17. apr. 1603. (Kanc. Brevb. 1603–1608. Bls. 27–28). Á íslensku í Alþb. Ísl. III, 291–294.

þeir sáran undan því og báru Dönum það á brýn, að þeir hefði fengið íslenzku prestana til að banna mönnum af prédikunarstól að greiða þeim skuldir sínar,[1]) en þetta er eflaust misskilningur, sem sprottinn er af því, að kaupmenn eða konungsmenn hafa hafa látið prestana birta konungsbréf það af prédikunarstól, er áður getur og brýnir fyrir mönnum að láta greiðslur sínar til Dana ganga fyrir skuldum Hamborgara, enda hefur þá og sjálfsagt lítið orðið eftir hjá flestum upp í skuldirnar, því þá gengu harðindi mikil yfir landið hvert árið eftir annað, eins og kunnugt er. Það er því vafalaust rétt hjá Hamborgurum er þeir kvarta yfir, að þeim hafi aldrei tekist að ná inn öllum skuldum sínum á Íslandi, og hefur tregða manna ef til vill meðfram verið sprottin af því, að verzlun þeirra hafði þótt miklu verri upp á síðkastið, en áður hafði tíðkast, eins og ljóst er af mörgum dæmum, og þar á meðal af alþingissamþykt einni frá 1601 um *skuldir útlenzkra*, sem einmitt er gerð þegar að því kom, að Hansakaupmenn færi að ganga eftir skuldum sínum. Þar er sú skipun á gerð, að þeir sem ætti ekki fisk til í skuldirnar, mætti greiða með öðrum varningi, og skyldi 6 fjórð. smjörs, 20 stikur vaðmáls, tvævett naut, 3 sauðir gamlir og 20 sokkapör vera gott og gilt fyrir eitt hundrað (120) fiska hvert um sig, »og þetta fyrir þann skuld«, segir í samþyktinni, »að þýzk vara, áttungar og tunnumál er nú miklu verra en áður verið hefur fyrir 20 árum«.[2]) Langeðlilegast hefði það verið, að dönsku kaupmennirnir hefði keypt skuldirnar af Hamborgurum og krafið þeirra smám saman, og mundu Hamborgarar fegnir hafa gengið að því, eins og vikið er að í bréfi konungs til höfuðsmannsins 21. marz 1603.[3]) En Danir hafa sjálfsagt lítið viljað gefa fyrir þær, og hinir þá eigi kært sig um að taka neinum smánarboðum, enda voru þeir eigi alveg úrkula vonar

1) Smbr. Baash: Islandsfahrt. Bls. 50--51.
2) Alþb. Ísl. III, 215.
3) Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 21.--22.

um, að komast aftur á ný að íslenzku verzluninni. Einn af þýzku kaupmönnunum, Hans Heins, sem rekið hafði verzlun í Hvalfirði, seldi Ólafi Bagga, sem verið hafði um eitt skeið umboðsmaður á Bessastöðum og síðan búið að Nesi við Seltjörn, skuldir sínar á Íslandi fyrir 100 gyllini, en honum gekk afarilla að ná þeim, enda var hann sjálfur fluttur til Málmeyjar og orðinn þar borgari. Árið 1606 fekk hann konungsbréf, er bauð höfuðsmanni að styrkja hann í þessu efni,[1]) en það kom fyrir ekki, því árið 1619 er Ólafur enn í þessu skuldavafstri og fær litla áheyrn. Skrifar hann þá sendiboða konungs Jörgen Wind og ber sig heldur aumlega. Átti hann 1200 fiska skuld að einum manni, Þorkeli Pálmasyni, og hafði fengið Gísla Þórðarson lögmann til að kalla hann fyrir rétt, en ekkert haft upp úr því, því þessi »bófi« mætti ekki, segir Ólafur, og þverneitaði að borga nema hann væri skyldaður til þess með konungsbréfi. Þegar Ólafur fór að krefja sveitunga hans, fekk hann þau svör, að þeir skyldi borga þegar Þorkell borgaði.[2]) Með þessum og þvílíkum dæmum fyrir sér mun dönsku kaupmönnunum ekki hafa þótt árennilegt að kaupa skuldir Hamborgara, sízt við boðlegu verði.

Ein af ástæðunum til þess, að Þjóðverjar gerðu sér eigi meira far um að losna við skuldir sínar á Íslandi jafnvel með talsverðum afföllum, en raun varð á, hefur án efa verið sú, að þeir hafa ætlað að þeir mundu geta notað þær að yfirvarpi til að reka launverzlun hér við land, að minsta kosti á úthöfnunum eða hinum afskektari höfnum, þó að aðalhöfnunum væri lokað fyrir þeim. Eru þess og eigi fá dæmi, að þeir hafi reynt að færa sér þetta í nyt fyrstu árin, þrátt fyrir árvekni konungs og dönsku kaupmannanna. Þannig ráku Hamborgarar passalaust verzlun sumarið 1602 bæði í Höfðakaupstað fyrir norðan

1) M. Ket. Forordn. II, 226--227. Smbr. Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 422--423.
2) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583--1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119. (Rskjs.). Eftirrit í hdrs. J. Sig. 374, 4to.

og eins í Bolungarvík og Dýrafirði vestra. Í Höfðakaupstað var þá engin dönsk sigling, sem fyr segir, svo ætla má að Húnvetningar hafi gripið fegins hendi við þessu tækifæri, og að líkindum einnig Vestfirðingar, því bóndi einn í Bolungarvik, Sæmundur Árnason, leyfði Hamborgurum uppsátur og alla hentisemi á lóð sinni. Þegar konungur komst á snoðir um þetta, ritaði hann höfuðsmanni og bauð honum að hafa strangar gætur á þessu. Skyldi hann taka umsvifalaust skip og góz allra erlendra kaupmanna, er ræki launverzlun á Íslandi, og senda þá sjálfa til Kaupmannahafnar undir rannsak og refsingu, en draga Sæmund bónda fyrir lög og dóm, ef honum þætti ástæða til.[1]) Árið eftir (1603) var Björn Salefeldt dreginn fyrir lög og dóm og sakaður um að hafa rekið verzlun í Rifi og víðar á Snæfellsnesi með bræðrum sínum í 3 undanfarin ár, án alls leyfis, og var hús þeirra og góz í Rifi dæmt konungi til handa.[2]) Birni þótti þetta harðir kostir og stefndi Jóni lögmanni, sem einarðlegast hafði gengið fram í að hremma fjármuni hans, til andsvara fyrir konungi, en hann fór hvergi, og náði Björn engri leiðréttíng á málinu. Bar hann sig mjög illa út af þessu og kvaðst hafa átt fisk geymdan í ýmsum veiðistöðum vestra, sem hann hefði fengið upp í skuldir sínar, en allur hefði hann lent í klónum á Jóni lögmanni; væri honum þó nær að hafa gætur á enskum launverzlunarþrjótum í Rifi, en að beita sig ofriki og ójöfnuði, en í stað þess hefði lögmaður sjálfur verzlað fullum fetum við Englendinga sumarið 1602. Hinn 12. marz 1604 skrifuðu Íslandsfarar í Hamborg ráðinu og kvörtuðu um, að þeir næði litlu inn af skuldum sínum á Íslandi, meðal annars af þeirri ástæðu, að þeir mætti ekki fara heim á bæina til að krefja bændur, en sumir nýttu sér það til að skjóta sér undan skuldunum.[3]) Árið

---

1) Kgsbr. 17. april 1603. Kanc. Brevb. 1603-1603. Bls. 28--29. Smbr. Alþb. Ísl. III, 294--295.

2) Alþb. Ísl. III, 272--273.

3) D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 19 (Rskjs.).

1604 þóttist konungur hafa orðið þess áskynja, að Hamborgarkaupmaður einn ætlaði þá um sumarið að gera út skip til Íslands og reka verzlun á Patreksfirði og Bíldudal.[1]) Gerði hann Málmeyjarborgurum viðvart um það og skyldaði þá til að koma í veg fyrir þetta, með því að þeir hefði einkaleyfi fyrir þessum höfnum, en að öðrum kosti kvaðst hann verða að taka til sinna ráða og láta þá sæta ábyrgð fyrir.[2]) Bendir það heldur til þess, að konungur hafi grunað Málmeyinga um einhver verzlunarmök við Hamborgara. Hinn 14. apríl 1604 ritar konungur enn höfuðsmanni og segir, að þegnar sínir í Kaupmannahöfn sé mjög hræddir um að Hamborgarar og aðrir útlendingar muni halda áfram verzlun sinni hér við land, eins og þeir hafi gert á undanförnum árum, og biður hann að gera upptæk öll skip þeirra, er hann geti til náð, því það sé fullkominn ásetningur sinn að leyfa Hamborgurum enga verzlun á Íslandi upp frá þessum degi, en höfuðsmaður verði sjálfur látinn sæta ábyrgð fyrir, ef hann gæti eigi skyldu sinnar í þessu efni.[3]) Að lokum lét konungur það boð út ganga 24. apríl 1608, að rífa skyldi öll hús Þjóðverja á Íslandi og verja timbrinu til viðhalds kirkjum, ef nýtilegt væri.[4]) Hefur hann með þessu sjálfsagt viljað gefa það í skyn, að Hamborgarar þyrfti eigi framar að gera sér neina von um að fá aftur verzlunarleyfi hér á landi. Árið 1611 gerðu þó Íslandsfarar í Ham-

1) »Billesöen« stendur í bréfinu og er það líklega misritað fyrir »Billesöer« = Bildudalseyri.

2) Kanc. Brevb. 1603–1608. Bls. 146.

3) M. Ket. Forordn. II, 219--221. Smbr. Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 147--148. Hinn 30. marz 1605 skrifaði konungur Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og kvaðst hafa orðið þess áskynja af bréfum hans nokkrum, er hann hefði fengið að sjá, og eins af munnlegum frásögnum, að biskup væri að vasast í ýmsum veraldarstörfum, svo sem verzlun og aðflutningum til landsins, og væri það tæplega samboðið yfirmanni kirkjunnar. Þykist konungur hafa fylstu ástæðu til að lögsækja biskup og refsa honum fyrir þetta athæfi, en kveðst þó að þessu sinni ætla að sjá í gegnum fingur við hann, gegn því að hann láti slíkt eigi koma fyrir oftar, en að öðrum kosti megi hann vera við öllu búinn. (Kanc. Brevb. 1603--1608 bls. 270). Nú var af sú tíðin, að biskuparnir hefði sjálfir skip í förum, og fekk Guðbrandur að kenna á því.

4) M. Ket. Forordn. II, 244. Smbr. Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 672.

borg enn eina tilraun til að fá einkaleyfi Dana hrundið, en það var ekki nærri því komandi.[1])

Hamborgarar urðu að sætta sig við þessi kjör, en þrátt fyrir það mistu þeir þó eigi alveg tangarhaldið af íslenzku verzluninni. Þeir sáu ráð til að bjarga nokkru af hagnaðinum, þó að eigi væri þeim leyft að reka verzlun opinskátt í eigin nafni á íslenzkum höfnum. Konungur hafði látið mikið yfir því í einokunartilskipuninni frá 1602, að þegnar sínir væri svo á legg komnir í efnalegu tilliti, að þeir gæti staðið straum af íslenzku verzluninni og þyrfti eigi að vera upp á aðra komnir, en þetta var ofmælt. Þeir urðu að fá ýmsar af vörum sínum frá Þýzkalandi, voru þar á ofan í skipahraki og flestir allsendis ókunnir íslenzkum verzlunarháttum. Þegar á reyndi urðu þeir því að vera upp á aðra komnir í þessum efnum, og leituðu þá fyrst og fremst til Hamborgara, því þeir höfðu nægan skipastól og farmenn þeirra voru nákunnugir leiðum og legum á Íslandi og þaulæfðir í öllum viðskiftum við landsmenn. Dönsku einokunarkaupmennirnir leituðu því alloftast samninga við Hamborgara eða Þjóðverja yfirleitt um skipaútgerð til Íslands,[2]) og héldust þaðan siglingar beint til Íslands fram undir 1620, eins og ljóst er af skipaskrám frá þessu tímabili. Árið 1610 gengu 5 skip frá Hamborg til Íslands, árið 1611 gengu 6 skip, árið

---

1) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 51.

2) Af Kgsbr. 25. apr. 1608 er það ljóst, að bæði Málmeyingar og Helsingjaeyrarkaupmenn hafa fyrst í stað fengið ýmsar af vörum sínum frá Hamborg og falið Þjóðverjum verzlunarrekstur á Íslandi af sinni hálfu. Þar segir svo m. a.: »Kongen har bragt i Erfaring, at de, hvem han blandt andre har bevilget at besejle Island og bruge deres Handtering der med Köb og Salg, i nogle Aar have brugt den Skik at sende Indbyggerne paa Island daarligt og forlagt Hamborgermel og surt og forskalet (dovent) Tysköl. Det har dog ikke været Hensigten med Kongens Overdragelse af Handelen paa Island til hans egne Undersaatter, hvis Gavn og Bedste han altid i höjeste Grad bestræber sig for at ramme, at de skulde hente nogle fremmede og forskalede Varer fra Hamborg og andre Steder og dermed besvære Indbyggerne paa Island, meget mindre at de, som det ikke er ubekendt at de göre, skulde bruge udlændiske og fremmede Folk, Hamborgere eller andre, til under deres Navn at udföre Handelen, som Skippere, Köbmænd eller lignende Bestillingsmænd, ligesom tidligere muligvis til större Profit for disse end for dem selv.« (Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 673).

1612 gengu 8 skip og árið 1613 gengu 10 skip. Upp frá því fara þessar beinu skipagöngur minkandi, enda reyndi konungur að girða fyrir þær með tilskip. 28. apr. 1614, er hann framlengdi einkaleyfi dönsku kaupmannanna. Lagði hann þar ríkt á við þá, að hafa dönsk skip í förum til Íslands, svo að útlendingar fleyti eigi lengur sjómann af verzlunarútgerðinni, eins og hingað til hafi átt sér stað.[1]) Enn þá eimdi þó eftir af bessu, því árið 1615 gengu 5 skip frá Hamborg til Íslands, en úr því mjög fá næstu 3 árin og alls ekkert 1619—20. Konungur hafði þá séð við lekanum og sett undir hann með tilskip. 16. des. 1619. Er þar boðið í 22. gr., að öll útgerð til Íslands skuli hér eftir rekin frá Kaupmannahöfn og engum öðrum stað, og í 23. gr. er kaupmönnum gert að skyldu að afla sér svo margra skipa innan 5 ára, að nægi til útgerðarinnar.[2]) Var þá endi bundinn á þessa hlutdeild Hamborgara, þótt eigi væri að sönnu alveg fyrir það girt, að konungsleyfi fengist til útgerðar frá Hamborg eða öðrum verzlunarstöðum erlendis í ítrustu nauðsyn.[3]) Það má geta því nærri, hvort Þjóðverjar hafa ekki notað sér þessa útgerð og siglingar til þess að fara á bak við lögin og reka launverzlun fyrir sjálfa sig, ekki sízt þar sem svo var háttað ráðningu skipshafna um þær mundir, að eigi var áskilið nema örlítið kaup, en aftur á móti flutningshagræði eða leyfi til að ferma nokkurn hluta skips með eigin varningi, og var það stundum alt að fjórðungi farms eða meira. Þetta kemur berlega fram í athugasemdum nokkrum um Íslandsverzlunina frá 1613 eða þar um bil, og stafa þær vafalaust frá einhverjum manni úr stjórninni eða handgengnum henni. Þar segir meðal annars, að Brimarar hafi í 2 ár siglt á Grindavíkurhöfn og hafi enginn danskur maður verið á skipinu, en Lybikumenn sigli á Stapa og Kumbaravog og eigi helming farmsins undir því yfirskini, að

1) Lovsaml. for Isl. I, 175.
2) Lovsaml. for Isl. I, 197--198.
3) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 51--53.

það sé flutningsvara (Föring) skipshafnarinnar. Um þær mundir sigldu Lybikumenn á Rifshöfn og Grundarfjörð, Hólminn og Eyrarbakka. Árið 1612 sigldu Brimarar á Stykkishólm, án þess að nokkur danskur maður væri á skipinu, og gáfu þeir út bréf og reikninga í sínu nafni. Hét sá Jakob Bremer, borgari í Málmey, sem átti að sjá um útgerð á þessa höfn, en var þá orðinn efnalítill, ef ekki gjaldþrota, svo hann hefur fengið aðra til að hlaupa undir bagga með sér, og snúið sér í því efni til Brimara, enda bendir nafn hans til þess, að hann hafi verið ættaður frá Brimum eða að minsta kosti rekið verzlun til Brimaborgar.[1]) Svona var á marga lund brotið í bág við lögin.

Eigi kvað minna að skipagöngum frá Íslandi til Hamborgar, en frá Hamborg til Íslands, á fyrstu áratugum 17. aldarinnar, þó að konungur ætlaðist til að þessar beinu samgöngur legðist niður. Það var heldur eigi við öðru að búast, en að þær héldi áfram langa hríð, því þá var í Hamborg og hafði lengi verið beztur markaður fyrir íslenzkar afurðir, en að sama skapi lítill í Kaupmannahöfn, enda stóð hún eigi í beinu verzlunarsambandi við miðveldi álfunnar, eins og Hamborg gerði. Eftir skipaskrám að dæma voru miklar siglingar af Íslandi beint til Hamborgar á fyrstu áratugum 17. aldarinnar eins og ljóst er af ágripi því, sem á eftir fer:

Árið	1602	gengu	6	skip	af	Íslandi	til	Hamborgar
—	1604	—	14	—	-	—	-	—
—	1606	—	7	—	-	—	-	—
—	1607	—	12	—	-	—	-	—
—	1609	—	12	—	-	—	-	—
—	1611	—	13	—	-	—	-	—
—	1612	—	16	—	-	—	-	—

1) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583--1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.). Eftirrit í hdrs. J. Sig. 374, 4to.

Árið 1615 gengu 18 skip af Íslandi til Hamborgar
— 1617 — 21 — - — - —
— 1620 — 7 — - — - —
— 1622 — 12 — - — - —
— 1623 — 2 — - — - —[1])

Skrár þessar eru þó eigi sem ábyggilegastar, og eflaust eitthvað vantalið, svo að skipagengdin hefur eigi verið neitt smáræði og farið stöðugt vaxandi ár frá ári eftir 1606. Má eflaust gera ráð fyrir, að konungi hafi þótt þetta iskyggilegt og leitað ýmsra bragða til að koma í veg fyrir það, en eigi sá hann sér þó fært að hefta útflutninga að svo stöddu, heldur að eins að takmarka þá. Þetta gerði hann með tilskip. 16. des. 1619, því þar er boðið í 24. gr., að helmingur af öllum íslenzkum varningi að minsta kosti skuli ganga beint til Kaupmannahafnar.[2]) Sama ár gerði konungur Friðrik Friis höfuðsmanni að skyldu í erindisbréfi því, er honum var í hendur fengið, að flytja öll afgjöld af landinu til Kaupmannahafnar, bæði fisk og annað, og bannar honum að selja þau annarstaðar, og sömu skilyrði eru sett í erindisbréfi Holgers Rosenkrans frá 1620.[3]) Þetta var þó ýmsum anmörkum bundið, og hugkvæmdist þá konungi nýtt ráð til að draga arðinn úr höndum Hamborgara, en ráðið var það, að setja á stofn eins konar útsölustöð fyrir íslenzkar afurðir í Glückstað. Þetta gerði hann með sérstökum tilskip. 8. febr. og 22. ág. 1623, og var Glückstaður upp frá því eins konar vörubúr Íslandsverzlunarinnar, eins og Björgvin hafði verið á 14. öldinni og Hamborg á 16. öldinni. Tók þá að mestu fyrir beinar siglingar frá Íslandi til Hamborgar, og þótt farið væri nokkuð í kring um þetta fyrsta kastið með því að flytja vörurnar frá Glückstað til Hamborgar og selja þar, þá tókst samt Kristjáni IV. með

1) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 48.
2) Lovsaml. for Isl. I, 198.
3) Hdrs. J. Sig. 374, 4to.

þessum ráðstöfunum að brjóta Íslandsverzlun Hamborgara á bak aftur og tryggja þegnum sínum í Danmörku allan eða mestallan arðinn af henni.[1])

Það er af ýmsum atvikum ljóst, að viðskifti Íslendinga og einokunarkaupmannanna dönsku hafa þegar frá öndverðu verið með stirðara móti. Það er áður að því vikið, að verzlun Hamborgara hafi farið síversnandi í lok 16. aldarinnar bæði að vörugæðum og vöruverði, og höfðu dönsku kaupmennirnir þó eigi tekið þeim fram að neinu leyti. Þegar Danir tóku við að fullu árið 1602, höguðu þeir verzlun sinni eins og tíðkast hafði fyrir aldamótin, eða buðu þó öllu heldur lakari kjör, enda bryddi þegar á megnri óánægju af hálfu Íslendinga, þó að eigi væri kveðið upp úr með það fyr en á þriðja ári. Það var Þórður Guðmundsson, lögmaður sunnan og austan á Íslandi, sem reið á vaðið og hvatti menn til að hreyfa kærum sínum einarðlega og opinskátt, ef nokkrar væri, sem hann þóttist hafa heyrt ávæning af, og mundi auðveldara að fá leiðrétting á þessu fyr en síðar. Ritaði hann almúga á Suðurnesjum og í Grindavík um þetta haustið 1603 og skoraði á menn að hefjast handa. »Þykir mér ráð,« segir hann, »að þér takið vitnisburði frómra dugandis manna, hvernig þeir hafa höndlað þessi tvö sumur og vetur, sem þeir hafa hingað siglingu náð, skjallega skrifað og innsiglað minst af 6 mönnum úr hverjum hrepp, og svo fyrir hugsa, að þetta muni lengra komast.« Hét hann þeim styrk og stoð af sinni hálfu eftir því sem unt væri.[2]) Þetta bréf lögmanns hefur auðsjáanlega borið góðan árangur, því vorið 1604 bárust höfuðsmanni kærur víðs vegar að yfir harðindum og verzlunaránauð, en hann kom eigi út það sumar, svo að landsmenn neyddust til að skrifa honum alvarlegt bréf af alþingi um að styrkja þá eftir skyldu sinni til að ná viðrétting af hallæri því

1) Tidskr. for Fiskeri III, 230. Baasch: Islandsfahrt. Bls. 55—56.
2) Alþb. Ísl. III, 309—310.

og verzlunaránauð, er yfir gengi, og er auðsætt, að Þórður lögmaður hefur stýrt pennanum. Er Kaupmannahafnarborgurum sérstaklega gefið það að sök, að þeir hafi flutt mikils til of lítið af nauðsynjavöru til landsins, svo sem skipavið, árum, járni og tjöru, og haldi henni í svo háu verði, að menn orki alls eigi að kaupa. Er því skorað á höfuðsmanninn að sjá um, að bréf konungs um verzlunina sé haldið í öllum greinum, og að ógna og hóta þeim alvarlegri refsingu, sem ekki vilja láta sér segjast, því eftir bréfinu eigi þeir að svara til saka fyrir konungi. »Nú eruð þér í hans stað hér settir,« segir að lokum, »og hljótum vér það fyrir yður að klaga, því hvernig formeigum vér í Danmörk að komast með óbærilegum kostnaði, svoddan eymd og hallæri, sem á oss liggur. Gjörið því fyrir guðs skuld, yðar embættis og þeirrar landstjórnar nauðsynja vegna, álítið vora neyð, og finnið gott ráð, að slíkur ásetningur kaupskaparins fái ekki framgang, annars fordjarfast þetta land, sem áður er sagt.«[1]) Jafnframt þessu rituðu Íslendingar bænarskrá til konungs sjálfs, er fór í sömu átt. Létu þeir þess getið í henni, að verzlunin hefði verið svona óhagstæð ávalt síðan Danir tóku við henni, og kendu því um að nokkru leyti, að kaupmenn þeirra væri ókunnir högum og háttum landsmanna, og vissi því eigi hvað bezt hentaði, eða hve mikið þyrfti að flytja til landsins af hverri vörutegund, svo að allar hafnir væri nægilega birgar.[2])

Það lítur út fyrir, að Íslendingar hafi eigi látið sér nægja að kæra atferli kaupmanna, heldur jafnframt á sumum höfnum gripið til sinna ráða og látið hart mæta hörðu, því kaupmenn á Eyrarbakka kærðu það fyrir konungi haustið 1604, að bændurnir úr sveitunum hefði oft og einatt ráðist á verzlunarþjónana í kauptíðinni og beitt ofríki við þá, og óttuðust þeir framhald á því, ef

1) Safn t. s. Ísl. II, 235—237. Smbr. Alþb. Ísl. III, 344—347.
2) Safn t. s. Ísl. II, 233—235. Smbr. Alþb. Ísl. III, 342—344.

eigi væri tekið í strenginn. Konungur brást vel við og bauð höfuðsmanni og valdsmönnum á Íslandi að koma í veg fyrir þetta framvegis.[1]) Á næstu árum gekk sífelt á kærum og klögumálum bæði af kaupmanna hálfu og landsmanna, og voru mörg bréf út gefin af konungi til að leiðrétta misfellurnar. Kaupmenn stóðu þar auðvitað miklu betur að vígi, því þeir voru jafnan við höndina til að túlka mál sitt við konung, en Íslendingar áttu þar engan málsvara, að undanteknum höfuðsmönnunum, sem hölluðust fult eins oft á sveif með kaupmönnum. Eigi verður þó með sanni sagt, að konungur hafi að jafnaði dautheyrst við bænum landsmanna. Hann tók kærur þeirra oft og einatt til greina, þegar hann var búinn að kynna sér málavöxtu, en stundum gátu kaupmenn hrundið þeim með rökum. Annars eru kærurnar að öllum jafnaði fremur smávægilegar á báða bóga, og eiga við einstök atvik, sem oft og einatt geta að borið í verzlun og viðskiftum manna á meðal, eigi sízt með slíkri verzlunartilhögun. Kaupmenn kærðu meðal annal annars yfir því, að Íslendingar tregðuðust við að greiða skuldir sínar, og fengu konung til að skerast í leikinn,[2]) en landsmenn kærðu það aftur á móti, að sumir af kaupmönnum þeim, sem í förum væri, fengi íslenzkar afurðir til láns hjá sér, gegn því að greiða höfuðsmanni andvirðið í Kaupmannahöfn upp í gjöld þeirra til konungs, en þegar til kæmi vildi útgerðarmennirnir sjálfir ekki kannast við ávísanir þeirra, heldur synjuðu greiðslu undir því yfirskyni, að kaupmennirnir hefði gert þetta að sér fornspurðum og hlaupist síðan úr vistinni.[3]) Eins og allir sjá er hér að eins um sérstök og fátíð atvik að ræða. Þá kærðu kaupmenn einnig yfir því, að Íslendingar vönduðu illa vöru sína, bæði prjónles og annað,[4]) en Íslendingar svöruðu

1) Kgsbr. 1. marz 1605. Kanc. Brevb. 1603—1608. Bls. 253—254.
2) Smbr. Kgsbr. 7. maí 1605. Kanc. Brevb. 1603—1608. Bls. 288.
3) Smbr. Kgsbr. 14. apríl 1607. Kanc. Brevb. 1603—1608. Bls. 554—555.
4) Smbr. Dóm um duggarasokka 1606 (Lbs. 63, 4to bls. 406) og Kgsbr. um fiskverkun 13. maí 1608 (Kanc. Brevb. 1603—1608 bls. 683.)

með ítrekaðri kæru um timbureklu, og báru kaupmönnum það á brýn, að þeir flytti eldgamla og óhæfa úrgangsvöru frá Hamborg, bæði mjöl og annað, og seldi það við ránverði á Íslandi. Þetta virðist hafa fallið í góðan jarðveg hjá konungi, því honum var sárt um innlendar (danskar) afurðir og metnað þegna sinna, og hafði skömm á öllum mökum þeirra við Hamborgara, enda ritaði hann kaupmönnum strangt bréf í tilefni af þessu, og segir að ilt sé til þess að vita, að þeir skuli hirða hratið frá Þjóðverjum og láta þá annast fyrir sig aðflutninga til Íslands þvert ofan í verzlunartilskipunina, sem hafi einmitt stefnt að því að brjóta verzlun Hamborgara á bak aftur og greiða fyrir sölu á innlendum afurðum, og megi þeir eiga von á því að hann taki til sinna ráða, ef þessu haldi áfram.[1])

Svona gengu klögumálin á víxl, og mátti um hríð eigi á milli sjá. Íslendingar báru sig illa út af ókjörunum og yfirgangi verzlunarþjónanna, en kaupmenn sökuðu þá aftur á móti um launverzlun og mök við útlendar þjóðir. Þegar fram liðu stundir urðu þó kærurnar enn ákveðnari og aumlegri af Íslendinga hálfu, og voru sumar þeirra þannig vaxnar, að eigi varð bót mælt af kaupmanna hálfu. Árið 1612 sendu Þingeyingar kæruskjal til konungs og báru sig heldur illa, enda hafði þá í full 30 ár engin sigling komið á Húsavík, svo Þingeyingar urðu að sækja alla verzlun sína til Eyjafjarðar eða Vopnafjarðar, en fengu sjaldnast nema örlítið brot af öllum þeim nauðsynjum, er þá vanhagaði um, því skip þau, er gengu á þessar tvær hafnir, nægðu varla til að birgja næstu sveitir, hvað þá heldur meira; hinir, sem fjær bjuggu, urðu jafnan að sitja á hakanum. Auk þess voru vörurnar slæmar og verðið tvöfalt eða þrefalt við það, sem áður hafði tíðkast. Fyrrum hafði jafnan verið siglt á Húsavík, og þangað höfðu auðvitað Þingeyingar flestir sótt verzlun sína, en nú þykjast

1) Smbr. Kgsbr. til kaupmanna 24. og 25. apr. 1608. Kanc. Brevb. 1603—1608. Bls. 672—673. M. Ket. Forordn. II, 245—246.

þeir sjá auðn og örbirgð fyrir dyrum um alla sýsluna, ef þessu haldi áfram.[1]) Árið eftir (1613) sendu allir valdsmenn konungs fyrir norðan land svipaða kæru yfir verzluninni, og mun Jón lögmaður Sigurðsson hafa gengist fyrir henni, því hann stendur þar efstur á blaði. Þykir þeim mikið á skorta, að nægileg sigling komi á norðurhafnirnar, því eigi gangi þar nema 3 skip, eitt í Eyjafjörð, eitt í Hofsós og eitt í Höfðakaupstað, og sé það mikils til of lítið, enda hafi jafnan áður fyrri gengið 5 skip fyrir norðan land og ekki veitt af. Segja þeir að neyð og hungur vofi yfir Norðurlandi með þessu háttalagi, ef nokkuð beri út af, enda sé auk þess verzlunin að öllu leyti óbærileg, nauðsynjar mjög af skornum skamti og útlenda varan oft og einatt svikin og skemd, en þó rándýr. Vilja þeir fá leiðréttíng á þessu og láta taka upp aftur sigling á Hrútafjörð og Húsavík, svo að bændur úr þeim sveitum þurfi ekki að fara óraveg í kaupstað, og stundum erindisleysu þar á ofan. Ef eigi sé unt að fá þessu framgengt, þá mælast þeir til þess við konung, *að hann leysi öll verzlunarbönd á norðurhöfnunum og leyfi hverjum sem vera skal sigling þangað, og komi í einn stað niður, hverrar þjóðar þeir sé, hvort heldur danskir, norskir, þýzkir eða enskir.*[2])

Íslendingar sættu færi til að hreyfa þessum kærum sínum og kröfum þegar mestar líkur voru til, að þær yrði teknar til greina, en það var einmitt árið eftir (1614), þegar einkaleyfisfrestur kaupmanna var útrunninn. En hafi þeir í raun og veru gert sér nokkrar vonir um, að slakað yrði á verzlunarböndunum, þá brugðust þær algerlega, því

1) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Isl. & Færö. Skab. 14, 119 (Rskjs.). Eftirrit í hdrs. J. Sig. 374, 4to. Ef til vill er þó kæra þessi frá 1613.

2) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.). Eftirrit í hdrs. J. Sig. 374, 4to. Guðbrandur biskup ritaði eigi undir þessa bænarskrá, en sendi utan sérstakt skrif á latínu um íslenzku verzlunina (Historica instructio de navigatione et mercimoniorum commutatione cum Islandis veteri et nova consvetudine habita), og er það prentað í Kirkjusögu Finns biskups III, 420 - 421.

ekkert var konungi fjær skapi, en að hverfa frá einokunarstefnunni. Hann kannast að sönnu við það í einkaleyfisbréfi sínu 28. apríl 1614, að ýmsar kærur hafi borist út af verzluninni, en framlengir þó »af sérstakri náð og hylli« einkarétt borganna þriggja um 11 ár, eða til jafnlengdar 1625. Því verður þó eigi neitað, að konungur gerir sér enn meir en áður far um, að brýna fyrir kaupmönnum að gæta allrar réttsýni í verzlun sinni og viðskiftum við landsmenn, svo að eigi þurfi að ganga á þessum sífeldu klögumálum. Þá er og verzlun tekin upp á Húsavík og kaupmönnum stranglega boðið að sjá landinu fyrir nægum birgðum af nauðsynjavöru, og selja hana við sanngjörnu verði og eftir réttri vog og mæli, en harðlega bannað að flytja til landsins úrgangsvarning eða óþverra.[1]) Það verður því eigi með sanni sagt, að konungur hafi með öllu daufheyrst við kærunum, en meinið var það, að hann lét í flestum greinum sitja við orðin tóm. Óðar en staðfesting var fengin á einkaleyfinu, sótti alt í sama horfið og áður, og kaupmenn héldu í öllum greinum uppteknum hætti sínum. Það lítur út fyrir, að Íslendingar hafi farið að trénast upp á kærunum þegar þeir komust að raun um, að svo lítið vanst á, og hafi heldur viljað reyna hina leiðina, að beita fyrir sig landslögunum og dómsvaldinu, og sjá til hvort það gæfist eigi betur. Vorið 1615 kærðu hreppstjórar og helztu bændur í Ísafjarðarsýslu nauðsynjar sínar fyrir Ara sýslumanni í Ögri, syni Magnúsar prúða. Kvarta þeir yfir því, að kaupmenn flytji svikna vöru og selji hana þó með okri og afarkostum, en felli varning landsmanna niður úr öllu valdi, og eftir því sé viðmótið við bændur í kaupstaðnum. Undir þetta tóku prestarnir í Ísafjarðarsýslu með sérstöku bréfi. Ari sýslumaður brást vel við og nefndi dóm um málið að Hóli í Bolungarvík og tók allar kærur sýslubúa til greina. Var sá úrskurður hans að lokum, að þeim kaupmönnum, sem eigi vildi

1) Lovsaml. for Isl. I, 173--177. Smbr. M. Ket. Forordn. II, 252--259.

bæta það þeir bryti á móti lögum og konungsbréfum, skyldi fyrirboðinn kaupskapur eftir Piningsdómi. Jafnframt þessu tók Ari saman kaupsetningu, er allir skyldi haga sér eftir þar um slóðir, og var hún nokkuð á annan veg en tíðkast hafði hjá kaupmönnum þá um hríð.[1]) Sömu skil gerði Björn sýslumaður, bróðir Ara í Ögri, kaupmönnum í Barðastrandarsýslu (á Vatneyri og Bíldudalseyri) þá um vorið.[2]) Höfðingjar syðra létu heldur eigi sitt eftir liggja, því 24. maí 1615 nefndi Gísli lögmaður Hákonarson 12 menn í dóm á Þingskálaþingi »til að dæma, úr að skera og fulla grein á að gera um þá almennilegu eymdar klögun, er fátækur almúgi hér í sýslu hefur dóms og leiðréttingar á beðist, um kaupskap og höndlun danskra manna hér í landi, hver þeim þykir sér nú of þungur, ómögulegur og ólíðanlegur, vegna margvíslegra álagna og tilfellna, er nú yfir standa og staðið hafa, eigi síður í þessari sýslu en annarstaðar.« Eru kærurnar þar hinar sömu og vestra: að menn fengi eigi náð gömlum kaupum, heldur væri öll útlenzk vara dýrarari en að fornu, og þó að öllum kosti verri en áður, en íslenzk vara seldist með miklum afföllum. Enn fremur er kvartað um skort á nauðsynjavöru, svikinn og falsaðan varning og óráðvendni í útlátum, og dæmdar sektir og refsingar við þessu öllu saman og kaupmönnum gert að skyldu að halda sér við fornar kaupsetningar.[3]) Það er enginn vafi á því, að þessir dómar voru í fullu samræmi við landslögin og verzlunartilskipunina, en sá tími var nú löngu um garð genginn, að landsmenn fengi sjálfir ráðið nokkru um verzlunina, ef það fór í bág við það sem

1) Bréfa- og dómabók 1297—1619 með hendi sr. Jóns Erlendssonar í Villingaholti (Lbs. 67, 4to).

2) Dómabók með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar bls. 78—79. (Þjskjs.) Dr. Jón Þorkelsson skjalav. hefur bent mér á þennan dóm.

3) Hdrs. J. Sig. 374. 4to. Það er nærri auðsætt af þessum dómum, sem allir eru mjög áþekkir og stefna í líka átt, að höfðingjar hafa tekið ráð sín saman á alþingi 1614 um að beita þessari aðferð til að fá bót ráðna á verzlunarhögunum, ef unt væri.

kaupmenn vildu vera láta. Þóttu það hin mestu firn og fjarstæða, að landsmenn skyldi sjálfir vilja ráða verði á útlendum varningi, og fengu kaupmenn talið svo um fyrir konungi, að hann skarst í leikinn og gaf sjálfur út kaupsetningu 16. des. 1619, sem fór að mestu eftir því sem kaupmenn vildu. —

Þegar Danir tóku að fullu við íslenzku verzluninni 1602, voru þeir enn skamt á veg komnir í verzlunarframkvæmdum og tæplega vaxnir útgerðinni, þó að konungur léti annað á sér heyra. Þetta lýsir sér glögt í því, að konungur skyldi þurfa að fela þrem helztu borgunum í ríki sínu verzlunarreksturinn, og urðu kaupmenn þó lengi vel að vera upp á aðra komnir í siglingunum. Enn þá betri sönnun þess, hve alt var þá í smáum stíl hjá verzlunarstéttinni dönsku, er það, að einkaleyfishafar skiftu þannig með sér útgerðinni, að margir voru í samlögum um útgerðina á hverri höfn. Kaupmannahafnarborgarar sigldu í öndverðu á 6 hafnir, sem fyr segir, Hofsós, Grindavík, Hafnarfjörð, Keflavík, Dýrafjörð og Ísafjörð, og var útgerðinni svo háttað, að 3 kaupmenn voru í samlögum um verzlunina á Hofsós, 4 um verzlunina í Hafnarfirði, 8 um verzlunina í Keflavík og 9 um verzlunina á Dýrafirði og Ísafirði. Þó voru enn fleiri í samlögum um hinar hafnirnar, sem Málmeyingar og Helsingjaeyrarborgarar ráku verzlun á, t. d. 8 um verzlunina í Stykkishólmi, 9 um verzlunina á Berufirði, 10 um verzlunina á Patreksfirði, 10 um verzlunina í Rifi og Grundarfirði, 12 um verzlunina á Eyrarbakka, 15 um verzlunina á Akureyri o. s. frv.[1]) Auðvitað hefur þetta með fram verið gert í því skyni, að dreifa áhættunni, en fremur ber það þó vott um efnaleysi og atorkuleysi borgaranna. Kaupmannahafnarborgarar voru hinum miklu fremri, enda bættu þeir við sig 5 höfnum þegar einkaleyfið var

1) Smbr. Skrá yfir íslenzku hafnirnar frá 1613 með nöfnum útgerðarmanna. D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119. (Rskjs.) Eftirrit í hdrs. J. Sig. 374, 4to.

endurnýjað árið 1614. Fengu þeir þá 11 hafnir til umráða, í stað þess að þeir höfðu áður haft 6, Helsingjaeyrarborgarar fengu 8 í stað 7, en Málmeyingar fengu eigi að halda nema 2 höfnum af þeim 7, er þeir höfðu áður haft. Þessar breytingar voru efalaust af því sprotnar, að Kaupmannahafnarborgarar voru á þessum 12 ára fresti orðnir betur vaxnir siglingum en hinir, en Málmeyingar höfðu orðið fyrir mestum kærum þá um hríð og verið mest upp á Þjóðverja komnir í útgerðinni. Þetta var konungi meinilla við, enda leggur hann ríka áherzlu á það í einkaleyfisbréfinu 28. apr. 1614, að innlend skip sé sem mest notuð til siglinganna og innlendar afurðir til útgerðarinnar.[1]) Sumir af útgerðarmönnum þeim, er búsettir voru í Kaupmannahöfn, komu einmitt fótum undir sig á þessum árunum, ekki sízt með íslenzku verzluninni, þó að víðar stæði þeir fótum undir. Skal hér lauslega drepið á nokkra þeirra. Fremstur allra íslenzkra kaupmanna og útgerðarmanna um þessar mundir var *Mikkel Vibe*. Hann var bóndasonur frá Jótlandi, eins og fleiri af auðmönnum Dana bæði fyr og síðar, en komst í tollþjónustu í Noregi þegar hann stálpaðist og kyntist þar verzlun og viðskiftum. Síðan gekk hann í þjónustu Markúsar Hess borgarstjóra, sem rak mikla verzlun hér á Íslandi á seinni hluta 16. aldar, eins og fyr segir, en skömmu seinna fór hann að verzla fyrir sjálfan sig og var nokkur ár í förum til annara landa. Árið 1602 komst hann í bæjarstjórnina í Kaupmannahöfn og var borgarstjóri frá 1609 til dauðadags (1624). Hann var óefað einn af mestu kaupsýslumönnum Dana um þær mundir og hélt sig mjög ríkmannlega, átti margar húseignir og lóðir inni í borginni og búgarð og skemtigarða utanbæjar, og hafði mörg skip í förum. Það mun hafa verið viðkynningin við Markús Hess, sem fyrst dró athygli hans að íslenzku verzluninni, því 1598 fekk hann ásamt fleiri mönnum einkaleyfi til

1) Lovsaml. for Isl. I, 175—176.

verzlunar á Eyjafirði í 4 ár, og frá aldamótunum 1600 rak hann um hríð verzlun í Vestmannaeyjum. Um þær mundir gekk hann að eiga dóttur Símonar Surbecks, sem elztur var allra íslenzkra kaupmanna, enda var það algengt þegar fram í sótti, að íslenzku kaupmennirnir tengdist á ýmsar lundir, svo þar var ekki einum að mæta, ef út af bar, heldur öllum eða mörgum. Þegar einokunin hófst var Mikkel Vibe einn af þeim, sem útgerð ráku til Hafnarfjarðar, og upp frá því var hann fremstur í flokki allra íslenzkra kaupmanna til dauðadags. Hann var af stéttarbræðrum sínum talinn vandaður maður og guðhræddur, og hafði fyrir máltæki orðin »Guð sér um sína«. Margir höfðingjar og stórmenni í Kaupmannahöfn fylgdu honum til grafar, svo það er auðsætt, að hann hefur verið í miklum metum.[1]) Af öðrum íslenzkum kaupmönnum um þessar mundir voru þeir helztir *Kristján Albertsen*, *Jakob Mikkelsen* og *Matthías* eða *Mads Hansen*, sem allir voru borgarstjórar í Kaupmannahöfn og vel efnum búnir. Mads Hansen átti margar húseignir í borginni, og þar á meðal hús eitt við Amagertorv (nr. 6), sem stendur enn í dag og ber þess ljósan vott, að það hefur á sínum tíma verið eitt af álitlegustu húsunum í Kaupmannahöfn. Það er mælt, að dóttir hans hafi verið ein af frillum Kristjáns IV., og kona Jakobs Mikkelsens hafði á unga aldri gegnt þjónustustörfum við hirðina og komið sér mjög vel, og hefur þetta eins og geta má nærri ekki dregið úr áhrifum kaupmannastéttarinnar hjá konungi.[2]) Að lokum má telja þá *Herman Wöst* og *Hans Holst*. Herman Wöst var í samlögum við aðra um verzlun á 3 íslenzkum höfnum (Grindavík, Hofsós og Hafnarfirði) og var stórefnaður maður, en Hans Holst rak verzlun á Dýrafirði og Ísafirði. Hann var svo ríkur, að hann gaf

1) O. Nielsen: Köbenhavn 1536—1660 I, 2 0—204. Smbr. C. Bruun: Köbenhavn I, 581.

2) O. Nielsen: Köbenhavn 1536—1660 I, 199 og 207—210.

dóttur sinni 30 þús. dali í heimanmund, og er það mikið fé eftir peningaverði nú á dögum (um 240 þús. kr.).[1])

Það er ljóst af því, sem á undan er gengið, að eigi var að ræða um neitt íslenzkt verzlunarfélag á þessu tímabili, að minsta kosti ekki í þeim skilningi, sem nú tíðkast. Alt stefndi þó að því, að þoka íslenzku verzluninni æ meira í hendurnar á Kaupmannahafnarborgurum. Útgerðin varð þar af leiðandi meira í samlögum á flestum höfnunum, og þar kom að lokum, að stofnað var til alsherjarfélagsskapar með íslenzku kaupmönnunum. Konungur sjálfur mun eflaust hafa ýtt undir þetta, því sú var stefna hans í iðnaðar- og verzlunarmálum, að greiða sem mest fyrir alsherjarhluttöku þegna sinna í nýjum fyrirtækjum, enda sá hann sem rétt var, að einstakir og sundraðir gátu þeir ekki færst neitt verulegt í fang sakir efna- og atorkuleysis, en sameinaðir stóðu þeir betur að vígi. Sjálfur var hann fús á að styðja allar slíkar félagsstofnanir með einkarétt-indum, ívilnunum og hlunnindum. Árið 1616 var fyrsta hlutafélagið af þessu tægi stofnað í Kaupmannahöfn til verzlunarreksturs í Austurindíum, — Det ostindiske Kompagni —, og síðan hvert félagið af öðru.[2]) Alsherjarkaupsetningin íslenzka frá 1619, sem nánar verður frá skýrt í öðru sambandi, var ekkert annað en undirbúningsskref í þessa átt, og miðaði einkum til þess að koma fullu samræmi á verzlunarkjörin á öllum höfnum landsins. Stóð þá einmitt jafnframt á samningum um alsherjarfélagsstofnun í þessu skyni, og til þess að greiða fyrir málinu veitti konungur sama daginn og kaupsetningin var út gefin (16. des. 1619) hinu fyrirhugaða verzlunarfélagi einkarétt til verzlunar á Íslandi, Færeyjum og norðurhluta Noregs um óákveðinn tíma, og lagði því lífsreglurnar í allítarlegu

1) O. Nielsen: Köbenhavn 1536--1660 II, 75 nm. Það hefur verið venja að telja spesiudalinn á dögum Kristjáns IV. jafnan 8 kr. að kaupgildi, en það er auðvitað mikils til of lágt reiknað eftir peningaverðfall það, sem orðið hefur á síðasta mannsaldri. Smbr. J. Wilcke: Christian IV's Möntpolitik 1588--1655. Kbh. 1919. Bls. 129--130.

2) Smbr. Danmarks Riges Hist. IV, 103.

skjali. Er þar sýnilega stefnt að því takmarki, að gera Kaupmannahöfn að aðalbækistöð íslenzku verzlunarinnar, því útgerðin skyldi eingöngu rekin þaðan hér eftir, en Málmeyingum og Helsingjaeyrarborgurum, sem áður voru við íslenzku verzlunina riðnir, er þó heimilað að taka þátt í henni eftir efnum og ástæðum.[1])

II.

Elzta íslenzka verzlunarfélagið. *(Det islandske, færöiske og nordlandske Kompagni.* 1620—1662.)

Þegar búið var að ganga frá kaupsetningunni og einkaleyfisskránni, var þess eigi langt að bíða, að félagið sjálft kæmist á laggirnar, og var það stofnað í janúarmánuði árið eftir (1620). Samþyktir félagsins voru allítarlegar og gefa sæmilega ljósa hugmynd um hag þess og tilhögun. Hluttakendurnir eða stofnendurnir voru 36 að tölu, og voru að eins tveir þeirra búsettir í Helsingjaeyri og einn í Málmey, svo Kaupmannahafnarborgarar máttu nú heita einir um hituna.[2]) Stofnféð var alls 66 þús. rd., og skyldi $^2/_3$ hlutar þess seldir af hendi í peningum í tveim greiðslum (á Pálsmessu næstkomandi og í miðföstu), en þriðjungur fjárins seinna, þegar krafist væri. Að líkindum hafa allir þeir kaupmenn, sem rekið höfðu verzlun á Íslandi og búsettir voru í Kaupmannahöfn, tekið þátt í félags-

---

1) Lovsaml. for Isl. I, 194—199. M. Ket. Forordn. II, 303-314.

2) Helsingjaeyrarborgarar þóttust eigi geta sætt sig við þá tilhögun, sem hinir vildu hafa á félaginu, því alt væri þar lagt upp í hendurnar á Kaupmannahafnarbúum, og engin ráðstöfun gerð til að tryggja hag utanbæjarfélagsmanna, svo þeir gengu flestir úr skaftinu þegar til kom. Þetta gáfu þeir konungi til kynna með bréfi dags. 5. febr. 1620 og gerðu þar grein fyrir ástæðum sínum. (Eftirrit af blaði í Á. M. 381 fol. með hendi Jóns Þorkelssonar skjalav., sem hann hefur sjálfur bent mér á og leyft mér að nota).

stofnuninni, og voru þeir langhæstir hluthafar Mikkel Vibe með 12 þús. dali og Herman Wöst með 11 þús. dali. Einn af hluthöfum lagði 4 þús. dali í fyrirtækið, en hinir voru flestir með 3000, 2000 og 1000 dali eða þaðan af minna; minstir hlutir voru 300 dalir. Þetta nýja verzlunarfélag hefur auðsjáanlega verið sniðið eftir gildisbræðralögum miðaldanna í ýmsum greinum, þó að annar háttur sé á því að sumu leyti. Félagarnir eru jafnan kallaðir »bræður« í samþyktunum, og svo voru þeir oft kallaðir í daglegu tali, og rík áherzla lögð á það, að enginn næði upptöku í hópinn, nema með samþykki allra félagsmanna, enda var og hluthöfum stranglega bannað að vera í samlögum eða leynilegum samtökum við aðra utanfélags, eða nota fé þeirra til innskots í sínu nafni. Sérstakar ráðstafanir voru gerðar til þess, að tryggja ekkjum og erfingjum látinna félagsbræðra hlutdeild í fyrirtækinu, og styðja þá félagsbræður, er kæmist í fjárþröng, en enginn mátti láta hluti sína af hendi við aðra, nema allir félagsbræður væri áður frá gengnir. Eins og ljóst er af þessu gerðu íslenzku kaupmennirnir sér far um að taka höndum saman og mynda fámennan lokaðan hring, sem enginn óviðkomandi gæti rofið, því hlutir félagsins máttu eigi ganga kaupum og sölum utanfélags, eins og nú tíðkast, og skyldi einhver félagsmanna eða erfingjar hans flytja búferlum úr Kaupmannahöfn, þá átti félagið að leysa út hluti þeirra. Þetta alt og margt fleira sver sig í ættina við gildisbræðralögin, og sömuleiðis vottar fyrir því í samþyktunum, að hinn lofsverði stéttarandi, metnaður og sómatilfinning, sem einkendi svo mörg af gildisbræðralögum miðaldanna, hafi enn eigi verið aldauða. Það er margtekið fram í samþyktunum, að það sé tilgangur félagsins að fullnægja í öllum greinum þeim skilyrðum, sem konungur hafði sett í kaupsetningunni og einkaleyfisskránni, að þeir vilji gera sitt hið ítrasta til að auka verzlunarflotann með tveim eða þrem vönduðum skipum á ári hverju, flytja nægan og góðan varning til landsins og gæta réttsýni og mannúðar

í verzlun sinni og viðskiftum við landsmenn. Það er að sönnu gert ráð fyrir því, að félagsbræður, sem hafi varning á boðstólum, sé látnir sitja fyrir að öðru jöfnu, en þó er jafnframt lögð rík áherzla á, að þeir vandi sem bezt vöru sína og marki alt tunnugóz, sem þeir láti af hendi, með sínu eigin fangamarki, svo að eigi sé um að villast sökudólginn, ef illa reynist. Þetta er einmitt í fullu samræmi við anda og stefnu gildanna á miðöldunum, þó að áfátt yrði stundum í framkvæmdinni þegar til kom.

Eins og geta má nærri er það vandlega brýnt fyrir félagsmönnum í samþyktunum, að varast öll svik og vélræði til hagsmuna fyrir sjálfa sig, en félaginu til hnekkis eða óhagnaðar, og enginn mátti senda neitt á laun með skipum félagsins og láta selja það til ágóða fyrir sjálfan sig, heldur skyldi alt vera í samlögum. Til að stjórna félaginu og annast verzlunarreksturinn skyldi kosnir tveir *forstöðumenn* (Bevindthebbere) úr hóp félagsbræðra, ásamt með *fulltrúa* (Forvalter) og *skrifara*, og áttu þeir allir að fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn. Forstöðumennirnir áttu að annast öll innkaup af hendi félagsins og sjá um útgerðina í heild sinni, án þess að halla rétti nokkurs manns. Fulltrúi félagsins skyldi aftur á móti hafa alla umsjón með vörubirgðum, annast dagleg störf, sjá um ferming og afferming skipa, stefna til fundar með hluthöfum, er þörf gerðist, heimta skuldir og sektir o. s. frv., og voru allir hluthafar skyldir að sýna honum auðsveipni og eftirlæti, enda var hann sá af starfsmönnum félagsins, sem mest ábyrgð hvíldi á. Skrifarinn átti að annast reikningshald og sjá um bréfagerðir félagsins. Um ráðning kaupmanna og verzlunarþjóna er það tekið fram í samþyktum félagsins, að þeir einir skyldi látnir sitja fyrir, er reyndir væri að trúmensku og samvizkusemi, og skyldi laun þeirra fara eftir dugnaði, en vild eða frændsemi engu ráða um kjörið eða kaupið. Er það skýrt fram tekið í samþyktunum, að kaupmenn verði að skuldbinda sig til að gæta vel kaupsetningar, sýna landsmönnum alúð og

kurteisi í viðmóti og gera engum manni rangt til í kaupum eða sölum að viðlögðum sektum, frávikningu eða jafnvel þyngri refsingu eftir atvikum. — Aðalfundur félagsins skyldi haldinn á Marteinsmessu (11. nóv.) ár hvert, og þá jafnan lagðir 50 rd. til styrktar fátækum, einkum þeim, sem verið höfðu áður á vegum félagsins, en ratað síðan í ólán eða örbirgð.[1])

Í rauninni átti félagið sjálft eigi að taka til starfa fyr en á næsta ári (1621), því kaupmenn þeir, sem áður höfðu rekið verzlunina, voru flestir búnir að festa kaup á varningi til útgerðarinnar og gera aðrar ráðstafanir þar að lútandi þegar félagið var stofnað, og áttu þeir seinna að fá kostnaðinn endurgreiddan eftir reikningi ásamt hæfilegri þóknun fyrir ómak sitt, en annars skyldi verzlunin rekin á ábyrgð félagsins. Þessu var svo hagað með fram í því skyni, að gera eldri kaupmönnunum auðveldara fyrir með skuldakröfur sínar á Íslandi, og átti að verja sumrinu 1620 til að reyna að grynna sem mest á þeim. Skyldi kaupmönnum heimilt að senda þjóna sína til Íslands þá um sumarið í skuldakröfuerindum, en skipin áttu að taka íslenzka varninginn af þeim til flutnings utan fyrir hæfilegt farmgjald. Sá munur var gerður á kaupmönnum frá Málmey og Helsingjaeyri, sem eigi vildu taka þátt í félaginu, og hinum, sem gengu í bræðralagið, að utanfélagsmenn mistu það af skuldum sínum, sem eigi náðist inn um sumarið, en hinum var gefinn kostur á að selja félaginu skuldaeftirstöðvarnar með litlum afföllum. Verzlunarhúsin á Íslandi skyldi félagið taka að sér eftir samkomulagi eða virðingarverði, og sömuleiðis nýtilegar vörubirgðir, en hinar skyldi utan fluttar þá um haustið, er eigi reyndist nothæfar.[2])

---

1) Eftirrit af samþyktum félagsins er í Lbs. 7 fol. bls. 276, en er þar dags. 29. jan. 1660. Samþyktirnar sjálfar bera þó með sér, að bæði dagsetning og ártal er rangt, og er eigi um að villast, að þær eru frá 1620 og líkl. gerðar einhverntíma í janúarmánuði. Samþyktirnar eru prentaðar í heild sinni hér fyrir aftan (Fylgiskjal 1).

2) Smbr. 4, 9. og 12.--14. gr. í Samþ. (Fylgiskj. 1).

Þetta nýja verzlunarfélag, sem oftast er nefnt *Íslenzka verzlunarfélagið* (Islandske Kompagni), þó að einnig ræki það verzlun í Færeyjum og Noregi, var þegar frá öndverðu óskabarn konungs og Kaupmannahafnarbúa, enda voru flestir ef eigi allir borgarstjórar og bæjarfulltrúar um þær mundir við það riðnir, eins og komist er að orði í konungsbréfi einu frá þessu tímabili.[1]) Lék brátt það orð á, að félag þetta væri eitt af arðvænlegustu fyrirtækjunum í Kaupmannahöfn, enda var það sífelt að færa út kvíarnar og konungur að veita því ný einkaréttindi.[2]) Félagið kom sér upp miklu og vönduðu húsi í Kaupmannahöfn, rétt í námunda við sjálfa konungshöllina, rak kaðlaraiðn á tveim stöðum í borginni og reisti mikil vörugeymsluhús í Glückstað.[3]) Alt virtist þannig benda til þess, að hagur félagsins stæði með hinum mesta blóma. En þetta var þó reyndar mest á yfirborðinu. Innanfélags var illur kurr í hluthöfunum áður langt leið og óánægja hin mesta út af reikningshaldi og vanskilum og allri ráðsmensku félagsstjórnarinnar. Voru þó forstöðumennirnir eigi valdir af lakari endanum, og urðu brátt 4, og svo mun oftast hafa verið úr því. Hinn 13. febr. 1626 hreyfðu 9 hluthafar í félaginu því bréflega, að félagsstjórnin hefði lagt fram reikninga fyrir árin 1620—1623, sem að ýmsu leyti væri athugaverðir og ónákvæmir, og engin reikningsskil gert fyrir árin 1624—1625. Enn fremur er fundið að því, að félagsstjórnin festi kaup sín alveg eftir eigin geð-

---

1) Smbr. C. Bruun: Kōbenhavn. I, 575.

2) 16. des. 1631 veitti konungur félaginu einkarétt til hvalaveiða við Íslandsstrendur og heimilaði því jafnframt að hremma öll ensk skip, er staðin yrði að fiskiveiðum nær landi en 4 vikur sjávar, og annara þjóða skip í 6 mílna fjarlægð, gegn því að fá helming upptektarfjár. Þetta einkaleyfi var endurnýjað 16. apr. 1636. (Lovsaml. for Isl. I, 215--216, 220). Héðan mun það víst sprottið, að félagið átti allmiklar skotfærabirgðir í fórum sínum, og eru þær í reikningum félagsins árið 1636 taldar 616 dala virði. Annars var þess háttar útbúnaður talinn óumflýjanlegur í sjóferðum og siglingum um þær mundir.

3) Smbr. C. Bruun: Kōbenhavn. I, 575. Hús Íslenzka verzlunarfélagsins (Islandske Kompagnihus) hefur eflaust verið reisulegt, því borgarastéttin hélt þar fundi sína þegar einveldið komst á. Það stóð í Hólminum rétt í námunda við listasafn Thorvaldsens, sem nú er.

þótta og þar sem henni sýnist, án þess að spyrjast fyrir um það hjá hluthöfum, hvort þeir hafi eigi vörur á boðstólum með jafn góðum kjörum og aðrir, eins og áskilið sé í samþyktum félagsins, og að vörur til útgerðarinnar sé keyptar með lánsfresti, þó að unt sé að fá þær með ólíkt aðgengilegri kjörum gegn borgun út í hönd, sem eigi ætti að vera nein frágangssök, þar sem félagið við árslok 1622 hafi átt í sjóði 63,422 dali (kúrant). Þá láta þeir og grun sinn í ljósi um það, að félagsstjórnin hafi eigi sýnt nægilega ráðdeild í skipakaupum og húsagerð, og krefjast þess að fram séu lagðar höfuðbækur félagsins, svo að þeir geti séð allan hag þess og hvað orðið sé af félagssjóðnum, og tekið ráð sín saman um útgerðina.[1]) Forstöðumenn félagsins voru þá Peter Karlsen og Jörgen Danielsen bæjarfulltrúar, og borgarar tveir, Herman Wöst og Jens Andersen. Hafa þeir vafalaust gert reikningsskil og lagt fram höfuðbækur félagsins, eins og krafist var, og málið síðan fallið niður. Hafði ágóðinn af íslenzku verzluninni árið 1624 verið 37,393 sléttdalir, en árið 1625 að líkindum eitthvað um 18,889 dalir.[2])

Þó að allvel rættist úr að þessu sinni, eftir því sem áhorfðist, þá var þess samt eigi mjög langt að bíða, að nýr ágreiningur risi með félagsstjórninni og hluthöfum út af reikningsskilum og ráðsmenskunni yfirleitt. Vorið 1634 hafði konungi borist til eyrna, að ýmislegt væri athuga- og aðfinsluvert við stjórn félagsins, því engar skýrslur væri lagðar fram um hag þess, og væri eigi grunlaust um misfellur og brall af hálfu félagsstjórnarinnar. Konungur ritaði félagsstjórninni bréf um þetta 10. maí og bað um

---

1) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583--1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.).

2) H. Chr. Bech: Om Handelen paa Island (Gl. Kgl. Saml. nr. 2864, 4to. Eftirrit í hdrs. J. Sig. 37 fol.). Skúli Magnússon: Beskrivelse af Island. (Hdrs. J. Sig. 33 fol. bls. 136). Sléttdalur eða króna var þá 64 sk., en spesiudalurinn 80--96 sk. Árið 1624 virðist hafa verið eitt af beztu árum félagsins, eftir því sem Bech segir, en árið 1625 líkl. meðalár eða varla það. Á því ári skaðaðist félagið um 2273 rd. á færeysku verzluninni og 137 rd. á norsku verzluninni.

greinargerð á því, hvað hæft væri í þessu, en stjórnin svaraði aftur 1. júní og bar af sér allar sakir, kvað engan fót fyrir dylgjunum, því allir hluthafar ætti greiðan aðgang að bókum félagsins hve nær sem þeir vildu, eins og vera bæri, og ársreikningar félagsins væri öllum til sýnis. Báðu þeir konung að skipa fyrir um opinbera rannsókn á þessum og öðrum ákærum og aðdróttunum, því slíkur óhróður gæti auðveldlega orðið til þess að spilla trausti félagsins. Það er af skjali þessu að ráða, að félagsstjórnin viti sig alsaklausa af öllum ávirðingum og misfellum, en eitthvað hlýtur þó að hafa verið bogið við stjórn félagsins og starfrækslu, því 3. júní 1634 rita 7 félagsmenn skrifara og bókhaldara félagsins og krefjast innan hálfs mánaðar glöggrar skýrslu um hag félagsins frá öndverðu og til ársloka 1633. Þykir þeim það grunsamlegt í meira lagi, að þeir skuli eigi hafa fengið nokkurn arð af fé sínu í 10 ár, eða frá ársbyrjun 1624.[1]) Það er með öllu óljóst, hvað úr þessu hefur orðið, en hitt er augljóst, að traust hluthafa á félagsstjórninni hefur allmjög verið tekið að þverra og óánægjan verið megn út af því, að fá engan ársarð af fé sínu, þó að félagið ætti að heita vel megandi. En hvað sem úr þessu hefur orðið, þá staðfesti konungur einkaleyfi félagsins 16. júní 1634 og framlengdi það um 20 ár með sömu skilyrðum og áður.[2]) Þó er svo að sjá sem einhver stjórnarbylting hafi orðið í félaginu um þessar mundir, sjálfsagt út af óánægju þeirri, er áður getur, því 1636 eru 3 af þeim 7 mönnum, sem undir kröfuna höfðu ritað, komnir í félagsstjórnina (þeir Jakob Mikkelsen borgarstjóri og Didrik Badskær og Peder Mortensen bæjarfulltrúar). Að öðru leyti sést það af skýrslum og skilríkjum, að félagsmenn hafa þá enn verið 36 að tölu og hlutaféð 66 þús. rd. En allar voru eignir félagsins að húsum og skipum, vörubirgðum og útistandandi skuldum meðtöldum 214,312

1) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583–1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.).
2) Lovsaml. for Isl. I, 217.

sléttdalir. Í skipum átti félagið 27,349 dali, í húsum á Íslandi 1689 dali, kaðlarabraut með áhöldum er virt á 52,820 dali, hús félagsins í Kaupmannahöfn á 9777 dali og vörugeymsluhúsið í Glückstað á 15,597 dali. Í rauninni hefur því félagið verið allvel efnum búið, þó að megnið af fénu væri óhandbært og eignirnar ef til vill nokkuð hátt virtar.[1])

Hafi misbrestur þótt á verða innanfélags um efndir á loforðum þeim og lífsreglum, sem haldið er á loft í samþyktum félagsins, þá var það eigi síður á þeim atriðum samþyktanna, er vissu að Íslandi. Að sönnu bárust engar kærur af Íslendinga hálfu fyrstu árin, svo getið sé, en þess var þó eigi mjög langt að bíða, að aftur tæki að örla á aðfinslum og óánægju. Árið 1625 virðist hafa sótt í sama horfið og áður um illa vöru og ónóga og athugaverðan mæli og vog, því árið eftir ritaði konungur höfuðsmanni og bauð honum að hafa gætur á þessu.[2]) Höfuðsmaður hreyfði þessu máli þá um sumarið í lögréttu, kvað sér hafa borist til eyrna, að almenn klögumál gengi í landinu um ill verzlunarkjör, og skoraði á menn að senda sér skriflegar kærur um þetta, svo að hann gæti lagt þær fyrir konung og ríkisráðið. Árið eftir ítrekaði hann þetta boð sitt, og var þá skipuð nefnd manna á alþingi til að »yfirvega, álíta og með skynsemi að rannsaka hvernig gegnandi væri boði og orðum vors herra og höfuðsmanns Holgers Rósenkrans«, en að öðru leyti sést eigi hvað frekar hefur aðgerst í málinu.[3]) Þessi verzlunaróhægð hefur nú ekki eingöngu stafað af hirðuleysi kaupmanna eða samvizkuleysi, heldur meðfram af því, að siglingar voru þá oft og einatt mjög ógreiðar sakir víkinga og ófriðar í hafi. Sumarið 1626 komu tvö varnarskip frá

---

1) Bech: Om Handelen paa Island. Gl. kgl. Saml. 2864, 4to. (J. Sig. 37 fol.). Smbr. Fylgiskj. 2.

2) Kgsbr. 20. april 1626. Gl. Kgl. Saml. nr. 1101 fol. Eftirrit í hdrs. J. Sig. 374, 4to.

3) Alþb. 1627. (Hdrs. J. Sig. 183, 4to.)

Englandi og lögðu inn á Djúpavog. Ætluðu þau að taka danskt kaupfar, sem þar lá, en hættu við er þau sáu konungspassann. Höfðu þeir áður tekið 5 ræningjaskip í hafi og flutt til Englands, en eigi er þess getið hverrar þjóðar þau voru.[1]) Sumarið eftir komu Tyrkir hér við land, sem kunnugt er, og unnu bæði Dönum og Íslendingum hið mesta tjón. Rændu þeir kaupfarið og verzlunarhúsin í Grindavík og hremdu skamt frá landi kaupfar danskt, er var á leið til Ísafjarðar, en höfuðsmaður forðaði kaupförunum í Hafnarfirði og Keflavík frá sömu útreiðinni með því að stefna þeim inn á Seiluna. Þá rændu Tyrkir einnig kaupfari á Djúpavogi og létu greipar sópa um vörubirgðir Dana þar á staðnum, en í Vestmannaeyjum brendu þeir upp verzlunarhúsin.[2]) Komst þá ólag mikið á allar siglingar og þorðu engin kaupför leiðar sinnar, nema herskip væri til fylgdar, enda var höfuðsmaður sendur út með 4 herskipum sumarið eftir til að fylgja verzlunarflotanum og hreinsa sjóðina.[3]) En seint kom sigling það ár og engin á sumar hafnir. Þegar menn komu til alþingis um sumarið voru horfurnar mjög ískyggilegar, því engin sigling var þá komin til landsins og allir í stökustu vandræðum, en enginn þorði að hreyfa við vörubirgðum þeim, sem eftir voru í dönsku verzlunarhúsunum, nema í ítrustu lífsnauðsyn og eftir ráðstöfun æðri stjórnarvalda. Var þá gerð lögréttusamþykt og sýslumönnum heimilað að opna verzlunarhúsin þegar heim kæmi af þingi, ef sigling væri þá enn ókomin, og leysa úr brýnustu þörf manna, en sjálfir áttu þeir að vera í ábyrgð um andvirðið.[4])

Þegar hér var komið sögunni þóttust kaupmenn eigi geta unað kaupsetningu þeirri, er út var gefin af konungi 1619, og báru fyrir sig almenna verðhækkun á útlendum

1) Skarðsárannáll.
2) Skarðsárannáll.
3) Hdrs. J. Sig. 374, 4to.
4) Alþb. 1628. (Hdrs. J. Sig. 183, 4to).

nauðsynjum, svo að innkaupsverð á kornvöru hefði t. d. þrefaldast á nokkrum undanförnum árum. Þeir hafa eflaust haft á réttu að standa í þessu, enda varð konungur við beiðni þeirra og gerði nokkrar breytingar á kaupsetningunni 1631 kaupmönnum í vil, en að landsmönnum fornspurðum, og lét birta í lögréttu.[1]) Þetta kom landsmönnum alveg að óvörum, því þeir höfðu jafnan kveinað og klagað yfir eldri kaupsetningunni, enda lýsti umboðsmaður hirðstjórans því yfir, að hann treysti sér ekki til að halda þessari nýju kaupsetningu að landsmönnum, þar sem allir væri nú að þrotum komnir sakir harðinda og dýrtíðar, en verzlunarkjörin afleit undir.[2]) Niðurstaðan varð því sú, að landsmenn rituðu konungi bænarskrá af alþingi og beiddust undan þessum nýjungum, en kærðu jafnframt kaupmenn fyrir margvísleg brot á eldri kaupsetningunni og fyrir svik og pretti í viðskiftum sínum.[3]) Höfuðsmaður fekst eigi til að taka að sér bænarskrána, svo Gísla Oddssyni var falið að koma henni á framfæri, en hann fór utan til biskupsvígslu þetta sumar. Segir sagan, að hann léti hana eigi úr hendi ganga í Kaupmannahöfn, þó að margvíslega væri eftir leitað, en gengi sjálfur með hana á konungsfund og téði honum hagi landsmanna, svo að konungur hrærðist til meðaumkunar og bauð að hin fyrri kaupsetning skyldi standa óbreytt.[4]) Það ræður nú að líkindum, að kaupmenn hafi eigi orðið auðveldari í viðskiftum sínum við landsmenn er þeir fengu eigi vilja sínum framgengt um verðhækkunina, enda bar kærurnar svo ört að næsta sumar hvaðanæfa af landinu, að lögmenn náðu eigi yfir að taka, og var það úrskurðað í lögréttu þá um sumarið, að menn skyldi bera sig upp fyrir sýslumönnum heima í héraði, svo að alt

---

1) M. Ket. Forordn. II, 358–359. Smbr. Alþb. 1631 nr. 6.
2) Alþb. 1631 nr. 7.
3) Alþb. 1631 nr. 8.
4) Kgsbr. 26. des. 1631. M. Ket. Forordn. II, 362–364. Smbr. Skarðsárann. og Árb. Esp. VI, 53.

yrði rætt og rannsakað til hlítar á sínum rétta stað.[1]) Úr Hornafirði eystra bárust lögmönnum sumarið 1632 kærur yfir óþolandi verzlunaránauð í Djúpavogskaupstað á undanförnum árum, »og hversu vér höfum hér um veinað og kveinað í alvöru eða öðruvísi hefur vort mótmæli og aðfindni enga umbót kunnað að fá né finna«, segir í niðurlagi kærunnar.[2]) Árið eftir sendu Vestmanneyingar ávarp til alþingis og kváðust hafa leitað kaupmanns í brýnustu þörf og beðið hann að lána sér eða selja mjöl, salt og færi, sem þeir mætti alls eigi án vera, en hann hefði veitt þau andsvör, að hvorki þessi né annar útlenzkur varningur væri sér í höndum, svo hann gæti eigi veitt þeim neina úrlausn.[3]) Enn fremur barst Árna lögmanni þá um sumarið bréf úr Desjamýrar- og Njarðvíkursóknum eystra, og söng þar við sama tón, því flestir höfðu orðið að fara synjandi úr kaupstaðnum, þó að komnir væri langt að í brýnustu þörf og nauðsyn. »Biðjum vér yður auðmjúklega,« segir í bréfinu, »þessa vora klögun fyrir Kompagníið að láta koma, svo sem og fyrir vor yfirvöld andleg og veraldleg.«[4])

Ofan á þessa verzlunaránauð bættist harðindalag eitt hið mesta, skepnufellir og aflaleysi, svo engan þarf á því að furða, þótt landsmenn bæri sig illa. Það er engum vafa bundið, að ástandið hér á landi hefur verið mjög bágborið um þessar mundir, og það eigi sízt af völdum einokunarinnar, enda könnuðust flestir við það og jafnvel þeir, sem annars voru eigi að jafnaði sérlega vorkunnlátir við landsmenn, svo sem fógetarnir á Bessastöðum. Ólafur Pétursson, sem verið hafði umboðsmaður hirðstjórans í 6 ár samfleytt og því sæmilega kunnugt um hagi landsmanna yfirleitt, fór utan um þessar mundir, og bar hann

---

1) Alþb. 1632 nr. 12.
2) Alþingis- og lögmannsbók Árna lögm. Oddssonar 1631—1641 (þjskjs.). Smbr. Alþb. 1632 nr. 16.
3) Alþb. 1633 nr. 2.
4) Alþb. 1633 nr. 3.

kaupmönnum heldur illa söguna.[1]) Ritaði hann konungi langt mál frá Glückstað 3. nóv. 1635 um ýmislegt, er aflaga færi á Íslandi, og þar á meðal um verzlunina. Telur hann engan vafa á því, að konungur mundi óðar leysa verzlunarfélagið upp og gera aðra skipun á, ef honum væri nægilega kunnugt um, hvernig félagið hagaði verzlun sinni á Íslandi, því auðn og voði standi fyrir dyrum, ef þessu haldi áfram. Geti menn nokkuð rent grun í, hvernig þeir félagar muni fara að ráði sínu á Íslandi gagnvart landsmönnum, af því hversu þeir hagi sér og fjandskapist innbyrðis í návist konungs sjálfs. Leggur hann því eindregið til, að félaginu sé tvístrað og hafnirnar seldar á leigu hver í sínu lagi eins og tíðkast hafi áður fyrri. En ekki er samt þessi tillaga hans alveg laus við eigingirni, því hann fer þess jafnframt á leit við konung, að hann veiti sér og þrem mönnum öðrum búsettum í Glückstað einkaleyfi til verzlunar á öllum höfnum í Gullbringusýslu og Snæfellssýslu. Fal hann manni einum, sem handgenginn var konungi, að túlka þetta fyrir honum, en konungur tók því fjarri að breyta nokkuð til um verzlunarhagina. Þá fór Ólafur að slaka á krófunum og leitaði fyrir sér um leigu á Eyrarbakka- eða Keflavíkurhöfn sérstaklega, gegn 700 dala afgjaldi í kúrantmynt, eða þá til vara á Bátsandahöfn, sem enginn hefði siglt á í 50 ár, enda væri eigi annað en auðn og útver, og bauð konungi 100 dali í leigu af henni. Pros Mundt höfuðsmaður lagðist eindregið á móti öllum tillögum Ólafs og kvað illa sitja á honum að vera að slægjast eftir verzlun og virðingarstöðum hjá konungi, því hann væri enn eigi búinn að gera sér eða fyrirrennara sínum skil af ráðsmenskunni á Bessastöðum. En af viðskiftum kaupmanna og Íslendinga væri það að segja, að hann hefði sjálfur þann vanda að spyrjast fyrir um það árlega á alþingi, hvort menn hefði nokkuð að kæra yfir verzluninni, og nýlega hefði hann

1) Hirðstjóraannáll Jóns próf. Haldórssonar. Safn. t. s. Ísl. II, 736–737.

fengið úrskurð um það á alþingi, að kaupmönnum skyldi hegnt vægðarlaust, ef þeir ryfi boðskap konungs eða kaupsetningu, svo að landsmenn væri svo sem ekki varnarlausir.[1]) Ólafur Pétursson var þó ekki einn um þá skoðun, að verzlunarfélaginu færist illa við landsmenn og að breyting væri æskileg, því á blaði einu í skjalasafni stjórnarinnar, sem stafar frá miðri öldinni eða þar um bil og auðsjáanlega frá kunnugum manni, er vikið að verzlunarhögum á Íslandi og farið mjög hörðum orðum um kaupmenn. Er þeim borið á brýn, að þeir svíki miskunnarlaust vog á mjölinu, synji mönnum oft og einatt um matvöru, en troði upp á þá alls konar óþarfa og munaðarvöru, og reki aftur helming eða jafnvel meira af þeim varningi, sem landsmenn hafi á boðstólum, svo að mörgum verði sama sem ekkert úr afurðum sínum. Höfðu kaupmenn þá eigi siglt árum saman á Grindavík eða Búðahöfn, svo allir kvörtuðu sáran þar um slóðir. Leggur höfundurinn það til, að konungur leigi einhverjum utanfélagsmönnum þessar tvær hafnir, úr því að félagið fáist eigi til að sigla þangað, en telur þó raunar æskilegast, að konungur taki sjálfur að sér íslenzku verzlunina.[2]) Einhver langbeztur vottur um óstandið og anmarkana á dögum Íslenzka verzlunarfélagsins er þó kæra Þórðar sýslum. Henrikssonar frá 24. ág. 1647 um verzlunarhagi í Hólminum, og er hún hvorttveggja í senn bæði nöpur og gletnisleg.[3]) Önnur kæra á dönsku mjög áþekk með hendi Þórðar sjálfs, og að líkindum frá sama ári, fylgir þessari í skjölum Árna Magnússonar, og er hún engu vægari og tilgreinir ýms dæmi.[4]) Leggur hann kaupmönn-

---

1) Tillögur Ólafs með svörum Pros Mundts við hverja grein eru í D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583 - 1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119. (Rskjs.).

2) Memoriall anlangende dett Jsslandsche Compagnies storre Misbrug jmod Jndbyggerne aarlig wed derris wdsende Fulmechtiger begaaes. D. Kanc. Blandede Akter B. Islandsk Handel. (Rskjs.).

3) Andvari XXXVII, 123—128.

4) Á. M. 381 fol.

um þau ráð að lokum, að gæta meiri sanngirni og mannúðar í viðskiftum sínum framvegis, og muni þá skipum félagsins að líkindum betur farnast en hingað til, því það megi þeir vita, að tár og andvörp fátækra vesalinga hrópi í himininn yfir rangsleitni þeirra og ójöfnuði.

Það var engin þörf á að biðja félaginu neinna bölbæna, því högum þess fór síhnignandi að kalla mátti frá því að einkaleyfið var endurnýjað (1634). Árið 1636 var ágóðinn af íslenzku verzluninni 6936 dalir, og hefur það eigi hossað hátt upp í allan kostnaðinn.[1]) Félagsstjórninni bættist þó nýr starfsmaður um þessar mundir, sem hafði orð á sér fyrir óvenju dugnað og hagsýni. Það var *Hans Nansen*. Hafði hann gengið í þjónustu Mikkel Vibes borgarstjóra í það mund er íslenzka verzlunarfélagið var stofnað (1620), og var síðan 18 ár í förum til Íslands. Árið 1627 tókst hann á hendur að annast útsölu íslenzkra afurða í Glückstað af félagsins hálfu, og gegndi hann því til 1639, svo eigi hefur það starf þótt betur komið í annara höndum. Gerðist hann á þeim árum hluthafi í félaginu og er árið 1636 talinn fyrir 2200 rd. Árið 1639 var hann kvaddur í bæjarstjórn í Kaupmannahöfn og lét þá af siglingum. Í desembermánuði það ár tók hann við fulltrúastörfum í félaginu og gegndi þeim í 10 ár samfleytt.[2]) Nokkru eftir að hann tók sæti í félagsstjórninni gengu mjög erfiðir tímar í garð, og mun það eigi hafa verið á nokkurs manns færi að afstýra tjóni eða halda í horfinu á þeim árunum. Dró þá til ófriðar með Dönum, Svíum og Hollendingum, og stóð hann í 2 ár samfleytt (1643—1645). Þurfti þá konungur bæði að halda á miklu fé og miklum skipastól, og urðu kaupmenn að ganga undir drjúgar kvaðir í þeim efnum, en það varð þeim því þungbærara, sem ófriðurinn olli miklum spjöllum í verzlun og viðskiftum. Árið 1644 var konungur í hinum mestu

---

1) Smbr. Fylgiskj. 2.

2) O. Nielsen: Köbenhavn 1536—1660. I, 214—216. Smbr. C. Bruun: Köbenhavn I, 575.

fjárkröggum, og mun þá hafa leitað til Hamborgara í nauðum sínum, en þeir gerðu honum kost á úrlausn, ef hann seldi þeim Ísland að veði. Var það auðvitað íslenzka verzlunin, þeir voru að slægjast eftir. Konungur var á báðum áttum hvað gera skyldi, því hann var mjög féþurfi, en hins vegar ófús á að rjúfa samninga við félagið og svifta þegna sína hagnaðinum af verzluninni. Hann vildi því reyna fyrir sér innanlands, áður en hann festi samninga við Hamborgara, og þá fyrst og fremst hjá félaginu sjálfu. Í þessu skyni sneri ríkisráðið sér til félagsstjórnarinnar með þeim tilmælum, að félagið lánaði konungi annaðhvort upp á eigin spýtur eða þá í samlögum við erlenda kaupmenn nokkrar tunnur gulls, gegn því að hann veitti þeim fulla tryggingu fyrir íslenzku verzluninni framvegis, eða þá að öðrum kosti afsala sér henni í 2 eða 3 ár, svo að konungur gæti leitað fyrir sér annarstaðar. Félagsmenn voru skjótir til svars og kváðu sér skylt að gera alt, sem í þeirra valdi stæði, til að létta konungi hernaðarbyrðina, enda hafi þeir síðastliðið ár gert út tvö herskip á sinn kostnað og auk þess birgt flota konungs að kaðalreiða og vistum, og nemi þetta samanlagt hálfri innstæðueign félagsins, en hinn helmingurinn standi fastur í húsum og skipum, vörubirgðum og útistandandi skuldum á Íslandi. Þeir sé því neyddir til að fá allar þær vörubirgðir til láns, sem flytja eigi til Íslands með vorinu, en þær nemi 56 þús. rd., og sé þeim því með öllu ókleyft að verða við tilmælum konungs, hversu fegnir sem þeir vildi. En hitt sé engum vafa bundið, að svo framarlega sem konungur geri alvöru úr því að selja öðrum þjóðum íslenzku verzlunina í hendur, þá sé eigi að eins útséð um félagið sjálft, heldur bíði og fjöldi manna í Kaupmannahöfn það tjón, að eigi verði auðveldlega bót á ráðin, bæði sjófarendur, iðnaðarmenn og verzlunarlýður, því þeir missi við það atvinnu sína og komist á vonarvöl. Þetta biðja þeir ríkisráðið að hafa hugfast, og stuðla að því við konung, að þeir fái að halda einkaréttindum sínum óskert-

um, en lofa því staðfastlega aftur á móti, að gera út þetta ár tvö herskip með 18 fallbyssum og birgja flota konungs á ný af fremsta megni að vistum og öðrum nauðsynjum þegar skip þeirra komi frá Íslandi. Það er öll ástæða til að ætla, að konungi og ríkisráðinu hafi eigi líkað sem bezt undirtektirnar, því daginn eftir rituðu félagsmenn ráðinu enn á ný og kváðust eigi geta betur boðið, þó að lífið lægi við, en um það þýði auðvitað ekki að fást, þar sem aðrir bjóði 4 eða 5 tunnur gulls í þessi verzlunarfríðindi. Þeir halda enn fast við þá skoðun sína, að þetta verði eigi að eins félaginu heldur einnig Kaupmannahafnarbúum í heild sinni til niðurdreps og bölvunar, en leggja þó alt á vald konungs. Að eins setja þeir þau skilyrði, að þeir sem nú taki við verzluninni kaupi af sér vörubirgðir þær, sem þegar séu að dregnar til útgerðarinnar, og sömuleiðis hús þeirra, vörubirgðir og útistandandi skuldir á Íslandi, er nemi alls um 30 þús. rd., en sjálfir skuldbinda þeir sig aftur á móti til að leysa þetta út að þrem árum liðnum. Að lokum mælast þeir til þess, að fá að halda 3 eða 4 höfnum, Eyrarbakka, Bátsöndum, Rifi og Eyjafirði, svo að þjónar sínir verði eigi með öllu afvanir og ókunnir íslenzkum verzlunarháttum.[1]) Stóð þá jafnframt á samningum með konungi og Hamborgurum um þetta mál. Var þeim svo langt komið, að búið var að orða skilmálana af beggja hálfu, og var það aðalinntakið, að Hamborgarar skyldi lána konungi 5 eða 6 tunnur gulls (5—600 þús. rd.) í 10 ár, gegn því að fá Ísland að veði, og skyldi þeir hafa allar tekjur landsins og verzlun á því tímabili í stað vaxta, en konungur hafa þar fógeta eða höfuðsmann af sinni hálfu til lögstjórnar. Lofa þeir statt og stöðugt að íþyngja landsmönnum að engu leyti fram yfir það, sem áður hafi tíðkast, og skuldbinda sig til að selja landið og verzlunina af hendi að 10 árum

1) Bréfin eru dags. 7. og 8. febr. 1645. D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.). Eftirrit í Hdrs. J. Sig. 374, 4to.

liðnum, ef lánið sé þá endurgreitt, og bæta öll þau spjöll, sem á kunni að verða. Íslenzka verzlunarfélagið skyldi haldast við líði óbreytt að öllu leyti og taka þá aftur til starfa, en Hamborgarar skuldbinda sig til að kaupa af félaginu vörubirgðir þær, sem búið sé að afla til útgerðarinnar, og taka geymsluhúsið í Glückstað á leigu.[1]) Þegar hér var komið sögunni slitnaði upp úr samningunum, hvað sem valdið hefur. Má ætla, að konungi hafi þótt það viðurlitamikið að svifta þegna sína þessari álitlegu atvinnugrein, þótt eigi væri nema um stundar sakir, og hitt þá líka viðbúið, að það kynni að dragast úr hömlu að leysa út veðið, eins og raun hafði á orðið svo oft og mörgum sinnum, og því hafa Hamborgarar eflaust gert ráð fyrir.[2]) Má og vera að það hafi valdið nokkru hér um, að einmitt þessa dagana tókust friðarumleitanir með Dönum og Svíum, svo þörf konungs var eigi jafn brýn úr því, og að áliðnu sumri (13. ág.) komst friður á að fullu.[3])

Það mátti eigi tæpara standa með friðarsamningana, því kaupmenn voru orðnir svo hvektir á siglingunum, að þeir þorðu eigi að hætta skipum sínum og varningi út á hafið fyr en úr rættist, og kom það ár (1645) engin sigling á íslenzkar hafnir fyr en á krossmessu um haustið.[4]) Svona gekk þetta þráfaldlega um þær mundir, því oft var þá ófriðar von, og kvörtuðu Íslendingar einatt um siglingaleysi og ónóga aðflutninga, en fengu litla áheyrn hjá verzlunarfélaginu. Þegar Friðrik konungur III. tók við ríkisstjórn, staðfesti hann enn einkaleyfi félagsins (1. febr. 1649) og framlengdi það um 20 ár.[5]) Voru þeir Henrik

1) Bréf óundirskrifað dags. 9. febr. 1645. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 9. Smbr. Bréf konungs til »Rigens Hofmæster« frá sama degi. Pontoppidan: Samlinger til Handels Magazin for Island. I, 218 nm. (Kbh. 1787).

2) Þegar Kristján IV. andaðist þrem árum seinna, var fjárhagurinn í slíkri óreiðu, að króna og veldissproti ríkisins var veðsett, hvað þá heldur annað. Danske Mag. 3. R. IV, 228. Smbr. Holm: Danmark-Norges indre Hist. II, 179.

3) Danm. Riges Hist. IV, 263–274.

4) Ballaránannáll (J. Sig. 235, 4to) og Vallholtsannáll (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to).

5) Bréfabók stiftamtm. I, 148–158. (Þjskjs.).

Bjelke og Gabriel Acheley sem kunnugt er sendir út það sumar til að taka hyllingareiða af landsmönnum og gegna kröfum þeirra og kærum, eigi sízt út af ágreiningi þeirra við kaupmenn. Létu Íslendingar óánægju sína í ljósi bæði í hyllingarbréfunum sjálfum og í sérstökum bænarskrám, og fóru þess á leit meðal annars, að eigi væri með öllu bönnuð verzlun við útlendar þjóðir, og hétu sendimenn góðu um.[1]) Eigi vildi þó konungur slaka á verzlunarböndunum, en lagði ríkt á við kaupmenn að fara betur að ráði sínu framvegis, og bauð hinum nýja höfuðsmanni, Henrik Bjelke, að athuga kærur landsmanna og leiðrétta misfellurnar af fremsta megni.[2]) En í stað þess að taka sér fram, þyktust kaupmenn við aðfinslurnar og urðu enn verri viðfangs en áður.[3]) Voru þeir sífelt að klifa á launverzlun Íslendinga við erlendar þjóðir, og útvega ný konungsbréf þar að lútandi, en hins var að engu getið, að þeir áttu sjálfir sök á þessu með of litilli siglingu, ónógum aðflutningum og illum verzlunarkjörum. Hófst um þessar mundir ófriður með Englendingum og Hollendingum, og dró þá mjög úr siglingum að vanda. Beið verzlun félagsins hinn mesta hnekki við þetta og varð oft og einatt tekjuhalli í reikningunum.[4]) En þó tók fyrst út yfir þegar nýr ófriður hófst með Svíum og Dönum, er stóð í 3 ár (1657—1660), því ofan á sjálfar ófriðarbyrðarnar, sem voru ærið þungar, bættist hitt, að Danir biðu hinn mesta hnekki á verzlun sinni. Horfði þá til hinna mestu vandræða hjá Íslenzka verzlunarfélaginu, því Svíar tóku skip kaupmanna í hafi með farmi og öllu saman, en sumum hlektist á eða komu aldrei fram. Reið það félaginu loks að fullu, enda hafði fjárhagur þess verið mjög óhægur

---

1) Skjöl um hylling Íslendinga 1649, útg. Söguféi. Rvík 1914. Bls. 52 og 56. Smbr. Seiluannál. Lbs. 1210, 4to.

2) Kgsbr. 3. maí 1650. M. Ket. Forordn. III, 24—26.

3) Seiluannáll við árið 1650. Lbs. 1210, 4to.

4) Árið 1655 skaðaðist félagið um 1289 dali á íslenzku verzluninni. Smbr. Specification over Hovedsummen af Comp. Udredning etc. for Aar 1655. Lbs. 86 fol. Með hendi skúla fógeta. Prentað hér fyrir aftan sem fylgiskjal nr. 5.

upp á siðkastið, þó að einstakir félagsmenn væri sumir vel fjáðir. Hafði stofnféð að sönnu verið allálitlegt í fyrstu, eftir því sem þá gerðist, en óvíst er þó, hvort meira hefur greiðst af því en $^2/_3$ hlutar (44 þús. rd.). Hitt er að minsta kosti engum vafa bundið, að veltuféð reyndist mikils til of lítið þegar fram í sótti og félagið tók að færast meira í fang, en var þó aldrei aukið. Var félaginu ætlað eigi að eins að reka verzlun á Íslandi, Færeyjum og Finnmörk, heldur einnig að stunda hvala- og fiskiveiðar í norðurhöfum og koma sér upp álitlegum skipastól, svo hér var eigi um neitt smáræði að tefla, enda dróst úr hömlu með sumt af þessu, svo sem aukning skipastólsins.[1]) Ofan á þetta bættist óvenju mikill stjórnarkostnaður, því forstöðumenn félagsins og helztu starfsmenn þess voru tiltölulega mjög hátt launaðir,[2]) og mikið fé var bundið í húsum og fasteignum. Þegar slysin bar að höndum reið því óðar um þvert bak hjá félaginu. Konungur reyndi að sönnu að halda því á floti með því að afnema hundraðskaupið 1658, en það kom fyrir ekki.[3]) Þá fóru kaupmenn enn á stúfana um hækkun á vöruverði, en landsmenn báðust svo eindregið undan því, að konungur sá sér eigi annað fært en að hverfa frá því ráði.[4]) Lagði þá félagið algerlega árar í bát og hætti siglingum til Íslands, enda mun skipastóll þess hafa verið þrotinn að mestu.

Þegar félagið gekk úr skaftinu og hætti siglingum, leit um hríð mjög iskyggilega út með aðflutninga til landsins, eins og geta má nærri, en sem betur fór voru þó nokkrir af kaupmönnum Dana svo ötulir og framtakssamir, að þeir réðust í að halda uppi siglingum af eigin ramleik, og voru flest skipin gerð út frá Hamborg eða Glückstað vegna ófriðarins, en mjög voru þær siglingar af skornum

1) Smbr. M. Ket. Forordn. III, 83--84.

2) Árið 1655 höfðu forstöðumenn félagsins 1000 rd. að launum (Lbs. 86 fol.), og er það mjög hátt kaup eftir verðgildi spesíunnar nú á dögum.

3) Lovsaml. for Isl. I. 253. M. Ket. Forordn. III, 68. Fyrir Hundraðskaupinu verður gerð nánari grein í öðru sambandi.

4) Alþb. 1659 nr. 1 og 1661 nr. 32.

skamti og engum reglum fylgt um vöruverð.[1]) Varð konungur á þeim árunum að fela hinum og þessum að birgja hafnirnar, og mun það hafa verið eftir samkomulagi við félagið sjálft, því flestir þeirra voru gamlir félagsmenn.[2]) Þó veitti konungur um þær mundir tveim utanfélagsmönnum einkaleyfi til siglinga á íslenzkar hafnir. Var annar þeirra *Hans Pedersen Bladt*, einn af helztu kaupmönnum Dana um þær mundir og seinna borgarstjóri í Kaupmannahöfn, en hinn *Jónas Trellund;* var hann ættaður frá Ripum á Jótlandi, en hafði lengi rekið verzlun í Amsterdam. Hinn 30. apríl 1658 fekk Bladt ásamt fleiri mönnum leyfi til að stunda laxveiði og fiskiveiðar í Borgarfirði og Breiðafirði og reka verzlun í Hvalfirði, með því að verzlunarfélagið hefði aldrei siglt á þá höfn, svo að eigi gæti verið um neitt tjón að ræða, þó að hann sigldi þangað, en væri hinsvegar til mesta hagræðis fyrir landsmenn.[3]) Lagði hann skipum sínum við Eyri í Kjós og rak þar verzlun, en hafði eftirlegumann úti á Akranesi til fiskakaupa. Sjást glögg merki þess í bréfabókum Brynjólfs biskups, að hann hefur rekið talsverða verzlun við Bladt á þeim árunum. Hinn 4. okt. 1658 gerði hann samning við eftirlegumanninn um sölu á öllum þeim fiski, sem aflaðist á útvegi biskupsins á Akranesi, og árið eftir pantaði hann hjá Bladt grenivið til tíutíu eða hundrað vætta fram yfir venjulega nauðsyn, og lagði undir við hann að koma því á land á tilteknum stað í Hvalfirði, svo hann mætti láta þar að því ganga »fyrir utan hrifs og klamarí við aðra menn«, eins og hann kemst að orði.[4]) Jónas Trellund hefur fyrst byrjað að reka hér verzlun árið 1659, að því er segir í annálum, og var þá enn búsettur í

---

1) Vallholtsannáll við árin 1659 og 1660. Lbs. 158, 4to og 1210. 4to. Hans Nansen yngri dvaldi þau árin í Hamborg og Glückstað og gerði þaðan út skip til Íslands í nafni þeirra feðga. Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1660—1699. Kbh. 1889. Bls. 420—421.

2) Lovsaml. for Isl. I, 253—257, 260—261.

3) M. Ket. Forordn. III, 66—67.

4) Bréfabók Brynjólfs biskups. Lbs. 1081, 4to. Bls. 72—73 og 381—382.

Amsterdam. Komu það ár 7 skip frá honum hingað til lands, og lágu 3 þeirra í Stykkishólmi og fengu nægan farm aftur um haf. Sjálfur kom Trellund út á litlu skipi, dvaldi hér fram eftir haustinu og lét reisa hús í Bjarneyjum á Breiðafirði.[1]) Árið eftir rak hann enn verzlun hér við land á 7 skipum og fekk þá sérstakt leyfi til að stunda hvalaveiðar við Ísland og kaupa hrogn af landsmönnum. Fylgdi það leyfinu, að hann skyldi mega leita hafnar hvar sem hann vildi á Íslandi og reisa þar hús til að geyma í fisk og lýsi o. s. frv., en eigi var honum þó heimilað að reka verzlun á Íslandi nema með sérstöku leyfi höfuðsmannsins og verzlunarfélagsins.[2])

Þegar hér var komið sögunni reis Íslenzka verzlunarfélagið upp til handa og fóta, því enda þótt það sæi sér eigi fært að gegna skyldu sinni og annast siglingar til landsins eins og vera bar, þá vildi það samt eigi unna öðrum hagnaðarins. Hinn 27. febr. og 5. okt. 1661 rituðu 10 félagsmenn, eða flestir þeirra, sem tekið höfðu þátt í útgerð til Íslands sumarið 1660, konungi bréf og báru sig illa út af einkaleyfum þeirra Bladts og Trellunds, sem þeir töldu fara í bág við hag og réttindi verzlunarfélagsins. Héldu þeir því fram, að einkaleyfi Trellunds væri eigi meira en svo vel fengið, enda hefði hann og marg-brotið það af sér með því að reka svæsnustu launverzlun hér við land sumarið 1660. Hefði hann þá siglt á margar hafnir og keypt upp verzlunarfiskinn, svo að kaupmenn þeirra hefði farið erindisleysu, en hann fengið marga skipsfarma. Fóru þeir þess á leit við konung, að Trellund væri sviftur einkaleyfinu, en réttindi félagsins staðfest, því annars mætti svo fara, að verzlunin drægist aftur úr höndum Dana og fjöldi manna í Kaupmannahöfn biði stórtjón. Undir þetta tóku fulltrúar borgarastéttarinnar og sjómannastéttarinnar með sérstökum bænarskrám, auðvitað

1) Ballarárannáll. Hdrs. J. Sig. 235, 4to.

2) Kgsbr. 18. júlí og 14. ág. 1660. Lovsaml. for Isl. I, 255—256 M. Ket. Forordn. III, 72—75. Smbr. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 9 (Rskjs.).

að undirlagi Hans Nansens, sem þá var orðinn langfremstur í röð íslenzku kaupmannanna og eins konar átrúnaðargoð borgarastéttarinnar.[1]) Trellund svaraði þessu allhvast og þóttist vel kominn að einkaleyfi sínu, hvað sem hinir segði, því hann hefði fengið það með atbeina hollenzku stjórnarinnar og greitt konungi ríflega fúlgu fyrirfram af umsömdu árgjaldi. Auk þess hefði hann hlaupið undir bagga með aðflutninga til landsins, þegar hinir hefði verið frá gengnir og flúnir á náðir Hamborgara með útgerðina þvert ofan í verzlunarsamninginn. Það væri því meiri ástæða fyrir konung að svifta félagið einkaleyfinu, en að rjúfa samninga við sig, sem ekkert hefði til saka unnið, enda væri til þessa frumhlaups stofnað eingöngu í haturs- og öfundarskyni.[2]) Konungur fekk stjórnarforsetunum málið í hendur og fal sérstökum mönnum að rannsaka það og ráða því til lykta í bróðerni, ef unt væri.[3]) Létu þeir uppi álit sitt um málið 17. febr. 1662 og lögðu til, að Íslenzka verzlunarfélagið væri leyst upp og einkaréttindi þess afnumin, enda hefði það sjálft gefið nægilegt tilefni til þess. Einkaleyfi þeirra Bladts og Trellunds skyldi einnig úr gildi numin, en aftur á móti skyldi þeir eiga kost á að taka þátt í nýju íslenzku verzlunarfélagi, ef konungur vildi svo vera láta, og ætti allir félagar þess að vera búsettir í Kaupmannahöfn og reka útgerð þaðan, því velgengni og þrifnaður borgarinnar væri mjög undir því kominn.[4]) Þetta var staðfest með tilskipun 7. marz 1662, og var elzta íslenzka verzlunarfélagið þar með úr sögunni við lítinn orðstír.[5])

---

1) D. Kanc. Dokumenter til Statskollegiets Protokol $^{17}/_{2}$ 1662. (Rskjs.).

2) Gründlicher Bericht warümb die mir allergnädigste gegönnete Jssländische Octroy auff den Rögenhandell und Fisçherey mit recht nicht mag wieder cassiret werden. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 9. (Rskjs.).

3) Lovsaml. for Isl. I, 257—259.

4) Á. M. 381 fol. Smbr. Statskollegiets Protokol $^{29}/_{4}$ 1661 og $^{17}/_{2}$ 1662. (Rskjs.).

5) Lovsaml. for Isl. I, 261—262. M. Ket. Forordn. III, 83.

III.

Verzlun aðalútgerðarmanna (*De fire Hovedparticipanter*. 1662—1683).

Þegar erjum þessum lauk, var Trellund fluttur búferlum til Kaupmannahafnar, svo ekkert var því til fyrirstöðu lengur, að hann gæti tekið þátt í íslenzku verzluninni og öðrum nauðsynjafyrirtækjum Dana, enda lét hann ekki á sér standa, því hann var hinn mesti kaupsýslumaður og gróðabrallari. Hafði hann kynst stórgróðabralli Hollendinga í Amsterdam, sem þá var orðin ein af mestu verzlunarborgum Norðurálfunnar, og séð sitt af hverju. Lét hann sér því eigi alt fyrir brjósti brenna og mun hafa viljað stuðla til þess, að rétta við verzlun Dana, því hún var þá mjög að þrotum komin og alt í kaldakoli eftir ófriðinn við Svía. Hefur hann komið fram með einhverjar tillögur um breytingar á íslenzku verzluninni í það mund, er hann átti í deilunum við félagið, því áður en því máli væri til lykta ráðið, skipaði konungur nefnd manna til að íhuga uppástungur hans, og nokkru seinna (30. marz 1662) var þeim Jónasi Trellund og Hans Nansen boðið að koma fram með tillögur um nýtt íslenzkt verzlunarfélag.[1]) Stóð í samningum um þetta mál fram eftir vorinu og sumrinu, og varð sú niðurstaðan, að hentast mundi og hagkvæmast að víkja nokkuð frá hinni eldri tilhögun og skifta Íslandi í 4 hluta eða kaupsvið, og haga svo til, að jöfnum höndum kæmi í hvern hluta fiskihafnir og sláturhafnir, og fela síðan nokkrum valinkunnum mönnum að reka verzlunina á sína ábyrgð. Það má eflaust gera ráð fyrir því, að Jónas Trellund hafi átt upptökin að þessum nýjungum, en hitt verður eigi séð af þeim gögnum, sem fyrir liggja, hverjar ástæður hafa verið fram færðar fyrir þessari tilhögun.[2]) Var þessu síðan til lykta

1) Lovsaml. for Isl. I, 260—261 og 263—264.

2) Smbr. kgsbr. 2. apr., 30. apr. og 16. júní 1662. Lovsaml. for Isl. I, 264 og 270—271.

ráðið með tilskipun 31. júlí 1662, og tilgreindum aðalútgerðarmönnum (Hoved-Participanter) veitt einkaleyfi til verzlunar á Íslandi í næstu 20 árin. Skyldi þeir hafa sinn fjórðung hafnanna hver til útgerðar og umráða og teljast sjálfir fyrir verzluninni, en heimilt skyldi þeim að taka aðra borgara í félag með sér eftir eigin geðþótta. Aðalútgerðarmennirnir voru að mestu tveir og tveir saman um hvern hluta eða fjórðung, *Hans Nansen* og *Find Nielsen* borgarstjóri um einn hlutann, *Henrik Müller* rentumeistari og *Hans Pedersen Bladt* um annan, *Kristófer Hansen* og *Peder Pedersen* borgarstjórar um hinn þriðja, og *Jónas Trellund* einn um fjórða hlutann.[1]) Það voru engin smámenni, sem Íslendingar voru í hendur seldir með þessari tilskipun, heldur mestu atorkumenn og fjármálaskörungar Dana, þó að misjafnt orð færi af sumum þeirra. Skal því hér í stuttu máli gerð nokkur grein fyrir þeim, áður lengra er haldið.

Af öllum þessum mönnum var *Hans Nansen* langmerkastur, og var hann um þær mundir aðalforvígismaður borgarastéttarinnar og einn af fremstu þjóðskörungum Dana. Hann var fæddur í Flensborg 28. nóv. 1598 og hefur því verið hálfsjötugur eða því sem næst þegar hér var komið sögunni. Sextán ára gamall réðst hann í siglingar norður í höf og fór síðan til Rússlands í verzlunarerindum. Árið 1619 sendi konungur hann í leiðangur norður í íshaf, og þegar Íslenzka verzlunarfélagið var stofnað réðist Nansen í þjónustu þess, og var síðan í förum til Íslands í 18 ár sem fyr segir. Hefur hann sjálfsagt aflað sér óvenjumikillar reynslu og verzlunarþekkingar í þeim skóla, enda var maðurinn námfús og vel gefinn. Árið 1633 gaf hann út rit, eins konar handbók eða leiðarvísi handa farmönnum, sem hann kallaði *Compendium Cosmographicum*, og er það ágrip af stjörnufræði, eðlisfræði, landaskipunarfræði, sjómannafræði, rímfræði

1) Lovsaml. for Isl. I, 277.

o. s. frv. Rit þetta var endurprentað 4 sinnum og hefur því þótt gott á sínum tíma.[1]) Árið 1639 tók Nansen sæti í bæjarstjórn Kaupmannahafnar og varð borgarstjóri árið 1644. Ber það ljósan vott um álit hans og fylgi, því hann var einn af yngstu bæjarfulltrúunum, en fekk þó öll atkvæði til stöðunnar. Um þær mundir var hann orðinn mestu ráðandi í Íslenzka verzlunarfélaginu, og var jafnan úr því talinn fyrir öðrum íslenzkum kaupmönnum, enda stóðu helztu menn á Íslandi í bréfaviðskiftum við hann og leituðu hans í öllum vanda, eins og ljóst er af bréfabókum þeirra Brynjólfs biskups og Eggerts Björnssonar á Skarði. Eftir að Friðrik III. kom til sögunnar urðu sem kunnugt er viðsjár miklar með aðalsmönnum og borgarastéttinni, og þegar Svíar réðust á Kaupmannahöfn, stóð Nansen fram og hét konungi eindregnu fylgi borgarastéttarinnar til að reka þá af höndum sér. Með þessu ávann hann sér náð og hylli konungs og notaði sér það til að auka réttindi borgarastéttarinnar. Þegar ófriðnum var lokið og konungur tók sér fyrir hendur að koma einveldi á í Danmörku, leitaði hann til Nansens um styrk og liðveizlu, og honum var það manna mest að þakka, að konungur fekk vilja sínum framgengt, enda virti konungur það við hann og gerði hann að eins konar yfirborgarstjóra (Præsident) í Kaupmannahöfn. Nansen var þá orðinn vel auðugur maður, enda var hann framúrskarandi hagsýnn og duglegur. Þegar verzlunarfélagið trénaðist upp á siglingunum til Íslands, tók hann sjálfur að sér margar hafnir og rak þar verzlun árin 1660—1662, og þegar stofnað var til breytinga á verzlunni, var hann einn af frumkvöðlunum að því máli.[2]) — Samfélagi Nansens í útgerðinni, *Find Nielsen* borgarstjóri, hafði eigi verið

1) Íslenzkir annálahöfundar á 17. öld virðast hafa stuðst við það er þeir geta erlendra tíðinda. Smbr. aths. sr. Sigurðar Jónssonar í Ögurþingum við Vatnsfjarðarannál (Lbs. 157, 4to). Riti Nansens var snarað á íslenzku af sr. Þórði Sveinssyni í Ögurþingum 1653, og er nú í hdrs. Bmf. 292, 8vo.

2) O. Nielsen: Köbenhavn 1536—1660. I, 214—216. Smbr. Hist. Tidsskr. (dansk). 3. R. I, 131—260.

neilt við íslenzku verzlunina riðinn að undanförnu svo kunnugt sé. Hann var fæddur í Rípum árið 1594, og hefur víst verið frændi Jónasar Trellunds, því ættarnafn þeirra var hið sama, þó að Find Nielsen legði það niður er hann eltist. Hafði hann 12 ára gamall verið sendur til Hamborgar til að mentast þar og kynnast verzlunarstörfum, og var síðan 10 ár í þjónustu Símonar Surbecks hins yngra. Þar eftir ferðaðist hann til Englands, Hollands, Noregs og víðar, og settist að lokum að í Kaupmannahöfn. Árið 1654 gekk hann að eiga dóttur Hans Nansens, og var hún seinni kona hans. Þessar tengdir hafa sjálfsagt orðið þess valdandi, að hann slæddist með í útgerðina, því hann var þá hniginn á efra aldur, kominn fast að sjötugu.[1])

Af öðrum íslenzkum útgerðarmönnum kemur *Henrik Müller* rentumeistari langmest við sögur, en heldur var æfiferill hans mislitur. Hann var kaupmannssonur frá Itzehoe og fæddur árið 1609. Árið 1632 varð hann fjármálaritari konungs (Kammerskriver), og var það allálitleg staða fyrir svo ungan mann, því honum var falin umsjón með konungsfjárhirzlunni. Árið 1641 var hann skipaður tollheimtumaður í Kaupmannahöfn, og lagði þá jafnframt út í mjög víðtækt gróðabrall. Tók hann að sér að birgja flota konungs og skipasmíðastöð að vistum og verkefnum, og var í útvegum um skip til hernaðar í ófriðnum við Svía 1644—1645. Þessi kaupsýsla hans og birgðasala var þó meira en lítið grunsamleg, því hann notaði sér stöðu sína til að fremja tollsvik og aðra óhæfu, og var orð á því gert seinna, að hann hefði dregið sér með þessu móti 260 þús. rd. eða meira. Var hann um þessar mundir í einhverju samlagsbralli við Korfitz Ulfeldt, sem þá var einna mestu ráðandi í Danmörku og hafði fjármálastjórn ríkisins á hendi, og því hélzt honum þetta uppi, enda var hann hinn fífldjarfasti í gróðabralli sínu og lét sér ekkert

1) O. Nielsen: København 1586—1660.

fyrir brjósti brenna. Meðan Korfitz Ulfeldt sat við stýrið var Müller óhætt, og árið 1651 var hann gerður að yfirtollheimtumanni ríkisins og falið vald til að skipa undirtollheimtumenn eftir vild sinni. En þá um sumarið var Korfitz Ulfeldt borinn landráðum og drottinsvikum og dæmdur af lífi, og lá við sjálft að Müller fengi sömu útreið, því nefnd sú, er skipuð hafði verið til að rannsaka mál Ulfeldts, komst á snoðir um svikabrall þeirra og fjárdrátt. Þess var þó eigi langt að bíða að hann kæmist aftur á réttan kjöl. Stjórnin var þá í hinum mestu kröggum og mátti eigi án hans vera, því honum var mjög sýnt um að ráða fram úr vandræðunum og sá ætíð útvegi, þar sem aðrir stóðu uppi ráðalausir. Hann var því eftir sem áður látinn sitja fyrir kaupum á nauðsynjum ríkisins, og konungur leitaði oft til hans í kröggum sínum og reyndist hann mjög ötull og úrræðagóður, enda var hann sannur fjármálasnillingur í aðra röndina. Hann átti drjúgan þátt í einveldisbyltingunni 1660, og var þá um haustið skipaður *rentumeistari* eða eftirlitsmaður og umsjónarmaður ríkisfjárhirzlunnar, og gegnir furðu að hann skyldi komast í þá stöðu eftir alt, sem á undan var gengið. Hélt hann gróðabralli sínu áfram eftir sem áður og var sífelt að færa út kvíarnar. Árið 1652 og 1653 fekk hann einkaleyfi til siglinga til Grænlands og Vesturindía, gerðist meðeigandi í afríkönsku verzlunarfélagi, tókst á hendur að reka námugröft í Noregi o. m. fl. Á hernaðarárunum tók hann að sér nokkrar af íslenzku höfnunum þegar verzlunarfélagið gafst upp, og slæddist með í útgerðina 1662 í samlögum við *Hans Pedersen Bladt*, sem áður er nefndur, enda voru þeir svilar. Var hann þá kominn í tengdir og vinfengi við merkustu borgaraættirnar í Kaupmannahöfn, og vegur hans hjá stjórninni fór dagvaxandi. Hann rakaði saman fé og komst yfir víðáttumiklar jarðeignir í Danmörku, sem hann hýsti mjög vel og seldi í hendur börnum sínum og barnabörnum. Einn af sonum hans var *Kristján Müller*, sem fyrstur varð amtmaður á Íslandi, og

fekk hann til eignar herrasetrið Kattrup á Jótlandi. Sjálfur fekk Henrik Müller aðalstign árið 1674, flutti út á hið nafntogaða herrasetur Dragsholm við Kallundborg og gegndi þá um hríð amtmannsstörfum í þrem ömtum í senn, svo hann var eigi við eina fjölina feldur.[1])

Um þriðja hluta hafnanna voru þeir í samlögum borgarstjórarnir Kristófer Hansen og Peder Pedersen. *Kristófer Hansen* var jafnaldri Hans Nansens, fæddur árið 1598, og komst hann í tollþjónustu á unga aldri. Árið 1620 réðist hann í þjónustu Íslenzka verzlunarfélagsins og var 13 ár í förum til Færeyja á þess vegum, en síðan lengi til Íslands. Árið 1649 varð hann einn af forstöðumönnum félagsins og gegndi því starfi þangað til félagið var leyst upp. Hann hafði áður fyrri verið í kynni við Korfitz Ulfeldt og var einn af þeim fáu mönnum, sem héldu trygð við hann í útlegðinni, en þó hafði konungur mætur á honum og gaf honum árið 1660 í virðingar- og viðurkenningarskyni gullfesti mikla, sem þá var síður heldri manna að bera um hálsinn. Þótti hann merkur maður, og stóð til um eitt skeið að hann yrði dómari í hæstarétti, en hann baðst undan þeim vanda.[2]) — *Peder Pedersen* var fæddur árið 1608 og var framan af æfinni í þjónustu heldri manna, en síðan um hríð í förum til Eystrasaltslandanna. Þar næst tókst hann á hendur umsjónar- og skrifarastörf á Kaupmannahafnarsloti og gegndi þeim af kostgæfni og dugnaði í 15 ár. Þá gerði konungur hann að æðsta rentuskrifara sínum, en árið 1655 varð hann borgarstjóri í Kaupmannahöfn og var þá jafnframt riðinn við ýms meiri háttar verzlunar- og iðnaðarfyrirtæki. Eigi er hans þó getið í sambandi við íslenzku verzlunina um þær mundir. Árið 1658 lánaði tengdasonur hans konungi 140 þús. rd., en það er á aðra miljón króna í voru fé, svo það er auðsætt, að þeir mágar hafa verið vel fjáðir.[3])

---

1) Dansk Biogr. Lex. XI, 582—586.
2) O. Nielsen: Köbenhavn 1536—1660. I. 217—218.
3) O. Nielssen: Köbenhavn 1536—1660. I, 219—221.

Af þessum aðalútgerðarmönnum áttu þeir Hans Nansen og félagar hans að hafa Vestmannaeyjar, Eyrarbakka, Hafnarfjörð, Hofsós og Vopnafjörð með öllum þeim sveitum og býlum, sem lágu til þeirra hafna. Henrik Müller og félagar hans skyldu hafa Hólminn (Reykjavík), Stapa, Búðir, Patreksfjörð, Bíldudal, Eyjafjörð og Húsavík. Þeir Kristófer Hansen og Peder Pedersen áttu að hafa Bátsanda, Keflavík, Ísafjörð, Dýrafjörð, Berufjörð og Reyðarfjörð, og Jónas Trellund Rifið, Kumbaravog, Stykkishólm, Grundarfjörð, Skagaströnd, Reykjarfjörð og Hrútafjörð. Þetta eru samtals 25 hafnir, og er þeim skift þannig niður, að í hvern hluta koma nokkurn veginn jöfnum höndum fiskihafnir og sláturhafnir sem kallaðar voru. Annars bryddir hér í fyrsta skifti á þeirri alræmdu umdæmaskipun, er seinna varð þó enn miklu ítarlegri og þrengri, því nú er það tekið fram sérstaklega, að enginn megi verzla við annan kaupmann en þann, sem falin var útgerð þeirra hafna eða þess umdæmis, sem hann var búsettur í, og sömuleiðis er útgerðarmönnum sjálfum stranglega bannað að seilast inn á kaupsvið félaga sinna með verzlun eða fiskiveiðar, að viðlagðri 1000 rd. sekt, og máttu þeir ekki einu sinni leita hafnar í öðru umdæmi, nema í ítrustu lífsnauðsyn. En þessara takmarkana gætti þó minna meðan verzlunarumdæmin voru svo stór, að hver útgerðarmaður hafði margar hafnir til umráða, sem þar á ofan lágu saman, svo það mátti einu gilda, hvort bændurnir í nærsveitunum sóttu verzlun á þessari höfninni eða hinni eftir hentugleikum, úr því að sami útgerðarmaðurinn rak verzlun á þeim báðum. Þess vegna reis enginn verulegur ágreiningur út úr þessu að svo stöddu, hvorki meðal kaupmannanna sjálfra innbyrðis, né heldur meðal kaupmanna og landsmanna. Hér ráku t. d. sömu mennirnir verzlun á Bátsöndum og Keflavík, svo það skifti engu þó að verzlunartakmörkin á milli þessara hafna væri eigi sem glöggust, og eins var því háttað með Eyjafjörð og Húsavík, Stapa og Búðir o. s. frv., sem svo mikill ágrein-

ingur reis út af seinna meir. En hér er þó í fyrsta skiftið riðið á vaðið með þessa tilhögun, og í 9. gr. tilskipunarinnar er gefið frekar undir fótinn með þetta, því þar er aðalútgerðarmönnunum heimilað að leigja aftur öðrum út frá sér einstakar hafnir. Kom þá til þeirra kasta, að kveða nánar á um verzlunarsvið hafnanna, svo að leigjendur spilti ekki hver fyrir öðrum, og varð þetta til þess að ryðja brautina fyrir hinni þröngu, óþjálu og illræmdu hafna- og umdæmaskiftingu, sem komst á 20 árum seinna. Að öðru leyti eru tekin upp í tilskipunina flest af eldri ákvæðunum um aðflutninga, vörugæði, vog og mæli, alúð og réttsýni í viðskiftunum við landsmenn o. s. frv., og hluttakendum gert að skyldu að reka útgerðina einvörðungu frá Kaupmannahöfn og flytja íslenzku vörurnar til Glückstaðar, en vera svo aftur á móti undanþegnir tollgreiðslu. Fyrir einkaleyfi þetta áttu þeir að greiða 800 rd. af hverjum hluta eða fjórðungi, og auk þess allir í sameiningu 800 rd. af Vestmannaeyjum, þó að Nansen væri talinn þar fyrir, svo það er auðsætt, að þeir hafa bundið eins konar sameiginlegan félagsskap með sér, þó að útgerðinni væri skift þannig í 4 staði, enda er oft og einatt talað um þá sem »Íslenzka verzlunarfélagið«.[1])

Þessi aðalútgerð, ef svo mætti kalla, varð eigi happasæl þegar á alt er litið, því sumra helztu mannanna misti bráðlega við, en hinir lentu flestir í kröggum og erfiðleikum þegar fram í sótti. Þrír af aðalútgerðarmönnunum voru látnir áður en áratugurinn var útrunninn, þeir Find Nielsen (1663), Hans Nansen (1667) og Peder Pedersen (1669). Að vísu bættist dugandi maður í skarðið, *Hans Nansen yngri*, sem tók við af föður sínum. Var hann fæddur árið 1635 og hafði vanist kaupsýslu og farmensku þegar á unga aldri. Hafði hann 17 ára gamall verið sendur til Íslands, og á tvítugsaldrinum var hann ráðinn vetrarsetumaður Íslenzka verzlunarfélagins í Færeyjum. Á

1) Lovsaml. for Isl. I, 277—283. M. Ket. Forordn. III, 99—105.

hernaðarárunum 1657—1660 annaðist hann útgerð til Íslands af hendi föður síns, sem fyr segir, og var síðan í förum þangað til þess er faðir hans andaðist. Árið 1665 gekk hann að eiga dóttur Peder Pedersens borgarstjóra, og tók svo við að fullu af föður sínum og tengdaföður þegar þeir féllu frá. Komst hann smám saman til allmikilla metorða og tók þátt í mörgum opinberum störfum, en var þó eigi jafnoki föður síns.[1]) Þessum mönnum öllum, og svo Kristófer Hansen borgarstjóra, farnaðist sæmilega vel, enda voru þeir kunnugir íslenzku verzluninni frá fornu fari og höfðu flestir reynzluna fyrir sér. Þeir birgðu sig að varningi meðan vel lét í ári og sættu góðum kaupum, en hinir létu reka á reiðanum og komust svo í hann krappan þegar á herti.[2]) Á árunum 1665—1667 stóð ófriður með Hollendingum og Englendingum, og slæddust Danir með í hann og þó nauðugir.[3]) Lék það orð á í Kaupmannahöfn, að Englendingar ætluðu sér að taka Ísland, svo konungur sendi árið 1667 Otta Bjelke út hingað með varnarskip og liðsafla til að verja landið, ef á þyrfti að halda, en ófriður þessi varð ekki langvinnur af Dana hálfu, svo Otti var kvaddur heim aftur hin bráðasta.[4]) Samt sem áður trufluðust mjög siglingar af þessum ófriði, en landsmenn báru sig illa út af því og kvörtuðu um vöruskort, eins og ljóst er af bréfabókum biskupanna og prestastefnusamþyktum frá þessum árum, og þá eigi síður af íslenzkum annálum, sem herma það nær einróma, að Englendingar hafi þá setið fyrir Íslandsförunum dönsku og tekið sum að herfangi, en haft af sumum slíkt er þeim líkaði.[5]) Rýrnaði þá mjög skipastóll útgerðarmanna, sem eigi var mikill undir, og enginn kostur að fá innlend skip

---

1) O. Nielsen: København 1660—1699. Bls. 420—421.

2) Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.). Sambr. Svar kaupmanna við tillögum Gottrups lögm. 29. nóvember 1701. (Lbs. 91 fol.).

3) Smbr. Danm. Riges Hist. IV, 521—524.

4) Lovsaml. for Isl. I, 314—316.

5) Smbr. t. d. Hestsannál 1665 og 1667. Hdrs. J. Sig. 39 fol.

til siglinganna eftir fyrirmælum verzlunarsamningsins, svo kaupmenn urðu hvað eftir annað að fá konungsleyfi til að hafa erlend skip í förum. Að lokum fal konungur stjórninni 4. marz 1669 að taka verzlunarmálið íslenzka til rækilegrar íhugunar og reyna að finna einhverja leið til að ráða bót á vandkvæðunum.[1]) En það mun hafa dregist úr hömlu, því konungur var þá orðinn sinnulítill og hálfgerð óreiða á stjórnarfarinu um þær mundir. Þessir erfiðleikar urðu sumum útgerðarmönnunum að fótakefli, og þá fyrst og fremst Jónasi Trellund, sem hafði færst mest í fang af þeim öllum, enda hafði hann eigi verið við eina fjölina feldur. Flæktist hann smám saman út í margvíslegt gróðabrall og fór áður langt leið að verða mjög valtur í sessi. Gat hann eigi staðið í skilum við skuldheimtumennina, en þeir voru sumir allóvægir og gengu fast eftir sínu. Hinn 23. des. 1667 fekk flotaforinginn nafnkunni Cort Adeler konungsbréf fyrir því, að engan fisk mætti flytja út af höfnum Trellunds á Íslandi fyr en Adeler hefði fengið 1800 sk℔ sem hann ætti kröfu til hjá Trellund, og 25. marz árið eftir gaf konungur út annað bréf þess efnis, að Jónas Trellund hefði skuldbundið sig til að flytja ekkert lýsi eða prjónles af höfnum sínum fyr en Adeler hefði fengið 16. þús. pör af sokkum, sem ætti að koma upp í skuldaskifti þeirra, og ætlaði Adeler sjálfur að senda skip til Íslands eftir þessum vörum.[2]) Hinn 16. des. 1668 gaf konungur enn út bréf og kyrsetti fisk Trellunds á Íslandi, þangað til Adeler hefði fengið 770 sk℔ sem hann ætti kröfu til.[3]) Keyrði þá alveg um þvert bak hjá Trellund. Árið eftir veitti konungur öðrum mönnum verzlunarleyfi á höfnum hans,[4]) og vorið 1670 seldi Trellund Cort Adeler einkaleyfi sitt í hendur fyrir

1) Lovsaml. for Isl. I, 325.
2) M. Ket. Forordn. III, 129, 131.
3) M. Ket. Forordn. III, 134.
4) Lovsaml. for Isl. I, 326—327.

fult og alt, og kemur hann eigi við íslenzku verzlunina upp frá því.[1])

Þegar hér var komið sögunni tók hjá ýmsum stéttum í Kaupmannahöfn að brydda á megnri óánægju út af einkaréttindum þeim, sem konungarnir höfðu að undanförnu veitt ýmsum mönnum á iðnaðar- og verzlunarfyrirtækjum í Danmörku, og farið höfðu meira og meira í vöxt, en þótt eigi vel gefast. Við konungaskiftin 1670 var kveðið upp úr með þetta, enda gengu þá að ýmsu leyti nýjir tímar í garð með þeim nýju mönnum, sem þá komust til valda í stað hinna gömlu, og var Griffenfeld fremstur í flokki þeirra sem kunnugt er. Skömmu eftir að Kristján V. tók við stjórninni, barst honum í hendur skjal eitt, sem fór fram á gagngerðar breytingar á iðnaði, verzlun og viðskiftum ríkisins. Segir þar meðal annars, að rígskorðuð einkaréttindi (Monopolier) sé öllum ríkjum til niðurdreps og bölvunar, og þó einkum verzlunarstéttinni, því þau miði til að auðga fáeina menn, en svifti aftur á móti fjölda manna frjálsri atvinnu. Er dæmi tekið af Íslenzka verzlunarfélaginu, sem áður fyrri hafði veitt mönnum atvinnu svo hundruðum skifti og komið sér upp álitlegum verzlunarflota, en nú síðan hinn fámenni hópur aðalútgerðarmannanna tók við, hafi skipastóllinn hrörnað og orðið að engu, en fjöldi manna mist atvinnu sína og komist á vonarvöl.[2]) Það segir ekkert af því, hvaðan þessar hugleiðingar stafi, en vafalaust eru það þó þær, sem átt er við í skýrslu ræðismannsins brezka í Helsingjaeyri til stjórnar sinnar 30. marz 1670, því þar segir meðal annars, að borgararnir í Kaupmannahöfn hafi farið þess á leit við konung, að Saltfélagið sé upp leyst og öll einkaréttindi afnumin, að leitað sé einhverra bragða til að endurreisa verzlunina, *og að öllum sé heimilað frelsi til að reka verzlun á Íslandi*, þótt eigi sé þeir meðlimir í verzlunarfélaginu.

---

1) Lovsaml. for Isl. I, 329. M. Ket. Forordn. III, 157.
2) Danske Mag. 4. R. IV, 278.

Þar er enn fremur sagt, að konungi sjálfum hafi verið fengið þetta skjal í hendur, en hann síðan afhent það leyndarráði sínu til yfirskoðunar.[1]) Þó að hér sé nú tekið svo til orða eins og menn væri orðnir fráhverfir einokunarstefnunni, þá var það samt ekki svo í raun og veru, enda sést það bezt þegar farið er að athuga þetta nánar, að það var ekki einokunarstefnan sjálf, sem menn hneyksluðust á, heldur hitt, að svo fáir menn tiltölulega urðu þessara einkaréttinda aðnjótandi, því arðvænlegustu fyrirtækin voru um þær mundir í fárra manna höndum og enginn vegur að rjúfa þá skjaldborg.

En hvað sem þessu líður, þá verður samt eigi borið á móti því, að hér kennir þó eins og ofurlítillar viðleitni í þá áttina, að rýmka til um íslenzku verzlunina, og óefað stendur það að einhverju leyti í sambandi við þetta, er konugur fal umboðsmanni sínum við eiðatökuna á Íslandi, Jens Rodsten aðmírál, í bréfi dags 23. apr. 1670, að gefa Íslendingum til kynna í sínu nafni, að hann af konunglegri umhyggju vildi leitast við að bæta hag þeirra að svo miklu leyti, sem tíminn og ástæðurnar leyfðu.[2]) Í opinberum skjölum eiðatökunni viðvíkjandi er ekkert frekar á þetta minst, en af öðrum bréfum og gögnum frá þeim tíma má fullkomlega ráða, að konungur hafi haft í hyggju að gera einhverjar breytingar á íslenzku verzluninni. Rodsten aðmíráll kom ekki út fyr en í þinglok 1670, og sendi þau boð upp á alþing, að allur þingheimur skyldi koma suður að Bessastöðum til eiðatökunnar. Þar tilkynti hann munnlega helztu mönnum landsins, að það væri fullkominn vilji konungs og ásetningur, að Íslendingar tæki hér eftir sjálfir þátt í verzluninni eins og aðrir þegnar hans. Vék hann máli sínu fyrst og fremst til Brynjólfs biskups, því hann var þá langmestur skörungur og atkvæðamaður hér á landi, og bað hann tilkynna þetta

---

1) Danske Samlinger 2. R. III, 35.
2) Lovsaml. for I, 331—332. M. Ket. Forordn. III, 160.

klerkum sínum, svo þeir gæti ráðið það með sér í tíma og sagt til, hve mikið sérhver þeirra treysti sér til að leggja fram eftir efnum og ástæðum. Þetta ítrekaði hann síðan bréflega, en biskup ritaði aftur próföstum og bauð þeim að halda prestastefnur um þetta mál heima í héruðunum og senda sér tilkynningu um úrslitin innan sumarmála næsta vor, svo að alt væri til reiðu þegar kallað yrði eftir á næsta þingi, og lagði hann til við prestana, að þeir vékist vel undir þetta. Andsvör prestanna vellflestra voru þau, að þeir treysti sér ekki til að taka þessu náðarboði vegna fátæktar, og sama mun hafa orðið uppi á teningnum hjá leikmönnum, þó að þess sé hvergi getið.[1]) Þessi

---

1) Biskupasögur Jóns próf. Haldórssonar I, 269—270. Bréf biskups og svar prestanna í Borgarfirði sunnan Hvítár er að finna í Lbs. 101, 4to bls. 306—309, m. h. Jóns próf. Haldórssonar, og eru þau á þessa leið:

Bref Byskupsins M. Brynjolfs til Profastanna og Prestanna í Skalhollts Stypte um Tillag uppa kaupskip (sic!) og höndlan til annarra landa Anno 1670.

Hier med ydur heidurleger kiennemenn, Elskuleger Viner og Brædur i Christo, vinsamlega og alúdlega ávysande, ad nú i sumar ed var ad Samfunde á Bessastödum feck eg tilsögn, ordu og ávysan af Erlegum, Velburdugum og Háedla Hr. Admiral Jens Rodstehn, i þann tyma Kongl. Majst. Commissario hingad til Jslandz, ad ávysa og tilseigia heidarlegum kennedómi þessa Styfftis, ad Hans Kongl. Majst. vors Allranádugasta Herra og Konungz fullkomligur vilie og ásetningur væri, að koma þessu fátæka landi til ad hallda nockra kauphöndlan til annara landa, so sem önnur Hans Kongl. Majst. undergiefin lönd hafa og hallda. Hvar fyrer Hr. Admiralsens orda og tilsögn var sú til myn, fyrst personulega þar á Bessastödum, sem skrifað er, sydan Brefleg endurminning þess hins sama affur fra Bessastödum under hans afsigling, ad eg þennan Kongl. Majst. vilia ávysadi og tilsegdi kennedominum þessa Styfftis, so hann mætti tymanliga umþeinktur vera fullkomlega og endilega resolution og andsvar hier uppa fra sier ad giefa, og hingad til myn ad senda med vissum taxta, hvað sier hvör kennemadur treystir sier til efter synum efnum hier til ad leggja, og i hvörium peningum, hvar og hvónær þetta útlag af sierhvörium kennemanne rykare edur fátækare efter hvörs efnum afleggiast og framkvæmast skylldi. Þvi er myn alvarlig tilsögn, efter yfirvaldsins skickan, ad sierhvor Profastur i þessu Stifte byrte synum Hieradzprestum tymanliga þennan Kongl. Majst. vilia og Hr. Admiralsins tilsögn, og setie sydan hier uppá Prestastefnu og taxere þar sierhvörn kennimann profastsdæmisins, uppteiknandi þar þa, hvad mikid, i hvóriu, hvar og nær sierhvór treyster sier til efter synum efnum i þennan commun og capital út ad leggia og sendist þad registur af þeim handskrifad vid votta hingad til Skálhollts, sem fyrst möguligt er innan Sumarmála, so hvónær sem andsvarid verdur útheimt, þa sie þad hier til reidu ádur undankomid so ei þurfe i grafgötur efter þei sydan ad fara, kennedomenum til mynkunar og misþeinkingar; mitt rád og tillögur eru, ad aller kennemennernir snúest hier vel og hlydugliga vid, sierhvör efter synum efnum, því þetta synist nádugt og landenu nytsamligt, so óvyst er hvört betur færi, þo adrar nyungar og uppsetningar yrde uppa

fyrirætlun varð því að engu, enda óvíst hvernig farið hefði, þó að landsmenn hefði lagt eitthvað af mörkum í þessu skyni, því litlu mundu þeir hvort sem var hafa ráðið um verzlunarreksturinn og orðið að eiga alt undir öðrum. Dæmin voru heldur eigi svo glæsileg, sem þeir höfðu fyrir augum sér um þessar mundir, því verzlun sumra aðalútgerðarmannanna varð ærið endaslepp. Jónas Trellund var orðinn öreigi sem fyr segir og genginn úr skaftinu þegar hér var komið sögunni, og fleiri fóru nú að verða valtir í sessi. Hans Pedersen Bladt var tekinn að eldast og orðinn heilsutæpur, svo hann varð að eiga mest undir öðrum, enda beið hann hvert tjónið á fætur

---

bodnar, sem verda má ad til sieu verde þessu ecke med hlydne og audsveipne vidlitid. Gud hialpe oss og þessu fátæku landi og þess Jnnbyggiurum komnum og ókomnum.

Skalhollti d. 9. octobr. 1670. Brynjolfur SS. R. eh.

Andsvar Profastsins og Prestanna i Borgarfyrde fyrer sunnan Hvytá her uppa til Hr. Byskupsins Anno 1671.

Göfugum, Heidurlegum og Hálærdum Herra M. Brynjolfe SS. Byskupe yfer Skalhollts Stiffte, vorum Ehruverdugum andlegum födur og yfermanne, óskum og af alhuga árnum vier underskrifader fridar og farsælldar, náðar og blessunar af Gudi födur fyrer Jesum Christum i huggan og helgan Heilags Anda.

Nærst beztum blessunar óskum og hiartanz þacklæti fyrer margtiedar födurlegar velgiörder, hvoriar best mune og umbune Drottinn Dyrdarinnar, ad tillagdre vorri hlydne, hollustu, trú og undergefne effter fátækligum mætti og atburdum, auglysum vier ydar Herradóm, ad effter ydar breflegri tilsögn erum vier underskrifadir saman komnir ad Heste i Bæarsveit Anno 1671 d. 6. Aprilis þangad bodadir af Heidurlegum vellærdum kiennemanne Sr. Halldore Jonssyne Profasti i Borgarfyrdi ad sunnan til samþickilegra andsvara uppa ydar Herradóms Bref, profastenum og oss tilskrifad, hvörs Jnnehalld sierlegasta er oss ad auglysa munnlega og brefliga ordu og tilsögn Háedla Hr. Admiralsins og Kongl. Majst. Commissarii Jens Rodstehns til ydar Herradöms, einkum ad Kongl. Majst. vilie væri, ad koma þessu landi til ad hallda nockra kauphöndlan til annarra landa, og þann sama Kongl. Majst. vilia ad auglysa kennedomenum Styfftessins, hvar fyrer ydar Herradómur hefur proföstunum uppá lagt prestana saman ad kalla, og þa taxera, effter því sem hvör treystir sier til i þann commun og capital út ad leggja. J fyrstu vilium vier med audmykt og undergefni vors Hátt-achtande Yfervallds ástud og gódvilld i þessu tilbode med hiartanz þacklæti medtekid hafa, enn hliótum ydar Herradóm einfalldlega vorn vanmátt og formegunarleysi ad tiá og auglysa, ad vier fátækir kennimenn siáum oss ecki færa um vera áhrærd peninga útlög til neinnra rida ad giöra, so þar af meige tals verdur commun edur capital verda til framkvæmdar nockrar nytsamligrar kauphöndlunar til annara landa, sem vier og vonum ydar Herradóm mune synast, nær álytid vort fátækt tilstand og hattalag, hvört vier i ydar födurligu trausti nú skrifliga tiáum. Telium því i fyrstu so fyrer oss varid vera, ad lytil

öðru. Gekk því mjög af honum fé á næstu árunum og ekkja hans komst í basl mikið þegar hans misti við (1677).[1]) Og ekki fór betur fyrir svila hans og samfélaga Henrik Müller, því nú var tekið að rifja upp gamlar syndir hans og annara, og kom þá margt á daginn, sem áður hafði verið gleymsku hulið eða að minsta kosti legið í þagnargildi. Kom það upp úr dúrnum, að hann skuldaði ríkinu 130 þús. dala, og þar á ofan var hann dæmdur í stórsektir fyrir misendisbrellur ýmsar, svo hann átti sér eigi framar viðreisnar von.[2]) Um sömu mundir (1679) andaðist Kristófer Hansen borgarstjóri, og var þá enginn eftir af hinum fornu útgerðarmönnum.

---

edur nær eingin sieu vor arfagotz, litlar embættis Jnntektir, þar sumir ad sönnu hallda Beneficia, þad med stadanna og kyrknanna vöktun og ábyrgdar hluta vördslu litlir sumir máskie, adrir ábylis Jördina fry, og stendur þar, edur liens Jörd eina og adra til upphelldis sier, fá heytolla, litlar og fáar tyunder af bænda Jördum, enn öngvar hvörki af Kongz Jördum nie kyrkna, sem i sumra Sóknum eru, þott meinum lög tilstanda, almennilegar óhægðir og báginde vors biargræðis af ymsum áttum og tilferlum, ad nordan Hafysum, ad sunnan Hretvidrum, sumurin stutt, veturnir langir, nú grassbresturinn, þa nytingarleysid, hier hagaskortur og jardbönnin, þar hardvidre, hrydir og hrakningar, bætast á Jlldyre, hungur og hordaude hiarda vorra og fienadar, enn af efterstödunum hliótum vier ad taka almennar og árlegar skullder, kost og kaup vorra hiúa og þienara, hvört nú er so hátt upp stygid yfer gamlann og sanngiarnligann máta, sem sialfir nærri gietid, og fyrer allt þetta nú ad so stöddu oss þessa hieradz fátæka presta uppa peninga og formegun ad taxera synist óvænt horfa, med því og ad enn tvylum fyrer fienadarins óáran hvad vorts biargrædis ástæda verda mune ad þeim efnum i vor edur komande sumar, þott gud lieti oss lifa til, hvad vier hans födurlegri milldi og fyrerhyggiu byfölum, treystande hiartanliga vors Háyfervaldz millde til ad þyrma enn þa vorri fátækre stiett og öllu því oss tilheyrande, er ádur veranda lofligra Konga Majst. hefur inn i sinnar nádar vernd og forsvar tekid i synum verndar Brefum vid fátækann kennedóm, fyrer hvöria kongliga nád og milldi oss aumum Hans Majst. undersátum rykulega veitta og halldna vier af hiarta þöckum þeim eilyfa gudi, konge allra konga, so og Háborinne Kongl. Majst. födurlegu forsvare og náduglegri vægd. Petta vort audmiúkt andsvar og einfallda afsökun bidium vier med undergiefne ydar Herradóm ad fyrergiefa og til bezta ad virda, hier med og öllu framar ydar Herradóm og virduglegann varnad siálfum gudi hiartanliga befalande nú og æfinliga i Jesu nafne. Anno, die et loco ut supra.

(Underskrifud nöfn)

Halldor Jónsson. Helge Grymsson. Hannes Biörnsson. Jon Grymsson. Benedict Petursson. Helge Jónsson. Eirekur Eyolfsson.

1) O. Nielsen: Köbenhavn 1660—1699. Bls. 429—430.
2) Smbr. Dansk Biograf. Lex. XI, 586.

Ofan á þessar hrakfarir sumra helztu útgerðarmanna bættust erjur og rekistefna út af verzluninni og siglingunum, því íslenzku kaupmennirnir höfðu erlend skip í förum og erlendan varning á boðstólum, hvað sem verzlunarsamningnum leið, og mun konungi eigi hafa þótt vel gefast þessi fámenni útgerðarhringur, enda var hann fastráðinn í að breyta eitthvað til um verzlunina þegar einkaleyfi þeirra félaga væri útrunnið. Hefur konungur viljað hafa tímann fyrir sér í þessu efni, því 12. febr. 1680 gaf hann út bréf þess efnis, að allir þeir, sem taka vildu framvegis þátt í íslenzku verzluninni, þegar einkaleyfisfresturinn væri útrunninn við árslok 1682, skyldi gefa sig fram við Bartholomæus Jensen borgarstjóra innan árs og dags, og koma síðan á félagi með sér í þessu skyni. Hét hann þeim ýmsum hlunnindum þegar í stað, sem ganga vildu að þessu boði, en setti það jafnframt sem ófrávíkjanlegt skilyrði af sinni hálfu, að eingöngu væri höfð innlend skip í förum og engar erlendar nauðsynjar að keyptar, sem unt væri að fá í Danmörku, að viðlagðri upptekt skips og farms auk sekta.[1]) Það er auðsætt, að konungur hefur tekið uppástunguna frá 1670 til greina og viljað haga svo til, að sem flestir af þegnum hans gæti tekið þátt í íslenzku verzluninni. En það reyndist ekki svo auðhlaupið að þessu þegar til kom, því sumir af aðalútgerðarmönnunum, svo sem Hans Nansen yngri, voru þá miklu ráðandi í Kaupmannahöfn og hafa sjálfsagt eigi viljað láta hina og þessa hrifsa frá sér íslenzku veszlunina, en hins vegar mun eigi hafa þótt tiltækilegt að ráðast í félagsstofnun án þess að þeir væri með, því bæði voru þeir sumir efnum búnir öðrum framar og höfðu þar á ofan langmesta reynzlu í þessari verzlunargrein. En áður þeir gæfi kost á hluttöku sinni, gerðu þeir kröfu til þess að kaupsetningunni væri breytt, og báru því við, að erlendur varningur hefði stigið svo í verði, að eigi gæti

1) Lovsaml. for Isl. I, 376—377. M. Ket. Forordn. III, 185.

komið til nokkurra mála að verzla lengur eftir kaupsetningunni frá 1619. Konungur veitti þeim áheyrn um þetta, en vildi þó eigi ráða neinu til lykta um það að Íslendingum fornspurðum. Kvaddi hann því utan 4 menn af Íslandi sumarið 1682 til að semja við kaupmenn um þetta, en tími vanst þá eigi til að gegna því, svo ekkert varð af utanför þeirra fyr en sumarið eftir.[1]) Bæði af þessum sökum og svo hinu, að eigi rættist greiðlega úr félagsstofnuninni, var aðalútgerðarmönnunum falið að halda verzluninni áfram í sama horfinu til ársloka 1683, en frestinum skyldi varið til að ráða fram úr öllum vöflum og vandkvæðum. Hafði konungur 13. maí 1682 ítrekað heit sitt um hlunnindi og einkaréttindi þeim til handa, sem gerast vildu félagar, og kveðið nánar á um skilmálana, en það kom fyrir ekki.[2]) Hinn 5. des. 1682 gaf konungur enn á ný út bréf um stofnun verzlunarfélags og fal 4 nafngreindum mönnum á hendur að koma því á laggirnar, safna hluthöfum og semja reglugerð, en auðsætt er þó af bréfinu, að konungur hefur eigi búist við að þetta gengi greiðlega, því hann leyfir þeim fyrst í stað að leigja út frá sér einstakar hafnir meðan eigi sé svo mikið fé fyrir hendi, að félagið geti sjálft tekið að sér alla útgerðina í heild sinni.[3]) Jafnframt þessu var það talið nauðsynlegt, að skipa sérstakan *landfógeta* á Íslandi og fela honum eftirlit með umskiftum og afhendingu á verzluninni og öðru þar að lútandi, svo að engum væri gert rangt til.[4]) Var *Kristófer Heideman* kvaddur í þá stöðu og falið að virða hús og aðrar eignir kaupmanna, þegar hann kæmi til Íslands, og hafa nákvæmar gætur á verzlun

1) Lovsaml. for Isl. I, 386—387. M. Ket. Forordn. III, 192. Smbr. Alþb. 1682 nr. 51 og 1683 nr. 3 og 49.

2) Lovsaml. for Isl. I, 387—393. M. Ket. Forordn. III, 193.

3) Lovsaml. for Isl. I, 395—396. M. Ket. Forordn. III, 202. Mennirnir, sem þetta var á hendur falið, voru þeir Bartholmæus Jensen borgarstjóri, Henrik Höyer assessor, Morten Nielsen bæjarfulltrúi og Thomas Jensen Dobbelsteen.

4) Lovsaml. for Isl. I, 396—397.

og viðskiftum þar í landi.[1]) Árið 1683 gekk því alt til undirbúnings og samninga viðvíkjandi þessum verzlunarumskiftum, og rættist að sumu leyti nokkuð einkennilega úr því máli að lokum. Stjórninni tókst eigi að fá neina af þeim, sem kunnugir voru íslenzku verzluninni, til að taka þátt í félagsstofnun nema með því skilyrði, að heitið væri sérstöku skattfrelsi og afgjald eigi hækkað frá því sem áður var (4000 rd.). Þetta leizt stjórninni óaðgengilegt í alla staði, svo hún hætti við félagsbraskið og tók upp nýjan sið. Var opinbert uppboð látið fram fara í Kaupmannahöfn á íslenzku höfnunum, og þær boðnar upp tvær og tvær saman til 6 ára. Niðurstaðan varð sú, sem engan hafði grunað, að kaupmenn buðu nær helmingi meira afgjald en áður, eða 7380 rd. fyrir allar hafnirnar. Þetta var samþykt með konungsúrskurði 26. jan. 1684 og málinu þar með til lykta ráðið.[2])

IV.

Umdæmaverzlunin *(Separathandelen.* 1684—1732).

Þegar búið var að leysa hnútinn með því að halda opinbert uppboð á íslenzku höfnunum, gaf konungur út nýtt einkaleyfisbréf (Oktroi) 29. jan. 1684, og var þar kveðið nánar á um skipulag á verzluninni og skilyrði af konungs hálfu. Voru þau að mestu hin sömu og áður, nema að því leytinu til, að verzlunarumdæmin voru hér talsvert þrengri en áður, af því að hafnirnar komu í fleiri staði, og enn strangara bann og refsingar lagðar við öllum

1) Lovsaml. for Isl. I, 398—403.

2) Lovsaml. for Isl. I, 404. Smbr. Hdrs. J. Sig. 117, 4to bls. 7 (Regesta VIII). Skattfrelsi það, sem hér um ræðir, á við undanþágu frá sérstökum aukaskatti (Consumtion), sem á var lagður um þessar mundir og þótti býsna þungur.

brotum. Hver kaupmaður skyldi eingöngu halda sér við þær hafnir, sem honum voru slegnar við uppboðið, og ekki undir neinu yfirskini seilast inn á umdæmi annara hafna til að fiska þar eða pranga í laumi á víkum og vogum, eða leitast við á nokkurn hátt að lokka eða laða kaupunauta annara umdæma til verzlunar við sig, að viðlögðum 1000 rd. skaðabótum til leigjandans og 500 rd. sekt að auki. Færi svo, að kaupmenn neyddist til að leita hafnar í öðru umdæmi sakir illviðra eða óviðráðanlegra atvika, þá máttu þeir eigi rjúfa búlka eða reka neina verzlun í laumi, heldur skyldi þeir leggja út aftur svo fljótt sem unt væri. Einnig var landsmönnum stranglega bannað að reka verzlun utan þess umdæmis, sem þeir voru búsettir í, og varðaði aleigumissi og æfilanga þrælkun í járnum á Brimarhólmi. Að eins var sú tilslökun á þessu gerð, að ef skip týndist í hafi eða sigling teptist á einhverja höfn, eða og ef svo kynni að fara, að eigi fengist þar nýtilegur varningur, þá skyldi landsmönnum heimilt að leita á nágrannahafnirnar og kaupa þar nauðsynjar sínar til næsta árs. Auðvitað var landsmönnum stranglega bönnuð verzlun við alla aðra en þessa nafngreindu kaupmenn, hvort heldur væri á sjó eða landi, að sömu refsingum viðlögðum. Hafnirnar voru leigðar þannig, að sláturhafnir og fiskihafnir voru látnar fylgjast að jöfnum höndum eins og áður, þar sem því varð við komið, en annars voru þær spyrtar saman 2 eða 3 eða fleiri eftir því sem á stóð og leigðar sama manninum, en hann mátti svo aftur leigja öðrum út frá sér eina höfnina eða fleiri, ef hann þóttist sjálfur eigi fær um að hafa þær allar undir í einu eða vildi dreifa áhættunni. Að eins tvær af höfnunum voru leigðar út af fyrir sig og hvor í sínu lagi með sérstöku afgjaldi, Vestmannaeyjar og Eyrarbakki, og leigði Hans Nansen þær eins og áður og hafði að auki Hafnarfjörð og Hofsós.[1]) Þegar búið var að ganga frá þessu, kom

1) Lovsaml. for Isl. I, 406—413.

að því að semja nýja kaupsetningu, og var Hans Nansen og tveim mönnum öðrum falið að ganga frá henni í samráði við íslenzku fulltrúana.[1]) Var hún í ýmsum greinum Íslendingum óhagstæðari en hin fyrri og öll refsingarákvæði ítrekuð og brýnd sem rækilegast fyrir landsmönnum.[2])

Það bar enn til nýlundu um þessar mundir, að kaupmenn tóku árið eftir á leigu jarðabókartekjur konungs af Íslandi til næstu 5 ára. Hafði áður sá siður haldist lengst af, að hirðstjórarnir og höfuðsmennirnir tæki landið alt á leigu með sköttum og skyldum fyrir ákveðið gjald, en nú var þessu breytt er Henrik Bjelke féll frá. Skyldi kaupmenn greiða konungi 8 rd. 2 sk. fyrir hvert skꝛ af fiski, er inn kæmi í vissar og óvissar tekjur.[3]) Með þessari ráðstöfun náðu kaupmenn eins og gefur að skilja enn þá meira tangarhaldi á landsmönnum, enda voru þeir ófúsir á að sleppa því aftur. Þegar leigufresturinn var útrunninn árið 1690, fóru þeir þess á leit við stjórnina, að þeir fengi að halda jarðabókartekjunum 6 árin næstu gegn hæfilegu eftirgjaldi, án þess að stofnað væri til uppboðs á þeim, eins og gert hafði verið ráð fyrir, og báru það fyrir sig, að einhverjir kynni að verða til þess að sprengja afgjaldið upp úr öllu valdi að eins til þess að geta rekið launverzlun á Íslandi, því eigi mundi verða hjá því komist að leyfa þeim hinum sömu að senda skip til Íslands árlega til að sækja leigur og landskuldir.[4]) Það er auðsætt af þessu, að kaupmenn hafa stefnt að því að gera þessa innheimtu að einokaðri tekjugrein alveg eins og verzlunina. En stjórnin var nú einu sinni komin á það lag, að láta menn keppa um þessi hlunnindi, og þótti það arðvænlegast, enda vék hún eigi frá því að svo stöddu. Varð Heideman landfógeti hæstbjóðandi með 5730

1) Lovsaml. for Isl. I, 413—414. Smbr. M. Ket. Forordn. III, 205.
2) Lovsaml. for Isl. I, 415—425. Smbr. M. Ket. Forordn. III, 209.
3) Lovsaml. for Isl. I, 438—440.
4) Hdrs. J. Sig. 117, 4to bls 15. (Regesta VIII).

rd., og hlaut hann því hnossið til næstu 5 ára.[1]) En árið eftir seldi hann það af hendi við Tómas Jensen Dobbelsteen og Mads Christensen, er verzlun ráku í Hólminum og víðar hér syðra um þær mundir, fyrir 6040 rd. að sagt var.[2]) Var þá enn á ný í einn stað komið, og var Andrési Ívarssyni Ravn, sem verið hafði undir- og yfirkaupmaður í Grindavík og Bátsöndum, falið að hafa umsjón með innheimtunni og útgerðinni, og þegar Heideman landfógeti fór alfarinn af landi brott árið 1693, skipaði hann Andrés Ívarsson í sinn stað í landfógetaembættið.[3]) Voru þá kaupmenn orðnir að mestu einráðir um alla stjórn landsins, að minsta kosti í fjarvist og forföllum Müllers amtmanns, og áttu þannig að hafa eftirlit með sjálfum sér og verzluninni, því svo var boðið í erindisbréfi landfógeta.[4]) En þó færðu þeir sig enn meira upp á skaftið áður langt leið. Árið 1695 tóku þeir Christen Nielsen yfirbryti konungs (Kökkeninspektör), Matthias Rasmussen rentuskrifari og Andrés Ívarsson tekjur landsins á leigu til næstu 10 ára með 6100 rd. afgjaldi.[5]) En Andrés Ívarsson, sem einn var kunnugur hnútunum, andaðist þá um vorið á Bessastöðum,[6]) svo hinir þóttust í ærnum vanda staddir og leituðu eftir að fá Knud Storm, kaupmann í Hafnarfirði, og Peter Wielandt, sem verzlun rak á mörgum höfnum hér við land um þær mundir, í félag með sér, en Knud Storm færðist undan nema því að eins að þeir fengi Müller amtmann í félagið með *á laun*, og varð það úr á endanum.[7]) Batnaði þá sízt hagur landsmanna, því kaupmenn syðra höfðu Müller amtmann alveg í vasanum og réðu um hríð öllum léna- og sýslu-

1) Lovsaml. for Isl. I, 488—493.
2) Smbr. Hirðstjóraannál Jóns próf. Haldórssonar. Safn t. s. Ísl. II, 778.
3) Alþb. 1694 nr. 9. Smbr. Hirðstjóraannál. Safn t. s. Ísl. II, 779.
4) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 402 § 9.
5) Lovsaml. for Isl. I, 517—519.
6) Smbr. Hirðstjóraannál. Safn t. s. Ísl. II, 779.
7) Smbr. skýrslu Gottrúps lögm. 20. jan. 1702: *Underdanigst Beretning om Islands Indkomsters Oppebörsel for sidste Forpagtning.* Skjöl Gottrúps frá fyrri ferðinni. nr. 47. (Lbs. 50 fol.).

veitingum hér á landi. Tóku þeir upp þann sið, að láta þá fá sýslurnar og umboðin, er mest buðu í festugjald, án þess að hirða nokkuð um dugnað, hæfileika eða mannkosti. En verst urðu menn þó úti í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þóttust konungsbændur þar um slóðir ærið hart leiknir, því jarðabókarleigjendur fjölguðu konungsbátum úr 15 upp í 80—90 eða jafnvel 100 og juku svo kvaðir og mannslán, að hændur fengu eigi undir risið.[1]) Varð efnahagur manna þar um slóðir svo bágborinn við þetta, að engu tali tók, og réttu sveitirnar eigi við aftur fyr en eftir nokkra mannsaldra.

Þegar stjórnin tók upp þá venju, að skifta landinu niður í sérstök kaupsvið eða verzlunarumdæmi (Handelsdistrikter) og selja þau í hendur einstökum mönnum, láðist henni að greina svo takmörk þeirra, að eigi væri um að villast, og var þó slíkt mjög æskilegt eða öllu fremur óhjákvæmilegt, þar sem refsingar miklar lágu við, ef kaupmenn seildust inn á viðskiftasvið nágrannahafnarinnar eða landsmenn ráku lítilsháttar verzlun utan sinnar kaupsveitar. Hefur stjórnin eflaust gengið út frá því, að gömul venja segði til um þetta, en svo var þó eigi með allar hafnirnar. Allvíða hagaði svo til, að héruð eða bæir lágu svo á takmörkum tveggja sýslna eða kaupsveita, að eigi mátti á milli sjá, hvort sókn ætti að réttu lagi til þessarar hafnarinnar eða hinnar, enda höfðu hlutaðeigandi hændur rekið verzlun sitt á hvað frá alda öðli og enginn skift sér af, en nú fóru kaupmenn að halda ríkar utan að sínu, eins og eðlilegt var með þessari tilhögun. Þá var og einnig svo háttað á sumum stöðum, að hændur áttu miklu skemri sókn og hægri aðstöðu til verzlunar í því umdæminu, sem þeir voru eigi búsettir í o. s. frv. Reis oft og einatt ágreiningur út af þessu milli kaupmanna og stundum jafnvel málaferli. Þannig hniptust Bátsanda- og

1) Skýrslur og tillögur Gottrúps lögm. 26. okt. 1701. Skjöl Gottrúps frá fyrri ferðinni nr. 15 (Lbs. 50 fol.). Smbr. A. M. Embedsskrivelser. Udg. af Kr. Kålund. Kbh. 1916. Bls. 181—186.

Keflavíkurkaupmenn lengi vel á um nokkra bæi í Útskálasókn, sem rekið höfðu að undanförnu verzlun sitt á hvað án þess að tekið væri til þess. Skutu þeir málinu til stjórnarinnar í kring um 1690, en hún veitti þann úrskurð, að svo skyldi standa, sem verið hefði að undanförnu. Þeir voru því engu nær og héldu málinu til laga. Varð hin mesta rekistefna út af þessu, þinghöld og eiðatökur þar syðra, en ekkert hafðist upp úr því annað en það, sem var á allra vitorði, að bæir þessir hefði rekið verzlun jöfnum höndum á báðum höfnunum, og var loks kveðinn upp sá dómur í hæstarétti árið 1693, að svo skyldi einnig standa hér eftir. En hlutaðeigandi bændur voru mjög illa settir meðan deila þessi stóð.[1]) Á Snæfellsnesinu varð deila milli Rifs- og Stapakaupmanna um Öndverðarnesið, og var úrskurðað 1686 að það skyldi fylgja Stapaumdæmi, en öfugur þótti mörgum sá úrskurður og miklu óhægra fyrir bændur og búðsetumenn að sækja þaðan til Stapa en til Rifshafnar, enda voru kaupmenn lengi síðan að bítast um þetta, því báðum þótti slægur í hverfinu vegna sjávarafurðanna.[2]) Þá voru og takmörk Hofsóssumdæmis nokkuð óviss beggja vegna, því bændur á austanverðum Skaga ráku oft og einatt verzlun í Höfðakaupstað, þó að búsettir væri í Hofsóssumdæmi, og hitt var algengast, að bændur úr Héðinsfirði og Siglufirði ræki verzlun í Hofsós, þó að þeir ætti að réttu lagi sókn til Akureyrar, enda var hitt miklu hægra fyrir þá, og reis að vonum ágreiningur út af þessu milli kaupmannanna.[3]) Annars var ekki eftir miklu að slægjast þar sem Héðinsfjörðurinn var, því hann lá öðru hvoru í eyði og voru þar um aldamótin 1700 eigi nema 2 manneskjur eftir á

---

1) Smbr. Procesakterne i en Sag mellem Boesands og Kieblevigs Besejlere 1692—1693. Thott 1297 fol. (Kgsbókhl.). Eftirrit í Lbs. 322 fol.

2) Thott 1297 fol. bls. 183. Lbs. 322 fol. bls. 89—90. Smbr. Á. M. Embedsskr. Bls. 481.

3) Vottorð þingsóknarmanna á Spjaldhagaþingi 25. ág. 1696. Þingbók Eyjafjs. 1694—1699 (Þjskjs.). Smbr. Bréf frá Lauritz sýslum. Scheving til stiftamtm. 25. sept. 1721. (Þjskjs. A 88 I).

lífi, sem eigi höfðu komist á brott vegna snjóa.[1]) Í Húsavíkurumdæmi voru bændur mjög illa settir í Svalbarðs- og Sauðanessþinghám, því þeir áttu mjög langan og erfiðan veg að sækja til Húsavíkur, en aftur á móti var skemra miklu og auðsóttara til Vopnafjarðar. Sátu því margir heima í kauptíðinni, en sumir ráku verzlun til Vopnafjarðar hvað sem takmörkunum leið. Út af þessu reis auðvitað ágreiningur með kaupmönnum í kring um 1690, en samdist þó í bróðerni fyrir milligöngu Heidemans landfógeta o. fl. manna, því Húsavíkurkaupmaður þurfti að öðru leyti að eiga talsvert undir góðvild Vopnafjarðarkaupmanns. Bundu þeir það fastmælum 20. febr. 1691, að bændum öllum úr Svalbarðs- og Sauðanessþinghám skyldi heimilt að reka verzlun til Vopnafjarðar, af 16 bæjum samtals, sem allir eru tilgreindir. Aftur á móti skyldi Húsavíkurkaupmanni heimilt að leita hafnar í Vopnafirði, ef ís væri fyrir Norðurlandi, og reka þaðan verzlun við aðra bændur í Húsavíkurumdæmi eftir því sem til næðist, en eigi mátti hann verzla neitt við bændur í Vopnafjarðarumdæmi að viðlagðri 1500 rd. sekt.[2]) Hélzt sú tilhögun óbreytt upp frá því meðan umdæmaverzlunin stóð.[3]) Á líkan hátt var því farið um vestlægustu héruðin í Árnessýslu eða þær sveitirnar, sem lágu vestan Sogs og Hvítár, Grafninginn, Ölfusið og Selvoginn. Höfðu þær jafnan áður rekið verzlun sitt á hvað eftir atvikum, til Hafnarfjarðar, Grindavíkur eða Eyrarbakka, þó að þær ætti að réttu lagi verzlunarsókn til Eyrarbakka. Var því enginn gaumur gefinn fyr en umdæmaverzlunin hófst, en þá reis óðar ágreiningur út af þessu og hann eigi lítill. Stóð svo árum saman, að kaupmenn voru að togast á um þessar sveitir, taka þingsvitni og réttarpróf í málinu og láta á víxl sýslumann banna þeim verzlunarsókn á

1) Smbr. Thingsvidner og Attester om Islands kummerlige Tilstand. Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 31. (Lbs. 50 fol.).
2) Thott 1297 fol. bls. 189—195. Lbs. 322 fol. bls. 93—96.
3) Smbr. Þjskjs. A 47b.

nágrannahafnirnar, en alt stóð þó við sama, og nutu sveitirnar góðs af því að sumu leyti.[1])

Eins og geta má nærri leitaðist hver kaupmaður við eftir föngum að skara eld að sinni köku, og þótti eigi trútt um að sumir seildist um öxl til nágrannans og reyndi á allar lundir að draga frá honum viðskiftamenn, ef nokkur tök voru á. Árið 1690 kærði Mads Christensen Húsavíkurkaupmaður yfir því, að bræður tveir, sem ráku verzlun í annara þjónustu á Akureyri og Vopnafirði, gerði sér ýmsar skráveifur og seildist inn á verzlunarsvið sitt frá báðum hliðum. Hafði annar þeirra reynt að krækja frá honum viðskiftamenn að austanverðu með því að senda þeim tóbak og brennivín og heita þeim öllu fögru, en hinn útvegaði sér vottorð frá almenningi í vesturhlutanum (Svalbarðsströndinni?), sem átti víst að sýna það og sanna, að þeir væri miklu betur settir með verzlun til Eyjafjarðar en Húsavíkur. Kom þetta mál fyrir stjórnina, en hún lagði að venju sinni þann úrskurð á, að alt skyldi standa við sama og verið hefði að undanförnu með verzlunartakmörkin.[2]) Hvergi urðu þó önnur eins brögð að þessu eins og á Snæfellsnesinu, þar sem kaupsveitirnar voru svo margar og smáar og aðalvarningurinn fiskur og lýsi, sem allir voru svo sólgnir í, enda varð kappið mikið með kaupmönnum innbyrðis þar um slóðir, og tortrygnin eftir því. Var eigi að því að spyrja, að þeir sem fyrstir urðu til á vorin fengu mestan og beztan farminn, en hinir sátu á hakanum og gerðu oft og einatt hina mestu rekistefnu út af þessu. Sumarið 1717 kom Rifs- og Ólafsvíkurkaupmaður ekki til landsins fyr en 18. ág. og þótti heldur en ekki vera búið sneiða um varninginn hjá sér, því hann fekk eigi nema slatt í skipið, enda hafði Stapakaupmaður gert út mann af sinni hálfu í Dritvík um sumarið og hafði hann rekið þar prangverzlun mikla og klófest megnið

1) Þjskjs. A 42 I.
2) Thott 1297 fol. bls. 292—300. Lbs. 322 fol. bls. 143—146.

af fiski þeim og lýsi, sem aflast hafði þar og í grendinni um veturinn og vorið. Rifshafnarkaupmaður átti þó við fleirum að sjá, og hafði hann engu minni grun á keppinautum sínum í Grundarfirði og Búðum. Bar hann sig því upp við stjórnina og fekk skipun til Odds lögmanns Sigurðssonar 21. maí 1718 að rannsaka þessar misfellur gaumgæfilega og sjá til þess, að hann yrði eigi fyrir slíkum óskunda framvegis. Kom það upp úr dúrnum við rannsóknina, að Stapakaupmaður hafði enn á ný gert út mann af sinni hálfu til fiskakaupa í verstöðunum undir Jökli.[1]) Á þessu gekk jafnan annað veifið bæði hér og víða annarstaðar meðan umdæmaverzlunin stóð, og yrði það of langt mál og óþarft að fara nákvæmlega út í þá sálma. En þó að kaupmenn yrði oft og einatt missáttir út af þessu og öðru, þá beittu þeir aldrei sektarákvæðum laganna hver við annan svo kunnugt sé, heldur jöfnuðu það í bróðerni sín á milli, enda vissu fáir þeirra sig alveg saklausa. Öðru máli var að gegna um landsmenn þá, sem uppvísir urðu að því að reka verzlun utan umdæmis síns eða kaupsveitar. Við þá var lögunum beitt til hins ítrasta, enda þótt eigi væri um annað en smámuni að ræða. Þannig er alræmd orðin sagan af Hólmfasti Guðmundssyni, hjáleigumanni á Brunnastöðum, sem gerði sig sekan í því ódæði að selja í Keflavík 3 löngur, 10 ýsur og 2 sundmagabönd árið 1698, í stað þess að láta Hafnarfjarðarverzlun sitja fyrir kaupunum. Var hann hýddur við staur í návist Müllers amtmanns fyrir þetta tiltæki, af því að hann átti eigi annað upp í sektirnar en gamalt bátskrifli, sem kaupmaður vildi eigi líta við.[2]) Þá var og Hallur nokkur Þorsteinsson dæmdur til búslóðarmissis fyrir það árið 1699, að hann hafði flutt rúmar 2 vættir fiska úr Stapaumdæmi og selt kaupmanni á Búðum. »En eftir því þessi maður er einn fátækur barnamaður«, segir í

1) Þingbók Snæfellssýslu 1714—1720 (Þjskjs.).
2) A. M. Embedsskr. Bls. 108—109.

dómnum, »sem varla og naumlegast kann við húsin haldast á sinni handbjörg, og nú einneigin fyrir oss játar, að ei undirstaðið eður skilið hafi, hvað mikil sekt við svoddan misferli lægi, þó sér auglýst verið hafi, þá innstillum vér þetta svo á sig komið til þeirrar vægðar og linkinda, sem kaupmaðurinn vill þessum fátæka manni hér út í gert hafa með góðra manna ráði.[1]) Ef til vill hefur maðurinn sloppið með nokkur vandarhögg. Það var sem sé föst venja þegar engin var búslóðin að missa og ekkert fé í sektirnar, að sakborningur var látinn sæta húðlátsrefsingu, og var taxtinn sá, að tvö ósvikin vandarhögg á beran hrygginn skyldi koma fyrir hverja mörk í sektinni.[2]) Einna minnisstæðast af öllum þessum atvikum er þó útreið sú, er Tómas Konráðsson varð að sæta um aldamótin 1700 af hendi tveggja kaupmanna í Snæfellssýslu fyrir það, að hann lagði inn í Búðakaupstað 8 vættir fiska, sem aflast höfðu í Stapaumdæmi (Dritvík), en sjálfur var hann búsettur í Rifshafnarumdæmi. Þetta brot sitt játaði hann sjálfur á Ingjaldshólsþingi 5. ág. 1697. Lét þá kaupmaðurinn í Rifi, Jakob Sörensen Graah, kalla hann fyrir sig og hótaði honum einslega í kaupmannsbúðinni járnum og þrælkun á Brimarhólmi, ef hann bætti eigi fyrir yfirsjón sína, og varð Tómas að heita honum skriflega 40 vættum fiska fyrir brotið. Þegar Stapakaupmaður komst á snoðir um þetta, lét hann kalla Tómas fyrir rétt á Laugarbrekkuþingi 17. júlí 1699. Var málið lagt í dóm Þórðar Steindórssonar, en sýslumaðurinn sjálfur, Magnús Björnsson, sótti það fyrir hönd Stapakaupmanns, og þótti þar farið nokkuð aftan að siðunum. Var Stapakaupmanni dæmd búslóð Tómasar, nema æðri yfirvöldum sýndist hitt réttara, að Rifshafnarkaupmaður gengi fyrir, þar sem Tómas hafði verið búsettur í hans umdæmi. Stapakaupmaður var eigi alls kostar ánægður með dóm þennan, sem eigi var

1) Dóma- og Þingbók Snæfellssýslu 1697—1706. (Þjskjs.).
2) Svar kaupmanna 29 nóv. 1701 við tillögum Gottrups lögm. (Lbs. 91 fol.). Smbr. A. M. Embedsskr. Bls. 113.

heldur við að búast, þótti hann bæði óskýr og mikils til of vægur. Stefndi hann því málinu til alþingis árið eftir og krafðist þess, að Tómasi væri eigi að eins gert að missa aleigu sína, heldur einnig sæta þrælkun á Brimarhólmi, þar sem hann gæti eigi talið sér annað til málsbóta en það, að hann hefði fengið betri kaup á Búðum![1]) Málinu var frestað til alþingis 1701, og var Tómas þar dæmdur til aleigumissis og Brimarhólmsþrælkunar eftir kröfu kaupmanns. Þóttust lögmenn eigi geta hjá því komist, en skutu þó til konungsnáðar um landsvist Tómasar.[2]) Stapakaupmenn voru yfirleitt illræmdir fyrir það, hve hart og óvægilega þeir gengi eftir sökum og sektum, þótt eigi væri nema um smávægilegustu brot að ræða, og þarf eigi annað en að grípa niður í þingbækur Snæfellssýslu um þessar mundir til að sannfærast um það. Annars voru þeir margir af kaupmönnum, sem eigi fengust um slíka smámuni, sízt þegar vel lét í ári og nægur farmur var til í skipin.

Það verður eigi borið á móti því, að refsingarákvæði laganna voru alveg óhæfilega ströng í samanburði við yfirtroðslurnar. En fyrirmælin voru svo skýr, að valdsmenn gátu eigi hjá því komist að dæma á þessa leið, ef brotið sannaðist. Öðru máli var að gegna um þá, sem fluttu nauðsynjar til heimila sinna úr einu umdæmi í annað. Þetta var hvergi bannað í verzlunartilskipuninni, enda virðist það fjarri öllum sanni, en þó héldu kaupmenn því fram og fengu bæði stjórnina og yfirvöldin til að samsinna því hvað eftir annað. Þannig bönnuðu þeir jarðeigendum að flytja leigur og landskuldir af jörðum sínum úr einu umdæmi í annað, og hótuðu reiði og refsingum, ef út af væri brugðið. Þetta kom sér mjög illa fyrir þá, sem áttu jarðagóz í öðrum sýslum eða höfðu

1) Skjöl Gottrups lögm. frá fyrri ferðinni nr. 21. (Lbs. 50 fol.) Það er nokkuð vafasamt um viðburðaröðina í máli þessu, því ártöl eru sýnilega víða röng í eftirritum skjalanna.

2) Alþb. 1701 nr. 14—15 og 18. Smbr. Alþb. 1700 nr. 41.

lénsjarðir á leigu, en bjuggu sjálfir í öðru verzlunarumdæmi. En langtilfinnanlegast var það þó fyrir biskupana, sem höfðu fjölmenni mikið á staðnum og þurftu því á leigum sínum og landskuldum að halda til heimilisþarfa. Þannig átti Hólastóll fjölda jarða í Vaðlaþingi (Svarfaðardalsumboð, Hörgárdalsumboð) og Þingeyjarþingi (Fnjóskadalsumboð, Langanesumboð), og Hólabiskupar þurftu ofast nær á öllu sínu að halda til þess að framfleyta skólanum, eigi sízt fiski og smjöri. Voru að jafnaði sendar lestir miklar í umboðin til að sækja þetta og flytja heim að Hólum, og amaðist enginn við því fyr en umdæmaverzlunin hófst. Árið 1686 kærði Húsavíkurkaupmaður yfir því, að menn flytti jarðaafgjöld sín út úr umdæminu, og væri það óþolandi, þar sem utanhéraðsmenn ætti svo margar jarðir í sýslunni, að eigi væri nema örlítið eftir handa kaupmanni þegar búið væri að flytja leigur og landskuldir í önnur héruð. Þetta varð til þess, að Rentukammerið skrifaði Jóni biskupi Vigfússyni mjög strangt bréf vorið eftir (26. marz 1687) og bannaði honum að flytja nokkra ögn af leigum og landskuldum stólsins út úr Húsavíkurumdæmi, svo framarlega sem hann vildi komast hjá þeirri refsingu, er við þessu lægi (embættis- og aleigumissi). Nokkru seinna, um aldamótin 1700, reis ágreiningur að nýju út af þessu með Birni biskupi Þorleifssyni og kaupmönnum á Akureyri og Húsavík. Var þá svo hart í ári, að biskup átti fult í fangi með að ala önn fyrir skólanum, en engu að síður fekk hann sömu boð frá stjórninni.[1]) Biskup var þó eigi vel ánægður með þetta og bar það undir lögmenn og lögréttuna á alþingi um sumarið, hvort þeim sýndist það gagnstætt lögum og venju, að hann flytti leigur og landskuldir af umboðunum heim til Hólastaðar í þessum harðindum, og kváðu þeir nei við því, en skutu þessu jafnframt til konungs og sögðu að líf og

1) Smbr. Rentukammerbréf til biskups og amtm. 5. apr. 1701. Þjskjs. A 113, Hér við liggur og bréfið til Jóns biskups frá 26. marz 1687.

velferð manna lægi við, ef kaupmenn ætti að komast upp með þetta.[1]) Húsavíkurkaupmaður lét þetta eigi á sig fá, en kyrsetti þá um sumarið leigur og landskuldir Hólastóls í Þingeyjarþingi, og hótaði þeim járnum og þrælkun á Brimarhólmi, sem gerðist svo djarfir að flytja nokkuð af þeim út úr umdæminu. Þó kannast hann við það jafnframt, að sumt af vörum þeim, sem biskup hafði beðið um, sé eigi til í kaupstaðnum.[2]) Biskup fekk þá sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu til að taka þingsvitni um það í Viðvík, hvernig þessu hefði háttað verið í tíð fyrirrennara sinna á biskupsstólnum, og báru það allir einum rómi, að biskuparnir hefði að undanförnu flutt leigur og landskuldir stólsins heim til Hóla eða ráðstafað þeim á annan hátt eftir vild sinni.[3]) Þessi skjöl og skilríki tók Gottrúp lögmaður utan með sér þegar hann sigldi í erindum landsmanna haustið 1701, og hefur hann eflaust fengið linun á þessu fyrir hönd biskupsstólsins, því enginn ágreiningur varð framar um það svo getið sé. En gagnvart öðrum jarðeigendum var þessu banni framfylgt bæði fyr og síðar, og lét Müller amtmaður eigi á sér standa að brýna það rækilega fyrir landsmönnum. Þannig skrifaði hann sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu 29. apr. 1698, að Akureyrarkaupmaður hefði kært það fyrir sér að jarðeigendur þar í sýslunni héldi að þeir mætti flytja jarðaafgjöld sín út úr umdæminu og selja hvar sem þeir vildu eða nota sjálfir, en amtmaður segir að þetta sé ekki »strafflaust líðandi, heldur að hver kaupstaður njóti þeirrar kaupmannsvöru, sem í distriktinu fellur«, og skipar sýslumanni að brýna þetta rækilega fyrir landsetunum.[4])

Þó að þetta væri nú að mörgu leyti bagalegt fyrir biskupsstólana og aðra jarðeigendur, sem áttu eignir utanhéraðs, þá kendi þó almenningur fyrst að marki fjötranna

---

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 22. (Lbs. 50 fol.).
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 26. (Lbs. 50 fol.).
3) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 24. (Lbs. 50 fol.).
4) Þingbók Eyjafjs. 1694--1699. (Þjskjs.).

þegar tekið var að framfylgja þessum og þvílíkum fyrirskipunum í verstöðunum sunnan lands og vestan. Hinn 4. júní 1698 birti Magnús Björnsson sýslumaður Snæfellinga svolátandi auglýsingu á Laugarbrekkuþingi: »Eftir amtmannsins tilsögn og befalning dat. Kaupmannahöfn 30. apríl 1698 tilsegist einum og sérhverjum þessa Arnarstapans distrikts innverandi búföstum lausa- og búðarmanni, svo vel sem á Öndverðarnesi, sem af mér undirskrifuðum, sinn fisk að flytja til Arnarstapa og Sgnr. Kristjáni Pálssyni Fyn selja í allan tilbærilegan máta. Svo og anbefalast einum og sérhverjum þessa Stapans distrikts innverandi manni að fara ei til kaupskapar í aðra kaupstaði eður fiskinn burt flytja úr þessu distrikti fyrir utan sérlega nauðsyn, svo kaupmaðurinn Kristján Pálsson megi njóta þess fisks, sem hér í Arnarstapans distrikti fallinn er eður falla kann, svo þar út í engin underfindigheit finnast kunni, og geri hér nokkur á móti af fyrnefnds distrikts innbyggjurum *sem og öðrum út í frá, er hér róa og fisk eiga kunna*, segi eg þeim sakir á hendur eftir oktroyen« o. s. frv.[1]) Sama máli var að gegna um útróðrarmenn í verstöðunum syðra. Á Kálfatjarnarþingi 27. maí 1697 tók Jón Eyjólfsson sýslumaður bænduin á Vatnsleysuströnd vara fyrir »að forgrípa sig héðan af með fisks eða annarar vöru burtflutning úr greindu (ɔ: Hafnarfjarðar) distrikti«, og bauð þeim »að tilhalda sérhverjum, sem hluti hjá þeim eiga eftir sjómenn eður inntektarbáta, að þeir blífi kyrrir í distriktinu, en ekki móti kongl. forordningum héðan flytjist.«[2]) Eins og ljóst er af þessu er útróðrarmönnum ofan úr sveitum eða norðan úr landi bannað að flytja aflann heim til sín, og má nærri geta hvernig menn hafa unað því. En á þessu fekst engin tilslökun, og brýndu sýslumenn þetta ár eftir ár bæði hér og annarstaðar á landinu fyrir sýslubúum og útróðrar-

1) Dóma- og þingbók Snæfellssýslu 1697—1706. (Þjskjs).
2) Dómabók Gullbrs. 1696--1700. (Þjskjs.).

mönnum á manntalsþingum á vorin, og þegar kaupmönnum þótti því slælega framfylgt, gerðu þeir sjálfir út njósnarmenn af sinni hálfu í verstöðunum til að skrásetja nöfn allra útróðrarmanna og grenslast eftir hlutarhæð hvers eins, svo að eigi væri hægt að lauma neinu undan.[1]) Ef svo bar undir, að kaupmenn söknuðu viðskifta einhverra þeirra manna, sem stóðu í bókum þeirra, þá var sjálfsagt að hefja rannsókn og rekistefnu út af því, og urðu hlutaðeigendur að gera grein fyrir hverju fiskviði, sem þeir öfluðu.[2]) Kristján Müller amtmaður, sem lengi var við brugðið fyrir hlutdrægni og hringlandaskap, eigi sízt í verzlunarmálunum, gerði þó undantekningu frá þessari reglu í þágu vinar síns og félaga Péturs Wielandts, kaupmanns í Grundarfirði og Stykkishólmi, því hann leyfði þvert ofan í eldri úrskurði sína útróðrarmönnum úr Eyrar- og Helgafellssveitum, sem lágu við undir Jökli, að flytja afla sinn heim og leggja hann inn hjá Wielandt. En þá reis kaupmaður í Rifi og Ólafsvík upp til handa og fóta og vildi ólmur láta banna öllum utansveitarmönnum útgerð og verstöður undir Jökli þvert ofan í lög og landsvenju.[3]) Þegar hann fekk eigi vilja sínum framgengt um þetta, tók hann sig til og lét brjóta upp fiskahjalla vermannanna í Rifs veiðistöðu í fjarvist þeirra, taka úr þeim allan fiskinn og leggja í staðinn andvirðið í útlendum varningi, en hlutaðeigendur þorðu að sögn eigi að hreyfa þessu, af því að sýslumaður var sjálfur við það riðinn.[4]) Var þetta meira en lítil frekja og mætti ótrúlegt þykja, ef eigi stæði það í opinberu skjali frá Gottrúp lögmanni til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns vorið 1703. Ofan á þetta var sízt að furða, þótt kaupmenn gerði

1) Þetta sannaðist um Stapakaupmann á Ingjaldshólsþingi 17. sept. 1718. Smbr. Þingbók Snæfellssýslu 1714--1720. (Þjskjs.).

2) Þetta átti sér oft stað í Snæfellssýslu (smbr. Þingbækurnar), og einnig varð rekistefna út af því við Svarfdæli árið 1699. Smbr. Þingbók Eyjafjs. 1699--1707. (Þjskjs.).

3) Lbs. 336, 4to bls. 137--143 og 249--257.

4) Lbs. 336, 4to bls. 291--292.

sér far um að sporna við sölu sjávarafurða til sveitamanna, enda létu þeir sýslumenn óspart halda því fram á manntalsþingunum. Vorið 1697 tók sýslumaðurinn í Gullbringusýslu sunnanmönnum vara fyrir því, að »klatta eður burtbrjála« þeim fiski, sem þeir öfluðu, til annara en kaupmannanna,[1]) og í Snæfellssýslu var jafnan gengið ríkt eftir þessu. Sem betur fór var eigi unt að framfylgja þessum afarósanngjörnu kröfum til hlítar, enda þótt kaupmenn gerði sér mikið far um það. Þannig var mikið grenslast eftir því af Rifshafnarkaupmanni á Ingjaldshólsþingi 8. ág. 1690, hvort fólk úr Stykkishólmsumdæmi hefði eigi keypt þar fisk, og var það svar þingsóknarmanna, »að þeir í sannleika vitað hafi, að fólk úr nefndu Stykkishólms distrikti hefði héðan úr sveit og Rifs distrikti nú í sumar bæði flutt fisk á hestum og skipi, sama slags og kaupmaðurinn hefur hér taka látið og hann hér af innbyggjurunum innkeypt hefur, hvar fyrir landsfólkið aðskiljanlega vöru gefið hefur«. Var svo mörgum við þetta dreift, að engin leið þótti að henda sakir á þeim eða tilgreina einn öðrum framar.[2]) Þá hélt og Ólafsvíkurkaupmaður nákvæmlega spurnum fyrir um það á Ingjaldshólsþingi 14. sept. 1717, hverjir mest hefði keypt af fiski þar í umdæminu af utanhéraðsmönnum. Reyndust það þeir Benedikt Jónsson í Hrappsey, Þórður próf. Jónsson á Staðarstað, sr. Jón Jónsson á Breiðabólstað, Jón próf. Haldórsson í Hítardal, sr. Jón Jónsson í Stafholti og Jón sýslum. Sigurðsson í Bæ, og höfðu þeir borgað fiskinn ýmist með peningum eða landaurum. Enn á ný varð rekistefna út af hinu sama á Ingjaldshólsþingi 28. ág. 1719 og vitnaðist þar, að 2 eða 3 lestir höfðu komið þá um vorið frá Skálholti til fiskakaupa á Hjallasandi og Brimilsvöllum. Gáfu kaupmenn fullar sakir á þessu öllu saman, hvað sem úr því hefur orðið á endanum.[3])

---

1) Dómabók Gullbrs. 1696--1700. (Þjskjs.).
2) Dóma- og úrskurðabók Magnúsar lögm. Jónssonar 1690--1692 bls. 426. (Þjskjs.).
3) Þingbók Snæfellssýslu 1714--1720. (Þjskjs.).

Það var engin furða þótt landsmenn bæri sig illa yfir þessu ófrelsi, enda hefur umdæmaverzluninni jafnan verið við brugðið sem einum myrkasta þættinum í einokunarsögunni. En hitt má þó engu síður játa, að hún hafði þó nokkuð til síns ágætis fram yfir félagsverzlunina, því hér gat þó verið um ofurlitla samkepni að ræða, en alls enga með félagsverzluninni. Þegar Hafnarfjarðar-, Grindavíkur- og Eyrarbakkakaupmenn voru að togast á um Ölfusinga og Selvogsmenn nokkru eftir aldamótin 1700, sló Hafnarfjarðarkaupmaður báða keppinauta sína af laginu með því að heita bændum úr þessum héruðum *hestaleigu* fyrir flutning á fiski þeirra úr Selvogi og Þorlákshöfn, ef þeir vildi láta hann sitja fyrir kaupunum, enda fekk hann þaðan að jafnaði nokkur hundruð skꝛ, og lét Eyrarbakkakaupmaður mjög illa yfir því.[1]) Upp úr þessu fóru kaupmenn smám saman að bjóða viðskiftamönnum sínum ýms vildarkjör til að fyrirbyggja verzlun þeirra við aðra. Þannig lét Bátsandakaupmaður birta viðvörun sína á Býjaskerjaþingi 13. maí 1722, einkum til útróðrarmanna í Kirkjuvogi, Kalmanstjörn og Merkinesi, að selja eigi fisk sinn til annara, en bauðst svo til aftur á móti að selja þeim góðan varning, *flytja hann sjálfur heim til þeirra og sækja aftur aflann, eða greiða þeim hestaleigur undir flutninginn.* Árið 1725 ítrekaði hann þetta, og eru þá bændur orðnir svo djarfir, að þeir setja það upp sem skilyrði af sinni hálfu, að kaupmaður selji þeim »forsvaranlegt mjöl, brauð, járn og færi og alla aðra kaupmannsvöru«.[2]) Reikningar Eyrarbakkaverzlunar 1731 bera það og með sér, að kaupmaður hefur verið farinn að taka sér dæmi af keppinaut sínum í Hafnarfirði, því hann hefur þá borgað *hestaleigu, ferjutoll og flutningskostnað* bænda úr Ölfusi og Selvogi, en Akureyrarkaupmaður er það fremri, að hann greiðir eigi að eins Svarfdælum *hestaleigu* árið 1727,

1) Þjskjs. A 42 I.
2) Dómabók Gullbrs. 1718–1727. (Þjskjs.).

heldur sœkir á sinn kostnað allan fisk og lýsi til Ólafsfjarðar, og hefur það auðvitað komið sér vel fyrir bændur um hábjargræðistímann. Enn fremur láta kaupmenn um þessar mundir óspart hressingu í té þegar menn koma í kaupstaðinn. Árið 1727 fóru í þessu skyni hjá Akureyrarkaupmanni 280 pottar af brennivíni, 50 pottar af ákavíti, 160 pottar af miði, 40 pottar af frönsku víni, 10 ℔ af tóbaki og ein tunna af skipsbrauði, og nam þetta alls 120 rd. eða um 1200 kr. í voru fé, sé ríkisdalurinn reiknaður á 10 kr., sem láta mun nærri á þeim tímum.[1]) Þó að staupagjafir og þess háttar verði nú í sjálfu sér eigi talið til verzlunarhlunninda, þá ber það samt eitt með öðru vott um dekrið og samkepnina. Hitt var meira um vert, að kaupmenn gerðu sér um þessar mundir talsvert far um að flytja nægar og ósviknar vörur til landsins, enda var þá örsjaldan kvartað yfir því af hálfu landsmanna,[2]) og eins gáfu þeir stundum hærra verð fyrir íslenzkar afurðir, en áskilið var í kaupsetningunni, og seldu varning sinn með betri kjörum, en því miður nýttist landsmönnum það eigi að fullu sakir verzlunarfjötranna.

Þegar breytt var um tilhögun á verzluninni árið 1684, voru flestir hinna eldri útgerðarmanna látnir eða gengnir úr skaftinu sem fyr segir. *Hans Nansen yngri* var þó enn eftir og *frú Adlers*, ekkja Cort Adelers flotaforingja. Hafði hún tekið að sér meginið af höfnum þeim, sem Jónas Trellund og Henrik Müller höfðu gengið frá svo hrapallega. Hvorugt þeirra vildi eða gat dregið sig út úr íslenzku verzluninni, þó að kjörin væri eigi að þeirra skapi. Þau buðu því í kapp við aðra, og hlaut Nansen 4 hafnir, sem fyr segir,

---

1) Lbs. 92 fol. Smbr. Holm: Danm.—Norges indre Historie 1660--1720. II, 208 nm. Eftir núgildandi peningaverði er þó ríkisdalurinn miklu meira virði.

2) Árið 1686 er kvartað um »ódugtuga kaupmannsvöru« í Rifi og víðar um landið (Alþb. 1686 nr. 45) og árið 1691 um ójöfnuð í viðskiftum í kaupstöðunum norðanlands, og var sýslumönnum boðið að grenslast eftir því (Alþb. 1691 nr. 44), en upp þaðan er eigi orð á því gert svo teljandi sé meðan umdæmaverzlunin stóð.

og gaf í leigu af þeim 1050 rd. árlega, en frú Adlers 7, er hún skyldi greiða af 2030 rd. árlega, og áttu þau langmestan hlut í útgerðinni.[1]) Af nýjum mönnum var *Thomas Jensen Dobbelsteen* einna helztur, og hlaut hann Bátsanda- og Grindavíkurhafnir fyrir 740 rd.[2]) Að sönnu voru þau héruð með þeim smæstu, en hann vann það upp með því að bæta við sig jarðabókartekjunum laust eftir 1690, svo landsmenn höfðu að sumu leyti meira af honum að segja en nokkrum hinna kaupmannanna. Heldur virðist hann hafa verið ágengur og harðdrægur eftir málaferlum þeim að dæma, sem risu milli hans og Keflavíkurkaupmanns út af 3 eða 4 bæjum á Miðnesinu, er áður höfðu rekið verzlun sitt á hvað. Annar nýr maður í útgerðinni var *Jóhann Klein*, en þó höfðu Íslendingar haft mikil mök við hann að undanförnu, því hann hafði tvisvar verið fógeti Henriks Bjelke hér á landi, 1660—1662 og 1665—1683, en upphaflega var hann undirkaupmaður eða eftirlegumaður vestur á Stapa. Þótti hann spaklyndur maður og óáleitinn við aðra, að sögn Jóns próf. Halldórssonar, en Árni Magnússon bregður honum um ágirnd og kveður hann hafa slegið »öllum þönkum á að vinna peninga, og komast yfir þá, hvar hann kunni«.[3]) Hann flutti alfarinn til Kaupmannahafnar þegar Heideman var skipaður landfógeti, leigði árið eftir Bíldudal og Patreksfjörð fyrir 510 rd.[4]) og rak þar verzlun til dauðadags og síðan ekkja hans um langt skeið. Þá kom enn nýr maður til sögunnar, *Oluf Jensen Klow*, sem Íslendingar höfðu haft talsverð kynni af áður, því hann hafði í öndverðu verið þjónn hjá Jóhanni Klein fógeta og síðan umboðsmaður hans á Bessastöðum í 9 ár (1672—1680). Hann leigði árið 1684 í sambandi við annan mann 3 hafnir (Keflavík, Skaga-

---

1) Lovsaml. for. Isl. I, 412-413.
2) Lovsaml. for. Isl. I, 412.
3) Hirðstjóraannáll. Safn t. s. Ísl. II, 753—754. Ríkisréttindi Íslands. Bls. 130—132, 134—135, 140. (Bessestadensia).
4) Lovsaml. for Isl. I, 413.

strönd og Reykjarfjörð) og gaf fyrir þær 840 rd.[1]) Rak hann verzlun í Keflavík fram til aldamótanna eða lengur og þótti fremur spakur og mannorðsgóður maður.[2]) Allmargir hinna, sem tóku þátt í útgerðinni, voru án efa gamlir verzlunarþjónar aðalútgerðarmannanna, sem fengu aðra í félag við sig eða útveguðu sér ábyrgð og buðu svo í hafnirnar til þess að missa eigi af atvinnunni.[3]) Þegar leigufresturinn var útrunninn, lét stjórnin enn á ný bjóða upp hafnirnar (1689), því það hafði gefist svo vel í fyrra skiftið, og gafst heldur eigi lakar nú, því afgjaldið hækkaði enn til helminga eða því sem næst, úr 7380 rd. upp í 13670 rd.[4]) Hafði vel fiskast á þeim árunum og fiskurinn sífelt verið að hækka í verði erlendis, svo alt lék í lyndi og sumir af útgerðarmönnunum auðguðust drjúgan.[5]) Þess vegna varð kappið svo mikið um hafnirnar og afgjaldið svo hátt árið 1689, og sama varð uppi á teningnum árið 1694, þegar næst var haldið uppboð á höfnunum, og var sá leigufrestur bundinn við 10 ár (1696—1705).[6]) Voru þá sumir hinna eldri fallnir úr sögunni (t. d. frú Adlers) og nýir menn komnir í hópinn, svo sem *Pétur Wielandt*, einn af helztu skipaútgerðarmönnum í Kaupmannahöfn um þær mundir. Tók hann á leigu 3 hafnir á Snæfellsnesi árið 1689 (Grundarfjörð, Kumbaravog og Stykkishólm), og auk þess Eyjafjörð og Reyðarfjörð, og gaf í leigu af þeim 294 rd.[7]) Annars er ilt að henda reiður á öllum íslenzkum útgerðarmönnum um þær mundir, því útgerðin var sífeldum breytingum undirorpin. Þeir sem höfðu

---

1) Lovsaml. for Isl. I, 412.

2) Hirðstjóraannáll. Safn t. s. Ísl. II, 754. Rikisréttindi Íslands. Bls. 134—135 (Bessestadensia). Í einkaleyfisbréfinu 1684 er hann kallaður *Ole Jensen*, en í einkaleyfisbréfinu 2. apr. 1689 *Ole Klou* (Lovsaml. for Isl. I, 481). Íslendingar kölluðu hann að jafnaði *Ólaf Jónsson Klów*.

3) Smbr. Svar kaupmanna 29. nóv. 1701 við tillögum Gottrúps lögm. (Lbs. 91 fol.).

4) Lovsaml. for Isl. I, 481.

5) Smbr. Svar kaupmanna 29. nóv. 1701 við tillögum Gottrúps lögm. (Lbs. 91 fol.).

6) Lovsaml. for Isl. I, 515.

7) Lovsaml. for Isl. I, 481. O. Nielsen: Köbenhavn 1660—1699. Bls. 137.

margar hafnir undir, tóku oft og einatt kaupmenn þá, sem í förum voru af þeirra hálfu, í félag við sig, eða leigðu út frá sér einstakar hafnir, og þegar einhver af útgerðarmönnum féll frá eða gekk úr skaftinu, komu ættingjar hans eða tengdamenn í staðinn, og hafnirnar gengu þannig manna á milli án þess jafnvel að stjórnin sjálf vissi af. Þannig leigði Ólafur Klów aftur út frá sér tvær af höfnum sínum, Skagaströnd og Reykjarfjörð, en hélt sjálfur Keflavík.[1]) Árið 1692 leigði Hans Nansen öðrum mönnum Eyrarbakka, og árið 1695 leigði hann bæði Eyrarbakka og Vestmannaeyjar út frá sér, svo hann hélt eigi eftir handa sjálfum sér nema Hafnarfirði og Hofsósi.[2]) Árið 1696 komust hafnir þær, sem Dobbelsteen hafði haft á leigu, Bátsandar og Grindavík, í hendur tengdasyni hans, Pétri Wielandt, og hafði hann þá langflestar hafnir til umráða af öllum íslenzkum útgerðarmönnum, en leigði aftur úr frá sér Eyjafjörð og Reyðarfjörð.[3])

Þetta kapp um íslenzku hafnirnar var auðskilið meðan árferði var gott og alt lék í lyndi. En í lok 17. aldarinnar harðnaði mjög í ári og fiskiveiðar brugðust algerlega, og tók þá brátt að kveða við annan tón bæði hjá kaupmönnum og landsmönnum. Kaupmenn fóru hver um annan þveran að sækja um eftirgjöf eða tilslökun á hafnaleigunni, og varð stjórnin oft og einatt við óskum þeirra, ef þeir gátu sannað tjón sitt, en oft var þeim líka synjað, enda fór að verða erfitt að gera upp á milli þeirra þegar harðindin tóku að sverfa að. Á árunum 1695—1697 voru hafísar miklir við land og vetrarharka víðasthvar, svo kvikfé manna hrundi niður unnvörpum, en fátæklingar dóu úr hungri. Er mælt að 54 dæi í Trékyllisvík veturinn 1697, en 34 umhverfis Jökul og meira en 100 manna

---

1) Smbr. Thott 1297 fol. Bls. 200—201. Lbs. 322 fol. Bls. 99—100.

2) Þjskjs. A 42 I.

3) Smbr. Svar ísl. kaupmannanna haustið 1704 við tillögum tveggja kaupmanna um félagsverzlun. Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 15. (Lbs. 50 fol.). Hdrs. J. Sig. 117, 4to bls. 27. (Regesta VIII).

um Fljót og Ólafsfjörð; 70 manns segir Benedikt prestur á Hesti að dáið hafi úr hungri í Svarfaðardal, en 30 í Höfðahverfi og að því skapi annarstaðar fyrir norðan.[1]) Veturinn 1698—99 var allgóður, en þó dóu snauðir menn bæði vestur og suður um land, og varð óhægð mikil af umferðarmönnum. Kom fjöldi manna að vestan, og voru fluttir á einum degi úr Flatey og Bjarneyjum á Breiðafirði 60 menn bjargþrota í land, og er þó hvergi gagnsamara á Íslandi en í Breiðafjarðareyjum. Varð þá um vorið 1699 matarskortur mikill við sjóinn, og féllu 70 manns af hungri undir Jökli.[2]) Þó var enn ver ástatt vorið eftir, því öldinni lauk með einhverju því versta ári, er sögur fara af. Gengu rosar og ofsaveður allan veturinn og urðu skipskaðar miklir víða um land. Er mælt, að farist hafi á sjó þann vetur allan um 400 manns, enda var hann síðan kallaður *mannskaðavetur* eða *páskavetur*, því svo mikil norðanhríð var á páskadaginn, að hvergi varð lokið upp kirkjum eða sóttar tíðir. Var þá hallæri mikið um alt land, svo margir menn dóu af sulti, einkum umferðarmenn syðra og vestra, og svo þurrabúðarmenn, er sjávarbændur höfðu dregið að sér á fiskiárum til að fleyta bátum sínum, en fengu nú ei bjargað. En ógurlegur þungi hvíldi á sveitunum, því húsfyllir var hverja nótt af farandmönnum á þeim bæjum, er nokkru gátu miðlað.[3]) Og ekki tók betra við árið eftir, því 18. öldin gekk í garð með hinum mestu harðindum og hörmungum. Voru þá víða tekin þingsvitni um ástandið, og hermdu þau öll á eina leið, að harðindin hefði þá staðið yfir í 7 ár samfleytt, en þó myndi enginn slíka ánauð, sem þá gekk um land alt. Á 100 bæjum rúmum í vesturhluta Þingeyjarþings dóu 150 menn það ár, en miklu fleiri í austursýslunni.[4]) Var þá fisklaust við sjóinn víðasthvar, en peningur fallinn

1) Árb. Esp. VIII, 54.
2) Árb. Esp. VIII, 59, 63–64.
3) Árb. Esp. VIII, 66.
4) Árb. Esp. VIII, 72—73.

til sveita, svo kaupförin sigldu mörg um haf aftur sumarið 1701 með vatnstunnur og grjót í stað farms.[1])

Þegar harðindi þessi og hörmungar stóðu sem hæst, urðu konungaskifti í Danmörku og skyldi hylling Friðriks konungs IV. fara fram á alþingi sumarið 1700. Var þingið því með fjölmennasta móti það ár, þrátt fyrir örðugleikana, og unnu menn eiða sína í þingbyrjun 29. júní. Að aflokinni eiðatökunni var veizla haldin í amtmanns búð og landfógeta öllum heldri mönnum, og hefur þar eflaust orðið tilrætt um harðindin og hörmungarnar og hverra bragða skyldi leitað til að ráða bót á. Varð sú niðurstaðan, að allir eða allflestir málsmetandi menn á þinginu komu sér saman um að rita konungi og biðja hann að sjá aumur á landi og lýð. Gekst *Lauritz Gottrúp lögmaður* mest fyrir því, en hann var þá í svipinn mestu ráðandi hjá Müller amtmanni og honum harla kær.[2]) Var bænarskrá samin og undirrituð í lögréttu 2. júlí og konungi tjáð eymdarástand landsmanna, en þess þó jafnframt getið, að eigi sé unt að skýra frá því bréflega svo vel sé. Biðja þeir því leyfis að mega senda annan lögmannanna til Kaupmannahafnar að sumri komanda til þess að skýra konungi rækilega frá högum lands og lýðs.[3]) Konungur tók vel í þessa málaleitun og gaf landsmönnum með bréfi 30. apr. 1701 kost á að senda annan lögmannanna utan með erindum sínum.[4]) Þetta var tilkynt Müller amtmanni og ritaði hann þegar í stað Gottrúp lögmanni og bauð honum að takast á hendur erindi landsmanna og búa sig til ferðar að afloknu þingi.[5]) Brást hann vel við þeirri orðsendingu og týgjaði sig til utanfarar ásamt konu sinni og þjónustufólki. En þegar til alþingis kom snerist veður í lofti. Sögðu þá sumir, að þessi utanför væri eigi til

---

1) Breiðafjarðarannáll. Lbs. 379, 4to. Eftirrit J. Sig. 39 fol.
2) Árb. Esp. VIII, 68-70.
3) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 1. (Lbs. 50 fol.).
4) Lovsaml. for Isl. I, 559.
5) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 3. (Lbs. 50 fol.).

annars en að auka landinu kostnað, og mundi konungur taka eins gildar skýrslur embættismanna. Á þetta féllust þeir Jón biskup Vídalín og prestar allir úr hans biskupsdæmi, Páll varalögmaður frændi hans og nokkrir sýslumenn, — og loks Müller amtmaður, þótt ótrúlegt megi virðast, því hann hafði manna mest ýtt undir förina sumarið áður. En líklega hefur hann komist á snoðir um, að í ráði væri að bera sig upp við konung út af verzlunaránauðinni og ólöglegum kvöðum af hendi þeirra manna, er höfðu jarðabókartekjur konungs á leigu, ásamt fleiru, er aflaga færi hér á landi, og þar var amtmaður sjálfur meira en lítið við riðinn. Þeir lögmennirnir tóku nú að semja bænarskrá til konungs um nauðsynjar landsmanna, en í því bili kom Müller amtmaður í lögréttu og spurði, hvert vald þeir hefði til að gera slíkt án sinnar vitundar. Skírskotuðu þeir til konungsbréfsins, en Müller amtmaður sinti því engu og tók til sín bænarskrána og stakk henni í vasa sinn.[1]) Snerist vinátta þeirra Gottrúps og Müllers amtmanns eftir þetta upp í fullan fjandskap, og fór amtmaður utan rétt á hæla Gottrúp til þess að spilla fyrir máli hans við stjórnina. Hafði Gottrúp meðferðis nýja bænarskrá af hálfu þeirra landsmanna, er að máli þessu studdu, og voru þeir 24, auk Björns biskups Þorleifssonar á Hólum, er eigi hafði getað komið til alþingis, en tjáði sig bréflega samþykkan förinni. Var konungi þar skýrt frá hörmungarástandi landsmanna, og til frekari sönnunar hafði Gottrúp með sér þingsvitni úr flestum sýslum landsins.[2]) Auk þess hafði hann meðferðist tvö bréf frá landsmönnum, annað til Gyldenlöve stiftamtmanns en hitt til Reventlows greifa, sem þá var stórkanzlari ríkisins og mikils megandi hjá konungi, og voru þeir beðnir að koma lögmanni á framfæri og styðja mál hans við konung[3].)

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 4—5. (Lbs. 50 fol.). Smbr. Alþb. 1701 nr. 20.

2) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 10 og 31. (Lbs. 50 fol.).

3) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 11—12. (Lbs. 50 fol.).

Með fulltingi þeirra fekk hann áheyrn hjá konungi og tjáði honum hagi landsmanna, en konungur tók vel máli hans og skipaði 22. okt. 1701 nefnd manna til að athuga bænarskrár og uppástungur Gottrúps og heyra hann sjálfan um þau efni. Í nefndinni sátu stórkanzlari og 7 menn aðrir úr stjórnardeildum konungs, og auk þeirra Heideman, er verið hafði landfógeti hér á landi áður fyrri, og Müller amtmaður, því þeir voru álitnir kunnugastir málavöxtum.[1]) Eftir áskorun nefndarinnar lagði Gottrúp fram bráðabyrgðartillögur sínar 26. okt. og stakk upp á því, að breytt væri um tilhögun á verzluninni og stofnað eitt allsherjar verzlunarfélag, í stað þess að fela einstökum mönnum verzlun á höfnunum, og mætti þá lækka verð á útlendum varningi og afnema verzlunarumdæmin, sem hann telur mjög skaðvænleg. Þá telur hann og mjög viðsjárvert að selja einstökum mönnum, eigi sízt kaupmönnum, jarðabókartekjurnar á leigu eins og gert hafi verið að undanförnu, og bendir á ýmsa anmarka, er því fylgi o. s. frv.[2]) Nokkru seinna (8. nóv.) lagði hann fram nýtt skjal og gerði frekar grein fyrir máli sínu. Varð honum þar einkum tilrætt um verzlunarumdæmin og skaðsemi þeirra, og vakti athygli á því, hve óheppilega þeim væri fyrir komið og hve illa mörg héruð væri sett með þeirri tilhögun. Lýsti hann afdráttarlaust harðdrægni kaupmanna í viðskiftum þeirra við landsmenn og lagði fram skjölin í máli Hólmfasts Guðmundssonar og Tómasar Konráðssonar til að sýna fram á þetta, og eins skjölin í prætumáli Björns biskups Þorleifssonar við kaupmenn út af leigum og landskuldum Hólastóls. Að lokum segir hann sögu af viðskiftum sínum við kaupmenn rétt undir utanförina, sem lýsir allvel örðugleikunum á verzlun og viðskiftum landsmanna um þær mundir. Þegar lögmaður tók sér fari í Keflavík um sumarið með konu sinni og þjónustufólki, heimtaði

1) Lovsaml. for Isl. I, 562.
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 15. (Lbs. 50 fol).

kaupmaður að hann legði á borð með sér til fararinnar eitt eða tvö naut og nokkuð af smjöri. Gat hann eigi nálgast þetta heiman að frá sér, alla leið norðan frá Þingeyrum, svo hann falaði nautin til kaups af bændum í Keflavíkurumdæmi. Þegar kaupmaður varð þess vísari, hótaði hann bændum Brimarhólmi og öðrum ófögnuði, ef þeir léti nautin af hendi við Gottrúp, svo þeir þorðu engin kaup við hann að eiga, fyr en lögmaður hét þeim að taka alla ábyrgðina á sig. Það var því eigi að furða þótt Gottrúp með þessi dæmi fyrir augum og þessa reynzlu í fersku minni legði eindregið til, að verzlunarumdæmin væri afnumin og landsmönnum heimilað að verzla frjálst á hverri höfn sem væri, og sá hann eigi aðra leið til þess en þá, að stofnað væri eitt allsherjar verzlunarfélag.[1]) Jafnframt þessu lagði hann fram frumvarp að nýrri kaupsetningu, miklu hagfeldari landsmönnum en hinni frá 1684, og vildi láta koma henni á.[2])

Þessar tillögur Gottrúps voru fyrst ræddar í nefndinni, en síðan fengnar í hendur Kristófer Heideman og honum falið að leita hófanna hjá kaupmönnum um verzlunarfélagsstofnun, tilslökun á verðlagi og önnur atriði þar að lútandi. Átti hann fund við kaupmenn 10. nóv. og brýndi fyrir þeim nauðsyn þessa máls, en þeir tóku því allfjarri, hvernig sem hann leitaðist við að telja þeim hughvarf. Daginn eftir átti hann tal við kaupmenn á ný og skýrði þeim frá áliti nefndarinnar, að það væri bæði landsmönnum og kaupmönnum sjálfum fyrir beztu, að breytt væri um tilhögun á verzluninni, en þeir héldu fast við sína skoðun. Fekk hann þeim þá tillögur Gottrúps í hendur og bað þá svara þeim skriflega, og gerðu kaupmenn það með allítarlegu skjali 29. nóv. 1701. Töldu þeir margt því til fyrirstöðu að stofna með sér verzlunarfélag og eigi sízt kostnaðinn. Þyrftu þeir að minsta kosti að leggja fram

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 17. (Lbs. 50 fol.).
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 33. (Lbs. 50 fol.).

100 þús. rd. í peningum, reisa nýtt félagshús og þar á ofan geymsluhús bæði í Kaupmannahöfn og Glückstað, launa 4 forstöðumönnum eða framkvæmdarstjórum og auk þess bókfærslumönnum, gjaldkera og afgreiðslumönnum, og ráða sér fulltrúa í Glückstað, Hamborg, Hollandi, Danzig og Königsberg. Þótti þeim og eigi reynzla fyrri tíma mæla með slíkri tilhögun, heldur þvert á móti. Eins og geta má nærri tóku þeir eigi betur í hitt, að slaka til á kaupsetningunni, heldur börðu sér mjög og sóttu meira að segja um eftirgjöf á hafnaleigunni.[1]) Heideman lét sjálfur uppi álit sitt með skjali dags. 3. des. og lagði til, að kaupsetningunni væri breytt að einhverju leyti Íslendingum í hag, en kaupmönnum aftur bættur upp sá halli með tilslökun á afgjaldinu.[2]) Við þetta sat fram til ársloka, svo Gottrúp fór að verða vondaufur um úrslitin og ritaði konungi bréf 5. jan. 1702 til að herða á málinu. Segir hann að aðalerindi sitt hafi verið það, að leita umbóta á verzlunarhögunum, einkum í þá átt, að stofnað væri allsherjar verzlunarfélag, umdæmin afnumin og kaupsetningin lækkuð, og fullyrðir hann, að hagur og velferð landsmanna velti á þessu. Hann biður því konung að gefa út auglýsingu þess efnis, að öllum sem vilji og geti sé heimilt að taka þátt í íslenzku verzluninni og stofna félag með sér í því skyni, og jafnframt að skipa 4 valinkunna menn til að veita félaginu forstöðu til tryggingar því, að öllu sé óhætt. Býst hann við að margir vilji gefa kost á sér, þó að núverandi kaupmenn sé tregir til, en telur nauðsyn á að hraða málinu sem mest.[3]) Við þetta urðu kaupmenn nokkru samningsfúsari við nefndina og gáfu kost á tilslökun á verðlagi gegn allríflegri eftirgjöf á hafnaleigunni. Komust samningar á um þetta í febrúarmánuði með nefndinni og kaupmönnum, en þó að lögmanni fornspurðum. Lét hann illa yfir því og bað nefndina með nýju

1) Lbs. 91 fol.
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 44. (Lbs. 50 fol.).
3) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 45. (Lbs. 50 fol.).

bréfi að hrapa eigi svo mjög að þessu, því hann treysti sér til að útvega skilvísa menn til að stofna nýtt verzlunarfélag, og væri þeir fúsir á að greiða konungi hærri leigu af verzluninni, en kaupmenn byði, og auk þess ganga óskorað að kaupsetningu þeirri, er Gottrúp hefði stungið upp á, og afnema verzlunarumdæmin.[1]) Tók nú kaupmönnum eigi að lítast á blikuna og svöruðu þeir með nýju skjali 7. marz. Bera þeir brigður á, að lögmaður geti útvegað skilvísa menn og áreiðanlega til að taka að sér íslenzku verzlunina, því til þess þurfi meira en lítið fé. Fyrst og fremst verði þeir að hafa á reiðum höndum 60 þús. rd. til vörukaupa nú þegar, fyrir utan skipaleigu og annan kostnað. Þá megi að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að þessum nýju kaupmönnum verði gert að skyldu að kaupa af þeim hús og vörubirgðir og útistandandi skuldir á Íslandi, og nemi það rúmum 113 þús. döl-um, og að lokum telja þeir eigi ósanngjarnt að heimta af þeim 2 tunnur gulls í skaðabætur fyrir að bola sér frá íslenzku verzluninni, svo að þessir nýju hluthafar megi hafa bein í hendi til að standast allan þann kostnað. En raunar þykjast þeir eigi hafa neina trú á þessu, og séu það að líkindum eigi annað en öfundarboð, eða þá að Hamborgarar standi á bak við, þótt dult fari.[2]) Mun það rétt til getið hjá kaupmönnum, að þetta hafi eigi verið annað en fyrirsláttur, enda varð nefndin afhuga öllum nýbreytingum á verzluninni í þá átt, sem Gottrúp hafði stungið upp á, þegar kaupmenn reyndust ósveigjanlegir. Lét hún sér nægja með að halda fram breytingu á kaupsetningunni landsmönnum í vil, og gengu kaupmenn að henni gegn tilslökun á hafnaleigunni. Að öðru leyti svaraði konungur tillögum Gottrúps með bréfi 15. apr. 1702, er gerði ráð fyrir að sérstakir menn væri skipaðir til að rannsaka gaumgæfilega hagi lands og þjóðar og leita ráða

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 52—53. (Lbs. 50 fol.).
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferðinni nr. 56. (Lbs. 50 fol.).

til að kippa því í lag, er athugavert þætti. Kaupmönnum var gefið eftir verzlunarafgjald fyrir árið 1701 að öllu leyti, og í 4 árin næstu skyldi þeir að eins greiða 8000 rd. árlega í stað 13670 rd., sem áður hafði við gengist. Aftur á móti var þeim harðlega bannað, að beita annari eins grimd við fátæklinga út af ómerkilegum smábrotum, eins og þeir hefði gert að undanförnu, og í hinni nýju kaupsetningu er einföld sekt (10 rd.) látin koma í stað búslóðarmissis og Brimarhólmsþrælkunar.[1]) Nokkru síðar var þeim Árna Magnússyni og Páli Vídalín boðið að ferðast um landið í því skyni, er áður var mælt, og áttu þeir meðal annars að kynna sér rækilega verzlunarhagina og gera tillögur um þær breytingar á umdæmaskipuninni, er nauðsynlegar þætti.[2]).

Þetta var nú árangurinn af utanför Gottrúps, og er hann alls eigi lítill þegar á alt er litið, en hefði þó vafalaust getað orðið meiri, ef landsmenn hefði stutt hann drengilega. En því var sízt að fagna. Höfðu sumir þeirra beint lagst á móti för hans á síðustu stundu, sem fyr segir, og skrifað utan á þá leið, að heldur mátti verða til að spilla fyrir sumum tillögum hans en hitt, eigi sízt í verzlunarmálunum.[3]) Og þegar hann kom heim aftur, logaði alt í flokkadráttum og ósamlyndi, því Müller amtmaður tók þá höndum saman við nefndarmennina báða, Árna Magnússon og Pál Vídalín, og settust þeir allir að Gottrúp og Sigurði lögmanni Björnssyni, sem mest og bezt hafði stutt að utanför hans. Biskuparnir báðir fyltu sinn hvorn flokkinn, því Jón biskup Vídalín dró taum þeirra nefndarmannanna, en Björn biskup Þorleifsson hallaðist á sveif með lögmönnunum. Hafði Gottrúp lögmaður komist að þeirri niðurstöðu í utanför sinni, að Íslendingum væri engin vanþörf á að hafa einhvern málsvara eða erindreka í Kaupmannahöfn, eigi sízt er til þess kæmi að ráðstafa

1) Lovsaml. for Isl. I, 577—580. Smbr. I, 573.
2) Lovsaml. for Isl. I, 580—581, 582—583, 586—587 (§§ 7 og 9).
3) Smbr. Skjöl Gottrúps frá fyrri ferðinni nr. 8. (Lbs. 50 fol.),

á ný verzluninni, sem til stóð að gert yrði fyrir árslok 1705, því þá var leigufrestur kaupmanna útrunninn. Sömdu þeir lögmennirnir báðir bænarskrá til konungs í þessa átt á alþingi 1702, og ritaði Björn biskup undir hana með þeim. Konungur tók vel í þetta og leyfði Íslendingum árið eftir að hafa fulltrúa eða erindreka í Kaupmannahöfn til að gæta hagsmuna sinna.[1]) Sljákkaði sízt í deilunum á Íslandi við þetta, og kom þar að lokum, að Gottrúp sótti um leyfi til að fara utan á ný í málum sínum, og var honum veitt það með konungsbréfi 5. apr. 1704.[2]) Fór hann utan þá um haustið og hafði með sér umboð af hendi Sigurðar lögmanns og Björns biskups, þar sem honum var falið að liðka enn frekar um kaupsetninguna og verzlunarhagina Íslendingum í vil, ef unt væri.[3]) Var þá áður farið að hreyfa þesssu máli í Kaupmannahöfn, þótt enn væri ár og dagur til stefnu, og hafði stjórninni borist allítarlegt skjal þar að lútandi dags. 25. sept. 1704. Voru það hugleiðingar og tillögur um verzlunarmálið o. fl. frá manni einum, *Bendix Nebel,* sem um alllangt skeið hafði verið í siglingum til Íslands og annara landa norður í höfum, svo hann hafði reynsluna fyrir sér. Hann játar það hreinskilnislega, að íslenzku verzluninni sé mjög svo ábótavant í ýmsum greinum, og svo muni verða meðan sú tilhögun sé á henni, að einstakir menn reki hana á eigin spýtur til hagnaðar fyrir sjálfa sig, án þess að hugsa nokkuð um landið í heild sinni eða gera sér far um að styðja að almennum verzlunar- og atvinnuframförum. Eina ráðið til að bæta úr þessu telur hann það, að stofna öflugt allsherjar félag til að reka íslenzku verzlunina, að dæmum Englendinga, Frakka, Hollendinga og Spánverja, sem beiti þeirri aðferð við nýlenduverzlun sína. Þessi félög þeirra geri sér far um að auka iðnað og framleiðslu í nýlendunum, en við það

1) Lovsaml. for Isl. I, 595 og 599.
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 5. (Lbs. 50 fol.).
3) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 6 og 7. (Lbs. 50 fol.).

aukist svo aftur verzlunin, og hið sama ætti að geta átt sér stað á Íslandi. Landið sé mjög víðáttumikið og afrakstur nægur bæði til sjávar og sveita, ef hyggilega sé með farið. Telur hann ráð, að senda menn út til að kenna Íslendingum ullariðnað og duggur til fiskiveiða á djúpmiðum, að dæmum Englendinga og Hollendinga, sem hirði mest af aflanum við Íslandsstrendur, og kaupförin dönsku hafi eigi annað að gera meðan þau liggi í höfnum og bíði eftir farmi en að stunda hvalaveiðar. Vill hann láta nota Íslendinga sjálfa við þessar framkvæmdir, kenna þeim sjómannafræði og venja þá við verzlun, því þeir sé að eðlisfari manna námfúsastir. En engan veg telur hann að fá þessu framgengt, nema öflugt verzlunarfélag standi þar að baki. Þá tilhögun, sem nú sé á íslenzku verzluninni, telur hann bæði rangláta og óheppilega, því hafnirnar og verzlunarumdæmin sé svo misjöfn að gæðum og vöruframleiðslu og komi svo ójafnt niður, að sumir af kaupmönnum hljóti óhjákvæmilega að græða, en aðrir að stórskaðast, og mundi þetta alt jafnast upp, ef eitt allsherjarfélag ræki verzlunina.[1]) Tillögur þessar voru að mörgu leyti svo skynsamlegar og aðgengilegar eftir hugsunarhætti þeirrar aldar, að tvær grímur fóru að renna á stjórnina um það, hvort sú tilhögun á verzluninni væri í rauninni heppileg, sem þá hafði viðgengist um hríð. Hún sendi því skjalið bæði til íslenzku kaupmannanna og til Gottrúps lögmanns, sem þá var nýkominn, og bað þá láta uppi álit sitt um málið. Kaupmenn áttu fundi með sér til að ræða það, en urðu eigi á eitt sáttir, og er það í fyrsta skifti um langan aldur, að skoðanir þeirra skiftast um verzlunarmálið. Reyndar var mikill meiri hluti þeirra á sömu skoðun og áður, að eigi kæmi til mála að breyta neitt til um íslenzku verzlunina. En tveir menn úr hópnum, *Jörgen Klog* og *Peder Keysen*, voru

1) *Rimelige Tanker til den islandske Commercies Forbedring.* Lbs. 11 fol. Bls. 33—48.

annarar skoðunar. Féllust þeir á það, að bezt mundi verða fyrir alla eða allflesta hlutaðeigendur, að stofnað væri eitt allsherjarfélag, og voru skoðanir þeirra þess þyngri á metunum, sem þeir höfðu lengri reynslu fyrir sér en margir hinna, því annar þeirra hafði siglt í 6 ár á Reyðarfjörð og 8 á Skagaströnd og Reykjarfjörð, en en hinn 15 ár á Eyjafjörð. Héldu þeir því fram, að núverandi tilhögun á verzluninni væri mjög óheppileg, og töldu skiftinguna á höfnunum og umdæmunum mjög rangláta, enda linti sjaldan á deilum meðal kaupmanna út af því. Var þá svo komið, að eitt verzlunarhús (erfingjar Péturs Wielandts) hafði meira en fjórðung allra hafnanna á leigu. Auk þess gáfu hafnirnar mjög misjafnt af sér, en munurinn eigi nærri sem því svaraði á leigunni. Lögðu þeir því eindregið til, að komið væri á félagsverzlun, því þá mundi alt jafnast og þá mætti afnema umdæmaskiftinguna, sem orðið hefði svo óvinsæl, og landsmenn verzla á þeirri höfn, sem þeim væri hagfeldast.[1])

Eins og vænta mátti var Gottrúp sömu skoðunar og áður um það, að félagsverzlun væri heppilegri en umdæmaverzlunin, en honum þótti sú breyting þó eigi fullnægjandi. Hann vildi fyrir hvern mun láta slaka meira til á kaupsetningunni, og sagði sem satt var, að sú litla tilslökun, sem gerð var 1702, hefði alls eigi vegið upp á móti þeirri ívilnun, sem kaupmenn hefði þá fengið, svo það væri þeir, sem hefði grætt mest á breytingunni, en eigi landsmenn, sem þó hefði verið til ætlað. Kaupmenn snerust öndverðir við þessu, eins og vænta mátti, og töldu langa raunarollu fyrir stjórninni um skipa- og eignatjón á umliðnum árum, en voru þó enn sem fyr þeirrar skoðunar, að eigi mundi hagkvæmt að breyta til um verzlunina. Gottrúp ritaði þá konungi bréf 29. des. og hélt því fram, að líf og velferð landsmanna væri undir því komið, að breytt væri til um verzlunina í þá átt, sem hann hafði

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 14. (Lbs. 50 fol.).

stungið upp á, og hinu sama hélt hann fram í bréfi til Gyldenlöve stiftamtmanns 30. jan. 1705 og hét á hann til liðveizlu.[1]) Kaupmenn reru þó öllum árum á móti og gerðu sér far um að draga málið á langinn, en Gottrúp sá hvert stefndi og sneri sér til konungs enn á ný með bréfi dags. 24. marz og bað um skjóta afgreiðslu á málinu, því hann væri nú á förum hvað úr hverju.[2]) Þessar margítrekuðu umleitanir Gottrúps og svo hitt, að Gyldenlöve stftamtmaður og Müller amtmaður voru báðir komnir á hans skoðun,[3]) gerði það að verkum, að stjórnin hallaðist loks á þá sveifina, og með bréfi 31. marz 1705 lýsti konungur því yfir, að hann hefði í hyggju að koma á félagsverzlun á Íslandi,[4]) og litlu síðar (3. apr.) birti stjórnin auglýsingu til allra þeirra, sem kynni að vilja taka þátt í íslenzku verzlunarfélagi, að gefa sig fram sem allra fyrst.[5]) Þetta mun Gottrúp hafa talið góð erindislok eftir því sem áhorfðist, en þó vildi hann freista að búa sem bezt um hnútana áður hann færi. Hann ritaði því stjórnarherrunum bréf 22. apríl og kvaðst vongóður um, að þetta fyrirhugaða félag mundi verða Íslandi til heilla og blessunar, en þó mundi eigi vanþörf á að binda einkaleyfið þeim skilyrðum, að umdæmin félli niður þegar í stað, að eitt og sama verðlag væri látið gilda um land alt, en eigi gerður mismunur á fiski- og prjónlesreikningi eins og að undanförnu, og að félagið gengi inn á uppástungur hans um breytingar á kaupsetningunni.[6]) Að því búnu bjóst hann til heimferðar, en áður hann sté á skip fal hann umboð sitt manni einum í Kaupmannahöfn, *Mauritz Jörgensen Samsöe,* skipaði hann fulltrúa af Íslendinga hálfu og fekk honum allítarlegt erindisbréf í hendur,

---

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 16 og 18. (Lbs. 50 fol.).
2) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 20. (Lbs. 50 fol.).
3) Müller amtm. hafði látið álit sitt í ljós með bréfi dags. 13. okt. 1704. Smbr. Á. M. Embskr. Bls. 134.
4) Lovsaml. for Isl. I, 622–623.
5) Þjskjs. A 42. Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 22. (Lbs. 50 fol.).
6) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 23. (Lbs. 50 fol.).

þar sem hann brýnir fyrir honum að halda fram þeim skilyrðum, er áður voru talin, og láta kaupmenn um fram alt eigi ónýta fyrir sér kaupsetningarfrumvarpið, er hann telur mestu varða.[1]) Munu kaupmenn eigi hafa séð sér fært að leggjast beint á móti félagsstofnun úr þessu, enda þótt þeir væri enn mjög tregir til að taka þátt í henni, og til þess að fresta málinu enn um hríð stungu þeir því fram, að eigi hlýddi að ráðast í slíkar breytingar án þess að leitað væri álits íslenzku nefndarmannanna, Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þetta félst stjórnin á og sendi þeim með bréfi 15. maí 1705 öll skjöl, er fram höfðu komið þessu viðvíkjandi, og bað þá segja álit sitt um málið.[2]) Þrátt fyrir þetta var þó haldið áfram að undirbúa félagsstofnun og aðrar breytingar á verzluninni, og fór svo áður langt leið, að kaupmenn sættu sig eigi að eins við þetta, heldur gerðust jafnvel hinir ákveðnustu fylgismenn félagsverzlunarinnar. Var svo langt komið, að þeir voru búnir að gera samþyktir sín á milli og ráða með sér alla tilhögun á félaginu, en þá kom alt í einu afturkippur í stjórnina. Hinn 3. júlí 1705 úrskurðaði konungur, að alt skyldi sitja við hið sama og áður og stjórnin að eins leitast við að efla og glæða verzlunina í samráði við kaupmenn, án þess að breyta nokkuð um tilhögun að svo stöddu.[3]) Þessi snöggu veðrabrigði eru því óskiljanlegri, sem stjórnin hafði áður verið þessu máli mjög fylgjandi og enginn vissi annað, en að útrætt væri um það, enda kom þetta mjög flatt upp á íslenzku kaupmennina.[4]) Rituðu

---

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferðinni nr. 29–31 og 33. (Lbs. 50 fol.). Hann kallar Samsöe í bréfi einu til stjórnarinnar »Borgere og fornemme Handelsmand her sammesteds«, og virðist af því mega ráða, að hann hafi verið heldur vel metinn maður.

2) Lovsaml. for Isl. I, 626.

3) Lovsaml. for Isl. I, 627.

4) Holstein greifi kennir þetta einum af starfsmönnunum í stjórnarráði konungs (Rentukammerinu). Segir hann, að alt hafi verið afgert og eigi staðið á öðru en undirskrift eða staðfestingu konungs. »Men som den daværende *Ober-Cammer-Secretair Dose* af Compagniets Interessenter ikke kunde naa at være Directeur for Compagniet med 1000 Rdrs. aarlig Gage, ligesom Geheimeraad Moth ved det

þeir konungi bréf um málið 28. júlí 1705 og þykjast eigi skilja hvernig þessu víki við. Segjast þeir nú vera komnir á þá skoðun, að félagsverzlun sé að öllu samanlögðu heppilegri en umdæmaverzlun, enda hafi því verið óspart að sér haldið af stjórninni sjálfri, en nú sé einhverjar vöflur á þessu, og verði þeir því að biðja um ótvíræðan úrskurð af konungs hálfu, svo að þeir geti búið sig undir breytingarnar.[1]) Konungur flýtti sér eigi að greiða úrskurð í málinu, og þegar hann loks kom, var hann öllu tvíræðari en hinn fyrri. Tilkynti hann stiftamtmanni 24. nóv., að það væri alls eigi ætlun sín að þröngva kaupmönnum til að stofna verzlunarfélag, heldur þvert á móti, og gæti þeir snúið sér til stjórnarinnar um það.[2]) Kaupmenn létust skilja þetta svo, að þeir mætti ráða því sjálfir hvort þeir kysi félagsverzlun eða hitt, og tilkyntu þeir stiftamtmanni með bréfi dags. 30. nóv. 1705, að þeir kysi félagsverzlun og væri reiðubúnir til að gera samninga við stjórnina um verzlunarkjörin.[3])

Þegar hér var komið sögunni mun stjórnin hafa þózt í ærnum vanda stödd, því hún var orðin sjálfri sér sundurþykk og mátti í rauninni á hvorugan veginn snúa. En henni vildi það til, að Árni Magnússon var þá nýkominn frá Íslandi og hallaðist eindregið á þá sveifina, er henni þótti betur fara, og hann taldi svo ítarlega fyrir henni rökin, að hún þurfti eigi að blygðast sín fyrir að láta sannfærast. Að sönnu bað hann um frest til að gera rækilega grein fyrir skoðunum sínum,[4]) en hann kom því til leiðar þegar í stað, að ofurlítið slitnaði aftan úr útgerð-

---

Ostindiske Compagnie, blev en ringe Anledning, som lettelig havde været at rette, til Paaskud tagen, og der efter Compagniet, som han og hele Cammer-Collegium tilforn meget havde recommenderet, paa engang kuldkastet«. (Aths. Holsteins greifa við verzlunarfrv. Rabens stiftamtm. dags. 14. apr. 1723. Þjskjs. A 42. Smbr. Bréfab. stiftamtm. V. 1—19). Mun hér að líkindum rétt til getið, þótt ófagurt sé og stjórninni sizt til sóma.

1) Þjskjs. A 45.
2) Lovsaml. for Isl. I, 627—628.
3) Þjskjs. A 42.
4) A. M. Embskr. Bls. 131—132.

arlestinni. Kaupmannsekkjur tvær, sem verzlun ráku í Hólminum og Húsavík, Riſi og Berufirði rituðu konungi bréf 1. des. 1705 og kváðust enga hlutdeild vilja eiga í félagsstofnun, því bæði hefði menn sínir tekið sér vara fyrir því á banasænginni, og eins væri Árni Magnússon andvígur slíkri tilhögun á verzluninni, en honum væri bezt trúandi til þess að hafa vit á því máli. Vitna þær í bréf konungs frá 24. nóv., þar sem berum orðum sé lýst yfir því, að hann vilji eigi þröngva neinum til að ganga í verzlunarfélag, og biðja því um að fá að halda höfnum sínum með sömu kjörum og að undanförnu hvað sem hinum líði.[1]) Þetta fanst stjórninni næg átylla til að fresta málinu enn um stund, og á meðan sat Árni Magnússon við að semja álitsskjal sitt. Lagði hann það fram 5. jan. 1706 og gerði mjög ítarlega grein fyrir skoðunum sínum. Hrakti hann fyrst lið fyrir lið allar ástæður kaupmanna og sýndi fram á, að hag konungs og þeirra væri engu síður borgið með sérverzlun eða umdæmaverzlun en með félagsverzlun, ef skynsamlega væri um hnútana búið; aðalannmarkarnir væri sem sé ójöfnuðurinn á höfnunum og örðugleikar á verzlunarsókn í sumum héruðum, en þetta mætti auðveldlega laga með því að bæta lakari hafnir upp með góðum höfnum og jafna betur umdæmin. En það var þó einkum með tilliti til landsmanna, að Árni taldi umdæmaverzlun eða einstakra manna verzlun miklu heppilegri en félagsverzlun, og voru röksemdir hans þar að lútandi alveg óhrekjandi. Hann sýndi fram á það, að með félagsverzlun yrði útlendur varningur alstaðar jafn slæmur, ef eitthvað væri að honum á annað borð, sem oft hefði þótt við brenna, og verzlunarkjörin yfirleitt hin sömu á öllum höfnum, í stað þess að örlað hefði þó ofurlítið á samkepni síðan einstakir kaupmenn fengu hafnirnar á leigu. Hefði sumir þeirra jafnan gert sér far um að flytja góðar vörur (t. d. í Hólminum og Hofsós)

1) Þjskjs. A 42.

til þess að koma í veg fyrir, að viðskiftamennirnir leituðu á aðrar hafnir, og eins hefði kaupmenn oft og einatt boðið hver í kapp við annan í þær íslenzkar afurðir, sem eigi væri lögskipað verð á í kaupsetningunni (t. d. naut og vandað prjónles), og heldur eigi verið nærri eins vandfýsnir með úrval og gilding á íslenzkum afurðum, svo sem fiski, eins og áður hefði tíðkast, svo að landsmenn hefði í rauninni sætt miklu betri kjörum síðan umdæmaverzlunin hófst. En alt mundi þetta hverfa úr sögunni, ef félagsverzlun kæmist á aftur, og landsmönnum þar á ofan veita miklu örðugra að leita réttar síns og fá leiðrétting á misfellum, ef illa færi.[1]) Niðurstaðan á þessu varð sú, að konungur úrskurðaði 25. jan. 1706, að leigufrestur kaupmanna skyldi framlengdur um eitt ár með sömu kjörum og áður, og málinu eigi til lykta ráðið fyr en búið væri að grenslast enn betur eftir skoðun Árna Magnússonar og rannsaka alt sem gaumgæfilegast. Hafði stjórnin lagt það til, að afgjaldið skyldi standa við hið sama og áður (13670 rd.) ef haldið væri kaupsetningunni frá 1702, en lækka niður í 8000 rd., ef slakað væri enn frekar á kaupsetningunni landsmönnum í vil.[2]) Kaupmenn vildu eigi líta við þessu, kváðust alls eigi hafa beðið um neina framlengingu með sömu kjörum og áður, sízt til eins árs, heldur hefði þeir farið fram á félagsverzlun með 20 ára leigufresti og 8000 rd. afgjaldi, svo að þeir væri einráðnir í að hafna þessu boði.[3]) Tók þá konungur af skarið og úrskurðaði með bréfi 1. febr. 1706, að bjóða skyldi upp íslenzku hafnirnar eins og gert hefði verið að undanförnu.[4]) Þetta kom kaupmönnum mjög á óvart og vissu þeir eigi gjörla, hversu við skyldi bregðast, en niðurstaðan varð sú, að þeir keptu innbyrðis hver við annan og aðrir við þá, er á uppboðið var komið, og buðu nærri 7000 rd.

---

1) Á. M. Embskr. Bls. 133—153.
2) Lovsaml. for Isl. I, 628.
3) Bréf kaupmanna til konungs og stiftamtm. 28. jan. 1706. Þjskjs. A 42.
4) Lovsaml. for. Isl. I, 629.

meira í hafnirnar, en hæst hafði verið boðið áður, eða 20190 rd. í stað 13670, og það til 6 ára.[1]) Urðu þeir mjög gramir út af þessu, en gátu þó engan sakað nema sjálfa sig eða hver annan, og með því að þeim þótti lítil fróun í því, sneru þeir allir hatrinu á Árna Magnússon og kváðu hann valdið hafa.[2]) Í hinum nýju einkaleyfisbréfum kaupmanna er það gert að skilyrði, að enginn megi taka kaupmann í félag við sig, sem reki verzlun á næstu höfn, eða selja sinn hluta af hendi við hann (§ 1), og er það skilyrði nýtt og eflaust frá Árna Magnússyni runnið, því það miðar til þess að halda uppi samkepni á nágrannahöfnum. Annars má víðar sjá handbragð Árna á verzlunarskilmálunum, enda hafði stjórnin hann í ráðum með.[3]) Af einkaleyfisbréfunum er það og auðsætt, að miklu fleiri menn hafa nú tekið þátt í útgerðinni en áður, því þar eru tilgreindir að minsta kosti 26 menn, sem taldir eru fyrir höfnunum, en miklu fleiri hafa þó staðið á bak við og átt meiri og minni þátt í verzluninni, eins og ljóst er af öðrum skilríkjum.[4]) Eins og gefur að skilja eru nú flestir hinna eldri útgerðarmanna látnir og ekkjur þeirra eða nýir menn komnir í staðinn, sem áður voru ókunnir. Munu þó flestir þeirra hafa verið eitthvað við íslenzku verzlunina riðnir áður sem kaupmenn eða verzlunarþjónar eða jafnvel skipherrar á Íslandsförum. Af hinum eldri útgerðarmönnum, sem gengnir voru úr skaftinu en þó enn á lífi, var Hans Nansen helztur. Hann hafði um og eftir aldamótin orðið fyrir miklu tjóni bæði á sjó og landi af eldsvoða og öðru, og komist í fjárþröng og erfiðleika. Fekk hann konungsbréf fyrir því 27. okt. 1703,

---

1) Lovsaml. for Isl. I, 637—638.

2) Smbr. Aldarfarsbók Páls lögm. Vídalíns 1700–1709. Útg. Sögufélag. Rvík 1904. Bls. 37—38.

3) Smbr. A. M. Embskr. Bls. 153—155.

4) Pannig eru að eins tveir menn taldir fyrir verzluninni á Eyjafirði, Morten Mogensen og Kristján Davidsen, en af auglýsingu, er birt var á Spjaldhagaþingi 26. ág. 1707, er það ljóst, að Assessor Kröyer hefur þá verið eigandi að $^{1}/_{8}$ hluta verzlunarinnar og Kaspar Witte að öðrum $^{1}/_{8}$ hluta. Smbr. Þingbók Eyjafjs. 1699—1707. (Þjskjs.).

að skuldheimtumenn hans mætti eigi ganga að honum í 4 árin næstu, og er tjón hans metið á 100 þúsund dali. Kemur hann eigi við íslenzku verzlunina upp frá því, en lifði þó fram til 1713.[1])

Nokkru eftir að máli þessu var til lykta ráðið gengu mjög erfiðir tímar í garð, því árið 1709 hófst ófriður með Svíum og Dönum og stóð hann í full 11 ár eða fram á mitt sumar 1720. Varð þá illfært skipum Dana um sundin og Norðursjóinn vegna sænskra víkinga og hremdu þeir allmörg af Íslandsförum. Var það til ráðs tekið, að láta kaupförin sigla í einum flota til Noregs með herskip til fylgdar, og síðan aftur um haf til Noregs frá Íslandi, en þar biðu þeirra herskip að nýju. Sum þeirra mistu þó af herskipafylgdinni á heimleiðinni og létu fyrirberast í Noregi vetrarlangt eða jafnvel lengur. Eins og geta má nærri olli þetta ýmsum örðugleikum og óþægindum á Íslandi og bakaði kaupmönnum meira en lítið tjón. Var slakað til við suma þeirra á hafnaleigunni og verzlunarleyfið framlengt til þriggja ára 1711 með því fyrirheiti, að tekið skyldi til greina tjón það, er þeir biði af hernaðinum, en hinu neitaði konungur, að lögleiða aftur kaupsetningguna frá 1684, enda þótt kaupmenn leituðu fastlega eftir og stjórnin legði til með þeim.[2]) Þessu undu kaupmenn illa og fóru því enn á stúfana með sömu beiðslurnar í bréfi til stjórnarinnar 19. maí 1712, og kváðust eigi sjá sér fært að halda verzluninni áfram nema þessu væri sint. Var þá svo áliðið sumars, að engin tök voru á að birgja landið, ef þeir gengi úr skaftinu, og hafa kaupmenn líklega gert ráð fyrir, að stjórnin mundi sjá sig knúða til að gefa eftir, úr því að svo stóð á. En í stað þess fengu þeir mjög stranga ofanígjöf og beina hótun um, að láta þá sæta fullri ábygð, ef þeir héldi slíku fram, og við það

1) O. Nielsen: København 1660—1699. Bls. 421—422.

2) Kgsbr. 28. apr. 1711 og 30. apr. 1712. Lovsaml. for Isl. I, 678-679 og 681-682. Smbr. Rkbr. til íslenzku kaupmannanna 22. marz 1712. Lbs. 91 fol.

sat.[1]) Örðugleikarnir fóru þó heldur vaxandi en þverrandi. Árið 1712 kom alls engin sigling til landsins, af því að engin herskip voru til fylgdar,[2]) og árið eftir sátu Svíar fyrir Íslandsförum norður við Hjaltland og tóku nokkur þeirra í hafi. Voru þeir jafnvel svo nærgöngulir, að þeir höfðu á orði að skjótast inn til Björgynjar og hremma skip þau frá Íslandi, er þar lágu. Það fórst þó fyrir, en þetta varð til þess, að skipin þorðu eigi að hætta sér út aftur langa lengi.[3]) Voru upp frá því herskip látin fylgja Íslandsförum alla leið út hingað á hverju ári, og lágu þau í Hafnarfirði sumarlangt, en kaupförunum var stefnt þangað að áliðnu sumri og skyldi þau sigla utan samflota.[4]) En þrátt fyrir þetta varð eigi við því spornað, að eitt og eitt af íslenzku kaupförunum lenti í klónum á Svíum, og báru kaupmenn sig æ verr eftir því sem á leið. Taldist þeim svo til, að þeir hefði alls mist á ófriðarárunum 26 skip með öllum farmi ýmist af völdum Svía eða öðrum óhöppum, en hitt hafði þráfaldlega við borið, að skipin töfðust í Noregi vetrarlangt eða lengur, jafnvel stundum á þriðja ár.[5]) Stjórnin gerði sitt hið ítrasta til að létta undir með kaupmönnum í þessum erfiðleikum, gaf þeim alveg eftir hafnaleiguna fyrir árið 1712 og slakaði til við þá í ýmsum greinum.[6]) Þegar leigufresturinn var útrunninn árið 1715 lækkaði afgjaldið úr 20190 rd. niður í 18880 rd. (brutto) til næstu 6 ára,[7]) og er mesta furða, að kaupmenn skyldi sjá sér fært að bjóða svo

---

1) Rkbr. 26. maí 1712. Lovsaml. for Isl. I, 682--683.

2) Í Hestsannál segir, að það ár hafi engin skip komið fyrir norðan, fá fyrir sunnan og austan og 2 fyrir vestan. (J. Sig. 39 fol.). En í kgsbr. 28. júní 1717 segir, að kaupmönnum skuli eftir gefin að öllu leyti hafnaleigan fyrir 1712, »efterdi Landet samme Aar, formedelst Mangel af Convoy, ei blev beseglet« (Lovs. for Isl. I, 733), og mun það eflaust réttara.

3) Bréf kaupmanna til konungs 29. ág. 1713. Lbs. 91 fol.

4) Smbr. Hestsannál. (J. Sig. 39 fol) við árin 1710--1718 og Svarfaðardalsannál (Lbs. 158, 4to) við sömu árin.

5) Bréf kaupmanna til stjórnarinnar 24. febr. 1720. Bréfab. stiftamtm. I, 370--379. (Þjskjs.).

6) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 692--693 og 732--733.

7) Lovsaml. for Isl. I, 699.

mikið, því flestir þeirra höfðu stórskaðast og nokkrir voru orðnir öreiga og gengnir úr skaftinu, enda höfðu þeir sumir verið efnalitlir undir og eigi færir um að ráðast í þann vanda. Þannig hafði efnalaus skipstjóri, *Peder Jensen Holm*, hlotið Skagaströnd og Reykjarfjörð árið 1706, en gengið mjög illa. Hafði hann löngu áður en leigufresturinn var á enda orðið að ganga frá höfnunum og látist nokkru síðar í fátækt og örbirgð. Um sama leyti leigðu þeir *Morten Mogensen* og *Kristján Davidsen* Eyjafjörð, en komust brátt í málaferli saman. Kærði Kristján Davidsen félaga sinn fyrir margvísleg brot á verzlunarskilmálunum, en gat lítið eða ekkert sannað þegar til kom.[1]) Sleit þá Morten Mogensen félagsskapnum við hann, en Kristján Davidsen kunni lítt skil á verzlunarmálum, því hann hafði áður lagt stund á beykisiðn, og lyktaði með því, að hann varð að ganga frá höfninni stórskuldugur árið 1711 og dó að lokum í skuldafangelsi. Þriðja dæmið er af Rifshöfn, sem lengi var talin ein af beztu og arðvænlegustu höfnum landsins vegna fiskiafurðanna. Hana hafði gamall skipstjóri, *Peter Nikolai Winge*, leigt árið 1706 fyrir 1195 rd. Hélt hann sæmilega í horfinu fyrstu árin og bauð 1600 rd. í höfnina árið 1715, en eftir það reið alveg um þvert bak hjá honum. Var hann að þrem árum liðnum kominn í 8 eða 10 þús. rd. skuld og strauk frá Kaupmannahöfn, en ábyrgðarmaður hans varð að taka að sér höfnina sárnauðugur og reið honum nær að fullu í efnalegu tilliti. Svo mætti fleiri telja. Þegar harðna tók í ári hjá þessum og öðrum útgerðarmönnum, sem líkt voru staddir, fóru aðflutningar á höfnum þeirra að verða af skornum skamti, en jafnframt fóru þeir að ganga mjög ríkt eftir skuldum sínum, og varð það til þess, að margir af skuldunautum þeirra á Íslandi komust í örbirgð, en hafnirnar rýrnuðu í áliti og lækkuðu í afgjaldi. Þannig

1) A. M. Embskr. Bls. 223 og 291—292. Smbr. Bréf Kristjáns Davidsens til stiftamtm. 7. nóv. 1707. Þjskjs. A 48. II, 1.

hafði árið 1706 greiðst af Stykkishólmi 1575 rd., og stóð við það leigufrestinn út og lengur, en árið 1715 komst höfnin niður í 400 rd., og svo var um fleiri af þessum höfnum, sem höfðu verið sprengdar upp úr öllu valdi af fordild eða flónsku.[1]) Hafði kaupmannastéttin íslenzka alt til þessa verið í miklu áliti í Kaupmannahöfn, en fór nú heldur að setja ofan.[2])

Stjórnin gat eigi annað en kannast við þessi missmíði og örðugleika á verzluninni og leitaði því til kaupmanna áður leigufresturinn var útrunninn og bað um tillögur þeirra, ef ske kynni að þeir sæi einhver ráð til að bæta úr bölinu. En þeir voru heldur úrræðafáir, og stefndu tillögur þeirra sízt í þá áttina, er konungur gæti fallist á. Lögðu þeir helzt til, að leigufresturinn yrði framvegis 10—12 ár, og buðust þá til að greiða 11400 rd. í leigu af höfnunum. Enn fremur vildu þeir láta lögleiða á ný kaupsetninguna frá 1684 og fá loforð um eftirgjöf á leigunni, ef einhver óhöpp bæri að höndum. Þessum tillögum svaraði konungur með bréfi 25. marz 1720 og úrskurðaði, að leigufresturinn skyldi vera 6 ár og engin breyting gerð á kaupsetningunni. Eigi vildi konungur heldur líta við boði þeirra um leiguna; krafðist hann að minsta kosti sömu leigu og að undanförnu, en hét þeim svo aftur á móti tilslökun ef illa færi.[3]) Kaupmenn voru ófáanlegir til að halda verzluninni áfram með þessum kjörum, og var þá stofnað til uppboðs á íslenzku höfnunum 25. apr. 1720, en ekkert boð fekst nema í einar 5 hafnir og það talsvert lægra en áður. Leitaði þá stjórnin fyrir sér í Noregi, en enginn vildi gefa sig fram. Var því gert ráð fyrir nýju uppboði 30. okt., en jafnframt leitað samninga við kaupmenn, og buðu þeir þá 15000 rd. í leigu gegn því að leigufresturinn væri 16—20 ár. Var þá uppboðinu frestað

1) Smbr. Bréf stiftamtm. til stjórnarinnar 11. okt. og 5. nóv. 1720. Bréfab. stiftamtm. I, 351--357 og 409--417. (Þjskjs.).
2) Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1699--1730. Kbh. 1892. Bls. 173.
3) Lovsaml. for Isl. I, 779--781.

enn á ný og leitað umsagnar Rabens stiftamtmanns, sem þá var nýkominn frá Íslandi. Hafði hann tekið við af Gyldenlöve stiftamtmanni þá um vorið og lét allmikið yfir sér í fyrstu, eins og títt var um suma stiftamtmenn og amtmenn meðan þeir voru nýir af nálinni. Lítur helzt út fyrir, að hann hafi ætlað að láta verulega til sín taka í verzlunarmálunum, því hann fór nokkuð geyst af stað og ritaði hvert bréfið á fætur öðru þar að lútandi. Lagði hann eindregið til, að íslenzku verzluninni væri breytt í félagsverzlun og leigufresturinn látinn vera eigi skemri en 10—12 ár, og taldi hann bæði hag konungs, landsmanna og kaupmanna bezt borgið með því.[1]) Konungur tók þessu allfjarri og lagði enn að kaupmönnum að hækka boð sitt; taldi hann þeim enga vorkunn á því, þar sem friður væri nú kominn á og útlendur varningur sífelt að lækka í verði, en íslenzkur varningur hefði aftur á móti stigið mjög á hernaðarárunum.[2]) Höfðu þá hafnirnar verið boðnar upp 4 sinnum árangurslaust, svo konungur var orðinn leiður á þessu og fór jafnvel að gefa í skyn, að réttast mundi að selja útlendum þjóðum verzlunina í hendur. Urðu þá kaupmenn smeykir um sig og hækkuðu boðið um 1000 rd., en létust þó illa við því búnir, því þeir gerði eigi annað en skaðast á verzluninni. Konungur var þó eigi á því að slaka til á kröfunum. Kvaðst hann eigi trúa því að íslenzku kaupmennirnir væri svo skyni skroppnir, að þeir væri að streitast við að halda í íslenzku verzlunina, ef þeir gerði eigi annað en skaðast á henni, enda mætti þeir vita, að bæði Hollendingar, Englendingar og Brimarar væri fúsir á að taka hana að sér, ef þeim gæfist kostur á.[3]) Kaupmenn svöruðu aftur með bréfi 10. febr. og sóru og sárt við lögðu, að þeir treysti sér eigi til að bjóða meira, og við það sat.[4]) Úrskurðaði kon-

1) Bréf stiftamtm. 11. okt. og 5. nóv. 1720. Bréfab. stiftamtm. I, 351—357 og 409—417. (Þjskjs.).
2) Kgsbr. 25. nóv. 1720. Lovsaml. for Isl. I, 790—792.
3) Kgsbr. 3. febr. 1721. Lovsaml. for Isl. II, 1—4.
4) Bréfab. stiftamtm. II, 279—288. (Þjskjs.).

ungur 24. febr., að hafnirnar skyldi leigðar til þriggja ára fyrir 16000 rd., og voru leyfisbréfin og skilmálarnir út gefnir 5. maí 1721.[1]) Þegar liða tók að því, að þessi þriggja ára leigufrestur væri á enda, komu fram tillögur um að flytja bækistöð íslenzku verzlunarinnar frá Kaupmannahöfn til Björgynjar, og leitaði stiftamtmaður umsagnar íslenzkra embættismanna og íslenzkra kaupmanna um það, en flestir eða allir voru því mótfallnir, enda þótt kaupmenn léti ólíkindalega sumir hverir og teldi einu gilda, því íslenzka verzlunin væri komin í hundana hvort sem væri.[2]) Þetta varð þó til þess, að kaupmenn buðu nokkru hærri leigu af höfnunum en áður, eða 18000 rd., og var því boði tekið og verzlunin leigð með sömu skilyrðum og áður til næstu 6 ára (1724—1729).[3]) Stiftamtmaður hafði lagt allra manna fastast á móti því, að verzlunin kæmist í annara hendur en Dana, og hélt enn fast við uppástungu sína um félagsverzlun. Lagði hann fram ítarlegar tillögur þar að lútandi 6. marz 1723 og fekk Holstein greifa, er þá var í mestum hávegum hjá konungi, í lið með sér, og mun því hafa verið allvongóður um úrslitin.[4]) En Árni Magnússon kom þar í opna skjöldu og lagði fast á móti þessu enn sem fyr, og nú féllust jafnvel kaupmenn sjálfir á mál hans, svo ekkert varð úr þessu, en stiftamtmaður tók sér það mjög nærri að því er virðist og sagði, að kaupmenn vissi eigi hvað til síns friðar heyrði.[5])

---

1) Lovsaml. for Isl. II, 9--25,

2) Smbr. Bréf stiftamtm. til kaupmanna 15. sept. og 9. des. 1722. Bréfab. stiftamtm. IV, 24—25 og 72—73. Svör kaupmanna. Bréfab. stiftamtm. V, 22—48 og 56—77. (Þjskjs.).

3) Smbr. Kgsbr. 12. apr. 1723 og Oktroi 23. ág. 1723. Lovsaml. for Isl. II, 40—44.

4) Bréfab. stiftamtm. IV. 210—237 og V, 1—19. (Þjskjs.). Smbr. Þjskjs. A 42.

5) A. M. Embskr. Bls. 558—559. Bréf stiftamtm. til konungs 4. júní 1723. (Bréfab. stiftamtm. IV, 423—424). Svar ísl. kaupm. við því 26. júní 1723. (Bréfab. stiftamtm. V, 96--102). Smbr. Þjskjs. A 42. Stiftamtm. farast þannig orð um úrslitin í bréfi til landfóg. 7. febr. 1724: »Hvad sig dend Islandske Compagnie Handling angaar, da er Udfaldet blevet som almindelig, at hvad Landet og Indbyggerne saavelsom Hs. Mt. er tenckt til Gode, sielden eller ingentid faar Fremgang, mens tvertimod det skadeligere heller approbered. Dog feiler ikke, at derunder ioe visse Personer sõger egen Nõttighed«. (Bréfab. stiftamtm. VI, 10—11).

Þó að kaupmenn væri mótfallnir félagsstofnun að þessu sinni, þá var það í raun og veru eigi af því, að þeir teldi umdæmaverzlunina heppilegri, heldur af hinu, að þeir þóttust eigi hafa fjármagn til að ráðast í félagsverzlun með þeim breytingum, sem henni voru samfara, og þó að heldur lifnaði yfir verzlun Dana að ófriðnum loknum, þá náði það eigi til íslenzku verzlunarinnar, því kaupmenn gerðu eigi betur en að halda í horfinu og varla það. Þegar að því var komið að leigufresturinn rynni út, boðaði stjórnin til samkepni að vanda og gerði ráð fyrir 6 ára leigufresti eins og áður.[1]) En kaupmenn lýstu því yfir, að þeir sæi sér eigi fært að bjóða neitt í íslenzku hafnirnar, nema þeir fengi eftirgjöf á afgjaldinu fyrir árin 1728 og 1729, enda höfðu margir þeirra beðið stórtjón við eldsvoðann mikla í Kaupmannahöfn þá um haustið. Stjórnin vildi þó freista hamingjunnar og sjá hversu gæfist. Var því stofnað til uppboðs í janúarmánuði 1729, og buðu þeir af kaupmönnum, sem eigi höfðu beðið tjón af eldsvoðanum, 12000 rd. í hafnirnar og létu þess jafnframt getið, að þeir sæi sér eigi fært að bjóða meira vegna árferðis og harðinda á Íslandi, einkum norðan lands og austan. Konungur var þó eigi ánægður með boðið og vildi fá að minsta kosti 15000 rd. í leigu af höfnunum, en hét svo aftur á móti kaupmönnum þeim, sem orðið hefði fyrir tjóni af eldsvoðanum, eftirgjöf á hálfri leigunni fyrir síðastliðið ár.[2]) Að lokum varð það að samkomulagi, að kaupmenn buðu 13000 rd. í hafnirnar til næstu 6 ára, og fengu þeir staðfestingu konungs á því.[3]) En svo var sumum íslenzku höfnunum farið að hraka þegar hér var komið sögunni, að enginn vildi líta við þeim með sérstakri leigu, og voru t. d. 13 kaupmenn í samlögum um verzlunina í Stykkishólmi og fengu höfnina afgjaldslaust í 3 árin næstu. Það er svo að sjá af öllum þessum samn-

1) Stjórnarauglýs. 7. okt. 1728. Lovsaml. for Isl. II, 91—93.
2) Kgsbr. 26. jan. 1729. Lovsaml. for Isl. II, 93—95.
3) Smbr. Oktroi 17. mai 1730. Lovsaml. for Isl. II, 113—116.

ingum og þrefi um íslenzku verzlunina, sem konungur hafi eigi viljað trúa því, að kaupmennirnir ætti erfitt uppdráttar, því hann gerir jafnan sitt hið ítrasta til að spenna afgjaldið upp úr öllu valdi, og virðist eigi hafa veitt því eftirtekt, að þeir voru smám saman að týna tölunni. Voru þeir að sönnu lítt rómaðir flestir, sem urðu gjaldþrota, og höfðu eigi hátt um sig, en hinir kaupmennirnir tóku þegjandi við höfnum þeirra, ef ábyrgðarmennirnir treystust eigi til þess. En þó kom að því að lokum, að hinir fóru líka að dragnast aftur úr, sem meiri voru fyrirferðar, og fekk þá konungur eigi lengur dulist þess, að alvarleg hætta var á ferðum, ef þessu héldi áfram. Við árslok 1731 var Pétur Keysen kommerceráð, sem lengi hafði rekið verzlun í Hólminum og Húsavík og talinn var um þær mundir öldungur íslenzku kaupmannanna, kominn í 4455 rd. skuld við konung, og lét þá stjórnin ganga að eigum hans, en hafði eigi nema 3000 dali upp úr því. Gat þá eigi komið til mála, að hann héldi áfram verzluninni, enda höfðu hafnir hans verið illa birgðar að undanförnu. Var þá leitað til hinna kaupmannanna og sömuleiðis reynt að bjóða upp hafnirnar, en það kom fyrir ekki, svo konungur varð sjálfur að taka þær að sér.[1]) Um sama leyti fór Rifs- og Ólafsvíkurkaupmaður á höfuðið og strauk úr landi, svo konungur mun hafa farið að sansast á, að eitthvað væri bogið við þessa tilhögun, enda var þá Friðrik konungur IV. úr sögunni og sömuleiðis Árni Magnússon, en þeir höfðu báðir verið mjög andvígir félagsverzlun. Hafði það eitt með öðru orðið íslenzku kaupmönnunum til hrösunar, að þeir gátu aldrei orðið samtaka um að halda íslenzkum afurðum í sæmilegu verði erlendis, heldur spiluðu á eigin spýtur hver í sínu lagi og seldu oft og einatt sér og öðrum í óhag sumpart af fljótfærni og sumpart af neyð. Reyndu þeir hvað eftir annað að koma á samtökum með sér í því skyni, að ráða bót á þessu, en

1) Lovsaml. for Isl. II, 134—135.

þau fóru jafnan út um þúfur. Þannig bundust kaupmenn í Vestmannaeyjum, Stapa, Hólmi og Hafnarfirði samtökum haustið 1713 í því skyni, að halda uppi fiskverðinu í Hamborg. Hétu þeir hver öðrum því í nafni heilagrar þrenningar, að selja allir í einu lagi og fyrir ákveðið verð, en láta eigi Hamborgara tæla sig til að selja í smáslöttum, þó að þeir byði meira í fyrsta og annan farminn, því það mundi eigi verða til annars en þess, að hinir sæti eftir með sárt ennið og yrði að taka hverju smánarboði sem væri.[1]) En Hamborgarar munu oftast hafa séð við lekanum og sjálfir ráðið verðinu, því eigi linti barlómnum af hálfu íslenzku kaupmannanna, og áttu þeir stundum fult í fangi með að koma fiskinum út sér að skaðlausu. Árið 1729 gerðu íslenzku kaupmennirnir enn samtök með sér í þessu skyni, og sendu tvo menn úr sínum hóp til Hamborgar til þess að semja um sölu á íslenzkum fiski, en Hamborgarar gerðu þá samtök í móti og héldu fiskverðinu niðri.[2]) Þetta gátu hinir eigi staðist, því margir þeirra voru í svo mikilli fjárþröng, að þeir gátu eigi borgað hafnaleiguna fyr en þeir voru búnir að koma íslenzku afurðunum í peninga, og urðu því að láta þær fjúka við fyrsta boð.[3]) Þetta o. fl. lögðu kaupmenn niður fyrir stjórninni í ítarlegu skjali, og töldu íslenzku verzlunina komna í það horf, að eigi væri viðreisnar von nema með því móti, að stofnað væri öflugt verzlunarfélag, er fengi einkarétt á verzluninni til 10 eða 12 ára gegn 8000 rd. afgjaldi árlega. Með því einu móti töldu þeir hag konungs og sínum borgið, en ef þessu héldi áfram væri eigi annað sýnna, en að kaupmenn færi á höfuðið hver á fætur öðrum og konungur misti hafnaleigunnar. Þessu voru allir íslenzku kaupmennirnir samþykkir, nema bræðurnir Bjering,

1) Lbs. 91 fol.

2) Lbs. 92 fol.

3) Svo mikil vanskil urðu á greiðslu hafnaleigunnar hjá sumum útgerðarmönnum, að stjórnin varð oft og einatt að láta gera aðför að lögum til að ná henni inn. Smbr. *Beskrivelse af Island* eftir Skúla fógeta. (J. Sig. 33 fol.). Bls. 143.

er verzlun ráku á Búðum og Patreksfirði. Varð það úr, að stjórnin félst á þetta, og úrskurðaði konungur 15. des. 1732, að félagsverzlun skyldi hafin að nýju og hafnirnar seldar á leigu með þeim kjörum, er fyr segir.[1]) Var þá endi bundinn á umdæmaverzlunina, sem staðið hafði í hálfan annan mannsaldur og að mörgu leyti verið hagstæð landsmönnum, þó að ýmsir væri agnúar á henni.

V.

Félag lausakaupmanna[2]) *(Det Islandsk-Finmarkske Kompagni* 1733—1742).

Í leyfisbréfi konungs frá 15. des. 1732 er gert ráð fyrir því, að hluttakendur í hinu nýja verzlunarfélagi geri samþyktir sín á milli um tilhögun og stjórn á félaginu, og er þeim veitt full heimild til þess og í sjálfsvald sett, að haga þeim og breyta eftir vild sinni, að því einu tilskildu, að þær komi að engu leyti í bág við verzlunartilskipanir konungs.[3]) Mér hefur eigi tekist að finna þessar samþyktir, svo eigi er kostur á að skýra ítarlega frá tilhögun félagsins, en af öðrum gögnum má þó ráða nokkuð um skipulag þess og fjárhag. Hluttakendur höfðu flestir verið í förum til Íslands árum saman áður fyrri, ýmist fyrir sjálfa sig eða aðra, og rekið síðan lengi útgerð og verzlun á íslenzkum höfnum, svo þeir voru nákunnugir íslenzkum verzlunarháttum og högum lands og þjóðar. Voru þeir nú margir orðnir velmetnir borgarar í Kaupmannahöfn og

1) Lovsaml. for Isl. II, 142—145.

2) Nafnið »lausakaupmenn« er hér eigi viðhaft í þeirri merkingu, er síðar tíðkaðist hér á landi, heldur táknar að eins þá kaupmenn, er áður höfðu rekið verzlun hver í sínu lagi á einstökum höfnum, en gengu nú í félag saman. Á dönsku er þetta verzlunarfélag stundum kallað *Det Islandsk-Finmarkske Kompagni*.

3) Lovsaml. for Isl. II, 144—145.

gegndu ýmsum trúnaðarstörfum. Lögðu þeir hús og eignir sínar á Íslandi til félagsins eftir virðingarverði, og fengu svo ýmsa aðra með í hópinn, sem lögðu fram handbært fé. Hlutafjárupphæðin eða stofnféð var 200 þús. rd. eða 2 tunnur gulls, og voru þar í talin verzlunarhús, vörubirgðir, útistandandi skuldir á Íslandi og geymsluhús í Kaupmannahöfn. Mun því hafa verið skift niður í 100 hluti og hver hlutur því verið 2000 rd.[1]) Í stjórnina voru kjörnir þeir af hluthöfum félagsins, er mesta reynzlu höfðu fyrir sér og bezt kunnu skil á íslenzku verzluninni. Er þar fyrstan að telja *Niels Henriksen*, sem verið hafði meira og minna riðinn við íslenzku verzlunina alt frá aldamótunum, eða réttara sagt frá 1704, því þá hafði hann fengið borgarabréf sem íslenzkur kaupmaður. Hafði hann rekið verzlun á Berufirði frá 1706 til 1714 í samlögum við annan mann, og síðan einn á Reyðarfirði frá 1715—1732, en hefur víst jafnframt átt einhverja hlutdeild í verzlun á fleiri höfnum, þótt eigi sé hann talinn fyrir. Hann var mjög velmetinn maður í Kaupmannahöfn, átti sæti í bæjarstjórninni og varð að lokum borgarstjóri og jústizráð. Hann átti son af seinna hjónabandi, er Henrik hét, merkan fræðimann og bókavin; var hann sæmdur aðalstign og tók sér nafnið *Hjelmstjerne*. Dóttir hans giftist *Rosencrone* greifa, sem var af íslenzku bergi brotinn í móðurætt, og stofnuðu þau hjón *Hjelmstjerne-Rosecrone-sjóðinn* til styrktar vísindum og listum, en hann mun mega telja einna mestan allra sjóða í Danmörku, er stofnaðir hafa verið í því skyni, annan en Carlsbergsjóðinn, og hefur hann miklu góðu til vegar komið. En stofnfé sjóðsins átti rót sína að rekja til Niels gamla Henriksens, því hann var óvenju hagsýnn og duglegur kaupmaður og hafði grætt þetta á íslenzku verzluninni, þótt öðrum gæfist hún misjafnlega. Hann veitti félaginu forstöðu meðan það var við líði, og var talinn vellauðugur maður þegar hann

1) Smbr. Beskrivelse af Island eftir Skúla fógeta, J. Sig. 33 fol. Bls. 143.

andaðist.[1]) Annar helzti maður í stjórn félagsins var *Nikolai Burmester*. Hann fekk borgarabréf sem íslenzkur kaupmaður árið 1706 og rak síðan lengi verzlun í Grindavík og var sjálfur í förum fyrst framan af. Komst hann í allmikið þjark við Eyrarbakkakaupmenn 1708 út af verzlun Ölfusinga og Selvogsmanna, sem fyr segir, og hélt fast á sínu máli.[2]) Hann fekst einnig við ölgerð í Kaupmannahöfn og var vel metinn maður og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum. Var hann lengi bæjarfulltrúi í Kaupmannahöfn og varð jústizráð að nafnbót árið 1739. Hann mun hafa átt sæti í stjórninni meðan félagið var við líði, og andaðist um það bil er félagið hætti verzlun á Íslandi.[3]) Þriðji maðurinn í stjórn félagsins var *Niels Birch*, er lengi hafði verið í förum til Íslands. Rak hann verzlun á Dýrafirði frá 1706 til 1714, en síðan á Ísafirði til 1732. Lenti hann 1728—1729 í allmiklu stappi við Magnús Bergsson, sýslumann í Ísafjarðarsýslu, út af vigt á fiski og öðrum viðskiftum, og bar hann sýslumanni á brýn, að hann hefði sýnt ofstæki mikið við verzlunarþjóna sína og spanað almúgann upp á móti þeim, eða leitast við að gera það, en sú deila féll þó niður að lokum vandræðalaust.[4]) Fjórði maðurinn í stjórninni var *Kristófer Jensen Lund*, er rekið hafði verzlun í Hafnarfirði og Eyjafirði frá 1712 eða fyr. Bera reikningar þeir, sem enn eru til frá þeim verzlunum í hans tíð, vott um, að hann hefur komist vel af, enda voru hafnirnar góðar. Erindisbréf þau, er hann fekk kaupmönnum sínum í hendur, voru oft og einatt mjög ítarleg og sýna það og sanna, að hann hefur verið mesti fyrirhyggjumaður og haldið vel utan að sínu.[5]) Fimti maðurinn í stjórninni var *Hans Jörgen Solberg*. Hann er að vísu hvergi talinn fyrir íslenzkum höfnum í leiguskránum, en

---

1) O. Nielsen: Köbenhavn 1699—1730. Bls. 438.
2) Smbr. Þjskjs. A 42 I.
3) O. Nielsen: Köbenhavn 1699—1730. Bls. 438.
4) Þjskjs. A 68 II, 19 og III, 12. Smbr. Bréfab. stiftamtm. VIII, 116—118.
5) Smbr. Lbs. 91—92 fol.

hefur þó vafalaust staðið að baki sumum íslenzku kaupmönnunum á undanförnum áratugum og átt hlutdeild með þeim í verzluninni. Hann var vel efnum búinn og í góðum metum í Kaupmannahöfn.[1]) Hefur hann vafalaust átt drjúga hlutdeild í félaginu þegar það var stofnað, því að öðrum kosti hefði hann eigi hlotið sæti í félagsstjórninni. Af öðrum merkum hluthöfum má telja þá *Andreas Bech* bæjarfulltrúa og son hans *Hans Henrik Bech*. Andreas Bech hafði verzlað lengi á Íslandi, fyrst á Patreksfirði, Bíldudal og Vestmannaeyjum frá 1706 til 1714 og síðan í Vestmannaeyjum til 1730. Þá tók Hans Henrik sonur hans við, og hlaut sæti í stjórn félagsins, en Andreas Bech mun þá hafa þótt of gamall, því hann var þá áttræður og andaðist árið eftir að félagið var stofnað. Annar sonur hans, Jóhann, hafði verið í förum til Íslands á unga aldri og komist í góð efni, en síðan snúið við blaðinu og sóað öllum eigum sínum. Flæktist hann þá til Austurindía og spurðist eigi til hans lengi vel.[2])

Verzlunarskilmálar félagsins eru dags. 3. apr. 1733, og eru þeir í flestum greinum mjög svipaðir hinum fyrri, en þó talsvert ítarlegri og einstökum nýjum atriðum bætt við, sem auðsjáanlega miða til hagsmuna fyrir Íslendinga. Er það eitt með öðru, að stjórnin leitast við af fremsta megni að bæta úr anmörkunum á umdæmaskipuninni með því að heimila Íslendingum sjálfum að ráða því framvegis, hvar þeir reki verzlun. Skyldi allir segja til um það á þingum, er verzlunarskilmálarnir væri birtir, hvar þeir hefði verzlað að undanförnu og hverja höfn þeir kysi sér framvegis, svo að enginn ágreiningur risi út af því síðar meir. Skyldi sýslumenn bóka þetta alt saman mjög grandgæfilega og senda amtmanni skýrslurnar, en hann aftur stjórninni við fyrsta tækifæri, svo að kaupmenn gæti hagað aðflutningum sínum á hverja höfn eftir því.[3]) Í öðru lagi er

1) Smbr. O. Nielsen: København 1699—1730. Bls. 174—175, 448.
2) Smbr. O. Nielsen: København 1699—1730. Bls. 433—434.
3) Oktroi 3. apr. 1733 (§ 20). Lovsaml. for Isl. II, 156. Smbr. Rkbr. til yfirvalda á Íslandi 5. mai 1733. Lovsaml. for Isl. II, 162.

kaupmönnum boðið að selja og kaupa vörur þær, er eigi voru skráðar í kaupsetningunni, við sanngjörnu verði, og sögð full ábyrgð á, ef út af bregði.[1]) Þriðja atriðið, sem bætt var inn í skilmálana, er þó ef til vill þýðingarmest og afleiðingaríkast af öllum þessum nýmælum. Það var um vöruskoðun á höfnunum. Skyldi sýslumenn ásamt tveim þar til kjörnum eiðsvörnum mönnum skoða gaumgæfilega vörubirgðir kaupmanna á hverri höfn jafnskjótt og þeir yrði landfastir, og færa niður verð á þeim vörum, er eigi reyndist fullgildar. Var kaupmönnum stranglega bannað að selja nokkra minstu ögn af vörum sínum áður en slík skoðun hefði fram farið, að viðlagðri 100 rd. sekt. Gæti sýslumenn eigi sjálfir komið því við einhverra hluta vegna, áttu þeir að skipa til þess valinkunna lögréttumenn og fela þeim vöruskoðunina á sína ábyrgð.[2]) Að öðru leyti var sýslumönnum falin umsjón og eftirlit með verzluninni í heild sinni, að alt færi fram að lögum og með fullri sanngirni, og höfnunum skift á milli þeirra eftir því sem haganlegast þótti. Var amtmanni falin umsjón með verzlun í Grindavík og Bátsöndum, landfógeta með verzluninni í Keflavík, sýslumanni Árnesinga með verzluninni í Hafnarfirði, sýslumanninum í Kjósarsýslu með verzluninni í Hólminum, sýslumanni Borgfirðinga með verzluninni á Búðum, sýslumanninum í Hnappadalssýslu með verzluninni á Stapa og Ólafsvík, sýslumanni Snæfellinga með verzluninni á Kumbaravogi og Grundarfirði, sýslumanni í Dalasýslu með verzluninni í Stykkishólmi og sýslumanni Rangæinga með verzluninni á Eyrarbakka. Að öðru leyti áttu þeir að hafa umsjón með höfnunum hver í sinni sýslu.[3])

Afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum stjórnarinnar

1) Oktroi 3. apr, 1733 (§ 8). Lovsaml. for Isl. II, 150.

2) Oktroi 3. apr. 1733 (§ 9). Lovsaml. for Isl. II, 151—152. Smbr. Rkbr. til yfirvalda á Íslandi 5 mai 1733. Lovsaml. for Isl. II, 163—164.

3) Rkbr. til yfirvalda á Íslandi 5. mai 1733. Lovsaml. for Isl. II, 163—165. Í Múlasýslum voru þá 3 sýslumenn, og átti einn að hafa umsjón á Vopnafirði, annar á Reyðarfirði og hinn þriðji á Berufirði.

komu brátt í ljós, því þegar á fyrsta ári bárust kærur úr flestum sýslum landsins um ýmsa anmarka á verzluninni framar en áður hafði viðgengist á dögum lausakaupmanna. Kom þar að því, er Árni Magnússon hafði jafnan spáð, að félagsverzlun mundi reynast landsmönnum viðsjálli í flestum greinum en umdæmaverzlunin, þrátt fyrir alt og alt. Voru kærur þessar einkum í því faldar, að kaupmenn hefði selt vörur þær, er eigi voru skráðar í kaupsetningunni, við misjöfnu verði á höfnunum, og gefið mjög lítið fyrir íslenzkar afurðir, er eigi voru nefndar í kaupsetningunni. Enn fremur var kvartað um peningaskort á höfnunum, og víða um skort á trjávöru og járni, auk þess sem járnið, er flutt var til landsins, reyndist óhæft til notkunar að dómi stjórnarinnar sjálfrar. Þá var og kvartað um, að íslenzkar afurðir væri gerðar afturreka í kaupstöðunum sumpart af vandfýsni og sumpart af fyrirhyggjuleysi kaupmanna, svo sem kjöt vegna saltskorts, og að álnavara hefði reynst mjög misjöfn að gæðum, en þó verið seld við sama verði upp og ofan m. fl. Sýslumenn kærðu flestir yfir því, að kaupmenn hefði margir byrjað verzlun sína áður en vöruskoðun hefði farið fram, þvert ofan í verzlunarskilmálana, og auk þess verið mjög stirðir og óþjálir við þá, er vöruskoðunin fór fram, svo að þeir hefði eigi fengið að rekja sundur klæðastranga eða vega þungavöru til þess að ganga úr skugga um, hvort engin brögð væri í tafli. Þetta alt gaf stjórnin félaginu til kynna með bréfi dags. 26. marz 1734, og kvaðst hafa búist við öðrum tíðindum eftir alla þá tilhliðrun, sem kaupmönnum hefði verið sýnd bæði með því að færa afgjaldið niður um helming og breyta um tilhögun á verzluninni eftir ósk þeirra, en hitt hefði þó jafnframt vakað fyrir stjórninni, að Íslendingar mætti njóta góðs af því og vegna betur en áður.[1]) Félagsstjórnin lét eigi á sér standa að svara þessum aðfinslum og var heldur illyrt í garð landsmanna. Lét

1) Lovsaml. for Isl. II, 180—181.

hún jafnvel á sér skilja, að kærurnar væri mestmegnis sprotnar af óvild til félagsins, og mæltist heldur til þess, að hlutaðeigendur væri látnir sæta ábyrgð og refsingu fyrir þessar rakalausu staðhæfingar sínar. Víkja þeir síðan að kærunum og leitast við að bera þær af sér, og tókst það að sumu leyti, enda voru flestar þeirra órökstuddar í einstökum atriðum og tilgreindu eigi vitni eða sökudólga eða nánari atvik, svo að ilt var að henda reiður á þeim. Fá sýslumenn yfirleitt óþveginn vitnisburð í skjali þessu, og er það auðsætt, að bæði kaupmenn og félagsstjórnin hafa kunnað því illa, að þeim var falin umsjón með og afskifti af verzluninni. Segir félagsstjórnin berum orðum, að hroki og óbilgirni sýslumanna hafi aukist svo við þessa vegtyllu, að eigi sé við það unandi, því þeir skoði sig alveg eins og einvaldsherra hver í sínu umdæmi og láti sem þeir eigi sjálfir verzlunarhúsin og alt sem í þeim sé. Muni sannarlega eigi vanþörf á, að stjórnin taki í taumana og setji niður í þeim hrokann, því að öðrum kosti megi búast við almennu uppþoti og agaleysi í landinu, og sé þetta eigi nema ofurlítill forsmekkur og sýnishorn af því, sem í vændum sé. Stjórnin lét sér hægt um þetta, en veitti þó sýslumanninum í Strandasýslu, Einari Magnússyni, alvarlega ráðningu fyrir ósvífni hans og hrottaskap við kaupmanninn á Reykjarfirði. Að öðru leyti hélt stjórnin fast við stefnu sína og var eigi á því, að slaka neitt til við kaupmenn, því hún brýndi enn á ný fyrir yfirvöldunum á Íslandi, að vanda sem bezt eftirlit og vöruskoðun á höfnunum og hlífast eigi við að gefa sér til kynna, ef eitthvað færi aflaga.[1])

Þó að eigi væri gert neitt frekar úr þessu, þá hafði það samt góð áhrif, því kaupmenn komust nú að raun um það, að stjórninni var full alvara með ráðstafanir sínar, og að sýslumenn höfðu bæði vilja og mátt til að sýna

---

1) Rkbr. til amtm. og landfóg. 10. maí 1734. Þjskjs. A 114. Hér við liggur og bréf kaupmanna frá 30. apr. 1734.

þeim í tvo heimana, ef illa tækist til með verzlunina, svo þeir sáu þann kostinn vænstan, að hafa betur gát á sér framvegis. Bar það við eigi svo sjaldan hér eftir, að félagsstjórnin tók aðfinslur sýslumanna til greina og gerði sér far um að bæta úr brestunum, enda brá svo við innan skamms, að alt féll í ljúfa lōð með kaupmönnum og landsmönnum. Bryddi eigi á neinum kærum upp frá því meðan félag þetta rak verzlunina, og lék það orð á síðar meir, að engin félagsverzlun hefði verið landsmönnum hagstæðari en þessi, enda var hægt á við að jafnast, því hin félögin voru hvert öðru óvinsælla. Stóð hagur þessa félags með hinum mesta blóma, svo hluthafar fengu árlega 6 % í ágóða af fé sínu og lánstraust félagsins fór dagvaxandi, enda var því stjórnað af hinni mestu ráðdeild og hagsýni.[1]) Sætti félagsstjórnin jafnan góðum kaupum á útlendum varningi og lagði hina mestu áherzlu á, að fá Íslendinga til að vanda sem bezt vöru sína, og varð þetta til að koma afurðum þeirra í gott verð erlendis, enda var nú og eigi hrapað að sölunni fyr en viðunanlegt boð fekst.[2]) Það gat eigi hjá því farið, að ýmsir liti öfundaraugum á þessa velgengni félagsins, og jafnvel stjórnin sjálf fór að naga sig í handarbökin fyrir að hafa selt félaginu verzlunina á leigu með svo góðum kjörum. En hún hugsaði sér að jafna þetta upp síðar með því að færa leiguna fram um helming þegar að því kæmi að endurnýja frestinn. Gerði hún þá félaginu kost á íslenzku verzluninni til næstu 10 ára gegn 16 þús. rd. afgjaldi, og kvað félagsmönnum enga vorkunn á að greiða það, því útgerðarkostnaður þeirra hefði eigi numið meiru en 100 þús. rd. árlega um undanfarið skeið, en söluverð íslenzkra afurða að minsta kosti rúmum 120 þús. rd., svo auðsætt væri, að þeir hefði haft mjög góðan hagnað af verzluninni. Auk þess gerði stjórnin ráð fyrir því, að láta einnig

1) Smbr. Beskrivelse af Island eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 143.

2) Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. (J. Sig. 37 fol.).

vöruskoðun fram fara í Kaupmannahöfn um leið og skipin væri fermd til að girða með öllu fyrir það, að skemdur eða ógildur varningur væri sendur til Íslands, og gerði þetta að skilyrði af sinni hálfu fyrir leigunni.[1]) Þessum kostum vildi félagsstjórnin eigi hlíta og kaus heldur að eiga undir uppboði á höfnunum. Var ráð fyrir gert, að uppboðið færi fram 16. apríl, og voru aðalskilyrðin birt með stjórnarauglýsingu 9. apr. Er þar jafnvel gert ráð fyrir að hverfa aftur að umdæmaverzlun, ef svo vilji verkast, og leigja einstökum mönnum hafnirnar 2 eða 3 saman eftir atvikum.[2]) Varð sú niðurstaðan, að Hörmangarar í Kaupmannahöfn buðu 16100 rd. í hafnirnar og hlutu hnossið til næstu 10 ára, en hinir gengu frá með miklum hagnaði, því eignir félagsins námu þá að sögn 4 tunnum gulls, svo hver hluthafi hefur fengið tillag sitt tvöfalt aftur.[3])

VI.

Hörmangarafélagið (1743—1758).

Verzlunarskilmálar Hörmangarafélagsins eru dags. 13. júlí 1742, og eru þeir í öllum greinum samhljóða hinum eldri frá 13. apr. 1733, nema hvað hér er gerð ítarleg ráðstöfun um vöruskoðun í Kaupmannahöfn samkvæmt kgsbr. 30. jan. 1742. Skyldi félagið senda nákvæma skrá yfir farm hvers skips til stjórnarinnar, og átti eigi að eins hlutaðeigandi kaupmaður, sem í förum var, að votta með eiðfastri undirskrift sinni, að sú skrá væri rétt, heldur og

---

1) Kgsbr. 30. jan. 1742. Lovsaml. for Isl. II, 382—384.

2) Lovsaml. for Isl. II, 385—389.

3) Kgsbr. 26. apr. 1742. Lovsaml. for Isl. II, 391. Smbr, Beskrivelse af Island eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 143.

tollþjónn sá, er eftirlit hafði með ferming skipsins, og fekk ekkert skip að leggja út, fyr en sú skrá var komin í hendur stjórninni. En jafnframt er þó gert ráð fyrir því, að stjórnin láti nýja skoðun fram fara, ef henni svo sýnist, áður skipin fái brottfararleyfi, og kæmi þá upp úr dúrnum, að eigi væri alt með feldu, skyldi bæði kaupmenn þeir og tollþjónar, er hlut áttu að máli, sæta æfilangri þrælkun í járnum. Þetta eftirlit átti að miða til þess, að tryggja landsmönnum næga aðflutninga á nauðsynjavöru.[1]) En eigi nóg með það. Til enn frekari fullvissu um, að vörurnar væri ósviknar og eins og vera bæri eftir skilmálunum og kaupsetningunni, áskildi stjórnin sér rétt til að láta tvo valinkunna utanfélagskaupmenn skoða helztu vörurnar, svo sem matvöru, um leið og skipin væri fermd, og skyldi þeir tilkvaddir af bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn. Áttu þeir að gefa skriflegt vottorð um gæði vörunnar, og ábyrgjast sjálfir vanhöldin, ef nokkur reyndist. Jafnframt þessu er þó gert ráð fyrir vöruskoðun á höfnunum af hálfu sýslumanna, ef ske kynni að vörueftirstöðvar frá fyrra ári hefði skemst í húsunum vetrarlangt eða varningur spilst í hafi af leka eða öðru, svo að eigi verður annað sagt, en að stjórnin hafi gert sitt hið ítrasta til að búa sem vandlegast um hnútana.[2]) Með þessum kjörum og öðrum, sem tilgreind eru í skilmálunum, var félaginu seld verzlunin á leigu til ársloka 1752 fyrir 16100 rd. árlega. Auk þess voru félaginu seldar jarðabókartekjur konungs af Vestmannaeyjum á leigu ásamt innstæðubátum konungs í eyjunum, sem voru 14 að tölu, fyrir 200

1) Konungur hafði skrifað Lafrentz amtm. 8. júní 1741 og krafist skýrslu hans um, hve margar fjölskyldur ætti verzlunarsókn á hverja höfn landsins og hve mikið þyrfti af aðfluttum varningi á hverja höfn til að fullnægja þörfum manna. Enn fremur skyldi hann gera grein fyrir aðflutningum á hverja höfn síðan félagið tók við árið 1733, eða að m. k. gefa nákvæma skýrslu um aðflutninga á yfirstandandi ári (1741), ef hitt reyndist ofætlun. (Lovsaml. for Isl. II, 351). Hefur stjórnin auðsjáanlega ætlað að hafa þessar skýrslur til hliðsjónar við eftirlitið í Kaupmannahöfn, en það mun hafa dregist úr hömlu hjá amtm. að senda þær. Smbr. Kgsbr. 30. jan. 1742 (Lovsaml. for Isl. II, 382).

2) Smbr. Oktroi 13. júli 1742, (§§ 10—11.) Lovsaml. for Isl. II, 406—409.

rd. árlega, eins og gert hafði verið að undanförnu.[1]) Að 3 árum liðnum tók félagið einnig að sér verzlun á Finnmörk, sem konungur hafði látið reka á sinn kostnað að undanförnu. Varð stjórnin svo fegin að losna við þann ómaga, að hún eigi að eins veitti félaginu hana leigulaust í 25 ár, heldur framlengdi einkaleyfi Hörmangara á íslenzku verzluninni með sömu leigu og áður um 25 ár, eða frá sumarmálum 1746 til sumarmála 1771.[2]) Eins og geta má nærri varð Íslendingum enginn hagur að þessu bandalagi, því bæði feldi konungur litlu síðar úr gildi vöruskoðun þá í Kaupmannahöfn, sem áður hafði verið fyrirskipuð, af því að hún hafði eigi tíðkast við Finnmerkurverzlunina,[3]) og svo gerði Hörmangarafélagið sér jafnan far um, að vinna það upp á íslenzku verzluninni með harðleikni í viðskiftunum, sem það skaðaðist á hinni.

Hörmangarafélaginu var heimilað í verzlunarskilmálunum, eins og hinu fyrra félagi, að ráða samþyktum sínum og breyta þeim eftir vild sinni,[4]) en þær samþyktir finnast nú eigi lengur, og er því fátt kunnugt um tilhögun þess í fyrstu, nema hvað ráða má af lausum drögum til og frá. Félagsmenn eða stofnendur voru alls 20, og voru 17 þeirra hörmangarar í Kaupmannahöfn, en 3 voru af öðru

---

1) Smbr. Oktroi 3. apr. 1733 (§ 10) og Oktroi 13. júlí 1742 (§ 12.) Lovsaml. for Isl. II, 152 og 409.

2) Smbr. Forlængelse af Handels-Octroyen for det isl. Compagnie 1. des. 1745. Lovsaml. for Isl. II, 559—561.

3) Smbr. Kgsbr. 25. maí 1746. Lovsaml. for Isl. II, 566. Rk. reynir að fóðra þessa breytingu með því, að vöruskoðunin hafi eigi komið að tilætluðum notum sakir þess, að eigi væri unt að skoða vörurnar nógu gaumgæfilega í umbúðunum, og eins af hinu, að vörurnar spiltist oft á leiðinni, þó að ekkert yrði að þeim fundið við fermingu skipanna. Taldi hún því nægja, að vöruskoðun færi að eins fram á höfnunum eins og áður. Það liggur þó í augum uppi, að vöruskoðun stjórnarinnar hefur verið talsvert aðhald á kaupmönnum, enda komust Íslendingar brátt að raun um það. Hitt var og heldur eigi þýðingarlaust atriði, að unt var að bæta úr brestunum og útvega nýjar vörur, ef hinar upphaflegu birgðir reyndust gallaðar við skoðun í Kaupmannahöfn, en þess var enginn kostur, ef anmarkarnir komu eigi fram fyr en skipin voru búin að hafna sig á Íslandi.

4) Smbr. Lovsaml. for Isl. II, 417—418.

sauðahúsi, og eru stofnendur allir nefndir á nafn í verzlunarskilmálunum.[1]) Í fyrstu voru að eins 4 menn í stjórn félagsins, *Hans Kristján Brock, Diðrik Munch, Jakob Klog* og *Pétur Svane.*[2]) Lítur helzt út fyrir, að Munch hafi verið þeirra fremstur eða talinn fyrir, að minsta kosti af Íslendingum, því láts hans er getið í íslenzkum annálum við árið 1761.[3]) Hlutirnir virðast hafa verið 60 til að byrja með, hver á 1000 rd., en 9. des. 1745, þegar ráðið var að félagið tæki að sér Finnmerkurverzlunina, mun hlutunum hafa verið fjölgað upp í 72 og hver hlutur hækkaður um 500 rd. eða upp í 1500 rd. Þegar farið var þá að gera upp reikningana næsta ár, hafði félagið grætt svo á íslenzku verzluninni, að hver hlutur hækkaði upp í 1839 rd. 12 sk. þegar gróðanum var jafnað niður, og höfðu þó félagar auk þess fengið 8 % af fé sínu fyrir öll 4 árin (1743—1746). Var þá um haustið samþykt að fjölga svo félögum um leið og starfsviðið var fært út, að hlutirnir yrði 100 alls og hver á 2000 rd. Jafnframt voru þá kjörnir 5 forstöðumenn og 3 endurskoðendur eða eftirlitsmenn, og skyldi tveir elztu forstöðumennirnir hafa 400 rd. hvor í ómakslaun, en hinir 200 rd. hver. Skyldi eftirlitsmennirnir koma í stað þeirra hver af öðrum, ef hinna misti við eða gengi úr stjórninni. Forstöðumönnum var harðlega bannað að taka fé til láns án vitundar félagsmanna, og skyldi jafnan tveir af hluthöfum vera til eftirlits þegar gerður væri upp hagur félagsins og birgðarannsókn færi fram. Var rík áherzla lögð á gott samkomulag meðal forstöðumanna og félagsmanna yfirleitt, og 50 rd. sekt lögð við, ef einhver gerði sig sekan um uppivöðslu eða illyrði í garð félagsstjórnarinnar eða félagsbræðra.[4])

---

1) Oktroi 13. júlí 1742. Lovsaml. for Isl. II, 401. Smbr. Kgsbr. 28. júlí 1742. Lovsaml. for Isl. II, 419.

2) Smbr. Forlængelse af Handels-Octroyen for det isl. Compagnie 1. des. 1745. Lovsaml. for Isl. II, 559.

3) Smbr. Breiðafjarðarann. Lbs. 379, 4to. (J. Sig. 39 fol.).

4) Smbr. Extract vedkomm. Islandske og Finmarkske Compagnie, Lbs. 93 fol.

Það kom brátt í ljós, að félaginu var þörf á ítarlegri samþyktum og ákveðnara skipulagi eftir að Finnmerkurverzlunin komst í hendur þess, því verksviðið jókst þá að miklum mun og kostnaður og umstang að sama skapi. Hafði félagið ráðist í að byggja nýtt hús fyrir 28 þús. rd., bæði til skrifstofuhalds, fundahalda og geymslu, og fært út kvíarnar að ýmslu leyti. Voru samþyktirnar gerðar 24. febr. 1748, skömmu eftir að Friðrik konungur V. hafði staðfest einkaréttindi félagsins, og eru þær mjög ítarlegar og fróðlegar um alt snið þess og tilhögun. Eftir þessum nýju samþyktum áttu 7 menn að skipa stjórn í félaginu. Skyldi einn þeirra vera *forseti* (Præces eða Præsident), og var það meira heiðursstaða en hitt, því aðalstörfin hvíldu á *forstöðumönnunum* eða *framkvæmdarstjórunum* (Direktörer), sem áttu að vera 3, og var hinn elzti þeirra talinn fyrir. Aðrir 3 voru kosnir til vara og eftirlits úr hóp merkustu félagsmanna (Hoved-Participanter), og skyldi þeir allir vera úr kaupmannastéttinni. Aðalframkvæmdarstjórinn skyldi ganga frá þriðja hvert ár, og skyldi þá annar yngri framkvæmdarstjóranna koma í hans stað og einn af vara- eða eftirlitsmönnum þokast upp í framkvæmdarstjórnina, en hluthafar jafnskjótt fylla í skarðið. Skyldi þeir þokast þannig upp á við eftir aldri í stjórninni, og var það gert að skilyrði, að enginn þeirra ætti minna en tvo hluti í félaginu. Forstöðumenn skyldi jafnan vera þrír saman um allar ráðsályktanir og framkvæmdir af félagsins hálfu, og færi svo að einhver þeirra teðist frá eða forfallaðist, áttu hinir tveir að kalla einn af varamönnum til í hans stað, svo að jafnan væri þrír menn úr stjórninni til allra ráðagerða. Var þeim gert að skyldu að vera til viðtals á skrifstofu félagsins eða fundasal ákveðna daga í viku hverri, svo að allir gæti snúið sér til þeirra um kaup og sölu á varningi, ef á lægi, og svo til að gegna bréfaskriftum. En þegar mikið lá við, skyldi varamenn einnig kvaddir á fund með þeim til skrafs og ráðagerða, og áttu þeir aðgang jafnt hinum að bókum og

skjölum félagsins og höfðu rétt til að bera fram tillögur, en máttu eigi gera neinar ráðstafanir eða fyrirskipanir upp á eigin spýtur. Varamenn áttu að endurskoða bækur og reikninga félagsins í ágústmánaðarlok ár hvert, því aðalfundur var jafnan haldinn í það mund, og gera athugasemdir við þá, ef þurfa þætti, en forstöðumenn félagsins voru skyldir að svara þessum athugasemdum skriflega. Átti síðan að kjósa 3 menn úr hóp hluthafa til að skoða aðfinslurnar og svörin og gera upp á milli þeirra (Decisores), og var sá úrskurður látinn nægja. Allir voru þeir skuldbundnir til að þegja um hagi félagsins við aðra út í frá, og tók sú skuldbinding einnig til annara félagsmanna. Forseti og framkvæmdarstjórarnir skyldi hafa 400 rd. í þóknun árlega fyrir starfa sinn, en varamenn 100 rd. hver. Auk þess var ráðinn sérstakur *endurskoðandi* til að athuga reikninga kaupmanna þeirra, er í förum voru af félagsins hálfu, því stjórnin þóttist eigi geta komist yfir það. Vann hann eið að starfi sínu, enda var það næsta vandasamt og áríðandi, og eigi öðrum hent en þeim, sem voru nákunnugir íslenzkum verzlunarháttum. Var til þess kjörinn fyrstur manna *Sören Pedersen*, er lengi hafði verið í förum til Íslands á yngri árum,[1]) og skyldi hann hafa 300 dali árlega fyrir starfa sinn, en kaup hinna, sem eftir hann kæmi, skyldi fara eftir samkomulagi. Þá var og ráðinn sérstakur *bókhaldari*, og var hann aðalstarfsmaður og trúnaðarmaður félagsins og skyldi einnig vinna eið að starfi sínu og setja félaginu 4000 rd. tryggingu. Átti hann að annast alla bókfærslu og bréfaskriftir félagsins og vera stjórninni innan handar með upplýsingar og afgreiðslu. Skyldi hann hafa kauplausa íbúð, eldsneyti og ljós í félagshúsinu, svo að hann væri jafnan til taks ef á þyrfti að halda, og 1200 rd. að launum árlega, en af því átti hann svo að launa skrifstofu-

1) Sören Pedersen var kaupmaður á Akureyri 1715—1729. Smbr. Kaupmannatal á Akureyri í Jarðabók Eyjafjs. eftir Jón sýslum. Jakobsson. (Þjskjs.).

þjónunum. Enn fremur voru ráðnir tveir *afgreiðslumenn* eða *pakkhússkrifarar*, sem kallaðir voru, annar við íslenzku verzlunina með 600 rd. launum og ókeypis húsnæði, en hinn við Finnmerkurverzlunina með 400 rd. launum og húsnæði. Áttu þeir að taka við öllum aðfluttum íslenzkum og norskum afurðum verzlunarinnar, sjá um geymslu á þeim og afgreiðslu eftir tilvísun félagsstjórnarinnar, og annast sölu þeirra í smáskömtum, ef svo bæri undir.[1]) Skyldi þeir standa reikning á ráðsmenska sinni fyrir bókhaldara og félagsstjórninni einu sinni í mánuði að minsta kosti, og rannsaka gaumgæfilega vörubirgðir sínar á hverju vori í viðurvist eftirlitsmanna, þegar skip væri farin. Átti þá að rífa út allar fiskbirgðir, viðra þær og velja úr þeim, skoða kjöt- og lýsistunnur og dytta að þeim, ef á þyrfti að halda, svo að alt væri í röð og reglu þegar nýjar birgðir kæmi að áliðnu sumri. Stjórninni í heild sinni var falið að ráða kaupmenn og verzlunarþjóna, og er lögð rík áherzla á það í samþyktunum, að þeir einir skuli ráðnir í þjónustu félagsins, er kunnir sé að reglusemi og trúmensku og hafi vel vit á fisk- og kjötverkun, enda voru þetta nauðsynleg skilyrði, þar sem um jafn sjálfstætt og ábyrgðarmikið starf var að ræða. Er gert ráð fyrir því, að verzlunarþjónarnir þokist smám saman upp í æðri og ábyrgðarmeiri sæti eftir verðleikum, en að þeim sé þegar sagt upp, ef þeir standi eigi samvizkusamlega í stöðu sinni. Þó er auðsætt af öllu, að þeir voru teknir fram yfir aðra og látnir ganga fyrir, sem höfðu áður verið í hörmangaraþjónustu, og kemur þar fram stéttarígurinn gamli, sem einkendi svo mjög hin fornu bræðralög og atvinnufélög. Kom það Hörmangarafélaginu í koll hér á Íslandi,

1) Íslenzku kaupmennirnir höfðu jafnan áskilið sér rétt til smásölu á íslenzkum varningi í Kaupmannahöfn, þótt það væri eigi fullkomlega lögum samkvæmt, enda höfðu hörmangarar jafnan amast við því, og það mun hafa verið meðfram í því skyni, að stemma stigu fyrir þessari smásölu, sem hörmangarar töldu koma í bág við stéttarhagsmuni sína og gildisréttindi, að þeir fóru sjálfir að slægjast eftir íslenzku verzluninni. Smbr. Kgsbr. 15. febr. 1734. Lovsaml. for Isl. II, 168—169.

eins og síðar mun sýnt verða. Í samþyktunum var gert ráð fyrir því, að félagsstjórnin leitaði opinberlega framboðs á þeim útlendum varningi í Kaupmannahöfn, sem flytja þyrfti til Íslands, og skyldi því boði tekið, er lægst væri, ef vörurnar þætti óaðfinnanlegar. Var þetta gert til að firra stjórnina öllum grun um eigingirni eða hlutdrægni. En þær vörur, sem þurfti að fá frá öðrum löndum, átti stjórnin sjálf að viða að sér eftir eigin geðþótta. Þegar skipin voru öll komin aftur að haustinu til og full vissa fengin um aðflutninga, átti stjórnin öll í heild sinni að koma saman og kalla á fund sinn hina reyndustu og ráðnustu af hluthöfum félagsins, og skyldi þar ákveðið fast verð á öllum íslenzkum og norskum afurðum frá því ári, og mátti ekkert selja í Kaupmannahöfn undir því verði, nema að eins fisk og lýsi ef um stórkaup var að ræða. Þetta náði þó að eins til þeirra birgða, sem seldar voru í Kaupmannahöfn.[1]) Hinir farmarnir, sem fóru til Hamborgar, voru bundnir sérstökum samningum fyrir ákveðið árabil í senn.[2]) Bókhaldara var stranglega bannað að hafa meira fé í vörzlum sínum til daglegra útgjalda en 4000 rd. Hitt átti jafnótt að leggja inn í bankareikning félagsins, eins og nú tíðkast, og skyldi félagsstjórnin ávísa því til útborgunar eftir þörfum. Hlutaféð var um þessar mundir orðið 200 þús. rd. eða 2 tunnur gulls og hlutirnir 100, en hluthafar 58. Skyldi einn hlutur hafa eitt atkvæði á fundum félagsins, 3 hlutir 2 atkvæði og 6 hlutir 3 atkvæði. Hæstur hluthafi var frú *Björn*, ekkja Andrésar Björns, er mest hafði gengist fyrir að koma á fót skipasmíðastöðvum og öðrum nauðsynjafyrirtækjum í Kaup-

1) Skúli fógeti lætur þess getið í einu af skjölum sínum til stjórnarinnar, að Hörmangarar hafi seilst eftir Finnmerkurverzluninni til þess að fyrirbyggja alla samkepni með fisk og lýsi í Kaupmannahöfn, því nú voru þeir einir um hituna og notuðu sér það, að því er hann segir, til að spenna mjög upp verð á fiski í Kaupmannahöfn. Smbr. Promemoria ang. den isl. Handel, Viðey 9. júli 1757. Þjskjs. A 34 nr. 5.

2) Þannig gerði félagsstjórnin 10. apríl 1747 samning við Hamborgara um sölu á 4000 skpd. af íslenzkum harðfiski árlega í 10 ár fyrir ákveðið verð. Smbr. Extract vedkomm. Islandske og Finmarkske Copagnie. Lbs. 93 fol.

mannahöfn, og átti hún 6 hluti eða 12 þús. ríkisdali í félaginu. Konungur sjálfur átti eitt hlutabréf í félaginu, og meðal hluthafa voru margir úr hóp æðstu embættis- og tignarmanna ríkisins, svo sem greifarnir Berkentin, Moltke, Thott og Holstein, Hersleb Sjálandsbiskup o. m. fl.[1]) Einn af æðstu embættismönnum ríkisins, *Karl Juel* leyndarráð og yfirhirðmeistari, var kjörinn forseti félagsstjórnarinnar (Præces),[2]) og mun hafa þótt betra en ekki að eiga slíkan málsvara hjá konungi, enda kom það brátt í ljós. Félagsmönnum hafði áður verið bannað í verzlunarskilmálunum (§ 27) að brjála hlutabréfum sínum eða veðsetja þau, en haustið 1748 leysti konungur þá undan þessu banni eftir tilmælum forseta og félagsstjórnarinnar,[3]) og varð afleiðingin sú, að hlutabréfin gengu kaupum og sölum manna á milli og komust brátt í geypiverð, svo að þau fengust varla fyrir minna en 26—2800 rd.[4])

Það er alkunna, að engin verzlun hér á landi hefur orðið illræmdari en verzlun Hörmangara, og bar margt til þess. Í fyrsta lagi voru þeir sjálfir með öllu ókunnugir íslenzkum verzlunarháttum þegar þeir tóku við árið 1743, og vildu eigi hlíta ráðum annara um nokkurn skapaðan hlut. Voru þeir meira að segja svo grunnhygnir og óhagsýnir, að þeir flæmdu frá sér allflesta íslenzka kaupmenn, sem áður höfðu verið í förum landa á milli og höfðu því reynsluna fyrir sér, til þess að koma að viðvaningum úr sínum hóp eða hörmangarasveinum, sem öllu voru óvanir, og létu sér þar á ofan farast svo illa við verzlunarþjóna sína að sögn kunnugra manna, að þeir héldust eigi við í þjónustunni eða slitu allri trygð við þá í hjarta sínu og héngu í vistinni með illu geði, af því að þeir áttu

---

1) Smbr. *Convention og Forening imellem det kgl. octroyerede Islandske og Finmarkske Compagnie, vedtagne d. 24. Febr. 1748.* (Lbs. 93 fol.). Prentað hér fyrir aftan sem Fylgiskjal nr. 7.

2) Smbr. Bréfab. stiftamtm. XI, 185. (Þjskjs.).

3) Smbr. Kgsbr. 23. sept. 1748. Lovsaml. for Isl. II, 741—742.

4) Smbr. Beskrivelse af Island eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 144.

eigi á öðru völ.[1]) Þetta hvorttveggja hjálpaðist að til að gera verzlunina illa og óvinsæla, enda voru Hörmangarar þar á ofan mjög harðdrægir í viðskiftunum og hirtu lítt um skuldbindingar sínar, ef þeim bauð svo við að horfa. Þeir sigldu eigi á sumar hafnir nema rétt þegar þeim sýndist, og voru þeir þó skuldbundnir til að birgja þær allar samvizkusamlega á hverju ári samkv. 11. gr. verzlunarskilmálanna. Þannig hleyptu þeir fram af sér þegar á fyrsta ári að sigla á Reykjarfjörð, og kom það sér auðvitað mjög illa fyrir Strandamenn, því þeir áttu erfitt með að sækja til annara kaupstaða, enda kærðu þeir yfir þessu. Bar félagsstjórnin því við, að skipið, sem ætlað var að sigla á Skagaströnd og Reykjarfjörð, hefði eigi lagt af stað frá Kaupmannahöfn fyr en 13. júní og eigi hafnað sig á Skagaströnd fyr en 5. ágúst, svo að kaupmaður hefði eigi treyst sér til að halda skipinu lengra þá um sumarið, en ráðið af að láta Strandamenn eiga sig. Þetta fanst stjórninni engin afsökun og bauð kaupmönnum að sjá til þess framvegis, að skipin legði svo tímanlega af stað frá Kaupmannahöfn, að þau gæti náð á allar hafnir, því að öðrum kosti mætti þeir eiga von á að verða látnir sæta ábyrgð[2].) Þetta stoðaði þó eigi nema rétt í svipinn, og bar það oft við hér eftir, að eigi var siglt á Reykjarfjörð. Þá hætti og félagið alveg upp úr þurru að sigla á Grindavíkurhöfn árið 1745, og var Grindvíkingum ætlað að sækja verzlun til Bátsanda, en þeir létu illa yfir því sem væntanlegt var. Árið eftir kom heldur engin sigling til Grindavíkur, og báru kaupmenn það fyrir sig, að höfnin væri að fyllast af sandi, svo að skipum væri eigi óhætt.[3]) Þannig rufu þeir skuldbindingar sínar hispurs-

1) Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. (J. Sig. 37 fol.). Bech hafði sjálfur verið árum saman í þjónustu Hörmangara, svo honum mátti vera kunnugt um þetta, og var hann svo merkur maður. að eigi er ástæða til að rengja sögu hans. Hann varð seinna bæjarfulltrúi og justizráð og veitti konungsverzluninni forstöðu nál. 1780.

2) Smbr. Rkbr. til félagsstjórnarinnar 18. apr. 1744. Lovsaml. for Isl. II, 500—501.

3) Smbr. Bréf félagsstjórnarinnar til stiftamtm. 23. apr. 1746. Þjskjs. A 42.

laust, ef því var að skifta, og hirtu ekkert um tjón það og óþægindi, er af því leiddi, að eigi kom sigling á allar hafnir. Hitt var þó enn verra, að þeir fluttu yfirleitt óvandaða og oft og einatt skemda vöru til landsins. Þegar á fyrsta ári bárust stjórninni margvíslegar kærur yfir verzluninni, einkum að vörurnar þætti misjafnar að gæðum og verði og miklu lakari yfirleitt, en gert væri ráð fyrir í kaupsetningunni, en kaupmenn viku þeim frá sér með því að skírskota til vöruskoðunar þeirrar, er stjórnin lét fram fara í Kaupmannahöfn. Þessa afsökun tók þó stjórnin eigi gilda, og sagði sem satt var, að vöruskoðunin í Kaupmannahöfn væri eigi einhlít til að koma í veg fyrir þetta, því vörurnar væri að eins skoðaðar lauslega í umbúðunum. Það væri vöruskoðunin á Íslandi, sem ætti að skera úr því til fullnustu, hvort vörurnar væri gildar eða eigi, og brýndi hún því enn á ný fyrir amtmanni, að láta vanda hana sem bezt.[1]) Þetta varð til þess, að enn fleiri misfellur komu í ljós, og var alment kvartað yfir verzluninni 1745 bæði af amtmanni og sýslumönnum. Höfðu kaupmenn þá flutt mikils til of lítið af nauðsynjavöru til landsins, svo sem mjöli og trjávið, en álnavara og járn reyndist víða svikið og þó rándýrt. Félagsstjórnin tók þessum aðfinslum mjög illa, taldi þær á engum rökum bygðar og gerði ráð fyrir því í bréfi til stiftamtmanns 23. apr. 1746, að hlutaðeigendur væri látnir sæta alvarlegri áminningu fyrir róg sinn, og að þeim væri tekinn vari fyrir, að hreyfa slíkum aðfinslum framvegis að ástæðulausu.[2]) Stjórnin gat þó eigi annað en kannast við það, að eitthvað hlyti að vera hæft í þessum aðfinslum, úr því að amtmaður og allir sýslumenn landsins væri á einu máli um þetta, en henni þótti það á bresta, að kærurnar væri nægilega rökstuddar, og taldi hún yfirvöldunum á Íslandi skylt að sanna þær með opinberum þingsvitnum

1) Smbr. Rkbr. til félagsstjórnarinnar 15. maí 1745. Lovsaml. for Isl. II, 553—554 og nmgr.

2) Þjskjs. A 42.

og láta kaupmenn sæta ábyrgð að lögum, ef þeir yrði uppvísir að svikum eða vanrækslu.[1]) Þetta var og sumstaðar gert. Þannig var tekið þingsvitni að Holtum í Hornafirði 10. okt. 1746 um verzlun á Djúpavogi undanfarin ár, og kom þar margt ófagurt á daginn. Hafði t. d. Högni prófastur Sigurðsson fengið nokkrar mjöltunnur, og reyndist það í sumum tunnunum »mórautt eður so nær svart í miðjunni« og að þriðjungi eða meir ódrýgra, en ef óspilt væri, og í einni tunnunni voru tveir vænir steinar og var annar þeirra lagður fram til sýnis á þinginu. Þá kom og bóndi einn með sýnishorn af mjöli á þingið, og reyndist það »aldeilis ónýtt og óforsvaranlegt og ekki í mannamat brúkanlegt«. Enn fremur reyndist járn það, er flutt var í kaupstaðinn, óhæft til smíða, svo menn komust eigi leiðar sinnar vegna járnaleysis, og varð prófastur að sleppa húsvitjan af þeirri ástæðu. Sömuleiðis reyndist léreft og önnur álnavara slæm og gisin og talsvert mjórri en venja var til, án þess þó að slakað væri til á verðinu, og svo var um flestar aðrar vörutegundir.[2]) Hið sama varð uppi á teningnum við rannsókn og yfirheyrslu í Hofsóskaupstað, og lét Skúli Magnússon sýslumaður Skagfirðinga það eigi liggja í láginni, heldur stefndi kaupmanni þar, Pétri Ovesen, og fekk hann sektaðan, þótt eigi gengi það tregðulaust.[3]) Snerust kaupmenn flestir illa við þessum aðfinslum og rannsóknum, og vöruskoðun sýslumanna yfirleitt, svo stjórnin varð enn þá einu sinni að taka í strenginn með það.[4]) Yfirleitt þóttu kaupmenn flestir í tíð Hörmangara miklu verri viðfangs en áður, enda brást það varla, að félagsstjórnin tæki svari þeirra hvernig sem þeir höguðu sér. Vekur það heldur grun um, að þeim hafi verið lagðar þannig lífsreglurnar í Kaupmannahöfn, þó að fagurt væri mælt í samþyktum félagsins og kaupmönnum

1) Smbr. Rkbr. til Pingels amtm. 25. mai 1764. Þjskjs. A 116.
2) Þjskjs. A 47 nr. 3.
3) Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 128–129.
4) Smbr. Rkbr. 22. febr. 1749. Lovsaml. for Isl. III, 3–4.

þar gert að skyldu, að halda sér við lög og kaupsetningar. Við rannsókn þá um verzlunarhagi á Djúpavogi, sem áður er getið, kom það upp úr dúrnum, að kaupmaður hafði synjað skuldlausum mönnum úttektar, en margir kvörtuðu um, að hann hefði haft af sér í reikningum eða logið á sig skuld, og einn maður bar það á þinginu, að kaupmaður hefði slegið sig til blóðs í viðurvist Högna prófasts Sigurðssonar.[1]) Eigi er þess þó getið, að kaupmaður hafi verið látinn sæta neinni ábyrgð fyrir þessar yfirtroðslur.

Það vildi landsmönnum til happs um þessar mundir, að tveir ötulir menn og ósérplægnir komust þá til æðstu valda á Íslandi, og létu þeir eigi á sér standa að taka svari landsmanna og vanda um við kaupmenn, enda réðu þeir að lokum niðurlögum Hörmangarafélagsins. Það voru þeir *Skúli Magnússon* landfógeti og *Magnús Gíslason* amtmaður. Skúli hafði um langa hríð gegnt sýslumannstörfum í Skagafirði og jafnan látið verzlunina til sín taka, enda var hann illa þokkaður af kaupmönnum. Hinn 9. des. 1749 var hann skipaður landfógeti á Íslandi og hafði upp frá því allra manna mest mök við kaupmenn, og gat nú enn betur komið sér við. Bazt hann fyrir því árið 1751, að nokkrir af helztu mönnum landsins gerðu samtök með sér í því skyni, að koma á fót ullariðnaði í landinu o. fl. nauðsynjafyrirtækjum, og studdi Magnús Gíslason, er þá var lögmaður sunnan og austan, manna mest að því, en Pingel amtmaður lagðist á móti. Var Skúla falið að flytja þetta mál við konung og stjórnina, því ógerningur þótti að ráðast í nokkurn skapaðan hlut um þær mundir, án þess að trygt væri leyfi og liðsinni konungs. Varð honum svo vel ágengt í Kaupmannahöfn, að konungur eigi einasta veitti þeim félögum einkaleyfi og ýmsar undanþágur og hlunnindi, heldur og fjárstyrk allríflegan og fyrirheit um náð og hylli framvegis. Hafði Skúli farið ómildum

1) Smbr. Þjskjs. A 47 nr 3.

orðum um verzlunarfélagið í tillögum sínum, og gefið því sök á eymd og örbirgð landsmanna, en félagsstjórnin þyktist við sem vænta mátti og lagðist fast á móti þessum nýjungum. Vanst henni þó lítið á, því allflestir hinna mætustu manna í Kaupmannahöfn lögðust á sveif með Skúla, enda þótt sumir þeirra væri riðnir við Hörmangarafélagið, svo hann fekk vilja sínum framgengt í flestum greinum. Þótti félagsstjórninni gengið á hluta sinn með einkarétti þeim og undanþágum, sem hinum nýju stofnunum á Íslandi voru veittar, og ber því sízt að neita, en hins má jafnframt geta, að félagsstjórnin átti sjálf nokkra sök á því með óliðleik sínum og úlfúð í samningunum við landfógeta.[1]) En hvað sem því líður, þá er hitt víst, að upp úr þessu dró til hinnar megnustu sundurþykkju og fjandskapar með landfógeta og kaupmönnum, og hallaðist Magnús jafnan eindregið á sveif með Skúla í þeim róstum. Hafði Pingel amtmaður verið leystur frá embætti þá um vorið (1752) og Magnúsi falið að gegna því, svo þeir félagar áttu meira en lítið undir sér þegar þeir lögðust báðir á eitt. Var nú heldur eigi vanþörf á, því verzluninni hrakaði ár frá ári, og kom það sér illa fyrir landsmenn í ótíð þeirri og harðindum, sem þá dundu yfir. Hafði félagsstjórninni sárnað mjög, er Skúli bar hærra hlut í viðskiftunum erlendis, og lét það nú bitna á lands-

1) Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 82--97. Skúli ritaði þeim félögum sínum á Íslandi 16. apr. 1752 fréttabréf eða skýrslu um afrek sín í Kaupmannahöfn, og vikur þar að undirtektunum á þessa leið: »Konguren vill og giörer sialfur vora uppkomst! Daudur á og skal sá heita, sem ei vill filgia honum! Marga eigum vær ovine, nockra lika vine, á medal hvörra sydare fyrstur af öllum Deres Excellence hr. Geheime Raad Thott. Hann hefur synt, syner og jferbeviisar ad hann er Islands Patron i orde og verke, so ad hans minning ætte Island aldrei ad gleima, ey heldur Græv Rantzovs, Baron Gyldencrones, Conferentz Raad Basballes eda Justitz Raad Heltzens, fleire, eda i ödrum Collegier nefne eg ei ad sinne, enn þessum fáum vær aldrei fullþackad. ... Hier ern soddan Factioner um alt þetta ad timenn leifer mier ekke slikar hógg orustur ad skrifa. ... Þad er ekke Compagniet alt sem hatar mig, heldur Directurer og kaupmenn, þeir sidare þo ei all marger, og nockrer af Compagniets Interessentere adstoda mig, og Geheime Raad Thott, Græv Moltke, samt Ole Bech, Schibstæd og Graah eru Interessentere og þo vorer viner; um þessa stirióld þá ei framar ad sinne.« (Pjskjs. A 42.)

mönnum, eða svo lítur helzt út fyrir, því verzlunarkjörin urðu enn þá verri og kaupmenn enn þá óþjálli og harðdrægari í viðskiftunum en áður, og var þó naumast á það bætandi. Hafði það enn sem fyr lítið upp á sig, þótt sýslumenn skrifuðu utan hver í sínu lagi og fyndi þeim margt til foráttu, því kaupmenn höfðu jafnan undanfærslur og afsakanir á reiðum höndum, en stjórnin taldi kærurnar eigi nógu rökstuddar og eyddi þeim eða tók þær eigi til greina. Þótti Skúla hart að búa undir þessu og hugðist því að færa sönnur á mál sitt og landsmanna með almennum löglegum þingsvitnum um land alt, sem eigi yrði vefengd. Ritaði hann amtmanni um þetta mál á alþingi 1753 og bað hann gera ráðstafanir til slíkrar vitnatöku. Brást hann vel við og bauð sýslumönnum öllum, sem hlut áttu að máli, með bréfi dags. 20. júlí, að láta slíka vitnatöku fram fara þá um sumarið í öllum kaupstöðum landsins í viðurvist kaupmanna sjálfra. Skyldi leitað upplýsinga um verzlunarhagina í heild sinni öll þau ár (1743—1753), er Hörmangarafélagið hafði haft landið á leigu.[1]) Þetta var gert mjög ítarlega víðsvegar um land og hafði Skúli sjálfur orðað spurningarnar til þess að eiga það víst, að öll kurl kæmi til grafar.[2]) Sannaðist þar alveg skýlaust flest af því, er kaupmönnum hafði

1) Smbr. Bréfab. amtm. VII, 11—13. (Þjskjs.)

2) Spurningarnar sjálfar gefa það ljósast í skyn, hvað landsmönnum hefur einkum þótt saknæmt í fari kaupmanna, en þær voru á þessa leið: — 1. Hvört aller Jnnbyggiararner hafa sydann 1743 feinged hia kaupmanninum so mikid af miele, braude og annari kornvöru, sem þeir hafa óskad og med þurfft. — 2. Hvört Jnnbyggiararner hafa feinged so mikla peninga og timbur, sem þeir hafa þurfft, oskad og getad betalad. — 3. Hvört kaupmadur hefur ecke disputerad bændur fra ad taka kornvöru, peninga og timbur, nie helldur med mindugheitum neita þeim þar um, og sosem þvyngad þa til ad taka tóbak, brennevyn og adra ónaudsinlega vöru. — 4. Hvört um þessa posta hafe eins til geingid sydan hörd ár komu sem ádur fyrre. — 5. Hvört kaupmadur hefur eins sidan árinn hördnudu keipt allt hvad fá kunne af kiöte og annare fædu til Compagniets profit fyrer utan tillit til ad almugen hefde sitt upphellde efter. — 6. Hvört nockurt miel edur kornvara hafe efterliggiande verid i búdunum þá skipid siglde, sem ut takast kinne og vera tilstrekkeleg, ef folke læge lyfs naudsyn á. — 7. Hvört kaupmadur vegur eins og mælir ut þá utlensku vöru, klæde, lereft, jarn, tobak, brennivyn og þess hattar, so sem þá Jslendsku vöru er hann kauper, lyse, ull, vadmal og sierhvad annad, og hvort hann alldrei brukar ödru-

áður verið til saka fundið,[1]) og tók landfógeti skjölin öll í sínar vörzlur og hafði utan með sér um haustið til þess að eiga það víst, að þau kæmist í réttar hendur og yrði eigi látin liggja í láginni. Jafnframt þessu skrifuðu sýslumenn sumir stiftamtmanni, og söng þar við sama tón og áður. Hafði Bjarni Haldórsson sýslumaður Húnvetninga skrifað stiftamtmanni 20. sept. árið áður (1752) og haldið því fram, að verzlun félagsins væri landinu skaðleg í flestum greinum, og þyrfti engra bóta að vænta á högum landsmanna meðan svo stæði, en um það þýddi eigi að fást, því engin breyting mundi væntanleg að sinni.[2]) Stiftamtmaður bað hann gera betur grein fyrir máli sínu, og svaraði Bjarni þá aftur með allítarlegu bréfi 30. sept. 1753 og rakti ávirðingar félagsins í einstökum greinum, en skírskotaði að öðru leyti til þingsvitnanna, sem þá höfðu tekin verið í flestum sýslum. Kveðst hann eigi sjá ástæðu til að fara frekar út í þá sálma, en hitt sé bæði sér og öðrum ljóst, að félagið eigi mesta sök á því hörmungarástandi og hungursneyð, er þá var alment orð á

---

vise vigt á því hann selur edur á því kann kaupir. — 8. Fá Jnnbyggiararner alltid ad lata vega hiá kaupmanne þá þeir vilia mieltunnur, halftunnur og qvartel, samt uppslá þad og skoda. — 9. Er tobak og þess slags alltid veigid so Jnnbyggiararner siái á vigtina. -- 10. Var ecke ödugtugt Jarn i kaupstaðnum 1745 og 1746, og med hvöriu verde var þad selt. -- 11. Selia ecke kaupmenn eins epter sem fyrer vöruna jafnvel þótt syslumadur vid besigtelsen hafe sett hana niður. -- 12. Er ei bændum torveldt ad klaga kaupmenn ef þeir giöra þeim rangt til, og i hvöriu bestendur þad. -- 13. Hvörsu adferd er i kaupstadnum, hvort höndlar eirn af bændum i budenne i einu, edur eru þar fleire vid, og hvort hun er læst á medann. -- 14. Er priónales og önnur vara eins vel tekinn uú og adur i separat höndlun. -- 15. Fá bændur i einkaupe peninga, miel og adra þunga vöru, ef þeir betala i priónlese og ullarvöru alleina. -- 16. Berammar kaupmadur bændum vissann tima til ad levera þeirra saude i kaupstadenn, og hefur ecke slagteriet verid tekid i Compagniets tid fyrre enn i separat höndlun, og hvada skade rys Jnnbyggiurunum þar af i þeirra heyskap og biargræde. -- 17. Taka kaupmenn fed alltyd efter alldre og kongsins Taxta. -- 18. Hefur eingiinn i þessa Compagniets tid ut af dáed af hungri i N. districte. -- 19. Hafa kaupmennerner i fyrra og nu flutt nockurn hör edur hamp edur timbur til storra bata byggingar. -- Þjskjs. A 42 (Þingsvitni úr Skagafjs.). Smbr. Klemens Jónsson: Um verzlun Ísl. Eimr. II, 113--116 (Þingsvitni úr Eyjafjs.).

1) Espólín segir, að kaupmönnum hafi gengið þingsvitnin allþunglega, »en sumt var þó ofaukit er alþýða sagði til, sem opt kann vera þar er menn skulu bera vitni i sjálfra sinna sök, ok vænta heldr fylgis.« (Árb. X, 38).

2) Þjskjs. A 40 nr. 13.

gert, enda sé eigi við öðru að búast þegar þeirri aðferð sé beitt við menn í harðærum, að svæla út úr þeim lífsbjörgina fyrir kramvöru og óþarfa, en neita þeim um matvöru, eins og kaupmenn hafi gert árum saman. Það sé alveg þýðingarlaust að vera að gefa út lög og fyrirskipanir um verzlunina, því kaupmenn sé svo ófyrirleitnir og eigi svo öfluga stoð í félagsstjórninni í Kaupmannahöfn, að engum lögum verði yfir þá komið hér úti á Íslandi, og væri því einasta vonin í því fólgin, að konungur vildi sjá aumur á landi og lýð og losa Íslendinga úr klóm Hörmangarafélagsins.[1])

Hér fekk þá stjórnin loks þau gögn í hendur, er hún hafði keipað eftir að undanförnu, og mátti hún nú eigi lengur dyljast þess, að verzlun félagsins var í meira lagi ábótavant. Taldi hún fram sakir þær, er sannast höfðu á kaupmenn, og lagði fyrir félagsstjórnina til andsvara. Tók hún sem eðlilegt var harðast á því, að kaupmenn höfðu eftir öllum rökum að dæma stofnað til þurðar og hungursneyðar í landinu með því athæfi sínu, að takmarka aðflutninga á matvöru jafnframt því, er þeir sópuðu fiski og kjöti út úr landinu í slíkum harðindum. Höfðu sumir kaupmenn jafnvel reynst ófáanlegir til að skilja eftir nokkur skʀ af fiski á höfnunum, sem hægt væri að grípa til, ef ítrustu neyð bæri að höndum, og hafði þó bæði landfógeti og amtmaður mælst til þess.[2]) Það má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að félagsstjórnin hafi svarað þessum kærum og að líkindum getað talið sér eitthvað til málsbóta, því konungur úrskurðaði 13. maí 1754, að frestað skyldi til næsta hausts að gera út um málið og bíða ítarlegri fregna af Íslandi, enda væri honum hugstæðast, að deilurnar mætti niður setjast vandræðalaust á báða bóga.[3]) Var nú og reynt að girða fyrir aðalanmarkana með því

1) Þjskjs. A 76 nr. 13.

2) Smbr. Rkbr. til félagsstjórnarinnar 16. febr. 1754. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá sama degi. Þjskjs. A 117.

3) Smbr. Rkbr. til stiftamtm. 18. maí 1754. Þjskjs. A 117.

að fela landfógeta og sýslumönnum að segja til um það framvegis, hverjar og hve miklar vörubirgðir þyrfti að flytja á hverja höfn, svo að nægja mætti héraðsbúum, og skyldi þeir afhenda kaupmönnum skrár yfir það á hverju hausti áður þeir færi.[1]) En það var síður en svo, að nokkur veruleg breyting til batnaðar yrði á verzluninni við þessa rekistefnu og ráðstafanir. Að sönnu mun hafa verið flutt nokkuð ríflar af matvöru til landsins en að undanförnu, enda var bústofninn að mestu fallinn eða upp etinn, svo lífsbjörgin var mjög af skornum skamti hjá flestum. En þó að eitthvað ofurlítið rættist úr að þessu leyti, þá kom það eigi að tilætluðum notum sakir stífni og þverúðar kaupmanna, því þeir höfðu eins og vænta mátti þykst mjög við aðfinslurnar og vitnaleiðslurnar og létu það nú bitna á almenningi. Af bréfi Bjarna sýslumanns Haldórssonar frá 30. sept. 1754 til stiftamtmanns er það ljóst, að verzlunin á Skagaströnd hefur eigi batnað við þessa rekistefnu, heldur þvert á móti, og svo mun víðar hafa verið. Farast sýslumanni orð á þessa leið: »Síðastliðinn vetur var afarharður hér um stóðir og þröng í búi hjá allflestum, því þeir mistu nær alt kvikfé sitt og lífsbjörg, en fengu eigi til kaups og því síður til láns mjöl og matvöru í kaupstaðnum, þótt skýlaust sé boðið í verzlunarskilmálunum, enda var kaupmaður í öllum greinum óþjálli og verri viðfangs en nokkru sinni fyr. Urðu margir að fara tvær eða þrjár ferðir í kaupstaðinn í þessari dýrtíð, og var sumum frá vísað með háði og köpuryrðum, aðra lét kaupmaður ganga eftir sér langa lengi og synjaði þeim svo að lokum úttektar gegn borgun út í hönd, og prjónlesið gerði hann afturreka hjá allflestum, en herjaði með frekju út úr þeim þær fáu skepnur, sem þeir ætluðu að setja á sér til bjargar. Hefur hann eigi gert annað en espast við kærurnar og vitnaleiðslurnar undanfarin ár, og skákar í því skjólinu, að ekkert muni bíta á hann, úr

1) Smbr. Rkbr. til stiftamtm. 4. mai 1754. Þjskjs. A 117.

því að þær hafi eigi hrifið, og að þetta muni kenna mönnum varygð framvegis. Svona eru ávextirnir, sem vér að öllum jafnaði uppskerum af kærum vorum og vitnaleiðslum í garð kaupmanna, enda fer nú víst bæði yfirvöldum og almenningi að lærast það úr þessu, að forðast slíkar aðfinslur framvegis og bera ósvífni kaupmanna með þögn og þolinmæði eins og annað óumflýjanlegt böl, meðan guði og konunginum þóknast að refsa landsins börnum með slíkri verzlunartilhögun. Sú ráðstöfun, að sýslumenn segi til um aðflutninga á mjöli og matvöru, er að sönnu góð ef henni væri hlýtt, en að öðrum kosti verður hún gagnslítil. Eg ætla eigi að orðlengja frekar um þetta, enda væri það nægilegt efni í heila bók að sýna fram á, hvernig þetta land hefur nú um langan aldur verið leikið af kaupmönnum, því engin þjóð önnur í Norðurálfunni hefur átt við slíka kosti að búa.«[1])

Bjarni sýslumaður varð sannspár um það, að ráðstafanir stjórnarinnar um varningskröfur sýslumanna mundu eigi reynast einhlítar, því félagsstjórnin sinti þeim eigi nema rétt eftir því sem verkast vildi. Þannig kærði Þórarinn Jónsson sýslumaður Eyfirðinga yfir því sumarið 1755, að eigi hefði komið nema helmingur þeirra mjölbirgða til Akureyrar þá um sumarið, er hann hafði krafist árið áður, enda hefði menn kvartað sáran um matvöruskort í kaupstaðnum. Þetta var borið undir Akureyrarkaupmann þegar hann kom utan, og svaraði hann á þá leið, að kæran væri tilhæfulaus, því enginn hefði kvartað í sinni áheyrn, enda hefði hann og látið eftir matvörubirgðir í verzlunarhúsunum þegar hann fór. Kvaðst hann hafa verið í förum til Akureyrar í 18 ár, og gæti hann með sanni sagt, að í tíð Hörmangarafélagsins hefði verið flutt meiri matvara til landsins en nokkru sinni fyr, og hefði aðflutningar aukist ár frá ári, enda væri afleiðingin sú, að landsmenn legðist meir og meir í leti og ómensku og

1) Þjskjs. A 40 nr. 13.

nenti eigi út á sjóinn til að leita sér bjargar. Þótti honum sýslumenn gerast ærið umsvifamiklir í seinni tíð, því þeir fyndi sér ætíð eitthvað til, hvort sem það væri á rökum bygt eða ekki, og væri eigi í rónni nema þeir gæti sent kæru utan á hverju hausti til að sýna ötulleik sinn og árvekni.[1]) Félagsstjórnin tók í sama strenginn og sýndi fram á það í löngu skjali, að aðflutningar á matvöru hefðu aukist mjög í tíð Hörmangarafélagsins, því frá 1743 til 1754 hafi aðflutningar á mjöli aukist til þiðjunga, aðflutningar á grjónum til helminga og á skonroki og skipsbrauði til þriðjunga.[2]) En hvergi hafi þó krðfurnar aukist meira en á höfnum þeim, sem forsprakkar stofnananna hafi umsjón með, sem sé á Eyrarbakka (Brynjólfur Sigurðsson), Hólminum (Skúli fógeti) og Skagaströnd (Bjarni Haldórsson), því á Eyrarbakka hafi mjölskamturinn þrefaldast síðan 1743, en í Hólminum og Höfðakaupstað tvöfaldast og vel það, og aðflutningar á grjónum og skipsbrauði fjórfaldast og fimmfaldast á þessum höfnum, enda væri það engum vafa bundið, að þeir félagar gerði þetta í blóra við kaupmenn og í því skyni að steypa félaginu í glötun. Væri þetta þó til ills eins fyrir landsmenn, því það drægi mjög úr áhuga þeirra að leita sér lífsbjargar af sjónum, eins og raun bæri vitni um. Hinu neita þeir þó eigi, að flutt hafi verið miklu minna til hafnanna af matvöru þetta ár, en um var beðið.[3]) Það er engum vafa

1) Smbr. Rkbr. til Magnúsar amtm. Gislasonar 27. apr. 1756. (Þjskjs. A 118). Svar kaupmanns fylgir þessu bréfi.

2) Bech heldur því fram, að þessir auknu aðflutningar á matvöru hafi stafað af því, að Hörmangarar keyptu í öndverðu fyrir gjafverð miklar matvörubirgðir, sem konungur átti fyrirliggjandi, og flutt því miklu rífar en vant var af þeim tegundum til landsins þegar á fyrstu árunum, en við það hafi Íslendingar vanist á mjölmat og krafist þess, að flutt væri meira og meira af kornvöru með hverju ári. Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.). Þetta kannast kaupmenn sjálfir við í skjali sinu, og segjast þeir hafa flutt mjög ríflega af þessum vörutegundum fyrsta árið, meðan þeir voru ókunnugir verzlunarháttunum, því þeir hafi viljað hafa vaðið fyrir neðan sig, en nú fái þeir að súpa seyðið af því.

3) *Deduction over den isl. Handels Beskaffenhed fra forrige til nuværende Tider, samt hvoraf det derpaa havende Tab har sin Oprindelse, og hvorledes samme kan remederes* (1755?). Þjskjs. A 151 nr. 5.

bundið, að þessar auknu krófur um aðflutninga á kornmat stöfuðu alls eigi af leti og ómensku, eins og kaupmenn gáfu í skyn, enda sannaðist það með almennum þingsvitnum, að sjósókn fór alls eigi rénandi, heldur stafaði það af hinu, sem Bech lætur í ljós, að Íslendingar voru þá farnir að venjast meir en áður við mjölmat, en þó einkum af því, að kaupmenn voru orðnir mjög tregir á að taka prjónles af landsmönnum við skaplegu verði og gerðu það oft og einatt afturreka, en heimtuðu í þess stað fisk og sauði, svo landsmenn urðu að ganga mjög nærri sér með útlát á því, en það urðu þeir auðvitað að bæta sér upp í þessum harðærum með auknum matvörukaupum til búdrýginda. Þess vegna var það og, að svo illa lét í landsmönnum þegar eigi kom á sumar hafnir árið 1755 og 1756 nema rúmur helmingur þeirra mjölbirgða, er krafist var, en á sumar minna, því bæði árin voru mjög hörð, enda varð afleiðingin sú, að menn hrundu niður af hungri víðsvegar um land. Segir Magnús amtmaður, að árið 1756 hafi að minsta kosti 4—500 manns dáið af hungri, en árið eftir 1108 manns, og dregur hann enga dul á, að verzlunarfélagið eigi mesta sök á þessu, því engum mundi sultur hafa grandað, ef fullnægt hefði verið aðflutningskröfunum.[1]) Sá konungur eigi annað ráð þegar félagið skarst úr leik og aftók að senda frekari birgðir, en að hlaupa sjálfur undir bagga með landsmönnum og senda 2 duggur á sinn kostnað með matvöru til landsins haustið 1756, til að afstýra frekara mannfalli ef unt væri, en þær birgðir hrukku skamt til að seðja marga munna.[2]) Nú var þó loks stjórninni nóg boðið. Seldi hún málið í hendur nefnd þeirri, er skipuð hafði verið 30. marz 1756 til að gera út um

1) Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til Rk. 4. okt. 1756 og 28. sept. 1757. Bréfab. amtm. IX, 188—190 og 229—231. Smbr. Extract af Sysselmændenes Tingsvidner og Præsternes Attester ang. de af Hunger indeværende Aar (1757) omkomne Menneskers Tal. Bréfab. amtm. IX, 231—232.

2) Kgsbr. 27. sept. 1756. Lovsaml. for Isl. III, 258—259. Smbr. Breiðafjarðarann. 1756 og 1757. Lbs. 379, 4to. (J. Sig. 39 fol.).

þrætur verzlunarfélagsins og stofnananna, og bað hana rannsaka gaumgæfilega allan verzlunarferil Hörmangara og segja álit sitt um.[1]) Sat hún á rökstólum árlangt og lagði fram tillögur sínar vorið 1757. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að félagið hefði alls eigi gegnt skyldu sinni, heldur í ýmsum greinum brotið verzlunarskilmálana og flutt bæði illa vöru og ónóga til landsins. Árið 1743, 1746 og 1748—1749 hafði engin sigling komið á Reykjarfjörð og engin til Grindavíkur árið 1745 og 1746, og lá við þessu 400 rd. sekt eftir verzlunarskilmálunum. Vöru þá, er sýslumenn höfðu talið svikna eða skemda og sett niður verð á, höfðu kaupmenn engu að síður selt við fullu verði oft og einatt, og lá við því 100 rd. sekt. Þá höfðu skip félagsins að öllum jafnaði orðið mjög síðbúin frá Kaupmannahöfn, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar af

---

1) Lovsaml. for Isl. III, 253 (§ 2). Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 103.

Þegar nefndarskipun þessi spurðist hingað til lands, gerðu víst flestir Íslendingar ráð fyrir því, að Hörmangarafélagið mundi verða illa úti og að sjálfsögðu látið hætta verzluninni, en þó voru sumir nokkuð efablandnir um úrslitin. »Verde ei Comp. afskaffad í þessum rupturer,« segir Bjarni Haldórsson sýslum. í skjali einu til amtmanns þá um haustið, »eru fyrer vist (ef það blivur vid) þær nyu innrættningar þar vid afskaffadar og landed ruinerad, eda ad besta koste hrikta hier vid sullt og vesölld nockrar manneskiur so margar sem Comp. vill, sem nú brúkar hier jus vitæ et necis, tekur med mindugheitum matvöru efter velþoknan af landsmönnum, fær því aftur oþarfa so dýrt metenn sem það vill og so onytann sem það fær pr. licitation best kaup á. Straffar so saklaust fólk so margt sem það vill med so bitrum og lángsömum dauda, ad svellta í hel. Uppa þetta eru nógar eydsvarnar bevisingar, ef ei adur, þa med nú tilsendu þingvitne. Ad soddann vitne verda ei kreist ut af öllum sysslumönnum og alþýdu í landenu, sem þo geingur allstadar eins til, orsakar vesölld, armódur og langvarande þrældóms ótte, sem Comp. langvarande med ofríke brúkud yferdiniande magt hefur öllu landsfolke innprentad, so eingenn þorer ad klaga eda vænter áheyrslu«. Þykir Bjarna réttast að láta nú umsóknir og tillögur dynja yfir stjórnina til að eyða umsóknum Hörmangara og ýta undir verzlunarskifti, og leggur niður fyrir sér, hvað tiltækilegast mundi í þeim efnum. Vill hann fyrst og fremst láta sækja um leyfi handa stofnununum til að selja afurðir sínar frjálst í Kaupmannahöfn og hér á landi og kaupa ótakmarkað nauðsynjar sínar, og að þær fengi eina eða tvær hafnir til að verzla á. Telur hann það betra en ekki, en er þó vondaufur um nokkra verulega uppreisn meðan sú tilhögun sé á verzluninni, sem tíðkast hafi að undanförnu. »Ef landed skylde uppreysn fá være þienanlegast ad Interessentskabet og hvorier sem villdu af Jsslendskum hefde alla höndlan vid landed og tæke til Medinteressenter hvöria þeir villdu í Khavn.« Finst honum nægilegt að taka einn eða tvo valinkunna menn í Dan-

stjórnarinnar hálfu, og hafði landsmönnum orðið það mjög bagalegt. Járn það, er sent var til landsins 1745 og 1746, hafði reynst bráðónýtt og sömuleiðis brýni þau, er send voru út árið 1751. Trjáviður hafði nær árlega reynst ónýtur og varla hæfur í árar og orf, hvað þá heldur til annars, og svo var um fleiri vörutegundir, svo sem öngla og færi, og háði þetta eigi lítið atvinnuvegum landsmanna. Langharðast tók þó nefndin á matvöruskortinum, er hún taldi fullsannaðan með skýrslum og þingsvitnum, þrátt fyrir mótmæli félagsins og afsakanir, enda skifti það engu, hvað félagið sjálft áliti nægilegt að flytja, heldur hvað landsmenn gerðu kröfu til og treystu sér að kaupa, því menn yrði vel að gæta þess, að Íslendingum væri bönnuð öll verzlun við aðrar þjóðir og ætti því mikið á hættu, ef illa tækist til. Þessi aðflutningaskortur væri því ámælis-

---

mörku, svo sem Skibsted og O. Beck, með í félagið og fela þeim ásamt tveim Íslendingum forstöðu verzlunarinnar. Telur hann sjálfsagt, að halda sömu kaupmönnum og áður, eða láta suma af undirkaupmönnunum koma í þeirra stað, og fá þeim islenzka drengi og vinnumenn. »Enn ofært ad hafa Jsslendska fyrer kaupmenn sem eckert vit hafa á höndlan. Betre eru þeir sem kunna verked, þott lodna fingur hafe (hvad nostris kynne og ad verda), helldur enn hiner sem eckert kunna eda vita. Til med þarf handelen ad hafa nockud respect i þá mind sem vered hefur. Jllt er ad kaupmenn hafe ofmikel mindugheit, þo enn verra ad bændur hafe yferhönd.« Kostnað vill hann spara með því að fækka höfnum, láta Suðurnesjamenn alla sækja til Hólmsins, Snæfellinga, Breiðfirðinga og Strandamenn til Stykkishólms, gera einn úr öllum Vestfjarðakaupstöðunum, láta Húnvetninga sækja til Hofsóss, Þingeyinga til Akureyrar og Austfirðinga alla til Djúpavogs; yrði þá færri kaupmenn, en skip mætti koma svo mörg sem þyrfti. Að öllu þessu athuguðu þótti honum tiltækilegt að byrja verzlunina, *ef konungur vildi gefa landinu eina tunnu gulls, Íslendingar sjálfir fengi lánaða 50 þús. rd. og hluthafar í Kaupmannahöfn legði til 10 eða 20 þús. rd.* »Til lietters vid Handelen og ad polera landed mætte inn flytia smáhandverksmenn so sem liinvefara, hattamakara, garvara, skomakara, rokkedreijere, skiæra og knýfasmide, þo ei nema eirn svein af hvörre profession, sem tæke Jsslendskan dreing, því betur ef fære fyrer sialfa sig uppá handverk sitt, enn menn være skylder ad skaffa þeim hvad med þyrfte uppá reikning, og settest aller nidur i Reikiaviik, hvar værelse skyldu til þeirra upprettast med torfveggium, þiliud innan med loftum, og stunda til að giöra litenn by med tid, enn fordast sem heitann elld allann storkostnad nú i fyrstunne«. Smbr. Promem. Þingeyraklaustri 23. sept. 1756. (Þjskjs. A 51 nr. 3. Hannes Þorsteinsson skjalav. hefur bent mér á þetta skjal). Þessar uppástungur Bjarna sýslum. fara mjög í sömu átt og tillögur Skúla fógeta og annara landsmanna, er síðar verður getið, og eiga þær auðsjáanlega rót sína að rekja til sameiginlegra ráðagerða á alþingi og annarstaðar, því oft hefur verzlunarmálið borið á góma hjá valdsmönnum á þessum árunum eins og geta má nærri.

verðari, sem kaupmenn hefði jafnframt þrátt fyrir áminningar stjórnarinnar og mótmæli yfirvalda á Íslandi sópað um fiskbirgðir landsmanna, enda þótt þeim væri sjálfum kunnugast um, að engin matvara hefði eftir legið á sumum höfnunum. Annars taldi nefndin illa farið, að vöruskoðun sú, er tíðkast hafði í Kaupmannahöfn, hefði verið lögð niður að beiðni félagsstjórnarinnar, því hefði hún haldist, þá mundi að líkindum hafa betur farið og félagið þá að minsta kosti haft eitthvað sér til varnar og málsbóta. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að félagið hefði í flestum greinum rofið verzlunarskilmálana, svo að stjórnin ætti fulla kröfu til sekta og skaðabóta og gæti vafalaust fengið dóm fyrir því, að Hörmangarar hefði fyrirgert einkarétti sínum, ef henni svo sýndist. Stjórnin vildi þó í lengstu lög sneiða hjá þrasi og málaferlum, og gerði félaginu kost á uppgjöf saka og eftirgjöf á hálfri leigu fyrir árin 1756—1758 (samt. 24150 rd. Cron.), ef félagsstjórnin vildi lýsa því yfir, að hún afsalaði sér góðfúslega verzluninni við árslok 1758, og héti því að birgja landið sómasamlega þangað til.[1]) Var félaginu hér í té látin alveg óverðskulduð náð, enda tók það boði stjórnarinnar og sendi henni afsalsbréf sitt 12. ág. 1757.

VII.

Konungsverzlunin fyrri (1759—1763).

Eins og geta má nærri fögnuðu Íslendingar því alment, að losna úr klóm Hörmangarafélagsins, en af undirtektunum má þó ráða, að sumir þeirra voru eigi sem ánægðastir með, að félagið skyldi eigi vera látið sæta fullri

1) Kgsbr. 16. mai 1757. Lovsaml. for Isl. III, 277—283.

ábyrgð fyrir yfirtroðslur sínar.[1]) En um það tjáði eigi að fást, enda skifti hitt mestu, hvað við tæki. Voru talsverðar bollaleggingar um þetta sumarið 1757, og leizt sinn veg hverjum eins og gerist og gengur, en flestir munu þó hafa verið á einu máli um það, að afbiðja félagsverzlun með því sniði, er áður hafði tíðkast. Skúli fógeti var sá maður hérlendur, er mest og bezt hafði gengist fyrir því að bola Hörmöngurum frá verzluninni og kippa því í lag, er einkum þótti athugavert, enda kunni hann manna bezt skil á þeim málum. Samdi hann ítarlegt skjal um verzlunarhagina þá um sumarið og lagði niður fyrir landsmönnum og stjórninni, hvað tiltækilegast mundi í þeim efnum. Kannast hann fyllilega við, að ástandið sé að ýmsu leyti hörmulegt og atvinnugreinar landsmanna í veði, ef þessu haldi áfram, en hitt sé fjarstæða, að kenna forsjóninni um það, því enda þótt landsmenn eigi oft og einatt við harðan kost að búa, þá sé hins vegar auðsuppsprettur landsins svo margar og miklar, að þeir ætti að geta komist vel af, ef þeir notuðu sér þær rækilega og verzlunin legðist á eitt með þeim. En því sé sízt að fagna. Kaupmenn geri þvert á móti sitt hið ítrasta til að vinna á móti öllum framförum í landinu og stemma stigu fyrir andlegu og efnalegu sjálfstæði landsmanna, því þeir viti vel, að hitt mundi verða til að kippa fótunum undan verzlun þeirra. Auðvitað fáist þeir eigi til að kannast við þetta, heldur gefi Íslendingum sjálfum sök á erfiðleikunum og bregði þeim um leti og ómensku. Megi það og að nokkru leyti til sanns vegar færa, því Íslendingum sé engin þörf á að varpa öllum sínum áhyggjum upp á kaupmenn, eins og þeir hafi jafnan gert að undanförnu, þar sem Danir eigi að eins reki verzlunina alveg upp á eigin spýtur, heldur mali kornið, baki brauðið, byrli ölið, snúi færin, vefi dúkana, slátri fénu, salti kjötið og fiskinn,

---

1) Smbr. t. d. Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til Rk. 28. sept. 1757. Bréfab. amtm. IX, 229—231. (Þjskjs.).

sem landsmenn leggi inn í kaupstaðinn, og flytji smíðað járn til landsins, eða með öðrum orðum taki af þeim alt ómak og leggi þeim alt upp í hendurnar, án þess að menn gefi því gaum, að Íslendingar gæti sparað sér stórfé með því að vinna að þessu sjálfir. Þetta hafi vakað fyrir sér og öðrum, er þeir bundust fyrir að koma stofnununum á fót, en kaupmenn hafi auðvitað lagst á móti því af fremsta megni og gert sér far um, að halda landsmönnum sem allra lengst í örbirgð og vanþekkingu. Því næst víkur hann að ýmsum anmörkum á verzluninni, eins og hún hafi verið að undanförnu, sem horfi bæði til kostnaðar fyrir útgerðina og óþæginda fyrir landsmenn, og leggur ráð til að bæta úr þeim. Telur hann það eitt með öðru, að kornið sé flutt malað í tunnum, og sömuleiðis skonrok og skipsbrauð, í stað þess að flytja kornið ómalað og umbúðalaust í skipunum og láta landsmenn sjálfa um að mala það og matreiða. Vinnist eigi að eins mikið rúm í skipunum með þessu, heldur sparist einnig vinnulaun í Kaupmannahöfn, en auðvitað þurfi þá að sjá landsmönnum fyrir kvörnum og vatnsmylnum, þar sem þeim verði við komið. Þá telur hann fólkshald óþarflega mikið og kostnaðarsamt á höfnunum, og mætti spara það til muna, ef Íslendingar væri vandir við sláturstörf á höfnunum, kjötsöltun og fiskverkun og ýmsar iðnir, er að því lúta, svo sem beykisiðn o. fl. Telur hann það illa farið, að eftirlega eða vetrarseta kaupmanna skuli hafa lagst niður, því afleiðingin sé sú, að kaupmenn hraði nú svo verzlun sinni á höfnunum, að engu sé líkara en hernaðarleiðangri, sem um sé að gera að hrista af sem fyrst. Þetta sé mjög bagalegt fyrir landsmenn, eins og gefi að skilja, þar sem öllu verði að flaustra af í mesta skyndi, og það um háannatímann, í stað þess að menn gæti haft alla sína hentisemi, ef kaupmenn ræki verzlun á höfnunum að staðaldri. Aðalsparnaðartillaga hans var þó í því falin, að fækka mjög höfnum þeim, er siglt væri á. Telur hann alveg óþarft að sigla árlega á 23 eða 24 hafnir, eins og

nú sé gert, og hafa þar sæg af verzlunarlýð, frá 6 til 12 manns á hverri höfn. Leggur hann til, að eigi sé siglt að staðaldri nema á 5 hafnir, er vera skyldi eins konar aðalhafnir, en á hinum höfnunum flestum skyldi afnema fasta verzlun og nota þær eingöngu sem úthafnir eða selstöðuhafnir. Þótti honum hentast að taka þessar hafnir fyrir aðalhafnir: 1. Í Sunnlendingafjórðungi *Reykjavík* í staðinn fyrir Hólminn, sem áður hafði verið bækistöð verzlunarinnar. Í Vestmannaeyjar skyldi siglt árlega og kaupmaður eiga þar vetrarsetu eins og að undanförnu, en lúta þó undir Reykjavíkurkaupmann. Keflavík og Eyrarbakki skyldi vera selstöðuhafnir, en verzlun lögð niður í Grindavík, Bátsöndum og Hafnarfirði; þó mætti láta skipin koma þar við, ef þurfa þætti, til að flytja og sækja þungavöru. 2. Í Vestfirðingafjórðungi *Grundarfjörð*; skyldi Stapi vera úthöfn þaðan, en verzlun lögð niður í Ólafsvík, Stykkishólmi og Búðum. 3. Í norðurhluta Vestfirðingafjórðungs skyldi *Dýrafjörður* vera aðalhöfn, en Patreksfjörður, Bíldudalur og Ísafjörður úthafnir. 4. Í Norðlendingafjórðungi skyldi *Akureyri* vera aðalhöfn, en Húsavík, Hofsós, Skagaströnd og Reykjarfjörður úthafnir. 5. Í Austfirðingafjórðungi skyldi *Reyðarfjörður* vera aðalhöfn, en Vopnafjörður og Berufjörður úthafnir. Með þessu móti taldi hann að spara mætti allan þann sæg af yfirkaupmönnum, undirkaupmönnum og verzlunarþjónum, sem áður hefði að staðaldri verið í förum á þessar úthafnir, og skipa í þess stað 5 yfirkaupmenn, er búsettir væri hér á landi og gegndi verzlun á aðalhöfnunum árið um kring. Skyldi þeir hafa svo marga verzlunarmenn í þjónustu sinni, er þurfa þætti til að gegna afgreiðslu heima fyrir og á úthöfnum, og skyldi þeir vera danskir *eða íslenzkir* eftir atvikum. Á aðalhöfnunum skyldi jafnan vera nægar birgðir af matvöru og öðrum nauðsynjum, eins konar forðabúr, er aldrei þryti, og skyldi kaupmenn gera sér far um að efla fiskiveiðar og framleiðslu eftir megni, kenna mönnum fiskverkun o. s. frv., en lögmenn og

sýslumenn skyldi hafa eftirlit með verzluninni. Enn fremur vildi hann láta ýmsa handiðnamenn setjast að á þessum höfnum, svo að Íslendingar mætti smám saman nema af þeim vinnubrögðin og greiða fyrir útbreiðslu þeirra. Fækkun hafnanna og flutningsörðugleika vildi hann láta bæta landsmönnum upp með því að greiða þeim ómakslaun og ferðakostnað, er ætti lakasta aðstöðuna, en leggur annars til, að smíðuð sé stór farmaskip til flutninga á milli hafnanna. Með þessari tilhögun áleit hann að spara mætti árlega að minsta kosti 30 þús. rd., og væri æskilegast að verja því fé til stofnananna.

Því næst víkur landfógeti að sjálfum verzlunarhögunum, og eru tillögur hans þar að lútandi að mörgu leyti nýstárlegar og frábrugðnar því, sem áður hafði við gengist. Þótti honum eigi ráðlegt, að selja verzlun landsins á leigu á sama hátt og með sömu kjörum eins og að undanförnu, því það geri landsmenn að ánauðugum þrælum kaupmanna. Vill hann láta hafnaleiguna niður falla, en leggja í þess stað toll á vöruna, svo að konungur missi einkis í, og megi vel koma því við, ef höfnunum sé fækkað eins og hann leggur til, en að öðrum kosti verði það ókleyft. Minnist hann síðan á einokunartilhögun þá, sem verið hafi á íslenzku verzluninni um langan aldur, og megi einu gilda, hvort einokunarfélög eða einstakir leigjendur eigi hlut að máli, því öll einokun sé í rauninni skaðleg, nema ef vera skyldi til að koma á fót nýlenduverzlun. Kveðst hann vera eindregið á þeirra máli, sem telja frjálsa verzlun æskilegasta, en meðan landið sé í þeirri eymd og niðurlægingu, sem nú eigi sér stað, geti hún varla þrifist og mundi heldur eigi koma að tilætluðum notum, því Íslendingar sé örbirgðar vegna og fákænsku í þeim efnum útilokaðir frá samkepninni, en það sé eitt af lífsskilyrðum þjóðarinnar, *að Íslendingar fái sjálfir hlutdeild í verzluninni.* Fer hann mörgum orðum um þetta og leggur niður fyrir sér, hversu því megi framgengt verða. Telur hann æskilegast, að allir jarðeigendur á Íslandi láti virða fasteignir

sínar, og muni láta nærri, að þær sé um 200 þús. rd. virði eftir dýrleika.[1]) Mætti þá gera ráð fyrir, að bankinn í Kaupmannahöfn eða konungur fengist til að lána út á þær 150 þús. rd. til 5 ára gegn hæfilegum vöxtum. Skyldi ársarði verzlunarinnar fyrstu 5 árin, að vöxtum og kostnaði frádregnum, varið til afborgana á láninu. Sérhver jarðeigandi skyldi talinn fyrir svo miklu hlutafé í verzluninni, sem fasteignir hans næmi að tiltölu við aðra, og ársarður hans miðast við það, en auðvitað skyldi mönnum jafn heimilt að leggja fram peninga til hlutakaupa eða varning, ef þeir væri þess megnugir. Taldist honum svo til, að eigi mundi nægja minna en 3 tunnur gulls til að koma þessu í kring og fleyta útgerðinni af stað, og gerði hann ráð fyrir, að efnaðir og verzlunarfróðir menn í Kaupmannahöfn fengist til að leggja fram það sem á vantaði, gegn því að fela þeim forstöðu verzlunarinnar í sambandi við einhverja Íslendinga, og fengi svo þetta félag einkarétt á verzluninni um ákveðið árabil. Gerði hann einnig ráð fyrir því, að konungur mundi fást til að gefa eftir toll og leigu fyrstu 5 árin, meðan þetta væri að komast á laggirnar og landið að ná sér aftur eftir ótíðina og aðfarir Hörmangara. Á þennan hátt taldi hann landsmönnum kleyft að afla sér hlutdeildar í verzluninni, og skoraði nú fast á þá að veita sér fylgi í þessu; væri mikið undir því komið, er sækja skyldi mál þetta við stjórnina, en án þess væri öll sín viðleitni árangurslaus. Að lokum víkur hann að hluttöku stofnananna í þessari fyrirhuguðu verzlunarsamsteypu, og telur heppilegast, að þær sé undan skildar og fái þó leyfi til að verzla með afurðir sínar og afla sér nauðsynja eins og að undanförnu, en að öðru leyti leggur hann þetta í dóm félagsbræðra sinna og meðstjórnenda.[2])

---

1) Hann telur auðvitað frá allar opinberar eignir, stólseignir, kirkjujarðir o. s. frv.

2) *Promemoria ang. den isl. Handel.* Viðey 9. júlí 1757. Skjöl Landsnefndarinnar Litt. TT, fylgisj. 16 (Rskjs.) Smbr. Þjskjs. A 34 nr. 5.

Eftir tilmælum Skúla lagði Magnús amtmaður skjal þetta fyrir valdsmenn landsins á alþingi um sumarið, og bað þá segja álit sitt um tillögurnar og bera ráð sín saman um hvað gera skyldi. Mun þeim flestum hafa litist þær aðgengilegar, en þó eigi viljað ganga að þeim óskoraað, enda var hér um mikilvægar nýjungar að ræða.[1]) Vanst þeim eigi tími til að ganga frá þessu máli til hlítar þar á þinginu, og kusu því nokkra menn úr sínum hóp til að ræða það betur við landfógeta og reyna að komast að fastri niðurstöðu í einstökum atriðum, svo að unt væri að leggja málið fyrir stjórnina þá um haustið í nafni allra valdsmanna. Hlutu þeir kosningu Bjarni Haldórsson, sýslumaður Húnvetninga, Þorsteinn Magnússon, sýslumaður Rangæinga, Brynjólfur Sigurðsson, sýslumaður Árnesinga, Jón Árnason, sýslumaður Snæfellinga, og Jón Eggertsson, sýslumaður Borgfirðinga. Voru þeir allir meira

1) Allir valdsmenn voru á máli landfógeta um það, að heill og hagur þjóðarinnar ylti á því, að Íslendingar fengi sjálfir hlutdeild í verzluninni, en þá óaði flesta við kostnaðinum. Sumir álitu þó, að eigi þyrfti svo miklu til að kosta, sem landfógeti héldi fram, og væri þó Íslendingum trygð hlutdeild í verzluninni. Er því m. a. haldið fram í nafnlausu skjali, sem virðist helzt vera ritað með hendi Björns Markússonar lögmanns. Segir höf., að allir muni nú vera búnir að ganga úr skugga um, hve skaðleg félagsverzlunin sé. »Standa þó so fast í voru höfde compagniets reglur, ad vier gietum þeim ei burt kastad, so sem von er til, þar vier vitum af eingvum ödrum modo mercandi ad seigia. Því sydur er ad furda, þó Kaupenhavns Reidarar og kaupmenn, sem elska bæde nafned og hlutenn, hafa grædt þar vid stora peninga, enn vilia nú interessera med oss, hafe þær fornu reglur í höfdenu, sem þeir frá barndome kostgæfelega lært og brukad hafa. Jeg má tilstanda, ad bæde nafned og hutenn hata eg, so sem þann er stóran skada og ruin hefur giört voru födurlande. Skilldu menn nú afskaffa þad fyrra Compagnie, enn skapa afftur annad sama slags og eins vaxed, nema hvad þad bestæde af nockrum í Handelen fákunnande og fátækum Jsslendskum Interessenter, sie eg ei hvört gagn þad giörde landenu, nema ad skaffa þrætur og processa mille landsmanna, sem munde þikia dælt hvörium vid annann og eins vel kunna ad gera hvor ödrum óriett, ef slik vopn í höndum hefdu. En nú eru menn útlærder um þad, ad þrætur og processar vid framande gagna ecke. Þá Thesin, ad frihandel og tollur sie landenu þienanlegust, enn kunne ómögulega ad biriast nema med Comagniets Handel, höfud kaupstada stiptan, Magaziner og stórum biggingum; þad firra játa eg um Handelen og tollinn, enn neita conseqvence hins sidara. Oss hætter jafnan vid ad biria of stórt, enn giæta ei hvar fátæk lelegheit lenda. Hvar eru peningar til ad innrietta 5 höfud kaupstade í haste, sem útheimta villdu bæde adskilianleg verelser og pakkhús? Hvar eru peningar til ad innrietta í haste 5 praktugar Magaziner, sem öllu landsfólki skildu skaffa victualier, peninga og annad, so sem hvör þyrfte vetur og sumar? Til þess villde ei forslá 1

og minna riðnir við stofnanirnar nýju í Reykjavík og sumir þeirra í forstöðunefndinni, enda þótti miklu máli skifta, að komist yrði að fastri niðurstöðu um hlutdeild þeirra í verzluninni. Fóru þessir allir til Viðeyjar og sátu þar á ráðstefnu með Skúla frá 4. til 12. sept. Hölluðust þeir að lokum í flestum greinum að tillögum landfógeta, en um stofnanirnar varð nokkur ágreiningur. Vildi Skúli láta þær vera óháðar verzluninni og undir sérstakri stjórn eins og að undanförnu, en hinum þótti ráðlegast að steypa þeim saman við verzlunina, ef tillögum þeirra yrði framgengt, og láta alt vera undir einni sameiginlegri stjórn. Gerðu þeir grein fyrir skoðun sinni og tillögum í sérstöku skjali, og voru landfógeta síðan fengin öll plöggin í hendur og falið að flytja mál þetta við stjórnina af hálfu landsmanna. Tókst hann þann vanda á hendur, en áður hann færi utan átti Magnús amtmaður tal við hann í Viðey, og

---

tunna gulls, fyrer utan þad sem á úthöfnum og til Handelen geinge i almindelighed; villde so med þessum strax i upphafe giördum stórum bekostninger fyrer fram eidast allur vid höndlanina væntande ábate, hid minsta i næstu 5 ár. Þvi neita eg ei, heldur tilstend aldeiles, að þessa 5 höfud kaupstade og Magaziner være þienanlegt i landenu ad innretta, ef gud gæfe efne til þess. Enn ad biria soddan kostnad medann menn hafa annad hvert eingva edur sem veikasta krapta helld eg orádlegt, helldur fordast allar utgyfter smáar og störar, sem med nockru möte yrde hiá komest. Eg sie eckert móte ad menn giete frihöndlan biriad strax á morgun fyrer utan ad setia þar upp á Compagniets höfud eda hendur. Þó má eg fyrst út leggia, hvad eg meina firer frihöndlan. Þegar Eingelskier höfðu hier höndlan, sem var vyrkelega frihöndlan, hielldu þeir skipenu á einhveria höfn, höndludu so leinge þeim þotte falled, hielldu so burt þa þeir vildu, settu efter eirn eda 2 af skipenu til að selia þad þeir efter höfdu af varninge. Þeir tóku gisting hiá fiádum bónda, feingu skiemmu fyrer varning sinn, selldu um veturenn i hægdum, þar til skiped kom um vored, giördu sama áred efter, þurfte so skiped litla stund að byda. . . . Enn so eg kome til efnesins vilde eg óska kongel. tilladelse kiæme sem segde: *Det skal alleene være tilladt Indbyggerne udi Island, og hvem de ville til med Interessentere antage (af Kiöbenhavns Indbyggere), at bruge den Islandske Handel udi næste 5 Aar uden Told, Consumtion og Afgift, saa at eenhver förer eller sender sine egen Vahre efter Leilighed og hvor hand finder sin Regning: Dog at eenhver Fartöy, som gaar fra eller til Landet, tager ind Ladning her i Kiöbenhavn og afsætter ligeleedes her i Byen ald den fra Island udgangne Vahre.* Skillde þetta fást, mætte Interessentskabet (ɔ: stofnanirnar i Reykjavík) heldur enn eingen, eda matningur yrde af þvi vid bændur, byria höndlunena, . . . liete so hvern fara sem villde med sina vöru og versla henne strax hid fyrsta ár, enn soddan passagerer aflegde toll edur leigu efter advenant (sem þó mætte ei of stór vera) til þeirra, sem bekostudu skiped, hvort sem være eins eda fleire. . . . Fritaxte skillde á öllu vera, innlendskre og útlendskre vöru, nema kornvara seliest efter Capitals kaupe og viss Taxte á þungavöru pro tem-

urðu þeir að öllu vel sáttir. Ritaði amtmaður honum bréf að skilnaði og gerði grein fyrir skoðun sinni á málinu. Lýsir það svo vel anda og afstöðu íslenzkra embættismanna til einokunarkaupmanna um þessar mundir, að eigi mun þykja ofaukið, þótt efni þess sé tilgreint nokkuð ítarlega. Farast honum meðal annars orð á þessa leið: »Eg get naumast kallað íslenzku verzlunina »verzlun« frá sjónarmiði landsmanna, því þeir eru neyddir til að láta af hendi beztu afurðir sínar fyrir það verð, sem konungi eða kaupmönnum þóknast. Allur hagnaðurinn af verzluninni hefur lent hjá kaupmönnum, en allur skaðinn á Íslendingum. Þeir hafa orðið eins og þrælar að vinna fyrir fæðunni, en verið það ver settir en þrælarnir, að þeir hafa eigi fengið hana. Þess er hvergi getið, að þrælar sé sveltir, en hitt er alkunna, að Íslendingar hafa fallið þúsundum saman af hungri. Hefði konungur og stjórn hans eigi þröngvað kaupmönnum til að rífka matvöruaðflutninga, þá efast eg eigi um, að helmingur landsmanna væri nú fallinn af hungri og harðrétti. Hver getur ætlast

---

pore þá hardinde gánga... Vid þessa methodum þarf aungvar byggingar, gietur höndlanin vel skied á skipenu, utan alleina skiemmu edur litla bud sem lofft sie í, er kastad verde á korninu og þungavöru, sem ei verður strax seld, eins og þyzker höfdu til forna, aungva underkaupmenn eda arbeidsfolk, þar skipherrann gietur med lidsinne af synu folke giört höndlanena, edur og flutt einn handelskarl, sem verde efter ad höndla ef haun skal strax burt af höfninne. Gietur höndlanin öll skied á skipenu, sem sagdt er, nema ad verka Klipfisk og taka slátur... Hvad er þad sem meir eider formegan hvörs manns enn byggingar og folkshalld, sem hvorigt þarf neitt vid frihöndlan ad vera. Þar med þienar ei ad biggia fyrer þá, sem verda frá Handelen á þriggia ara freste og meiga þa selia biggingarnar med hálfvirde. . . . Ömögulega kann þetta edur nockurt annad land í stand ad komast fyrr enn nationen siálf er polierud. So leinge eingenn kann hier ad stiórna, eingenn ad hlyda, eingenn ad hafa Conversation vid framande uppá eirn pertinent og þægelegann möd, og eingenn skilur nockurt sprok, eingenn venst vid verk, nema ad glepsa í þad og leita sier nenningar, kiemst þetta land alldrei í stand uppá höndlan, sigling, akurverk eda neina goda side, helldur verdur ætid underlag polieradra nábua. Hvörs vegna ómissande er ad láta sem flesta sigla ut af landenu, ecke upp á studia, helldur fyrer vinnumenn á Amager og Sellande, hvar þeir lærdu sádverk og bónda arbeid; fyrer skipskarla og dreinge, kaupmanns karla og dreinge etc. Fá Befalning ad áre ef ei vill betur, ad kaupmenn og skipherrar sieu skillduger ad taka í þienustu 6 à 12 í hvörre sysslu, flitía ut eins marga til arbeid, sem ádur er um gieted.« (Þjskjs. A 42).

til að nokkur blessun fylgi slíkri verzlun? Það væri þvert ofan í alla skynsemi að búast við því. Í stuttu máli: Íslendingar hafa jafnan beðið tjón af verzluninni, en aldrei fengið hlutdeild í hagnaðinum. Þeir hafa orðið að selja arðvænlegustu afurðir sínar af hendi við kaupmenn með afarkostum, og stundum hafa þær jafnvel verið gerðar afturreka. Er þá nokkur furða þótt þeir hafi trénast upp á þessu og lagst í leti og ómensku? Landfógetinn hefur sem betur fer séð ráð við þessu í skjali sínu. Hver getur annað en fallist á tillögur hans, ef menn á annað borð vilja koma í veg fyrir algert hrun og eyðileggingu, því þær gefa von um arð og atvinnu, þar sem ekkert var áður að fá. Þær gefa von um aukinn áhuga, þegar menn geta farið að vænta sér einhvers hagnaðar af verzluninni, og um tilsögn og fræðslu í nytsömum iðnaðargreinum, sem áður hafa verið hér óþektar og kaupmenn heldur spornað á móti en hitt. Hvernig hafa þeir eigi lagst á móti stofnununum, sem áttu þó eigi að geta orðið þeim til miska? Það er engu líkara en að þeir hafi lagt kapp á að stía Íslendingum frá allri tilsögn og leiðbeiningu í þá áttina, er helzt mátti verða til að rétta við hag þeirra. Þeir hafa hvað eftir annað gert afurðir landsmanna afturreka, en þó eigi viljað unna þeim viðskifta við aðra. Má það undarlegt heita, að þeir skuli eigi hafa séð sér hag í því að styðja að þrifum landsmanna, svo að þeir gæti grynt á skuldum sínum, í stað þess að láta alt reka á reiðanum og eiga það á hættu, að landsmenn yrði öreiga og að verzlun þeirra færi svo sömu leiðina. Hverrar aðstoðar hafa Íslendingar notið af kaupmönnum til að rétta við hag sinn? Þeir hafa eigi flutt nothæfan við til fiskibáta, og færin hafa bæði verið stutt og fúin, en matvöru hafa þeir flutt af skornum skamti og haldið mjög í við menn um úttekt á henni, eða jafnvel synjað þeim gjörsamlega um hana, svo þeir hafa naumast getað haldið í sér lífinu, hvað þá heldur grynt á skuldum sínum. Hafi menn eigi á reiðum höndum þennan stutta tíma, sem

kaupmenn dvelja á höfnunum, útgengilegan varning til matvörukaupa, þá verða þeir að fara þeirra á mis og bíða til næsta árs. Við þessu er ekkert betra ráð en það, að verzlunin sé framvegis rekin alt árið. Það ætti að verða til þess að afstýra dýrtíð og hungursneyð og gefa mönnum von um einhvern hagnað af atvinnu sinni. Þeirri þjóð, sem á við áþján að búa í verzlun og viðskiftum, getur eigi vel farnast. Þér vitið bezt sjálfur hvað aflast hefur nú í sumar, en hvað verður landsmönnum úr því? Þeir geta eigi hert afla sinn til vetrarforða. Þeir geta eigi sér að skaðlausu flutt hann upp í sveitir til sölu, og þeir geta eigi komið honum af sér í kaupstaðinn, því skipin eru löngu farin. Kaupmenn hefðu vissulega átt kost á að fá 1000 tunnur af söltuðum þorski í Gullbringusýslu einni, ef nokkur maður hefði verið til að veita fiskinum viðtöku. Afleiðingin af þessu verður sú, að menn trénast upp á sjósókninni þegar ekkert verður úr aflanum, og svo er um fleiri atvinnugreinar. Ef menn gæti komið því frá sér jafnóðum, sem þeir afla eða framleiða, þá mundi það hvetja þá til iðni og árvekni og ýta undir framleiðsluna báðum í hag. ... Það sem bændur hafa á boðstólum er gert afturreka, af því að þeir geta eigi eða kunna eigi að verka það eins og vera ber. Hversu hafa ei skuldir manna í Gullbringusýslu vaxið á undanförnum árum? Hvernig er eigi komið fyrir landsetum konungs? Þessu mætti öllu afstýrt verða, ef verzlunin væri rekin að staðaldri bæði vetur og sumar, en þó einkum með því að veita landsmönnum sjálfum hlutdeild í henni og kenna þeim að hagnýta sér betur auðsuppsprettur landsins. Leggið því alt kapp á, herra landfógeti, að flytja tillögur yðar við þá menn, er láta sér helzt ant um velferð þegnanna. Íslendingar eru eigi síður þegnar konungs en aðrir þeir, sem búa í ríkjum hans. Hann hefur látið þeim velgerðir í té framar öllum fyrirrennurum sínum. Hann hefur gert sér far um að reisa við hagi þeirra. Hann mun eigi slíta trygð við þá. Vér verðum að treysta á guð og konunginn.

Ef þeir eru með oss, hver getur þá verið á móti oss? Í þeirri vissu von fel eg yður sem rækilegast, herra landfógeti, að gegna umboði landsmanna og flytja mál þeirra sem bezt þér kunnið.«[1]) Jafnframt þessu ritaði Magnús stiftamtmanni og bað hann styðja erindi landfógeta af fremsta megni.[2])

Þegar landfógeti kom til Hafnar var enn alt óráðið um íslenzku verzlunina, og lét hann eigi dragast að senda forkólfum stjórnarinnar tillögur sínar, svo að þeir gæti athugað málið sem bezt áður nokkuð væri fastráðið. Þóttu þær alls eigi fráleitar í sumum greinum, og er jafnvel mælt, að konungur hafi heldur verið þeim hlyntur. En Thott greifi, sem mestu var þá ráðandi í stjórninni, var ragur við að leggja út í þessar nýjungar og taldi það úr að svo stöddu, meðan eigi væri betur ástatt í landinu og atvinnugreinar landsmanna svo að segja í kaldakoli eftir harðindin og verzlun Hörmangara. Kom Skúla sú mótspyrna óvænt, eigi sízt úr þeirri átt, því Thott hafði jafnan verið landsmönnum fylgjandi í deilum þeirra við Hörmangarafélagið og stutt þá drengilega í baráttunni um stofnanirnar. Sótti landfógeti málið fast og átti hvað eftir annað tal við hann um þetta, án þess að honum tækist að sannfæra hann. Áttu þeir mjög langa viðræðu um málið þriðja nýársdag, og lét þá Thott uppi skoðun sína alveg tvímælalaust. Kvað hann Íslendingum ofvaxið að svo stöddu að ráðast í slík stórmæli, því sjálfir væri þeir félausir, en horfurnar að ýmsu leyti ískyggilegar, og gæti stjórnin eigi mælt með því, að konungur hlypi undir bagga með þeim, því hér væri um svo mikið fé að ræða. Aftur á móti kvaðst hann fús á að mæla fram með einhverjum umbótum á verzlunarskilmálunum og kaupsetningunni, ef landfógeti vildi koma fram með sérstakar til-

1) Bréf Magnúsar amtm. til Skúla fógeta dags. Viðey 4. okt. 1757. Bréfab. amtm. IX, 290–294. (Þjskjs.)

2) Bréf Magnúsar amtm. til stiftamtm. 7. okt. 1757. Bréfab. amtm. IX, 275. (Þjskjs.)

lögur í þá átt. Varð hann að láta sér það lynda, því hinn sat fastur við sinn keip hvernig sem Skúli reyndi að telja honum hughvarf.[1]) Varð landfógeti bæði hryggur og gramur við þessar undirtektir, en sá þó að eigi tjáði um að fást, því horfur voru þá mjög slæmar í Kaupmannahöfn og fjárþröng mikil manna á meðal, svo engin leið var að útvega Íslendingum fé til að ráðast í þær nýjungar, sem hér var um að ræða. Vék hann sér þá að hinu, að fá einhverjum umbótum á verzluninni framgengt landsmönnum í hag, og stakk meðal annars upp á því, að hafnirnar væri seldar á leigu sérstökum mönnum, eins og áður hafði tíðkast, en eigi neinu félagi, og að stofnununum væri seldur einkaréttur á verzlun í Hólminum og Húsavík. Félst stjórnin á tillögur hans um sérstaka leigu hafnanna, og gerði ráð fyrir að spyrtar væri saman fiskihafnir og sláturhafnir eins og áður hafði tíðkast, en hitt var þó eigi aftekið, að selja þær allar á leigu í einu lagi ef svo vildi verkast, að undanskildum Hólminum og Húsavík, sem gert var ráð fyrir að konungur sjálfur tæki að sér fyrst um sinn til að koma í veg fyrir þrætu milli kaupmanna og stofnananna, sem mest áttu viðskifti á þessum höfnum. Vakti það meðfram fyrir stjórninni, að reyna smám saman að greiða fyrir einhverjum breytingum til batnaðar á þessum tveim höfnum, svo sem bættri veiðiaðferð og fiskverkun, handiðnum og þess háttar nýjungum, að svo miklu leyti sem konungssjóði væri fært.[2]) Eigi þorði stjórnin að svo stöddu að leggja út í neinar verulegar breytingar á hafnaskipuninni eða kaupsetningunni í þá átt, er landfógeti hafði farið fram á, eða skuldbinda kaupmenn til að koma upp forðabúrum á höfnunum, þótt æskilegt væri í sjálfu sér, því það mundi að eins verða til þess að fæla menn frá að bjóða í hafnirnar. Ekkert taldi stjórnin því til fyrirstöðu, að Íslendingar

1) Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. TT, fylgiskj. 18. (Rskjs.)

2) Smbr. Bréf Heltzens justizráðs til Magnúsar amtm. 23. mai 1758. Þjskjs. A 47 nr. 4.

sjálfir, að undanskildum yfirvöldum, tæki þátt í verzluninni ef þeir sæi sér fært, en um lán eða framlögur úr konungssjóði í því skyni gæti eigi verið að ræða. Stofnununum vildi hún áskilja rétt til að kaupa ull, húðir og gærur eftir þörfum og selja landsmönnum afurðir sínar, og fleiri atriðum gaf hún kost á, sem heldur miðuðu til bóta fyrir landsmenn, án þess þó að þau gæti talist óaðgengileg fyrir kaupmenn. Voru þessi framboðsskilyrði staðfest með konungsúrskurði 18. apr. 1758 og gert ráð fyrir 6 ára leigufresti. Taldi stjórnin líklegt, að landið mundi ná sér aftur á þeim fresti, og gæti þá komið til mála að breyta eitthvað frekar til um verzlunina í þá átt, er landsmenn höfðu hugsað sér.[1]) Voru hafnirnar boðnar upp með þessum kjörum 10. maí, en svo fóru leikar að ekkert boð fekst, og var þó reynt að svæla þeim út öllum í sameiningu og eins sérstökum eða hverri fyrir sig. Fór Skúli heim með þessum tíðindum vorið 1758 og var mjög vondaufur um, að nokkuð mundi úr þessu rætast. Þótti mönnum vandast málið hér heima, og voru einkum forstöðumenn stofnananna mjög hugsjúkir um hag þeirra og töldu vonlaust um, að þær gæti starfað eða þrifist, nema því að eins að þær fengi einhverja hlutdeild í verzluninni, því landsmenn voru ófáanlegir til að selja þeim afurðir sínar nema gegn útlendum varningi. Var því afráðið að fela landfógeta enn á ný að fara utan og sækja málið við stjórnina. Ritaði Magnús amtmaður með honum og brýndi það rækilega fyrir stjórnarherrunum, að hér væri um lífið að tefla fyrir landsmenn og öll velferð þjóðarinnar í veði, ef eigi rættist eitthvað úr verzlunarhögunum.[2]) Í sama strenginn tóku sýslumenn í bréfum sínum til stiftamtmanns, og var Bjarni Haldórsson þeirra berorðastur að vanda. Taldi hann enga von til þess að verzlunarkjörin bötnuðu, þó að nýtt félag kæmi í stað

1) Lovsaml. for Isl. III, 301–311.

2) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. til Rk. 4. ág. 1758. Bréfab. amtm. X, 201–202. (Þjskjs.)

Hörmangara. Eigi hafði hann heldur neina trú á því, að sérverzlun yrði heppilegri, því kaupmenn gerði þá eigi annað en kljást um hafnirnar og skara eld að sinni köku hver í kapp við annan, en legðist allir á eitt til að fé-fletta og undiroka landsmenn. Konungsverzlun þótti honum skárst, en lét þess getið, að arðurinn af henni, ef nokkur yrði, mundi lenda hjá kaupmönnum þeim, er í förum væri, eins og dæmin hefði sannað á fyrri öldum. Annars væri horfurnar svo iskyggilegar, að eigi þyrfti arðs að vænta af verzluninni 5 eða 6 árin næstu, því alt væri í kaldakoli. Taldi hann því ráðlegast að gefa landsmönnum sjálfum kost á hlutdeild í verzluninni og takmarka sem mest aðflutninga á öllu öðru en nauðsynjavöru.[1]) Þegar landfógeti kom utan um haustið, logaði alt í deilum og flokkadráttum út af verzlunarmálunum, því sumir vildu fela Flensborgurum eða Altonamönnum íslenzku verzlunina, en aðri Almenna verzlunarfélaginu, og nokkrir höllu-uðust jafnvel að Hörmangarafélaginu og vildu láta það halda verzluninni áfram. Enn var þeirri tillögu hreyft, að réttast mundi að gefa Íslendingum kost á að taka þátt í verzluninni að 1/4 hluta, en að konungur og þegnar hans í Danmörku gerði út á móti þeim að 3/4 hlutum, en þetta strandaði alt á peningaþrönginni, sem þá var orðin mjög tilfinnanleg.[2]) Skúli fekk því litlu betri áheyrn nú en fyrri, og voru horfurnar allískyggilegar fram eftir haustinu. Þó var eigi með öllu vonlaust um að úr þessu kynni að rætast, því Michael Skibsted kaupmaður gerði kost á að stofna félag, er tæki að sér verzlunina, en þó með vissum skilyrðum. Vildi hann fá 10 ára leigufrest á verzluninni og enga leigu greiða fyrstu 5 árin. Hafði hann fengið vilyrði hjá nokkrum mönnum um hluttöku í félaginu, ef þessi kjör væri í boði, og höfðu þeir ekkert á móti því, að Íslendingar tæki þátt í félaginu ef þeir treysti sér til

1) Smbr. Bréf Bjarna sýslum. til stiftamtm. 18. sept 1758. Þjskjs. A 40 nr. 13.
2) Smbr. Bréf Lassens kaupmanns í Hólminum til Magnúsar amtm. 24. mai 1758. Þjskjs. A 47 nr. 4.

þess. En það var hvorttveggja, að stjórninni var næsta óljúft að ganga að þessum kjörum, enda voru þeir og fáir, sem gáfu kost á sér. Leitaði þá Skibstad fyrir sér hjá stjórnendum Hörmangarafélagsins, því sumir þeirra höfðu látið á sér skilja, að þeir væri eigi með öllu ófáanlegir til að vera með í hinu fyrirhugaða félagi. En þegar til kom gerðu þeir það að skilyrði af sinni hálfu, að þeim amtmanni og landfógeta væri vikið frá embætti. Var þá öllum samningum lokið, því stjórnin tók þessu fjarri eins og vita mátti, og jafnvel Skibsted sjálfan rak í rogastanz yfir ósvífninni.[1]) Lét þá stjórnin enn á ný bjóða upp hafnirnar og gerði öllum þegnum Danakonungs kost á að taka þátt í íslenzku verzluninni, án þess að binda útgerðina við Kaupmannahöfn eingöngu, eins og jafnan hafði verið gert að undanförnu.[2]) En það fór á sömu leið og áður, því eigi fekst boð nema í örfáar hafnir og það óaðgengilegt. Var það hvorttveggja, að dýrtíð og peningaþröng krepti að mönnum, enda höfðu og Hörmangarar róið svo undir í Kaupmannahöfn og fengið þá útreið sjálfir, að enginn þorði að gefa sig fram. Voru þá hlutabréf Hörmangarafélagsins komin niður í 1200 rd. eða minna.[3]) Var þá eigi annar kostur fyrir hendi, en að konungur tæki sjálfur að sér verzlunina og léti reka hana á sinn kostnað, og var það úrskurðað með kgsbr. 9. jan. 1759.

Þótt stjórnin fengist eigi til eða sæi sér eigi fært að sinna beiðni landsmanna eða stofnananna um hlutdeild í verzluninni, þá tók hún samt margar af tillögum landfógeta til greina þegar afráðið var að konungur tæki að sér verzlunina, og þá fyrst og fremst þær, sem lutu að sparnaði og einfaldari tilhögun á verzluninni, enda höfðu fleiri

---

1) Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. TT, fylgiskj. 18. (Rskjs.).

2) Stjórnarauglýs. 21. okt. 1758 og Kgsbr. 28. okt. 1758 um nýtt uppboð á höfnunum. Lovsaml for Isl. III, 319–321 og 339–340.

3) Smbr. Bréf Rybergs verzlunarstjóra til Magnúsar amtm. vorið 1761. Þjskjs. A 47 nr. 4.

lagt það til, svo sem Markús Pahl kaupmaður, sem verið hafði í förum til Íslands á undanförnum árum. Höfðu áður að jafnaði verið gerð út 20 skip til Íslands á ári hverju og 23 yfirkaupmenn og jafnmargir undirkaupmenn verið í förum að staðaldri, auk 116 verzlunarþjóna eða manna af ýmsu tægi, sem gegndu störfum við verzlunina. Nú var landinu aftur á móti skift niður í 6 verzlunarumdæmi eða kaupsvið,[1]) og skyldi árlega gerð út 6 skip til Íslands auk fiskidugganna tveggja, sem iðnaðarstofnanirnar í Reykjavík áttu, en 6 yfirkaupmenn, 5 undirkaupmenn og 29 verzlunarþjónar skyldi vera í förum fyrsta kastið. Var gert ráð fyrir, að útgerðin með þessum sparnaði mundi nema 60,391 rd. árlega, en útfluttar íslenzkar afurðir 70—90 þús. rd., svo ágóðinn yrði 10 til 20 þús. rd. árlega að minsta kosti, ef alt gengi að óskum. Var *Stefáni Hansen* kaupmanni, er áður hafði staðið fyrir verzlun í Færeyjum, falin umsjón með íslenzku verzluninni. Skyldi hann sjá um innkaup á útlendum varningi eftir fyrirmælum stjórnarinnar og sölu á íslenzkum afurðum erlendis, annast bréfagerðir og reikningshald og fá að launum 700 rd. árlega. Þá var og skipaður sérstakur maður með 600 rd. launum til að hafa umsjón með vörubirgðum verzlunarinnar, og 2 afgreiðslumenn eða pakkhússkrifarar, annar við íslenzku verzlunina og hinn við Finnmerkurverzlunina, sem konungur hafði einnig tekið að sér. Kaupmenn voru valdir úr hóp þeirra manna, sem áður höfðu verið í förum, og skyldi þeir hafa fast kaup en engin hlunnindi önnur, að undanskildum íslenzkum nauðsynjavörum til heimilisþarfa við innkaupsverði. Voru yfirkaupmönnum ætlaðir 400 rd., undirkaupmönnum 150 rd., verzlunarþjónum 66⅔ rd. og drengjum

1) Verzlunarumdæmin voru þessi: 1. *Snæfellsnesið* alt (Búðir, Stapi, Ólafsvík, Grundarfjörður og Stykkishólmur). 2. *Vestfirðir* (Patreksfjörður, Bíldudalur, Dýrafjörður og Ísafjörður). 3. *Norðurland* (Skagaströnd, Hofsós, Eyjafjörður og Húsavík). 4. *Austfirðir* (Vopnafjörður, Reyðarfjörður og Berufjörður). 5. *Suðurland* (Hólmurinn, Hafnarfjörður, Keflavík, Bátsandar, Grindavík og Eyrarbakki). 6. *Vestmannaeyjar*.

40 rd., auk fæðis í höfnum og á leiðinni. Er það tekið sérstaklega fram í konungsbréfinu um verzlunarskiftin, að öllum afurðum landsmanna skuli veitt viðtaka, svo framarlega sem þær sé eigi með öllu óhæfar eða óseljandi, og nægar birgðir skuli jafnan vera fyrir hendi af öllu því, er lúti að sjávarútgerð og fiskiveiðum.[1]) Annars var kaupmönnum fengið í hendur mjög ítarlegt erindisbréf, eins og flestum opinberum embættis- og starfsmönnum um þær mundir, og segir þar nákvæmlega fyrir um alla tilhögun á verzluninni. Þessi erindisbréf eru þó að sumu leyti eigi meira en svo í samræmi við sjálft konungsbréfið, því kaupmönnum eru þar lagðar mjög ítarlegar reglur um úrval og gilding á íslenzkum afurðum og hótað því, að fá að sitja sjálfir uppi með þær vörur, er eigi þyki gildar eða útgengilegar þegar heim komi. En hitt var þó eigi lögð minni áherzla á, að jafnan væri nægar birgðir fyrir hendi af útlendum nauðsynjavörum og að þær væri í alla staði góðar og gildar. Skyldi nú eigi troðið upp á viðskiftamenn óþarfa glingri og kramvöru, eins og tíðkast hafði að undanförnu, heldur hver maður látinn sjálfráður um úttekt sína og eiga heimting á að fá andvirði afurða sinna í peningum, ef hann kysi það heldur. Merkustu eða mikilvægustu nýmælin voru þó breytingar þær, sem gerðar voru á hafnaskipuninni eftir tillögum Skúla fógeta og fleiri Íslendinga. Skyldi kaupmenn hafa aðalverzlunarstöð sína á einni eða tveim höfnum í hverjum landsfjórðungi og stefna mönnum þangað til kaupa, en senda vinnufólk og drengi á úthafnir til fiskverkunar og annara starfa, og var kaupmönnum heimilað að greiða viðskiftamönnum þeim, er lengst áttu að sækja, hæfilega þóknun í ferða- og flutningskostnað til að bæta þeim upp tafirnar og örðugleikana. Þannig var kaupmanni á Snæfellsnesinu falið að sigla fyrst á Stapahöfn, og skyldi bændur allir úr Búðakaupsveit sækja þangað; átti kaupmaður þegar í stað

1) Smbr. Kgsbr. 9. jan. 1759. Lovsaml. for Isl. III, 341–344.

að senda erindreka sína til Ólafsvíkur og Grundarfjarðar til fiskverkunar og halda síðan skipi sínu í Stykkishólm til sláturtöku. Vestfjarðakaupmaður skyldi hafa aðalbækistöð sína á Patreksfirði og stefna þangað mönnum úr Bíldudalshéraði, en senda jafnframt fiskverkunarmenn á hinar hafnirnar og láta skipin koma þar við á heimleiðinni. Norðurlandskaupmaður átti fyrst að koma við í Hofsós, og skyldi þangað sækja bændur allir úr austanverðu Húnaþingi, en vesturhlutinn átti að sækja verzlun í Stykkishólm. Síðan átti kaupmaður að halda skipi sínu til Eyjafjarðar, og skyldi þangað sækja allir Þingeyingar. Austfjarðakaupmaður skyldi fyrst sigla á Berufjörð, en síðan á Reyðarfjörð til sláturtöku. Suðurlandskaupmaður skyldi hafa aðalbækistöð sína í Hólminum eða Reykjavík, og áttu búendur í Hafnarfjarðarumdæmi að sækja þangað, en duggur stofnananna skyldi hann senda á úthafnirnar, aðra til Keflavíkur, og skyldi þangað sækja Grindvíkingar og Suðurnesjamenn, en hina til Eyrarbakka; var lagt ríkt á við hann að ýta undir sjósókn manna þar um slóðir og vanda sem bezt alla fiskverkun, og skyldi hann í öllum greinum styðja þá og stoða af fremsta megni og hvetja þá góðfúslega til atorku og dugnaðar.[1]) Að eins einn af kaupmönnum, Markús Pahl, skyldi hafa vetrarsetu í landinu fyrsta kastið, enda var honum jafnframt falin umsjón með stofnununum í Reykjavík.[2]) Þó var gert ráð fyrir því, að fleiri mundu á eftir koma, og ritaði stjórnin Magnúsi amtmanni í tilefni af því 1. maí 1759. Skyldi hann ráðgast um það við sýslumenn, hvernig hentugast mundi að sjá þeim fyrir húsnæði, svo það yrði

---

1) Smbr. *Instruction hvor efter Kiöbmand Jens Christian Lassen, som Handelen paa Budenstad, Stappen, Olafsvig, Grönnefjord og Styckesholms Havne udi Island er bleven anbetroet, indtil viider sig haver at rette og forholde.* 26. marz 1759. Þjskjs. A 50 nr. 7. Eru þar jafnframt tilgreind þau atriði úr erindisbréfum hinna kaupmannanna, sem frábrugðin voru að einhverju leyti.

2) Espólín segir, að Sören Pens kaupm. hafi þá haft vetrarsetu á Eyjafirði, og má það vel vera, þó að eigi sé gert ráð fyrir því i kgsbr., en Pahl sat á Eyrarbakka. Smbr. Árb. X, 62.

sem kostnaðarminst. Jafnframt var honum falið að senda utan með haustskipunum unglinga til steinsmíða- og trésmíðanáms, og áttu þeir að setjast að í kaupstöðunum að loknu námi og kenna öðrum út frá sér, svo að eigi þyrfti framvegis að senda útlenda smiði til landsins í þeim erindum.[1])

Þó að ýmislegt horfði til bóta í ráðstöfunum þeim, er gerðar voru af stjórnarinnar hálfu, þá voru sumar þeirra þannig vaxnar, að ólíklegt mátti þykja, að landsmenn tæki þeim með þökkum. Var það einkum skipafæðin og siglingaleysi á sumar hafnir, sem olli mestri óánægju, og það eigi að ástæðulausu, því hafi þurð verið á aðflutningum meðan sigling kom á hverja höfn, þá má nærri geta hvort eigi hefur þótt sneiðast um, er eigi komu nema 7 skipsfarmar á allar hafnir landsins. Gegnir það mestri furðu, að jafn reyndir og ráðsettir menn eins og þeir amtmaður og landfógeti skyldi leggja þetta til, því þeir máttu báðir fara nær um, að landsmenn mundu aldrei gera sig ánægða með það, enda varð hinn mesti úlfaþytur út af þessu um land alt, og svo jafnframt út af hinu, að kaupmenn þóttu venju fremur vöruvandir og nærgöngulir um úrval og gilding á aturðum manna. Vildu þeir eigi eiga það á hættu að sitja sjálfir uppi með vörurnar, ef eitthvað yrði að þeim fundið í Kaupmannahöfn, eins og hótað var í erindisbréfum þeirra. »Var þá sú lakasta tíð« (ɔ: í kaupum), segir í annálum, »og þó lakar en nokkur maður kunni til að muna eður vita, að nokkurn tíma verið hefði eður heyrt um getið. Fáir fengu það þeir begerðu, nema timbur og greniborð«.[2]) Þótti einkum Norðlendingum hag sínum illa borgið með einu skipi í stað fjögra, og rituðu sýslumenn allir í Norðlendingafjórðungi (Bjarni Haldórsson, Jón Snorrason, Þórarinn Jónsson og Jón Benediktsson) Magnúsi amtmanni svolátandi bréf á alþingi

1) Lovsaml. for Isl. III, 359–360.
2) Smbr. Breiðafjarðarann. Lbs. 379, 4to (J. Sig. 39 fol.).

um sumarið viðvíkjandi þessum og öðrum anmörkum á verzluninni: »Nú í sumar megum vér formerkja, að Kongl. Mt. hefur allranáðugast fundið fyrir gott, að láta þetta land uppsigla fyrir sinn eigin reikning, og að alleina eitt skip sé destinerað til norðurlandsins, sem áður hafa fjögur komið, hvar af fylgja vill, að þar verði lítil höndlun, samt nýjar reglur og ný curieusité um vora íslenzka vöru og annað henni viðvíkjandi. Skyldi nú sá tilætlaði kaupmaður þar heimta út sauði til betalings fyrir vöruna, og til þess að fá sem mest af þeim gera sem mest úrkast af prjónlesi og ullarvöru, svo sem kaupmenn hafa oft stundað eftir og oft orðið disput um, hvað gilt prjónles verið hafi eður ekki, eftir Taxtanum, og ei viljað lána þeim sem stórlega þurfandi eru og ei geta betalað sína lífsnæring, sýnist höndlunin til lítillar eða engrar nytsemdar verða í norðurlandinu, heldur stórs skaða fólki, að flytja sína ullarvöru nokkrar dagleiðir um heyskapartímann og síðan færa hana heim aftur mesta eða alla í úrkasti, en fá ekkert af sínum nauðsynjum, og svo sem fólkið er ei aðvarað áður, að gera á umliðnum vetri sitt prjónles eður ullargóz öðruvísi en áður hefur venja verið, er vor auðmjúkleg begering, að Yðar Velborinheit vilji befala kaupmanninum til Hofsóss og Akureyrar að taka fyrir gilt það prjónles, sem áður á fyrirfarandi árum hefur gjaldgengt verið og kaupmenn fyrir gilt antekið eftir Taxtanum. Einnig smáprjónles með sama prís sem hingað til gengið hefur. Hann vilji og lána til eftirkomandi árs til sinnar lífsnæringar mjöl og járn og færi þeim, sem ei geta prompte betalað, þar sem vér vissulega vonum, að Kongl. Mts. vilji og intention sé, að ekki verði landið graverað fram yfir það, sem áður hefur verið, heldur hjálpað svo mörgum sem ske kann með þeim litlu victualier og vöru, sem þangað flutt er á yfirstandandi sumri«[1]). Magnús amtmaður ritaði aftan á skjalið orðsendingu til

1) Þjskjs. A 79 II, 1. Stafsetning er lögð eftir nútíðarhætti, en orðalag óbreytt.

kaupmanns á þá leið, að Norðlendingar hefði að svo stöddu lítið annað fram að bjóða en prjónles, og vænti hann þess, að kaupmaður sýndi þeim alla nærgætni um töku og gilding á því, enda þótt eitthvað kynni að mega að því finna, og væri það í alla staði betra en að láta menn safna skuldum eða neita þeim um úttekt. Yrði kaupmaður að hafa það hugfast, að konungur hefði tekið að sér verzlunina í því skyni, að bæta úr högum landsmanna eftir meðferð Hörmangarafélagsins, en eigi til þess að þröngva enn meira kosti þeirra.[1]) En kærurnar bárust víðar að, og hafði amtmaður nóg að gera þá um sumarið að gegna þeim og tala um fyrir kaupmönnum. Þannig ritaði hann undirkaupmanni í Hólminum 23. júní og kvaðst kunna því illa að heyra það utan að sér, að ánægja manna yfir verzlunarskiftunum væri þegar farin að snúast upp óvild og gremju. Væri nú bæði kvartað yfir rangri vog í kaupstaðnum, svo að menn kysi heldur að flytja fiskinn heim aftur og selja hann í sveitirnar, en að þola slíkan ójöfnuð, auk þess sem altalað væri, að gilding á blautum fiski væri nú öllu lakari en í tíð Hörmangara, og væri þá langt til jafnað. Enn fremur fengi menn eigi nauðsynjar sínar i kaupstaðnum, þó að þeir hefði góðar og gildar vörur á boðstólum. Bað hann kaupmann að laga þetta með góðu, svo að hann þyrfti eigi að grípa til harðræða.[2]) Í svipuðum tón ritaði hann Stapakaupmanni litlu síðar (18. júlí) og bað hann þess lengstra orða, að reyna að útrýma hjá sér félagsverzlunarkenjunum, sýna landsmönnum velvild og nærgætni í viðskiftunum og taka vörur þeirra eftir sanngjörnu mati, eins og gert hefði verið í tíð lausakaupmanna, því það mundi bezt gefast.[3]) En þessar áminningar höfðu lítið upp á sig, því að kaupmenn báru fyrir sig erindisbréfin og sögðu, að konungur vildi svo vera láta. Sljákkaði þá í flestum,

1) Þjskjs. A 79 II, 1.
2) Bréfab. amtm. XI, 14—16. (Þjskjs.)
3) Bréfab. amtm. XI, 47—49. (Þjskjs.)

og voru sýslumenn heldur ragari að ganga í berhögg við kaupmenn eftir að konungsverzlunin hófst, því Rentukammerið sjálft stóð fyrir útgerðinni.[1])

Eftir reynslu þá, sem fengin var, þótti stjórninni eigi ráðlegt að halda verzluninni áfram í sama horfinu, og var þegar eftir nýjár 1760 ákveðið að gera ýmsar breytingar á henni. Forstöðumaður verzlunarinnar, Stefán Hansen, var leystur frá því starfi og skipaður í hans stað *Niels Ryberg* kaupmaður. Eftir tillögum hans var sigling aukin og fólki fjölgað á ný, og skyldi þá um sumarið ganga 19 skip til Íslands og 10 yfirkaupmenn vera í förum, en 22 undirkaupmenn, 82 verzlunarþjónar og yfir 20 drengir, eða því sem næst eins og áður hafði tíðkast. Enn fremur var heitið verðlaunum fyrir skipasmíðar og gert ráð fyrir að senda báta með dönsku og norsku lagi til Íslands til að smíða eftir, en á fiskihöfnunum skyldi eftir látnir menn til að kenna Íslendingum að verka saltfisk.[2]) Var lögð hin mesta áherzla á að efla fiskiveiðarnar og kvikfjárræktina, því sjávar- og landbúnaðarafurðir voru þá langútgengilegastar, en prjónlesið mjög fallið í verði og naumast útgengilegt. Sótti þá að ýmsu leyti í sama horfið og áður með verzlunina, því landsmenn kvörtuðu undan prjónlestökunni, svo amtmaður varð hvað eftir annað að skerast í leikinn, auk þess sem hann var sífelt að klifa á því, að sem mest þyrfti að flytja af trjá-

---

1) Smbr. Árb. Esp. X, 60—61. Álit Sveins lögm. Sölvasonar á konungsverzluninni kemur berlega fram í annál hans, og farast honum orð á þessa leið: »Þó nú Handels Compagniet være afsett frá Höndluninne, var öll sú fyrre misbrúkun alldeilis ekkj þar med afsköffud helldr var Landsfólked eingu betr fared epter enn ádr. Menn höfdu nú öllu minne Friheit enn fyrr, ad uppátala nokkud í Höndluninne. Ádr visse einn Kaupmadr ad segia Compagnied vildi hafa þad svo. Enn sidan Höndlunin var drifin fyrer Kongsins Reikning, þá þorde einginn ad neinu finna nie i móti at mæla, því strax visse Kaupmadurenn ad behrópa sig uppá Kóngsins háa nafn, og hann vilde svoleides hafa. Þar fyrer, þegar vier höfdum hinn sama Taxta, sömu Kaupmenn og hinar sömu edr enn nú slettare og dárlegre vörur, hvad er þá unnid vid þessi umskipti?« J. Sig. 181, 8vo bls. 50. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 213—214 nm.

2) Kgsbr. 5. febr. 1760 (Lovsaml. for Isl. III, 383–384). Smbr. Rkbr. til sýslum. á Íslandi 19. marz 1760 (Lovsaml. for Isl. III, 386 389).

við og öðrum nauðsynjum, en takmarka aftur á móti aðflutninga á tóbaki, brennivíni og kramvöru. Ryberg tók þessu heldur þunglega og kvaðst eigi sjá sér fært að senda eingöngu þá vöru til landsins, sem verzlunin skaðaðist á, en lítið sem ekkert af hinni, er eitthvað væri á að græða, eða taka prjónles eftir mati landsmanna sjálfra, því allir heilvita menn hlyti að sjá, hverjar afleiðingar þetta hefði í för með sjer fyrir verzlunina og konungssjóð. Þó kvaðst hann fús á að gera sitt hið ítrasta til að verða við óskum landsmanna hér að lútandi, ef þeir á hinn bóginn vildi herða sig við fiskiveiðarnar og taka sér fram um vöruvöndun. Tóbak og brennivín kvaðst hann mundu takmarka sem mest, og væri jafnvel fús á að hætta öllum aðflutningum á því, ef hann mætti eiga það víst, að landsmenn gæti neitað sér um það, en hitt gæti hann eigi sætt sig við, að taka fyrir aðflutninga á þessum arðvænlegu vörutegundum og eiga þó á hættu, að Íslendingar keypti þær í laumi eftir sem áður af útlendum duggurum eða jafnvel af sjálfum verzlunarþjónunum, því nógur væri skaðinn og kostnaðurinn af verzluninni þar fyrir utan.[1]) Tjón það, sem verzlunin beið við þessar og aðrar tilslakanir, var reynt að vinna upp með því, að ýta sem mest undir framleiðslu sjávarafurða, og lögðust þeir báðir á eitt Ryberg og Magnús amtmaður í þeim efnum og skröfuðu margt í bréfum sínum um ýmsar ráðstafanir þar að lútandi, svo sem netabrúkun, hrognaverkun o. fl., en fæst af því náði fram að ganga að svo stöddu. Þá var nú vorið 1762 skipaður sérstakur erindreki af verzlunarinnar hálfu til að hafa eftirlit með fiskiveiðum landsmanna og fiskverkun. Var það *Jóhann Haagen*, er áður hafði verið kaupmaður á Búðum og Stapa.[2]) En það kom að litlu haldi sem aðrar þessar

1) Smbr. Bréf Rybergs til Magnúsar amtm. vorið 1761. Þjskjs. A 47 nr. 4. Niðurlag bréfsins vantar, svo dagsetningin sést eigi, en frá þessu ári mun það eflaust vera.

2) Smbr. Kgsbr. 3. maí 1762. Lovsaml. for Isl. III, 445—447.

ráðstafanir, enda fór nú Ryberg hvað úr hverju að trénast upp á forstöðunni og þóttist í ærnum vanda staddur, því áhallinn varð æ meiri og aukakostnaður fór sívaxandi, án þess þó að unt væri að girða fyrir óánægju af Íslendinga hálfu. Var Ryberg einkum í nöp við Skúla og stofnanirnar og taldi verzluninni stafa ilt eitt af þeim. Var Skúli tíður gestur í Kaupmannahöfn um þær mundir og ýtinn mjög við stjórnina um framlög og hlunnindi til stofnananna, auk þess sem hann hafði jafnan eitthvað nýtt á prjónunum viðvíkjandi verzluninni, svo Ryberg var bæði kvíðinn og áhyggjufullur út af þessu og taldi verzluninni þyngsl og hættu búna af hans völdum. Stakk hann því að Magnúsi amtmanni, að landfógeta mundi hentara að sitja heima og líta eftir vinnubrögðum í Reykjavík, en að vera sífelt á reiki fram og aftur til lítilla nytja fyrir stofnanirnar, en bæði sér og öðrum til óþurftar. Kvaðst hann eigi treysta sér til að standa straum af aðflutningum á nauðsynjum og sjá verzlunarhögunum borgið, ef hann mætti sífelt eiga það í vændum, að svo og svo mikið rúm í verzlunarskipunum gengi jafnan til að flytja kauplaust hitt og þetta til stofnananna, svo sem timbur og annað fleira sem væri svo fyrirferðarmikið. Skoraði hann því fastlega á hluthafa stofnananna, að reyna að bjargast upp á eigin spýtur framvegis og hafa duggurnar í förum í sínar þarfir, og kvaðst hann miklu heldur vilja gangast fyrir því að útvega þeim nokkur þúsund rd. lán í Kaupmannahöfn, ef þá væri nokkru nær, en að íþyngja verzluninni með nýjum flutningakvöðum í þágu stofnananna. Með sínum vilja fengi þær eigi skildingsvirði hjá konungi hér eftir, enda væri meira en kominn tími til að létta þessum ómaga af konungssjóði og verzluninni.[1]) Annars mátti nú varla í milli sjá hvor ómaginn var þyngri, stofnanirnar eða verzlunin, og var þess skamt að bíða, að stjórnin fengi nóg af henni. Í stað þess að gefa af sér

1) Smbr. Bréf Rybergs til Magnúsar amtm. 9. mai 1762. Þjskjs. A 47 nr 4.

10—20 þús. rd. árlega, eins og ráð var fyrir gert, hafði hallinn orðið talsverður á hverju ári og fór sívaxandi, svo stjórninni fór eigi að lítast á blikuna og sætti færi að koma verzluninni af sér sem allra fyrst. Tókst henni það sumarið 1763 og þóttist hólpin að losna við þennan ómaga.[1])

VIII.

Almenna verzlunarfélagið (1764—1773).

Félag það, er nú tók við íslenzku verzluninni, *Almenna verzlunarfélagið* er svo var kallað, hafði mikið umleikis og var í miklu áliti í Kaupmannahöfn, þótt eigi væri það að sama skapi arðvænlegt. Hafði það verið sett á stofn árið 1746 í því skyni, að reka stórsölu í Kaupmannahöfn og greiða fyrir utanríkisverzlun Dana. Höfuðstóll félagsins var í öndverðu 500 þús. rd., og safnaðist það fé á svipstundu, en margir hörmuðu það seinna meir, að þeir höfðu látið ginnast til hlutakaupa í félaginu, því þeir sáu aldrei eyrisvirði í ágóða af fje sínu, og báru mjög skarðan hlut frá borði um það bil að lauk. Kendu sumir það óhagsýni eða óráðvendni félagsstjórnarinnar, en aðrir óviðráðanlegum atvikum og óhöppum, sem eltu félagið árum saman. Ei að síður barst þó félagið mikið á, hafði 18—20 skip í förum, og var sífelt að færa út kvíarnar. Árið 1750 tók það að sér verzlun á Grænlandi, og fekk árlega 5000 rd. í meðgjöf með henni úr konungssjóði, en það fé gekk

---

1) Skúli fógeti kemst að þeirri niðurstöðu í Íslandslýsingu sinni, að skaði konungs á verzluninni hafi numið rúmum 3000 rd. árlega upp og ofan, en af reikningum hans virðist þó auðsætt, að skaðinn hafi verið talsvert meiri, eða nál. 12000 rd. árlega. Auk þess skaðaðist konungur á sjálfum verzlunarskiftunum, því hann hafði gefið Hörmangarafélaginu 100,843 rd. fyrir hús og vöruþirgðir o. fl., en kom því af sér aftur fyrir 96,622 rd. Smbr. J. Sig. 33 fol. Bls. 145—146.

að mestu eða öllu leyti í tilkostnað við heiðingjatrúboðið, og hvalaveiðar félagsins í Grænlandshöfum reyndust heldur eigi arðvænlegar.[1]) Í aprílmánuði 1763 falaðist félagsstjórnin eftir íslenzku verzluninni og Finnmerkurverzluninni, og gleypti ríkisstjórnin við því boði, sem fyr segir, og veitti félaginu einkarétt á verzluninni í 20 ár, frá ársbyrjun 1764 til ársloka 1783, gegn 7000 rd. árgjaldi, er renna skyldi til félagsins aftur í meðgjöf með grænlenzku verzluninni, enda tókst það og á hendur að annast heiðingjatrúboðið framvegis. Var einkaleyfi félagsins bundið ýmsum skilyrðum, svo sem áður hafði tíðkast, og mörgum nýjum við bætt, er horfðu til bóta fyrir landsmenn. Þannig var reynt að stemma stigu fyrir óhófi og eyðslusemi með því að banna félaginu að flytja til landsins annan varning en þann, er upp var talinn í kaupsetningunni, nema sérstaklega væri um hann beðið af landsmönnum og stjórnin gæfi samþykki sitt til (§ 18), og takmarka sem mest brennivínsaðflutninga (§ 6). Enn fremur áskildi stjórnin sér eftirlit með aðflutningum yfirleitt, og skyldi félagsstjórnin árlega leggja fram skrá yfir allar þær vörur, sem ákveðið væri að senda til landsins, og kaupmenn eiðfestar skýrslur um hvern skipsfarm (§ 22). Félaginu var heimilað að hafa framvegis vetrarsetumenn á þeim höfnum, er hentugast þætti, til þess að selja mönnum nauðsynjar á öllum tímum árs, en þó jafnframt reistar skorður við brennivínssölu á vetrum og sveitaprangi af þeirra hálfu (§ 25). Jafnframt þessu var félaginu gert að skyldu að efla fiskiveiðar landsmanna eftir föngum og leggja kapp á að bæta fiskverkun. Að lokum voru sett í skilmálana ýms ákvæði um afstöðu félagsins til stofnanna í Reykjavík, ef þær héldist óbreyttar, en annars var gert ráð fyrir því, að leitað væri samninga við hluthafa þeirra á Íslandi um að láta þær renna saman við verzlunarfélagið, og skyldi bæði þeim og öðrum Íslendingum

1) Smbr. C. Bruun: København III, 38—39.

heimilt að gerast hluthafar í félaginu (§ 41).[1]) Þessir samningar tókust árið eftir, og rituðu þeir Magnús amtmaður og Skúli fógeti undir þá af hálfu stofnananna. Var höfuðstóll þeirra talinn 25000 rd. eða jafngildi 50 hlutabréfa í félaginu, svo hluthafar stofnananna voru þá jafnframt orðnir meðeigendur í verzlunarfélaginu. Ennfremur skuldbatt félagsstjórnin sig til að greiða þegar í stað 5000 rd. upp í skuldir stofnananna, og að gera sitt hið ýtrasta til að halda þeim við, efla þær og auka.[2])

Þó að Almenna verzlunarfélagið hefði eigi reynst hlut-höfum sínum happadrjúgt eða arðvænlegt alt til þessa, þá báru menn samt sem áður mikið traust til félagsins og þeirra manna, er veittu því forstöðu og voru þar mestu ráðandi. Þannig skrifaði Heltzen justizráð Magnúsi amtmanni bréf um verzlunarskiftin 30. maí 1763 og kemst þar meðal annars svo að orði: »Úr því að það var fastur vilji og ásetningur konungs, að íslenzka verzlunin skyldi aftur seld á leigu, þá gat landið eigi komist í betri hendur en þessar, því hér eiga góðir menn hlut að máli, enda hefur og stjórnin gert sér far um að búa svo um hnútana, að verzlunin yrði sem hagstæðust landi og lýð. *Ahlefeld* leyndarráð er forseti félagsins, og hefur hann fullvissað okkur um, að hann skyldi verða fyrstur manna til að kæra félagið fyrir konungi, ef það sýndi lit á því að beita nokkrum rangindum eða ójöfnuði við landsmenn . . . Það hefur verið reynt að sjá hag allra hlutaðeigenda borgið, og þér megið eiga það víst, að landsmenn verða ánægðir með þetta verzlunarfélag«.[3]) Það var heldur eigi annað að sjá í fyrstu, en að alt félli í ljúfa löð og að þessi spá mundi rætast, því Magnús amtmaður ritaði stjórninni haustið 1764 og lét mjög vel yfir verzluninni á

1) Smbr. Oktroi 15. ág. 1763. Lovsaml. for Isl. III, 466—493.

2) *Contract og Accort imellem det kgl. octroierede almindelige Handels-Compagnie i Kiöbenhavn og Interessentskabet i de nye Indretninger udi Island. 2. apr. 1764.* (Pontoppidan: Samlinger til Handels-Magazin for Isl. II, 87—90.) Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 160—164.

3) Þjskjs. A 47 nr. 4.

suðurhöfnunum, því vörurnar hefði þótt góðar og engum aðfinslum verið hreyft.[1]) Á aðalfundi félagsins 10. apríl 1765 var það samþykt, að hafa framvegis vetrarsetumenn eða búfasta kaupmenn á Eyrarbakka og öllum Vestfjarðahöfnunum (Patreksfirði, Bíldudal, Dýrafirði og Ísafirði), og var það að ýmsu leyti til hins mesta hagræðis fyrir landsmenn.[2]) Auk þess gerði félagið sér allmikið far um að efla sjávarútveginn með því að sjá mönnum fyrir nægu timbri og góðum veiðarfærum og kenna þeim netaveiðar og saltfisksverkun. Það tókst meir að segja á hendur að flytja 20 menn til Íslands frá Sunnmæri í Noregi, til þess að kenna Íslendingum skipasmíðar og betri veiðiaðferðir, og hét verðlaunum fyrir framkvæmdir í þeim efnum.[3]) Þessi viðleitni félagsins gerði það að verkum, að kostnaðurinn af útgerðinni varð meiri en áætlað var í fyrstu, og sá félagsstjórnin sér eigi annað fært en að hækka tillög félagsmanna um 100 dali á hvert hlutabréf. Þetta var samþykt á aðalfundi félagsins 10. apríl 1765, og voru þeir Magnús amtmaður og Þingel etazráð viðstaddir af hálfu stofnananna. Var hluthöfum stofnananna eftir þeirri samþykt skylt að greiða öllum í sameiningu 5000 rd. til aukningar höfuðstólnum. Þessu neituðu flestir hlufhafar á Íslandi með Skúla fógeta í broddi fylkingar, og reis út af þessu mál mikið með verzlunarfélaginu og stofnununum, enda bar þeim og margt í milli er fram liðu stundir, því Skúla og fylgismönnum hans þótti félagsstjórninni farast illa við stofnanirnar og samningurinn frá 2. apríl 1764 eigi haldinn af hennar hálfu. Hafði félagsstjórnin falið Ara Guðmundssyni (Arv Gudmandsen) kaupmanni í Hólminum, forstöðu stofnananna, og gerði hann sér að virðast mátti miklu fremur far um að hnekkja

1) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. til Rk. 12. sept. 1764. Bréfab. amtm. XV, 6—7. (Þjskjs.)

2) Smbr. Ágrip af samþyktum frá aðalfundum verzlunarfélagsins. Lausl. blað í Þjskjs. A 47 nr. 4.

3) Smbr. Rkbr. til Thodals stiftamtm. 24. mai 1770 og Kgsbr. 29. mai 1770. Lovsaml. for Isl. III, 679—681.

þeim en að efla þær og auka, eins og til var skilið í samningnum. Stóðu mál þessi árum saman, og lyktaði eigi að fullu fyr en löngu eftir að félagið var gengið frá verzluninni.[1])

Jafnframt þessari misklíð út af stofnununum reis nú og smám saman meiri og meiri óánægja út af sjálfri verzluninni, því hún var eigi hagstæð landsmönnum nema rétt í byrjun. Þegar fyrstu árin voru liðin, fór að sækja í sama horfið og áður bæði um vöruskort, verðhækkun og stirðleika í viðskiftum af hálfu sumra kaupmanna. Reyndust þeir einkum viðsjálir, er áður höfðu verið í förum til Finnmerkur, því þar höfðu þeir komist upp á alls konar klæki og ósóma, sem þeir áttu bágt með að venja sig af þegar hingað kom. Svo var t. d. um *Jens Lassen*, kaupmann á Eyrarbakka. Hafði hann rekið okursölu mikla á tóbaki og brennivíni meðan hann gegndi verzlunarstörfum á Finnmörk, en verið að lokum kærður fyrir og kallaður heim aftur. Var hann þá sendur út hingað og falin verzlunarstjórn og vetrarseta á Eyrarbakka, og leið eigi á löngu áður margt og misjafnt færi að kvisast um verzlun hans. Hafði hann erindreka um allar sveitir til að selja tóbak og brennivín og kramvöru við okurverði, en lét þær birgðir lítt falar í kauptíðinni. Var þó flutt meira en nóg af þeim til kaupstaðarins, en öllu minna af nauðsynjavöru, svo sem mjöli, timbri og veiðarfærum, enda var og kaupmaður sjálfur ærið stórtækur á þær vöruteg-undir, því hann rak búskap mikinn og sjávarútveg, þótt skýlaust væri bannað í verzlunarskilmálunum. Kærðu bændur í Stokkseyrarhreppi yfir þessu og hneyksluðust mjög á því, að kaupmaður skyldi halda í timbur við þá til nauðsynlegra húsabóta, en verja því aftur á móti til að byggja sem reisulegast yfir skepnur sínar, »þar hesthúsin eru svo praktuglega uppbygð með fjalagólfi sem

1) Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 167 o. eftf.

fornemme manna hús í landinu«. Sjálfur tók hann 30 til 40 tunnur af mjöli til heimilis síns og gaf skepnum sínum nokkuð af því, en neitað bændum oft og einatt um matvöru, og þótti þeim það hart sem von var, því enda þótt það næmi eigi svo mjög miklu, sem fór í skepnurnar, »þá er það þó meira en margir hverjir 4 eða 5 búsitjandi fá keypt, og mikill styrkur væri það nú í þessari hörðu tíð fyrir 8 eða 10 bændur«, segir í kærunni. Þá var og kvartað yfir töfum miklum í kaupstaðnum, og þóttust nærsveitamenn einkum verða illa úti í þeim efnum. Vísaði kaupmaður þeim jafnaðarlega frá sér með þeim ummælum, að þeir gæti vel beðið, því að þeir ætti eigi svo langt að sækja, en þegar þeir svo loks fengu áheyrn, var oft og einatt upp gengin varan, sem þeir báðu um, og svaraði þá kaupmaður því til, að þeim hefði verið nær að koma fyr. Oft var kaupmaður svo önnum kafinn við búskapinn, að hann gaf sér eigi tíma til að afgreiða viðskiftamennina, og bar það stundum við, að hann lokaði þá inni í búðinni á meðan hann var að snúast í búskapnum og stakk lyklinum á sig, svo að þeir komust eigi út. Voru dæmi til þess, að menn urðu að hýrast þar nauðugir hálfan daginn eða meira, frá hádegi til sólarlags, og urðu þá sumir að fara jafnnær aftur, því kvöldið hrökk eigi til að afgreiða þá. Þetta og margt fleira var héraðsfleygt um allar næstu sveitir, og ýtti sýslumaður undir bændur og hreppstjóra að kæra það. Var svo langt komið, að bændur í Stokkseyrarhreppi höfðu tekið saman allítarlegt kæruskjal, sem fyr segir, og létu það ganga um sveitina til undirskriftar, en þegar á skyldi herða, skárust margir úr leik og eyddu kærunni, en mögluðu þó í hljóði, og kendi sýslumaður því um, að alla megandi menn í sveitinni væri búið að »undirstinga með tractamenter«.[1]) Svipaðar kærur gengu á Álftanesi og Sel-

1) Kæra bænda ódagsett og óundirrituð er í Þjskjs. A 79 II, 1. Smbr. Bréf Brynjólfs sýslumanns Sigurðssonar til amtm. 26. marz 1767. Þjskj. A 53 nr. 2. Hannes Þorsteinsson skjalavörður hefur bent mér á þetta bréf.

tjarnarnesi um Hafnarfjarðarkaupmann, *Jakob Klerke*, einkum út af brennivínsokri, og varð Ólafur Stefánsson amtmaður að taka þar sjálfur í strenginn í umboði tengdaföður síns Magnúsar amtmanns.[1]) Þó fékk enginn af kaupmönnum jafnilt orð yfirleitt sem *Ari Guðmundsson* kaupmaður í Hólminum, enda hafði hann alist upp við Finnmerkurverzlunina. Þótti hann bæði refjóttur, ófyrirleitinn og hrokafullur og var mjög illa þokkaður bæði af höfðingjum og alþýðu.[2])

Þessir anmarkar voru þannig vaxnir, að félagsstjórnin sjálf átti eigi beint sök á þeim, nema að svo miklu leyti, sem henni varð með réttu fundið það til foráttu, að hún skyldi fela slíkum mönnum verzlunarstörf á Íslandi og láta þeim haldast uppi stundinni lengur að beita slíkri ósvífni. Þess var heldur eigi langt að bíða, að félagsstjórnin sjálf gerði sig samseka þeim og meira en það með því sviksamlega eða öllu heldur glæpsamlega atferli, að senda út hingað vorið 1768 mjölbirgðir, sem voru vitanlega óhæfar til manneldis og jafnvel heilsuspillandi. Hafði uppskeran frá árinu áður nýzt illa sakir votviðra, og lék grunur á, að mjölbirgðir félagsins, sem ætlaðar voru til íslenzku verzlunarinnar, væri eigi sem beztar, svo stjórnin hafði varann á og lét skoða þær vorið 1768 áður skipin legði út. Komust skoðunarmenn að þeirri niðurstöðu, að mjölbirgðirnar væri að mestu leyti óhæfar til manneldis og heilsuspillandi, en hitt, sem nýtilegt væri, svo illa malað, að eigi gæti talist gildur varningur. Var því félagsstjórninni boðið, að gera betri skil og láta nýjar birgðir koma í staðinn. Brást hún illa við og kvað nú alt orðið um seinan og engin tiltök að afla nýrra birgða, en stjórnin lagði bann við flutningi á þessu hraki til Íslands, og gaf félaginu fulla sök á afleiðingunum. Skrifaði hún jafnframt amtmanni og bauð honum að sjá til þess,

1) Bréfab. amtm. XIV, 8—10 og 69. Smbr. áðurnefnt bréf Brynjólfs sýslum. Sigurðssonar. Þjskjs. A 53 nr. 2.

2) Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 216.

að sýslumenn skoðuðu mjölbirgðirnar sem rækilegast á öllum höfnunum þegar skip kæmi út.[1]) Létu þeir eigi á sér standa og gengu sumir allfreklega að skoðuninni. Var rúmum 1000 tunnum af þessu skemda mjöli varpað í sjóinn að undirlagi Skúla fógeta, enda var það bæði úldið og maðkað, en hitt var niður sett, er eigi þótti með öllu óhæft til matar.[2]) Risu víða deilur út af þessari mjölskoðun, en þó mestar í Hólminum. Þegar sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu kom til að skoða birgðirnar hjá Ara Guðmundssyni, brást hann reiður við, neitaði að opna búðina fyrir honum og hagaði sér þannig við yfirvöldin og almenning, að alt varð í uppnámi, og heimtuðu Seltirningar og sýslumennirnir báðir Jón Eggertsson og Guðmundur Runólfsson, að honum væri vikið frá og annar maður settur til að gegna störfum hans. Risu þegar málaferli út af þessu og öðru athæfi kaupmanns, og gekk á rannsóknum, þinghöldum og vitnatöku mestalt sumarið.[3]) Amtmaður reyndi að stilla til friðar, en varð lítið ágengt, enda fekk hann sjálfur eigi dulist þess, að Ari beitti refjum og þjösnaskap við almenning þegar hann kom því við. Þótti honum að sönnu viðurlitamikið að svifta hann starfi sínu, en lagði til, að hann fengi ofanígjöf hjá félagsstjórninni og skipun um að bæta ráð sitt.[4]) Á öðrum höfnum varð einnig talsvert uppþot út af mjölbirgðunum, því kaupmenn reyndu að svæla þeim út við fullu verði eða sem minstum afslætti, en sú misklíð féll víðasthvar niður þegar yfirvöldin skárust í leikinn. Álftnesingar þorðu lengi vel eigi að leggja sér neitt af mjölinu til munns og héldu það banvænt, enda þótt yfirvöldin væri búin að

1) Rkbr. 16. mai 1768. Þjskjs. A 120. Smbr. Kgsbr. 2. mai 1769. Lovsaml. for Isl. III, 632—633.

2) Árb. Esp. X, 94. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 216—217.

3) Smbr. Bréf þeirra Jóns Eggertssonar og Guðmundar Runólfssonar til amtmanns 11. ág. 1768. Þjskj. A 47 nr. 4. Segja þeir, að afsetning kaupmanns sé einasti vegurinn að lægja uppþotið, »saasom forbemeldte Kiöbmand haver sig uanstændig og uforsvarlig mod Almuen opförte«.

4) Bréf amtm. til Rk. 3. sept. 1768. Bréfab. amtm. XVII, 196—199. (Þjskjs.)

vinsa úr því hið lakasta, og rættist eigi úr þessu fyr en amtmaður sjálfur reið á vaðið og fekk sóknarprestinn, hreppstjóra og helztu bændur með sér til að taka ofurlítið af því til reynslu.[1]) Þegar stjórnin varð þess áskynja, að mjölbirgðir þær, sem bannað hafði verið að flytja til landsins, voru eigi að síður fram boðnar á höfnunum, brást hún reið við og skipaði nefnd til að rannsaka málið og kveða upp dóm í því.[2]) Varð sú niðurstaðan, að félaginu var gert að skyldu að greiða landsmönnum 4400 rd. í skaðabætur eftir 23. gr. verzlunarskilmálanna, og var þeim sektum jafnað niður á hafnirnar eftir tiltölu. En með því að lítið hefði úr fénu orðið, ef farið hefði verið að skifta því á milli manna, þótti stjórninni réttast að leggja það alt í einn sjóð og verja vöxtunum til nytsamlegra fyrirtækja (Mjölbótasjóðurinn).[3])

Það var eigi nóg með að deilur og misklíð risi í sviþinn með kaupmönnum og yfirvöldum á Íslandi út af mjölskoðuninni 1768, heldur dró hún einnig þann dilk á eftir sér, að Íslendingar mistu alt traust til félagsins og gerðust sumir helzti frekir og uppivöðslumiklir í viðskiftum sínum við kaupmenn. Má þar einkum til nefna Skúla fógeta. Skrifaði hann sýslumönnum vorið 1769 áður skip kæmi út og bað þá hafa gætur á því við vöruskoðunina, að kaupmenn flytti eigi til landsins vöruteg-undir, sem eigi væri tilgreindar í kaupsetningunni, því það var bannað, sem fyr segir, nema með vissum skilyrðum, og bað þá gera slíkan varning upptækan, ef hann findist. Voru þeir fæstir, sem gáfu þessu gaum, en þó létu nokkrir tilleiðast, einkum á suðurhöfnunum og svo í Stykkishólmi, því þar átti Magnús Ketilsson, systursonur

1) Smbr. Bréf amtm. til Hafnarfjarðarkaupmanns 3. júlí 1768. Bréfab. amtm. XVI, 381—382. (Þjskjs.)

2) Smbr. Kgsbr. 2. maí 1769. Lovsaml. for Isl. III, 632—633.

3) Kgl. Resol. 13. apr. 1773 ang. Grundlæggelsen af Meelbödernes Fond og Rkskriv. til Stiftamtm. Thodal 24. apr. 1773 ang. Anvendelsen af Meelbödernes Renter. Lovsaml. for Isl. III, 6, 11—12. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 218—219.

landfógeta, hlut að máli. Jón Skúlason aðstoðarlandfógeti og Guðmundur Runólfsson sýslumaður gegndu þessum erindum í Grindavík og á Bátsöndum, en Skúli sjálfur og Jón Eggertsson sýslumaður í Hólminum, og gekk það eigi orða- eða erjulaust eins og geta má nærri. Ari Guðmundsson varð óður og uppvægur, þegar hann vissi erindi þeirra, og hafði í hótunum við þá landfógeta, svo Jóni Eggertssyni féllust hendur í miðjum klíðum, en Skúli var þess áleitnari og lét greipar sópa um allar þær vörubirgðir, er eigi voru tilgreindar í kaupsetningunni, innsiglaði þær eða hafði á brott með sér og lét auglýsa uppboð á sumum þeirra. Var hann helzti frekur og nærgöngull í rannsókninni, því hann óð inn um öll híbýli Ara og hirti það sem honum líkaði, svo það var eigi að furða, þótt Ara rynni í skap, enda lét hann skammirnar og formælingarnar dynja óspart yfir þá landfógeta, og reis auðvitað mál út af því, sem kom fyrir yfirréttinn árið eftir. En verzlunarfélagið kærði upptektina fyrir stjórninni og bar það fyrir sig, að allar vörutegundir, sem fluttar hefði verið til landsins, hefði verið tilgreindar á skrám þeim, er stjórnin hefði fengið í hendur og lagt samþykki sitt á, en sumt af vörum þeim, er gerðar voru upptækar, hefði legið í verzlunarhúsunum frá því á dögum konungsverzlunarinnar. Þessu gat Skúli ekki borið á móti, en hélt sér við hitt, að kaupmenn hefði lagt okurverð á þessar vörutegundir og eigi viljað hlíta neinni sanngirni, þrátt fyrir ummæli 17. gr. verzlunarskilmálanna. Báðu hvorirtveggja aðilar um rannsókn og dóm í málinu, og veitti stjórnin það. Var þeim Þorsteini Magnússyni og Jóni Jónssyni sýslumönnum Rangæinga boðið að rannsaka málið og dæma af hálfu verzlunarfélagsins, en þeim Jóni Ólafssyni varalögmanni og Jóni Arnórssyni sýslumanni af hálfu landfógeta og þeirra upptektarmanna.[1]) Áttu þeir varalögmaður leið svo langa, að þeir gátu eigi komið í tæka tíð,

1) Lovsaml. for. Isl. III, 642—649.

og dæmdu þá hinir tveir, að öllu skyldi aftur skilað, því er upp var tekið, eða fullu verði þess, og málskostnaður greiddur að auki. Þeim dómi áfrýjaði Skúli landfógeti til hæstaréttar, en hann var þar staðfestur og því viðaukið, að þeir, sem upptektina gerðu, skyldi gjalda einn fyrir alla og allir fyrir einn. Varð Jón Eggertsson sýslumaður verst úti, því Skúli færðist undan greiðslunni og leyfði eigi að nokkur aðför væri gerð á fé sínu, þar sem hann stóð í ábyrgð fyrir jarðabókarsjóðnum.[1])

Þegar hér var komið sögunni höfðu óvinsældir félagsins vaxið mjög á Íslandi, því verzluninni hrakaði ár frá ári, og var nú svo komið, að hún var litlu betur þokkuð en verzlun Hörmangara, eins og ljósast má ráða af skjölum Landsnefndarinnar.[2]) Bárust henni kærur víðsvegar af landi, og voru þær mjög á eina leið, svo þær munu tæplega verða rengdar, enda gerðust nú og jafnvel sumir þeirra manna, er handgengnir voru félaginu sjálfu, til að áfella það, og voru þær aðfinslur úr hörðustu átt, því gamlir kaupmenn eða verzlunarþjónar félagsins áttu þar hlut að máli. Árið 1771 var gefinn út í Kaupmannahöfn bæklingur nokkur, og tók hann mjög ómjúkum höndum á félaginu og einokunarverzluninni yfirleitt. Lét höfundurinn eigi nafns síns getið, en það þóttust menn vita, að hann væri að einhverju leyti handgenginn félaginu og nákunnugur öllum málavöxtum.[3]) Árið eftir kom út annar bæklingur engu vægari í garð félagsins, og var Ari Guðmundsson höfundurinn, þótt hann leyndist undir dularnafni.[4]) Hafði félagið að lokum vikið honum frá kaupmannsstarfi í Hólminum, og reit hann bæklinginn meðfram til þess að skeyta skapi sínu á félaginu, en lýsing

1) Árb. Esp. X, 95—96, 102. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson. Bls. 219—225.

2) Rskjs. Dana og Þjskjs. A 35. Landsnefndarinnar verður síðar getið.

3) *Tillæg til Philodani förste Hæfte, eller Afhandling om Handelen, og især den Islandske.* Kbh. 1771.

4) *Anmærkninger over Compagniets Handel paa Island, skrevne af Islandophilus. 1.—2. Hæfte.* Kbh. 1772.

hans á verzlunaranmörkunum er þó vafalaust nær sanni, enda hafði hann reynsluna fyrir sér. Var áliti félagsins tekið mjög að hnigna um þessar mundir, og hagur þess stóð með litlum blóma, því verzlunin hafði gengið mjög skrykkjótt upp á síðkastið, svo félagsstjórnin þóttist sjá fram á hrun og fjárþrot, ef þessu héldi fram. Sótti hún því 31. júlí 1772 um eftirgjöf á verzlunarafgjaldinu frá 1770 og úr því meðan hagnaðurinn af verzluninni yfirstigi eigi 5% vexti af höfuðstól félagsins, sem var 3 tunnur gulls. Stjórnin tók fremur óliðlega í þetta og kvaðst eigi sjá sér fært að leggja það til við konung, að hann yrði við bæn félagsins, því að það hefði farið svo að ráði sínu upp á síðkastið, að konungi mundi eigi þykja það góðs maklegt. Hefði hann neyðst til að lögsækja það fyrir brot á verzlunarskilmálunum, og nú væri félagið í þann veginn að koma stofnununum fyrir kattarnef. Auk þess væri það eigi sýnt og sannað, að félagið væri svo á heljarþröminni, sem orð væri á gert, og sízt að það stafaði þá af þeim ástæðum, sem gefið væri í skyn í umsókninni. Félagsstjórnin svaraði þessu með nýju bréfi 11. sept. og reyndi af fremsta megni að réttlæta gerðir sínar og færa ástæður fyrir máli sínu. Í mjölmálinu hafði hún það sér til afsökunar, að uppskeran frá 1767 hefði reynst svona illa yfirleitt sakir veðurlagsins, en stofnanirnar kvað hún verzluninni alveg óviðkomandi og enga eftirsjón í þeim, þótt niður legðist. Annars bar hún það helzt fyrir sig, að verzlunin hefði beðið mikið tjón af óviðráðanlegum atvikum, svo sem fjárkláðanum, og eins af auknum matvöruaðflutningum til landsins, sem félagið hlyti að stórskaðast á vegna hins lága útsöluverðs. Þá taldi hún og sér til gildis ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hefði verið að undirlagi hennar til uppörfunar landsmönnum og stuðnings atvinnuvegunum, svo sem verðlaun fyrir skipasmíði, umbót á veiðarfærum, blautfiskstöku, saltfisksverkun o. s. frv.,

og hefði þetta einnig bakað félaginu talsverðan kostnað.[1]) Stjórnin greiddi eigi skjót svör við þessu, og fór þá félagið enn á stúfana í bréfi dags. 31. des. Ítrekaði það eigi að eins hina fyrri beiðni sína um eftirgjöf á afgjaldinu, heldur fór einnig fram á, að hækkað yrði til helminga eða því sem næst útsöluverð á ýmsum vörutegundum, svo sem mjöli, brauði, grjónum og brennivíni. Kváðust félagsmenn stórskaðast á verzluninni og hefði höfuðstóll félagsins rýrnað um 150 þús. rd. á nokkrum árum, en væri allur í veði, ef þessu hèldi fram, svo að þeir yrði að beiðast lausnar frá íslenzku verzluninni, ef eigi fengist bænheyrsla.[2]) Jón Eiríksson hafði þá nýlega öðlast sæti í stjórnarráði konungs, og lét hann álit sitt í ljósi með skjali dags. 30. jan. 1773. Gerði hann mjög lítið úr viðbárum félagsstjórnarinnar og lagði til, að öllum kröfum hennar væri synjað, en félaginu gerður kostur á að hætta verzluninni þegar í stað, úr því það hefði sjálft farið þess á leit.[3]) Stjórninni þótti þó réttast að heyra álit íslenzkra embættismanna áður en málinu væri til lykta ráðið, og skrifaði hún Thodal stiftamtmanni í tilefni af því 3. apríl 1773. Bað hún hvorttveggja í senn um álit hans á umsóknum félagsins og tillögur hans um, hvernig hentast mundi að haga verzluninni framvegis, ef til þess kæmi að nokkur breyting yrði á henni gerð. Bar Thodal þetta undir valdsmenn á alþingi 1773, og tóku þeir allir mjög illa í verðlagshækkunina, sem vænta mátti, en voru misjafnrar skoðunar um tilhögun á verzluninni. Vildu sumir hafa félagsverzlun áfram, aðrir lausaverzlun eða sérverzlun á höfnunum, sumir konungsverzlun og örfáir frjálsa verzlun. Sjálfur hallaðist Thodal mest að konungsverzlun að svo stöddu, en lagði eindregið á móti umsóknum félagsins. Rak hann aftur margar af staðhæfingum félagsstjórnarinnar og kvað félagið löngu hætt allri framfaraviðleitni á

1) Bréf þessi liggja við Rkbr. til Thodals stiftamtm. 14. nóv. 1772. Þjskj. A 120.
2) Bréf þetta liggur við Rkbr. til stiftamtm. 3. apr. 1773. Þjskj. A 121.
3) Nr. 55 í Hdrs. M. Steph. í Háskólabókasafninu í Kmh.

Íslandi, svo sem verðlaunaúthlutun, blautfiskstöku og þess háttar, en fiskverðið erlendis hlyti að bæta því margfalt halla þann, er það biði á matvöruaðflutningum. Í sama strenginn tók Ólafur Stefánsson amtmaður.[1]) Stjórnin lét hér við sitja að svo stöddu og greiddi eigi nein svör við beiðni verzlunarfélagsins, enda mun hún hafa þózt þurfa drjúgan umhugsunar- og undirbúningstíma áður en hún gerði út um málið.

Það er auðsætt, að félagið hefur hálft í hverju gert sér von um bænheyrslu, úr því að stjórnin dró svo lengi að svara málaleitunum þess, eða að minsta kosti verið við því búið, að halda áfram verzluninni, því vorið 1774 tóku hluthafar sig til og endurskoðuðu samþyktir félagsins. Eru þær ítarlegar mjög og fróðlegar um snið og tilhögun félagsins frá fyrstu byrjun, því skipulagið hefur að mestu haldist óbreytt í aðalatriðunum, þó að ýmsu hafi verið aukið inn í, enda er það og gefið í skyn í samþyktunum sjálfum. Þegar hér var komið sögunni, var hinn upphaflegi höfuðstóll félagsins rýrnaður meira en til helminga, eða úr 600 þús. rd. niður í 286,270 rd., og þar af leiðandi hvert hlutabréf komið niður í 286 rd., því hlutabréfin voru 1000 að tölu. Var það tekið fram í hinum nýju samþyktum, að félagið skyldi hér eftir eingöngu reka verzlun á Íslandi, Finnmörk og Grænlandi og leggja alla alúð við hana, en hætta utanríkisverzlun. Er gert ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að konungur styðji félagið á alla lund og sýni því góðvild og tillátssemi, eins og heitið sé í verzlunarskilmálunum, enda hafi sum ákvæði þeirra orðið til að ýta undir launverzlun á Íslandi og þannig til að spilla fyrir félaginu. Í stjórn félagsins skyldi sitja 5 menn, 4 úr kaupmannastétt og einn maður löglærður, allir kosnir úr hóp hluthafa, og skyldi 2 þeirra jafnan ganga úr á þriggja ára fresti. Skyldi þeir hafa að launum

1) Bréfab. stiftamtm. XIV, 507—508 og 611—627. Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 90—93.

200 rd. hver á ári og 10% af hreinum ágóða félagsins, en þó aldrei yfir 500 rd. hver að öllu samanlögðu. Bókhaldari félagsins skyldi hafa að launum 1300 rd. árlega og 150 rd. til ljósmetis og eldiviðar, og gegndi hann jafnframt gjaldkerastörfum í félaginu. Aðstoðarbókhaldarinn skyldi hafa 250 rd. að launum og ókeypis húsnæði, en öðrum skrifstofuþjónum skyldi yfirbókhaldari launa úr sínum vasa. Þá var og ráðinn sérstakur pakkhússkrifari eða umsjónarmaður íslenzkra vörubirgða, og átti hann að hafa 500 rd. að launum og ókeypis húsnæði, en halda sjálfur fulltrúa eða aðstoðarmann á eigin kostnað. Skyldi hann annast útsölu á íslenzkum varningi í Kaupmannahöfn, en sjálfum voru honum stranglega bönnuð öll verzlunarmök við aðra þjónustumenn félagsins, skipshafnir eða farþega, að viðlögðum brottrekstri. Á aðalfundi skyldi árlega kosnir 3 menn til að endurskoða reikninga félagsins, en aftur á móti voru ráðnir fastir menn til að endurskoða reikninga kaupmanna, eins og áður hafði tíðkast á dögum Hörmangarafélagsins. Þá var og enn haldið samskonar ákvæðum og áður fyrri um innkaup á útlendum varningi og sölu á íslenzkum afurðum, en öll verzlunarviðskifti inn á við og út á við skyldi rekin frá Kaupmannahöfn.[1]) Um ráðningu kaupmanna og verzlunarþjóna eru mjög ítarleg ákvæði í samþyktunum, og mikil áherzla lögð á dugnað þeirra og samvizkusemi, enda kannast félagsmenn við það, að heill og hagur verzlunarinnar velti á þeim að mestu leyti. Eru gerðar kröfur til þess, að yfirkaupmenn skilji til hlítar íslenzka tungu og setji félaginu 500 rd. tryggingu hver. Skyldi þeir gera sér hið ítrasta far um að ávinna ser hylli landsmanna og hvetja þá til dugnaðar og framtakssemi í öllum greinum. Áttu þeir að leggja sérstaka alúð á að vanda sem bezt fiskverkun og vöruverkun yfirleitt, og stuðla til þess að landsmenn tæki

1) Þetta mun vera svo að skilja, að útsölustöðvar íslenzku verzlunarinnar í Glückstað hafi þá verið lagðar niður.

sér fram um það. Var þeim kaupmönnum heitið sérstökum verðlaunum (150 rd.), er sköruðu fram úr í þessu. Forstöðumönnum félagsins var falið að ráða kaupmenn og víkja þeim frá eftir vild sinni, og svo var um alla starfsmenn félagsins, nema bókhaldara, sem jafnan skyldi ráðinn á aðalfundi félagsins með samþykki hluthafa. Öllum félagsmönnum var heimilt að selja hlutabréf sín hverjum sem vera vildi, en þó skyldi það tilkynt á skrifstofu félagsins. Þeir sem áttu 1—2 hlutabréf skyldi hafa eitt atkvæði á fundum félagsins, þeir sem áttu 3—5 hluti skyldi hafa 2 atkvæði, og hinir, sem áttu 6 hluti eða meira, skyldi hafa 3 atkvæði, en enginn fleiri, hversu mikið sem hann ætti í félaginu.[1])

Meðan félagsmenn réðu ráðum sínum um endurbætur á samþyktunum og verzluninni, sat nefnd manna á rökstólum með erfðaprinsinn sjálfan í broddi fylkingar, til þess að athuga sem gaumgæfilegast umsóknir félagsins og allar hliðar málsins, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að konungur gæti eigi orðið við beiðni félagsins og að bezt mundi á því fara, að félagið væri leyst frá öllum skuldbindingum sínum þegar í stað. Þótti nefndarmönnum tiltækilegast, að konungur sjálfur leysti félagið af hólmi og tæki aftur á ný að sér verzlunina, því það væri einasti vegurinn til að bjarga landinu úr bersýnilegum voða. Var þetta hvorttveggja staðfest með konungsúrskurði, og varð það að samkomulagi, að konungur skyldi taka við öllum eignum félagsins og innleysa hlutabréfin með 300 rd. hvert.[2])

---

1) Smbr. Convention mellem Handels-Compagniets Interessenter 8. apr. 1774. Lovsaml. for Isl. IV, 55—77.

2) Smbr. Kgsbr. 18. apr., 28. apr. og 16. mai 1774. Lovsaml. for Isl. IV, 88—89, 90—94 og 102—103.

IX.

Konungsverzlunin síðari (1774—1787).

Nefnd sú, er falið hafði verið að íhuga verzlunarmálið og ráða fram úr vandkvæðunum, lét þá von í ljósi um leið og hún bar fram tillögur sínar, að konungsverzlunin mundi verða landinu til heilla og blessunar og greiða fyrir ýmsum framförum og umbótum á högum landsmanna.[1]) Þessi von rættist að því leyti, að stjórnin gerði sér hið mesta far um að bæta verzlunarkjörin og greiða fyrir atvinnuvegum landsmanna, og horfði alls eigi í kostnaðinn þegar um það var að ræða. Eitt hið mesta og merkasta skref í þá áttina var breyting sú, er gerð var á kaupsetningunni árið 1776. Hafði alt til þessa verið verzlað eftir kaupsetningunni frá 1702, en eins og geta má nærri var hún fyrir löngu orðin úrelt og á eftir tímanum, eigi að eins hvað verðlag snerti, heldur einnig að því leyti, að ýmsar vörutegundir voru nú horfnar úr sögunni, sem áður höfðu þótt nauðsynlegar, og aðrar komnar í staðinn, sem eigi var getið í kaupsetningunni. Enn fremur þótti sá hængur á eldri kaupsetningunni, að vörutegundunum var þar eigi svo rækilega lýst, hvorki hinum útlendu né íslenzku, að unt væri að ganga úr skugga um, hvernig þeim skyldi háttað í einu og öllu. Þessum anmörkum og ýmsum fleiri var nú reynt að bæta úr í hinni nýju kaupsetningu og í fyrsta skifti lagður skynsamlegur grundvöllur undir vöruverðið. Stjórnin fylgdi sem sé þeirri reglu, að leggja 10 ára meðalverð til grundvallar fyrir útsölu- og innkaupsverðinu, að viðlögðum og frádregnum beinum kostnaði af verzlunarrekstrinum. Var eigi gert ráð fyrir neinum ábata af verzluninni, og jafnvel eigi reiknaðir vextir af höfuðstól þeim, er konungur hafði lagt fram til útlausnar Almenna verzlunarfélaginu og til reksturs í öndverðu, en sá höfuðstóll nam 350

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 89.

þús. rd. Munu allir verða að kannast við það, að lengra var eigi hægt að fara í tilslökunaráttina, án þess að stofna konungssjóði í beinan voða. Auk þess var sú mikilvæga breyting gerð á verðlaginu, að allur mismunur á fiski- og prjónlesreikningi var afnuminn. Skyldi hér eftir eitt og sama verð gilda á öllum höfnum landsins, og talið framvegis í ríkisdölum og skildingum, en eigi í lestum, hundruðum og fiskum, eins og áður hafði tíðkast á fiskihöfnunum, eða vættum, fjórðungum og fiskum, eins og tíðkast hafði á sláturhöfnunum. Þá var og sú breyting gerð á vog og máli, að reizlur eða pundarar voru af teknir þegar um meiri þunga var að ræða en 4 lísipund, og skálavog látin koma í staðinn, og skyldi vogareiningar hér eftir taldar í skippundum, lísipundum og pundum, en eigi í vættum, fjórðungum og fiskum, eins og áður hafði tíðkast, og dönsk alin skyldi hvervetna koma í stað hinnar íslenzku. Skyldi kaupmenn framvegis hafa vetrarsetu á öllum höfnum og verzla bæði sumar og vetur. Var þeim boðið að sýna landsmönnum góðvild og tillátssemi í öllum greinum, flýta sem mest fyrir afgreiðslu manna, svo að þeir þyrfti eigi að tefja lengi á höfnunum, og verzla framvegis fyrir opnum dyrum, en eigi við einn og einn mann í einu innan luktra dyra, eins og oft hafði viðgengist að undanförnu og vakið mikla tortrygni og óánægju. Þá var og gert ráð fyrir því, að kaupmenn héldi eftir í samráði við sýslumenn svo miklu af íslenzkri matvöru á höfnunum, ef skortur eða hungursneyð kynni að vofa yfir af einhverjum ástæðum, að fólki væri borgið vetrarlangt, en jafnan skyldi þingsvitni tekið áður því til styrkingar og staðfestingar. Að lokum var sú ráðstöfun gerð, að kaupsetningin skyldi prentuð á íslenzku, og átti hún að liggja frammi til sýnis í hverri búð á landinu, svo að allir gæti kynt sér hana rækilega og vitað vissu sína, ef ágreiningur risi út af einhverjum atriðum.[1])

1) Lovsaml. for Isl. IV, 314—353.

Þetta var mjög þýðingarmikið spor í framfaraáttina, og stjórnin hélt upp frá þessu fast við þá stefnu, að miða verðlagið sem mest við innkaups- og útsöluverð á erlendum og íslenzkum varningi, eða með öðrum orðum taka tillit til verðfalls og verðhækkunar eftir því sem unt var, og gerði hún nokkrum sinnum fyrirskipanir um verðbreytingar á ýmsum vörutegundum og sömuleiðis um kaup á nýjum íslenzkum afurðum, sem höfðu eigi áður verið teknar.[1]) Þessar ráðstafanir miðuðu allar í þá áttina, að losa um gömlu einokunarfjötrana og koma eðlilegra skipulagi á verzlunarviðskiftin, og voru flestar þeirra til bóta og hagræðis fyrir landsmenn. Ein af þessum ráðstöfunum var sú, að flytja meira en áður af ómöluðu korni til landsins og jafnframt talsvert af kvörnum til útbýtingar ókeypis á höfnunum, svo að landsmenn gæti sjálfir malað það, og taldist stjórninni svo til, að Íslendingar mundu græða við þetta 41 skild. á hverri rúgtunnu og 87 skild. á hverri byggtunnu.[2]) Þá gerði og stjórnin sér far um að greiða fyrir ullariðnaði með því að flytja rokka til landsins og hvetja menn til að taka upp vefstóla af danskri gerð.[3]) Til þess að koma í veg fyrir vöruskort á höfnunum, var sýslumönnum boðið að segja til um, hve mikið þyrfti að flytja af hverri vörutegund, og áttu þeir að gera þetta í samráði við kaupmenn.[4]) Vöruskoðun sýslumanna á höfnunum hélst auð-

---

1) Þannig voru gerðar nánari fyrirskipanir 29. maí 1777 um töku og gilding á fiski og lýsi og sömuleiðis á söltuðu kúasmjöri, sem áður hafði verið gert afturreka í verzlunum (Lovsaml. for Isl. IV, 407–408). Enn fremur var hækkað verð á tóbaki 23. marz 1778 sakir verðhækkunar á tóbaksblöðum, en þó heitið afslætti jafnskjótt og breyting yrði á þessu (Lovsaml. for Isl. IV, 433—434), og loks var hækkað verð á ísl. kjöti með Kgsbr. 19. apr. 1779 og ýmsar ráðstafanir gerðar til að greiða fyrir sölu á ísl. afurðum (Lovsaml. for Isl. IV, 477—479).

2) Smbr. Kgsbr. 19. apr. 1779. Lovsaml. for Isl. IV, 477—479. Seinna var heitið verðlaunum fyrir kvarnasmíði á Íslandi til þess að ýta undir notkun þeirra. Smbr. Tollstjbr. 6. jan. 1781 og Rkbr. 25. febr. 1783. Lovsaml. for. Isl. IV, 561—562 og 688—690

3) Smbr. Tollstjbr. til Þorláks Ísfjord sýslum. 6. jan. 1781. Lovsaml. for Isl. IV, 562.

4) Smbr. Tollstjbr. til sýslumanna 20. jan. 1779. Lovsaml. for Isl. IV, 461—463.

vitað eftir að konungsverzlunin hófst, og var nú tekið miklu meira tillit til afskifta þeirra af verzluninni en áður. Þannig kvörtuðu sýslumenn ýmsir um hitt og þetta ólag á verzluninni sumarið 1777, og svaraði stjórnin þeim aftur 7. apríl 1778 og kannaðist við, að ýmislegt væri réttmælt í þeim aðfinslum, lofaði að bót skyldi á því ráðin eftir því sem unt væri og þakkaði þeim meira að segja fyrir árveknina. Jafnframt bað hún þó sýslumenn að gæta allrar sanngirni við skoðun á vörunum framvegis, og að setja ekki niður verð á þeim að nauðsynjalausu eða láta eitt ganga yfir allar birgðirnar, þó að eitthvað af þeim kynni að reynast aðfinsluvert, því að það hlyti að verða til stórskaða fyrir verzlunina.[1]) Stundum gerði stjórnin sjálf viðvart um það fyrirfram, ef eitthvað þótti athugavert við vörurnar, og setti niður verð á þeim sjálfkrafa.[2]) Þá félst stjórnin og að öllu leyti á ráðstafanir þær, er stiftamtmaður hafði gert sumarið 1780 til að takmarka sölu á tóbaki og brennivíni á suður- og vesturhöfnunum sakir dýrtíðar, og mundi því vafalaust hafa verið öðruvísi tekið ef verzlunarfélag hefði átt í hlut.[3]) Enn fremur reyndist stjórnin miklu vægari í skuldakröfum sínum en einokunarfélögin, enda þótt ráðgert væri í kaupsetningunni að fara varlega í lánveitingar og taka strangt á þeim, er eigi greiddi skuldir sínar. Gerðust því sumir kaupmenn tregir til að lána mönnum, sem voru skuldugir undir, og var kvartað yfir því sumarið 1780, en stjórnin tók þegar í strenginn og bauð verzlunarþjónum sínum að lána mönnum lífsnauðsynjar, þótt þeir væri skuldugir undir, ef þeir ætti ilt með að borga.[4]) Kaupmaður í Hólminum tók upp þann sið árið 1783 þegar

1) Bréf þetta fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá sama degi. Þjskjs. A 122.

2) Smbr. t. d. Rkbr. til sýslum. 31. marz 1778, sem tilkynnir, að eigi sé unt að senda léreft af þeirri breidd og þeim gæðum, er áskilið sé í kaupsetn., svo að stjórnin hafi fyrir fram sett það niður um helming. Bréfið fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá sama degi. Þjskjs. A 122.

3) Smbr. Rkbr. til stiftamtm. 2. des. 1780. Þjskjs. A 122.

4) Smbr. Tollstjbr. 13. jan. 1781. Lovsaml. for Isl. IV, 565—566.

skuldunautar verzlunarinnar komu með peninga og báðu um einhvern óþarfa, að honum þótti, að taka við peningunum og láta þá ganga upp í skuldina. Hann hafði þó sjálfur eitthvert hugboð um, að þetta mundi eigi þykja viðurkvæmilegt á hærri stöðum, og skrifaði því utan og spurðist fyrir um það, en verzlunarstjórnin svaraði honum því, að hún gæti alls eigi fallist á þetta tiltæki og bað hann gæta allrar sanngirni og varkárni í viðskiftum sínum við landsmenn.[1]) Svona var í flestum greinum tekið tillit til hagsmuna landsmanna eftir að konungsverzlunin hófst og reynt að bæta sem fyrst úr öllum anmörkum.[2])

Þegar konungur leysti almenna verzlunarfélagið af hólmi og tók sjálfur að sér verzlunina, voru settar á laggirnar tvær verzlunarstjórnir, önnur fyrir grænlenzku verzlunina og hin fyrir íslenzku verzlunina og Finnmerkurverzlunina í sameiningu, og var lítlu síðar bætt við þá deildina verzluninni í Færeyjum, en alt laut þetta verzlunarbákn undir Yfirskattastjórnina (Stats-Balance- og Ober-Skatte-Direktionen). Árið 1781 var sú breyting á þessu gerð, að sérstök yfirstjórn var skipuð fyrir allar þessar verzlanir í sameiningu og um leið settar nákvæmar reglur um alla tilhögun á verzluninni. Yfirstjórnin var skipuð 4 mönnum, og áttu þeir *Christian Ludvig von Stemann* og *Ove Höegh Guldberg* leyndarráð, *Jón Eiríksson* konferenzráð og *Wilhelm August Hansen* etazráð sæti í henni. Undir henni voru aftur 3 framkvæmdarstjórar, einn fyrir grænlenzku verzluninni, annar fyrir færeysku verzluninni og hinn

---

1) Smbr. Bréf Sunckenbergs kaupm. til stiftamtm. 10. des. 1785. Þjskjs. A 49 II, 1.

2) Smbr. t. d. Tollstjbr. 24. apr. 1781 um útsölu á brauði í heilum tunnum (Lovsaml. for Isl. IV, 589—590), Rkbr. 25. marz 1783 um að neyða eigi bændur til að láta af hendi sauðargærur, og hafa reizlu á takteinum í búðinni handa þeim, svo að þeir gæti sjálfir vegið úttekt sína, ef þeim líki nokkur grunur á, að af þeim væri haft (Lovsaml. for Isl. IV, 692), og Rkbr. 19. apr. 1783 um að leyfa kaupendum að skoða vandlega allar vörutegundir áður en þeir festi kaup á þeim, og að taka eigi »yfirvigt« á ísl. varningi eins og áður hafði tíðkast (Lovsaml. for Isl. IV, 705--706) o. fl. bréf.

þriðji fyrir íslenzku verzluninni og Finnmerkurverzluninni, og var það *Hans Christian Bech* jústizráð, sem getið hefur verið hér að framan. Skyldi yfirstjórnin ráða öllum verzlunarfyrirtækjum og taka ákvarðanir þar að lútandi, en framkvæmdarstjórarnir skyldi sjá um að þeim ákvörðunum væri fullnægt og annast verzlunarreksturinn yfirleitt hver í sinni deild. Yfirstjórninni var falið að ráða verzlunarþjóna og víkja þeim frá eftir vild sinni, og skyldi þeir í öllum greinum lúta boði hennar og banni. Átti jafnan einn maður úr stjórnarráði konungs (Rentukammerinu) sæti í henni, og skyldi hann flytja af hálfu verzlunarstjórnarinnar þau mál við konung, er leita þyrfti úrskurðar hans á. Bæði yfirstjórnin og framkvæmdarstjórarnir tóku laun úr konungssjóði, en auk þess skyldi yfirstjórnin fá 1% í aukaþókn af hreinum ágóða verzlunarinnar og framkvæmdarstjórarnir allir í sameiningu $^3/_4$%. Höfuðstóll sá, er lagður var til verzlunaninnar um þessar mundir, nam 2 milliónum ríkisdala, og voru þar í talin öll hús og fasteignir verzlunarinnar og þar á ofan 47 skip, er voru í förum til Íslands og Finnmerkur eða stunduðu hvala- og fiskiveiðar í norðurhöfum. Þótti samt eigi uggvænt um, að meira fé kynni að þurfa til að reka þessa miklu og margbreyttu verzlun og standast allan þann kostnað, er af henni leiddi, og var því yfirstjórninni heimilað að bæta við sig lánsfé, er næmi alt að einni mill. rd., ef á þyrfti að halda. Var gert ráð fyrir því, að þessi verzlunartilhögun stæði í 30 ár, frá ársbyrjun 1781 til ársloka 1810. Það er skýrt tekið fram í verzlunarreglugerðinni, að tilgangurinn með þessari breytingu og þessum ráðstöfunum sé sá, að auka og efla verzlunina og atvinnugreinarnar í hlutaðeigandi löndum og þar með velmegun þegnanna. Er því öllum þegnum konungs í þessum löndum gerður kostur á að leggja fé í verzlunarsjóðinn eða kaupa hluti í verzluninni, og eru þeim fyrirfram trygðir 4% í vexti af fé sínu hvernig sem veltist, en heitið meiru, alt að 6%, ef vel gangi. Í þessu skyni var

höfuðstólnum skift niður í 20. þús. hluti, er nema skyldi 100 rd. hver.[1]) Það var að nokkru leyti í samræmi við þetta síðasta ákvæði reglugerðarinnar, er konungur úrskurðaði tveim árum síðar, að einstökum mönnum og opinberum stofnunum á Íslandi skyldi heimilt að ávaxta fé sitt í konungsverzluninni gegn 4%, eins og þá var farið að tíðkast í bönkum erlendis, og áttu verzlanirnar í Hólminum og Hafnarfirði að veita innlögunum viðtöku. Var þessi ráðstöfun gerð í tilefni af bréfi frá Skúla fógeta, er kvartaði yfir því, að landsmenn væri í vandræðum með að koma fé sínu fyrir til geymslu, þeir sem eitthvað ætti, og reyndi því oft og einatt að fela það sem vandlegast. Þótti stjórninni sem hagur mætti að þessu verða fyrir alla hlutaðeigendur, því Íslendingar fengi hér tryggingu fyrir fé sínu og vöxtum af því, en verzlunin gæti framvegis sparað sér að meira eða minna leyti flutning á handbæru fé til landsins, sem jafnan fylgdi nokkur áhætta.[2]) Mun eitthvað af opinberu fé hafa verið ávaxtað þannig hér eftir, en einstakir menn hafa fráleitt gert mikið að því, sumpart af tortrygni og sumpart af hinu, að þeir vildu eigi láta það vitnast, að þeir ætti fé til, eða tímdu eigi að sjá af því.

Hafi verzlunarfélagsstjórnin á undangengnum árum lagt kapp á að bæta verzlunarhagina og gera Íslendingum til hæfis, eins og vikið er á hér að framan, þá gerði hún sér eigi síður far um það hér eftir, eins og geta má nærri, þar sem Jón Eiríksson var annars vegar. Var sérstök áherzla lögð á það, að ýta undir atvinnugreinar landsmanna, og verðlaunum heitið af verzlunarsjóði fyrir ýmislegt þar að lútandi, því nú var sú stefna upp tekin, að hvetja menn til alls konar framkvæmda með verðlaunafyrirheitum. Bæði af þessu og ýmsu öðru, svo sem nýjum húsahyggingum á flestum höfnum og auknum aðflutning-

1) Smbr. *Reglement om Handelen og sammes Privilegier og Friheder paa 30 Aar. 2. júlí 1781.* Lovsaml. for Isl. IV, 604--624.

2) Smbr. Kgsbr. 19. júní 1783. Lovsaml. for Isl. IV, 741--742.

um á matvöru og nauðsynjum, en minni aðflutningum á krami og munaðarvöru, sem löngum höfðu þótt arðvænlegri, fór kostnaðurinn af verzluninni langt fram úr áætlun, og varð sú raunin á, að konungur skaðaðist á henni og það til muna. Þannig varð áhallinn rúmir 6531 rd. árið 1782, en rúmir 59,923 rd. árið 1783 og rúmir 53,540 rd. árið 1784, eða samtals 119,996 rd. á þessum 3 árum.[1]) Þetta stafaði þó meðfram af því, að erlendar vörur höfðu hækkað mjög í verði síðan kaupsetningin var gerð árið 1776, svo að eigi svaraði kostnaði að flytja þær og selja við lögmæltu verði, en hins vegar ekkert viðlit að hækka verð á útlendum nauðsynjum eins og þá áraði á Íslandi.[2]) Jafnframt þessu lækkuðu sumar íslenzkar afurðir svo í verði um þessar mundir, að verzlunarstjórnin varð að sætta sig við að selja þær undir innkaupsverði, svo sem prjónles. Hafði skaðinn á 3 höfnum norðan lands og austan (Hofsós, Húsavík og Reyðarf.) numið 75,745 rd. á árunum 1782—1784 af þessum ástæðum.[3]) Þó tók út yfir þegar Skaftáreldarnir geysuðu sumarið 1783 og afleiðingar þeirra tóku að gera vart við sig, því stjórnin taldi það skyldu sína að hlaupa undir bagga með landsmönnum í þeim nauðum, og gerði það mjög drengilega, án þess að horfa nokkuð í kostnaðinn. Sendi hún aukafarma af matvöru til Íslands sumarið 1784 til útbýtingar í þeim héruðum landsins, er verst voru stödd, og lét fiskiduggur verzlunarinnar annast flutninga á nauðsynjum milli hafna, í stað þess að láta þær ganga á fiskiveiðar, og sumarið eftir voru sendir aukafarmar af trjávið til landsins til viðreisnar híbýlum manna eftir landskjálftana.[4]) Fóru matvörukröfur landsmanna mjög í vöxt á þeim árunum, eins

1) Kommissionen ang. Isl. almindel. Væsen 1785. Expeditionsprotok. Bls. 466. (Rskjs.). Smbr. Skúli Magnússon landfóg. eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 250 nm.

2) Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol). Smbr. Om den isl. Handel. Kh. 1787. (anon.).

3) Smbr. Kgsbr. 15, júní 1785. Lovsaml. for Isl. V, 213--215.

4) Smbr. Kgsbr. 21. júlí 1784 og 9. febr. 1785. Lovsaml. for Isl. V, 99--100 og 121--123.

og eðlilegt var, og námu árið 1785 hér um bil 32,000 tunnum, svo stjórnin varð að draga til muna úr aðflutningum á öðrum vörutegundum þá um sumarið til þess að geta fullnægt þessum miklu kröfum.[1]) Varð svo mikill halli af þessu öllu saman, að verzlunarstjórnin sá sér eigi annað fært en að nota lántökuheimild þá, er veitt hafði verið í reglugerðinni 2. júlí 1781, og stofnaði á rúmum 2 árum 267 þús. rd. skuld.[2]) Þótti einsætt, að þetta gæti eigi haldið áfram, án þess að konungssjóður biði stórtjón, og að eitthvað yrði til bragðs að taka. Var því afráðið, að skipa nefnd til þess að íhuga rækilega hagi lands og þjóðar og koma fram með tillögur þar að lútandi.[3]) Var nefnd þessi skipuð 16. febr. 1785, og henni falið meðal annars að koma fram með tillögur um bætur og breytingar á íslenzku verzluninni.[4]) Nefndin gekk að þessu starfi með alúð og kostgæfni og komst að þeirri niðurstöðu með ítarlegum rannsóknum og að öllu vel athuguðu, að bezt mundi á því fara, að losa svo um einokunarfjötrana á íslenzku verzluninni, að öllum þegnum Danakonungs væri heimilað að reka verzlun á Íslandi með ákveðnum skilyrðum. Var þetta staðfest með kgsbr. 18. ágúst 1786,[5]) og gefin út auglýsing sama dag um nánari skilyrði fyrir hluttöku í þessari *frjálsu* verzlun, er svo var kölluð.[6]) Var gert ráð fyrir því, að konungur héldi verzluninni áfram óbreyttri til ársloka 1787, og skipuð sérstök nefnd (Handels-Realisations-Kommission) til þess að annast hana, þar til aðrir tæki við, og koma þessum mikilvægu breytingum í framkvæmd.[7])

---

1) Om den isl. Handel. Kh. 1787. Smbr. Rkbr. 5. marz 1785. Lovsaml. for Isl. V, 136--137.
2) Smbr. Om den isl. Handel. Kh. 1787.
3) Smbr. Kgsbr. 2. febr. 1785. Lovsaml. for Isl. V, 118--120.
4) Smbr. Lovsaml. for Isl. V, 124--127.
5) Lovsaml. for Isl. V, 301--316.
6) Smbr. Lovsaml. for Isl. V, 317--338.
7) Smbr. Kgsbr. 17. jan. 1787. Lovsaml. for Isl. V, 355--357.

ANNAR ÞÁTTUR

VERZLUNARHÆTTIRNIR

I.

Hafnirnar og kaupsviðin.

Þegar einokunin hófst hér á landi, var svo fyrir mælt, að siglt skyldi á 20 hafnir, auk Vestmannaeyja, en þó jafnframt gert ráð fyrir, að höfnum yrði fjölgað ef nauðsyn krefði.[1]) Leið og eigi á löngu áður óánægja risi út af siglingaleysi, enda létu kaupmenn jafnvel hjá líða að sigla á þær hafnir allar, er taldar voru í einkaleyfisbréfinu, svo konungur varð að taka í strenginn og skylda þá til að halda uppi siglingum á allar hafnirnar, og í einkaleyfisbréfinu 28. apríl 1614 var einni höfn (Húsavík) bætt við, svo nú voru þær alls 22.[2]) Hefur sú tala að líkindum haldist óbreytt þegar elzta verzlunarfélagið tók við árið 1620, og við það setið fram til 1660. Þá leystist verzlunarfélagið upp, sem fyr segir, og tóku einstakir menn að sér að halda uppi siglingunum. Virðist þá hafa orðið talsvert kapp um hafnirnar, því einstakir menn fengu þá leyfisbréf fyrir höfnum, sem eigi hafði verið siglt á um langan aldur, svo sem Hrútafirði (Borðeyri) og Hvítá í Borgarfirði (Huittuw).[3]) Þegar verzlun aðalútgerðarmanna hófst árið 1662, var svo ráð fyrir gert, að siglt væri árlega á 25 hafnir,[4]) og hélzt það upp frá því, að siglt væri

1) Smbr. Einokunartilskip. 20. apr. 1602 (§ 5). Lovsaml. for Isl., I, 141--142.
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 176.
3) Lovsaml. for Isl. I, 256 og 266.
4) Lovsaml. for Isl. I, 278.

á 24 eða 25 hafnir, en þó bar það við, að hafnir voru lagðar niður um stundar sakir eða jafnvel árum saman, og þá stundum aðrar teknar upp í staðinn.[1]) Verður gerð nánari grein fyrir því við hverja höfn, að svo miklu leyti sem unt er.

Höfnum á Íslandi var að jafnaði skift niður í tvo flokka á dögum einokunarverzlunarinnar, *fiskihafnir* og *sláturhafnir*, eftir aðalafurðunum. Þóttu fiskihafnirnar að jafnaði miklu arðvænlegri en sláturhafnirnar, enda varð mikið kapp um þær í lok 17. aldarinnar og framan af 18. öldinni, og hækkaði þá leiga af þeim fram úr öllu hófi. Sumar hafnir framleiddu nokkurn veginn jöfnum höndum bæði sjávar- og sveita-afurðir (t. d. Eyrarbakki, Stykkishólmur, Akureyri), og valt á ýmsu um það, hvort þær voru taldar með fiskihöfnum eða sláturhöfnum. Urðu stundum nokkrar breytingar á þessu, svo að fiskihöfn var annað veifið gerð að sláturhöfn, og eins á hinn bóginn, og fór það nokkuð eftir atvikum og geðþótta kaupmanna eða stjórnarinnar. Tvær af höfnunum voru stundum taldar í sérstökum flokki, Húsavík og Reykjarfjörður, og var hin fyrnefnda oft og einatt kölluð *brennisteinshöfn*, jafnvel löngu eftir að hætt var brennisteinstekju nyrðra, en hin síðarnefnda *lýsishöfn*, því hákarlslýsi var um eitt skeið aðalvarningur Strandamanna.

Það mun snemma hafa viðgengist, að ákveðnar sveitir fylgdi hverri höfn eða ætti þangað verzlunarsókn, en þó hafa menn vafalaust verið nokkuð sjálfráðir um þetta þangað til umdæmaverzlunin hófst árið 1684. Upp frá því var tekið að skipa nákvæmlega umdæmum eða kaupsviðum (Distrikter) til hafnanna, sem fyr segir, og gengið mjög ríkt eftir, að eigi væri farið út yfir takmörkin.[2]) Þegar félagsverzlun hófst á ný árið 1733, var slakað talsvert á klónni með þetta, en kaupsviðin héldust þó eftir

1) Á seinni hluta 18. aldar var að jafnaði eigi siglt nema á 24 hafnir. Smbr. Allerunderd. Forestilling til Placat 18. Aug. 1786. (Bmf. Viðb. nr. 101. Bls 73).

2) Smbr. hér að framan bls. 131--132.

sem áður, og var því borið við, að svo þyrfti að vera til þess að unt væri að ætla sem nákvæmast á um aðflutninga á hverja höfn, og eins til að girða fyrir, að menn hlypi frá skuldum sínum af einni höfninni á aðra. Skal hér í stuttu máli gerð grein fyrir öllum þeim höfnum hér á landi, er siglt var á meðan einokunarverzlunin stóð, og fyrir kaupsviðunum, er til þeirra lágu, svo nákvæmlega sem unt er.

1. *Vestmannaeyjar.* — Vestmannaeyjar voru lengi vel sér í flokki og eigi leigðar saman með hinum höfnunum, heldur með öðrum og hærri leigumála, sem fyr segir, enda fylgdu þar með konungsbátar og önnur fríðendi, og Vestmannaeyja-kaupmaður var jafnframt umboðsmaður konungs þar í eyjunum. Bjó hann á Kornhóli, er áður hét Höfn, og þar stóðu verzlunarhúsin og »skanzinn«,[1]) er gerður hafði verið til varnar gegn ránsmönnum og sjóvíkingum, því eyjarnar höfðu hvað eftir annað verið rændar af Englendingum og síðast af Tyrkjum árið 1627, sem kunnugt er. Kaupsviðið tók lengi vel að eins yfir eyjarnar sjálfar, og enda þótt þar væri fremur fáment,[2]) þótti það samt all-arðvænlegt og höfnin trygg að sumarlagi smáum skipum, eins og þá tíðkuðust. Auk þess var fjöldi útróðrarmanna í eyjunum, einkum á vetrarvertíðinni, og sóttu menn þangað bæði úr Vestur-Skaftafellssyslu og austurhéruðunum í Rangárvallasýslu. Gerðu Vestmannaeyja-kaupmenn kröfu til þess, að þeir ræki þar alla verzlun sína og flytti eigi fisk eða lýsi til meginlandsins, jafnvel ekki til heimilisþarfa, og sömuleiðis vildu þeir banna eyjaskeggjum sjálfum öll mök og viðskifti við landsmenn, en sem betur fór fengu þeir því eigi ráðið. Þó munu útróðrarmenn jafnan hafa rekið mikla verzlun í eyjunum, og keypt þar að minsta kosti óspart munaðarvöru, svo sem tóbak og brennivín, því að kaupmenn höfðu jafnan

1) Jarðabók Árna Magn. og Páls Vid. I, 3. Kmh. 1913–17.

2) Árið 1703 voru 50 búendur í eyjunum og 339 menn heimilisfastir. Smbr. Beskrivelse af Island 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 33 fol. Bls. 118).

vetrarsetumann í eyjunum, þó að hvergi tíðkaðist annarstaðar. Þeir feðgar Hans Nansen eldri og yngri ráku þar verzlun á seinni hluta 17. aldar, og höfðu þá jafnframt Eyrarbakkahöfn á leigu. Voru þeir yfirleitt vel þokkaðir, enda leyfðu þeir eyjaskeggjum frjáls viðskifti á meginlandinu og útróðrarmönnum frjálsa verzlun í eyjunum, svo þar féll alt í ljúfa löð, og var þeim skilyrðum haldið, er Hans Nansen yngri leigði hafnirnar út frá sér aftur árið 1692 og 1695.[1]) Þótti löngum fengsælt þar í eyjunum, og sú var tíðin, að meira barst á land af aflaföngum, en kaupmenn gæti veitt viðtöku. Á seinni hluta 18. aldar bar það við oft og einatt, að vermenn í eyjunum urðu að fleygja lifrinni vegna ílátaskorts, og þótti sviplegt mjög, því af öllum sjávarafurðum var lýsið útgengilegast og arðvænlegast.[2]) Árið 1783 var sú breyting á gerð, að Vestur-Skaftafellssýsla og 5 austustu þinghárnar í Rangárvallasýslu (Eyjafjallasveitin, Fljótshlíðin, Hvolhreppurinn og Austur- og Vestur-Landeyjar) voru teknar undan Eyrarbakkakaupstað og lagðar til Vestmannaeyja, og var þá sett upp útibú og sláturstöð á Bakkahjáleigu í Austur-Landeyjum.[3]) Hefur það vafalaust verið hið mesta hagræði fyrir hlutaðeigandi sveitir, og líklega haldist úr því meðan einokunarverzlunin stóð.

2. *Eyrarbakki.* — Eyrarbakkakaupsvið var óefað víðáttumest og fjölmennast allra kaupsviða á Íslandi, því það tók að nafninu til yfir þrjár sýslur, Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu, eða austan frá Skeiðará og vestur fyrir Selvog, og áttu rúmir 1500 búendur og yfir 11,000 manns verzlunarsókn til Eyrarbakka árið 1703.[4]) Þó var jafnan nokkur ágreiningur um vesturSveitirnar, Ölfusið, Grafninginn og Selvoginn, sem fyr segir, og sóttu þær annað veifið til Grindavíkur eða

1) Smbr. Pjskjs. A 42 I.
2) Smbr. Bréf Þorsteins Magnússonar sýslum. til Landsnefnd. 1770. Skjöl Landsnefnd. Lit. H. Pjskjs. A 35 nr. 2.
3) Smbr. Rkbr. til Thodals stiftamtm. 25. marz 1783. Lovsaml. for Isl. IV, 691.
4) Skúli Magnússon: Beskr. af Isl. 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 120--121.

Hafnarfjarðar. Af héruðum þeim, er lágu undir Eyrarbakkahöfn, fengust bæði sjávar- og sveitaafurðir í ríkum mæli, og virðast sjávarafurðirnar hafa verið yfirgnæfandi á 17. öldinni, því útræði var þá mikið í Selvogi og Þorlákshöfn, á Bakkanum sjálfum og á Stokkseyri, í Landeyjunum, undir Eyjafjöllum, í Mýrdalnum og víðar, enda var þá Eyrarbakki talinn með fiskihöfnum og eigi tekið þar á móti sláturfé að jafnaði. En í lok 17. aldarinnar brást fiskur mjög um þessar slóðir og lagðist niður að miklu útræði í sumum verstöðunum, og var þá farið að taka slátur á Eyrarbakka.[1]) Fluttist þaðan um hríð meira af landbúnaðar- en sjávarafurðum, og árið 1706 fékk Árni Magnússon komið því til leiðar, að Eyrarbakkakaupmenn voru skyldaðir til að taka slátur, hvort sem vel fiskaðist eða illa.[2]) Var því skilyrði haldið lengi vel, enda jókst þá kjötframleiðsla á Eyrarbakka úr 200 tunnum árl. upp í 5—600 tunnur.[3]) Voru kaupmenn yfirleitt óánægðir með þá ráðstöfun, því þeir litu svo á, að hún drægi úr sjósókninni, en ýtti undir landbúnaðinn, og þótti þeim það ill umskifti. Fóru þeir þá fram á það við stjórnina veturinn 1730, að öllum bændum austanfjalls væri hér eftir gert að skyldu að reka fé sitt til Hafnarfjarðar, og töldu það engum erfiðleikum bundið, en fiskur og prjónles skyldi tekið á Eyrarbakka eins og að undanförnu. Varð stjórnin við þeim tilmælum og bauð að svo skyldi standa um næstu 3 ár.[4]) Gerðist þá illur kurr í bændum austanfjalls, sem von var, því auk þess sem munaði á leiðarlengdinni, þá bættist og talsverður kostnaður ofan á, því bændur urðu að greiða ferjutoll við Ölfusá, 2 fiska (4 skild.) undir hvern sauð fjögra vetra og fiskvirði (2 skild.) undir hverja sauðkind yngri. Rituðu sýslumenn í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu stiftamtmanni í tilefni af

1) Smbr. Svar kaupmanna við tillögum Gottrúps lögm. 29. nóv. 1701. Lbs. 91 fol.
2) Smbr. Oktroi 13. apr. 1706 (§ 11). Lovsaml. for Isl. I, 633.
3) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórn. til Rk. 28. apr. 1735. Þjskjs. A 42.
4) Smbr. Rkbr. til amtm. 29. apr. 1730. Þjskjs. A 114.

þessu 24. og 28. sept. 1730 og tjáðu fyrir honum vandkvæði sýslubúa.[1]) Varð það til þess, að stjórnin ritaði Eyrarbakkakaupmönnum og kvað þá illa hafa blekt sig er þeir héldu því fram, að almenningi stöfuðu engin óþægindi af þessari ráðstöfun, og var þeim hér eftir gert að skyldu að greiða ferjutollinn úr sínum vasa, því þetta væri alt í þeirra þágu.[2]) Þegar félagsverzlun hófst á ný árið 1733, var þessu kipt í lag aftur og sláturfé tekið á Eyrarbakka, en þá tók ekki betra við, því að kaupmenn þorðu eigi að láta skipin bíða lengur en til ágústmánaðarloka. Þótti bændum ilt að hefja fjallgöngur áður en heyönnum var lokið og féð komið í sæmileg hold, og héldu víst margir áfram að reka sláturfé til Hafnarfjarðar eða jafnvel stundum suður í Hólm (Reykjavík), einkum úr vesturhluta Árnessýslu, enda mátti þá einu gilda hvar verzlað var eftir að félagsverzlun var komin á. Báru kaupmenn það fyrir sig, að Eyrarbakkahöfn væri ótrygg mjög og færi síversnandi, enda var hún jafnan illræmd og skipskaðar tíðir, og urðu Eyrarbakkakaupmenn að greiða alt að því fjórðungi hærri skipaleigu en tíðkaðist á öðrum höfnum.[3]) Urðu kaupförin oft að halda sér við úti fyrir dögum saman, ef veður var óhagstætt, og sæta lagi til að komast inn á höfnina, en útsiglingin var þó talin enn þá hættulegri.[4]) Í bréfi einu til Hans Nansens eldra frá 29. júlí 1654 segir Brynjólfur biskup, að kaupfarið hafi þá verið að hringsóla úti fyrir frá því í júnímánaðarlok og til 18. júlí, að það loks treysti sér til að leggja inn á höfnina. Biðu margir óþreyjufullir niðri við sandinn, en urðu frá að hverfa og fara heim aftur, því að enginn entist til að bíða allan þann tíma meðan heyannir

1) Þjskjs. A 68 II, 6 og 8.

2) Rkbr. til Eyrarbakkakaupmanna 8. marz 1732. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá s. d. Þjskjs. A 114.

3) Smbr. Bréf Eyrarbakkakaupm. 10. des. 1708. Þjskjs. A 42 I.

4) Smbr. Bréf Magnúsar Arasonar til Rabens stiftamtm. 10. sept. 1721 (J. Sig. 374, 4to.) og bréf Sigurðar sýslum. Sigurðss. til stiftamtm. 29. ág. 1740. Þjskjs. A 70 II, 20.

stóðu sem hæst. Urðu því flestir að fara tvær ferðirnar það sumar, og svo mun oftar hafa verið. Segir biskup, að þetta kaupferðabrask hafi tafið marga vikum saman frá slættinum, og geri svo að jafnaði, því þegar skipið sé loks komið í höfn, þá sé ösin og troðningurinn og ákefðin svo mikil í fólkinu, að engin leið sé að fá sig afgreiddan fyr en seint og síðar meir, enda taki það langan tíma að vega og vinsa úr öllum þeim fiski, er að berist, og þjarka við bændur um gilding í honum.[1]) Þá var og sá anmarki á Eyrarbakkahöfn, að kaupstaðarhúsin voru í sífeldri hættu af sjávargangi, og varð að flytja þau hvað eftir annað. Á 17. öld stóðu þau í Einarshafnarlandi, en í kring um 1790 var krambúðin færð undan sjávargangi yfir á Skúmstaðaland, er Skálholtsstóll átti, og greiddi kaupmaður ábúanda 80 álnir í fiskatali fyrir usla og átroðning, en ekkert nágrannabýlunum, sem þó urðu árlega fyrir miklum skaða og átroðningi að því er segir í Jarðabók Árna Magnússonar. Reikningur Eyrarbakkaverzlunar frá 1731 ber það með sér, að kaupmaður hefur þá goldið 1 hdr. 24 fiska í búðatoll.[2]) — Eins og eðlilegt var þótti Skaftfellingum bæði langt og erfitt að sækja verzlun til Eyrarbakka, og var því hreyft oftar en einu sinni, hvort eigi væri tiltök að setja upp verzlun við Dyrhólaey eða Portland,[3]) en það mun hafa þótt frágangssök, og var að síðustu leyst úr vandræðunum með því að koma upp einhverri verzlunarnefnu á Bakkabjáleigu í Austur-Landeyjum og leggja þær sveitir til Vestmannaeyja.

3. *Grindavik*. — Höfn þessi var áður fyrri oft og einatt kölluð *Staðarsund, Staðarvik eða Staðarhöfn*, því skipalegan var þá rétt fyrir austan prestsetrið Stað við bæinn Húsatóptir[4]). Þótti höfnin löngum viðsjál, einkum í sunn-

1) Lbs. 1078, 4to. Bls. 58--62.

2) Lbs. 92 fol.

3) Smbr. Tollstjbr. 4. febr. 1780. Lovsaml. for Isl. IV, 517.

4) Smbr. Kgsbr. 3. maí 1650. (M. Ket. III, 25). Procesakter i en Sag mellem Bosands og Keblevigs Besejlere (Lbs. 322 fol. Bls. 98). Bréf Grindavikurkaupm. til stiftamtm. 2. nóv. 1708 (Þjskjs. A 42 I). Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. I, 40. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu eftir Skúla fóg. 1785. (J. Sig. 10 fol. Bls. 113).

anátt, og voru skipin fest við hlekki, er greyptir voru í klettana. Þegar á fyrstu árum einokunarverzlunarinnar mistu Grindavíkurkaupmenn skip sitt á höfninni, með fram vegna óvarkárni og óráðþægni skipstjórans,[1]) en það þurfti eigi til, því skipunum hlektist á hvað eftir annað, enda þótt gætt væri allrar varúðar. Kom þar að lokum, að verzlunarfélagið hætti siglingum þangað sakir slysfaranna og tók upp aftur Bátsandshöfn (1640), sem áður hafði lengi niðri legið.[2]) Líkaði Grindvíkingum það illa, sem von var, því bæði stafaði þeim óhægð mikil af þessu og svo aftraði það utanhéraðsmönnum frá að sækja þangað til sjóróðra vegna flutningsörðugleikanna. Var því hvað eftir annað farið fram á það, að höfnin væri tekin upp aftur, og fékst það loks árið 1664 eða þar um bil, mest fyrir tilstilli Bryniólfs biskups, því Skálholtsbiskupar höfðu lengi haft útveg mikinn í Grindavík.[3]) Var svo upp þaðan siglt á Grindavíkurhöfn þangað til Hörmangarar komu til sögunnar. Voru þeir eins og fyr segir hirðulausir mjög um skuldbindingar sínar og hættu alveg upp úr þurru að sigla á Grindavíkurhöfn árið 1745. Báru þeir því við, að höfnin væri að fyllast af sandi, svo að skipin kendi grunns

---

1) Smbr. Kgsbr. til hirðstjórans 20. marz 1607. Þjskjs. A 105 II.

2) Skarðsárann. við árið 1639 og 1640. Smbr. Kgsbr. 1. júní 1640 (M. Ket. II, 425—426).

3) Hinn 29. júní 1664 skrifaði Brynjólfur biskup Eiriki Munk kaupmanni þar að lútandi og komst m. a. svo að orði: »So mikið sem viðvíkur Grindavíkur uppsigling, að yðar frómheit um skrifar að í ráði sé að þar komi aftur skip og kaupstaður, þá er mér það fyrir mitt leyti kært og þægilegt, trúi eg flestir muni vilja þar strax í Grindavík afhenda sinn fisk, sem þeir láta falan til kaups, heldur en flytja hann í aðrar hafnir með ómaki, ef þar verður eins uppriktug höndlan og í öðrum kaupstöðum og höfnum, því þar sem fólkinu er bezt tilgjört, þangað vill það helzt fiskinn láta, sem yðar frómheit bezt forstendur. Eg fyrir mína persónu vil ogso það sem afhent verður af fiski og ekki þarf til hússins nauðsynja þangað heldur afhenda, heldur en með ómaki burtu flytja, so framt sem þar verða so góð kaup og höndlun, sem í öðrum kaupstöðum. Og með því móti er mér kært og æskilegt að sú höfn uppsiglist, vil og gjarnan í mínum umkomulitlum tillögum þar til stoða, að fiskiriið þar megi aukast, hvað og ske mun ef höfnin er uppsigld, því þangað munu þá fást fleiri útróðrarmenn og fiskibátarnir fleiri verða, því austanfólkið, sem þar rær, mun þá fleira þangað fást en ella, hverjir allir óska, að skip og kaupstefna komist í Grindavík«. (Lbs. 1084, 4to. Bls. 753—754).

er þau lægi við landfestar, og þyrði þeir því eigi að senda skip sín þangað.[1]) Voru skipin eftir það send til Bátsanda, en verzlun þó jafnframt að nafninu til rekin í Grindavík og sendur þangað undirkaupmaður til að gegna henni. Var Grindvíkingum sjálfum ætlað að flytja varninginn til og frá og heitið flutningskaupi, en þeir voru jafnan óánægðir með þessa ráðstöfun og fóru oft fram á það, meðal annars árið 1761, að sérstakt skip væri sent til Grindavíkur, en því var synjað.[2]) Voru sífeldar erjur með Grindvíkingum og kaupmönnum út af flutningsgjaldinu og vændu hvorir aðra hrekkjum og ósanngirni. Þannig rituðu Grindvíkingar amtmanni 15. júní 1760 og kærðu yfir því, að Bátsandakaupmaður vildi eigi greiða flutningskaup á öðru en þungavöru, er flutt væri sjóveg milli hafnanna, en ekkert undir hitt, er flutt væri landveg fram og aftur.[3]) Árið 1768 kærðu bændur enn yfir því, að kaupmaður drægi »af hverjum þeim formanni, sem á skipum hafa með góz millum kaupstaðanna Bátsanda og Grindavíkur farið, 5 fiska, [og] af hverjum háseta, sem þeim hefur fylgt, nokkrum 5 fiska, nokkrum 3, og þar að auki þann litla reisukost, sem þeim hingað til gefinn verið hefur, sem er ein brauðkaka til manns og til hvers skips yfir höfuð einn pottur brennivíns og einn kútur öls«. Fara þeir fram á, »að kaupmanni sé eftir lögum og rétti til haldið að svara hverjum einum því, sem hann hefur bæði nú í ár og hið fyrra sumar af þeim dregið, og Kompagníið hefur að vana tilskilið og eftirgefið, ef það sannprófast, að hann hafi það ranglega gert«.[4]) Að lokum varð Thodal stiftamtmaður að skerast í leikinn og skipa fyrir um ákveðið flutningsgjald á milli hafnanna. Úrskurðaði hann 19. júní 1784, að hver háseti skyldi fá 85 skild. og hver formaður 1 rd. 31. skild. í flutningskaup

1) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórn. til stiftamtm. 23. apr. 1746. Þjskjs. A 42.
2) Smbr. Rkbr. til Magnúsar amtm. Gíslas. 22. mai 1762. Þjskjs. A 119.
3) Þjskjs. A 79 II, 1.
4) Þjskjs. A 47 nr. 4. Kæran er dags. 9. júlí 1768.

aðra leiðina, en með 50% í viðbót, ef um flutning fram og aftur væri að ræða. Í skipaleigu skyldi kaupmaður greiða 2 rd. 63 skild. Var þetta fjórðungi hærra flutningskaup, en áður hafði tíðkast. Jafnframt voru bændur skyldaðir til að gegna þessum flutningum, hve nær sem kaupmaður vildi þá til kveðja, ef þeir ætti eigi því annríkara.[1]) Málinu var þó eigi lokið með þessu, heldur stóðu þræsur um það með bændum og kaupmönnum fram á síðustu daga einokunarverzlunarinnar.[2])

Kaupsvið það, er lá til Grindavíkurhafnar þegar hún var leigð út af fyrir sig á dögum umdæmaverzlunarinnar, var mjög lítið, og tók að eins yfir Járngerðarstaðaþinghá (Krýsuvík og Grindavík); voru þar 8 býli og 254 sálir árið 1703.[3]) En það bætti talsvert úr skák, að útræði var mikið í Grindavík um þær mundir og fjöldi vermanna, svo höfnin gaf meira af sér en vænta mátti af svo fámennu hverfi, og voru þó afurðirnar aldrei miklar.[4]) Auk þess ráku Selvogsmenn og Ölfusingar annað veifið nokkra verzlun til Grindavíkur, og eins Hafnamenn, ef því var að skifta, enda þótt þeir ætti að réttu lagi verzlunarsókn til Bátsanda. Annars voru þessar tvær hafnir oftast nær spyrtar saman á dögum umdæmaverzlunarinnar, og hefur það vafalaust komið sér bezt fyrir alla hlutaðeigendur.

---

1) Bréfab. stiftamtm. XVIII, 681.

2) Smbr. Bréf kaupm. til stiftamtm. 12. ág. 1786 (Þjskjs. A 79 II, 1) og úrskurð stiftamtm. 17. ág. 1786 (Bréfab. stiftamtm. XXI, 341—342).

3) Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu (J. Sig. 10 fol. Bls. 109 og 111). Smbr. Bréf Grindavikurkaupm. til stiftamtm. 2. nóv. 1708 (Þjskjs. A 42 I).

4) Árið 1691 voru útfluttar afurðir af Grindavikurhöfn (Staðarvik) sem hér segir:

	Rd.	*Mk.*	*Skill.*
24½ Læst Törfisk (grov Törfisk)	1225	»	»
5 Hundr. Stykker Titling	12	»	»
200 Stykker Klipfisk og Klipkuller	15	»	»
6 Tönder Tran	72	»	»
1 Tönde Oxeköd	6	»	»
½ Tönde salt Torsk	2	3	»
5 smaa Bylter med uldent Gods	100	»	»
Summa Rd.	1433	3	»

(Lbs. 322 fol. Bls. 98).

4. *Bátsandar.* — Þegar sigling var upp tekin á Bátsandahöfn árið 1640, er Grindavíkurhöfn lagðist niður, þá var það eigi að eins öryggis vegna, því hún þótti í raun-inni litlu betri en Grindavíkurhöfn, heldur sjálfsagt með-fram af hinu, að þar var annáluð veiðistöð. Höfnin liggur fyrir Stafneslandi, innan skerja nokkurra, og þótti fremur viðsjál, einkum í vestanveðrum. Voru skipatjón alltíð á Bátsöndum lengi fram eftir, þar til járnhlekkir miklir voru greyptir í skerin og í klettana í fjörunni og skipin »svín-bundin« sitt á hvað. Verzlunarhúsin stóðu á klettabarði niðri við sjóinn, skamt fyrir sunnan Stafnes, og var ægi-sandur alt í kring. Var þeim hætt í stórflóðum, og gekk sjórinn oft á land og inn í húsin fyr á öldum, án þess þó að verulegt tjón hlytist af. En snemma í janúarmán-uði 1799 gerði ofsaveður af útsuðri, og tók þá af öll verzlunar- og bæjarhús á Bátsöndum, svo þar stóð ekk-ert eftir, og flýði kaupmaður að Stafnesi með konu sína og börn. Sjást þar enn garðar og rústir af kaupstaðnum. Litlu innar á nesinu var hafnarkríli eitt, er kallað var *Þórshöfn*, og sigldu Hamborgarar þangað öðru hvoru á 16. öldinni, en einokunarkaupmenn ráku þar aldrei verzlun.[1])

Bátsandakaupsvið tók yfir Hafnirnar, Stafnesið og Mið-nesið, en um 3 yztu bæina á Miðnesinu (Kolbeinsstaði, Hafurbjörnsstaði og Kirkjuból) var um eitt skeið talsverð-ur ágreiningur með Bátsandakaupmanni og Keflavíkur-kaupmanni, því bæir þessir voru í Útskálasókn, en höfðu lengi rekið verzlun sitt á hvað til Bátsanda og Keflavíkur. Risu ærin málaferli út af þessu, sem lyktaði með hæsta-réttardómi árið 1693, en kaupmennirnir voru litlu nær, því úrskurðurinn féll á þá leið, að svo skyldi standa sem verið hefði að undanförnu.[2]) Bátsandakaupsvið var að

---

1) Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. I, 35. Lýsing Gullbr.- og Kjósars. 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 116—117). Árb. Esp. XI, 96. Þorv. Thorodds.: Ferðabók I, 161.

2) Thott 1297 fol. Eftirrit af málsskjölunum er í Lbs. 322 fol. Smbr. hér að framan bls. 135—136.

sönnu eigi fjölment, því árið 1703 voru þar eigi nema hátt á 4. hundrað manns, en útræði var jafnan mikið í Höfnunum og á Miðnesinu, og á Stafnesi hafði konungsútgerðin aðalbækistöð sína, enda var það talin bezta vetrarverstöðin á öllu landiuu. Þegar konungsbátarnir voru afteknir árið 1769, hnignaði mjög sjávarútvegi á Stafnesi og þar af leiðandi verzlun á Bátsöndum.[1]) Árið 1684 leigði Thomas Jensen Dobbelsteen Grindavíkur- og Bátsandahafnir fyrir 740 rd., en árið 1689 hækkaði hann boðið upp í 1150 rd., og bauð sömu leigu árið 1694, svo það lítur eigi út fyrir, að hann hafi skaðast mikið á útgerðinni, þó að hann væri jafnan að berja sér.[2])

5. *Keflavik.* — Um þennan verzlunarstað hafði jafnan verið kapp mikið á dögum Hamborgara, og stóðu verzlunarhús þeirra, að sögn, í hólmi nokkrum skamt frá landi, en seinna voru þau flutt á land upp.[3]) Höfnin sjálf þótti eigi trygg og varð að sæta góðu veðri til uppskipunar og útskipunar.[4]) Kaupsviðið var eigi glöggum takmörkum bundið, en alment var þó talið, að það næði frá

---

1) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 113—114, 117).

2) Dobbelsteen sótti 11. nóv. 1690 um eftirgjöf á leigunni og bar það fyrir sig, að hann hefði skaðast um 10,000 rd. á báðum höfnunum síðastl. 4 ár, en beiðni hans var synjað með konungsúrsk. 7. febr. 1691 og því haldið fram, að hann mundi eigi hafa hækkað boð sitt um 400 dali árið 1689, ef hann hefði þá skaðast svona mikið. Rk. Deliberations-Protok. nr. 17, fol. 136—138. (Rskjs.). Smbr. J. Sig. 117, 4to. (Regesta VIII, 17). Árið eftir (1691) voru þessar vörur fluttar út af Bátsandahöfn:

	Rd.	*Mk.*	*Skill.*
56 Læster Törfisk (Læsten kan veje 2 Skpd.)	2800	»	»
1 Læst 1 Hundr. 99 Stk. Titling (kan veje 2 Skpd.)	30	»	»
790 Stk. Klipfisk (vejer 4 Skpd.)	54	»	»
2 Læster 46 Stk. Klipkuller (vejer 2 Skpd.)	75	»	»
4½ Stk. smaa Kliprokker	2	3	»
1 Tönde Oxeköd	6	»	»
4 Tönder saltede Luder (Luber)	16	»	»
5 Tönder saltet Torsk	25	»	»
18 Tönder Tran	216	»	»
6 smaa Bylter med uldent Gods	225	»	»
Summa Rd.	3449	3	»

(Lbs. 322 fol. Bls. 97).

3) Smbr. Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. I, 32.

4) Lýsing Gullbr.- og Kjósars. 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 119).

Garðskagatanga að Vogastapa og tæki yfir Útskála- og Njarðvíkursóknir (Garðinn, Leiruna, Keflavíkina sjálfa og Njarðvíkurnar); var þar árið 1703 hátt á fimta hundrað manns.[1]) En Keflavíkurkaupmenn töldu sér jafnan annað veifið rétt til verzlunar í Vogunum og Brunnastaðahverfinu að Brunnastaðatanga, enda höfðu bændur þar um slóðir rekið verzlun sitt á hvað til Hafnarfjarðar og Keflavíkur meðan kaupsviðin voru eigi ströngum takmörkum bundin. Árið 1681 var tekið þingsvitni um þetta á Kálfatjörn og sannaðist þar, að bændur allir fyrir innan Vogastapa höfðu þá í næstliðin 40 ár rekið verzlun til Hafnarfjarðar, og staðfesti Henrik Bjelke höfuðsmaður það með úrskurði sínum 8. maí 1683.[2]) En Keflavíkurkaupmenn vefengdu þennan úrskurð og lék jafnan síðan nokkur vafi á um þessi hverfi. Keflavík þótti ein með beztu fiskihöfnum landsins, því útræði var mikið um allar þessar slóðir og örmull af vermönnum norðan úr landi, sem ráku þar mikla verzlun, þó að þeir væri eigi búsettir í umdæminu.[3]) Þeir voru saman um þessa höfn og tvær aðrar fyrir norðan (Skagaströnd og Reykjarfjörð) Jens Thomesen og

---

1) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 118 og 120).

2) Lbs. 322 fol. Bls. 87—88.

3) Til merkis um afrakstur hafnarinnar og til samanburðar við hinar suðurhafnirnar skal þess getið, að árið 1691 voru útfluttar afurðir Keflavíkurhafnar sem hér segir:

	Rd.	*Mk.*	*Skill.*
116 Læster Törfisk	5800	»	»
5 Læster törre Kuller	180	»	»
1½ Læst törre Titlinger	36	»	»
4 Læster Klipfisk	240	»	»
2 Læster Klipkuller	75	»	»
1 Hundr. Stk. Kliprokker	10	»	»
10 Tönder salte Torsk	50	»	»
12 Tönder salte Kuller	48	»	»
22 Tönder Tran	264	»	»
4 Tönder Oxeköd	24	»	»
1½ Tönde Smör	24	»	»
3000 Par Hoser	250	»	»
900 Alen Vadmel	112	»	»
3 Tönder Lax	24	»	»
Summa Rd.	7137	»	»

(Lbs. 322 fol. Bls. 98—99).

Ólafur Jónsson Klow, þegar hafnirnar voru fyrst boðnar upp árið 1684, og buðu þá í þær allar 840 rd., en þegar aftur kom til uppboðs árið 1689 var Jens Thomesen dauður; gekk þá ekkja hans í félag við Ólaf Klow um þessar 3 hafnir og buðu þau í sameiningu 1535 rd. í þær.

6. *Hafnarfjörður.* — Á 15. og 16. öldinni var Hafnarfjörður einhver helzti verzlunarstaðurinn á Íslandi, og eldu Englendingar og Þjóðverjar löngum grátt silfur um höfnina, því afraksturinn var mikill og skipalegan hin öruggasta bæði vetur og sumar. Stóðu verzlunarhúsin forðum daga sunnan megin fjarðarins á Hvaleyrargranda, en þegar fram í sótti var þeim eigi óhætt fyrir sjávargangi, og fengu þá einokunarkaupmenn hjáleiguna Akurgerði, er Garðakirkja átti, í skiftum fyrir aðra jörð og fluttu þangað kaupstaðinn.[1]) »Og nú (1709),« segir í Jarðabók Árna Magnússonar, »er þetta Akurgerði grasnytjalaus búð eður tómthús, sem Hafnarfjarðarkaupmenn hafa eignarráð yfir mann eftir mann. Í þessu tóma húsi búa tveir menn og gjalda enga húsaleigu, en eru skyldir til handarvika einna og annara, sem kaupmaðurinn á sumrum og eftirliggjarinn á vetrum kunna við að þurfa.« Kaupsviðið tók yfir Kálfatjarnar-, Garða- og Bessastaðasóknir að Arnarnesi, og voru þar árið 1703 980 manns.[2]) En auk þess sóttu Árnesingar o. fl. austanmenn óspart þangað, einkum þegar tregða var á sláturtöku austanfjalls, og var því höfnin talin jöfnum höndum fiskihöfn og sláturhöfn þegar dró fram á 18. öldina. Í eldri tíð höfðu bæði Englendingar og Þjóðverjar rekið verzlun á *Straumsvík* (Straumi) í Hraunum og á *Vatnsleysuvík*, en þær hafnir lögðust báðar niður á dögum einokunarkaupmanna.

---

1) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 136) Smbr. Jarðabók Árna Magn. yfir Gullbrs.

2) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 122, 124 og 127).

7. *Hólmurinn* (Reykjavík). — Höfnin var fyr á öldum fyrir vestan grandana (á Eiðsvík á Seltjarnarnesi) og verzlunarhúsin stóðu þá í hólma þeim eða hólmum, er síðar voru kallaðir Grandhólmar, og dró kaupstaðurinn nafn sitt af því. Á 17. öld stóðu verzlunarhúsin enn í hólma þessum, og hefur þá verið gengt út í hann um fjöruna eftir granda þeim, er enn sér merki til; er oftar en einu sinni getið um slysfarir á Hólmsgranda,[1]) enda mun þá hafa verið farið að dýpka meira og meira á honum, og hólmurinn að spillast af sjávargangi, er verzlunarhúsin stóðu í. Voru þau að lokum, sennilega snemma á 18. öld, flutt yfir í Örfirisey, og höfnin þá um leið inn fyrir eyjarnar eða inn á Reykjavík. Á seinni hluta 18. aldar (um 1780) voru húsin flutt á land smám saman, og fara menn úr því að kenna kaupstaðinn við *Reykjavík*.[2])

Hólmshöfn þótti með bezta móti fyr á öldum, enda var kaupsviðið ærið víðáttumikið og afrakstur nægur bæði af sjó og sveitum, þó að sjávarafurðirnar væri yfirgnæfandi.[3]) Kaupsviðið tók yfir sneið af Gullbringusýslu (Seltjarnarnesið), alla Kjósarsyslu og alla Borgarfjarðarsýslu sunnan Hvítár, og voru þar árið 1703 yfir 4000 manns. Langt þótti Borgfirðingum að sækja í Hólminn og létu það stundum á sér heyra, enda var og um eitt skeið (nál. 1660) siglt á *Hvalfjarðareyri* (Eyri í Kjós) og *Krossvík* á Akranesi,[4]) en það stóð víst eigi nema skamma stund. Þó mun öðru hvoru hafa verið siglt á Hvalfjarðareyri fram til 1680,

---

1) Smbr. Árb. Esp. VI, 7 og VIII, 79).

2) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 3 og 130—131). Kålund: Hist.-topogr. Beskriv. af Isl. I, 5—7. Smbr. Tollstjbr. 22. jan. 1780. (Lovsaml. for Isl. IV, 514).

3) Á 17. öld gekk fiskur inn á Hvalfjörð og stunduðu þá Kjósaringar sjóróðra til mikilla muna. Þá var og róið af Kjalarnesi og úr Mosfellssveitinni, en þessi útgerð lagðist niður að mestu þegar dró fram á 18. öld. Smbr. Bréf frá Niels Kjær sýslum. í Kjósars. til stiftamtm. 12. ág. og 22. sept. 1729. (Þjskjs. A 68 II, 23).

4) Smbr. Lbs. 1081, 4to. Bls. 72—73 og 381—382.

og galt kaupmaður eiganda jarðarinnar árlega 2 tunnur af mjöli í lóðartoll.[1])

8. *Búðir.* — Búðir voru um eitt skeið aðalkaupstaðurinn á Snæfellsnesi, enda sögðu Snæfellingar lengi síðan »heim« að Búðum, eins og Skagfirðingar heim að Hólum eftir að biskupsstóllinn var lagður niður. Á dögum einokunarkaupmanna hnignaði þó verzlun á Búðum og lagðist höfnin niður um líkt leyti og Grindavíkurhöfn, því í skjali einu frá 1660 eða þar um bil segir, að eigi hafi verið siglt á þessar tvær hafnir í samfeld 20 ár.[2]) Þegar aðalútgerðarmenn tóku við árið 1662 hófst aftur sigling á Búðir, en höfnin þótti fremur viðsjál. Brotnaði þar skip árið 1666 og var skipalega eftir það færð inn í ósinn.[3]) Lágu skipin óhult þegar inn var komið, en sá var gallinn á, að sæta þurfti stórstraumsflóði til að komast inn og út úr ósnum, og bar það við að skipin urðu að liggja þar vetrarlangt, ef þau sátu sig úr færi að komast út í tæka tíð.[4]) A fyrri hluta 18. aldar var að því er virðist mjög blómleg verzlun á Búðum, því árið 1724 komu 3 skip í Búðaós og fengu öll fullfermi af vörum. En þegar félagsverzlun hófst á ný hrakaði höfninni stórum, enda var þá hætt að taka slátur á Búðum, og á dögum konungsverzlunarinnar fyrri (1759—63) kom þar engin sigling. Almenna verzlunarfélagið tók þó höfnina upp aftur árið 1764, og mun oftast hafa verið siglt þangað úr því, en Búðastaður náði aldrei aftur hinu forna áliti sínu.[5])

---

1) Smbr. Bréf frá Niels Kjær sýslum. til stiftamtm. 30. ág. 1720 og 18. ág. 1721. (Þjskjs. A 68 II, 23 og A 88 nr. 1).

2) Smbr. Memoriall anlangende dett Jsslandsche Compagnies storre Misbrug Jmod Jndbyggerne aalig wed derris wdsende Fulmechtiger begaaes etc. D. Kanc. Blandede Akter B. (Islandsk Handel). Rskjs. Á skjalinu stendur *Badstad*, og getur það varla átt við annað en Búðir, sem þá voru oftast nefndar »Bodensted« eða »Budenstad« (ɔ: Búðastaður). Af Lbs. 37 fol. sést, að á hvoruga höfnina, Búðir eða Grindavík, var siglt árið 1655.

3) Smbr Fitjaannnál. (Lbs. 377, 4to).

4) Bréf Lafrentz amtm. til Rk. 16. sept. 1734. Brb. amtm. IV, 154—155. Smbr. Bréf Guðm. sýslum. Sig. til stiftamtm. 18. júli 1740. Þjskjs. A 70 II, 8.

5) Smbr. Breiðafjarðarann. við árin 1724, 1760 og 1764. Lbs. 379, 4to. (J. Sig. 39 fol.).

Búðakaupsvið tók yfir alla Mýra- og Hnappadalssýslu og talsverðan skika af Snæfellsnessýslu (Staðarsveitina), eða frá Hvítá í Borgarfirði og vestur að Búðahrauni. Voru þar árið 1703 453 fjölskyldur og rúmar 3000 manna. Af þeim stunduðu 2475 landbúnað, 166 ráku fiskveiðar að sumrinu til, en 370 ráku fiskiveiðar alt árið.[1]) Er auðsætt af þessu, að Búðahöfn hefur verið hvorttveggja í senn fiskihöfn og sláturhöfn, en landbúnaðarafurðirnar þó verið yfirgnæfandi, enda var hún á 17. öldinni talin með sláturhöfnum. Þó var útræði mikið bæði á Mýrum og í Staðarsveitinni. Þessu kaupsviði var líkt farið og hinu fyrra, að höfnin lá yzt á takmörkum þess og því allmiklum erfiðleikum bundið að sækja þangað fyrir bændur ofan til í Borgarfirðinum. Leituðu flestir þeirra til Stykkishólms annað veifið, enda var ekki nærri alt af tekið slátur á Búðum, og árið 1733 var því alveg hætt og höfnin upp frá því talin með fiskihöfnum. Hefur það sjálfsagt bæði komið til af því, að kaupmenn hafa oft og einatt fengið þar fullfermi af fiski og þá eigi kært sig um sláturfé, og svo ef til vill með fram af hinu, að höfnin þótti eigi nógu trygg til að bíða á fram eftir haustinu, ef hjá því varð komist; að minsta kosti var því borið við af kaupmönnum sjálfum. Borgfirðingar undu þessu illa, sem von var, og mæltust til þess hvað eftir annað, að siglt væri á *Straumfjarðarhöfn* á Mýrum, eins og gert hafði verið á dögum Hamborgara. Varð það úr, að höfnin var skoðuð árið 1666 og afráðið að stofna þar verzlun. Árið 1669 var í fyrsta skifti siglt þangað og reist verzlunarhús, en skipið braut við Noreg á heimleið um haustið. Árið eftir lá einnig skip í Straumfirði og fekk nægan farm af slátri, en það braut við Landeyjar um haustið. Kendu skipverjar Jóni sýslum. Vigfússyni (Bauka-Jóni), að hann hefði valdið því með göldrum sínum, því þeim hafði borið á milli um sumarið, og varð hann að synja fyrir

1) Beskriv. af Island 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 121—122.

með eiði.[1]) Enn var siglt á Straumfjarðarhöfn árið 1672 og keyptur fiskur, en hvorki naut né sauðir, og þóttust Borgfirðingar litlu bættari, enda lögðust af siglingar þangað upp frá því.[2]) Þegar hætt var með öllu að taka slátur á Búðum, risu Mýramenn og Borgfirðingar upp til handa og fóta og báðu þess einum munni, að tekin væri upp sigling á Straumfjarðarhöfn, því þeir ætti margra hluta vegna mjög örðugt með að sækja til Stykkishólms.[3]) Amtmaður mælti sterklega með þessu og kvað höfnina niður lagða eingöngu vegna þess, að hún hefði þótt draga of mjög verzlun frá Hólminum og Búðum.[4]) En kaupmenn slógu þá af laginu með því, að Straumfjarðarhöfn væri hættulegri en svo að dómi allra skynbærra manna, að þeir þyrði að eiga undir því að senda skip þangað.[5]) Á síðustu dögum konungsverzlunarinnar mun þó hafa verið í ráði að taka upp aftur siglingar á Straumfjarðarhöfn, því Rentuk. sendi 1785 landfestar og önnur legufæri til Hafnarfjarðar með þeim tilmælum, að þeim væri komið til Straumfjarðar við fyrstu hentugleika, en 4 árum síðar var enn eigi búið að koma þeim fyrir á sínum stað, svo að eigi hefur orðið neitt úr þessu.[6])

9. *Stapi.* — Stapahöfn þótti fremur viðsjál, nema rétt um hásumarið, og lágu þó skipin að jafnaði við 3 akkeri. Verzlunarhúsin stóðu í Arnarstapalandi, sem var konungsjörð, og mun kaupmönnum eigi hafa þótt vandleikið við ábúandann, enda varð hann fyrir miklum búsifjum af verzluninni. »Átroðningur er skaðlegur af fólki því, er kaupstefnu sækir hingað til Stapa«, segir í Jarðabók Árna

---

1) Árb. Esp. VII, 64.

2) Smbr. Hestsannál (J. Sig. 39 fol.) við ofangreind ár.

3) Smbr. Bréf Sigurðar sýslum. Högnasonar til stiftamtm. 21. sept. 1733. (Þjskjs. A 75 I, 2). Fylgir því umsókn allra helztu manna í Mýrasýslu dags. 25. sept. 1733.

4) Bréf amtm. til Rk. 16. sept. 1734. Brb. amtm. IV, 155—156.

5) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórn. til Rk. 28. apr. 1735. Bréfið fylgir Rkbr. til amtm. frá 14. maí 1735. Þjskjs. A 115.

6) Smbr. Bréf Ólafs amtm. Stefánss. til Rk. 15. ág. 1789. Brb. Vesturamtsins 1787—1803. Bls. 443—444. Þjskjs.

Magnússonar yfir Snæfellssýslu (1707), »og liggja búðirnar mitt í túninu til óbótameins ábúendum, hvað danskir í engu bæta, en hagar uppetast, tún treðst, en fólk mætir óbærilegu ónæði, er því kvikfé gagnlítið um sumur, en nær því bjargþrota að vetri sökum heyleysis«. Höfnin var fyr á öldum kölluð öðru nafni »Schneuelsort«,[1]) og þótti mjög arðvænleg. Árið 1706 varð mikið kapp um hana meðal einokunarkaupmanna og komst hún þá upp í 1370 rd.[2])

Kaupsviðið tók yfir Breiðuvíkina, Stapahverfið, Hellnahverfið, Einarslón, Dritvík, Beruvík og Öndverðarnesið, eða frá Búðahrauni að Skarðsvík. Um Öndverðarnesið var lengi þrefað af Rifs- og Stapakaupmönnum og slægðust báðir eftir því. Hafði raunar verið úrskurðað árið 1686, að nesið skyldi fylgja Stapahöfn, en bæði Rifshafnarkaupmenn og hlutaðeigandi búendur voru óánægðir með þann úrskurð, því aðstaðan var miklu betri að sækja til Rifshafnar en Stapahafnar, og könnuðust jafnvel Stapakaupmenn sjálfir við það.[3]) Þó mun hafa setið við þetta meðan umdæmaverzlunin stóð, enda mátti það eigi teljast löng eða erfið verzlunarsókn á móts við önnur héruð víða á landinu. Árið 1703 voru í Stapakaupsviði 155 fjölskyldur og yfir 800 manns. Var talið að 107 manns stunduðu landbúnað, en 697 fiskiveiðar alt árið,[4]) enda tók kaupsviðið yfir sumar af beztu veiðistöðunum á Snæfellsnesi með aragrúa af hjáleigu- og þurrabúðarmönnum, auk þess sem margir sóttu þangað til sjóróðra úr öðrum héruðum. Í byrjun 18. aldar voru 28 hjáleigur eða búðir bygðar á Stapa, sumar með grasnyt en sumar ekki, og í Dritvík voru þá 12 verbúðir og fjöldi inntökuskipa á vorvertíðinni (frá 30 upp í 60), og áskildi heimabóndinn sér 10

1) Smbr. Verzeichnis der Jsslandischen Hafen etc. frá aldamótunum 1600. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 8. (Rskjs.).

2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 638.

3) Lbs. 322 fol. Bls. 89—90. A. M. Embskr. Bls. 481. Smbr. Dóma- og Þingbók Snæfs. i tíð Magn. sýslum. Björnss. (1697—1706). Þjskjs.

4) Smbr. Beskriv. af Isl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 122.

álnir til »undirgiftar« fyrir hvert skip. »Liggur fólk af þeim við tjöld og undir seglum, en nýtur að eins vatns og tilkeyptrar þjónustu og soðningar hjá búðarfólki«.[1]) Á Laugarbrekkuþingi 1701 gáfu héraðsmenn svolátandi vottorð um, »ásigkomulag og hagi« Stapadistrikts: »Auglýsist að þetta Arnarstapans distrikt í sjálfu sér sé eigi sérlega stórt um sig með nokkrum fiskiríisplássum og um gefið með kring um liggjandi höfnum, . . . hverra hér áðurnefndra distrikta innbyggjarar hér í þessu Arnarstapans distrikti með sína báta róa margur hver um vortímann, nær fiskiríið hér eftir gamalli venju bezt fellur, hvern fisk þeir þá fá mestan part til sín heim færa, svo kaupmaðurinn hér á Arnarstapa af sumum lítið en sumum ekkert fær eður öðlast kann, þó sumir af þeim á fiskiríisplássum og sæmilegum jörðum í þeirra distriktum sjálfir búi«.[2]) Það var einmitt þetta, sem kaupmenn á Snæfellsnesi voru jafnan að rífast um sín á milli í lok 17. aldarinnar og framan af hinni 18., og hafði það lítið upp á sig þó að þeir reyndi að kyrsetja aflann hver í sínu umdæmi.[3]) Gekk á sífeldum rannsóknum og réttarhöldum þar að lútandi meðan umdæmaverzlunin stóð, eins og þingbækurnar sanna.

10. *Rif* og *Ólafsvík*. — Rifshöfn var á fyrri öldum ein hin mesta og bezta fiskihöfn á Íslandi, og gerðu Englendingar sig mjög heimakomna þar á seinni hluta 15. aldar, en Þjóðverjar á 16. öldinni. Eigi þótti skipalega góð í Rifi á dögum einokunarkaupmanna, og varð oft tjón að, enda lá höfnin undir skemdum af ánni Hólmkílu eða Hólmkelsá, sem hafði breytt um farveg og bar sand og aur fram á leguna, svo hún grynkaði óðum. Var nefndur dómur um þetta á Ingjaldshóli vorið 1686 og skotið til alþingis, hvort eigi mætti hleypa ánni aftur í hinn forna

1) Jarðabók Árna Magn. yfir Snæf. Smbr. Ferðabók Þorv. Thor. III, 48 og 59.
2) Smbr. Dóma- og Þingbók Snæfs. í tíð Magn. sýslum. Björnss. (1697—1706). Þjskjs.
3) Smbr. hér að framan bls. 144.

farveg eða nokkru vestar, en málinu var vikið til álita og úrgreiðslu landfógeta er hann færi þangað vestur.[1]) Árið eftir var leyft með konungsbréfi að flytja kaupstaðinn úr Rifi til *Ólafsvíkur* og stiftamtmanni boðið að láta útvísa kaupmanni lóð undir verzlunarhús.[2]) Var þá farið að leggja skipunum í Ólafsvík, þó að legan væri þar eigi góð og höfnin fyrir opnu hafi, en verzlunarhúsin stóðu enn í Rifi heilan mannsaldur eða lengur og var þangað sendur undirkaupmaður til hagræðis fyrir héraðsbúa, en vörurnar fluttar sjóveg á milli hafnanna þegar vel gaf.[3]) Af skoðunar- og virðingargerð á Rifshafnarhúsum frá 28. ág. 1719 er það ljóst, að þau hafa þá verið orðin mjög hrörleg og fúin, enda 50 ára gömul og illa við haldið upp á síðkastið.[4]) Þegar dregur fram undir miðja 18. öld, er Ólafsvík jafnan talin fyrir og alveg hætt að minnast á kaupstað í Rifi. Rétt hjá Ólafsvík og skamt fyrir innan Brimilsvelli er *Gamlavík* (Gammelwick). Þar ráku Englendingar og Þjóðverjar verzlun fyr á öldum, og er það í raun réttri sama höfnin og Ólafsvík.[5])

Kaupsviðið tók frá Skarðsvík yfir Neshreppana báða (ytri og innri) til Búlandshöfða, og var því fremur lítið um sig, eins og raunar allar kaupsveitir á utanverðu Snæfellsnesi, en útræði var mikið um þessar slóðir og fiskigengd öllum misserum, enda tiltölulega mjög fjölment á eigi stærra svæði. Árið 1703 voru þar 177 fjölskyldur, en 1022 sálir; er talið að 48 manns hafi lifað af landbúnaði,

---

1) Smbr. Alþb. 1686 nr. 9.

2) Smbr. M. Ket. III, 232 og Lovsaml. for Isl. I, 466—467.

3) Smbr. Stiftamtmannsbréf 10. maí 1710. Þjskjs. A 2 nr. 1. Um Ólafsvík segir svo í Jarðabók Á. M. (1711): »Það er sérdeilis einn bær með sínum hjáleigum og búðum, og fyrir þessarar jarðar landi er höfnin Ólafsvík, þar sem fyrir vel 20 árum er upptekin höfn fyrir þau dönsku kaupför, sem besigla þá aflögðu Rifshöfn, og hafa síðan Rifshöfn var svo hættuleg orðin sett hér á konungsjörðinni Ólafsvík sitt pakkhús til að leggja á land bæði þá dönsku vöru og hina íslenzku meðan hver fyrir sig yrði að bíða þess tækifæris, að hún mætti héðan á farmaskipum færð verða til Rifskaupstaðar, þar sem enn nú í dag er sú rétta krambúðin og kauphöndlunarplássið«.

4) Smbr. Þingbók Snæfs. 1714—1720. (Þjskjs.).

5) Smbr. Kæru Hamborgara 16. sept. 1528. Dipl. Isl. XI, 98.

en 974 af sjávarafla.[1]) Allar helztu jarðirnar í Neshreppunum, Gufuskálar, Hraunskarð, Ingjaldshóll, Brimilsvellir o. fl. voru brytjaðar niður í hjáleigur og búðaþorpin alstaðar við sjóinn, enda annálaðar verstöður við Brekkur og Hjallasand, á Hellisvöllum og Brimilsvöllum o. v. Kirkjur og stórbýli til og frá upp um sveitir áttu hér verbúðir og skipstöður, og sóttu menn víðs vegar að til sjóróðra, svo að kaupsviðið þótti eitt hið arðvænlegasta þegar vel lét í ári, þó að eigi væri stórt um sig, enda var kept mjög um það á dögum umdæmaverzlunarinnar. Árið 1706 bauð Peter Nikolai Winge 1195 rd. í Rifshöfn eina saman, og þótti mikið, en árið 1715 hækkaði hann þó boðið upp í 1600 rd., og mun sú leiga hafa verið hæst goldin af einni höfn á Íslandi, enda fór hann á höfuðið nokkru síðar.[2]) —

11. *Grundarfjörður* og *Kumbaravogur*. — Kaupsvið það, er fylgdi báðum þessum höfnum í sameiningu, var fremur lítið um sig og strjálbygt. Tók það að eins yfir Eyrarsveitina og litla sneið af Helgafellssveitinni (til Berserkjahrauns), enda gerði eigi betur en að farmur fengist í eitt skip af báðum höfnunum í meðalári. Þær voru því oftast leigðar saman, en þó var Kumbaravogur stundum lagður til Stykkishólms og var það í rauninni miklu eðlilegra, því annars áttu eigi nema örfáir bæir verzlunarsókn til Kumbaravogs og þeir voru allir í Helgafellssveitinni eins og Stykkishólmur.[3]) Kumbaravogur er í nesi fram af bænum í Bjarnarhöfn og var þar fyr á öldum rekin allmikil verzlun,[4]) en annað veifið lá kaupstaðurinn alveg niðri. Þannig er þess getið í annálum, að Kumbaravogur hafi verið lagður niður sumarið 1662 og kaupstaðurinn færður

---

1) Beskriv. af Isl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 122–123.
2) Smbr. hér að framan bls. 171.
3) Smbr. A. M. Embskr. Bls. 482.
4) Höfnin er þá stundum kölluð »Landoch« (ɔ: Landey). Smbr. Leyfisbr. 27. apr. 1593. (D. Kanc. Isl. & Færö. VI, 27. Rskjs.).

til Grundarfjarðar,[1]) en þó er hafnarinnar jafnan getið í sambandi við Grundarfjörð eða Stykkishólm fram á síðustu daga umdæmaverzlunarinnar. Eftir að félagsverzlun hófst á ný árið 1733 er hafnarinnar eigi getið, og má þá ætla, að verzlun hafi lagst þar niður eða verið þegar niður lögð, enda segir í Íslandslýsingu Skúla fógeta frá 1785, að »forðum daga« (fordums Tid) hafi verið siglt á Kumbaravog, og mundi eigi tekið svo til orða, ef eigi hefði þá verið nokkuð langt um liðið síðan. Var það Grundarþinghá ein með 27 bæjum, 117 fjölskyldum og 664 sálum, sem átti verzlunarsókn til Grundarfjarðar árið 1703.[2])

12. *Stykkishólmur.* — Fyr á öldum var engin verzlun í Stykkishólmi, heldur að eins í *Nesvogi.*[3]) Skerst hann inn í landið á milli Grunnasundsness og Þórsness, en Stykkishólmur er nyrzt á Grunnasundsnesi. Árið 1597 voru gefnir út vitnisburðir um það af mörgum mönnum á Snæfellsnesi, að það væri sín höfnin hvor, Nesvogur og Stykkishólmur, eins og öllum mætti kunnugt vera.[4]) Í hafnaskrám frá seinni hluta 16. aldar er þó Stykkishólms hvergi getið, heldur að eins talinn Nesvogur.[5]) Aftur á móti er í hafnatali frá aldamótunum 1600 getið um báðar hafnirnar, og hafa þær eigi verið leigðar saman, því leigufresturinn á annari höfninni (Sticknings Holm) var útrunninn 1601, en á hinni (Nesswag) 1602.[6]) Það er því auðsætt, að verzlun hefur eigi verið rekin í Stykkishólmi fyr en í lok 16. aldar, en þá hefur Nesvogur alveg lagst niður og Stykkishólmur komið í staðinn, og var svo jafnan upp frá því.

---

1) Sbr. Ballárannál. (J. Sig. 235, 4to). Grundarfjarðarkaupmenn greiddu prestinum á Setbergi eitt skippund af fiski eða þess igildi í búðatoll. (Smbr. Brb. Vesturamtsins 1787–1803. Bls. 426–427).

2) J. Sig. 33 fol. Bls. 123.

3) Þannig fær t. d. Kastian Back (Carsten Backen) frá Brimum 27. apr. 1593 leyfisbréf fyrir höfnunum »Nesswage vnd Landoch« um 3 ár. (D. Kanc. Isl. & Færö. VI, 27. Rskjs.).

4) D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 15. (Rskjs.).

5) Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. II, 377. Smbr. J. Sig. 373, 4to.

6) Smbr. Verzeichnis der Jsslandischen Hafen etc. (D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 nr. 8 (Rskjs.).

Kaupsvið það, er lá til Stykkishólms, var langvíðáttumest af öllum kaupsviðum þar vestra, því það tók frá Berserkjahrauni yfir mestan hluta Helgafellssveitar, Skógarströndina, Dalina alla, Fellsströndina, Skarðsströndina og Saurbæinn inn í Gilsfjarðarbotn. Auk þess fylgdi því lengi vel austurskikinn af Barðastrandasýslunni frá Gilsfjarðarbotni til Þorskafjarðar (Garpsdalssóknir og Reykjanesið) og allar Breiðafjarðareyjar.[1]) Árið 1703 áttu 413 fjölskyldur og 2375 manns verzlunarsókn til Stykkishólms.[2]) Af landbúnaðarafurðum, smjöri, slátri, prjónlesi og vaðmálum, fekst mikið bæði úr Dölunum og úr uppsveitunum í Borgarfirði, en sá var þó gallinn á, að slátur var ekki nærri alt af tekið í Stykkishólmi fremur en á Búðum, og áttu þá sveitabændurnir ilt aðstöðu, því þeim var afar örðugt að leita til annara sláturhafna, enda mun því lengi vel hafa verið svo fyrir komið, að slátur var tekið á annarri hvorri höfninni (Stykkishólmi eða Búðum) á víxl. Af eyjum og útverum á Breiðafirði fengust alls konar sjávarafurðir í ríkum mæli, fiskur, lýsi, kópaskinn og æðardúnn, þegar konungur þá eigi áskildi sér einkarétt á þeirri vörutegund, sem stundum bar við. Kaupmaðurinn í Stykkishólmi gerði venjulega út menn af sinni hálfu til að sitja fyrir aflaföngum þar í eyjunum, einn í Höskuldsey og annan í Flatey og Bjarnareyjum, þar sem útræði var mest, og tóku þeir fiskinn blautan af sjónum og söltuðu niður þar á staðnum. Þetta viðgekst að minsta kosti í lok 17. aldarinnar og eitthvað fram á þá 18.[3]) Var Stykkishólmur þá talinn með fiskihöfnum, því sjávarafurðirnar voru miklu meiri en landbúnaðarafurðirnar. En eftir stórubólu (1707) hnignaði mjög sjávarútvegi í Breiðafjarðareyjum, og barst þá meira að af landbúnaðarafurðum en sjávarafurðum, enda var upp frá

1) Smbr. A. M. Embskr. Bls. 482—483.
2) Lýsing Isl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 124.
3) Smbr. Bréf Orms sýslum. Daðasonar til stiftamtm. 8. sept. 1722. Þjsks. A 68 II, 17.

þessu farið að telja Stykkishólm með sláturhöfnum.[1]) Þótti kaupmönnum það illa farið og kendu því um síðar, að Breiðfirðingar væri hættir að nenna út á sjóinn.[2]) Hafði höfnin áður fyrri þótt hin arðvænlegasta, svo að árið 1706 fekst 1575 rd. boð í hana, en árið 1715 komst hún niður í 400 rd. og árið 1730 fekst ekkert boð í hana, svo kaupmenn urðu að taka hana að sér margir saman og guldu enga leigu af henni.[3]) Sýnir það bezt, hversu höfninni hafði hrakað við þessi umskifti. Hún rétti þó mikið við aftur, enda var hún eina sláturhöfnin vestra eftir að hætt var sláturtöku á Búðum (1733). Sóttu menn þangað eigi að eins úr nærsveitunum og úr Mýra- og Hnappadalssýlum, heldur jafnvel alla leið norðan af Ströndum.[4])

Fyr á öldum ráku Þjóðverjar mikla verzlun í *Flatey* á Breiðafirði, og sáust lengi tóttirnar af búðum þeirra upp af Grýluvogi svo nefndum; hét lendingin síðan Þýzkavör og mun heita svo enn í dag.[5]) Þegar einokunin hófst, lagðist niður verzlun í Flatey og undu bæði Flateyingar og Barðstrendingar því illa. Þótti þeim langt að sækja verzlun til Stykkishólms og fór því Torfi Jónsson sýslum. Barðstrendinga fram á það við stjórnina árið 1690, að siglt væri á Flateyjarhöfn sérstaklega, en stjórnin synjaði þeirri málaleitun af því að hún vildi eigi að svo stöddu gera neina röskun á kaupsviðunum.[6]) Nál. aldamótunum 1700 voru kaupmennirnir í Stykkishólmi og Patreksfirði að kljást um Flatey, en úrslitin urðu þau, að hún var eftir sem áður látin fylgja Stykkishólmi, enda hefði Flateyingum eigi verið hægra um vik að sækja verzlun til Patreksfjarðar eða Bíldudals.[7]) Að lokum fekst því framgengt við

---

1) Specification over Fiske- og Slagterhavne (1720—1721). Brb. stiftamtm. II, 330—331. Þjsks.
2) Bréf verzlunarfélagsstjórn. til stiftamtm. 11. apr. 1739. Þjsks. A 42.
3) Smbr. hér að framan bls. 172 og 175.
4) Smbr. Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 124.
5) Olavius: Oeconomisk Reise etc. Kh. 1780. Bls. 641.
6) Smbr. Kgsbr. 14. marz 1691. J. Sig. 117, 4to. (Regesta VIII, 17).
7) Smbr. Rkbr. til Müllers amtm. 3. apr. 1700. Þjsks. A 113.

stjórnina árið 1777, að verzlun var hafin að nýju í Flatey, og hafa menn þá vafalaust sótt þangað úr eyjunum og af Barðaströndinni, en kaupsviðið mun þó aldrei hafa verið skýrt afmarkað.[1])

13. *Patreksfjörður* og *Bíldudalur.* — Þessar tvær hafnir voru að öllum jafnaði leigðar saman og stundum látið nægja að gera út eitt skip á þær báðar, en þó var skift kaupsviðum til þeirra eða milli þeirra eftir því sem bezt þótti henta og lengi hafði tíðkast. Þannig sóttu bændur allir um fjarðasvæðið inn af Barðaströndinni milli Hagavaðals og Þorskafjarðar verzlun til *Bíldudals.* Þótti skemra að sækja yfir Lækjarheiði til Arnarfjarðar, þó að brött sé og slitrótt, en að fara inn eftir allri Barðaströndinni og yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. Fyr á öldum höfðu Þjóðverjar rekið verzlun í fjörðunum inn af Barðaströndinni, einkum í *Skálmarfirði* og þar í grend, og sáust þar lengi menjar af krambúðartótt þeirra, sem var 7 faðmar á lengd og 2 á breidd.[2]) Í lok 16. aldar tíðkuðust og vetrarsetur við *Kollabúðir* í Þorskafirði,[3]) en þetta lagðist alveg af með einokunarverzluninni. Hafa Breiðfirðingar um þær slóðir hlotið að sakna mjög þess hagræðis, sem það hafði í för með sér, því þeir áttu bæði langan og örðugan veg til Bíldudals. Auk þess sóttu þangað auðvitað allir bændur af Arnarfjarðarströnd hinni syðri, úr Arnarfjarðardölum og Suðurfjörðum svo nefndum, og fylgdi kaupsviðið þar sýslumörkum. Aftur á móti tók Patreksfjarðarkaupsvið frá Hagavaðli yfir Barðaströndina, Rauðasandinn, Keflavíkina, Norðurvíkur, Patreksfjörð og Tálknafjörð.[4]) Báðar þessar hafnir voru fiskihafnir, og sóttu árið 1703 1025 manns verzlun til Patreksfjarðar, en 1654 til

1) Tollstjbr. 9. apr. 1777. Lovsaml. for Isl. IV, 390—391. Smbr. Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 124.

2) Ferðabók Olaviusar. Bls. 644 og 646. Smbr. Kålund: Beskr. af Isl. I, 537.

3) Kanc. Brevb. 1593-1596. Bls. 576—577. Smbr. J. Sig. 111, 4to. (Regesta II, 151).

4) Smbr. Specification paa Bönder hörende til de forskiellige Handels-Districter 1733—1735. (Þjskjs. A 47 b).

Bíldudals.[1]) Heldur þóttust bændur í Bíldudal verða fyrir ónæði af verzluninni á Bíldudalseyri, og kvartaði bóndinn á Hóli yfir því árið 1737, að hagar spiltist mjög af átroðningi ferðamanna, en kaupmenn kvað hann svo ófyrirleitna, að þeir reisti hús á lóð sinni í fullu óleyfi og beitti hestum í land sitt án nokkurrar heimildar eða þóknunar. Spurðist hann fyrir um það hjá amtmanni, hve mikinn rétt konungur hefði heimilað kaupmönnum á Bíldudalseyri að jarðeigendum fornspurðum og að öllu óbættu. Amtmaður skipaði sýslumanni að rannsaka þetta mál og reyna að sætta hlutaðeigendur eða dæma á milli þeirra að lögum, og má ætla, að saman hafi gengið, því ekkert varð úr þessu frekar.[2]) —

14. *Dýrafjörður.* — Í Dýrafirðinum hefur lengi gengið sú sögn, að kaupstaðurinn hafi fyr á öldum verið á *Valseyri.* Er hún sem kunnugt er talsvert innar í firðinum en Þingeyri, og sést þar enn í dag votta fyrir búðatóttum, sem margir ætla þó að stafi frá þeim tíma, er þing var háð á Valseyri.[3]) En hvað sem því líður, þá er *Þingeyri* talin aðalhöfn á Dýrafirði á seinni hluta 16. aldar og Valseyrar alls eigi getið í hafnatölum frá þeim tíma, svo ætla má, að hún hafi þá verið lögð niður, ef til vill fyrir löngu.[4]) Kaupsviðið tók yfir Arnarfjarðarströnd hina nyrðri, Dýrafjörðinn allan og Önundarfjörðinn, og voru þar um aldamótin 1700 342 fjölskyldur og 2137 manns.[5]) Þegar vel aflaðist fengu kaupmenn fullfermi af sjávarafurðum úr Dýrafirðinum, en aftur á móti gekk heldur tregt að ferma skip þaðan, ef illa áraði, enda var höfnin oftast leigð í sambandi við Ísafjörð, og var þá stundum látið nægja eitt skip á báðar hafnirnar. —

---

1) Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 124—125.
2) Smbr. Brb. amtm. IV, 312—314. (Þjskjs.).
3) Ferðabók Olaviusar. Bls. 14—15. Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. I, 577 og II, 417. Smbr. Árbók Fornlfél. 1883 bls. 10—15 og 1884—85 bls. 7—20.
4) Smbr. Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. II, 377.
5) Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 125.

15. *Ísafjörður.* — Höfnin var í fyrri daga hin sama og nú og þótti ein hin bezta á Íslandi fyrir öryggis sakir. En kaupstaðurinn var þá allajafna nefndur *Skutulsfjarðareyri* og hafði lengi gengið undir því nafni. Kaupsviðið tók yfir Súgandafjörðinn, Ísafjarðardjúp og alla firði inn úr því, Jökulfirði og Hornstrandir til sýslumóta, og voru þar árið 1703 275 fjölskyldur og 1646 manns.[1]) Áður fyrri höfðu Þjóðverjar lengi rekið verzlun um þessar slóðir og það jafnvel talsvert innar í Djúpinu. Í *Álftafirði* sáust t. d. lengi menjar þeirra, enda var þar ágæt höfn fyrir innan Langeyri. Þar á eyrinni voru á seinni hluta 18. aldar tóttabrot af 10 húsum aflöngum og 4 kringlóttum með eldstæðum, sem alment var talið að notuð hefði verið til lifrarbræðslu. »Þýzka krambúðin«, er svo var kölluð, hafði verið stór um sig, en hinar allar talsvert minni. Þjóðverjar hafa að líkindum haft hér aðalbækistöð sína og búið vel um sig, ef svo skyldi fara að Englendingar veitti þeim heimsókn, því fyr á öldum var jafnan grunt á því góða með Þjóðverjum og Englendingum og börðust þeir oft um hafnir á Íslandi sem fyr segir. Vottaði lengi fyrir leifum af fornum virkisgarði, er Þjóðverjar höfðu hlaðið yfir þvera eyrina ofan til, svo að eigi væri að þeim ráðist þeim megin.[2]) Aftur á móti höfðu Englar og Írar aðalbækistöð sína í Jökulfjörðum og þótti hentugt að reka þaðan verzlun og fiskiveiðar. Sáust lengi menjar þeirra bæði í *Veiðileysufirði* og *Hrafnsfirði* þar sem kölluð var »Írabúð«, og var tóttin 12 faðmar á lengd og 3 á breidd og hólfuð sundur í tvent, eins og flestar af hinum meiri búðatóttum frá þeim öldum; hyggja menn, að aðalhúsið hafi verið notað til vörugeymslu og verzlunar, en hitt verið íbúð kaupmanna sjálfra.[3]) Eins og gefur að skilja hefur það eigi verið lítið hagræði fyrir bændur í Jökulfjörðum og þar í grendinni að þurfa eigi lengra að sækja, en þó einkum

1) Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 125–126.
2) Ferðabók Olaviusar. Bls. 23–24.
3) Ferðabók Olaviusar. Bls. 35–37.

fyrir Hornstrendinga, sem áttu afarörðugt með að sækja til Skutulsfjarðar, því leiðin er bæði löng og torsótt. Aftur á móti er skamt að sækja úr Hlöðuvík til Veiðileysu yfir Hlöðuvíkurskarð, og eins úr Furufirði til Hrafnsfjarðar yfir Skorarheiði, því þar er eigi nema tæp míla á milli fjarðanna. En allar þessar úthafnir lögðust niður á dögum einokunarkaupmanna, og hirtu þeir lítt um örðugleika manna, því eigi þurfti að óttast samkepnina. Ísafjarðarkaupsvið var gagnauðugt að alls konar sjávarafurðum, ef eigi hefði verið slíkir örðugleikar á flutningum og samgöngum þar sem eigi varð komist sjóveg alla leið til kaupstaðarins, því víða eru torsóttar leiðir á Vestfjörðum, en þó hvergi eins og hér. —

16. *Reykjarfjörður.* — Á Reykjarfirði þótti allgóð höfn að sumarlagi, ef eigi tálmuðu hafísar, en þó voru einokunarkaupmenn mjög tregir til að sigla þangað og skutu sér undan því oft og einatt. Þannig kom engin sigling á Reykjarfjörð á árunum 1713—1719, 1728—1731, 1743, 1746 og 1748—1749, og horfði því oft og einatt til stórvandræða í Strandasýslu, því allir sýslubúar (yfir 1000 manns) áttu verzlunarsókn þangað og veitti mjög örðugt að leita til annara hafna.[1]) Þetta siglingaleysi stafaði mest af því, að báðar hafnirnar við Húnaflóa (Skagaströnd og Reykjarfjörður) voru jafnan leigðar saman, og Reykjarfjörður skoðaður sem eins konar úthöfn frá Skagaströnd, er jafnan var látin mæta afgangi, ef skipin urðu naumt fyrir, sem oft bar við. Var eitt skip látið sigla á báðar hafnirnar, og einum kaupmanni falið að gegna verzlun á þeim báðum, svo Reykjarfjörður varð jafnan út undan, ef Höfðaskip kom í seinna lagi, og raunar hvort sem var, ef hákarlsafli var lítill á Ströndum, því kaupmaður þóttist fá nóg af landbúnaðarafurðum og prjónlesi á Skaga-

1) Bréf Orms sýslum. Daðasonar til stiftamtm 20. sept. 1720. (Þjskjs. A, 68 II, 17). Bréf stiftamtm. til Rk. 31. jan. 1730 og til kaupmanna 17. des. 1731 (Brb. stiftamtm. VIII, 63—64 og 240—241). Lovsaml. for Isl. III, 279. Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 33 fol. Bls. 126—127).

ströndd, þótt hann færi eigi að eltast við Strandamenn. Um hitt var eigi fengist, þótt bændur í Strandasýslu mændi vonaraugum eftir aðflutningum og sæti uppi með afurðir sínar án þess að geta komið þeim af sér, og enda þótt skipið væri látið koma við á Reykjarfirði, þá átti það að öllum jafnaði svo skamma dvöl, að fæstir sýslubúa höfðu not af því. Kaupmenn biðu að eins skamma hríð eftir fiski og hákarlslýsi, og ráku verzlun við þá, sem næstir bjuggu (í Árnes- og Kaldaðarnessóknum), en héldu svo aftur til Skagastrandar án þess að bíða eftir slátri og prjónlesi. Gengu sífeldar klaganir um þetta af hálfu Strandamanna, sem eigi var að furða. Ormur sýslum. Daðason segir í bréfum sínum til stiftamtm. 1720—1722, að enginn maður úr syðstu þinghánum í sýslunni (Broddanes- og Bæjarsóknum) hafi nokkru sinni séð framan í kaupmanninn á Reykjarfirði. Jafnvel úr sjálfum Steingrímsfirðinum áttu menn eigi meira en svo auðvelt með að ná til Reykjarfjarðar í tæka tíð, því þangað var að sækja yfir þriggja mílna langan fjallveg (Trékyllisheiði), og ef þeir mistu af skipinu, þá áttu þeir eigi annars úrkosta en að fara til Ísafjarðarkaupstaðar yfir Steingrímsfjarðarheiði, sem var bæði löng og torsótt. En úr suðurhluta sýslunnar (Bitru, Tungusveit og Hrútafirðinum) urðu menn þá að sækja til Stykkishólms eða Búðakaupstaðar, ef þeir vildu koma af sér slátri eða prjónlesi,[1]) og voru það í sannleika afarkostir, enda var Ormur sýslumaður lengi að klifa á því, að kaupstaðurinn væri færður sunnar í sýsluna og sérstakt skip látið ganga þangað og bíða fram eftir sumrinu, svo að allir sýslubúar gæti notið þess. En kaupmenn aftóku það með öllu, og inn á *Borðeyri*

1) Þegar konungur tók við árið 1759 var sú skipun á gerð, að bændur úr Trékyllisvik, Kaldaðarnes- og Staðarhreppum skyldi sækja til Ísafjarðar, en úr Bitru, Tungusveit og Hrútafirði til Stykkishólms, og var það eigi annað en menn áttu að venjast. (Brb. amtm. XI, 42). Nokkru seinna var þó að tilhlutun yfirvaldanna og stjórnarinnar farið að bæta Strandamönnum flutningsörðugleikana með því að greiða þeim 10% á lýsi og 2% á ullarvarning þegar eigi var siglt á Reykjarfjörð. Smbr. Rkbr. til amtm. 12. júní 1765. (Þjskjs. A 119).

höfðu engin verzlunarskip þorað langa lengi vegna íshættunnar, þó að verzlun hefði tíðkast þar á fyrri öldum.[1]) Annars höfðu bæði Þjóðverjar og Englendingar fyrrum daga, að sögn, haft bækistöð sína inni á víkum og vogum til og frá í Strandasýslu, og enn á dögum einokunarkaupmanna lágu hollenzkar duggur þar á vorin og ráku launverzlun við Strandamenn þegar færi gafst, og dregur sýslumaður enga dul á það og segir, að þar liggi við líf manna.[2]) Á Reykjarfirði höfðu áður fyrri verið greiddar 6 vættir í búðatoll, en þegar félagsverzlun hófst á ný árið 1733, færðu kaupmenn hann niður í $1^1/_2$ vætt eða 60 fiska og greiddu hann eigi nema siglt væri á Reykjarfjörð.[3])

17. *Skagaströnd.* — Aðalkaupstaðurinn við Húnaflóa var sem fyr segir á Skagaströnd, rétt fyrir innan Spákonufellshöfða, og var hann því jafnan í daglegu tali kallaður *Höfðakaupstaður* og skipið *Höfðaskip*, er þangað sigldi. Stóðu kaupstaðarhúsin í landi jarðarinnar Spákonufellshöfða og munu kaupmenn áður fyrri hafa greitt ábúendum leigu og lóðargjald, en þeir hættu því eftir að félagsverzlun hófst á ný árið 1733, og fékst engin leiðrétting á því seinna meir. Aftur á móti voru bóndanum á Hólum greiddir árlega 60 fiskar fyrir usla og átroðning.[4]) Höfnin við Spákonufellshöfða þótti mjög varhugaverð sakir ísa og illviðra, og lágu skipin jafnan við tvær festar, en hlektist þó oft á. Utar á Skagaströndinni í Kálfhamarsvík eða *Skógarmannavík* höfðu erlendar þjóðir rekið verzl-

1) Hinn 3. apr. 1661 var að sönnu gefið út vegabréf til siglinga á Skagaströnd, Reykjarfjörð og *Hrútafjörð*, og sömuleiðis er hann talinn með höfnum þeim, er aðalútgerðarmönnum var ætlað að sigla á 1662 (M. Ket. III, 80 og Lovsaml. for Isl. I, 256 og 278), en annað mál er það, hvort skipin hafi í raun og veru komið þangað. Árið 1740 lagði Einar sýslum. Magnússon það til, að lagðar væri niður siglingar á Skagaströnd og Reykjarfjörð, en settur aftur kaupstaður á Borðeyri og öllum Húnvetningum og Strandamönnum gert að skyldu að sækja þangað, en það fekk enga áheyrn. (Smbr. Bréf til stiftamtm. 9. sept. 1740. Þjskjs. A 70 II, 5).

2) Þjskjs. A 68 II, 17 og og A 88, 1. Smbr. Ferðabók Olaviusar. Bls. 149—50, 182—83, 187 og 191.

3) Smbr. Brb. stiftamtm. XIV, 628—30.

4) Smbr. Rkbr. til amtm. 2. júní 1763. Þjskjs. A 119.

un fyr á dögum, og sáust lengi búðarústir þeirra í nesi einu þar í grendinni, en lendingin var jafnan síðan kölluð »Varningsvogur«. Fyrrum daga hafði og verið siglt í ósana við Húnaflóa (Miðfjarðarós, Sigríðarstaðaós, Húnaós og Blönduós), að því er sagan segir, og þóttust menn sjá vott þess á sumum stöðunum.[1]) Hefur verið ólíkt skemra að sækja þangað fyrir allan þorra sýslubúa, en að þurfa að fara alla leið út á Skaga, eins og þeir urðu nú að gera, því alt Húnaþing átti verzlunarsókn til Höfðakaupstaðar. Voru þar um aldamótin 1700 422 fjölskyldur og rúm 2700 manna.[2]) Auk þess sóttu bændur af austanverðum Skaga og úr Laxárdal oft og einatt til Höfðakaupstaðar, þó að þeir ætti að réttu lagi að sækja verzlun í Hofsós, og stóðu sífeldar erjur með kaupmönnunum út af þessu. Þótti Hofsóskaupmönnum súrt í brotið að missa Skagabændur og fiskiföng þeirra, en gátu hins vegar ekki neitað því, að miklu skemra var að sækja þaðan til Höfðakaupstaðar. Tóku þeir því upp það ráð, að hafa þar umboðsmenn eða erindreka til að sitja fyrir aflanum, en þá risu Höfðakaupmenn upp til handa og fóta og þótti gengið á rétt sinn, og stóð í þessu stríði annað veifið meðan umdæmaverzlunin hélzt, en bændur um þessar slóðir voru eins og milli steins og sleggju.[3]) Um Skagaströnd og Reykjarfjörð var sjaldan mikil kepni, enda þóttu hafnirnar eigi arðvænlegar. Í lok 17. aldar fylgdu þær með Keflavík, og voru þá leigðar út aftur fyrir 300 rd. báðar.[4]) Árið 1706 voru boðnir í þær 145 rd., og var það minst hafnaleiga á Íslandi.[5])

---

1) Ferðabók Olaviusar. Bls. 235—241.
2) Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 127.
3) Smbr. Brb. stiftamtm. IV, 418—421.
4) Lbs. 322 fol. Bls. 99—100.
5) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 638. Árið 1691 fengust af báðum höfnunum:

	Rd.	*Mk.*	*Skill.*
186 Tönder Faareköd á 6 rd.	1116	»	»
18 Tönder Talg (vejer 252 Lpd. á 7 Mk.)	294	»	»
824 Bundt Faareskind á 3 Mk.	412	»	»
4 Tönder Tran á 12 rd.	48	»	»
6 Tönder salt Torsk á 5 rd.	30	»	»

18. *Hofsós.* — Meðan Þjóðverjar ráku verzlun í Skagafirði, komu þeir að jafnaði skipum sínum í *Kolbeinsárós*, og hélzt það nokkuð fram eftir 16. öldinni,[1]) og um aldamót 1600 er Kolbeinsárós enn talinn með höfnum á Íslandi,[2]) en Hofsós var þó um þær mundir orðinn aðalhöfnin og var ein um hituna úr því. Höfnin þótti fremur viðsjál og urðu skipin oft að varpa frá sér akkerum og skilja þau eftir er þau létu úr höfn, en skipatjón voru þó fremur fátíð. Kaupstaðurinn stóð við ósinn og í Hofslandi, eins og nafnið bendir til, og greiddu kaupmenn eiganda jarðarinnar búðatoll og það orðalaust að því er virðist þangað til konungsverzlunin hófst. Vildi kaupmaður þá skjóta sér undan því, en amtmaður úrskurðaði, að tollurinn skyldi greiðast refjalaust sem að undanförnu, því það væri eigi ætlun konungs eða stjórnarinnar, að gengið væri á rétt nokkurs manns, þó að konungur ætti nú hlut að máli.[3]) Tuttugu árum seinna þóttist Ólafur Stefánsson amtmaður, er þá átti Hof á Höfðaströnd, verða fyrir spjöllum af verzluninni, og úrskurðaði stjórnin, að honum skyldi greiddar árl. 5 spesíur fyrir usla og átroðning, og mun það hafa þótt hár búðatollur í þá daga.[4]) Kaupsviðið tók í orði kveðnu yfir alla Skagafjarðarsýslu, og voru þar um aldamótin 1700 481 fjölskylda og 3240 manns að meðtöldum Siglfirðingum, er þó áttu að réttu lagi verzlunarsókn til Akureyrar.[5]) Takmörkin voru sem sé aldrei glögg, því bændur á austanverðum Skaga ráku oft og einatt verzlun í Höfðakaupstað, sem fyr segir, en

---

	Rd.	*Mk.*	*Skill.*
16 Hundr. Törfisk (er 8 Skpd. á 10 rd.)	80	»	»
3000 Par Hoser á 8 Skill.	250	»	»
500 Al. Vadmel á 12 Skill.	62	3	»
(Lbs. 322 fol. Bls. 99). Summa Rd.	2292	3	»

1) Smbr. Bisk. II, 319.

2) Smbr. Verzeichnis der Jsslandischen Hafen etc. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2, nr. 8 (Rskjs.)

3) Bréf amtm. til Jóns sýslum. Snorrasonar 18. ág. 1761. Brb. amtm. XIII, 148. (Þjskjs.).

4) Smbr. Rkbr. til amtm. 2. apr. 1783. Lovsaml. for Isl. IV, 696.

5) Lýsing Isl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 127—128.

bændur úr Héðinsfirði og Siglufirði ráku aftur verzlun í Hofsós, og reis að vonum ágreiningur út af því milli kaupmannanna.[1]) Englendingar höfðu áður fyrri rekið verzlun á Siglufirði, og héldust þar lengi örnefni frá þeirra dögum,[2]) en á ofanverðri 17. öld og framan af hinni 18. voru hollenzkir duggarar tíðir gestir þar um slóðir og áttu að jafnaði mikil mök við landsmenn, svo Siglfirðingar og Skagamenn yfirleitt voru í rauninni betur settir með verzlunina en margir aðrir, þótt þeir væri í meira lagi afskektir, eða öllu heldur af því að þeir voru svo afskektir. Árið 1706 voru boðnir 400 dalir í Hofsóshöfn, og má af því marka, að hún hefur eigi verið í sérlega miklu áliti.[3])

19. *Akureyri.* — Eins og kunnugt er af fornritunum voru *Gásir* eða *Gáseyri* aðalkaupstaðurinn norðan lands fyr á öldum. Er hún skamt þar frá, er Hörgá rennur til sjávar, og vottar enn fyrir mörgum búðatóttum, er sýna það og sanna, að þar hefur hlotið að vera mikil verzlun.[4]) Þegar fram í sótti lagðist þó kaupstaðurinn niður, og á 16. öldinni er að eins getið um 3 hafnir í Eyjafirðinum, *Hjalteyri, Oddeyri* og *Akureyri.*[5]) Þegar einokunarverzlunin hófst var Akureyri (Akkeröenn) orðin aðalhöfnin og einokunarkaupmönnum gert að skyldu að sigla þangað, en eigi á hinar hafnirnar.[6]) Var þar skipalega hin bezta langt fram á haust og við engu hætt nema frostum. Tvær jarðir, Eyrarland og Naust, áttu land að höfninni, og stóð oft í þjarki með kaupmönnum og eigendum jarðanna út af tollgreiðslu. Árið 1691 kvartaði Magnús Björnsson undan því, að hann fengi eigi þann toll af Akureyrarkaupmönn-

---

1) Smbr. Vottorð þingsóknarmanna á Spjaldhagaþingi 25. ág. 1696 (Þingbók Eyjafjs. 1694—99, Þjskjs.) og bréf Lár. sýslum. Schev. til stiftamtm. 25. sept. 1721 (Þjskjs. A 88, 1).

2) Ferðabók Olaviusar. Bls. 349—50.

3) Lovsaml. for Isl. I, 638.

4) Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. II, 107—108. Smbr. Finnur Jónsson og Daniel Bruun: Det gamle Handelssted Gásar ved Öfjord. (Overs. over det kgl. danske Videnskr. Selsk. Forhandl. 1908).

5) Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. II, 377. Smbr. J. Sig. 373, 4to.

6) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 142.

um, »sem bevísanlega hefur til forna goldinn verið Eyrarlands eignarmönnum fyrir átroðning, beit og usla, sem hann um kaupstefnutímann árlega líði«, og var kveðinn upp dómur í málinu á Spjaldhaga hinn 3. sept. Árið eftir kom það til alþingis, en var vísað frá af því að eigi sást á dómnum, að kaupmanni hefði verið stefnt til andsvara, og var sýslumanni falið að rannsaka, hvað kaupmaður hefði fyrir sig að bera, er hann héldi þannig »hafnartollinum«, eins og hann er þar kallaður.[1]) Árið 1703 kom þetta mál enn fyrir rétt á Hrafnagili 8. sept., en var vísað frá af sömu ástæðum og úrskurðað, að eigandanum bæri að stefna kaupmanni til andsvara á löglegan hátt, en leita þó fyrst eftir með vinsemd, hvort kaupmaður vildi eigi góðfúslega greiða sannsýnilegan hafnar- eða búðatoll.[2]) Í Jarðabók Árna Magnússonar yfir Eyjafjarðarsýslu (1712) segir svo um Eyrarland: »Úthagarnir eru nægir, ef jörðin mætti njóta þeirra, en jörðin liggur undir skaðlegum átroðningi af héraðsmönnum, sem sækja Akureyrarkaupstað og halda hér hestum sínum og fé undir viku oft og tíðum, hvar af ábúandi líður hagabrest fyrir sitt kvikfé, og sakir þess átroðnings byggist jörðin svo lítt. Búðartollur vita menn ekki að hér gjaldist nú, er og sagt að dönsku húsin standi í Nausta landi, en ekki Eyrarlands landi, en samt vill búðarstæðið verða nálægt landamerkjum. Fyrrum segjast menn heyrt hafa, að kaupmenn hafi goldið nokkurn toll til Eyrarlands, en hvort það hefur verið fyrir átroðning eða búðarstöðu vita nálægir ekki svo glögt, og ekki heldur hvað mikil þessi útlát voru«. Og um jörðina Naust segir á sama stað: »Búðartollur gelzt hér sjaldan, en sagt er hann hafi áður goldist venjulega. Næstliðið ár galt kaupmaðurinn 90 fiska, og fyrir nokkrum árum aðra 90, en ekki oftar undir 20 ár, og hafði þá landsdrottinn 50 fiska, en ábúandi 40 . . .

---

1) Smbr. Alþb. 1692 nr. 7.
2) Þingbók Eyjafjs. 1699—1707. Þjskjs.

Húskofar eru nokkrir við kaupstaðinn, sem sláturfólkið liggur við, og hefur enginn tollur af þeim goldist svo menn viti«. Af reikningum Akureyrarverzlunar 1724 og 1727 sést þó, að greitt hefur verið árlega í *beitar-* og *búðartoll* 1 hdr. 60 f.[1]), og hefur það eflaust skifst þannig á milli landeigenda, að 90 fiskar hafa gengið til Nausta í búðatoll, eins og jarðabókin hermir að áður hafi stundum viðgengist, og aðrir 90 fiskar til Eyrarlands í beitartoll. Aftur á móti ber virðingargerð Akureyrarkaupstaðar frá 1774 það með sér, að kaupmenn höfðu þá lengi tregðast við að greiða búðatoll, en í þess stað heimilað sýslumanni, sem var eigandi jarðarinnar Nausta, afnot gömlu krambúðarinnar, sem þá var að falli komin, til erinda sinna og athafna þar í kaupstaðnum.[2])

Akureyri þótti langsamlega bezt af öllum sláturhöfnum norðan lands bæði fyrir öryggis sakir og eins vegna afurðanna, því fiskiafli var talsverður út með firðinum og eins í Grímsey þegar vel áraði. Árið 1706 var hún leigð fyrir 630 rd.[3]) Kaupsviðið tók í öndverðu yfir alla Eyjafjarðarsýslu, en takmörkin urðu nokkuð óviss þegar fram í sótti, því Hófsóskaupmenn gengu á það að vestan, sem fyr segir, en Akureyrarkaupmenn unnu það upp með því að leggja undir sig talsverða sneið af Húsavíkurkaupsviði. Mun það allajafnan hafa viðgengist, að bændur af Svalbarðsströndinni ræki verzlun á Akureyri, þrátt fyrir mótmæli Húsavíkurkaupmanna, enda áttu þeir miklu skemri sókn til Akureyrar en Húsavíkur. Þegar félagsverzlun hófst á ný árið 1733, var slakað mikið á kaupsviðafjötrunum, sem fyr segir, og fóru menn úr því að leita þangað sem bezt gegndi. Árið 1762 sótti presturinn á Hálsi í Fnjóskadal um leyfi til að reka verzlun á Akureyri í staðinn fyrir á Húsavík, og var það veitt.[4]) Tuttugu árum seinna (1781)

1) Smbr. Lbs. 92 fol.
2) Smbr. Sýsluskjöl Eyjafjs. Þjskjs.
3) Lovsaml. for Isl. I, 638.
4) Smbr. Brb. stiftamtm XIII fol. 32 og 321.

var allur Fnjóskadalurinn lagður til Akureyrar.[1]) Kaupsviðið tók yfir 11 þinghár, 9 í Eyjafjarðarsýslu og 2 í Þingeyjarsýslu, og voru þar árið 1703 samtals 3399 manns.[2]) --

20. *Húsavík.* — Húsavíkurhöfn hafði jafnan mjög ilt orð á sér og þótti ótrygg og háskaleg, enda hlektist skipum á hvað eftir annað á sjálfri höfninni. Urðu þau jafnan að liggja við þrjár festar meira og minna járnvarðar, og voru 44 vatnsheldar tunnur látnar halda þeim uppi, því annars var við því búið að þær söguðust í sundur á klettunum.[3]) Þetta var meira en lítill kostnaðarauki, því legufærin kostuðu yfir 170 rd., og skipaleiga var jafnan óvenjuhá á þessa höfn sakir áhættunnar.[4]) Bæði af þessum ástæðum og svo hinu, að ís tálmaði oft siglingum og afurðir voru af skornum skamti þegar illa áraði, þó að kaupsviðið væri fremur fjölment, var Húsavíkurhöfn í litlu áliti og fekst eigi nema 200 rd. boð í hana árið 1706.[5]) Kaupsviðið tók í öndverðu yfir alt Þingeyjarþing, en eigi leið á löngu áður af því sneiddist á báða bóga. Svalbarðsströndin og Fnjóskadalurinn lagðist til Akureyrar, sem fyr segir, en Svalbarðsþinghá í Þistilfirði og Sauðanesþinghá á Langanesi voru lagðar til Vopnafjarðar, svo að Húsavíkurkaupsvið tók í rauninni að eins yfir 8 þinghár sýslunnar, og voru þar um aldamótin 1700 2279 manns.[6]) Fyr á dögum og fram í lok 16. aldar tíðkuðust öðru hvoru siglingar á *Þórshöfn* á Langanesi, en þær lögðust alveg niður þegar einokunin hófst, og brá mönnum eigi lítið við það, því bændur úr austustu þinghánum áttu eigi auðvelt með að sækja til Vopnafjarðar, hvað þá heldur til Húsavíkur yfir annað eins vatnsfall og Jökulsá í Axarfirði. Árið 1721 fór Benedikt Þorsteinsson sýslumaður

1) Lovsaml. for Isl. IV, 573—574.
2) Lýsing Isl. eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 128.
3) Smbr. Ferðabók Olaviusar. Bls. 414.
4) Smbr. Lbs 322 fol. Bls. 145—146.
5) Lovsaml. for Isl. I, 638.
6) Lýsing Ísl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig 33. fol. Bls. 128—129.

Þingeyinga fram á það, að siglt væri á *Raufarhöfn* og lagðar til hennar 4 þinghár, Langanesið, Þistilfjörðurinn, Sléttan og Axarfjörðurinn. Hélt hann að nægar afurðir mundu fást þaðan í slátri, prjónlesi og sjávargagni til að ferma lítið skip, en kaupmenn aftóku það með öllu, enda ætlaðist hann til þess að siglt væri á Húsavíkurhöfn eftir sem áður.[1]) —

21. *Vopnafjörður.* — Vopnafjarðarhöfn þótti ærið viðsjál fyr á öldum. Lágu skipin milli lands og skerja fyrir landfestum, er bundnar voru um klettana beggja vegna, en eigi við akkeri, og hlektist þeim stundum á.[2]) Bæði þess vegna og hins, að kaupsviðið var eigi sérlega fjölment eða afurðarikt fremur en Húsavíkurkaupsvið, þótti Vopnafjörður ein með lakari höfnum á landinu og leigðist að eins fyrir 160 rd. árið 1706.[3]) Eins og kunnugt er var Múlaþingi stundum fyr á öldum skift í þrent og settir þrír sýslumenn til yfirsóknar. Kaupsvið voru einnig þrjú um þessar slóðir, en eigi fylgdu þau sýslumörkum fremur en víða annarstaðar. Vopnafjarðarkaupsvið tók að sönnu yfir allan nyrzta hlutann, eða með öðrum orðum yfir Skeggjastaðaþinghá (Langanesstrandir), Vopnafjörðinn sjálfan og dalina upp af honum, Jökuldalinn, Jökulsárhlíðina, Hróarstungu og Fellin.[4]) En Vopnafjarðarkaupmenn gerðu einnig tilkall til verzlunar í nyrztu hreppunum af miðsýslunni og stóð um hríð í allmiklu þrefi um það. Hinn 13. febr. 1691 var landfógeti og 3 menn aðrir kvaddir til gerðar um þetta mál, og lögðu þeir þann úrskurð á, að allar þær sveitir, er áður voru taldar, skyldi sókn eiga til Vopnafjarðar, og þar á ofan Fljótsdalurinn allur og einn bær í Eiðaþinghá.[5]) Þó voru talsverðar þræsur um þetta

---

1) Þjskjs. A 88, 1.

2) Smbr. Bréf frá Þorsteini sýslum. Sigurðssyni til stiftamtm. 25. ág. 1740. Þjskjs. A 70 II, 26.

3) Lovsaml. for Isl. I, 637.

4) Specification paa Bönder hörende til de forskiellige Handels Districter 1733—1735. (Þjskjs. A 47 b).

5) Lbs. 322 fol. Bls. 91—92.

eftir sem áður, og sóttu bændur í miðsýslunni lengi vel sitt á hvað til Vopnafjarðar eða Reyðarfjarðar, en að lokum mun sú venja hafa komist á, að Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót skifti kaupsviðum til hafnanna, og var það í rauninni eðlilegasta úrlausnin, því stórárnar voru hinn mesti farartálmi í þá daga.[1]) Auk þess áttu 2 þinghár af Norðurþingeyjarsýslu verzlunarsókn til Vopnafjarðar, sem fyr segir. Árið 1703 voru í kaupsviðinu 1411 manns.[2]) —

22. *Reyðarfjörður.* — Reyðarfjörður var á fyrri öldum talin ein af beztu sláturhöfnum landsins, enda leigðist hún á 1105 rd. árið 1706.[3]) Höfnin sjálf þótti þó eigi nema meðallagi góð, því hún var þá utarlega í firðinum og stóðu verzlunarhúsin í landi jarðarinnar Stóru-Breiðavíkur.[4]) Á *Eskifjörð* var eigi siglt fyr en í lok einokunartímabilsins, og var hann einn af þeim kaupstöðum, sem fengu kaupstaðarréttindi þegar losað var um verzlunarböndin. Gegnir það furðu, að Danir skyldi eigi fyr hefja siglingar á Eskifjörð, því bæði var höfnin góð og auk þess talsvert skemra að sækja þangað fyrir allan þorra bænda. Inst í Reyðarfirði var og góð höfn við *Kollaleiru*, og hafði þangað siglt verið fyr á öldum og verzlunarhúsin staðið á »Búðareyri« svo nefndri.[5]) Kaupsviðið tók yfir alla miðsýsluna, eða með öðrum orðum yfir Skriðdal og Völlu, Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá (Útmannasveitina), strandlengjuna alla og fjarðasvæðið að meðtöldum Fáskrúðsfirði suður að Gvöndarnesi, en nyrztu hrepparnir voru þó aldrei við eina fjölina feldir sem fyr segir.[6]) Töldust þar árið 1703 288 fjölskyldur og 2239 manns.[7]) Langt þótti bændum af Héraði og Útmannasveit að sækja verzlun

1) Smbr. Bréf Þorsteins sýslum. Sigurðssonar til stiftamtm. 7. okt. 1721. Þjskjs. A 88, 1.
2) Smbr. Lýsing Ísl. eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 117.
3) Lovsaml. for Isl. I, 638.
4) Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. II, 251.
5) Smbr. Bréf Jóns sýslum. Arnórssonar til Landsnefnd. 1770. Skjöl Landsnefnd. Lit. Ff nr. 2. (Þjskjs. A 35 nr. 8).
6) Þjskjs. A 47 b og A 88, 1.
7) Lýsing Ísl. eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 118.

hvort heldur var til Vopnafjarðar eða Reyðarfjarðar, enda fjallvegir og torfærur á báða bóga. Áður fyrri í tíð Hamborgara hafði lítil skúta gengið til Borgarfjarðar eystra einu sinni eða tvisvar á hverju sumri, og þótti Njarðvíkingum og öðrum þar um slóðir mikið hagræði að því, en af hálfu einokunarkaupmanna nutu þeir aldrei slíkra hlunninda.[1]) Eigi var trútt um, að erlendir duggarar héldi stundum til á vorin inni á Borgarfirði og Loðmundarfirði og víðar, því þeir voru nákunnugir öllum smugum þar eystra, eigi síður en fyrir norðan og vestan, og mun óspart hafa verið keypt við þá í laumi. —

23. *Berufjörður.* — Fyr á öldum var *Gautavík* í Berufirði ein af aðalhöfnunum eystra, og er hennar oft getið í annálum á 14. og 15. öldinni.[2]) Seinna ráku Þjóðverjar verzlun á Gautavík, en fluttu þaðan á seinni hluta 16. aldar suður yfir fjörðinn, fyrst á *Fúluvík* og síðan á *Djúpavog*, og þar höfðu einokunarkaupmenn bækistöð sína upp frá því.[3]) Þótti höfnin ein hin bezta og kaupsviðið sæmilega arðvænlegt, þótt eigi væri um miklar sjávarafurðir að ræða. Leigðist það á 660 rd. árið 1706.[4]) Kaupsviðið tók yfir allan syðsta hlutann af Múlaþingi og yfir 3 þinghár af Skaftafellsþingi (Lón, Hornafjörð og Öræfi), eða frá Gvöndarnesi vestur að Skeiðará.[5]) Árið 1703 voru þar 249 fjölskyldur og 1767 manns.[6]) Áður fyrri höfðu Þjóðverjar siglt á *Hornafjörð*, en það tókst af með einokunarverzluninni, og var Austur-Skaftfellingum mikill bagi að því. Fóru þeir fram á það oftar en einu sinni, að teknar væri upp siglingar að nýju í Hornafjarðarós, en því var enginn gaumur gefinn.[7]) —

---

1) Smbr. Alþb. 1633 nr. 3.
2) Smbr. Kålund: Hist.-topogr. Beskr. af Isl. II, 258.
3) Smbr. Skjöl Landsnefnd. Lit. Ff nr. 2. (Þjskjs. A 35 nr. 8).
4) Lovsaml. for Isl. I, 638.
5) Þjskjs. A 47 b og A 88, 1.
6) Lýsing Ísl. eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 118—120.
7) Smbr. Bréf Sigurðar sýslum. Stefánssonar til stiftamtm. 22. ág. 1740. (Þjskjs. A 70 II, 21).

II.

Verzlunarhúsin og verzlunarþjónarnir.

Þegar Englendingar sigldu hingað fyr á öldum, reistu þeir að jafnaði engin verzlunarhús við hafnir þær, er þeir ráku verzlun á, enda sigldu þeir hingað oftast í óleyfi og máttu þá og þegar búast við því, að þeim yrði vísað á brott. Þeir voru því eigi við eina fjölina feldir, heldur höfnuðu sig þar sem bezt gegndi og sitt árið á hvorum staðnum og ráku verzlun frá skipinu meðan farmur entist. Væri eitthvað óselt eftir af varningi, létu þeir eftir einn eða tvo menn af skipinu til að selja það um veturinn, og tóku þeir að jafnaði gisting hjá einhverjum fjáðum bónda, og fengu skemmu fyrir varning sinn.[1]) Slíkt hið sama hafði tíðkast fyr á öldum meðan norrænir farmenn ráku verzlun hér á landi, eins og ljóst er af fornritunum.[2]) En þegar Þjóðverjar komu til sögunnar, breyttist þessi verzlunaraðferð. Þeir munu einna fyrstir erlendra kaupmanna hafa tekið upp þann sið, að reisa verzlunarhús við hafnir þær, er þeir sigldu á, enda komst þá og sú venja á, að sömu mennirnir fengi leyfisbréf fyrir sömu höfnunum ár eftir ár. Af konungsbréfi einu frá 29. nóv. 1589 er það ljóst, að Hamborgarar hafa þá átt verzlunarhús í Hólminum, og að svo hafi víðar verið, má ráða af konungsbréfi til hirðstjórans frá 24. apr. 1608, er býður honum að láta rífa niður verzlunarhús Þjóðverja og nota timbrið til kirkna.[3]) Þessi hús þeirra hafa þó vafalaust verið fremur lítilfjörleg og óvönduð, því kaupmenn gátu þá aldrei verið öruggir um að halda höfnum sínum til langframa, svo það er í sjálfu sér ólíklegt, að þeir hafi farið að leggja mikið í kostnað.[4]) Af tóttabrotum þeim að

1) Smbr. Hugleiðingar um verzlunartillögur Skúla fógeta 1757 (ódags. og óundirr.). Þjskjs. A 42.

2) Smbr. Jón Jónsson: Gullöld Íslendinga. Rv. 1906. Bls. 273—274.

3) Kanc. Brevb. 1588—1592 bls. 299 og 1603—160 bls. 672. Smbr. M. Ket. II, 244.

4) Í skjali því frá 1757, er áður getur, talar höf. um »skemmu fyrir nokkur hundruð tunnur kjöts, eina eða fleiri, *mótlíka þýzku húsin voru til forna*«. (Þjskjs. A 42).

dæma, er fundist hafa hér á landi við sumar hafnir og talið er að stafi frá dögum þýzkra kaupmanna, hafa búðir þeirra verið hlaðnar af torfi og grjóti og hólfaðar sundur í tvent, aðalhús og afhús. Er það ætlun manna, að krambúðin hafi verið í aðalhúsinu, sem var oft og einatt býsna stórt um sig, en íbúð kaupmanna í afhúsinu, sem var að jafnaði miklu minna. Hefur það að líkindum verið þiljað innan og krambúðin ef til vill líka að einhverju leyti.

Elztu verzlunarhús Dana hér á landi hafa eflaust verið svipuð þessu að gerð, en hafa þó að líkindum oftast, ef eigi ávalt, verið úr timbri. Eftir að einokunin hófst gátu dönsku kaupmennirnir verið öruggir um framhald á verzluninni, svo það var eigi nema eðlilegt, að þeir fyndi ástæðu til að búa sæmilega um sig og leggja meira í kostnað, en áður hafði tíðkast, enda er og að jafnaði gert ráð fyrir því í verzlunarskilmálunum, að viðtakandi kaupi húsin eftir mati óvilhallra manna, ef breyting varð á útgerðinni.[1]) Þegar fram liðu stundir fjölgaði húsunum, einkum við aðalhafnirnar, en víðast gekk það samt mjög dræmt. Elzta húsaskoðunin, sem eg hefi rekist á, er frá 1719, og er það skoðunargerð á húsunum í Rifi og Ólafsvík. Verzlunarhúsið í Rifi var þá 50 ára gamalt (frá 1670 eða þar um bil) og allmjög úr sér gengið, enda lítt viðhaldið síðan aðalkaupstaðurinn fluttist þaðan, en Ólafsvíkurhús var 30 ára gamalt. Þessi tvö hús voru mjög svipuð að allri gerð og tilhögun og gefa sjálfsagt allgóða hugmynd um, hversu verzlunarhúsum Dana var yfirleitt háttað hér á landi á seinni hluta 17. aldar. Húsið í Rifi var 12 stafgólf á lengd, en 14 álna breitt, og hefur í öndverðu verið mjög traust að öllum viðum. Í húsinu var *kjallari*, *krambúð* með *palli*, *sœngurkamers* og *spisskamers*, eins og komist er að orði í skoðunargerðinni. Yfir kjallaranum var einföld súð, en

1) Smbr. t. d. Oktroi 13. apr. 1706 (§ 23) og Oktroi 3. apr. 1733 (§ 22). Lovsaml. for Isl. I, 636 og II, 157.

tvöföld yfir pallinum sunnanverðum, enda hefur þótt mestu varða, að kramvaran spiltist ekki. Þess er sérstaklega getið, að sængurkamersið hafi verið með þili alt um kring, og gefur það ástæðu til að ætla, að krambúðin sjálf hafi eigi verið þiljuð innan, nema pallurinn. *Loft* var í krambúðinni og yfir sængurkamersinu. Áfast við krambúðina var *kokkhúsið* með »skorstein að neðan múruðum og fjalir upp úr.« Þetta »kokkhús« var talsvert minna um sig en krambúðin, því það var eigi nema 8 álnir á breidd og hálf sjötta alin á lengd. Niðri við sjóinn var *salthús* 12 álna langt og 8 álna breitt, og sýnist að öllu leyti hafa verið betur til þess vandað en krambúðarinnar sjálfrar, því það var alþiljað og með tvöfaldri súð. Í þessu salthúsi var afþiljað *kamers* með sæng og borði, sjálfsagt handa undirkaupmanni eða öðrum lægri verzlunarþjónum. — Ólafsvíkurhús var 12 álna langt *bjálkahús* og tvöföld súð yfir öllu húsinu. Í því var einnig *krampallur*, *sængurkamers* og *kjallari*. Loft var í allri krambúðinni og skilrúm fyrir framan pallinn. Á pallinum sjálfum var *kramvörureal*, eða hyllur fyrir kramvöru, og eitt vænt borð til að skrifa við og leggja kram á. Kjallarinn mun aðallega hafa verið ætlaður til fiskgeymslu og þess háttar, en loftið til korngeymslu.[1]) Svona hefur að líkindum flestum verzlunarhúsum hér á landi verið háttað á 17. öldinni, og hafa viðskiftamennirnir sjálfsagt látið fyrir berast niðri í búðinni, en verzlunarþjónarnir hafst við uppi á krampallinum og miðlað þaðan góðgætinu án þess að hinir kæmi nálægt. Húsaviðinn munu kaupmenn oftast nær hafa flutt tiltegldan hingað til lands og hlaðið bjálkunum hverjum ofan á annan í veggina að norskum sið. Voru húsin traust mjög og entust lengi, ef þeim var vel viðhaldið og þess gætt, að tjarga þau að utan á hverju ári. Í lok einokunartímabilsins fór það og að tíðkast, að hafa múrbinding í húsunum, og hafa sum þeirra staðið fram á vora daga.

---

1) Þingbók Snæfellss. 1714—1720. Þjskjs.

Framan af einokunartímabilinu hefur sjálfsagt eigi verið nema eitt hús í hverjum kaupstað, krambúð með herbergi handa kaupmanninum sjálfum, eldhúsi, kjallara og lofti til vörugeymslu, eins og merki sáust til í Ólafsvík. En við aðalhafnirnar, og raunar víðast hvar, hafa þó smám saman risið fleiri hús, t. d. *fiskgeymsluhús* eða *fiskverkunarhús* við fiskihafnirnar og *sláturhús* við sláturhafnirnar, og að lokum sérstök *íbúðarhús* handa yfirkaupmönnunum. Þannig voru t. d. árið 1777 komin 3 hús í Ólafsvík og árið 1784 6 hús, sem öll heyrðu undir verzlunina.[1]) Um miðja 17. öld voru víst ekki nema 2 hús á Akureyri, aðalkaupstaðnum fyrir norðan land, *krambúð* og *sláturhús*, og mjög dræmt hefur þar húsum fjölgað, því krambúðin var tekin fyrir sláturhús þegar hún fór að eldast og hrörna og reist í staðinn nýtt krambúðarhús, og svo mun víðar hafa verið.[2]) Árið 1752 eru þar komin 4 smáhús í þyrpingu,[3]) en úr því tekur verzlunarhúsunum óðum að fjölga. Við húsaskoðun á Akureyri árið 1774 er talin *krambúð*, er reist hafði verið árið 1747, með sængurherbergi, eldhúsi, kjallara og pakkhúsi til ullargeymslu; enn fremur *sláturhús*, er reist hafði verið árið 1763, *mörbúð* með undirkaupmannsherbergi, verzlunarþjónaíbúð og beykisklefa, er reist hafði verið árið 1770, og *gamla krambúðin* frá byrjun 18. aldar, sem þá var mjög úr sér gengin og sýslumaður hafði fengið til afnota við erindagerðir sínar í kaupstaðnum, sem fyr segir. Tólf árum seinna (1787) er búið að reisa þar *íbúðarhús* 19 álna langt og 14 álna breitt með 4 herbergjum og eldhúsi niðri og 3 loftherbergjum, og auk þess *nýtt pakkhús* o. fl. útihús. Enn fremur er þá búið að reisa 20 álna langt *fiskverkunarhús* í Ólafsfirði og annað jafnstórt í Hrísey, og heyrðu

---

1) J. S. Plum: Reiseiagttagelser i Ingialshools og Froder Sogne. Kh. 1800. Bls. 82—83. Smbr. Ferðabók Þorv. Thor. III, 34.

2) Smbr. Kaupmannatal á Akureyri fremst í Jarðabók Eyjafjs. eftir Jón Jakobsson. (Þjskjs.).

3) Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. II, 278.

þau bæði undir Akureyrarverzlun.[1]) Hvergi hefur þó að líkindum verið meira um byggingar en á Eyrarbakka. Við skoðunargerð árið 1774 eru þar talin ein 10 hús stór og smá, sem öll heyrðu undir verzlunina. Er það fyrst og fremst *krambúðin*, bygð árið 1755, 18 álnir á lengd og 13 á breidd með hyllum undir kramvöru og hólfuðu búðarborði, eins og síðar tíðkaðist, og kaupmannsherbergi og kjallara í öðrum enda. Þar næst voru 2 *sláturhús*, 29 og 24 álnir á lengd, annað með snoturri undirkaupmannsíbúð, vinnumannaherbergi uppi á lofti og klefa niðri til smjörverkunar, en hitt með beykisverkstofu, eldhúsi og kjallara til að geyma í sláturafurðir. Þá var *mörbúðin* svo kölluð með heljarmiklum katli til mörbræðslu. Enn fremur ramgert *íbúðarhús* úr bjálkavið, 18 álna langt og 14 álna breitt með 6 herbergjum og eldhúsi, og *skemma*, sem notuð var til vetrarverzlunar og vetraríbúðar handa verzlunarþjónunum. Að lokum er talin *smiðja* og *fjós* handa 8 nautgripum, auk skúra og geymslukofa. Auk þess átti verzlunin *fiskverkunarhús* með íbúðarherbergjum í Þorlákshöfn og Selvogi.[2]) Þegar dregur fram á seinni hluta 18. aldar fara kaupmenn að leggja talsverða áherzlu á híbýlaprýði og þægindi. Herbergin eru þá flest máluð eða klædd með snotru veggfóðri, »bíleggjara«-ofnar í skrifstofum og dagstofum, bókunarofn í eldhúsinu og »bíslag« eða skýli fram af útidyrum. Auk þess eru oftast hlerar fyrir öllum gluggum, eins og tíðkast hefur á sumum gömlum kaupstaðarhúsum fram á vora daga, og blóm- og matjurtagarðar við húsin með skíðgarði umhverfis. Hafa dönsku kaupmennirnir gengið hér á undan með góðu eftirdæmi og vafalaust átt mikinn þátt í því, að Íslendingar fóru að temja sér híbýlaprýði og snotra umgengni á heimilum sínum. Þess má enn fremur geta, að Eyrarbakkakaupmaður hafði *dúfnabúr* á skammbitaloftinu

---

1) Smbr. Skoðunargerðir verzlunarhúsa á Akureyri 1774 og 1787. (Þjskjs.).
2) Skoðunargerð verzlunarhúsa á Eyrarbakka 1774. (Þjskjs.).

í íbúðarhúsi sínu, en Akureyrarkaupmaður hafði látið gera *sauðarétt* mikla hjá verzlunarhúsunum með 3 læstum hliðum og háreistu sæti handa sjálfum honum, svo að hann gæti svipast um í réttinni að vild sinni, án þess að vaða innan um féð eða koma of nálægt sauðsvörtum almúganum.

Það mun fremur sjaldan hafa viðgengist, að útgerðarmennirnir væri sjálfir í förum til Íslands, enda voru margir þeirra jafnframt riðnir við önnur verzlunar- og iðnaðarfyrirtæki, sem þeir þurftu að hafa eftirlit með. Þeir dvöldu því að staðaldri í Kaupmannahöfn og önnuðust innkaup á útlendum varningi og sölu íslenzkra afurða, en sendu aðra af sinni hálfu til að reka verzlun á höfnum þeim, er þeir höfðu á leigu. Á dögum umdæmaverzlunarinnar voru þó sumir af útgerðarmönnum sjálfir í förum, einkum þeir sem áður höfðu siglt hingað í annara þjónustu, en flestir þeirra munu þó hafa látið af siglingum með aldrinum og sent syni sína eða aðra í sinn stað til Íslands á sumrum.[1]) Hvorirtveggja, bæði útgerðarmennirnir sjálfir og hinir, sem í förum voru af þeirra hálfu, voru í daglegu tali kallaðir *íslenzkir kaupmenn*, en hinir síðarnefndu voru þó oft til aðgreiningar frá hinum kallaðir *farmenn* (»Farende Købmænd« eða að eins »De Farende«). Höfðu þeir flestir alist upp við starfið frá æskuárum og urðu því að lokum gagnkunnugir þessari verzlunargrein. Þótti það yfirleitt mjög eftirsóknarvert á fyrri öldum, að komast í íslenzka verzlunarþjónustu, því enda þótt starfið væri eigi hættulaust, þar sem kaupmenn og verzlunarþjónar urðu að vera í förum landa á milli vor og haust og mættu oft hrakningum og jafnvel stundum líftjóni, þá var hins vegar eftir miklu að slægjast, því flestir þeirra eða margir þeirra að minsta kosti urðu vel fjáðir með tímanum og nutu álits umfram aðra stéttarbræður sína. Þótti

1) Árið 1722—23 voru hafnaleigjendur eitthvað milli 20 og 30 og voru þeir 16 eða 18, sem eigi voru sjálfir í förum. Smbr. Brb. stiftamtm. V, 33—48 og 96—97. (Þjskjs.).

það því bæði arðvænlegt og þroskavænlegt að komast í íslenzka verzlunarþjónustu, enda lögðu menn talsvert kapp á að koma efnilegum unglingum á framfæri við íslenzka útgerðarmenn og tryggja þeim með skriflegum samningum atvinnu og frama í þjónustu þeirra. Þannig gerði Hafnarfjarðarleigjandi, Kristófer Jensen Lund, samning við 17 ára gamlan pilt í Kaupmannahöfn, Mikkel Pedersen, árið 1711, og er þar til skilið af kaupmannsins hálfu, að pilturinn þjóni honum sem *drengur* í 4 ár, frá páskum 1711 til páska 1715, og vinni alt sem honum beri með alúð og kostgæfni, en fái í staðinn fæði og klæði eftir þörfum. »Skyldi svo fara,« segir enn fremur, »að hann yrði sendur til Íslands, þá skal hann þar á ofan fá kaup og flutningsarð (Föring) eftir gömlum vanda, og á sínum tíma njóta frekari hlunninda, ef vel gengur. Að þessum 4 árum liðnum skal eg gera hann að *karli* og gefa honum »heiðursklæðnað« (Æresklædning)[1]) og annað, sem til hlýðir eftir fornum vanda, og skal hann í tvö árin fyrstu fá 50 rd. í laun árlega, auk fæðis og húsnæðis, en síðan skal eg bæta kjör hans og sjá honum borgið upp frá því, svo að hann megi vel við una.« Enn fremur skuldbatt kaupmaður sig til að greiða piltinum 100 rd., ef eigi stæði alt óbrigðult af sinni hálfu, en pilturinn fekk aftur á móti tvo valinkunna menn til að ganga í ábyrgð um góða hegðan af hans hálfu.[2])

Það er auðsætt, að orðið *drengur* táknar hér ungling eða námspilt, sem var að læra verzlunarstörf, og voru þeir oftast 2 eða fleiri í senn hjá hverjum kaupmanni. Laun þeirra á námsárunum hafa að sjálfsögðu oftast verið lítil, varla farið fram úr 8 rd. árlega á dögum umdæma-

1) Það mun hafa viðgengist hjá atvinnurekendum fyr á öldum, að húsbóndinn eða »meistarinn« gæfi námspiltinum sparifatnað (Æresklædning) þegar hann varð sveinn. Á 16. öldinni var kaupmönnum þeim, sem voru í förum til Íslands af konungs hálfu, heitið einum fatnaði (en gemen Hofklædning) árlega, auk annara hlunninda. Smbr. t. d. Kgsbr. 18. okt. 1577. (Kanc. Brevb. 1576—1579. Bls. 249).

2) Lbs. 91 fol.

verzlunarinnar, að því er ráða má af verzlunarreikningunum, enda hafa þeir flestir verið liðléttingar fyrsta kastið. Þegar námsskeiðinu var lokið, hækkuðu þeir í tigninni og urðu *karlar* eða verzlunarþjónar (Handelskarl), og svarar það skeið á þroskaferli þeirra til þess, sem kallað var »sveins«-skeiðið hjá iðnaðarmönnum. Þeir voru fyrst framan af oftast 2 við hverja verzlun, og mun annar þeirra að jafnaði hafa gegnt innanbúðarstörfum eða afgreiðslu, en hinn utanbúðarstörfum, tekið á móti íslenzku afurðunum og séð um vog mæli á þeim. Annars er líklegt, að þeir hafi skifst á um þessi störf og gegnt þeim sitt árið hvor á víxl til þess að kynnast öllum greinum verzlunarstarfsins. Laun þeirra á dögum umdæmaverzlunarinnar munu oftast hafa verið eitthvað um 20 rd. árlega fyrir utan hlunnindi, eftir reikningunum að dæma, en þó hefur það eflaust verið nokkuð misjafnt. Þegar svo bar undir, að tvö skip gengu á sömu höfnina, voru þessir lægri verzlunarþjónar stundum sendir á undan með fyrra skipinu til þess að opna búðirnar og viðra gamlar vörubirgðir, en þó sèrstaklega til þess að kaupa blautan fisk á vorvertíðinni og sjá um verkun á honum, og fengu þeir þá oftast ítarlegt erindisbréf, sem þeir áttu að fara eftir.[1]) Þetta voru trúnaðarstörf, sem reyndu talsvert á hagsýni þeirra, dugnað og samvizkusemi, og fóru kjör þeirra eftirleiðis mjög eftir því, hvernig þeir leystu þessi störf af hendi. Sumir þeirra reyndust ótrúir þjónar og stóðust eigi freistinguna að draga sjálfum sér fé, þegar ekkert var eftirlitið, eða fóru gálauslega að ráði sínu, og voru þeir þá óðara reknir úr vistinni. Aftur á móti hækkuðu þeir von bráðar í tigninni, ef þeir stóðu vel í stöðu sinni, og voru gerðir að *undirkaupmönnum*. Þegar svo var komið fengu þeir að ýmsu leyti sjálfstætt verksvið, því undirkaupmönnum var óefað falið að meta og skoða íslenzkar af-

1) Smbr. t. d. Erindisbréf þeirra Henrik Langemacks og Vilhelm Rosenmeyers i þjónustu Hafnarfjarðarkaupm. dags. 30. apr. 1707. (Lbs. 91 fol.).

urðir, sem lagðar voru inn í kaupstaðinn, og sjá um »gilding« á þeim, eða með öðrum orðum skera úr því, hvað af fiskinum, lýsinu, prjónlesinu o. s. frv. væri góð og gild vara eftir kaupsetningunni, og semja um verð á hinu, sem annaðhvort fullnægði ekki ítrustu kröfum eða var ekki nafngreint í kaupsetningunni og var því tekið eftir samkomulagi.[1]) Auk þess höfðu þeir alla umsýslu á hendi í fjarvist eða frátöfum yfirkaupmannsins og munu að jafnaði hafa haft hér vetrarsetu, þegar það tíðkaðist að hafa »eftirlegumenn«, og voru þá auðvitað alveg einráðir. Undirkaupmenn höfðu sérstaka íbúð í verzlunarhúsunum og munu að jafnaði hafa haft í kaup frá 33 rd. upp í 60 rd. á ári eða meira á 17. öldinni og framan af hinni 18.

Sem fyr segir voru fæstir af útgerðarmönnunum sjálfir í förum til Íslands. Sendu flestir þeirra í sinn stað yfirkaupmenn til umsjónar á höfnunum og höfðu þeir allan veg og vanda af verzlunarrekstrinum hér á landi. Eins og gefur að skilja var þetta ærið ábyrgðarmikið starf, þar sem yfirkaupmaðurinn hafði eigi að eins reikningsfærsluna á hendi og var falið að stýra og stjórna öllu sem haganlegast hér á landi, heldur var jafnvel einnig á stundum trúað fyrir að annast innkaup á útlendum varningi og sölu íslenzkra afurða erlendis af hálfu útgerðarmannsins,[2]) auk þess sem hann átti að líta eftir verzlunarþjónunum og skipshöfninni. Það komust því að jafnaði eigi aðrir í þá stöðu en ráðnir menn og rosknir, sem voru þrautreyndir í þjónustunni árum saman, eða svo var það að minsta kosti meðan umdæmaverzlunin stóð. Áður fyrri á dögum elzta íslenzka verzlunarfélagsins hafði eigi þótt trútt um, að mægðir og vinfengi réði stundum nokkru

---

1) Smbr. Bréf Brynjólfs bisk. Sveinssonar til Jóhanns Kochs undirkaupm. á Eyrarbakka 19. júlí 1669. Bréfabók Brynjólfs bisk. Lbs. 1088, 4to. Bls. 67—68.

2) Bæði erindisbréf og verzlunarreikningar frá fyrri hluta 18. aldar bera það með sér, að slíkt hefur viðgengist á dögum umdæmaverzlunarinnar. Smbr. Lbs. 91 fol.

hjá félagsstjórninni um skipun yfirirkaupmanna og annara verzlunarþjóna, enda þótt heitið væri því gagnstæða í samþyktum félagsins, og eins þótti það við brenna á dögum Hörmangarafélagsins, en það þótti þó jafnan illa gefast, enda var þeirri reglu oftast fylgt, að láta verzlunarþjónana hækka smám saman í tigninni og mjakast áfram þrep af þrepi með löngum tíma og dyggri þjónustu. Til dæmis skal þess getið, að *Peter Klaumand* kom út hingað sem drengur við Hafnarfjarðarverzlun árið 1707. Árið 1712 er hann orðinn verzlunarþjónn, árið 1718 undirkaupmaður og um eða laust eftir 1720 mun hann hafa orðið yfirkaupmaður. Yfirkaupmennirnir töldu sér auðvitað skylt að gæta hagsmuna húsbænda sinna í öllum greinum, afstýra launverzlun og viðskiftum við nágrannahafnirnar með auglýsingum og áskorunum á manntalsþingum, halda fram rétti þeirra fyrir dómstólunum, ef þörf gerðist, en reyna hins vegar af fremsta megni að klófesta sem mestan arðinn úr annara höndum, þegar færi gafst, og þótti eigi trútt um að sumir beitti þar helzti mikilli frekju á dögum umdæmaverzlunarinnar, enda var þeim á stundum gefið óspart undir fótinn með það í erindisbréfunum. Að öllum jafnaði munu laun yfirkaupmanna framan af 18. öldinni hafa verið frá 60 rd. upp í 90 rd. árlega, en annars voru laun þeirra og verzlunarþjónanna yfirleitt nokkuð misjöfn og hafa að líkindum farið nokkuð eftir dugnaði þeirra, og ef til vill með fram eftir árferði og hagnaði útgerðarmannsins, auk þess sem önnur hlunnindi komu þá oft og einatt upp í nokkurn hluta kaupsins, eins og síðar mun getið.

Af öðrum föstum mönnum í þjónustu íslenzkra útgerðarmanna um þessar mundir má telja *beykira* eða koppara, sem nutu oft eða oftast hærri launa en sjálfir verzlunarmennirnir, og enn fremur *matreiðslusveina*, sem einnig virðast hafa haft betri kjör en almennir verzlunarþjónar. Auk þess eru stundum fleiri útlendir menn taldir með nafni í röð verzlunarþjónanna, án þess að unt sé að sjá,

hvað þeim hefur sérstaklega verið ætlað að gera, og hafa þeir líklega verið *utanbúðarmenn* eða umsjónarmenn við fiskverkun, sláturstörf og þess háttar eftir launakjörunum að dæma. En til óvaldra starfa eða stritvinnu voru ráðnir íslenzkir menn, og voru oftast 2 eða 3 slíkir »púlsmenn« við hverja verzlun sumarlangt og höfðu að jafnaði 30 fiska hver um vikuna auk fæðis. Enn fremur var á hverri höfn ráðin stúlka til ræstinga og aðstoðar við matreiðsluna og fékk hún að jafnaði 15 fiska í kaup um vikuna auk fæðis. Þá var einnig ráðinn fjöldi fólks til sláturstarfa á kjöthöfnunum, jafnvel alt að 100 manns á sumum höfnunum, og fékk það ekkert kaup, en hirti sjálft sviðin og innmatinn.[1]) Enn voru ráðnar sérstakar konur til þess að bræða mörinn og hnoða og verka smjörið á sláturhöfnunum, og menn til sendiferða og flutninga hafna á milli þegar á þurfti að halda, og var það algeng venja, að greiða manninum fjórðung í fiskareikningi fyrir hverja viku sjávar þegar um sjóferð var að ræða.

Þegar einokunin stóð sem hæst var það eigi lítill fjöldi manna, sem hafði atvinnu af íslenzku verzluninni eða gegndi verzlunarstörfum á Íslandi. Um tölu íslenzkra verzlunarþjóna á 17. öldinni verður ekkert sagt með vissu, en þó má að líkindum gera ráð fyrir því, að fólkshald hafi þá verið mun minna, en seinna tíðkaðist, enda var þá og að jafnaði siglt á færri hafnir og færri skip í förum. Á dögum umdæmaverzlunarinnar hefur fólki verið fjölgað víðast hvar á höfnunum, og á árunum 1720—1722 mun tala kaupmanna og verzlunarþjóna hafa verið eitthvað á milli 160 og 170.[2]) Kostnaður við fólkshald á Íslandi er þá áætlaður 30—31,500 rd.[3]) Upp frá því var tala verzlunarþjónanna sífeldum breytingum undirorpin, og var

---

1) Smbr. Kæru Stokkseyrarbænda 1767. Þjskjs. A 79 II, 1.

2) Smbr. Bréf stiftamtm. til konungs 5. nóv. 1720 (Brb. stiftamtm. I, 409—417) og Bréf Vestmannaeyjakaupm. til stiftamtm. 28. jan. 1723 (Brb. stiftamtm. V, 69—77).

3) Smbr. Brb. stiftamtm. II, 142—144.

annað veifið reynt að fækka þeim til muna af sparnaðarástæðum, en það leið sjaldan á löngu áður þeim væri fjölgað á ný. Á dögum Hörmangara voru þeir með langflesta móti, yfir 200 manns. Þegar konungur tók við árið 1759 stakk mjög í stúf, því þá var þeim fækkað niður í 40, enda var þá heldur eigi rekin verzlun nema á örfáum höfnum.[1]) Þetta vakti sem fyr segir hina megnustu óánægju á Íslandi, og var því verzlunarþjónunum fjölgað á ný árið eftir, svo að þeir urðu samtals 144.[2]) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins voru þeir 150,[3]) og mun það hafa haldist nokkurn veginn óbreytt úr því. Allur þessi hópur laut undir eina yfirstjórn, þegar um félagsverzlun eða konungsverzlun var að ræða, og var þá öllum verzlunarþjónunum í sameiningu og hverjum einstökum manni markaður bás með nákvæmum erindisbréfum og fyrirskipunum, þó að yfirkaupmönnunum væri að sönnu falin aðalumsjón á hverju skipi og á hverri höfn á Íslandi. Á dögum elzta íslenzka verzlunarfélagsins reyndist félagsstjórninni mjög örðugt að hafa hemil á þessum undirtyllum sínum, og fekk hún því konung sjálfan til þess að gefa út allítarlega reglugerð þar að lútandi 8. maí 1646. Er það eins konar erindisbréf handa öllum þjónum verzlunarfélagsins, þar sem nákvæmlega er skipað fyrir um störf þeirra, hegðan og háttalag bæði í hafi og á höfnum á Íslandi. Á leiðinni til Íslands áttu þeir t. d. að hafa guðsorð um hönd á helgum dögum og eins kvöld og morgna með bænagerð og sálmasöng. Svall og drykkjuskapur var stranglega bannaður og eins blót og svardagar og annar illur munnsöfnuður. Það er gert ráð fyrir því, að skipshöfn og farþegar heiti á fátæka til líknar sér og liðsemdar, ef háska beri að höndum, og átti kaupmaður þegar í stað að bóka heitið og sjá um að því væri full-

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 312.
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 383.
3) Smbr. Reglement over de islandske Betjentere. Lovsaml. for Isl. IV, 80—85.

nægt að lokinni ferð, ef úr rættist.[1]) Einnig átti kaupmaður að skrá í bók sína alt sem á dagana drifi á leiðinni. Á hverri höfn á Íslandi skyldi kaupmaður árlega skifta meðal fátækra einni tunnu af mjöli og 50 álnum af striga.[2]) Þegar í höfn kæmi á Íslandi átti það að vera fyrsta verk kaupmannsins, að opna verzlunarhúsin í viðurvist undirkaupmanns, skipherra, stýrimanns og eins eða tveggja valinkunnra Íslendinga og kanna gaumgæfilega allar vörubirgðir frá fyrra ári, til þess að ganga úr skugga um, hvort engu hefði verið stolið um veturinn eða hvort ekkert af vörunum hefði spilzt. Kaupmönnum var boðið að hafa strangar gætur á því, að allur útlendur varningur væri ósvikinn og væri seldur við því verði, er lögskipað var, en hins áttu þeir eigi síður að gæta, að íslenzku afurðirnar væri í alla staði frambærilegar og að fiskurinn væri eigi maltur eða prjónlesið illa unnið. Enn fremur áttu kaupmenn að gefa stéttarbræðrum sínum á næstu höfnum skrá yfir skuldunauta sína, svo að enginn gæti hlaupið frá skuldum sínum og verzlað eitt árið á þessari höfninni og annað á hinni án þess að standa í skilum, og auðvitað var þeim falið að hafa mestu varúð og gætni

---

1) Af reikningum Hafnarfjarðarverzlunar 1706 sést það, að áheit skipverja hafa þá numið 16 rd., og er helzt að ráða, að það hafi gengið til fátækra erlendis, og svo hefur það líklega oftast verið. (Lbs. 91 fol.).

2) Það mun hafa verið gamall siður hér á landi, að kaupmenn léti eitthvað af hendi rakna við fátæka, áður þeir léti úr höfn á Íslandi, svo sem í áheita skyni undir ferðina. Á dögum umdæmaverzlunarinnar gáfu kaupmenn að jafnaði fátæklingum í sókninni þriggja eða fjögra hundraða virði í vörum árlega, eins og verzlunarreikningarnir bera með sér, og sumir enn meira, þeir sem svo voru gerðir. Kom þar að lokum, að Íslendingar fóru að skoða þetta sem eins konar skyldukvöð og gerðu rekistefnu út af því, ef tillagið brást. (Smbr. Bréf Guðm. sýslum. Sigurðss. til stiftamtm. 2. okt. 1743, Þjskjs. A 70 I, 1, og bréf Ara Guðmundss. kaupm. til Ólafs amtm. Stefánss. 1. nóv. 1768, Þjskjs. A 47 nr. 4). Árið 1767 varð allmikið þref út af þessum gjöfum á Eyrarbakka, því kaupmaður lét Stokkseyrarhrepp sitja fyrir þeim, en hreppstjórar í Sandvíkur- og Gaulverjabæjarhreppum þóttust engu síður eiga tilkall til ölmusunnar og skutu því til amtmanns, og úrskurðaði hann þeim hlutdeild í gjöfinni að réttri tiltölu. (Smbr. Brb. amtm. XVI, 209—211 (b), 234–235 (b) og 302—306 (b)). Seinna meir á dögum konungsverzlunarinnar var þetta tillag fastákveðið með sérstakri reglugerð (2. júní 1777), og námu gjafirnar 10—20 rd. á hverri höfn, en 255 rd. alls. (Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 410–412).

í frammi í lánum sínum og taka jafnan skriflega viðurkenningu af hverjum manni fyrir skuldunum. Öll skipshöfnin átti að hjálpa til á höfnunum við slátrun, söltun, fiskþurkun og önnur störf, er að kölluðu, undir yfirumsjón kaupmannsins, og ekki hafa neitt launpukur í frammi við landsmenn. Auðvitað áttu allir, bæði skipshafnir og verzlunarþjónar, að hafa hinar ströngustu gætur á, að Íslendingar ræki eigi verzlun við útlendar þjóðir og afstýra því af öllum mætti. Að haustinu til áttu kaupmenn að ganga vel og vandlega frá húsum og vörubirgðum og skilja eftir sundurliðaða skrá yfir vörurnar með tilgreindu virðingarverði, ásamt skrá yfir ógreiddar skuldir, en aðrar samhljóða skyldi þeir hafa með sér til Kaupmannahafnar. Að lokum var þeim heitið fé og frama, er gætti vel þessara boðorða og sýndi félaginu trúmensku og hollustu, en hinum brottrekstri og jafnvel hegningu, er eigi gegndi skyldu sinni.[1]) Þessi boðorð voru ítrekuð aftur og aftur í erindisbréfum kaupmanna og verzlunarþjóna fram til loka einokunarverzlunarinnar, og öðrum nýjum við bætt eftir því sem atvik og ástæður gáfu tilefni til í það og það skiftið.

Það mun alment hafa viðgengist fyr á öldum, að kaupmenn og verzlunarþjónar, er í förum voru landa á milli, hefði mjög lágt kaup, en fengi í hlunninda nafni að hafa með sér í skipinu kauplaust fram og aftur nokkuð af varningi, er þeir verzluðu með fyrir sjálfa sig. Þegar einokunin hófst voru slík *flutningshlunnindi* (Föring) áskilin hverjum verzlunarmanni og þótti sjálfsagður hlutur. Mun það hafa átt talsverðan þátt í að brýna verzlunaráhuga og verzlunartilhneigingu ungra manna og kenna þeim að beita hyggindum og forsjálni í kaupum og sölum, því þeir gátu trygt sér góðan arð af þessu, ef þeir fóru skynsamlega að ráði sínu. En hins vegar hafði þetta ýmsa annarka í för með sér frá sjónarmiði útgerðarmanna, því

1) M. Ket. II, 450—463. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 231—233.

bæði veitti örðugt að hafa fullar gætur á þessum fríflutningi, að hann færi eigi fram úr hófi, og eins þóttust útgerðarmenn stundum kenna allóþyrmilegrar samkepni af hálfu verzlunarþjónanna í kaupum og sölum. Þegar dró fram undir 1620 var farið að kveða svo ramt að þessu, að fríflutningur skipverja og verzlunarþjóna nam alt að fjórðungi farms og höfðu þeir sérstaka umboðsmenn í Hamborg og víðar til þess að annast kaup og sölu af sinni hálfu. Voru þeir útgerðarmönnum hinn hættulegasti keppinautur, því þeir gátu staðið sig við að selja miklu ódýrar, þar sem enginn flutnings- eða aukakostnaður lagðist á varninginn. Þegar elzta íslenzka verzlunarfélagið komst á fót, var það því eitt af fyrstu verkum félagsstjórnarinnar að reisa skorður við þessu. Útvegaði hún 22. marz 1620 konungsbréf þess efnis, að öll flutningshlunnindi skyldi aftekin upp frá því, en skipshöfnin og verzlunarþjónarnir öðlast í þess stað hlutdeild í ágóða félagsins eftir vissum reglum. Skyldi verzlunarþjónunum heimilt að leggja inn hjá félaginu, áður látið væri í haf til Íslands á vorin, jafnmikla fjárhæð og þeir höfðu í laun, og fá hana tvöfalda aftur að haustinu er heim kæmi. Skyldi kaup þeirra standa að veði fyrir upphæðinni, ef þeir hefði eigi fé á reiðum höndum. Aftur á móti skyldi yfirkaupmenn og undirkaupmenn hafa fast kaup eftir dugnaði og samkomulagi, án nokkurra sérstakra hlunninda, að því er helzt verður ráðið af tilskipuninni.[1]) Þetta var ítrekað í reglugerðinni 8. maí 1646 (§ 18) og öll verzlun af hálfu skipverja og búðarþjóna stranglega bönnuð.[2]) En það var hægar sagt en gert að taka fyrir þetta, og mun allmikið launprang hafa átt sér stað af hálfu kaupmanna og verzlunarþjóna fram eftir 17. öldinni, án þess að unt væri að stemma stigu fyrir því, enda hylmdu þeir yfir hver með öðrum. Á dögum umdæmaverzlunarinnar munu útgerðar-

1) Lovsaml. for Isl. I, 199-201.
2) M. Ket. II, 456-457. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 232.

menn alment eða oftast að minsta kosti hafa látið það viðgangast, að kaupmenn og verzlunarþjónar flytti með sér varning fram og aftur og ræki nokkra verzlun fyrir sjálfa sig, enda var þá samkepni mikil oft og einatt meðal útgerðarmannanna sjálfra og verzlunarþjónunum sýnd meiri tillátssemi en áður, svo að þeir yrði sem húsbóndahollastir. En hins vegar reyndu þó útgerðarmenn að takmarka þessi flutningshlunnindi sem mest þeir máttu og afstýra samkepni af hálfu verzlunarþjónanna. Var því oftast á hverju ári samið um það fyrir fram við kaupmenn og verzlunarþjóna, hve mikið hver þeirra mætti flytja með sér af varningi, en þó jafnan áskilið um leið, að það skyldi fara nokkuð eftir árferði. Auk þess voru þeir að jafnaði skuldbundnir til að kaupa þá vöru hjá útgerðarmanninum, sem þeir ætluðu sér að verzla með á Íslandi, en það var mest *tóbak* og *brennivín*, og selja honum íslenzku afurðirnar er út kæmi, svo að eigi þyrfti að óttast undirboð og samkepni af þeirra hálfu. Í erindisbréfi Hafnarfjarðarkaupmanns 8. júlí 1718 er gert ráð fyrir því, að kaupmaður sjálfur megi í sinn hlut flytja út 18 sk℔ af harðfiski, undirkaupmaður 10 sk℔, búðarþjónarnir 5 sk℔ hvor, beykirinn 6 sk℔ og drengirnir 3 sk℔ hvor, og nemur þetta alt 50 sk℔, en þó skyldi úr því dregið er heim kæmi, ef lítið væri um fisk á Íslandi. Árið 1712 fengu verzlunarmenn í Hafnarfirði 480 ℔ af tóbaki og yfir 400 potta af brennivíni til þess að verzla með á Íslandi, en fríflutningur þeirra á útleiðinni var það árið: yfirkaupmanns 30 sk℔ af harðfiski, undirkaupmanns 16 sk℔, beykis 7 sk℔, búðarþjónanna 6 sk℔ á mann og drengsins 4 sk℔, samtals 69 sk℔, og borgaði útgerðarmaður hvert sk℔ með 10 rd. þegar út kom, en þeir hafa varla gefið meira fyrir það á Íslandi en 5 rd. og borgað með uppskrúfuðum vörum, svo þetta hefur verið drjúg aukageta fyrir verzlunarfólkið, enda var og kaupið yfirleitt lágt um þær mundir sem fyr segir.[1]) Svona var það ár frá ári,

1) Lbs. 91 fol.

stundum meira, stundum minna, og höfðu verzlunarþjónarnir alls konar varning í fórum sínum, ef því var að skifta, svo sem lýsi, ull, tólg, skinn og prjónles, en fiskurinn þótti þó jafnan útgengilegastur og arðvænlegastur.[1]) Á sláturhöfnum tóku þeir fé og fengu lánaða ónýta kofa á landi til að slátra í, en söltuðu og verkuðu alt á skipinu.[2])

Þegar félagsverzlun hófst á ný árið 1733, voru flutningshlunnindi verzlunarmanna aftekin að mestu eða öllu leyti, en kaup þeirra aftur hækkað að mun. Í reikningum Dýrafjarðarverzlunar frá 1741 eru undirkaupmanni reiknaðir 133 rd. í kaup, búðarþjónunum 66 rd. og drengnum 20 rd.,[3]) og er það miklum mun hærra en áður tíðkaðist á dögum lausakaupmanna. En Íslendingar söknuðu víst margir þessara viðskifta, því verzlunarþjónarnir höfðu eigi verið bundnir við kaupsetningarnar og höfðu menn því oft komist að betri kjörum hjá þeim, en hjá verzluninni sjálfri.[4]) Þó mun eftir sem áður hafa talsvert örlað á launpukri af hálfu verzlunarmanna og verið séð í gegn um fingur með því af hálfu félagsstjórnarinnar, ef eigi kvað of mikið að því. En eftir að Hörmangarafélagið kom til sögunnar, var alveg tekið fyrir þetta og lagðar við þungar refsingar, ef út af bar,[5]) án þess þó að launakjörin væri bætt, og þótti verzlunarþjónunum súrt í brotið, því peningar höfðu þá lækkað í verði, enda gengu þegar 12 kaupmenn og 4 undirkaupmenn úr vistinni.[6]) Var þá tekið upp það ráð, að bæta þeim flutningshlunnindin að nokkru með því að gera þeim kost á íslenzkum nauðsynjavörum til heimilisþarfa með innkaupsverði, þannig að hver kaupmaður og verzlunarþjónn fengi ákveðinn skamt af saltkjöti, saltfiski, harðfiski, tólg, smjöri og

1) Smbr. Notice paa Havnefiords Folks Folkeföring Anno 1732. Lbs. 92 fol.
2) Smbr. Hugleiðingar út af verzlunartillögum Skúla fógeta 1757. Þjskjs. A 42.
3) Lbs. 93 fol.
4) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórn. til stiftamtm. 28. nóv. 1733. Þjskjs. A 42.
5) Smbr. Samþyktir Hörmangarafél. 24. febr. 1748 (§ 19). Fylgiskj. 7.
6) Smbr. Beskr. af Isl. 1735 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 149—150.

prjónlesi að tiltölu við laun sín,[1]) og hélzt það einnig á dögum konungsverzlunarinnar. Þetta lausaprang verzlunarþjónanna var jafnan bannað upp frá því, en hélzt þó við líði að einhverju leyti, án þess að unt væri að koma í veg fyrir það, þangað til kaupmenn urðu búsettir hér á landi.[2]) Eftir að konungsverzlunin hófst, voru launakjör starfsmanna bætt að miklum mun og betur við þá gert að ýmsu leyti, en áður hafði tíðkast. Kaupmenn þeir, er sendir voru út hingað árið 1759, skyldi hafa 400 rd. að launum hver og fæði ókeypis, en það er aðgætandi, að þeim voru falin miklu meiri störf en áður, því hver þeirra átti að annast verzlun á mörgum höfnum. Skyldi fjórðungur af kaupinu greiðast fyrir fram, áður lagt væri af stað til Íslands að vorinu, en hitt að afloknum reikningsskilum við heimkomuna.[3]) Undirkaupmenn áttu að fá í laun 150 rd. hver, búðarþjónar og aðrir fullorðnir starfsmenn 66⅔ rd. hver og drengirnir 40 rd. hver auk fæðis.[4]) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins höfðu yfirkaupmenn 266—400 rd. hver, undirkaupmenn 150—230 rd., búðarþjónar og aðrir óbreyttir starfsmenn 66⅔—146 rd., beykirar 66⅔—90 rd., matsveinar 66⅔ rd. og drengir 20—50 rd. hver.[5]) Auðvitað fóru launin mikið eftir því, hver höfnin var, því á aðalhöfnunum var miklu meira annríki og ábyrgð en á hinum. Voru því mestu dugnaðarmennirnir settir þangað, en skussarnir á úthafnirnar eða smáhafnirnar. Varð stundum matningur út af þessu, og sóttust flestir eftir því að komast á aðalhafnirnar, eigi að eins vegna launanna, heldur meðfram af fordild og metnaði. Þótti það vansi mikill að vera fluttur af aðalhöfn á einhverja útkjálkahöfn, en það urðu kaupmenn þó stundum að sætta sig við á dögum Hörmangara, og jafnvel enn þá verri útreið, ef því var að skifta. Þannig var

1) Smbr. Erindisbr. kaupmanna 6. marz 1759 (§ 2). Þjskjs. A 150 nr. 7.
2) Beskr. af Isl. 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 150.
3) Smbr. Erindisbr. kaupmanna 6. marz 1759 (§ 2). Þjskjs. A 150 nr. 7.
4) Lovsaml. for Isl. III, 343—344.
5) Smbr. Reglement over de isl. Betjentere 1774. Lovsaml. for Isl. IV, 80—85.

Lassen kaupmanni í Hólminum tilkynt það upp úr þurru vorið 1757, að hann ætti að fara til Ólafsvíkur og reka þar verzlun framvegis. Þetta þótti honum hart eftir 43 ára verzlunarþjónustu og baðst eindregið undan þeirri smán, að vera settur á slíka útkjálkahöfn á gamals aldri, en hann fekk enga áheyrn. Lyktaði með því, að honum var sagt upp vistinni, án þess að hann fengi að vita nokkra ástæðu til þess.[1]) Árið 1766 var tveim kaupmönnum, Windekilde og Haagen, sagt upp stöðunni vegna þess, að þeir höfðu eigi verið nógu vandfýsnir við landsmenn í fisktökunni, svo að $^2/_3$ hlutar farms af höfnum þeirra voru gerðir afturreka í Hamborg.[2]) Kaupmennirnir voru því eigi sem fastastir í sessi á dögum Hörmangarafélagsins og Almenna verzlunarfélagsins, og máttu þá og þegar eiga von á uppsögn, ef hægt var að finna þeim eitthvað til foráttu, eða jafnvel að eins fyrir aldurs sakir, án þess að félögin teldi sér skylt að leggja þeim nokkuð til uppeldis. Öðru máli var að gegna um konungsverzlunina. Stjórnin taldi sér skylt að láta sér farast vel við starfsmenn verzlunarinnar og sjá þeim og skuldaliði þeirra borgið á gamals aldri. Árið 1760 fengu 4 uppgjafakaupmenn 100 rd. hver í eftirlaun, og var þá jafnframt úrskurðað, að ekkjur íslenzkra kaupmanna og verzlunarþjóna skyldi njóta 10—30 rd. í eftirlaun.[3]) Þegar Almenna verzlunarfélagið tók við af konungi árið 1764, var það til skilið í verzlunarsamningnum af hálfu stjórnarinnar, að félagið tæki að sér þær eftirlaunaskuldbindingar, er þá hvíldu á konungsverzluninni.[4]) —

---

1) Bréf Lassens kaupm. til verzlunarfélagsstjórnarinnar 8. apr., 24. apr. og 29. apr. 1757 og til aðalfundar verzlunarfél. 13. júlí 1757. Þjskjs. A 47 nr. 4.

2) Smbr. Bréf frá Borre verzlunarfélagsstjóra til Magnúsar amtm. Gíslasonar 14. maí 1766. Þjskjs. A 47 nr. 4.

3) Lovsaml. for Isl. III, 384 og 397—398.

4) Smbr. Oktroi 15. ág. 1763 (§ 9). Lovsaml. for Isl. III, 471—472. Á dögum konungsverzlunar síðari voru launakjör kaupmanna og verzlunarþjóna jöfnuð þannig, að öllum var gert jafnhátt undir höfði, sem jafnhátt voru settir, án þess að nokkur mismunur væri gerður á höfnunum. Fengu þá yfirkaupmenn 400 rd. í laun, undirkaupmenn 200 rd., almennir verzlunarþjónar 120 rd. og beykirar 90

Í elztu tíð var það alsiða, að útlendir kaupmenn hefði vetrarsetu hér á landi, eins og ljóst er af fornritunum, en eftir að verzlun Englendinga og Þjóðverja hófst á 15. öldinni, var útlendum mönnum hvað eftir annað bönnuð vetrarseta hér á landi, sem fyr segir, bæði með dómum, alþingissamþyktum og konungsbréfum. Þegar einokunarverzlun Dana hófst árið 1602, voru að sönnu reistar nokkrar skorður við vetrarsetum af þeirra hálfu, því í 4. gr. verzlunarskilmálanna var kaupmönnum bannað að hafa hér margt fólk á vetrum, svo að landsmenn freistuðust eigi um skör fram til eyðslusemi og drykkjuskapar, en einn eða tvo menn var þeim leyft að hafa á hverri höfn til sinna þarfa og til þess að gegna brýnustu nauðsynjum manna.[1]) Þetta var endurtekið í leyfisbréfi kaupmanna 28. apr. 1614[2]) og síðan hvað eftir annað í verzlunarlöggjöfinni, og skýrt tekið fram, að þessir *eftirlegumenn* (Efterliggere), er svo voru kallaðir, megi ekki selja vöru sína hærra verði vetur en sumar.[3]) Það mun þó eigi hafa tíðkast alment né að staðaldri, að eftirlegumenn væri hér á höfnunum, nema að eins í Vestmannaeyjum og ef til vill á einhverjum af suðurhöfnunum. Verzlunarhúsin stóðu langoftast auð að vetrinum til, og var áreiðanlegum mönnum úr nágrenninu falið að hafa eftirlit með þeim gegn hæfilegri þóknun. Þannig voru bóndanum í Hamarskoti greiddir 60 fiskar fyrir eftirlit með Hafnarfjarðarbúðum veturinn 1717—1718, tveim ónafngreindum mönnum eystra 14 rd. Spec. fyrir umsjón með Eyrarbakkahúsum 1731 og 10 árum seinna voru greiddar 4 vættir fyrir umsjón með Dýrafjarðarbúðum.[4]) Þetta eftirlit var þó eins og gefur að

rd. Auk þess fengu yfirkaupmenn 1½ % en undirkaupmenn ½ % af öllum útfluttum íslenzkum afurðum. Voru þá allir yfirkaupmenn látnir vinna eið að því, að þeir skyldi gegna starfi sínu samvizkusamlega. Smbr. Erindisbr. kaupmanna og verzlunarþjóna 1777 og eiðstaf þeirra (Pontoppidan: Handels-Mag. II, 54—70).

1) Lovsaml. for Isl. I, 141.

2) Lovsaml. for Isl. I, 175.

3) Smbr. Kaupsetn. frá 1619 (§ 9), verzlunarskilm. frá 1619 (§ 21) og verzlunarskilmál. frá 1662 (§ 14). Lovsaml. for Isl. I, 186, 197 og 281.

4) Lbs. 91—93 fol.

skilja ærið ófullnægjandi, enda var oft brotist inn í húsin á vetrum og stolið hinu og þessu, og gegnir jafnvel furðu, að eigi skyldi verða meiri brögð að því en raun varð á, þegar þess er gætt, að verzlunarhúsin stóðu oft og einatt góðan kipp frá næstu bæjum, en ósjaldan hungur og vá fyrir dyrum hjá almenningi þegar á leið veturinn. Mætti ætla, að það hefði átt að vera til hagsmuna bæði fyrir kaupmenn og Íslendinga að hafa eftirlegumenn á höfnunum til þess að gegna þörfum almennings, í stað þess að láta valdsmennina rekast í vitnatöku og þinghöldum út af bjargarskorti, þegar í óefni var komið, og opna húsin í nafni konungs. En hvernig sem í því hefur legið, þá er það víst, að menn höfðu allmikinn ýmugust á þessum útlendu vetrarsetumönnum, og lítur helzt út fyrir, að kaupmönnum sjálfum hafi eigi verið það neitt fast í hendi að halda þeim. Í 16. gr. verzlunartilskip. 29. jan. 1684 er stranglega bannað að hafa eftirlegumenn á höfnunum,[1]) og við það sat til aldamótanna 1700. Þá voru kaupmenn aftur komnir á þá skoðun, að það væri til hagsmuna bæði fyrir þá og landsmenn að hafa eftirlegumenn á höfnunum, og fengu því kgsbr. fyrir því 30. apríl 1701.[2]) Voru þeir næsta vetur á flestum höfnum og miðluðu almenningi vöru bæði til kaups og láns, þeim sem til þeirra náðu, og var það mörgum góður styrkur að því er segir í Hestsannál,[3]) enda voru þá bágar horfur um alt land. Þó hreyfðu sér enn sem fyr ekki svo fáar raddir á móti eftirlegumönnunum og þótti sem þeir hefði um of íþyngt almúganum í kaupum og sölum, einkum á útkjálkahöfnunum, svo Müller amtmaður bauð sýslumönnum öllum sumarið 1702 að taka þingsvitni um verzlun þeirra.[4]) Þá hélt og Gottrúp lögmaður því fram í utanför sinni, að það væri skaðlegt bæði kaupmönnum sjálfum og landsmönnum að hafa

1) Lovsaml. for Isl. I, 411.
2) Lovsaml. for Isl. I, 561.
3) J. Sig. 39 fol.
4) Alþb. 1702 nr. 5.

eftirlegumenn á höfnunum, án þess þó að leiða nokkur rök að þeirri skoðun sinni.[1]) Niðurstaðan varð sú, að fáum árum seinna (1706) var kaupmönnum aftur bannað að hafa hér vetrarsetu, að viðlagðri 1000 rd. sekt fyrir hvern eftirlegumann.[2]) Þrátt fyrir það voru þó eftirlegumenn öðru hvoru á sumum höfnum fram undir 1720 eða lengur, og varð allmikil rekistefna út af því bæði á Búðum árið 1716[3]) og í Hafnarfirði árið 1719.[4]) Búðakaupmaður hélt því fram, að slíkt hefði allajafna viðgengist á öðrum höfnum, enda hefði hann eigi haft hér vetrarsetu til þess að reka hér verzlun, heldur að eins til þess að »vakta húsin og gózið fyrir snjó og regni«, en eftirlegumennirnir í Hafnarfirði höfðu hjálpað nokkrum mönnum í Reykjavík og á Seltjarnarnesi um veiðarfæri og matvöru í ítrustu nauðsyn, og lá við sjálft, að þeir fengi illa útreið. Árið eftir (1720) tók eftirlegumaðurinn á Bátsöndum vitnisburð sinn á Býjaskerjaþingi til þess að hreinsa sig af þeim grun, að hann hefði rekið nokkra verzlun um veturinn eða vorið fyr en um sumarmál.[5])

Ástæðurnar til þess, að Íslendingar ömuðust svo mjög við eftirlegumönnum á höfnunum, voru aðallega tvær. Önnur ástæðan var sú, er bændur í verstöðunum höfðu fram að bera, að eftirlegumennirnir ræki mikinn sjávarútveg og þröngdu hag bænda með því að hæna frá þeim útróðrarmennina. Þetta hafði þýzku og ensku vetrarsetumönnunum verið borið á brýn endur fyrir löngu, og árið 1682 var því máli enn hreyft af bændum á Suðurnesjum, svo að Gottrúp varð að taka í strenginn og banna það, en hann var þá umboðsmaður landfógeta.[6]) Það er að líkindum þetta, sem hefur gefið tilefni til þess, að vetrar-

1) Smbr. Bréf Gottrúps lögm. til konungs 30. marz 1702. Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferð. nr. 62. (Lbs. 50 fol.)
2) Lovsaml. for Isl. I, 633.
3) Þingbók Snæfellss. 1714—1720. (Þjskjs.)
4) Dómabók Gullbrs. 1714—1731. (Þjskjs.)
5) Dómabók Gullbrs. 1718—1727. (Þjskjs.)
6) Alþb. 1682 nr. 43.

setur voru bannaðar tveim árum seinna í verzlunarskilmálunum. Aðrir höfðu það á móti eftirlegumönnunum, að þeir lokkuðu fátæklinga til ónauðsynlegra vörukaupa á vetrum og yrði þess valdandi, að margir kæmist í stórskuldir. Verður og eigi borið á móti því, að skuldir fóru mjög vaxandi hjá öllum þorra manna eftir aldamótin 1700, einkum sunnan lands, hvort sem vetrarverzlunin hefur átt nokkurn þátt í því eða eigi. Annars hefur efnamönnunum sumum hverjum óefað meðfram gengið það til mótspyrnunnar, að þeir gátu síður rekið sjálfir landprang og okursölu að vetrinum til, þegar almenningur átti kost á verzlun í kaupstöðunum, en þetta hafði ótæpt viðgengist í öllum landsfjórðungum, eins og síðar mun að vikið. En þó að ástæða þætti til að amast við eftirlegumönnunum, þá varð hins vegar eigi borið á móti því, að það kom sér oft mjög illa í bjargarskorti á vorin að geta eigi nálgast lífsnauðsynjar úr kaupstöðunum, eða veiðarfæri á vetrarvertíðinni, hvað sem við lá. Að sönnu var gert ráð fyrir því í verzlunartilskip. 5. maí 1721 (§ 12), eftir að vetrarseta lagðist alveg niður, að yfirvöldin mætti opna verzlunarhúsin í yfirvofandi neyð og bjargarskorti, að undangengnu löglegu þingsvitni, og leysa úr brýnustu þörfum manna,[1]) en þetta var neyðarúrræði, sem eigi var gripið til fyr en alt um þraut, því kaupmönnum var afarilla við að láta Íslendinga snuðra um búðirnar hjá sér og urðu hamslausir, ef eigi var alt með kyrrum kjörum á vorin, enda verður eigi borið á móti því, að sumir valdsmenn fóru heldur óskjallega með vörubirgðirnar. Það var því eigi að ástæðulausu, að Skúli fógeti stakk upp á því í verzlunartillögum sínum 1757, að kaupmenn væri skyldaðir til búsetu á aðalhöfnunum og ræki verzlun bæði vetur og sumar, og kannaðist stjórnin við, að sú krafa væri á rökum bygð. Var svo ráð fyrir gert er konungsverzlunin hófst, að kaupmenn hefði vetrarsetu

1) Lovsaml. for Isl. II, 18. Þessu ákvæði var svo haldið upp þaðan.

á höfnunum þegar alt væri komið á laggirnar og búið að koma upp íbúðarhúsum handa þeim,[1]) en þetta dróst þó úr hömlu, svo að eigi var nema að eins einn kaupmaður búsettur hér á landi á fyrstu árum konungsverzlunarnnar, sem fyr segir,[2]) og öðrum vetrarsetumanni bætt við á Grundarfirði árið 1761.[3]) Það var fyrst á dögum Almenna verzlunarfélagsins að fleiri bættust við, því árið 1765 var það ráðið af félagsstjórninni, að hafa framvegis vetrarsetumenn á Eyrarbakka og á Vestfjarðahöfnunum og fjölga þeim smám saman eftir þörfum og hentugteikum.[4])

Ein af ástæðunum til þess, að Almenna verzlunarfélagið lagði kapp á að fjölga vetrarsetumönnum á höfnunum var sú, að félagsstjórnin gerði sér von um, að þetta mundi verða til þess að efla gott samlyndi með kaupmönnum og landsmönnum, er þeir hefði nánari kynni hvorir af öðrum. Það valt þó á ýmsu um það eftir sem áður, og eru meira að segja dæmi til þess, að búseta kaupmanna hafi fremur spilt samlyndinu en bætt það, því eigi var trútt um, að aftur vildi sækja í sama horfið og áður um vetrarprang og sjávarútveg kaupmanna, þó að hvorttveggja væri harðlega bannað í verzlunarlöggjöfinni. Þess er áður getið, að óánægja hafi risið út af búskaparumstangi, vetrarverzlun og skipaútgerð Jens Lassens, kaupmanns á Eyrarbakka, og skal hér vikið að því nánar. Þóttust bændur í Stokkseyrarhreppi einkum verða fyrir þungum búsifjum af kaupmanni, og tóku þeir því rögg á sig í marzmánuði 1767 og settu saman kæru til sýslumanns yfir athæfi kaupmannsins, og er þetta aðalinntak hennar:

»Eðla og velvísi herra sýslumann signr. Brynjólfur Sigurðsson.

Opinbert er þeim til þekkja, að þessi fátæka og fólksríka

1) Smbr. Rkbr. 1. mai 1759. Lovsaml. for Isl. III, 359—360.
2) Smbr. hér að framan bls. 227.
3) Smbr. Bréf Niels Sörensens kaupm. til Jóns sýslum. Árnasonar 10. apr. 1761. Þjskjs. A 79 II, 1.
4) Smbr. Bréf frá P. Borre verzlunarfélagsstjóra til amtm. 20. mai 1765. Þjskjs. A 47 nr. 4.

sveit Stokkseyrarhreppur, í hverjum að eru 100 búsitjendur og hér um 5 eða 600 manns, hefur mikinn part að undanförnu lifað af sinni ullarvinnu og fjöruábata, sölvum og grösum. Í sveit hafa þeir keypt smjör, ull, tólg, sauði og skinn. Ullina hafa þeir unnið til klæðnaðar sér og prjónaless, hvert þeir hafa goldið í velflestar skuldir til konungs, kirkju og þegns. Þó nú sé sauðfé í yfirgangandi fjárpest dault og sé dýrara, en verið hefur, þar einn fjórðungur smjörs eða tólgar fekst áður á 15 og 16 fiska, en nú ekki á 20 fiska, þá formeinum við þó, að þessi dýra tíð orsakist með af yfirkaupmannsins signr. Jens Lassens stóru husholdning og miklu útvegum og aðdrætti. Hann hefur bæði fleira og meira fyrir að gefa, eftir sem hver girnist, heldur en fátækur almúgi, svo lætur hann sína mörgu útsendara í allar nærliggjandi sveitir upp kaupa smjör, tólg, ull og sauði, eftir sem fá kunna og þessi fátæka sveit hefur áður fengið keypt sér til bjargar og atvinnu. Yfir þessu og fylgjandi klögum við og kvörtum fyrir yður okkar góða yfirvaldi, biðjandi og væntandi, að þar á mætti bót ráðast, ekki einasta þessari sveit, heldur heila héraðinu til gagns. Og finnum við ábótavant í þessu:

Svo ríkulega, sem Eyrarbakkahöfn er útreidd af ónauðsynlegri vöru, tóbaki margslags í mottum, stórum 19 punda rullum og presstóbaki, brennivíni, kramvöru, klútum, silkjum, dúkum, borðum og isenkrami, svo stór skortur er á nauðsynlegri vöru, sem mjöli, timbri og veiðarfærum, því ekkert af þessu fær almúginn til ánægju, sem með þarf eður begerir fyrir fullan betaling, hvað við þó höldum mikið orsakast af kaupmannsins stóru husholdning og því sem hann þarf til síns búskapar. Þrjátíu eða fjörutíu tunnur mjöls, sem [hann] af dregur til síns húss, kynnu að hjálpa jafnmörgum bændum. Timbur brúkast til bygginga yfir hans kýr og hesta, þar hesthúsin eru svo praktuglega uppbygð með fjalagólfi sem fornemme manna hús í landinu. Veiðarfæri ganga til hans 5 eða 6 skipa útgerðar. Til hans innflyzt á þeim 2 skipum, sem hér koma

frögtuð, matvara, brenni, steinkol til kakalofnsins, sandur til gólfsins etc., hvað alt tekur rúm burt í skipunum [og] dregur frá innbyggjurunum. ...

Fæst ei varan á sumrin í kauptíð, þó til sé, mjöl og brennivín. Timbrið brúkast til kaupmannsins sagðra húsa. Nokkuð af mjölinu er gefið kaupmannsins hestum, og þó það sé ekki svo mikið, þá er það þó meira en margir hverjir 4 eða 5 búsitjandi fá keypt, og mikill styrkur væri það nú í þessari hörðu tíð fyrir 8 eða 10 bændur. Mjölið með brennivíninu, sem ofmargir girnast, suma líka þrengir til eftir landsins vana til begravelses sinna náunga og brúðkaupa, sparast til vetrar og þá er það falt og laust látið fyrir vissa aura, svo sem smjör, tólg og Specierd., en fekst ekki á kauptíð fyrir fisk og lýsi eður þvílíkt. Meintekur svo þurfandi fólk sig af þessu, sem það er falt fyrir, og svelta jafnvel sjálfir eftir. ...

Sýnist distriktinu til stórrar útörmunar og bændafólki til stórs skaða, að kaupmaður hr. Lassen hefur á þessum vetri haft 5 eða 6 misjafnt kynta útsendara í allar nærliggjandi sveitir, sem flakkað hafa matarlitlir bæ frá bæ upp á fátækum almúga, með óþarfa vöru til að selja fyrir ull, smjör, tólg og peninga, en varan, sem þeir hafa með farið, hefur verið tóbak, brennivín, indigo, léreft, klútar, isenkram, tvinni etc. Einn af þeim, Magnús Haldóruson, illa kyntur landeyðari, sem sinn aldur hefur í leti og ómensku fram dregið, hefur gert þrjár reisur og segist selt hafa upp á 2 hundr. 30 f. Hinir minna og meira, eftir því sem þeir hafa verið kænir til að koma ár sinni fyrir borð. Hér við bætist það, að nú hefur kaupmaður [sent] í veiðistöðurnar Þorlákshöfn og Selvog brennivín að útpranga og selja, en girnd almúgans í þetta kæfir forstandið og þekkingu á sinni fátækt eður hugsun fyrir lífsbjörg eftirleiðis. ...

Sýnist þessari sveit til skaða og óhagnaðar, það kaupmaðurinn kaupir svo mikla ull frá þurfandi almúga og innbyggjurum, sem ekki fá til klæðnaðar sér, kemur ull-

inni svo fyrir að láta vinna í prjónles um þessa sveit, svo búsitjendur og húsmenn hafa honum í þessu verki þjónað á þessum vetri, margir fyrir minna kaup en í mat hafa eytt á meðan unnið hafa.

Sýnist kaupmannsins stóri búskapur með 8 eða 10 vinnumönnum[1]) og 6 vinnukonum sveitinni og þó sérdeilis hans nágrönnum til skaða, þar hann yfirstandandi ár hefur haldið part af jörðu, á hverjum eftir réttri tiltölu kann að forsorgast 4 eða 5 kýr og jafn margir hestar. En hann hefur alls haft á búi í Selinu 32 kýr [og] einar kvígu og heima 3 kýr og alls hér um 18 à 20 hesta. Selið lét hann byggja í því bezta plássi, þar allmargir áttu að hafa sinn heyskap og beit fyrir sína gripi, svo málnyta nágranna hefur fyrir þessum usla verið mjög gagnlítil. Landið, hvar hans peningur hefur á gengið, hefur hann í mjög fárra leyfi, sem þar hlut að áttu, brúkað, sem hvorki hafa fengið þökk né góð orð, allra síst betaling þar fyrir. Handa þessum mikla pening hefur kaupmaðurinn setið í fyrirrúmi að kaupa heyskap og slægjur, þar missa hefur mátt. Sveitarmenn og innbyggjarar hafa ekki fengið keypt heyskap handa sínum fáu kindum eftir þörfum svo sem áður.

Hefur skipaútgerð landsmanna meir en til helminga spilzt af kaupmannsins skipaútgerð, þar sem hann heldur nú 5 skipum, 1 teinæring, 2 áttæringum og 2 sexmannaförum til sjávar [og] lokkar til þar út á fólkið frá bændum með helmings meira útróðrarkaup, en landsmenn áður gáfu. ...

Stóra hindrun gerir þetta stóra bú og umsvif fyrir því kauphöndlaninni, þar fólk uppihelzt á meðan kaupmaður er um það að sjá. Á næstliðnu sumri var fólk læst inni í kaupmannsbúðinni frá miðdegi fram undir sólarlag, sem hann var í burtu [og] hafði lykilinn hjá sér, sem gekk

---

1) Í skjalinu er dregið yfir tölurnar »8 eða 10« og sett í staðinn 6, en bætt svo við yfir línunni: »2 á 3 drengjum«.

að læsingunni innan sem utan, hvar fyrir fólkið gat ekki út komist um þann tíma, þangað til kaupmaðurinn aftur kom. Urðu þó sumir jafnnær í burtu að fara, þá kvöldið hrökk ekki til að gegna þeim eður klára að gera.

Andregst um þann ójöfnuð, sem á Eyrarbakka er í sláturverki, þvert á móti því sem til forna var. a) 90 eða 100 manns eru í það anteknir, svo að ábatinn af sauðunum, höfuð, fætur og innýflin berast svo í sundur, að þeir, sem að því þjóna, fá ekki sitt erfiði og tímaspilli betalað. b) Lætur kaupmaðurinn sína vinnumenn og aðra skera fyrst úr réttinni daglega handa sér og sínu húsi. c) Ræktað og hirt er það svoleiðis, að nokkur partur af því á næstliðnu hausti var fúið, úldið og skemt út borið og í sandi grafið, svo fátækir fóru á [mis] við það og fengu ekki að nýta þennan mat. d) Til að fá sig innskrifaðan og antekinn í sláturverkið má maður erfiða í kaupstaðnum matarlaus og kauplaust í einn eða tvo daga áður og viku eftir að sláturverkinu er hætt. e) Mega þeir standa í kaupstaðnum og erfiða að fiskiútlosningu og innskiping um allan sláturtímann, og eins þá daga sem ekkert er af sauðfé skorið. f) Eru drengir og uppgefnir karlar fyrir velvildar sakir í það teknir, hverjir lítið geta erfiðað. Þessir eru látnir skera jafnt hinum gagnlegri, svo vel í sláturverkinu sem hinu öðru verkinu. En til forna var það svo, að enginn erfiðaði fyr en sláturtími byrjaðist, til þess voru ekki heldur fleiri teknir, en nauðsynlega með þurfti. Þá fekk hver að skera svo sem hann var erfiðismaður til, hvar fyrir þeir gagnlegu fengu tvöfalt og jafnvel meir við ónýta drengi og uppgefna karla.

Alt þetta framanskrifað er svo sannferðugt, að það kann sérhvað með vitnum bevísast og eiði staðfestast (ef nokkur það rengir) þegar þóknast. Innstillum það svo til háyfirvaldanna lagfæringar, sem allranáðugast er til trúað að sjá eftir landsins gagni og að fátækum almúga sé ekki óréttur gerður af þeim höndlandi. Biðjum því yður, okkar

góða yfirvald, að framfæra það á tilhlýðilegum stöðum, staðfestandi það með okkar undirskrifuðum nöfnum.«[1])

Það hefur þó aldrei orðið úr því, að skjalið væri undirskrifað, heldur er í þess stað ritað neðan á það með annari hendi (sýslumanns): »Þetta kann að vera of gífurlegt og ekki verða alt með löglegum vitnum bevísað, enda eru nú velflestir frá gengnir og vildu aldrei hafa knurrað, en knurra þó«. Annars er það auðsætt af bréfum sýslumanns til amtmanns um þessar mundir, að honum hefur verið fullkunnugt um alt athæfi kaupmanns og leikið hugur á að taka í strenginn, en ekki treyst sér til þess úr því að bændur heyktust á kærunni, nema því að eins að hann fengi skipun um það frá amtmanni, og elur hann á því hvað eftir annað í bréfum sínum. Þannig ritar hann amtmanni 26. marz 1767 á þessa leið:

»Vil eg consulera mínum herra um míns hr. Lassens miklu vetrarhöndlan og stóru útréttingar. Girnd fólks í tóbak, brennivín etc. dregur skýlu fyrir forstand bænda og vinnumanna, sem selja smjörið úr öskjum sínum. Þeir glæpast á þessu agni og svelta svo eftir. Hafi þeir annað, þá láta þeir það af hendi, hafa svo ekkert eftir að kaupa fyrir nauðsynlegra í kauptíð. Drengurinn, sem stendur fyrir þessari vetrarhöndlun, hefur hrósað sér af því, að hann til Nytaar hafi selt fyrir sinn hr. Papa og gert reikning fyrir upp á 2000 rd., og nær jafnmikið mun hann síðan hafa selt, sérdeilis þegar fólk ferðaðist um til sjávar. Hvað hann selur sést af hans innlagðri eigin hendi, en það aftur tekur eru peningar, smjör, tólg og prjónles. Nú er tóbak og brennivín sent í veiðistöðurnar, og einn kramari er enn þá á af 5 á 6, sem til vers eru komnir. Þegar vorar er gert ráð fyrir að senda tvo austur í Skaftafellssýslu, sem þarf að fyrirbyggjast. ... Þetta dregur alt frauð úr horuðu landi og lífsþrótt frá úthungruðu distrikti, hvar búfé er dautt og búpeningur gerir lítið gagn vegna

1) Þjskjs. A 79 II, 1.

enn nú ösku og eimyrju útspýjandi blossandi Heklu,[1]) svo mislingi fiskirísið er hallæri og fólksdauði fyrir dyrum. Þeir fornuftugu kaupmenn sál. Knudsen og Windekilde seldu sem minst en lánuðu almúga ekkert af tóbaki, brennivíni eður krami, en forsynuðu almúgann með nauðsynlegri og gagnlegri vöru, hvar fyrir hér tapaðist ekki eitt fiskvirði af restönsum í þeirra tíð. Hinir þar á móti hafa sparað þetta en fram ýtt hinu, hefur svo fólk komist í restansa. Svo misjöfn er kaupmannanna höndlun og oeconomie. Frá bændum fekk eg í dag innlagða undirrétting um höndlunina. En síðan það varð bygðarfleygt í sveit þeirra, að þeir væri að skrifa eitthvað, hafa velflestir gengið frá og segjast ekkert hafa að klaga, en knurra þó allir. Hvað á hér við að gera? Eg er í tilbúningi að kveðja,[2]) vil því helzt þegja og þögn er mér hentugust. Í vinsemd tjáir hér ekkert um að tala, því er öllu vel tekið og góðu lofað, en á morgun er það gleymt og þvert á móti gert.... Eg sýndi Octroyen í fyrra um skipa útgerð,[3]) ráðlagði að spyrja sig fyrir, samt voru 5 skip útgerð.... Var mér þá lofað, að um þessa vertíð skyldi ekki ganga utan eitt skip. Viku síðar var keyptur 10æringur og aukinn við hinna töluna. Landfógeti fyrirskipaði reglur um husholdningvna og sagði hafa skyldi 4 á 6 kýr og kaupa hey handa þeim og láta færa sér það.[4]) Það var þá approberað[5]) og loflegt, en þar urðu 38, og svo er það í öllu.... Að gera mikið úr þessu og reisa það hátt í fyrstu er odieux.[6]) Nær er að reyna til með góðu og lokka það. Þó þetta prangari og vetrarsala sé sett í þingvitnin í vor, þá færir

---

1) Hér mun átt við Heklugosið 1766. Smbr. Árb. Esp. X, 79.

2) Brynjólfur sýslumaður var þá að búa sig til utanferðar, en sigldi þó eigi fyr en árið eftir. Sýsl. IV, 346. Smbr. Árb. Esp. X, 90.

3) Kaupmönnum er þar í 26. gr. stranglega bannað að gera út skip til fiskiveiða eða halda útróðrarmenn. Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 481.

4) Þetta mun eiga svo að skilja, að Skúli fógeti hafi gefið Lassen kaupmanni eða vetrarsetukaupmönnum yfirleitt bendingar um, hvernig þeir ætti að haga búskap sínum.

5) Þ. e. kaupmaður félst á það.

6) Þ. e. illa þokkað.

það ekki ávöxt til leiðréttingar, því eftir þeim mun lítið litið. Innstillist það til míns herra amtmanns gotbefindende og tilseigjandi, sem skal vera mín lífsregla. Ekki er að vænta þetta fáist héðan af undirskrifað eða andregið, þar alla megandi í sveitinni er búið að undirstinga með tractamenter. Þóknaðist mínum herra, að skrifa mér á parte bréf og tilleggja ordre í anleiðing af hans instruxi, að gefa undirrétting um höndlunina, þá skrifaði eg hreppstjórum í svetinni sem nánustu og um kunnugustu og þrúgaði þeim undir eið að segja sannleikann. Það gæti eg sent mínum herra, sem með svo móti fengi [það] undirskrifað, eður ef þóknaðist sent það Lassen og hótað honum harðara. Eður ef mínum herra þóknaðist að skrifa honum og segja það og það hefði að skotspæni borist.«

Í öðru bréfi, sem skrifað er skömmu seinna, elur sýslumaður enn á þessu og segir meðal annars: »Hér voru kaupmenn veðurteptir í þeim mesta drápsbyl. ... Þá talaði eg udförliga við hr. Lassen um hans höndlun, sýndi honum Octroyen, mitt instrux og herra amtmannsins bréf af 9. janúarii. Alt hans forsvar bestendur í því, að hann sé landsins innbyggjari, gjaldi fátækum og presti tíund sem bóndi, haldi sveitarómaga á 30 hundr. tíund etc., hann þurfi að lifa sem aðrir, með því hann sé í landinu, hverjir út sendi að fá og innkaupa það með þurfi. ... Gott er við Lassen að forlíkast. Hann er eins og Klerke[1]) góður að forlíkast, lofar öllu en gleymir því jafnfljótt, hefur flest til að bera utan það mest á ríður og allir við þurfa. ... Eg tæki á móti og til þakka þó fengi við léligheit fullkomna erindring frá mínum herra, að passa uppá það mér tilkæmi í því að lifað væri eftir kongl. mandatis í lögum, forordningum, octroyer, taxtanum etc. Það kynni ekki að forþenkjast og duga nóg til ótta, eins og tóbakssala hefði borist úr veiðistöðunum Þorlákshöfn og Selvogi.

---

1) Klerke var vetrarkaupmaður i Hafnarfirði og hafði einnig orð á sér fyrir prang og okursölu. Smbr. hér að framan bls. 239-240.

Fyrir það þarf ekki að geta um, hvaðan hún sé uppsprottin. Íslenzkir geta og prangað. Það er mitt að leiða í ljós hverjum það selda hefur tilheyrt.«

Bréfabækur amtmanns bera það með sér, að hann hefur eigi orðið við tilmælum sýslumanns um að skerast opinberlega í þetta mál, hvernig sem á því hefur staðið, en hann mun þó hafa ritað sýslumanni persónulega á þá leið, að hann skyldi grenslast eftir verzlunarháttum í Árnesþingi og öðru þess háttar, því skömmu síðar fengu hreppstjórar og bændur í Stokkseyrarhreppi svofelda orðsendingu frá sýslumanni: »Fyrir utan það, sem mér náðugast er befalað í míns instruxions 17. art. og Höj Cammer-Collegiets missive af 1763, hefur velb. hr. amtmaður Stephensen tillagt mér ordre, að gefa undirrétting um kaupmanns höndlun í mér allranáðugast tiltrúaðri Árnessýslu, og eg má af ýmsum með stærsta ófornöjelse [heyra] misjafnt þar um talað, þá tilsegist ykkur svo sem hinum nánustu og um kunnugustu að gefa mér skýra og sannferðuga undirrétting þar um, og það afdráttarlaust fyrir utan alt huklerie, svo sem þið viljið með ykkar sáluhjálpareiði staðfesta, látandi hvorki óvild, hatur eður öfund draga ykkur til að angefa ofmikið eður ósatt, ekki heldur vild og vináttu eður brennivíns tractamente koma ykkur til að segja annað eður þegja yfir sannleikanum eður því, sem ábótavant meinið og leiðréttingar við þurfa, distriktinu, sveitinni og innbyggjurum til nytsemdar, svo vel sem Compagniinu og þeim höndlandi nú og um eftirkomandi tíma, því þá fátækir hafa svallað út því litla, sem með höndunum innvinna sér og guð gefur þeim af sjónum, fyrir tóbak, brennivín og óþarft kram, hafa þeir ekkert eftir að gjalda í vitaskuldir, ekkert að kaupa fyrir nauðsynlega vöru, sem ekki mega án vera etc. ... Auk þess um höndlunina hafa nokkrir talað um hr. kaupmanns Lassens skipaútgerð, stóra bú, vinnufólkshald, smjör- og ullarinnkaup, ullarvinnu hjá sveitarmönnum etc., og hafið þið að segja, hvort nokkuð af þessu er innbyggjurum

eður sveitinni til skaða eftir ykkar meiningu, hver síðan remitterast eftir hans fengna erklæring til hærra álits.« — Þetta eða eftirrit af því sendi sýslumaður amtmanni 25. apríl 1767 með svofeldum ummælum: »Með innlögðu vakta eg svæfða hreppstjóra. Eru þeir nú að þeinkja sig um moderat svar [og] ásetja að draga yfir það, sem á litlu ríður.« En það mun hafa farið á sömu leið og áður, því skömmu síðar (6. maí) ritaði sýslumaður amtmanni enn á ný og komst þar svo að orði: »Við hr. Lassen forlíkustum öllu vel og gjarnan vil eg þegja og láta sem eg hvorki sjái eður heyri. ... Bændur eru að mestu þagnaðir og gera lítið úr öllu. Eg er ánægður þegar knúrr og mögl bænda dettur niður hjá þeim sjálfum.« Hefur þetta svo dottið niður án þess að nokkuð frekara yrði úr því.[1])

Eins og ljóst er af skjölum þessum, notuðu kaupmenn sumir hverjir búsetuna til þess að þröngva kosti nágranna sinna á ýmsar lundir og skara eld að sinni köku, svo hún varð allóvinsæl fyrst í stað. Það leið þó eigi á löngu áður menn kæmist að raun um, að hún hefði ýms mikilvæg hlunnindi í för með sér, og fór svo, að landsmenn urðu henni alment hlyntir, enda var og smám saman tekið fyrir helztu anmarkana. Eftir að konungsverzlun hófst á ný árið 1774 fjölgaði vetrarsetukaupmönnum að mun, og árið 1777 var það fastráðið, að kaupmenn skyldi hér eftir búsettir á öllum höfnum landsins bæði sumar og vetur. Var Thodal stiftamtmanni og Ólafi Stefánssyni amtmanni boðið að sjá þeim fyrir hentugum ábýlisjörðum eða túnstæðum til ræktunar í nánd við kaupstaðina, og lézt stjórnin vænta þess, að þeir mundu reynast nýtir búmenn og ganga á undan öðrum í jarðabótum og atvinnuframkvæmdum,[2]) og ræðst það um suma þeirra. —

Eins og að líkindum ræður, voru það nær eingöngu danskir menn, sem voru í förum til Íslands af hálfu ein-

1) Þjskjs. A 53 nr. 2. Hannes Þorsteinsson skjalav. hefur góðfúslega bent mér á þessi bréf sýslumanns.

2) Smbr. Tollstjbr. 1. marz 1777. Lovsaml. for Isl. IV, 384—385.

okunarkaupmanna og gegndu verzlunarstörfum á höfnunum. Á fyrri hluta 17. aldar er þó getið um einn kaupmann vestra, *Eggert Eggertsson*,[1]) sem eftir nafninu að dæma kynni að hafa verið Íslendingur, en litlar líkur eru þó til þess að svo hafi verið. Aftur á móti er hitt eigi ósennilegt, að hann hafi verið frá Hamborg eða Altona og af ætt Hannesar Eggertssonar lögmanns, því frændur hans og niðjar urðu þar ílendir sumir hverir. En sé svo, þá hefur þessi Eggert Eggertsson siglt hingað í þjónustu elzta íslenzka verzlunarfélagsins. Þá er og getið um *Sigurð Jónsson* undirkaupmann á Eyrarbakka 1678—1683,[2]) og er enginn vafi á því, að hann hefur verið íslenzkur maður, en eigi vitum vér nein frekari deili á honum. Þetta er alt og sumt að eg hygg, sem kunnugt er um íslenzka menn í danskri verzlunarþjónustu á 17. öldinni, og bendir það til þess, að Íslendingar hafi mjög sjaldan sózt eftir því starfi, enda var það í meira lagi óvinsælt um þær mundir og lengi fram eftir. Á fyrri hluta 18. aldar hefur enginn íslenzkur maður mér vitanlega gengið í verzlunarþjónustu hjá einokunarkaupmönnum nema *Skúli fógeti*, og er það all-eftirtektarvert. Hann var á unga aldri 3 sumur (1725—1727) í verzlunarþjónustu á Húsavík og kyntist þar öllum klækjum einokunarkaupmannanna dönsku, því húsbóndi hans, Henrik Schougaard, var illræmdur mjög. Þótti Einari presti afa hans eigi sem ákjósanlegast að hafa hann lengur undir þeirri handleiðslu og réð því, að hann var tekinn úr verzlunarþjónustunni og settur til náms.[3]) Það er og all-líklegt, að einokunarkaupmenn hafi

---

1) Smbr. Bréf Eggerts ríka á Skarði vestra til Jakobs Hanssonar 18. ág. 1641. Bréfabók Eggerts Björnssonar á Skarði 1632—1673 bls. 155. (Þjskjs.)

2) Smbr. Bréfab. Þórðar bisk. Þorlákssonar 1676—1679 bls. 354 og 1680—1683 fol. 218—219. (Þjskjs.)

3) Æfisöguágrip Skúla eftir Skúla sjálfan. (Lbs. 481, 4to.) Smbr. Skúli Magnússon landfóg. eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 11. Henrik Schougaard var svo óvinsæll hjá Þingeyingum, að Benedikt Þorsteinsson lögmaður skrifaði bæði stjórninni og stiftamtm. og bað þess lengstra orða, að hann væri látinn hætta verzlunarstörfum á Húsavík. Smbr. Bréf lögm. til stiftamtm. 15. sept. 1732. Þjskjs A 75 I, 2.

eigi verið svo áfjáðir í að fá Íslendinga í þjónustu sína, því margt gerðist það í búðunum, sem þeir vildu heldur að leynt færi, og eins máttu þeir eiga von á því, að íslenzkir verzlunarþjónar léti eigi góðfúslega hafa sig til þess, að beita hrekkjum eða ranglæti við landa sína, en það viðgekst eigi sjaldan á meðan einokunin stóð sem hæst. Það var yfirleitt svo mikið djúp staðfest á milli einokunarkaupmanna og landsmanna um þær mundir, að enginn lét sér koma það til hugar, að Íslendingar ætti nokkurt erindi í þeirra hóp. Aftur á móti fer það nokkuð að tíðkast á dögum konungsverzlunarinnar fyrri og Almenna verzlunarfélagsins, en þó einkum á dögum konungsverzlunarinnar síðari, að Íslendingar gangi í verzlunarþjónustu, enda hafði Landsnefndin eindregið mælt með því og talið það eitt af aðalskilyrðunum fyrir frjálsari verzlunartilhögun.[1]) Mun það og hafa ýtt undir, að verzlunarhættirnir voru þá í rauninni orðnir alt aðrir og miklu meiri sanngirni og mannúðar gætt í viðskiftunum. Voru þeir eigi allfáir af landsmönnum, sem ólust upp við verzlunarstörf á dögum konungsverzlunarinnar og Almenna verzlunarfélagsins og hækkuðu smám saman í tigninni. Þannig gekk *Björn Thorlacius,* sonur Haldórs biskups Brynjólfssonar, í verzlunarþjónustu árið 1761 og fetaði sig áfram þrep af þrepi, unz hann var orðinn yfirkaupmaður á Húsavík árið 1783, og gegndi hann því starfi þangað til konungsverzlunin lagðist niður. Sama máli var að gegna nm *Hans Hjaltalín,* son Odds lögréttumanns á Rauðará. Hann mun hafa gengið í verzlunarþjónustu á fyrstu árum Almenna verzlunarfélagsins (um 1765) og orðið yfirkaupmaður á Búðum og Stapa árið 1783. Fengu þeir báðir orð fyrir dugnað og samvizkusemi.[2]) *Páll Hjaltalín,* bróðir Hans kaupmanns, var undirkaupmaður í Stykkishólmi á dögum konungsverzlunarinnar síðari, en *Jón*

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 40.
2) Smbr. Pontoppidan: Handels-Mag. I, 221--222.

nokkur *Jónsson*, mágur þeirra, var undirkaupmaður á Stapa.[1]) Annar mágur þeirra bræðra, *Ólafur Þórðarson Thorlacius*, hafði alizt upp við verzlunarstörf á Stapa og síðan verið undirkaupmaður á Búðum, en gekk í þjónustu Plums kaupmanns í Ólafsvík þegar einokuninni var létt af.[2]) Skömmu eftir að konungsverzlunin síðari hófst var *Jón Eyjólfsson*, faðir sr. Páls skálda, verzlunarþjónn eða undirkaupmaður í Vestmannaeyjum. Var honum borið það á brýn, að hann hefði rekið eða látið reka tóbakssölu mikla undir Eyjafjöllunum veturinn 1775—1776, og þótti jafnvel eigi grunlaust um, að tóbakið hefði verið flutt inn á laun.[3]) Þá gekk og *Magnús Einarsson* frá Bjargi í Miðfirði, bróðursonur Skúla fógeta, í verzlunarþjónustu á Ísafirði árið 1779. Gegndi hann þar verzlunarstörfum í 6 ár, en varð undirkaupmaður á Eyrarbakka árið 1785 og andaðist í janúarmánuði árið eftir. Hafði hann um hríð staðið fyrir verzluninni í forföllum yfirkaupmannsins, »hvað hann og gerði með allri kostgæfni og trúmensku, var og til svoddan hluta vel upplagður framar öðrum,« segir í útfararminningu hans. Er honum þar enn fremur gefinn svolátandi vitnisburður: »Hann var maður sérdeilis skikkanlegur og ráðvandur, bæði til máls og gjörða, framgangandi með jafnri hógværð og stillingu, gegninn og tilleiðingasamur við sína landsmenn, og þó undir eins trúr sínum Principaler og yfirmönnum, hvar með hann ávann sér hvorutveggja þessara kærleika og hylli.«[4]) Að lokum má telja *Jón Vídalín*, bróður Geirs biskups. Hann gegndi verzlunarstörfum á Eyrarbakka, en fórst í siglingu haustið 1781.[5]) Sjálfsagt mætti fleiri telja, ef vandlega væri leitað,

---

1) Árb. Esp. XI, 32.

2) Árb. Esp. XI, 31. Smbr. Plum: Historien om min Handel paa Island. Kh. 1799. Bls. 41 og 80.

3) Smbr. Bréf Thodals stiftamtm. til Þorsteins sýslum. Magnúss. 20. febr. 1776 og til Klogs Kaupm. í Vestmannaeyjum 15 marz 1776. Brb. stiftamtm. XV, 295—298 og 322—324.

4) Lbs. 92, 8vo.

5) Árb. Esp. XI, 31.

en þetta nægir til að sýna, að Íslendingar voru þó nokkuð farnir að gefa sig við verzlunarstörfum á síðustu áratugum einokunarinnar. Er það og maklegt, að minst sé fyrstu íslenzku landnámsmannanna á þessu sviði. Komu sumir þeirra fótum undir sig á þessum árunum og gerðust sjálfstæðir kaupmenn er fram í sótti.

III.

Skipastóllinn og skipshafnirnar. — Farþegaflutningur. — Flutningshlunnindi *(Föring)*.

Það var óefað eitt af því, sem vakti fyrir Kristjáni IV. þegar hann einokaði íslenzku verzlunina, að greiða fyrir siglingum og samgöngum í ríki sínu og ýta undir það, að þegnar hans kæmi sér upp nauðsynlegum hafskipastól, er nýta mætti jafnframt til hernaðar og flutninga í þarfir ríkisins, ef ófrið bæri að höndum. Þetta mun meðfram hafa verið tilgangurinn með öllum verzlunarráðstöfunum hans og réttindaveitingum. Hvað eftir annað skoraði hann á þegna sína, að kaupa eða smíða haffær skip, er nota mætti til hernaðar ef á lægi, og gerði þetta jafnvel að föstu skilyrði í einkaleyfisbréfum sínum.[1]) En þrátt fyrir alla viðleitni varð lítið um framkvæmdir á þessu, og mun það eitt með öðru hafa gefið tilefni til þess, að Íslenzka verzlunarfélagið var leyst upp 7. marz 1662.[2]) Árið 1635 var allur verzlunarfloti Kaupmannahafnar innifalinn í 88 skipum af ýmsum gerðum og stærðum, og af þeim voru að eins 21 haffær skip eða farkostir á borð við »skonnortur«, sem nú er kallað, og stærðin á þeim meira að

1) Smbr. Einkaleyfisbr. Ísl. verzlunarfélagsins 16. des. 1619 § 23 (Lovsaml. for Isl. I, 197--198) og 16. júní 1634 (J. Sig. 374, 4to.)

2) Lovsaml. for Isl. I, 261--262. Smbr. C. Bruun: Kōbenhavn II, 46.

segja mjög misjöfn, frá 30 upp í 100 lestir. Hitt voru alt smáskútur eða farmaskip, sem að eins voru notuð til flutninga innanlands, og voru sum þeirra að eins örfáar lestir, en önnur voru á stærð við lítil hafskip. Aðalmismunurinn á þessum ólíku skipategundum var falinn í gerðinni eða byggingarlaginu og siglingunni, enn ekki í stærðinni. Annars er það aðgætandi, að burðarmagn skipanna var þá jafnan talið í *stórlestum*, en ekki í *smálestum* eins og nú tíðkast, og er það hér um bil helmings munur.[1]) Þessi hafskipafloti var miklu minni en svo, að hann fullnægði flutningsþörfinni, enda er gert ráð fyrir því í einkaleyfisbréfi aðalútgerðarmanna frá 31. júlí 1662 (§ 8), að þeir leggi kapp á að efla hafskipastólinn og njóti þar í móti ýmsra hlunninda.[2]) En þrátt fyrir öll hlunnindi og náðarveitingar voru þeir sýnu tómlátari í þessu efni, en fyrirrennarar þeirra, því árið 1670 voru nær eingöngu útlend skip í förum til Íslands. Með tilskipun 30. sept. þá um haustið var útgerðarmönnum harðlega bannað að hafa önnur skip í förum en þau, er þeir ætti sjálfir eða aðrir þegnar konungs í Danmörku og Noregi.[3]) En það var eigi liðið misseri frá því, að tilskipunin var gefin út, áður konungur veitti undanþágu frá þessu, og á næstu árum leyfir hann íslenzku kaupmönnunum hvað eftir annað að nota útlend skip og jafnvel útlendar skipshafnir,[4]) enda var skipastóll Kaupmannahafnar árið 1678 litlu meiri en árið 1635, og hafði þó lifnað talsvert yfir siglingunum eftir 1670, svo það er auðsætt, að alt hefur verið í kaldakoli á árunum 1662—1670 eftir ófriðinn við Svía.[5])

Um aldamótin 1700 var þó nokkuð farið að rætast úr þessu, því árið 1704 var skipastóll Kaupmannahafnar orð-

---

1) Smbr. O. Nielsen: København 1536--1660 II, 204--205.
2) Lovsaml. for Isl. I, 280.
3) Lovsaml. for Isl. I, 334.
4) Lovsaml. for Isl. I, 335, 352, 353, 361--363, 366--367 og 369.
5) Smbr. O. Nielsen: København 1660--1699. Bls. 134--135.

inn samtals 208 skip stór og smá. Flest þeirra voru þó af smærri gerðinni, og séu frá talin skip þau, er Austur- og Vesturindisku verzlunarfélögin höfðu í förum, verða eigi eftir nema rúm 50 hafskip, og var helmingur þeirra eða meira að jafnaði í förum til Íslands.[1]) Flest af Íslandsförunum voru það sem kallað var *Flöjter* eða *Flöjtskibe;* voru það stutt og belgvíð þrísigld skip með háum og breiðum yfirbyggingum fram og aftur, og voru þau yfirleitt miklu meiri fyrirferðar en að farmtöku. Af þessum skipum voru að jafnaði milli 20 og 30 eða þar yfir í förum til Íslands þegar dró fram á 18. öldina, en á fyrri hluta 17. aldar höfðu þau sjaldnast verið fleiri en 19 eða 20. Stærðin var ærið mismunandi, frá 30 og upp í 100 (stór-)lestir eða meira.[2]) Af skrá einni yfir skip þau, er gengu til Íslands árið 1721, sést glögt bæði stærð skipanna og upphæð skipaleigunnar það ár. Skipin voru þá samtals 22[3]) og farmtaka þeirra allra 1596 (stór-)lestir, en skipaleigan alls 29,470 rd. Þá gengu 2 skip í Hólminn (Reykjavík), annað 85 lestir, en hitt 47 lestir. Langstærsta skipið gekk á Hofsós og var það 135 lestir, en minsta skipið gekk til Grindavíkur og var eigi nema 31 lest. Á Stykkishólm gekk þá 113 lesta skip, en 39 lesta skip á Bíldudal. Að eins einn af kaupmönnum (Ólafsvíkurkaupmaður) átti sjálfur skip það, er hann hafði í förum, og var það 88 lestir. Hin voru öll tekin á leigu og var skipaleigan mjög mismunandi. Minsta leigan (á Grindavíkurskipi) var 820 rd., en hæst leiga (á Hofsósskipi) 2000 rd. Þó hefur leigan sýnilega eigi farið eingöngu eftir stærðinni, því 1700 rd. voru t. d. greiddir í leigu af 4 skipum, sem öll voru mismunandi að stærð, frá 80 til 96 lestir.

---

1) O. Nielsen: København 1699--1730. Bls. 166. Smbr. Edvard Holm: Danmark-Norges indre Historie 1660--1720 II, 403 og Henvisn. Bls. 67.

2) Bréfab. stiftamtm. I, 71--72 og 410. (Þjskjs.) Til samanburðar má geta þess, að árið 1691 gekk 97 lesta skip til Bátsanda, 38 lesta skip til Skagastrandar og 27 lesta kreari (Krejert) til Grindavíkur. Lbs. 322 fol. Bls. 97--99.

3) Það voru æfinlega áraskifti að því, hve mörg skip gengu til Íslands. Árið 1728 voru þau t. d. 27. Smbr. O. Nielsen: København 1699--1730. Bls. 168.

Hefur hún því að líkindum meðfram verið miðuð við ásigkomulag hafnanna (áhættuna) og við biðina, sem gert var ráð fyrir.[1]) Auðvitað var æfinlega gerður sérstakur skriflegur skipaleigusamningur um hvert skip, og var þá stundum samið um ákveðið gjald fyrir hvert sk℔ af fiski, er út var flutt. Annars má geta þess, að skipaleigan hækkaði gríðarmikið á árunum 1710—1720, enda geisaði þá ófriður mikill á Norðurlöndum, og fram yfir 1730 var skipaekla talsverð í Danmörku. Samt var nú gengið mjög ríkt eftir því, að kaupmenn hefði eigi útlend skip í förum til Íslands, og lá við sjálft að Rifs- og Ólafsvíkurkaupmenn kæmist í klípu fyrir það, að þeir sömdu við Hollendinga um sölu á einum skipsfarmi af höfnum sínum árið 1722 og létu þá sjálfa sækja hann á hollenzku skipi.[2]) Á dögum Hörmangarafélagsins gengu að jafnaði 19 skip til Íslands, að því er Skúli fógeti telur, og gerir hann ráð fyrir, að leigan sé að meðaltali 1600 rd. fyrir hvert skip eða 30,400 rd. fyrir þau öll.[3]) Aftur á móti reyndi Almenna verzlunarfélagið sjálft að koma sér upp skipastól og átti víst um eitt skeið 10 skip í förum, en á seinni árum félagsins gekk skipastóllinn úr sér, svo að eigi voru eftir nema 6 skip, þegar konungur tók við, en annars hafði félagið þá venju, að láta skipaeigendur í janúarmánuði ár hvert gera tilboð um leigu á skipum til Íslandsfarar.[4]) Konungsverzlunin síðari lagði þó enn meira kapp á að koma sér upp öflugum skipastól, enda hafði hún mikið umleikis, og var hún árið 1781 búin að eignast 47 skip, er gengu til Íslands og Finnmerkur.[5]) Þegar afráðið var að losa um einokunarböndin, var hinum nýju kaup-

1) Þjskjs. A 68 III, 8.

2) Smbr. Bréf stiftamtm. til kaupmanna 11. sept. 1722 og svar þeirra 12. sept. s. á. Bréfab. stiftamtm. IV, 20--21 og Þjskjs. A 42.

3) Smbr. Promem ang. den isl. Handel. Viðey 9. júlí 1757. Þjskjs. A 34 nr. 5.

4) Convention mellem Handels-Campagniets Interessenter 8. apr. 1774 (§ 10). Lovsaml. for Isl. IV, 62. Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 77.

5) Smbr. Reglement om Handelen 2. júlí 1781 (§ 6). Lovsaml. for Isl. IV, 609.

mönnum gerður kostur á að eignast þessi verzlunarskip með vægum kjörum,[1]) og sættu margir þeirra boðinu.

Eins og drepið er á hér að framan, var oft og einatt kvartað um siglingaleysi á dögum einokunarverzlunarinnar, en hitt var alsiða, að skipin kæmi eigi út hingað fyr en langt var liðið á sumarið og færi aftur svo að segja að vörmu spori. Þannig voru engin skip komin fyrir alþing (29. júní) árið 1630[2]) og heldur eigi árið 1653.[3]) Árið 1762 komu engin skip fyr en í miðjum júlímánuði og sum eigi fyr en snemma í ágústmánuði.[4]) Árið 1645 kom engin sigling fyr en á Krossmessu um haustið (14. sept.) og árið 1667 jafnvel eigi fyr en um Mikaelsmessu (29. sept.[5]). Langalgengast var það, að skipin kæmi um miðjan júnímánuð og færi aftur seint í júlímáunuði á fiskhöfnunum, en seint í ágústmánuði á sláturhöfnunum.[6]) Hafa þau því að jafnaði eigi dvalið nema 1—2 mánuði í höfnum hér, og það um hábjargræðistímann, svo það var eigi að furða, þótt menn hér á landi væri óánægðir með þetta og teldi kaupstefnufrestinn mikils til of skamman. Því ber sízt að neita, að útgerðarmenn áttu stundum nokkra sök á því, að skipin komu í seinna lagi, en oftar var það þó

---

1) Smbr. Auglýs. 18. ág. 1786 (§ 26). Lovsaml. for Isl. V, 327.

2) Smbr. Skarðsárannál.

3) Smbr. Vallholtsannál (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to).

4) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til Rk. 27. ág. 1762. Bréfab. amtm. XIII, 507 - 508.

5) Smbr. Ballaárannál (J. Sig. 235, 4to), Vallholtsannál (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to) og Feðgaannál (Bmfél. 15 fol. Eftirr. Lbs. 1683, 4to).

6) Á 17. öldinni voru þó kaupmenn að jafnaði nokkuð fyr á ferðinni, því í kaupsetningunni frá 1619 (§ 12) er landsmönnum boðið, að greiða skuldir sínar fyrir Péturs messu og Páls (29. júní) á suðurhöfnunum, en fyrir Knútsmessu (10. júlí) á vesturhöfnunum og fyrir Lafranzmessu (10. ág.) á norður- og austurhöfnunum, eða í síðasta lagi viku seinna (Lovsaml. for Isl. I, 186–187). Þetta var staðfest af landsmanna hálfu með Þýjaskerjadómi 4. maí 1631 (Lovsaml. for Isl. I, 214 og 224 - 227) og síðan ítrekað af konungi í verzlunarskilmálunum og í kaupsetningunum 1684 og 1702. Í verzlunarskilmálunum 13. apr. 1776 (§ 18) var gjalddaginn færður fram og skyldi vera 20. júlí á fiskihöfnunum, en 22. ág. á sláturhöfnunum, eða viku seinna í síðasta lagi (Lovsaml. for Isl. I, 635), og hélzt það úr því. Þó er kaupmönnum í erindisbréfi þeirra 1759 (§ 10 lið 7) boðið að hinkra við á sláturhöfnunum í lengstu lög eða fram til 6. sept., ef unt sé (Þjskjs. A 150 nr. 7).

því að kenna, að skipin voru í þá daga mestu sleðar til siglinga, eins og gerð þeirra ber með sér. Þau komust ekkert áfram nema í blásandi byr og honum hagstæðum, því beitivind gátu þau eigi siglt að neinu ráði og hrakti oftast langt úr leið, ef þau hreptu mótviðri, enda voru þau einatt mjög lengi í hafi. Á 17. öldinni munu þau oftast hafa lagt af stað til Íslands í aprílmánuði, ef ekkert sérstakt var til fyrirstöðu,[1]) en á 18. öldinni eigi fyr en um miðjan maímánuð eða seinna, og komu þau sjaldan aftur frá Íslandi fyr en undir veturnætur eða jafnvel stundum eigi fyr en um jól. Það bar og þrásinnis við, að þau urðu að leita hafnar í Noregi og hafa þar vetrardvöl. Auk þess voru siglingabréf mjög ófullkomin um þær mundir og strandmælingar skamt á veg komnar, svo hættan var margföld í samanburði við það, sem nú er, enda voru slysfarir mjög tíðar að því er virðist, en vátrygging venjulega engin eða þá að minsta kosti mjög ófullkomin á 17. öldinni og framan af hinni 18.[2]) Þess ber og að gæta, að fleiri voru þá hættur í hafi en stormar og stórviðri. Á 17. öldinni var oft og einatt mjög óhreint í hafi af víkingum og ránsmönnum, eigi síst á ófriðartímum, og urðu kaupförin að vera við því búin að mæta þeim. Þau voru því oftast meira eða minna vopnuð og fengu kaupmenn stundum lánaðar fallbyssur og skotfæri úr vopnabúri konungs til þess að vera við öllu búnir. Þannig fékk Hans Nansen vorið 1663 lánaðar 8 fallbyssur, er skotið var úr 4—6 punda kúlum, og voru 14—16 kúlur með hverri

---

1) Smbr. Einkaleyfi kaupmanna 28. apr. 1614. Lovsaml. for Isl. I, 176.

2) Af bréfi kaupmanna til stjórnarinnar haustið eða veturinn 1704 er það auðsætt, að þeir hafa beðið allmikið tjón af slysförum. Höfðu sumir þeirra alls eigi vátryggt farma sína, en sumir að einhverju leyti og voru þó litlu nær, því þeir sem að vátryggingunni stóðu voru eigi ráðvandari eða ábyggilegri en svo sumir hverir, að þeir struku úr landi þegar að skuldadögunum kom eða slettu í vátryggjendur 30—40 % (Smbr. Skjöl Gottrúps lögm. frá síðari ferð. Nr. 15. Lbs. 50 fol.) Í kringum 1720 vátrygðu kaupmenn að jafnaði farma sína í Hollandi (Smbr. Bréfab. stiftamtm. V, 33—48), en árið 1726 var stofnað sjóvátryggingarfélag í Kaupmannahöfn og var íslenzku útgerðarmönnunum mikill styrkur og hagræði að því. (Smbr. O. Nielsen: Københavns 1619—1730. Bls. 171).

byssu, en Hans Pedersen Bladt fékk þá um leið 4 *minni* fallbyssur að láni og 16 þriggja og fjögra punda *kúlur* með hverri þeirra.[1]) Þegar Danir áttu sjálfir í ófriði voru þessar ráðstafanir allsendis ónógar, og var þá að jafnaði hagað svo til, að kaupförin sigldu öll í einum flota og voru þeim fengin herskip til fylgdar fram og aftur.

Bæði byggingarlag skipanna og svo hitt, að þau urðu að vera við öllu búin í hafi, gerði það að verkum, að fleira fólk þurfti til þeirra, en ætla mætti eftir stærðinni. Raben stiftamtmaður gerir ráð fyrir því í bréfi til konungs 31. okt. 1720, að 8—14 manns sé að jafnaði á hverju Íslandsfari auk skipherra og stýrimanns,[2]) og í öðru bréfi frá 28. jan. 1723 er því haldið fram, að meðaltala skipverja sé 10—12 á hverju skipi, eða að minsta kosti 230 manns á öllum Íslandsförum.[3]) Fyrir utan *skipherra* og *stýrimann* voru á hverju skipi *höfuðbátsmaður* (Höjbaadsmand), *bátsmaður* (Baadsmand), *skotmenn* (Bössеskytter, Konstabler), *timburmenn*, *hásetar*, *matsveinn* og *drengir* einn eða fleiri; að minsta kosti var það svo á 16. og 17. öldinni[4].) Skipverjar voru oft og einatt sinn úr hverri áttinni og urðu einokunarkaupmenn fyrst í stað að sætta sig við að nota þýzk skip og þýzkar skipshafnir, því Danir voru engin siglingaþjóð þegar einokunarverzlunin hófst og óvanir Íslandsferðum, enda þótti það eigi heiglum hent í þá daga að sigla langt norður í höf. Þetta lagaðist þó smám saman og var mikil áherzla lögð á það, að skipherrar og stýrimenn væri búsettir í Kaupmannahöfn, en margir þeirra voru þó innflytjendur af þýzkum og hollenzkum ættum og hélzt það fram til loka 17. aldar.[5])

Það var algeng venja fyr á öldum, að hásetar ætti hlut

---

1) Sjællandske Tegnelser 1663 nr. 36 p. 495 (Rskjs.). Smbr. J. Sig. 110, 4to (Regesta I).

2) Bréfab. stiftamtm. I, 71—77 (Þjskjs.).

3) Bréfab. stiftamtm. V, 69—77 (Þjskjs.).

4) Smbr. Kanc. Brevb. 1588—1592 bls. 488—491 og Lovsaml. for Isl. I, 199—200 og 232.

5) Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1660—1699. Bls. 136.

í farmi skipsins eða hefði með sér eitthvað af varningi og ræki lítilsháttar verzlun upp á eigin spýtur, alveg eins og sagt er um farmennina eða verzlunarþjónana.[1]) Hélzt það síðan lengi, að skipverjar eða sjófarendur hefði rétt til verzlunar með ákveðnar vörutegundir.[2]) Þóttu þeir nota sér það óspart á fyrstu áratugum einokunarverzlunarinnar. Reyndu kaupmenn sjálfir að sporna við því, en varð víst lítið ágengt, enda sóttu landsmenn eftir kaupum hjá þeim.[3]) Að lokum var það þó af tekið með konungsbréfi 22. marz 1620, sem fyr segir, en skipherrum, stýrimönnum og hásetum í þess stað heimilað að leggja inn hjá verzlunarfélaginu ákveðna peningaupphæð áður látið væri úr höfn og skyldi þeir fá hana tvöfalda aftur að haustinu. Þannig var skipstjórum heimilað að leggja inn 60 dali gegn því að fá aftur 120, stýrimönnum 40 og fá aftur 80, höfuðbátsmönnum 30 og fá aftur 60, skotmönnum 25 og fá aftur 50, undirbátsmönnum 20 og fá aftur 40 o. s. frv. Má af þessu nokkuð marka kaup þeirra, því sú mun venjan hafa verið, að skipverjar legði jafnmikið fé til ávöxtunar og kaupi þeirra nam. Aftur á móti var þeim bönnuð öll verzlun við landsmenn og skyldi varan upptæk, ef þeir yrði berir að því, og kaup þeirra að auki, hálft til konungs og hálft til útgerðarmanna.[4]) Þessi boðorð voru öll ítrekuð í Reglug. 8. maí 1646.[5])

Það mætti nú ætla, að skipverjar hefði gert sig sæmilega ánægða með þessi hlunnindi, því hér var þeim lagður 100 % ágóði upp í hendurnar, án þess að þeir þyrfti nokkuð fyrir að hafa. Það mun þó hafa við brunnið, að

---

1) Smbr. Jón Jónsson: Gullöld Íslendinga. Rv. 1906. Bls. 269–270.

2) Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1536–1660 II, 177—178.

3) »Þessir kaupmenn hafa og í nokkur ár skorður við reist, að skipherrar þeirra og skipsfólk skuli lítið eða alls ekkert selja mega, hvað að er í móti gömlum vana, því semdi mönnum ei fyrr við kaupmann, þá mátti almúginn víxla nokkuð lítið við skipherra og undirfólk,« segir í kæruskjali Ísfirðinga frá 1615. (Lbs. 67, 4to.)

4) Lovsaml. for Isl. I, 199–201.

5) M. Ket. II, 450–463 og Lovsaml. for Isl. I, 231—233.

þeir ræki lausaprang eftir sem áður, og veitti kaupmönnum mjög örðugt að koma í veg fyrir það, enda þótt þeir reyndi af öllum mætti að afstýra því. Þannig fyrirbauð Magnús Jónsson lögmaður að undirlagi Stykkishólms-kaupmanns 18. maí 1692 á Staðarbakka í Helgafellssveit, »að nokkur maður, sem kaupstefnu með réttu ætti til Stykkishólms, skyldi nokkra kauphöndlun hafa hér eftir við skipherra eður skipfólk, sem liggjandi kann verða á Stykkishólms höfn, fyrir utan þarverandi kaupmanns full-komlegt leyfi og tillátssemi, undir þær frekustu lagasektir, sem þar við liggja.«[1]) Varð stundum talsverð rekistefna út af þessari launverzlun og það enda þótt um smámuni eina væri að ræða. Þannig voru nokkrir menn dregnir fyrir lög og dóm á Ingjaldshólsþingi 14. ág. 1702 út af verzlun þeirra við skipverja á Ólafsvíkurhöfn. Sannaðist það, að einn þeirra hafði keypt að þeim eina tunnu af mjöli, annar eitt kvartel af mjöli og hinir nokkuð af brennivíni, og var þeim hlíft við refsingu eftir auðmjúka fyrirgefningarbón gegn því, að þeir ræki aldrei oftar slíka launverzlun.[2]) Það sem freistaði manna til slíkrar verzl-unar við skipverja var það, að þeir skulduðu oft og einatt kaupmanni sjálfum og áttu þá stundum eigi varning upp í skuldina, hvað þá heldur meira, og svo hitt, að þeir fengu að jafnaði miklu betri kaup hjá skipverjum en hjá kaupmanni.[3]) Það reyndist mjög erfitt að sporna algerlega við þessu á dögum umdæmaverzlunarinnar, og komst því smám saman sú venja á, að semja um það fyrir fram í

1) Dóma- og úrskurðabók Magnúsar lögm. Jónssonar 1690—1692. Bls. 453. (Þjskjs.)

2) Dóma- og þingbók Snæfs. í tíð Magnúsar sýslum. Björnssonar 1697—1706. (Þjskjs.)

3) Smbr. Svar kaupmanna 29. nóv. 1701 við tillögum Gottrups lögm. (Lbs. 91 fol.) og bréf kaupmanns í Rifi 4. júlí 1703 til Árna Magnúss. og Páls Vidalíns (Lbs. 336, 4to bls. 249—286). Í seinna bréfinu segir, að landsmenn fái oft og einatt hjá skipverjum einn ríkisdal fyrir 7—8 fjórð. af fiski, en í verzluninni urðu þeir að gefa fyrir hann 9½ fjórð. eða 48 fiska eftir kaupsetningunni. Þetta notuðu sumir sér til að »kaupa« peninga, sem kallað var, hjá skipverjum og verzla svo aftur með þá í búðinni, en það var kaupmönnum illa við, því þeir vildu fá sem mest af fiskinum, en sóttust lítið eftir peningunum.

hvert skifti, hvort skipshöfnin skyldi njóta flutningshlunninda eða eigi. Í skipaleigusamningum frá fyrri hluta 18. aldar eru jafnan ákvæði þessu viðvíkjandi. Er þar ýmist tekið fyrir öll flutningshlunnindi, og skipverjum þá eflaust greitt hærra kaup, eða þá að þeir eru skuldbundnir til að flytja eigi meira góz, en kaupmenn vilji góðfúslega gefa þeim leyfi til, og reka eigi launverzlun á höfnunum framar en góðu hófi gegni, en láta útgerðarmanninn sjálfan sitja fyrir kaupum á íslenzku vörunni þegar heim kæmi, að viðlagðri 4 rd. sekt fyrir hvert sk℔ af fiski, er undan væri dregið.[1]) Skipverjar hafa engu síður en verzlunarþjónar verið skuldbundnir til að kaupa þann varning af útgerðarmanni, er þeir ætluðu sér að verzla með á Íslandi, og fengu skipverjar á Hafnarfjarðarskipi í þessu skyni árið 1712 allir í sameiningu 270 ℔ af tóbaki og 730 potta af brennivíni, en árið 1718 fengu þeir 250 ℔ af tóbaki og 544 potta af brennivíni.[2]) Árið 1707 fengu þeir leyfi til að flytja út af harðfiski sem hér segir: skipstjóri 30 sk℔, stýrimaður 14 sk℔, bátsmaður og timburmaður 7 sk℔ hvor, matsveinn 6 sk℔ og hásetar 5 sk℔ hver.[3]) Þessi siður viðgekst oftast nær meðan umdæmaverzlunin hélzt, eins og ljósast má ráða af skipaleigusamningum og verzlunarreikningum frá þeim tíma og sömuleiðis af bréfum íslenzkra embættismanna til stiftamtmanns. Þannig segir Þorsteinn sýslum. Sigurðsson í bréfi til stiftamtmanns 7. okt. 1721, að skipverjar í Vopnafirði reki talsverða verzlun við landsmenn og hæni þá að sér með betri kjörum, en verzlunin sjálf bjóði, og láti kaupmenn það afskiftalaust, ef eigi keyri fram úr hófi.[4])

Þó að þetta viðgengist afskiftalítið á dögum lausakaupmanna, játuðu samt allir hlutaðeigendur, að það væri

---

1) Smbr. Skipaleigusamning frá 28. marz 1706, 18. marz 1707 og 28. marz 1707 (Lbs. 91 fol.). Ennfr. leigusamn. frá 6. apr. 1724 og 30. mai 1732 (Lbs. 92 fol.).

2) Lbs. 91 fol.

3) Smbr. Bréf frá Hafnarfjarðarkaupmanni 1707 til útgerðarm. í Kaupmhöfn. (Lbs. 91 fol.)

4) Pjskjs. A 88 nr. 1.

skaðleg venja og kaupmönnum sjálfum til stórtjóns. En í þessu sem öðru strandaði alt á samtakaleysi kaupmanna. Eitt af því, sem formælendur félagsverzlunarinnar töldu henni til gildis, var einmitt það, að hún mundi útrýma þessum ósið[1].) Það var líka eitt af fyrstu verkum kaupmanna þegar breytt var til um verzlunina árið 1733, að svifta verzlunarþjóna og skipverja öllum flutningshlunnindum, og var þeim bætt það upp með kauphækkun, er nam 20,000 rd. á ári.[2]) Landsmenn kunnu þessu illa og munu víst eftir sem áður hafa leitað til skipverja í viðlögum og fengið oft einhverja úrlausn hjá þeim, þótt bannað væri. En á dögum Hörmangarafélagsins var að mestu tekið fyrir þetta. Var allur aukaflutningur á skipum félagsins stranglega bannaður, en skipshöfnum í þess stað heitið uppbót á kaupi sínu eftir ákveðnum reglum, og var hún miðuð við fríflutning þann, er áður hafði tíðkast, og stærð skipanna, sem hér segir:

a) Af 30—50 lesta skipi.

Skipstjóri flutningsuppbót á	16	skﬓ
Stýrimaður	10	—
Timburmaður	6	—
Bátsmaður	6	—
Matsveinn	6	—
Hásetar (hver)	5	—
Drengir (hver)	3	—

b) Af 50—80 lesta skipi.

Skipstjóri flutningsuppbót á	20	skﬓ
Stýrimaður	10	—
Timburmaður, bátsmaður og matsveinn (hver) .	6	—
Hásetar (hver)	5	—
Drengir (hver)	3	—

---

1) Smbr. Athugasemdir Holsteins greifa við félagsverzlunarfrv. Rabens stiftamtm. 14. apr. 1723. Bréfab. stiftamtm. V, 1—19 og Þjskjs. A 42.

2) Smbr. Bréf kaupmanna til stjórnarinnar 30. apr. 1734. Fylgir Rkbr. til amtm. og landfóg. 10. mai 1734, Þjskjs. A 114.

c) Af 80 lesta skipi eða stærra.

Skipstjóri flutningsuppbót á	24 sk℔
Stýrimaður	12 —
Timburmaður, bátsmaður og matsveinn (hver) .	7 —
Hásetar (hver)	5 —
Drengir (hver)	3 —

Þessi uppbót var reiknuð 4 rd. fyrir hvert sk℔ og miðuð við farm skipanna þannig, að af fullum farmi eða þó á vantaði $^1/_8$ hluta var greidd full uppbót, af $^3/_4$ hlutum farms $^3/_4$ hlutar uppbótar og af hálfum farmi hálf uppbót. Á sláturhöfnunum voru 500 tunnur af kjöti með öðrum landbúnaðarafurðum (gærum, tólg o. s. frv.), sem fylgdu því, talinn fullur farmur og uppbótin miðuð við það. Ef skipstjóri eða nokkur af skipverjum varð uppvís að því, að leyna flutningsgózi í skipinu, skyldi öll skipshöfnin hafa fyrirgert uppbótinni og gózið upptækt, en skipverjar eiga krófu til þess, að skipstjórinn sjálfur bætti þeim skaðann úr sínum vasa.[1]) Sama skipun var víst á ger á dögum konungsverzlunarinnar og úr því, enda var þá og skipverjum stranglega bannaður allur flutningur og lausaprang.[2]) En það virðist hafa gengið mjög illa að koma í veg fyrir þetta, því 14. marz 1775 ritaði tollstjórnin sýslumönnum öllum og bauð þeim að hafa strangar gætur á því, að enginn af landsmönnum færi út í verzlunarskipin eða hefði nein mök við skipverja, svo að tekið yrði fyrir þetta launprang.[3])

Auk þessara flutningshlunninda eða annara hlunninda, sem komu í þeirra stað, nutu skipshafnirnar ýmsra fríðenda fyr á öldum, að minsta kosti annað veifið. Þannig var það alsiða á dögum umdæmaverzlunarinnar, að skipstjórar fengi einhverja þokkabót að aflokinni ferð (kap-

1) Samþ. Hörmangarafél. 24. febr. 1748 (§ 20). Fylgiskj. 7.
2) Smbr. Erindisbréf kaupmanna 26. marz 1759 (§§ 2 og 19). Þjskjs. A 150 nr. 7.
3) Lovsaml. for Isl. IV, 117 -118. Smbr. Alþb. 1775 nr. 15.

lacken),[1]) og var það stundum tekið fram í skipaleigusamningunum, að hún skyldi fara eftir því, hvernig skipstjórinn reyndist, eða eftir geðþótta útgerðarmannsins.[2]) Mun það og hafa farið nokkuð eftir stærð skipsins og verðmæti farmsins. Í reikningum Hafnarfjarðarverzlunar 1729 er skipaleigan talin 10.83 rd. 2 mk. Courant, en þokkabót skipstjóra 20 rd.[3]) Á seinni hluta 18. aldar er gert ráð fyrir því, að þokkabót skipstjóra sé 4 mk. af hverri smálest skipsins.[4]) Um fríðendi skipverja er sjaldnast getið í samningum, en af öðrum gögnum er það ljóst, að þeir hafa eigi með öllu farið varhluta af þeim, þótt eigi væri þau greidd af hendi í peningum. Kaupmenn áttu svo mikið undir þægni og alúð skipverja bæði við fermíng og afferming skipanna, fiskverkun, söltun, sláturstörf o. s. frv., að eigi var nema eðlilegt, að þeir teldi sér skylt að gera vel við þá, enda var þeim oft og einatt heimilað í erindisbréfunum, að veita skipshöfninni glaðning þegar eitthvað sérstakt væri um að vera, ef hún sýndi dugnað og áhuga, og eins var það gamall siður að halda skipverjum veizlu á jónsmessukvöld eða gefa þeim gjafir til þriggja eða fjögra hundraða, ef eigi gat orðið af gleðskapnum. Hafa skipverjar vafalaust séð um, að slík hlunnindi gengi eigi úr gildi, enda er það að heita má fastur útgjaldaliður á öllum verzlunarreikningum frá fyrri hluta 18. aldar og jafnan skírskotað til gamallar venju.[5])

Eins og kunnugt er, réðust Íslendingar oft og einatt til utanferðar fyr á öldum, og virðast engar hömlur hafa verið á það lagðar fyr en dró fram á seinni hluta 16. aldar. Þá tóku höfuðsmennirnir dönsku upp á því, að banna mönnum utanför án sinnar vitundar eða síns leyfis.

---

1) Orðið er komið úr hollenzku og þýðir eiginlega klæði í húfu eða hettu, en tilgangurinn með hugnuninni var sá, að hvetja skipstjóra til árvekni í því, að sjá hag útgerðarmanna borgið af fremsta megni.

2) Smbr. Skipaleigusamning 28. marz 1766. Lbs. 91 fol.

3) Lbs. 92 fol.

4) Smbr. Pontoppidan: Handels-Mag. II, 35.

5) Smbr. Lbs. 91 og 92 fol.

Útvegaði þá Guðbrandur biskup 20. marz 1573 konungsbréf þess efnis, að öllum skyldi heimilt að fara utan án þess að teknar væri af þeim nokkrar skuldbindingar.[1] Þetta nægði til þess, að menn gátu nú oftast farið ferða sinna án þess að leita til höfuðsmanns eða valdsmanna í hvert skifti. En þó vildi það enn við brenna, að hömlur væri lagðar á ferð manna, ef nokkur grunur lék á því, að þeir ætluðu að bera sig upp við konung eða stjórnina út af embættisrekstri höfuðsmanns eða leita réttar síns gagnvart honum. Þetta átti sér t. d. stað um aldamótin 1600 á dögum Jóhanns Bockholts höfuðsmanns. Höfðu deilur risið með honum og Þórði lögmanni Guðmundssyni, og vildi lögmaður senda utan systurson sinn, Jón Vigfússon yngra, í erindum sínum, en höfuðsmaður gerði boð í allar hafnir syðra og vestra og bannaði kaupmönnum að flytja hann. Tókst Jóni loks að komast utan í Vestmannaeyjum, því þangað hafði bannið eigi náð í tæka tíð.[2] Sömu aðferð beitti Herluf Daa í deilum sínum við Odd biskup árið 1618. Bannaði hann kaupmönnum að flytja Árna Oddsson til Íslands um vorið, svo að þeir feðgar fengi eigi komið við gögnum sínum á alþingi, en Árni gat að lokum náð í Vopnafjarðarskip og kom á síðustu stundu til alþingis og barg málum föður síns, sem frægt er orðið.[3] Þetta atvik mun hafa gefið tilefni til þess, að kaupmönnum var boðið í verzlunarskilmálunum árið eftir (§ 13), að flytja þá menn utan á skipum sínum fyrir sanngjarna borgun, er erindi ætti á konungsfund eða kæra vildi mál sín,[4] og var það ítrekað í verzlunarskilmálunum 31. júlí 1662 (§ 12).[5] Tólf árum seinna var þó lagt bann fyrir það, að menn sigldi af landinu án þess að fá áður vegabréf (passa) hjá amtmanni eða land-

1) M. Ket. II, 71—72. Kanc. Brevb. 1571—1575 bls. 242—243. Smbr. Varnarrit Guðbrands bisk. (Safn. t. s. Ísl. II, 336—337).
2) Árb. Esp. V, 94—95.
3) Árb. Ísl. VI, 2—4.
4) Lovsaml. for Isl. I, 196—197.
5) Lovsaml. for. Isl. I, 281.

fógeta, og var það gert til þess að afstýra því, að menn væri í förum landa á milli og ræki launverzlun með ýmsan varning, eins og þá var mjög farið að tíðkast.[1]) En það var mjög erfitt oft og einatt að fullnægja þessu skilyrði, því á afskektum höfnum gátu menn eigi náð til háyfirvaldanna, enda var þessu eigi framfylgt mjög stranglega. Þó voru lengi vel ýmsir örðugleikar á því að komast landa á milli, eigi sízt ef menn áttu í einhverjum útistöðum við kaupmenn eða yfirvöldin. Þannig neituðu kaupmenn að flytja þá Jón Torfason og Kristján Davidsen til Íslands vorið 1707 og varð stiftamtmaður að skerast í leikinn.[2]) Þá gekk og Oddi lögmanni Sigurðssyni oft og einatt mjög illa að útvega sér far landa á milli eftir að vegi hans tók að hnigna, enda var hann þá oftast vegabréfslaus og stundum lagt blátt bann við að flytja hann. Þó tókst honum að jafnaði að komast utan með því að bera nógu mikið fé í kaupmenn. Þann bannaði Jóhann Gottrúp Búðakaupmanni sumarið 1722 að flytja Odd utan, en hann gerði það eigi að síður og segir Gottrúp, að Oddur hafi launað honum greiðann með 100 rd.[3]) Enn fór Oddur utan passalaus sumarið 1725 og 1727 og kærði stiftamtmaður yfir því, en fekk það svar aftur frá stjórninni, að eigi gæti komið til mála að banna mönnum að leita réttar síns, enda væri það þvert ofan í verzlunarskilmálana.[4]) Þegar Oddur var síðast á ferðinni veturinn 1731—1732 varð stiftamtmaður að ganga í að útvega honum far, því kaupmenn neituðu að flytja hann, enda var þá eigi lengur um feitan gölt að flá þar sem hann var.[5]) Þegar líða tók á 18. öldina fóru utanferðir mjög í

1) Smbr. Kgsbr. 5. mai 1674. Lovsaml. for Isl. I, 354—355. Í bréfi þessu er talað um amtmann og landfógeta, en hvorugt þeirra embætta var þá til hér á Íslandi. Henrik Bjelke var þá enn höfuðsmaður og hafði hér umboðsmann sinn eða fógeta.

2) Þjskj. A 84 II, 1.

3) Smbr. Bréf Gottrúps til Búðakaupm. og Fuhrmanns amtm. 9. og 26. ág. 1722. Þjskjs. A 68 II, 25.

4) Rkbr. til Rabens stiftamtm. 17. mai 1727. Þjskjs. A 114.

5) Bréfab. stiftamtm. VIII, 340—341.

vöxt, og létu þá sumir nægja að fá passa til ferðarinnar hjá sýslumönnum, en amtmaður kærði þetta og hélt því fram, að svo mikil brögð væri orðin að þessum utanferðum, að til vandræða horfði fyrir atvinnuvegina, ef eigi væri skorður við reistar. Ritaði þá stiftamtmaður verzlunarfélagsstjórninni bréf 14. maí 1764 og bað hana taka kaupmönnum vara fyrir, að flytja menn utan án þess að þeir hefði lögmæltan passa frá amtmanni,[1]) og í tilskipun um stofnun dómsmálasjóðs á Íslandi, sem út var gefin þá um haustið, var lögð 4 rd. sekt við því (§ 14) að flytja menn utan passalaust.[2]) Þessi boðorð voru ítrekuð með Rkbr. 13. júní 1786.[3])

Auk þeirra erfiðleika, er nú voru taldir, áttu menn fyr á öldum við enn fleiri óþægindi að stríða á utanferðum sínum. Þeir máttu jafnan vera við því búnir, að lenda í höndum víkinga eða velkjast lengi í hafi, og aðbúnaður þeirra á skipunum var að jafnaði eigi sem beztur. Þegar farþegarnir voru af almúgastétt, töldu skipverjar sér eigi vandleikið við þá og létu þá á stundum sæta óblíðri meðferð. Að minsta kosti virðist mega ráða það af kæruskjali einu frá 1785. Er það undirritað af 5 farþegum og var einn þeirra Þorsteinn stúdent Stefánsson, sonur sr. Stefáns Haldórssonar á Myrká. Þeir voru 8—9 vikur á leiðinni, en lágu hálfsmánaðartíma í höfn í Noregi. Allan þann tíma höfðu þeir mjög lélegt fæði og fengu eigi annað en fúlt vatn til drykkjar. Höfðu þeir þó orðið að leggja íslenzkan mat á borð með sér, bæði smjör og kjöt og annað, sem þá var mjög torgætt vegna harðinda og dýrtíðar, en skipstjóri tók það eftir eigin mati upp í fæðispeninga þeirra á leiðinni. Auk þess voru þeir látnir vinna algeng skipsstörf á leiðinni og jafnvel skiftast til að standa á verði dag og nótt, eins og væri þeir ráðnir til skipsins. Færi þeim störfin óliðlega úr hendi, urðu þeir að sæta

1) Bréfab. stiftamtm. XIII, 44—45.
2) Lovsaml. for Isl. III, 522.
3) Lovsaml. for Isl. V, 266—267.

kaðalhöggum og barsmíð bæði af skipstjóra og skipverjum og voru jafnvel stundum dregnir á hárinu til vinnu sinnar. Þó var stúdentinum hlíft við höggum og barsmíð, en að öðru leyti varð hann að sæta sömu kjörum og hinir. Ofan á alt þetta voru þeir húðskammaðir og landi þeirra og þjóð niðrað og formælt á allar lundir í áheyrn þeirra. Meðan þeir stóðu við í Noregi voru þeir látnir flytja á skip allmikið af brenni, sem skipstjóri hafði keypt, og koma því fyrir í skipinu, og er því haldið fram, að öllum erfiðustu og sóðalegustu störfunum hafi verið létt af skipverjum og hlaðið á þá. Þegar til Hafnar kom, urðu þeir margsinnis að ganga eftir farangri sínum, áður þeir fengi hann, og var þá búið að stela rúmfatnaði Þorsteins Stefánssonar og ýmsum fataplöggum hans, en því var til svarað, er gengið var eftir þeim, að skipverjum bæri engin skylda til að hafa gætur á dóti farþega, og varð hann að láta sér það lynda. Skömmu eftir landtökuna sýktust nokkrir af farþegunum og lágu all-lengi á sjúkrahúsi, og héldu þeir því fram, að það væri af illum aðbúnaði á leiðinni. Auðvitað bar skipstjóri af sér allar sakir, þegar hans umsagnar var leitað, en kannaðist þó við, að farþegunum hafi verið haldið til vinnu á leiðinni, og aftekur eigi, að bátsmaður kunni að hafa látið þá þrifa undan sjálfum sér, því sóðaskapur þeirra hafi gengið fram úr hófi. Kveðst hann hafa tekið suma þeirra á skip með því skilyrði, að þeir gegndi einhverjum störfum á leiðinni, og hafi það verið gert í því skyni, að firra þá skyrbjúg og afstýra því, að skipverjar sýktist af þeim. Hafi og sízt af veitt að herða á þeim að hreyfa sig, því að þeir hafi verið svo latir, að þeir hafi ekki einu sinni nent upp á þilfarið til þess að gegna erindum sínum. Þorsteini Stefánssyni stóð til boða matur í lyftingu fyrir 8 mörk á viku, en hann bar við fátækt og kaus heldur að eiga mötuneyti við landa sína. Að öðru leyti er málsvörn skipstjóra heldur lakleg, þó að stýrimaður og 4 af skipverjum styddi framburð hans og byðist til að staðfesta hann með eiði,

og er vant að sjá, hvað rétt sé eða rangt í þessu máli, því vitnisburðirnir eru svo gagnstæðir. Þjófnaðaraðdróttun farþega vísa þeir frá sér með þjósti, og um heilsufar þeirra segir skipstjóri, að þeir hafi verið magrir og vesaldarlegir er þeir stigu á skipsfjöl, en feitir og pattaralegir þegar ferðinni var lokið. Af stjórnarinnar hálfu var ekkert frekara gert í málinu, og hlutaðeigandi farþegar hafa víst eigi treyst sér til að halda því til laga.[1])

Í verzlunarskilmálunum 29. jan. 1684 (§ 17) eru kaupmenn skyldaðir til að flytja farþega landa á milli endurgjaldslaust, ef þeir sjálfir leggi sér til fararnesti, og er farþegum bannað að hafa meiri varning meðferðis, en þeir nauðsynlega þurfi til uppeldis sér og kostnaðar í utanförinni.[2]) Þessu ákvæði er síðan haldið óbreyttu í öllum verzlunarskilmálum þangað til Almenna verzlunarfélagið kom til sögunnar. Á dögum Hörmangara fóru þó kaupmenn að amast við því, að farþegar hefði nesti með sér á leiðinni, og heimtuðu í þess stað 5 mörk á viku í fæðispeninga af hverjum farþega. Kom það sér stundum illa fyrir fátæka pilta, sem fóru utan til iðnaðarnáms, því þeir voru að öllum jafnaði mjög félitlir, enda kærði Bjarni Haldórsson sýslumaður Höfðakaupmann fyrir þetta sumarið 1759 og fekk amtmannsúrskurð fyrir því litlu síðar, að kaupmenn væri skyldir til að flytja farþega með þeim kjörum, að þeir legði sjálfir á borð með sér á leiðinni, eins og boðið væri í verzlunarskilmálunum og tíðkast hefði að undanförnu.[3]) Þó munu kaupmenn hafa farið sínu fram um þetta, því skilmálar Almenna verzlunarfélagsins 15. ág. 1763 (§ 35) gera ráð fyrir því, að farþegar greiði í fæðispeninga á viku hverri 8 mörk í lyftingu, en 4 mörk undir þiljum, eins og tíðkast hafi á dögum Hörmangarafélagsins.[4]) Eins og geta má nærri varð

1) Isl. Journal 6 nr. 915 og 1008 (Rskjs.) Smbr. Sunnanfara VI, 95—97.
2) Lovsaml. for Isl. I, 411.
3) Þjskjs. A 76 nr. 13. Smbr. Bréfab. amtm. IX.
4) Lovsaml. for Isl. III, 484.

eigi hjá því komist, að misklíð yrði út af heimild þeirri, er áður var getið, að farþegar mætti sér að kostnaðarlausu hafa utan með sér svo mikið af íslenzkum varningi, að nægilegt væri til uppeldis þeim og framfærslu í Kaupmannahöfn. Ef mikið hefði verið um farþega, þá hefði slík flutningakvöð komið allhart niður á kaupmönnum, en það var hvorttveggja, að farþegar voru að jafnaði fremur fáir, enda gerðu fæstir þeirra krófu til slíkra flutningshlunninda. Það voru í rauninni eigi nema embættismenn einir, sem hér komu til greina, og þeir voru ekki svo oft á ferðinni. Skúli fógeti var þó ein af undantekningunum, því hann var mjög oft í förum landa á milli, enda færðust kaupmenn undan þessari flutningakvöð í hans þágu á dögum Almenna verzlunarfélagsins og báru því við, að hann væri of frekur í kröfum sínum, en hitt væri eigi lögmælt, hve miklu farangurinn mætti nema. Sneri þá landfógeti sér til stiftamtmanns veturinn 1769 og fór fram á það, að sér væri heimilað að flytja í hvert skifti vörur til 300 rd., og mætti það eigi minna vera til þess að lifa sómasamlega í Kaupmannahöfn vetrarlangt. Gerði hann ráð fyrir, að kaupmönnum væri afhent varan í höfn á Íslandi, og að félagið greiddi hana út aftur í peningum eftir venjulegu pakkhúsverði í Kaupmannahöfn. Stiftamtmanni þótti þetta sanngjarnt og lagði til, að það væri fastákveðið með konungsúrskurði, en það mun þó eigi hafa verið gert.[1]) Löngu seinna hreyfði Skúli þessu máli enn á ný í sambandi við aðrar fleiri athugasemdir viðvíkjandi verzluninni, og komst þá að þeirri niðurstöðu, að flestir embættismenn ætti að geta komist af með 1—200 rd. flutning á ferðum sínum, en öðrum mundi nægja 50—100 rd. vörubirgðir.[2])

Það mun hafa viðgengist frá því snemma á 17. öld, að

1) Smbr. Brb. stiftamtm. XIII fol. 261—262.

2) Smbr. Noget lidet, af saa meget, til nærmere Betænkning ved den fra 1783 til 1810 Aars Udgang forfattende isl. Handelsforordning. (Bmfél. Viðb. nr. 101 bls. 60—62).

kaupmenn tæki lítilsháttar vörusendingar til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn frá ættingjum þeirra á Íslandi, gegn sanngjarnri borgun fyrir flutning og annan áfallinn kostnað. Mun það einkum hafa verið íslenzkur matur, og svo ef til vill eitthvað af klæðaplöggum, sem ættingjar létu af hendi rakna til framfærslu stúdentum, eða ætluðust til að þeir kæmi í peninga og verði sér til námskostnaðar.[1]) Þegar félagsverzlun hófst á ný árið 1733, gerðu kaupmenn sig líklega til þess að svifta stúdenta þessum hlunnindum, enda var þá farið að senda alls konar varning, sem stúdentar vörðu sjálfir í peninga í Kaupmannahöfn. Undu þeir því illa að missa af þessu hnossi og flýðu á náðir stjórnarinnar, en hún brást vel við og hlutaðist til um það við félagsstjórnina, að stúdentar fengi árlega vörusendingar af Íslandi, er næmi 6—8 rd. á mann, gegn því að þeir greiddi flutningsgjald og annan áfallinn kostnað og léti félagið sjálft sitja fyrir kaupum á vörunni.[2]) Þegar Hörmangarafélagið kom til skjalanna, lá við sjálft að þetta félli niður, en þá sneru stúdentar sér til konungs sjálfs og varð það til þess, að Holstein greifi lagðist á sveif með þeim og fekk því framgengt við félagsstjórnina, að flutningshlunnindin héldust óbreytt.[3]) Þetta stóð þó eigi lengur en til 1748, því þá skarst félagsstjórnin úr leik og bar því við, að stúdentar hefði níðst á góðvild sinni og beitt sig brögðum, enda væri þetta hvergi boðið í verzlunarskilmálunum. Hafði einn af stúdentum orðið uppvís að því, að verja flutningsgóðinu til prangverzlunar í gróða skyni. Keypti hann alls konar útlenzkan varning fyrir það og sendi til Islands með einum af skipverjum, á laun við kaupmann, en það komst upp af tilviljun á leiðinni, og var þá varningurinn upptækur ger og bréf stúdentsins, er

---

1) Árið 1669 sendi Brynjólfur biskup Teiti stúdent Péturssyni 6 vættir sf smjöri og bað Eyrarbakkakaupmann að selja það »honum til bezta«. (Lbs. 1088, 4to bls. 64—66).

2) Smbr. Rkbr. 19. maí og 1. júní 1733. Lovsaml. for Isl. II, 166 og 168.

3) Smbr. Bréf hans til félagsstjórnarinnar 16. maí 1743. Lovsaml. for Isl. II, 476.

fylgdi sendingunni og sannaði sökina. Þótti félagsstjórninni fara illa á því, að ættingjar stúdenta væri að senda þeim lýsi og æðardún, í stað þess að senda þeim matvæli og prjónles.[1]) Félagið hafði þó eigi annað upp úr þessari tregðu sinni en það, að kaupmenn voru með konungsúrskurði 11. maí 1750 skyldaðir til að halda flutningunum áfram, en eigi mátti þó gózið nema meiru árlega en 8 rd. á mann og skyldi eigi öðrum selt en verzlunarfélaginu.[2]) Þegar konungsverzlunin hófst, var hliðrað til við landsmenn í þessu sem öðru. Voru þá sendingarnar fluttar utan endurgjaldslaust og máttu nema alt að 20 rd. á mann.[3]) Þegar Almenna verzlunarfélagið kom til sögunnar árið 1763, var þessu ákvæði skotið inn í verzlunarskilmálana (§ 37)[4]) og hélzt það óbreytt úr því, nema hvað tilskilið var á dögum konungsverzlunarinnar síðari, að enginn stúdent mætti njóta þessara hlunninda lengur en 5 ár.[5])

Það þarf varla að taka það fram, að útgerðarmönnum var nauðailla við þessa flutninga landa á milli, og var oftast á dögum umdæmaverzlunarinnar lagt ríkt á við kaupmenn og skipstjóra, að taka engan flutning af mönnum á Íslandi, enda þótt boðin væri full borgun undir hann, og var því mjög stranglega framfylgt gagnvart Íslendingum. Aftur á móti voru gerðar undantekningar með amtmann og landfógeta og þjónustufólk þeirra, enda áttu kaupmenn mikið undir þeim og lögðu mikið upp úr því, að þeir væri sér hliðhollir og fylgjandi. Árið 1706 var þjónustufólki Müllers amtmanns heimilaður flutningur á 5 skpd. af harðfiski með sömu kjörum og verzlunarþjónunum, og árið eftir var Páli Beyer landfógeta leyft að flytja út 10 skpd. Árið 1712 var Hafnarfjarðarkaup-

1) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórnarinnar 23. des. 1749. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá 26. júní 1751 (Pjskjs. A 117).
2) Lovsaml. for Isl. III, 44.
3) Smbr. Kgsúrsk. 8. apr. 1760. Lovsaml. for Isl. III, 393.
4) Lovsaml. for Isl. III, 485.
5) Smbr. Tollstjbr. 10. maí 1777. Lovsaml. for Isl. IV, 403—404.

manni falið í erindisbréfinu, að koma sér vel við landfógeta og hliðra af fremsta megni til við hann og þjónustufólk hans um flutninga, en taka eigi fiskvirði af nokkrum manni öðrum.[1]) En það var eigi nóg með þetta, heldur færðu kaupmenn þeim, einkum þó amtmanni, oft og einatt útlenzkan varning til heimilisþarfa, án þess að taka eyrisvirði fyrir, og var það látið heita svo, að það væri í þóknunarskyni fyrir umstang þeirra og annir í þarfir kaupmanna. Á dögum Lafrentz amtmanns (1734—1744) hélzt þessi venja enn, og fekk hann að sögn Björns Markússonar lögmanns, sem var honum mjög handgenginn um eitt skeið, mikið af erlendum nauðsynjum ókeypis hjá kaupmönnum, þar á meðal 8 tunnur af sigtuðu rúgmjöli árlega, og auk þess ókeypis flutning á íslenzkum afurðum til Kaupmannahafnar.[2]) Þetta mun þó hafa fallið niður á dögum Hörmangarafélagsins og fékst engin leiðrétting á því meðan félagið rak verzlunina, enda bar því engin skylda til. Þeir Magnús amtmaður Gíslason og Skúli fógeti voru heldur eigi svo vinsælir af kaupmönnum, að þeir gæti vænst slíkra hlunninda, enda þótt þeir mæltist til. Á dögum konungsverzlunarinnar fóru þeir enn á stúfana með þetta og fengu þá betri undirtektir, en í stað þess að veita þeim flutningshlunnindi eins og áður hafði viðgengist, voru amtmanni úrskurðaðir 80 rd. og landfógeta 50 í þóknun fyrir eftirlit þeirra með verzluninni.[3]) Þrem árum seinna var sú skipun á gerð, að allir þeir háu herrar, sem sæti áttu í fjármálastjórninni (Finance-Collegium) og atvinnumálastjórninni (Kammer-Collegium), skyldi árlega upp þaðan fá 2 hálfar tunnur af spaðbrytjuðu sauðakjöti, hálfa tunnu af söltuðum þorski, 4 skpd. af þurkuðum saltfiski

---

1) Lbs. 91 fol.

2) Smbr. Bréf til Ólafs amtm. Stefánssonar 20. júní 1767 frá Birni Markússyni lögm. (Þjskjs. A 71 nr. 3.)

3) Smbr. Kgsúrsk. 17. apr. 1759. Lovsaml. for Isl. III, 354—355.

og 4 lísipd. af harðfiski á mann til heimilisþarfa,[1]) og voru bæði þessi ákvæði tekin upp í verzlunarskilmálana 1763 (§ 10).[2])

IV.

Kaupstefnur og kaupsetningar.

Eins og vikið er á hér að framan, er það engum vafa bundið, að valdsmenn konungs hafa fyr á öldum sett kaupstefnur á vorin þegar sigling kom til landsins. Var það gert með sérstökum formála, alveg eins og tíðkaðist við þingsetningar, og sama helgi viðlögð.[3]) Var þá um leið lagt lag á útlendan og íslenzkan varning og birt í heyranda hljóði.[4]) Mun að jafnaði hafa náðst allgott samkomulag um það við kaupmenn og óefað verið farið mikið eftir gamalli venju.[5]) Af kaupsetningum þeim frá 16. öldinni, sem enn eru til, má þó ljóslega ráða, að verð á út-

---

1) Smbr. Kgsúrsk. 7. des. 1762. Lovsaml. for Isl, III, 457.

2) Lovsaml. for Isl. III, 472.

3) Smbr. Kaupsetningu í Vestmannaeyjum frá ca. 1420: »Set eg hier þessa kaupstefnv fyrst med fride og lagagridum huorer vid adra, suo at hver sie sialfradur sins radandi huad sem hann selur eda kauper. ... Allt þeirra riettarfar eykzt at helminge, sem hier erv uanvirter med ordum eda uerkvm«. Dipl. Isl. IV, 276—277.

4) Þetta mun á seinni öldum hafa verið talinn aðalliðuriun í athöfninni, og var þá farið að kalla það »að setja kaupin« (þ. e. að leggja lag á varninginn). Smbr. Halldór Einarsson: Om Værdie-Beregning paa Landsviis. Kbh. 1832. Bls. 43—44.

5) Í skipadómi Otta Stigssonar frá 30. júni 1545 er gert ráð fyrir því, að 6 hinir skilvísustu dánumenn, 3 íslenzkir og 3 útlenzkir, sé til settir af konungs umboðsmanni í hverjum kaupstað, sem bæði séu vísir og velviljaðir til að sjá hvorutveggja gagn og nauðsyn, að skoða, virða og verð á leggja upp á báðar síður hvorutveggja peninga og góz. (Lovsaml. for Isl. I, 61—62. Smbr. Dipl. Isl. XI, 425—426). Orðalagið er nokkuð óljóst og virðist einkum eiga við gilding á skreið og öðrum varningi, en þó má vera, að þessum dánumönnum hafi einnig verið ætlað að leggja lag á varning kaupmanna og landsmanna eftir því sem efni stæði til í það og það skiftið.

lenzkum varningi hefur þá farið síhækkandi, enda var oftsinnis um það kvartað af landsmönnum. Reyndu valdsmenn af fremsta megni að stemma stigu fyrir þessu í kaupsetningum sínum, en það tjáði ekki, sem eigi var heldur við að búast, því kaupmenn gátu sýnt það með rökum, að allar lífsnauðsynjar hækkuðu mjög í verði erlendis um þessar mundir.[1]) Var það af því sprottið meðal annars, að málmforði Norðurálfunnar jókst að miklum mun á seinni hluta 16 aldar, eftir að farið var að vinna námurnar í Vesturheimi, og þar af leiðandi peningaslátta, en það olli aftur verðhækkun á öllum lífsnauðsynjum, eins og eðlilegt var. Telst mönnum svo til, að vöruverð hafi verið hér um bil helmingi hærra í lok 16. aldarinnar, en um aldamótin 1500.[2]) Á Íslandi skildu menn yfirleitt ekki vel í þessu og kendu það óbilgirni kaupmanna, er útlenzkur varningur hækkaði svo í verði, enda varð hann þar á ofan óvandaðri með ári hverju. Hitt mátti og að réttu lagi þykja grunsamlegt, að íslenzkur varningur stóð í stað eða féll í verði, þó að útlenzkur varningur færi hækkandi. Voru sífeldar erjur um þetta með kaupmönnum og landsmönnum í lok 16. aldarinnar og reyndu þeir jafnvel að ná sér niðri á kaupmönnum með alþingissamþyktum.[3])

Þegar einokunarverzlunin hófst árið 1602, var kaupmönnum gert að skyldu að flytja nægar birgðir af góðum og óspiltum varningi til landsins, »svo almúginn megi fá með mögulegu og kristilegu verði, hvað sem þörf geristc, og litlu síðar í leyfisbréfinu er það áréttað með þessum orðum: »Ekki skulu þeir heldur mega hækka verð á sinni eigin vöru eftir sínum eigin vilja, heldur selja hana eftir

1) Þetta hafa stundum valdsmenn sjálfir orðið að kannast við. Þess vegna vék Magnús prúði frá sinni eigin kaupsetningu í dómi þeim, er hann dæmdi 11. okt. 1589. Hækkar hann þar varningsmjöltunnuna úr einni vætt eða 40 fiskum upp í 10 fjórð. eða 50 fiska. J. Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Kmh. 1895. Bls. 88—89. Smbr. hér að framan bls. 59.

2) Smbr. Kr. Erslev: Det 16. Aarhundrede. Kbh. 1910. Bls. 15—16.

3) Smbr. t. d. Alþingissamþ. 1601 um skuldir útlenzkra. Alþb. Ísl. III, 215.

því sem forðum plagaðist eftir gamalli landsins víss og vana«.[1]) Sýnist hér vera gert ráð fyrir því eða átt við það, að gamall siður haldist um kaupsetningar og verðlag. En það leið eigi á löngu áður ágreiningur risi með kaupmönnum og landsmönnum út af þessu, því Danir vildu eigi hlíta gömlum kaupum, og var kært yfir því með öðru fleiru árið 1604, að »þeirra peningur og vara sé svo dýrt látin og uppsett, að menn orki ekki að kaupa«.[2]) Það er auðsætt, að engin bót hefur fengist á þessu ráðin, því sömu aðfinslunum er hreyft á ný í kæruskjali Þingeyinga 1612 og bænarskrá Norðlendinga 1613.[3]) Munu Íslendingar hafa gert sér vonir um, að kærur þeirra yrði teknar til greina og strangar skorður við þessu reistar þegar einkaleyfi kaupmanna væri útrunnið árið 1614, en þær vonir brugðust algerlega, því enda þótt kaupmönnum væri bannað í hinu nýja einkaleyfisbréfi að hækka vöru sína eftir eigin vild og geðþótta, þá var það gert með sömu orðum og áður[4]) og engar sérstakar refsingar við því lagðar, enda héldu þeir allir uppteknum hætti.

Þegar komið var á daginn, að engu varð um þokað með kærum eða bænarskrám til konungs, tóku nokkrir af höfðingjum landsins sig til vorið 1615 og neyttu valds

---

1) Smbr. Alþb. Ísl. III, 252. Í danska bréfinu stendur: »Ei heller skal de deris Vare efter deris Vilge mue ophöye, meden dennom selge eftersom gammelt haver verit efter Landsens gammel Viis, Brug og Vane«. Lovsaml. for Isl. I, 140.

2) Smbr. Bréf alþingismanna til höfuðsmannsins Enevold Kruse. Safn t. s. Ísl. II, 236 og Alþb. Ísl. III, 345. Í bænarskrá þeirri til konungs, er send var utan samtímis, segir svo: »For thed andet at de sin vare megitt dyrere opsatt haffuer end som her noget sinde werid haffuer thill forne«. Safn t. s. Ísl. II, 234 og Alþb. Ísl. III, 343.

3) Í kæruskjali Þingeyinga segir svo: »Der thill bliffuer alle vdlendske goedss opsatt jmod vor gammel fattige frijhed, disslijgest jmod Konglige Majestatz bref som hand haffuer vdgiffued Kiöbmendene paa Haffnene, men vor fattige Vare bliffuer og staar j sted Eller ochsaa forrijngiss vid det lag, som Kiöbmenderniss vare huer Aar efftter dett andet forhögiss, so det som for Nogle Aar sijden Er kiöblt faar 3 eller 4 pendinge det koster nu 10 eller 12 pendinge og dett doch er besverligtt«. Í bænarskránni er kvartað yfir því, »at dett ringe, som der föriss, er wbilligenn mod all gammell viis og vaane opsatt«. D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Isl. og Færö. Skab. 14, 119 (Rskjs.) Smbr. J. Sig. 374, 4to.

4) Lovsaml. for Isl. I, 173—174.

þess, er þeir höfðu frá fornu fari til að skipa lögum og landsrétti hver í sínu umdæmi og ráða kaupsetningu. Má þar fyrstan telja Ara Magnússon í Ögri, son Magnúsar prúða. Þótti hann mikill fyrir sér og héraðsríkur eins og þeir frændur fleiri. Hann tók sér fyrir hendur að setja niður ofsa kaupmanna í sínu umdæmi, enda höfðu Ísfirðfirðingar kært athæfi þeirra. Segjast þeir eigi hafa notið íslenzkra laga, náðugra konungsbréfa eða gamalla kaupsetninga af þeim útlenzku mönnum, »er þessarar sýslu hafnir hafa og halda, í kaupum og sölum, að vigt og mæli, ófölsuðum kaupeyri og réttferðugri annari höndlan, heldur hafa vor landslög, gömul friheit, konganna mildileg bréf og réttvíslegar kaupsetningar, er landinu eiga við makt að halda og þegnunum til nytsemdar að vera, á almúganum margvíslega verið rofin, svo að þar kristileg höndlan og gömul kaup eru sett og skikkuð í kongsins bréfum, þar mætir fátækur almúgi ár frá ári kaupskap með okri og afarkostum í mörgum hlutum, svo að kaupmenn selja ekki alleinasta sína misjafna vöru dýrara og dýrara ár frá ári, heldur blanda þeir, byrla og brugga sitt öl oftlega sem þeir vilja. Í sama máta hafa þeir haft mjöl formeingað, en látið það þó sínu verði halda sem væri það ómeingað. Ekki og síður nær vor vara í stað að standa, heldur fella þeir hana eftir sínum vilja, sem er blautan fisk, naut, sauði og fleira annað, líka vel enn þó harðast sé ært í landinu. In summa, þeir setja sína vöru svo hátt sem þeir vilja, en fella vora sem fyr er sagt, eður þeir bjóða tvíkosti, að vilji menn það eigi hafa, þá skuli þeir það liggja láta, með sneyðilegum orðum, sem þeir vel kunna, en fáráður almúgi fær að safna í sekkja. En hvert skulu þessarar sýslu innbyggjarar víkja? Hér liggur eitt lítið skip, en almúgi allmargur, meira en hálft fjórða hundrað bænda, þar með kemur og fólk úr annari sýslu sína nauðsyn að sækja til þessa skips. Þessir kaupmenn hafa og í nokkur ár skorður við reist, að skipherrar þeirra og skip-

fólk skuli lítið eða ekkert selja mega, hvað að er á móti gömlum vana, því semdi mönnum ei fyrr við kaupmenn, þá mátti almúginn vígsla nokkuð lítið við skipherra og undirfólk. En nú er eigi utan fyrir kaupmanninn einn tíðast að ganga, hvort heldur hann gerir létt kaup eða góð, rangt eður rétt, aðrir kaupmenn eru ekki í nánd. Við Engelska mega menn ekki kaupa án fésekta, og eigi vogar almúginn þeim að selja, utan með stórum ugg og ótta vegna fésekta og rógburðar. Þannig er nú almúginn skorðaður og sjálfsettur. Má því kaupmaðurinn gera hvað honum sýnist, með því hann situr fyrir öllu og fyrir hann einn er að ganga. Eigi hjálpa lög, konungsbréf né sýslumanna orð eður áminningar, og þannig hefur í langan tíma hér til gengið, þessari sýslu til stórrar útörmunar.... En hið sérlegasta eitt með öðru er viðgengst er þetta, að blindur fáfróður almúgi einu sinni með verði yfirkaupir af sinni neyð og einnig heimsku, þá vilja kaupmenn almennilega öllum selja með sama verði, og jafnvel þeim sem vit og skyn hafa á kaupskap. Þeir þarfnast þess er þeir kaupa vilja oft og tíðum, því heimskur almúgi geipar og gefur við mun meira, og situr svo kaupmaður við þann eldinn, er betur brennur. Þannig fordjarfar einn annan ár frá ári og úr öllum máta, svo að til sérlegrar neyðar horfir«. Skora þeir síðan á sýslumann, að leita ráða við þessu og stilla svo til, að þeir fái að njóta laga og réttar. »En fái hann það ekki yfir tekið hér innan sýslu með beztu manna ráði, þá biðjum vér hann upp á hið allra alvarlegasta þessa vora undirrétting og þrengjandi nauðsynjar til næsta alþingis að hafa, vorum virðulega höfuðsmanni og báðum lögmönnum þetta vort bréf að afhenda til hjálpsamlegrar framkvæmdar og löglegrar endalyktar um þessa vora og almúgans nauðsyn, svo að vér séum haldnir við landsins lög og að þeim kongsins náðarbréfum sé fram haldið, sem oss eru veitt og útgefin til frelsis um höndlan greindra kaupmanna«. Þetta bréf

var gert að Eyri í Skutulsfirði og undirritað af 12 hreppstjórum og skattbændum í sýslunni.[1])

Nokkru síðar (6. júní 1615) áttu 6 af prestum sýslunnar fund með sér að Holti í Önundarfirði, og mun Sveinn prófastur Símonarson, faðir Brynjólfs biskups, hafa gengist fyrir því, að þeir hófust handa og báru fram sams konar kæru og áskorun af sinni hálfu og Vestur-Ísfirðinga. Segjast þeir hafa þjónað í sóknum sínum 20 ár og þaðan af lengur, sumir yfir 30, en sumir hart nær 40 ár, »um hvorn forliðinn tíma siglt hafa á þessarar sýslu hafnir í voru minni fyrst Hamborgarmenn og einnig þar eftir danskir menn eftir Kongl. Mts. passbréfum, og vitum vér fyrir full sannindi, að flestalt góz og vara, svo vel þýzkra sem danskra kaupmanna í þessarar sýslu höfnum, hefur að sínum dýrleika mjög framfærð eður hækkuð verið, en kostir og gæði greindrar kaupvöru hefur mjög minkað, svo hún hefur oftsinnis fundist og reynst gagnlítil, meinguð og fordjörfuð, en dýrleika og verð á sinni vöru hafa þeir um vora tíð aukið og hækkað, sumt um þriðjung, sumt að fjórðungi, (vér seigjum ei að helmingi), þar eð landsmanna góz og vara, sem er skreið, smjör, lýsi og vaðmál, stendur í stað og hækkar eigi að sínu verði jafnvel í hinum hörðustu hallærisárum, utan hvað á almúganum herðist meir og meir, eftir réttsýni og mismun kaupmanna, í vigt og mælingu. En vorir fríðir peningar, sem eru naut og sauðir, færast aftur og eru feldir til afarkosta, sérdeilis nú um nokkur forliðin ár hér í vorri nálægri höfn Dýrafirði, framar en skeði þau fyrstu árin, er Danskir hér sigldu. Hefur hér um valdið bæði kaupmanna sumra hvorra ásetningur og líkavel fáfróðs almúga heimska og skammsýni, svo hvað einn óréttvís kaupmaður hefur að dýrleika uppsett og heimskur almúgi yfirkeypt og fram geipað, því sama hefur hvor eftir annan haldið og framfylgt þvert á móti konunganna bréfum,

1) Lbs. 67, 4to.

gömlum og nýjum réttarbótum, hirðstjóranna og lögmannanna lögsömdum dómum, landsinnbyggjaranna og kaupmannanna sáttmálum og samtökum [og] gömlum og nýjum sýslumannanna kaupsetningum. Og nái svo lengi fram að fara, að fátækur almúgi fær ekki mögulegan og kristilegan jöfnuð eftir kongsins bréfum og landsins sið og vana, þá kunnum vér eigi annað fyrir að sjá, en sýslunnar og landsins útörmun.« Skora þeir eins og bændurnir á sýslumann og landsstjórnina, að líta á hag sinn, og lykta bréfið með þessum orðum: »Erum því fyrirgreinda landsherra og stjórnendur lítillátlega umbiðjandi, að þótt almúginn eður vér fáum ei né náum við þau gömlu kaupin að haldast, sem að fornu hefur verið eftir landsins gömlu lagi, sem vors náðuga herra konungsins bréf hlýðir, þá mættum vér þó mögulegrar og kristilegrar höndlunar og kaupskapar njótandi verða í íslenzkra og útlenzkra kaupum, sölum, inntektum og útlátum, vigt og mælingu.«[1])

Ari sýslumaður stóðst eigi lengi brýnsluna, enda mun hafa verið til þessa stofnað með hans ráði og vitorði. Tók hann sig til og nefndi tylftardóm um málið að Hóli í Bolungarvík fimtudaginn næstan eftir krossmessu vorið 1615. Komust dómsmenn að þeirri niðurstöðu, að öll atriði kærunnar væri á rökum bygð og þyrfti leiðréttingar við. »Því dæmdum vér fyrnefndir dómsmenn að svo prófuðu máli,« segir enn fremur, »þá kaupmenn,[2]) sem héðan af besigla þessarar sýslu hafnir, skylduga vera að gera öllum og sérhverjum möguleg og kristileg kaup eftir gömlu lagi, sem gamlar kaupsetningar upp á hlýða, með því vor vara stendur jafnan í stað í óáran og mestu hallærum og færist eigi að prjóns virði. ... Um þá fjórðu grein dæmdum vér, að vor íslenzk vara skal öll standa í stað, sem hún hefur verið og íslenzkra gengur á meðal, ef kaupmenn halda þau gömlu kaup, annars skal lýsistunna vera

1) Lbs. 67, 4to.
2) Í hdr. stendur »að þeir kaupmenn«, en það er bersýnilega rangt.

uppá 5 vættir og önnur íslenzk vara rísa eftir sýslumanns ráði, meðan eigi kemur löglegri skikkan á. ... Um þá sjöttu grein dæmdum vér, að þessir kaupmenn taki af mönnum alla íslenzka vöru í innbyggjaranna skuldir eftir sínu lagi, þar fisk og lýsi þrýtur, og þá skylduga vera almúganum sína nauðsyn að selja fyrir aðra kaupmannsvöru, er guð honum gefur, enn þó eigi sé fiskur og lýsi til. Um þá sjöundu grein dæmdum vér fjarstætt vera og með engu móti lengur líðandi, að fáfróður almúgi spilli svo kaupum fyrir öðrum, sem til þessa skeð hefur, gefi tvo peninga fyrir einn sýslunni til útörmunar, en sérhverjum sjálfum og þeirra börnum til fordjörfunar, sem eigi ætti hóf á öllum hlutum og almúginn undir settu og samþyktu lögmáli að vera, eður þau náðugleg kongsbréf megi yfirtroða, sem landinu eru til náða og nytsemda með forsettu ráði útgefin, eður með sinni heimsku og galinskap í kaupum og sölum sitt eigið föðurland að fordjarfa, hvar af kongsins renta sem skattar og skyldur forminkast, kennimenn og kirkja missir síns uppeldis, en hinn fátæki deyr af hungri og bjargarbresti, sem raun gefur vitni. En vilji þessir kaupmenn með engu móti þau gömlu kaup halda, sem kongsins náðarbréf tilvísa, þá dæmdum vér til næsta alþingis fyrir vort elskulega yfirvald og alla lögréttuna hvað þar um haldast skal. En á meðan eigi kemur önnur löglegri skikkun á, þá séu þessir sýslunnar kaupmenn skyldugir að halda þá kaupsetning, er sýslumaðurinn Ari Magnússon hefur samtekið með góðra manna ráði og menn meina þeim skaðlaust að halda í öllum greinum. En hver greinda kaupsetning yfirtreður, sé sekur eftir dómi í sérhverri grein, svo útlenzkir sem innlenzkir, í því lögmæt skipan sýnist rofin og kongsins bréf, og það upptækt konungs umboðsmanni, er þeir keypt hafa. En vilji greindir kaupmenn hana eigi halda, eður henni samþykkir verða, né heldur þeirri gömlu, þá dæmdum vér þá skylduga til næsta alþingis að koma, þeirra umboðsmann eða bréflega afbötun, og þar ályktast

eiga með lögréttunnar samtaki, hver kaupsetning hér á að haldast meðan þessir kaupmenn hafa landið og vor náðugi herra konungur eigi aðra skipun á gerir, því vér skynjum ekkert ráð annað, þar vér erum svo settir og sjálfskoraðir til kaupa við kaupmenn þessa eins skips, sem meðfest bréf útvísar, en ein kaupsetning sé sett og samin í þessari sýslu eftir því sem hvorumtveggja sé skaðlaust að halda, svo sem vér vitum almennilega í vorra feðra tíð vísu og lögsamdan vana verið hafa. Item dæmdum vér sýslumanninn skyldugan vera að lesa þessarar hafnar kaupmanni þennan dóm hið allra fyrsta, er þeir koma til landsins, eður hans umboðsmanni. Svo var og þessa vors dóms ályktan, að vilji þessir kaupmenn eigi bæta það þeir misgera á móti lögum og kongsins bréfum, þá sé þeim fyrirboðinn kaupskapurinn á því skipi eftir Piningsdómi. En hver við þá kaupir þar eftir sekist eftir sama dóms hljóðan.« Þennan dóm samþykti Ari sýslumaður með þeim og var hann bréfaður að Eyri í Skutulsfirði á sjálfan uppstigningardaginn.[1])

Kaupsetning sú, er hér um ræðir og Ari sýslumaður setti vorið 1615, er svolátandi:

»Í nafni heilagrar þrenningar set eg Ari Magnússon, míns náðuga herra kongsins umsjónari og umboðsmaður yfir öllum almúga og innbyggjurum í Ísafjarðarsýslu, hér í dag eina almennilega kaupstefnu á meðal íslenzkra og þeirra útlenzkra manna, er hér eru komnir og frelsi hafa fyrir þessum höfnum, og þá sömu eftir gömlum vana landsins, rentu og réttugheit, sem áður hafa þær settar verið. Þar með set eg hér grið og frið allra manna á meðal, þeirra hér komnir eru eða síðar meir koma kunna, hvar helzt menn finnast á þessari eyri kvöld eður morgna, dag eður nótt, á skipi eður landi, tjaldi eður grundu, að undanteknum þeim, er friðinn forbrotið hafa. Sjáfsett eru grið í öllum stöðum, þó að þeim varygðar vegna sé yfir

1) Lbs. 67, 4to. Þeim atriðum dómsins er hér slept, sem eigi snerta verðlagið.

lýst. En þó ber mönnum að gæta mest spektar og siðsemdar í þeim stöðum, er til sætta og siðsemdar eru skipaðir og flestum verður mestur skaði að, ef nokkuð skerst í. En hver sem á þessi grið gengur, sé sá slíku sekur, sem lögmálið útvísar, hvort sem menn fá gjögur með orðum eður verkum eykst réttur þeirra að helmingi, er fyrir vansa verða, en sá er brýtur straffist eftir lögum og dandimanna dómi.

En þetta skal lag á útlenzkri vöru eftir hljóðan Kgl. Mts. bréfa, þar hans náð tilskipar kaupmönnum að selja sína vöru með mögulegu og kristilegu verði, vilji þeir annars fult frelsi hafa fyrir þessum höfnum og kongsins náðar bréfi nokkra ánægju gera og þess njótandi verða:

Þar að *hálfstykkiskaup* hafa áður sett verið, þar set eg nú mjöltunnu góða og gilda, sem að vegi 18 fjórðunga, í þriggja vætta kaupi og þá sömu upp á vætt, þó svo, að menn taki létta vöru upp á tvær vættir, sem þeim bezt gagnast, sem er fjalvið, léttingsklæði, striga, léreft, vesturfara, hafta og annað þarflegt. En girnist menn að kaupa mjöl í *einkaupi*, þá sé tunna mjöls upp á $1^1/_2$ vætt með gott rúgmjöl í einkaupi og svo að vigt, sem fyr segir.

Grjónatunna uppá 2 vættir.

Hveitibrauðstunna 2 vættir.

Svört brauðtunna $1^1/_2$ vætt.

Mjaðartunnu óblandaða með góðan velsmakkandi mjöð set eg uppá 4 vættir, en blandaður mjöður með vatni eður bjór kaupist eigi né seljist án fésekta.

Lybiskt fat með ómeingaðan lybiskan bjór set eg uppá 4 vættir.

Tunnu með ómeingað Sunstöl uppá $1^1/_2$ vætt.

Tunnu með danskan bjór uppá vætt.

Brennivínskút, sem tekur 12 merkur, uppá hálfa vætt óblandað.

Messuvínsáttungur eins.

12 merkur hunangs uppá 6 fjórðunga.

12 merkur tjöru uppá 2 fjórðunga.

Grásaltstunna 10 fjórðunga.

Járnfat, sem vegur að minsta kosti 3 vættir, uppá 5 vættir.

12 merkur ásmundajárns uppá fjórðung.

8 merkur eirs uppá vætt.

8 merkur með tvíbrætt tin uppá vætt.

8 merkur látúns vætt.

Greniborð 6 álna uppá fjórðung.

Eikiborð uppá fjórðung.

3 spírur uppá fjórðung.

Ár stór sem smá uppá fjórðung.

2 hnífar í varningsskeiðum uppá fjórðang.

Konupungur uppá fjórðung.

Vinnumannahattur uppá fjórðung.

Hattur sem duelck er undir uppá 3 fjórðunga.

Hattur með tryp og bay fóðraður með litlu bandi uppá 6 fjórðunga.

Karlmannsskór einsólaðir $1^1/_2$ fjórðung.

Konuskór fjórðung.

Vaxmörk uppá fjórðung.

Tvær þjalir uppá fjórðung.

Tveir lásar $1^1/_2$ fjórðung.

Svigakerfi fjórðung.

Krókakerfi uppá fjórðung.

Pálreka fjórðung.

Skógaröxi uppá $1^1/_2$ fjórðung.

Smíðunaröxi kjörleg uppá 3 fjórðunga.

4 skeifur með nöglum uppá fjórðung.

Bjórtunna tóm uppá 2 fjórðunga.

2 lóðarsnæri fimtugt hvort með taumum og önglum uppá hálfa vætt.

Haldsnæri fimtugt 3 fjórðunga.

8 merkur nótgarns uppá vætt.

25 faðmar hverjir af hákarlsfærum streng uppá vætt.

5 merkur brýna uppá fjórðung.

8 stikur lérefts uppá vætt.

12 stikur vesturfara uppá vætt.

16 stikur striga uppá vætt og móts við mjöl.

En 10 stikur lérefts í einkaupi uppá vætt.

14 stikur vesturfara uppá vætt.

20 stikur striga uppá vætt í einkaupi, sé fiskur og lýsi við gefið. En slæmur hálmstrigi, sem hér til dags hefur fluttur verið, kaupist eigi.

Sænguráklæði 6 fjórðunga og hálfvætt.

Dalur uppá vætt, en annað silfur eftir vigt og samningi.

5 stikur varningsklæðis uppá vætt.

Hálfstykkisklæði uppá hálfvætt.

Þriðjungaklæði uppá 6 fjórðunga.

Stikuklæði uppá vætt.

En þau klæði, sem betri flytjast, sé eftir samningi manna á meðal. Sömuleiðis kostulegt léreft eður hvað annað hér eigi greinir, þó án alls okurs og afurkosta með mögulegu og kristilegu verði, svo að hvorutveggju hafi fult fyrir sitt.

En þetta er lag á íslenzkri vöru:

2 fjórðungar smjörs uppá vætt.

Tunna lýsis, sem tekur 2^{C} merkur, fyrir 5 vættir; verða þá 48 merkur til vættar.

35 blautir fiskar uppá vætt, svo að gildingu, að 30 harðir sé uppá vætt.

20 löngur blautar samfengnar uppá vætt.

Tvær skötur uppá fjórðung.

8 álnir með gjaldavaðmál uppá vætt.

Þrennir vetlingar uppá fjórðung.

Tvennir valdari uppá fjórðung.

Duggarasokkar einir uppá fjórðung.

Smábandssokkar uppá hálfa vætt.

Lamb að Þorláksmessu uppá 2 fjórðunga.

Veturgamall sauður að Ólafsmessu uppá 5 fjórðunga.

Tvævetur uppá 7 fjórðunga.

Þrevetur vætt.

Fjögra vetra eða eldri 10 fjórðunga.

Fjögra vetra gamalt naut 4 vættir og aftur skinnið, að Ólafsmessu.

Fimm vetra gamalt naut 7 vættir.

Sex vetra 9 vættir.

Sjö vetra 9 vættir og aftur skinnið.

Býð eg og skipa míns náðuga herra kongsins vegna og svo eftir laganna skipan, að allir og sérhverjir bæði útlenzkir og innlenzkir hafi réttar vogir, stikur og mælikeröld eftir lögunum og landsins siðvana, en hver sem eitthvert hefur vísvitandi af þessu rangt og brúkar það sér til gagns og ábata með leynd til þess að draga undir sig af sínum samkristnum, og virðist það vera til eyris eður meira, þá bæti þeir fyrir bæði kongi og karli slíku sem hann hefði stolið hinu jafnmiklu. Undir sama skilorði skipa eg að vera skuli um þann, sem selur fals í sinni vöru og veit hann það. Hér með forbanna eg öllum sýslunnar innbyggjurum, þeim sem í mínu umdæmi eru, að gera meiri skuldir við útlenzka, en þeir viti sig menn til að borga, og hafi þær allar luktar að Ólafsmessu fyrri að forfallalausu, undir slíka sekt, sem lögin á leggja, utan þeir vilji þær lengur líða. Eg býð og kaupmanni í Dýrafirði, að hann selji eigi annarar sýslu innbyggjurum sína vöru utan með því einu móti, að þessarar sýslu innbyggjarar séu áður forsorgaðir af því öllu, þeir þurfa að kaupa og þeir mega eigi án vera, annars gef eg þar á fullar sakir konungdómsins vegna. Sömuleiðis skipa eg og skylda undir skylduga hlýðni öllum sýslunnar innbyggjurum, sem og þessum kaupmönnum, að þér réttið yður eftir þeim dómi, er nú var fyrir yður upplesinn, og svo eftir þessari kaupsetningu í öllum greinum. En hver eð fyrgreindan dóm rýfur og þessa kaupsetning yfirtreður í því lögmæt skipan sýnist rofin og kongsins bréf, sekist eftir því dómur segir þeim á hendur. Varist allir að selja eður kaupa blandað öl, vín eður brennivín eður formeingað mjöl, annars lýsi eg þar á kongs bréfabrot 8 merkur og það upptækt, er þeir keypt hafa. En vilji kaupmenn þessa

kaupsetning eigi halda, þá séu þeir skyldugir til næsta alþingis að ríða til löglegra andsvara, eður þeirra umboðsmann. En fái almúginn eigi sína nauðsyn með sögðum hætti, þá klagi hann það sýslumani, en kaupi ekkert dýrara eður sína vöru miður selji eður af höndum láti, en hér nú greinir.«[1])

Það er auðsætt af þessari kaupsetningu, að Ari sýslumaður hefur tekið sér kaupsetningu föður síns frá seinni hluta 16. aldar til fyrirmyndar og farið svo nálægt henni, sem unt var, en þó hefur allmikil framfærsla orðið á útlenzkum varningi, einkum á sumum vörutegundum, svo það verður eigi með sanni sagt, að réttur kaupmanna hafi verið fyrir borð borinn í kaupsetningu Ara. Skulu hér að eins talin nokkur dæmi því til sönnunar. Mjöltunnan er metin á eina vætt í báðum kaupsetningunum, þegar um hálfstykkiskaup var að ræða, en í einkaupi er hún metin á $1^1/_2$ vætt eða 60 fiska hjá Ara, en á 10 fjórð. eða 50 fiska í dómi Magnúsar prúða frá 1589, sem áður getur, og nemur hækkunin þar 20 %. Mjaðartunnan er hjá Ara metin á 4 vættir, en hjá Magnúsi á 2 vættir, svo hækkunin nemur þar 100 %. Járnfatið metur Ari á 5 vættir, en Magnús á 4 vættir eða 20 % lægra. Ari metur 5 stikur varningsklæðis á vætt, eða stikuna á 8 fiska, en Magnús metur hálfstykkið (24 stikur) á 4 vættir, eða stikuna $6^2/_3$ fiska. Ari leggur 16 stikur striga á vætt, en Magnús 30 stikur, svo hækkunin nemur þar um 90 %. Ari leggur 12 stikur vesturfara á vætt, en Magnús 16 stikur, og nemur framfærslan þar rúmum 33 %. Lag á bjór og léreftum er hið sama í báðum kaupsetningunum. Aftur á móti eru allflestar íslenzkar afurðir feldar til muna í kaupsetningu Ara frá því sem verið hafði á seinni hluta 16. aldar. Þannig var gamalt naut að eldra lagi metið á 12 vættir, en í kaupsetningu Ara á 9 vættir, og sami var munurinn eða þaðan af meiri á yngri nautgripum. Að eldra lagi var

1) Lbs. 67, 4to.

gamall sauður metinn á 1½ vætt (60 fiska), en hjá Ara 10 fjórð. (50 fiska) og svona var það í flestum greinum. Að eins fiskur og lýsi hefur hækkað nokkuð í verði, því áður fyrri hefur lýsistunnan verið lögð á 4 vættir, en Ari leggur hana á 5 vættir, og 40 fiskar blautir eru lagðir á vætt í eldri kaupsetningum, en 35 hjá Ara.[1])

Þessi samanburður nægir til að sýna það og sanna, að verzlunarkjörin hafa stórum versnað eftir að einokunarkaupmennirnir tóku við, því hafi þetta átt að heita jafnaðarverð að dómi Ara og Ísfirðinga, þá má geta nærri hvernig kjörin hafa verið áður en tekið var í strenginn. Í Barðastrandarsýslu var einnig kært yfir athæfi kaupmanna og nefndi Björn Magnússon sýslumaður, bróðir Ara, dóm um það 12. maí 1615. Komust dómendur að þeirri niðurstöðu, að kaupmenn væri skyldir að halda Íslendinga við gömul tilsett kaup og hlíta þeirri kaupsetningu, er umboðsmaður konungs læsi þeim, að viðlagðri 8 marka sekt í bréfabrot.[2]) Sama vorið hófust Rangæingar handa og báru sig upp við Gísla lögmann Hákonarson, er þá hafði jafnframt konungsumboð í Rangárþingi, út af »kaupskap og höndlun danskra manna hér í landi, hver þeim þykir sér nú of þungur, ómögulegur og ólíðanlegur vegna margvíslegra álagna og tilfellna, er nú yfir standa og staðið hafa eigi síður í þessari sýslu en annarstaðar«. Nefndi Gísli lögmaður 12 menn í dóm um þetta á Þingskálaþingi 25. maí, og dæmdu þeir »títtnefndan almúga með réttu eiga að útlenzkum kaupmönnum sönn og réttferðug hálfstykkiskaup eftir fornri siðvenju landsins, og engan útlenzkan mann, þann hingað til landsins siglir sinna vegna eður annara, mega sína vöru sjálfan upp setja eður hækka eftir sinni vild og vilja, hvorki í meiri hlut

---

1) Smbr. Lag við Þýzka á íslenzkri vöru. J. Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Bls. 89—90.

2) Smbr. Dómabók Þjskjs. í 4to. með hendi Jóns lögm. Sigurðssonar. Bls. 78—79. Dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður hefur góðfúslega bent mér á þennan dóm.

né minna, fram úr gömlum siðvana og mögulegu og kristilegu verði«, ásamt fleiri atriðum, er að þessu lutu. Skutu þeir að lokum dómnum undir lögréttuna »til umbóta, aftekta og viðaukningar«, og undir höfuðsmanninn til staðfestingar og framkvæmda.[1])

Eftir öllum þessum gögnum að dæma, hefur verzlunarmálið komið til álita á alþingi sumarið 1615, en úrslitin eru ókunn. Það er enginn vafi á því, að dómarnir voru í fullu samræmi við landslögin og einokunartilskipanirnar, en hitt liggur í augum uppi, að kaupmenn hafa unað því illa, að landsmenn skyldi vilja ráða nokkru um vöruverðið, enda segir Vigfús prófastur Jónsson, að íslenzku útgerðarmennirnir hafi kært Ara sýslumann út af þessu fyrir höfuðsmanni árið 1616, og er af orðum hans að ráða, að hann hafi sjálfur séð þá kæru,[2]) en eigi hefur hana borið mér fyrir augu. Hitt er aftur á móti ljóst af kgsbr. 6. maí 1617, að kaupmenn hafa borið sig upp við konung út af þessu. Segir hann að kaupmenn hafi kært það fyrir sér, að íslenzku bændurnir vilji eftir gamalli venju ráða verði á útlenzkum varningi, korni og öðru, og hljóti kaupmenn að stórskaðast á því. Biður hann því höfuðsmann, að kalla saman helztu menn landsins og leita einhverra ráða til að miðla þannig málum með kaupmönnum og landsmönnum um vöruverðið, að báðir megi vel við una. Þó kveðst hann eigi vilja, að gengið sé að neinu leyti á hluta landsmanna eða þröngvað sé upp á þá ónauðsynlegum varningi, heldur skuli báðum aðilum gert sem réttast til.[3])

Það er auðsætt, að höfuðsmanni hefur eigi tekist að miðla málum, því þegar konungur sendi þá Friðrik Friis og Jörgen Vind til Íslands árið eftir með fullu rannsóknar- og úrskurðarvaldi um alt, sem aflaga færi þar í landi, þá

---

1) J. Sig. 374, 4to.

2) Smbr. Um framandi kauphöndlan á Íslandi. Skr. 1748 eftir tilmælum Magnúsar Gislasonar lögmanns. J. Sig. 332, 4to.

3) J. Sig. 374, 4to.

tók hann það sérstaklega fram í erindisbréfi þeirra (dags. 9. apríl 1618), að bæði biskupar, prestar og alþýða á Íslandi hafi kært það fyrir sér, að kaupmenn héldi útlenzkum varningi í óhæfilega háu verði, en íslenzkur varningur stæði í stað þvert ofan í gamla venju, því áður hafi jafnan verðhækkun og verðfall á útlenzkum og íslenzkum varningi farið saman og staðist á, og felur konungur þeim að rannsaka hvað rétt sé í þessu. Jafnframt er í umboðsbréfi þeirra frá sama degi skorað á alla þá, sem eitthvað þykist hafa að kæra yfir kaupmönnum og verzluninni, að bera sig djarflega upp við fulltrúana, svo að bót verði á því ráðin.[1]) Þessir erindrekar konungs hafa vafalaust skýrt honum frá verzlunarólaginu og öðrum misfellum á stjórn landsins þegar þeir komu aftur til Danmerkur, því vorið eftir var Herluf Daa sviftur hirðstjórnarvöldum á Íslandi og Friðrik Friis skipaður í hans stað, og voru þá jafnframt gerðar ýmsar ráðstafanir út af íslenzku verzluninni. Var það eitt, að höfuðsmanni var boðið í nýju erindisbréfi (23. marz 1619) að grenslast eftir því árlega, hvernig kaupmenn færi að ráði sínu, og hafa strangar gætur á því, að þeir beitti landsmenn engum ójöfnuði, svo að kærunum mætti linna.[2]) Enn fremur hafði hann meðferðis 3 konungsbréf þar að lútandi, þegar hann kom út um vorið, og voru þau öll frá sama degi (21. apr. 1619). Eitt var skipun um, að höfuðsmaður skyldi láta rannsaka gaumgæfilega vöruverð í Vestmannaeyjum á síðastliðnum 3—4 árum.[3]) Annað var um svikna vöru og misjafna vog og mæli, og hið þriðja þess efnis, að Íslendingar skyldi kjósa 4 valinkunna menn og senda utan þá um sumarið á kostnað kaupmanna, til þess að vera með í ráðum um nýja kaupsetningu eða verðlagsskrá, er konungur ætlaði sér að lögleiða til að afstýra þessum sífeldu kærum og óánægju á báða bóga út af verðlaginu. Skyldi þeir hafa

1) J. Sig. 374, 4to.
2) J. Sig. 374, 4to.
3) Þjskjs. A 105 II. Smbr. J. Sig. 374, 4to.

umboð allra landsmanna til að semja um þetta mál við kaupmenn, án þess þó að hendur þeirra væri bundnar fyrirfram með ákveðnum skriflegum samþyktum heiman að.[1]) Það er litlum vafa bundið, að ráðstafanir þessar hafa verið gerðar að tilhlutun hins nýja höfuðsmanns sjálfs og eftir skýrslum hans frá sumrinu áður, en því miður entist honum eigi aldur til að framfylgja þeim, því hann andaðist á Bessastöðum skömmu eftir landtökuna.[2])

En þótt höfuðsmaður væri frá fallinn, létu landsmenn eigi undir höfuð leggjast að gegna utankvaðningunni, enda var það öllum hið mesta áhugamál, að reistar væri einhverjar skorður við gjörræði kaupmanna. Var það og næsta áríðandi fyrir landsmenn, að eiga einhverja fulltrúa í Kaupmannahöfn þegar farið væri að ræða og ráðstafa verðlaginu. Á alþingi um sumarið voru þeir kjörnir til fararinnar *Jón Magnússon* á Reykhólum úr Vestfirðingafjórðungi, *Henrik Gíslason* úr Sunnlendingafjórðungi, *Þorsteinn Magnússon* úr Austfirðingafjórðungi og *Daði Árnason* úr Norðlendingafjórðungi.[3]) Voru þeim að sönnu engar ákveðnar skorður settar um verðlagið, en sterkar skuldbindingar voru þó af þeim teknar áður þeir færi, og er enn til eftirrit af skuldbindingarbréfi þeirra Þorsteins Magnússonar og Henriks Gíslasonar. Bréf þetta er svo merkilegt í alla staði og ber svo órækan vott um það, að Íslendingar voru sér þess fyllilega meðvitandi hvað við lá, ef illa tækist til með sendiförina, sem og hitt, hver ábyrgð fylgdi þessum erindrekstri, að eg hika eigi við að tilgreina það orðrétt. Skuldbindingin er svolátandi:

»Sakir þess að eg, Þorsteinn Magnússon, af Kgl. Mst. og öðru mínu yfirvaldi tilskikkaður er af landinu að sigla með þeim öðrum góðum mönnum, sem þar til nefndir eru, landsins erindi og nauðsynjar út að rétta, sérdeilis það hvað kaupmannskapinn og höndlan útlenzkra manna

1) M. Ket. II, 286 og 287.
2) Smbr. Árb. Esp. VI, 7.
3) Smbr. Árb. Esp. VI, 10.

við íslenzkra áhrærir, þá lofa eg og tilsegi, að eg skal og vil eftir fremsta megni og formætti með lífi og gózi mig framleggja og sem dýrast selja, guði, Kgl. Mt. og mínu föðurlandi hér út í að þéna, og það ekkert viljuglega innganga eður fyrir landið við kaupmennina játa eður samþykkja, sem eg veit landinu og þess innbyggjurum til skaða og fordjarfs vera, heldur svo, að þá eg með mínum meðbræðrum sé, að enginn billegur eða líðanlegur kaupsamningur nást mega (sic!), þá vil eg með hinum öðrum því í guðs vald frá mér slá og fyrir Kgl. Mt. sjálfan innsetja og hans ríkisráð, svo hann einn með sínu loflegu ráði skipi þá, skorði og skikki, setji og semji sagðan kaupmannsskap eftir því sem guð honum í brjóst blæs og Hs. Mt. vill náðarsamlega yfir oss tilsetja, engan minn ávinning, fordeil, skaða, fjártjón, kostnað eður ómak hér um álítandi, heldur mig [og] alt mitt ráð guði á vald befalandi, landsins og þess innbyggjara þörf og nauðsyn álíta alinna og óborinna og það alt af fremsta formætti ástunda leynt og ljóst. Og þetta hið sama vitna eg til guðs og góðrar samvizku og til allra þeirra, er orð mín heyra, treystandi og fullkomlega vitandi, að guðs andi er nú á þessum síðasta heimsaldri eður seinasta kvöldi jafn kröftugur, hýr, heitur og varmur, sem hann var á dögum Moisis og postulanna fyrir það veikt ker eður verkfæri sjálfur útrétta, er hans fyrirhyggja, náð og miskun vill framkvæmt verða láta, því hans kraftur er enn sem fyr eftir hans eigin orðum í breyskum máttugur. Svo og einnig, að konganna og herranna hjörtu eru í guðs hendi, þeim að venda og um að breyta eftir hans vild og þóknan. — Og að svo sett er um minn alvarlega vilja og áform, þá þrykki eg mitt signet fyrir neðan þetta bréf, hvort skrifað var á Lambey í Fljótshlíð þann 22. júlí Anno 1619. Þorsteinn Magnússon MEH«.[1])

1) *Forpligtunarbréf þeirra, er út af landinu sigldu, Þorsteins Magnússonar og Henriks Gíslasonar.* Lbs. 70, 4to. bls. 73—74 og 62, 4to. bls. 73. Neðan við hefur Gísli lögm. Hákonarson bætt þessum orðum: »Annað bréf eins látandi orð fyrir

Þeir félagar sigldu allir með haustskipum og var þegar tekið til að bræða málið. Í skuldbindingarskjalinu er hálft í hvoru gert ráð fyrir því, að »enginn billegur eða líðanlegur kaupsamningur nást megi«, svo það er auðsætt, að landsmenn hafa grunað kaupmennina um græsku. Það var heldur eigi að ástæðulausu, því þeir munu hafa reynzt mjög óþjálir í samningunum. Að minsta kosti hafa erindrekar Íslendinga þózt knúðir til að leita fulltingis hjá konungi, að því er Jón Indíafari segir, og sætt færi að ná fundi hans á laun við kaupmenn.[1]) En lítið mun þeim hafa áunnist, því kaupsetning sú, er konungur gaf út þá um veturinn (16. des. 1619), reyndist ærið óhagstæð landsmönnum, og munu sumir þeirra hafa ámælt fulltrúunum og þótt þeir linir í sókninni.[2]) Það virðist þó engin ástæða til að efast um, að þeir félagar hafi gert það sem unt var til þess að útvega löndum sínum viðunanleg kjör, þótt lítið hefðist upp úr því. Af blaði einu með hendi Jóns Magnússonar, sem skrifað er að líkindum að áliðnum vetri og eftir að konungur var búinn að gefa út kaupsetninguna, er það auðsætt, að þeir félagar hafa að síðustu leitað á náðir kanzlarans í þeirri von, að einhverju fengist um þokað til endurbóta. En að því er frekast verður séð, hafa engar af þessum tillögum þeirra verið teknar til greina, enda voru þeir eigi verzlunarfróðir og hafa því eigi getað hrundið mótmælum kaupmanna með nógu

---

orð liggur hjá mér með eiginlegri handskrift Henriks Gislasonar niður undirskrifaðri Anno 1619«. Dr. Þorkelsson þjóðskjalavörður hefur góðfúslega bent mér á þetta merkilega skjal.

1) Smbr. Æfisögu Jón Indíafara. Kmh. 1908—1909. Bls. 140—141.

2) Í einu skjali Gottrups lögm. frá 10. jan. 1702 er vikið að þessari sendiför, og benda ummæli hans til þess, að misjafn orðrómur hafi leikið á frammistöðu þeirra félaga í Kaupmannahöfn um veturinn. Kemst hann svo að orði: »1619 kom en ny Kongl. Forordning om Taxten. Tychtes da Islandsker at sauvne de forrige Kiöbtiider der i Landet, hvorfor de udsendte 4re Mend af Landet at giöre andsögning hos Kongen om Forlindring derpaa, hvilcket blev forhindret paa dend Maade, at Amptmanden holdt med Kiöbmendene og lod giestbyde afftenen tilforn bemeltte 4re Mend, som hans Maijst. ville forhöre om Morgenen, og da de blev forrekaldet, vare de endda halfrussende og kunde iche svare for sig, maatte saa med uforretted Errinde reisse igien til Island«. Skjöl Gottrups. lögm. frá fyrri ferð. Nr. 46. (Lbs. 50 fol.)

sterkum rökum. Jón Magnússon fer meðal annars fram á það, að ein mjöltunna fáist á 50 fiska í hundraðskaupi, eða að minsta kosti í 140 fiska kaupi, en í kaupsetningunni er hún föl látin á 50 fiska í hálfs annars hundraðs (180 fiska) kaupi. Þá fer hann fram á það, að 3 spírur sé lagðar á 5 fiska, en í stað þess er ein spíra lögð á 3 fiska í kaupsetningunni. Enn vill hann láta selja 16 álnir striga í hálfstykkiskaupi á 40 fiska, eða alinina á $2^1/_2$ fisk, en í stað þess er hún lögð á 3 fiska í kaupsetningunni, og 14 álnir vesturfara vill hann leggja á 40 fiska, eða alinina á $2^6/_7$ fiska, en kaupsetningin leggur hana á 4 fiska o. s. frv. Að lokum fer hann fram á, að lýsistunnan sé lögð á 6 vættir (240 fiska) sunnan lands og vestan, eins og verið hafi að fornu, en sé það ófáanlegt, þá að minsta kosti á 5 eða $5^1/_2$ vætt (200 eða 220 fiska). En það fekst heldur eigi og var lýsistunnan lögð á $4^3/_4$ vætt eða 190 fiska í kaupsetningunni. Neðst á blaðinu er tillaga um það með annari hendi, að líkindum Henriks Gíslasonar, að Vestmanneyingar fái sama kaup og aðrir landsmenn, því það sé í alla staði óviðunandi, að þeir fái engin hundraðskaup og verði að sæta einkaupi á öllum varningi, en nærri því var heldur ekki komandi. Að líkindum hefði þó kaupsetningin orðið landsmönnum enn þá óhagstæðari, ef enginn hefði verið til andsvara af þeirra hálfu, og ekki hafa kaupmennirnir sjálfir verið neitt sérlega ánægðir með úrslitin, ef draga má nokkrar líkur af því, hvernig þeim fórst við þá félaga. Eftir konungsbréfinu áttu kaupmenn að greiða siglingarkostnað þeirra, en efndu það illa þegar til kom. Þeir slettu 100 dölum í hvern þeirra þriggja, en Daði andaðist um veturinn og bar því ekkert úr býtum, og drengur, sem með honum var, stóð allslaus uppi í Kaupmannahöfn. Jón Magnússon hélt því fram, að utanförin hefði kostað sig 400 dali, en kaupmenn létu ekkert frekar af hendi rakna.[1])

1) D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1582—1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.) Smbr. J. Sig. 374, 4to.

Þegar Jón kom heim aftur, gerði hann kröfu til þess að fá kostnað sinn endurgreiddan, og var lagður á sérstakur siglingartollur, 5 álnir á hvern skattbónda, í því skyni í norður- og vesturlögdæminu, og sama mun hafa orðið uppi á teningnum í hinu lögdæminu, svo kostnaðurinn lenti þá á Íslendingum sjálfum eftir alt saman og þótti víst mörgum ver farið en heima setið.[1])

Kaupsetningin frá 1619 er í ýmsum greinum einkennileg og eftirtektarverð. Í elztu íslenzku kaupsetningunum sýnist eigi vera um önnur kaup að ræða en *hálfstykkiskaup*, er svo voru kölluð. Mun það heiti vera dregið af hálfu stykki eða hálfum stranga af klæði (varningsklæði), sem í voru að fornu tali 24 stikur. Hefur þetta vafalaust átt rót sína að rekja til þess, að útlenzkum kaupmönnum var fyr á öldum bannað að verzla í smákaupum í ríkjum Danakonungs og sjálfsagt víðar, og var það gert í því skyni, að halda hlífiskildi yfir innlendu kaupmönnunum, því þeir lifðu mest á smásölu. Þannig bannaði Eiríkur konungur frá Pommern útlendum mönnum að selja klæði eða léreft í álnatali í Kaupmannahöfn og skuldbatt þá til að selja eingöngu í heilum og hálfum stykkjum.[2]) Hér á Íslandi var lengi vel að eins um útlenzka kaupmenn að ræða, og mun því hafa þótt sjálfsagt, að þeir hlýtti þessum fornu konungsboðum um hálfstykkiskaup eða stórkaup, enda er það áskilið í flestum yngri kaupsetningum, að þeir haldi sér við »gömul réttferðug hálfstykkiskaup«. Merkir þetta að eins það, að menn gerðu reikning fyrir sem svaraði að minsta kosti hálfu stykki varningsklæðis, og fengu í því kaupi nauðsynjar sínar að hálfu leyti í þungavarningi og að hálfu leyti í léttavarningi eftir samkomulagi.[3]) *Einkaup* var það aftur á móti kallað, er menn

---

1) Smbr. Árb. Esp. VI, 14—15.

2) Smbr. Danm. Riges Hist. II, 589.

3) Svo skil eg orðin í kaupsetningu Ara lögmanns frá 1531 eða þar um bil: »Medur þvi ad halldist halfstyckiskaup. Rádi landsmenn halfu enn utlendsker halfu bædi j þungavarningi og lettavarningi«. Dipl. Isl. IX, 583.

keyptu einhverja vörutegund eina sér í smákaupum, og mun það lítt eða ekki hafa tíðkast hér á landi fyr en Danir komu til sögunnar um miðja 16. öld. Var það talið óhagstæðara og varningurinn að jafnaði talsvert dýrari, einkum nauðsynjavaran, því kaupmenn reyndu að vinna það upp á henni í einkaupi, sem þeir slökuðu til á henni í hálfstykkiskaupinu, en sú tilslökun vanst þó aftur að nokkru leyti upp á léttavarningnum, sem menn voru skyldir að taka að helmingi í hálfstykkiskaupinu, og sumar vörutegundir, svo sem mjöl, fengust varla að neinum mun í einkaupi, því það var agnið, sem beitt var á öngulinn í stórkaupunum, svo að menn þess heldur skyldi gleypa við kramvörunni. Það var því engin furða, þótt Íslendingar héldi fast í hálfstykkiskaupin, eins og ljóst er af dómum þeim frá 1615, er áður getur, því þar var þeim trygt mjöl og önnur nauðsynjavara í kaupinu að réttri tiltölu við annan varning og með sæmilegu verði.

Í kaupsetningunni frá 1619 er einnig um tvenns konar kaup að ræða, *hundraðskaup* (Hundritskiöb) og *einkaup* (Enistekiöb). Er það auðsætt, að kaupmenn hafa gert sér hið mesta far um að fá einkaupið lögleitt í öllum viðskiftum sínum við landsmenn, en ekki fengið því ráðið.[1]) Hafa sumir litið svo á, að hundraðskaup það, er hér um ræðir, væri sama sem 100 eða 120 vætta kaup. Þessu heldur Ludvig Holberg fram og eftir honum Magnús Ketilsson sýslumaður.[2]) Enn fremur er því haldið fram í skjali einu um íslenzku verzlunina frá 1755.[3]) En þetta getur fráleitt verið rétt, því fáir hafa verið svo efnum búnir hér á landi, að þeir gerði hundrað vætta kaup, og líklega enginn um þær mundir, nema ef vera skyldi biskuparnir. Það er og nokkurn veginn auðsætt af öðrum

1) »Efterdi Islænderne same Hundritskjöb ikke ville afstaae«, segir í kaupsetningunni 1619 (Lovsaml. for Isl. I, 187). Hafa erindrekar landsmanna eigi látið sig á því atriði, svo för þeirra hefur áreiðanlega ekki verið til ónýtis.

2) Holberg: Dannemarks og Norges geistlige og verdslige Staat. Kbh. 1762. Bls. 375. Smbr. M. Ket. Forordn. II, 302—303.

3) Smbr. Anonymi Betænkninger over den isl. Handel. Þjskjs. A 34 nr. 4.

ástæðum, að hundraðskaup er að eins annað nafn á hálfstykkiskaupunum og sjálfsagt af því dregið, að hálfstykki varningsklæðis er í gömlum kaupsetningum lagt á hundrað (120) fiska.[1]) Í kæruskjali einu á dönsku frá 1647, undirrituðu af Þórði sýslumanni Henrikssyni, er og talað um hálfstykkis- eða hundraðskaup sem eitt og hið sama.[2]) Í kaupsetningunni 1619 (§ 2) er svo fyrir mælt, að þeir, sem verzli fyrir hálft annað hundrað og borgi með fiski og lýsi, skuli fá eina tunnu af mjöli, en hinir, sem verzli fyrir eitt hundrað og borgi með sauðum, smjöri, vaðmálum og prjónlesi, skuli fá hálfa tunnu af mjöli. Hafa sumir litið svo á, að viðskiftamennirnir ætti að fá þetta í kaupbæti eða ofanálag í hundraðskaupinu, og virðist Magnús Ketilsson hálft í hvoru hallast að þeirri skoðun, en segir þó að hitt kunni að vera réttara, að þeir sem borguðu með fiski og lýsi ætti heimting á að fá eina tunnu af mjöli í hálfs annars hundraðs kaupi, en hinir hálfa tunnu af mjöli í hundraðskaupinu, sem borguðu með landbúnaðarafurðum,[3]) og er víst enginn vafi á því. Þetta er auðskilið af kaupsetningu Ara í Ögri frá 1615, því þar setur hann mjöltunnu góða og gilda í hálfstykkiskaupi eða þriggja vætta kaupi (hundraðskaupi), sem hann og kallar, »og þá sömu uppá vætt, þó svo, að menn taki létta vöru uppá tvær vættir, sem þeim bezt gagnast«.[4]) Þetta er einmitt mjög svipað í kaupsetningunni frá 1619, ef nánar er að gáð, því þar er gert ráð fyrir einni mjöltunnu á 50 fiska í hálfs annars hundraðs (180 fiska) kaupi hjá þeim, sem borgi með sjávarafurðum, og er þeim gerður kostur á annari þungavöru til 40 fiska, svo að þetta hvorttveggja nemi 90 fiskum eða hálfri reikningsupphæðinni, en út á hinn helminginn (90 fiska) urðu þeir

1) Smbr. Dipl. Isl. IV, 276, IX, 584 og X, 588.
2) Hdrs. Á. M. 381 fol.
3) Smbr. M. Ket. Forordn. II, 302—303.
4) Smbr. hér að framan bls. 366.

að taka léttavarning, sem kallaður var.[1]) Þetta hafði víst lengi tíðkast á Íslandi og hélzt einnig löngu eftir að hundraðskaupið var afnumið. Aðalhlunnindin við hundraðskaupið voru þá í því falin, að viðskiftamönnunum var trygð hin brýnasta nauðsynjavara upp í helminginn af viðskiftum sínum og það við miklu betra verði, en í einkaupi. Þannig fekst t. d. mjöltunnan í hundraðskaupi á 50 fiska, hvort sem goldið var í sjávar- eða landbúnaðarafurðum, en í einkaupi kostaði hún 80 fiska á fiskihöfnunum og 90 fiska á sláturhöfnunum, eða var með öðrum orðum 60—80 % dýrari. Svona var og með grjón og matvöru yfirleitt, en á öðrum nauðsynjavörum var þó mismunurinn ekki nærri eins mikill. Aftur á móti voru flestar kramvörur lítið eitt dýrari í hundraðskaupi en í einkaupi, og hefur það verið gert í eftirlætisskyni við kaupmenn eins og fyr segir. Annars er það tekið fram í kaupsetningunni, að menn geti verið alveg sjálfráðir um það, hvort þeir verzli í hundraðskaupi eða einkaupi, en Vestmanneyingum var þó að eins gefinn kostur á einkaupi, eins og tíðkast hafi þar í eyjunum frá alda öðli.[2])

Í kaupsetningunni frá 1619 er ekki að eins gerður mismunur á hundraðskaupi og einkaupi, heldur er nú og í fyrsta skifti gerður munur á *fiskireikningi* og *prjónles-* eða *sauðareikningi*. Sunnlendingar og Vestfirðingar, sem guldu í sjávarafurðum, voru látnir sæta betri kjörum en Norðlendingar og Austfirðingar, sem guldu að mestu í landbúnaðarafurðum. Að vísu munu Danir hafa tekið upp á því, að fella landbúnaðarafurðirnar í verði þegar eftir að einokunarverzlunin hófst, og jafnvel verið farið að brydda á því hjá þýzkum kaupmönnum fyrir aldamótin 1600, og var freistað að reisa skorður við þessu af landsmanna hálfu með dómum þeim, er áður getur.[3]) En með kaup-

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 187—188.
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 190—191.
3) Smbr. t. d. dóm Gísla lögm. Hákonarsonar frá 24. maí 1615: »Í fimta máta um þá íslenzka vöru, er almúginn yrði sér til bjargar sinna nauðsynja vegna

setningunni 1619 var það lögheigað og landbúnaðarafurðirnar eigi að eins feldar beint í verði, heldur var og á annan hátt gert mjög misjafnt upp á milli þeirra og sjávarafurðanna. Niðurfærslan á landbúnaðarafurðunum verður augljós og áþreifanleg, ef vér berum kaupsetninguna frá 1619 saman við kaupsetningu Ara í Ögri frá 1615. Þannig er smjörfjórðungurinn í kaupsetningunni frá 1619 lagður á 15 fiska, en hjá Ara á 20 fiska, duggarasokkarnir 1619 á 4 fiska, en hjá Ara 5 fiska, vetlingarnir 1619 á $1^1/_2$ fisk, en hjá Ara á $1^2/_3$ fisk, gamalt naut 1619 með skinni og öllu saman á 300 fiska, en hjá Ara 360 fiska og aftur skinnið, 6 vetra naut 1619 á 240 fiska, en hjá Ara 360 fiska, 5 vetra naut 1619 á 200 fiska, en hjá Ara á 280 fiska, fjögra vetra sauður 1619 á 40 fiska, en hjá Ara 50 fiska, þrevetur sauður 1619 á 35 fiska, en hjá Ara á 40 fiska, tvævetur 1619 á 30 fiska, en hjá Ara 35 fiska o. s. frv. Þetta er meira en lítil niðurfærsla og hafði þó Ari felt þær nokkuð frá því sem áður var. Það er þó auðsætt, að kaupmenn hafa eigi verið ánægðir með þessa niðurfærslu á landbúnaðarafurðunum, heldur þótt hún of lítil, en landsmenn hafa hins vegar eigi með nokkru móti getað unað því, að þær væri meira niður færðar, sakir innanlandsviðskiftanna, og hafa þá kaupmenn hugsað sér að vinna þetta að nokkru leyti upp með því, að selja allar útlenzkar vörur 10—20 % dýrara í prjónlesreikningi en í fiskireikningi. Hélzt sú venja langa lengi upp frá því og var jafnan, eins og gefur að skilja, eitt hið mesta óánægju- og misklíðarefni, enda var þetta alleinkennileg verzlunaraðferð.

útlenzkum bjóða, þeir fisk og lýsi ekki til hefði, sem væri smjör, naut, sauðir, vaðmál og annað þvílikt, því fæstir væri megnugir til skreið eður lýsi að selja, og fengi ekki fátækur almúgi þessu út komið utan með stærstu afföllum, hvað alt og sumt margnefndur almúgi, ásamt fleirum öðrum, meintu ranglega gjört vera í móti öllu guðlegu og náttúrulegu lögmáli, einnig konganna náðarbréfum og réttarbótum ásamt lögmannanna dómum og öðrum löglegum samþyktum, en landsins innbyggjurum eigi til alllítils skaða, væri ekki í tíma skorður við reistar«. J. Sig. 374, 4to.

Jafnaugljós verður framfærslan á útlenzku vörunni í kaupsetningunni frá 1619, ef vér berum hana saman við kaupsetninu Ara. Ari leggur mjöltunnuna á vætt í hundraðskaupi, en árið 1619 er hún lögð á 50 fiska, eða hækkuð um 25 %. Í einkaupi leggur Ari hana á 60 fiska, en kaupsetningin 1619 leggur hana á 80 og 90 fiska, svo hækkunin nemur þar 33⅓—50 %. Öll álnavara er hækkuð um 20—30 % og borðviður eða fjalviður um 60—100 %. Það var því engin furða, þótt Íslendingar væri óánægðir með úrslitin og teldi kosti sínum þröngvað með þessari nýju kaupsetningu. En um það tjáði eigi að fást, því konungur hafði löggilt hana, og sannaðist hér sem oftar máltækið, að svo má illu venjast, að gott þyki. Þegar fram í sótti fóru kaupmenn mjög að vild sinni um vöruverð og hikuðu eigi við að rjúfa kaupsetninguna í ýmsum greinum, svo landsmenn tóku nú að hampa henni og kröfðust þess, að henni væri fylgt. Þóttust kaupmenn eigi standa sig við að selja ýmsan útlenzkan varning eftir kaupsetningunni og báru því við, að hann færi síhækkandi erlendis. Var og talsvert hæft í því. Þannig hafði t. d. meðalverð á rúgtunnunni í Danmörku verið 2 rd. 88 sk. á árunum 1611—1620, en á næsta áratugnum (1621—30) var meðalverðið 5 rd. 2 sk., svo það var engin furða, þótt kaupmenn þættist eigi standa sig við að selja mjöltunnuna úti á Íslandi á 2 rd. 28 sk. í hundraðskaupi og í einkaupi á 3 rd. 64 sk. í fiskireikning, en 4 rd. 12 sk. í prjónlesreikning. Árið 1629 komst rúgurinn upp í 8 rd. 20 sk. í Danmörku og árið eftir var hann í 7 rd. 68 sk.[1]) Stóðust þá kaupmenn eigi lengur mátið, heldur sneru sér til konungs og fóru fram á hækkun á kaupsetningunni, og var það veitt með kgsbr. 11. apr. 1631.[2])

1) Smbr. W. Scharling: Pengenes synkende Værdi. Kbh. 1869. Bls. 250—251. Verðið er hér tilgreint í ríkismynt frá seinni hluta 19. aldar, en eigi reiknað eftir spesíumyntinni gömlu, og kemur það í sama stað niður, því hér er að eins um það að ræða, að sýna verðhækkunina erlendis og hlutfallið á milli mjölverðsins hér og í Danmörku.

2) Smbr. M. Ket. II, 358—359. Þessa nýju kaupsetningu frá 1631 hefi eg hvergi

Þegar bréf þetta um framfærslu erlendra nauðsynja var birt í lögréttu sumarið 1631, vakti það illan kurr hjá landsmönnum, sem eigi var að furða, þar sem flestir voru óánægðir með kaupin eins og þau voru og þóttust varla mega rísa undir þeim, hvað þá heldur þyngri kaupum, í þeirri harðindatíð, sem þá gekk yfir landið. Kvað svo ramt að þessu, að umboðsmaður hirðstjórans lýsti því sjálfur yfir í lögréttu, að hann treysti sér ekki til að neyða þessari nýju kaupsetningu upp á landsmenn, þar sem allir væri nú að þrotum komnir sakir harðinda og dýrtíðar, en verzlunarkjörin afleit undir og eldri kaupsetningin margrofin af kaupmönnum.[1]) Varð það úr, að landsmenn rituðu konungi bænarskrá af alþingi og skýrðu honum frá því harðindalagi, sem á hefði legið um nokkur undanfarin ár, svo að fólkið hefði hrunið niður af hungri, einkum fyrir norðan og vestan, og horfði nú til enn meiri vandræða, ef þessu héldi áfram. Lýstu þeir síðan klækjum og refjum kaupmanna og kvörtuðu sáran undan óbilgirni þeirra í öllum viðskiftum. »Í þeim fyrri taxta,« segja þeir, »var flestöll þeirra vara við oss upphækkuð, en verðið á vorri minkað og niðursett, svo vér hljótum hana við þá dönsku kaupmenn miklu ódýrara af höndum að láta, en hana seljum og kaupum vor á meðal innanlands.«[2]) Að lokum biðja þeir konung að vægja sér við þessum nýjungum, því landinu yrði það öldungis óbærilegt.[3]) Þessa bænarskrá vildi höfuðsmaður með engu móti flytja af hálfu landsmanna og tók þá Gísli Oddsson að sér að

---

getað fundið, en af skjali einu frá stjórn Hörmangarafélagsins má sjá það, að ráðgert hefur verið að hækka mjöltunnuna í einkaupi úr 80 fiskum upp í 120 fiska, og grjónatunnuna úr 160 fiskum upp í 240 fiska, eða með öðrum orðum um 50%. Smbr. Deduction over den isl. Handels Beskaffenhed etc. Þjskjs. A 151 nr. 5.

1) Alþb, 1631 nr. 7.

2) Þannig var t. d. gamalt naut lagt á 300 fiska í kaupsetningunni, en í innanlandsviðskiftum gekk það á 12 vættir eða 480 fiska. Gamlir sauðir voru lagðir á 40 fiska í kaupsetningunni, en gengu þá í innanlandsviðskiftum á 1½ vætt eða 60 fiska.

3) Alþb. 1631 nr. 8.

bera hana fram við konung, sem fyr segir. Vanst honum það á, að konungur hvarf frá því að lögleiða þessar nýjungar, en bauð að verðlagið skyldi haldast óbreytt með því skilyrði, að Íslendingar ræki enga launverzlun við erlendar þjóðir.[1])

Það liggur í augum uppi, að kaupmenn hafa eigi verið sem ánægðastir með þessi málalok, enda fóru þeir hér eftir mjög að sínum vilja bæði um vöruverð og vörugæði, án þess að hirða nokkuð um fyrirmæli laganna eða kvartanir landsmanna. Einkum virðist þeim hafa verið illa við hundraðskaupið, og reyndu þeir á allar lundir að smeygja sér undan því. Þannig segir Þórður Henriksson sýslumaður í kæruskjali sínu frá 1647, að kaupmaður í Hólmi hafi neitað mönnum um hundraðskaup, jafnvel þótt þeir verzluðu fyrir 8 hundruð eða lest fiska eða meira, og haldið mjög í mjöl og aðra nauðsynjavöru við þá, en aftur á móti neytt upp á þá alls konar léttavöru fyrir okurverð. Þannig seldi hann þeim alinina af Hamborgarklæði á 35 eða 40 fiska, en í kaupsetningunni var hún lögð á 30 og 33 fiska í einkaupi; breitt klæði (bred Tvifler) seldi hann á 25 og 30 fiska í stað 20 og 24 fiska, mjótt klæði (smal Tvifler) á 20 fiska í stað 16 og 18 fiska, óstungið léreft (Ölsinger Lerrit) á 6 eða 8 fiska í stað 5 eða $5^1/_2$ fiska, mjög slæman striga á 4 fiska, í stað þess að kaupsetningin lagði góðan striga á 2 og $2^1/_2$ fisk, og alt eftir þessu.[2]) Þegar harðna tók í ári hjá verzlunarfélaginu og siglingar komust á ringulreið í ófriðnum við Svía, leituðu kaupmenn allra bragða til að klóra í bakkann og fengu konung til að afnema hundraðskaupið árið 1658 að Íslendingum fornspurðum.[3]) Segir í bréfinu, að hundraðskaupið sé eigi til neinna verulegra bóta fyrir almenning, en aftur á móti til tjóns fyrir verzlunarfélagið. Fyrra atriðið er algerlega rangt, því hundraðskaupið var að

1) Kgsbr. 26. des. 1631. M. Ket. II, 362—364. Smbr. hér að framan bls. 100—101.
2) Hdrs. Á. M. 381 fol.
3) M. Ket. III, 67—68.

mörgu leyti hagstætt landsmönnum, ef því var samvizkusamlega framfylgt, eins og ljóst er af því, sem fyr segir, en hitt er aftur á móti rétt, að verzlunarfélagið hafði heldur baga af því. Um leið fóru kaupmenn fram á hækkun á verðlagi og báru það fyrir sig, að útlenzkur varningur hefði stigið til helminga eða meira síðan kaupsetningin var út gefin árið 1619. Þetta var auglýst á Íslandi með kgsbr. 6. júní 1658 og landsmönnum boðið að senda 2 eða 4 menn utan á sinn kostnað þá um sumarið til þess að semja við fulltrúa verzlunarfélagsins um nýja kaupsetningu.[1]) Bréfið kom eigi út fyr en eftir alþing og skaut því Árni lögmaður Oddsson á »leiðmóti« við Laxá 7. ág. þá um sumarið til þess að gegna þessu máli. Komu þar saman nokkrir menn úr næstu héruðum og urðu ásáttir um að senda fógetanum afsökun sína og landsmanna, að eigi væri unt að gera þessu máli frekari skil fyr en þing kæmi saman á næsta ári, — »biðjandi vorn elskulega og velbyrðuga herra, að álíta og frambera vorar og landsins nauðsynjar á sínum tíma, því þessa fátæka lands innbyggjarar, þeir nálægir eru, teljast undan (óneyddir) við meiri þyngslum á sig og sína eftirkomendur að taka um kaupskaparins framfærslu eður áherðing, heldur biðja og óska auðmjúklega, að Kongl. Mst. vildi láta oss halda voru frelsi og fríheitum, ef nokkrir kristnir menn vilja landið af Hans Mst. girnast til forsorgunar með sama taxta, sem hingað til hefur verið, nema nokkur vilji betur gjört hafa«. Þetta andsvar var lesið upp í lögréttu sumarið eftir og tók allur þingheimur undir það einum rómi og skoraðist undan að gegna utankvaðningu það sumar (1659) »vegna óárs og vanefna ... og þess mikla stríðs, sem nú yfirstendur«.[2]) Þetta áréttuðu seinna biskupar og kennimenn landsins með bænarskrá

1) M. Ket. III, 68. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 253. Á síðari staðnum er að eins tekinn boðskapurinn um afnám hundraðskaupsins, en hitt um verðhækkunina og utankvaðninguna felt úr bréfinu.

2) Alþb. 1659 nr. 1.

af sinni hálfu, sem fór fram á það, »að Ísland mætti forsorgast af Compagniinu með þarflegri vöru, sem nauðsynlegust er landi og lýðum«, en lögmenn og lögréttan tóku undir það einum rómi og óskuðu þess, að bænarskráin mætti komast fyrir »landsherrann« Henrik Bjelke og að hann vildi framfylgja því, að kaupsetningin, sem út var gefin árið 1619, mætti viðhaldast í öllum greinum.[1]) Var þá aftur horfið frá þessu ráði um verðlagshækkunina og látið sitja við afnám hundraðskaupsins.

Þegar félag aðalútgerðarmanna, sem einmitt var á döfinni um þessar mundir, komst á ringulreið í kring um 1680 og farið var að ráðstafa á ný íslenzku verzluninni, gerðu sumir af kaupmönnum það að skilyrði fyrir hlutföku sinni, að ný kaupsetning væri út gefin, enda hafði þá verið verzlað eftir gömlu kaupsetningunni í full 60 ár. Báru kaupmenn því við sem fyrri, að útlenzkur varningur hefði stigið svo mjög í verði, að þeir gæti ekki með nokkru móti staðið sig við að verzla eftir kaupsetningunni frá 1619. Sannleikurinn var sá, að útlenzkur varningur hafði jafnan stigið mjög þegar ófriður var í álfunni, og það bar eigi sjaldan við um þessar mundir, en fallið svo aftur annað veifið, þegar hlé varð á deilunum. Yfirleitt má þó víst segja, að útlenzk vara hafi verið mun dýrari í kring um 1680, en hún var fyrir 1620. Þannig var t. d. meðalverð á rúgtunnunni í Danmörku 3 rd. 65 sk. á árunum 1651—1700, en hafði verið 2 rd. 28 sk. á árunum 1611—1620, sem fyr segir.[2]) Stjórnin veitti því kaupmönnum áheyrn um þetta, og lét konungur það boð út ganga 25. apr. 1682, að Íslendingar skyldi senda utan 4 menn á kostnað kaupmanna til þess að semja við þá um nýja kaupsetningu,[3]) og var þetta bréf birt á alþingi þá

1) Alþb. 1661 nr. 32.

2) Verðið er hér talið í rikismynt frá seinni hluta 19. aldar. Smbr. W. Scharling: Pengenes synkende Værdi. Bls. 289. Á einstökum áratugum var meðalverðið sem hér segir: (1641—50: 4 rd. 14 sk.), 1651—60: 3 rd. 48 sk., 1661—70: 3 rd. 70 sk., 1671—80: 3 rd. 49 sk., 1681—90: 3 rd. 32 sk. og 1691—1700: 4 rd. 32 sk.

3) M. Ket. III, 192. Lovsaml. for Isl. I, 386—387.

um sumarið. Kom þar lögþingismönnum bæði andlegum og veraldlegum saman um að senda konungi bænarskrá með Jóhanni Klein fógeta og tjá honum, að eigi hefði unnist tími til að taka skriflegt umboð af héruðum landsins til útvalningar sendimönnum á þessu sumri, og gæti því eigi orðið af sendiförinni að svo stöddu. En jafnframt buðu lögmenn báðir, að sýslumenn skyldi taka þetta umboð á næstu vorþingum tveim lögréttumönnum eða öðrum skilríkum mönnum til handa að minsta kosti úr hverju héraði, en þeir ætti síðan á næsta Öxarárþingi að fá þetta umboð sitt þeim mönnum í hendur, er kjörnir yrði til fararinnar. Jafnframt þessu áttu valdsmenn að grenslast eftir háttalagi og nauðsynjum héraðanna og gefa það skriflega til kynna ásamt með ítarlegri skýrslu um verzlunarhagina og þá anmarka, er á þeim kynni að vera.[1]) Þetta var svo gert og málið tekið fyrir á næsta alþingi. Voru þá kjörnir til fararinnar *Marteinn Rögnvaldsson* sýslumaður í Múlaþingi og *Jón Eyjólfsson* sýslumaður í Gullbringusýslu fyrir Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðung, en *Magnús Jónsson* sýslumaður í Dölum, faðir Árna Magnússonar, og *Þorsteinn Benediktsson* frá Bólstaðarhlíð fyrir Norðlendinga- og Vestfirðingafjórðung, og var þeim fengið umboð allra landsmanna. En ekki var mönnum hugrótt út af þessari kvaðningu, eins og ljósast má ráða af orðum þeim, sem hnýtt er aftan við þetta mál í alþingisbókinni, en þau eru svolátandi: »Svo eru þá samþykkilega og svo sem með einu hjarta allir Íslands innbyggjarar þessa fyrnefnda fjóra dánumenn og alt þeirra erindi undir vors konungs stóru náð og beskærmelse með stærstu auðmýkt befalandi, einkanlega það sem áhrærir þessa auma og fátæka lands innbyggjara háþrengjandi stórnauðsyn og aumkunarlegt tilstand í mjög margan máta, óskandi af allri hjartans alúð, að vor himneskur guð og faðir vildi svo hér eftir sem hingað til áhræra

1) Alþb. 1682 nr. 51.

vors allranáðugasta arfakongs og herra hjarta til stórrar náðar og meðaumkunar yfir oss, hans fátækum langtfráliggjandi undirsátum, oss fyrir framvegis þyngslum og umbreytingu mildilega að hlífa.«[1]) Jafnframt þessu var svo sent ávarp til konungs í líku sniði og þess óskað og beiðst að lokum, að gamla kaupsetningin mætti haldast óbreytt.[2])

Skömmu eftir nýjár 1684 var þeim Hans Nansen, Thomasi Jensen (Dobbelsteen) og Jóhanni Klein, sem áður hafði verið fógeti Bjelkes hér á landi, en nú var einn í tölu útgerðarmanna, falið að semja nýja kaupsetningu í samráði við erindreka landsmanna. Var þeim boðið, að líta jafnt á hag beggja og gæta þess um fram alt, að landsmönnum væri eigi þyngt um of í kaupum og sölum.[3]) Af samningunum sjálfum fara engar sögur, en niðurstaðan varð sú, að ný kaupsetning var út gefin 6. maí 1684, og var hún í ýmsum greinum þyngri og óhagstæðari landsmönnum en hin fyrri.[4]) Var enginn kostur annar, en að svo skyldi standa, enda varð hún bærilegri í sumum greinum, en kaupmenn höfðu stungið upp á í fyrstu, að því er sr. Eyjólfur á Völlum segir í annál sínum.[5]) Þegar þessi nýja kaupsetning var birt á alþingi um sumarið, þótti mörgum þunglega horfa í sumum greinum, einkum hækkunin á skipaviðnum, og var leitt í tal á þinginu, að varla þætti annað sýnt, en að sjávarútvegur biði mikinn hnekki af þessu, og landfógeta falið að gefa konungi það til vitundar við fyrsta tækifæri.[6]) En það sýnist engan ávöxt hafa borið.

Það þarf hvorki langan né ítarlegan samburð á kaupsetningunum 1619 og 1684 til þess að ganga úr skugga

---

1) Alþb. 1683 nr. 3.
2) Alþb. 1683 nr. 49.
3) Kgsbr. 16. febr. 1684. M. Ket. III, 205--206. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 413--414.
4) Smbr. M. Ket. III, 209--217 og Lovsaml. for Isl. I, 415--425.
5) Smbr. Vallnaannál eða Svarfaðardalsannál við árið 1684. (Lbs. 158, 4to.) Sr. Eyjólfur hefur vist haft þetta eftir föður sínum, Jóni Eyjólfssyni.
6) Alþb. 1684 nr. 2.

um það, að allur útlenzkur varningur er hækkaður til muna í seinni kaupsetningunni. Ef vér lítum á aðalnauðsynjavöruna, mjölið, þá hefur tunnan hækkað um 5 fiska í orði kveðnu, en jafnframt léttst um ½ L℔ eða 8 ℔, svo hækkunin er í raun og veru dálítið meiri. Allur skipaviður hefur hækkað að miklum mun, eins og vikið er á í Alþingisbókinni 1684, og nemur hækkunin jafnvel 50 % á sumum tegundunum. Þannig hafa stór kjaltré hækkað úr 60 og 65 fiskum upp í 70 og 75 fiska, spírur úr 3 fiskum upp í 4 og 4½ fisk, stórir hástokkar úr 44 fiskum upp í 48 fiska á sláturhöfnunum og litlir hástokkar úr 20 og 22 fiskum upp í 28 og 32 fiska, stefni úr 30 og 33 fiskum upp í 36 og 40 fiska o. s. frv. Veiðarfærin hafa einnig hækkað, t. d. lóðarstrengir úr 10 og 12 fiskum upp í 12 og 13 fiska og haldfæri sextug úr 20 og 22 fiskum upp í 22 og 24 fiska. Sama er og að segja um aðrar vörutegundir. Þannig hefur grásaltstunnan hækkað um 100 %, úr 50 og 55 fiskum upp í 100 og 110 fiska, járnfjórðungurinn úr 10 og 11 fiskum upp í 12 og 14 fiska, vesturfari úr 3 og 3½ fisk upp í 4 og 4½ og strigi úr 2½ fisk upp í 3 fiska á sláturhöfnunum o. s. frv. Það var því engin furða, þótt landsmenn léti illa yfir þessum breytingum, og það því síður, sem allar íslenzkar afurðir stóðu í stað eða féllu í verði. Þannig var nú t. d. lýsistunnan, sem áður hafði gengið á 180 fiska á sláturhöfnunum og 190 á fiskihöfnum, lögð á 180 fiska um alt land og duggaravetlingarnir á 1⅓ fisk, sem áður höfðu þó verið á 1½ fisk. Um nautgripi var svo fyrir mælt, að þeir skyldi héðan af teknir eftir samkomulagi.

Þessi illræmda kaupsetning varð eigi nándar nærri eins langæ og hin fyrri, því hún stóð eigi lengur en til aldamótanna. Það var eitt af aðalerindum Gottrúps lögmanns í utanförinni 1701 að fá henni breytt til batnaðar, og tókst honum það að ýmsu leyti eftir allmikið þjark. Kaupsetningin frá 10. apríl 1702 var í mörgum greinum

hagstæðari landsmönnum en hin fyrri og sumu vikið aftur til sama verðs og áður hafði verið í kaupsetningunni 1619. Mjöltunnan var færð úr 85 og 95 fiskum niður í 80 og 87 fiska, grjónatunnan úr 160 og 180 fiskum niður í 130 og 150 fiska, skonrokstunnan úr 85 og 95 fiskum niður í 80 og 85 fiska og grásaltstunnan úr 100 og 110 fiskum niður í 95 og 100 fiska. Skipaviðurinn lækkaði um 10—25 % og veiðarfæri um 10—12 %, og sama er að segja um flestar aðrar vörur. Aftur á móti héldust íslenzku vörurnar óbreyttar í verði að undanteknu því, að smjörfjórðungurinn hækkaði um einn fisk.[1]) Þó að mikið vantaði á, að Gottrúp fengi öllum kröfum sínum framgengt um niðurfærslu á verðlaginu, þá varð honum samt eigi lítið ágengt, og telst mönnum svo til, að hagnaður landsmanna á niðurfærslunni hafi numið sem svaraði 4—5000 rd. árlega.[2]) Kaupmenn voru þó meira en skaðlausir af þessu, því konungur gaf þeim eftir 6000 rd. árlega af hafnaleigunni. Landsmenn þóttust því bera minna úr býtum, en til var ætlast, og fóru fram á meiri linun á kaupsetningunni tveim árum seinna, en því var eigi sint.[3]) Aftur á móti tókst kaupmönnum heldur eigi að fá konung á sitt mál um að lögleiða aftur kaupsetninguna frá 1684, þótt farið væri fram á það oftar en einu sinni,[4]) og sat við sama keip um verðlagið fram til 1776 eða í 74 ár.

Það er auðsætt af öllu þrefi og þófi um kaupsetningarnar bæði fyr og síðar, að landsmenn hafa um fram alt lagt kapp á að halda mjölinu og matvörunni í sem lægstu verði, enda tókst þeim það vonum framar. En það er mjög vafasamt, hvort það hefur borgað sig fyrir þá þegar á alt er litið. Með því lága útsöluverði, sem jafnan var á mjölinu og matvörunni í kaupsetningunum, varð auðvitað

---

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 563--575.

2) Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. (J Sig. 37 fol.)

3) Smbr. hér að framan bls. 162--164.

4) Sjá hér að framan bls. 169 og 172.

eigi hjá því komist, að útgerðarmennirnir sköðuðust að mun á þessum vörutegundum. Þannig telst Skúla fógeta svo til, að kaupmenn hafi árið 1625 skaðast um 9408 rd. á mjölinu og árið 1655 um 1661 rd.[1]) Þetta leiddi auðvitað til þess, að kaupmenn reyndu að takmarka sem mest alla matvöruaðflutninga og réttlættu yfirleitt allar gerðir sínar með því að skírskota til þess, að þeir héldi lífinu í Íslendingum með þessum ódýru matvöruaðflutningum sjálfum sér til stórtjóns. Það liggur þó í augum uppi, að kaupmenn hafa eigi gengist undir það verð á einni eða örfáum vörutegundum, sem þeir hlutu að stórskaðast á, án þess að vinna það upp á öðru, og þetta gerðu þeir og meira en það með okurverði á ýmsum útlenzkum vörutegundum, einkum kramvöru og munaðarvöru, sem Íslendingar vissu ekkert um innkaupsverð á. Voru þær lagðar meira og minna af handahófi í kaupsetningunum og alveg að vilja kaupmanna sjálfra. Hafa erindrekar landsmanna við takstasamninguna vafalaust hugsað sem svo, að þetta gerði minna til, því landsmenn gæti verið án alls þorra þeirra og að enginn væri neyddur til að kaupa þær framar en honum sjálfum sýndist. En þar skjátlaðist þeim mjög, því fyrst og fremst létu kaupmenn útlenda matvöru eigi fala nema gegn íslenzkri matvöru (fiski og kjöti), sem útgengilegust þótti af öllum íslenzkum afurðum,[2]) og í öðru lagi fundu þeir upp á því, að nota mjölið og matvöruna sem eins konar agn við almúgann. Gerðu þeir mönnum eigi kost á mjöli og öðru þess háttar, nema því að eins að þeir tæki jafnmikið af ýmis konar óþarfavarningi við okurverði.[3]) Á þennan hátt

1) Beskriv. af Island 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 152--154.

2) »Matur við mat« var orðtæki íslenzku kaupmannanna, og var ekki nærri því komandi þegar fram í sótti, að Íslendingar fengi mjöl eða brauð fyrir beinharða peninga, hvað þá heldur fyrir prjónles. Smbr. Bréf Wulffs landfógeta til stiftamtm. 30. ág. 1720. (Þjskjs. A 68 I, 6).

3) Smbr. Bréf Jóns bisk. Vidalíns til Rabens stiftamtm. 7. júlí 1720: »Der findes de Kiöbmænd, som nöde Almuen den Vare paa, som de ugierne vil have, paa den Maade, at naar Jndbyggerne faae een Tönde Meel, Föring Jern, et

unnu þeir ríflega upp allan áhalla á mjölinu og matvörunni. En ekki nóg með það, heldur notuðu kaupmenn sér tilslökunina í mjölkaupunum til þess að fá sínu framgengt um niðurfærslu á öllum íslenzkum varningi í kaupsetningunum frá því sem áður hafði verið, og nam hún rúmum 33 % upp og ofan. Að fornu höfðu menn ávalt hér á Íslandi metið útlenzka og íslenzka matvöru eftir búdrýgindum og lagt að jöfnu mjöltunnu, 2 vættir fiska og 2 gamla sauði eða 4 veturgamla. Var það að gömlu lagi hvort um sig metið á 60 áln. eða 120 fiska. Í kaupsetningunum 1619 og 1702 er þetta og lagt að jöfnu, en metið á 80 fiska, og hefði það að sönnu getað komið í líkan stað niður, ef eigi hefði verið um aðrar vörutegundir að ræða en þessar og æfinlega komið mjöl í staðinn fyrir fisk og kjöt í viðskiftunum. En það gat auðvitað eigi komið til mála, og urðu Íslendingar þar af leiðandi að bera einir skaðann af verðfallinu á íslenzku afurðunum, því gangverð þeirra var hið sama hvað sem á móti var látið. Telst Skúla fógeta svo til, að landsmenn hafi tapað árlega á þessari niðurfærslu hér um bil 28,274 rd. eða alls 3,703,894 rd. á tímabilinu frá 1619 til 1750.[1]) Til merkis um gróða kaupmanna á íslenzku afurðunum, einkum sjávarafurðunum, má geta þess, að í byrjun 18. aldar gáfu þeir 3 rd. 32 sk. fyrir sk℔ af harðfiskinum á Íslandi, en seldu það erlendis fyrir 15—17 rd.,[2]) svo þeir hafa margfaldlega unnið það upp á fiskinum einum, sem þeir slökuðu til á mjölverðinu. Það er því síður en svo, að Íslendingar hafi grætt á því að halda mjölinu og matvörunni í svo lágu verði í kaupsetningunum.

Eitt af því, sem ávalt olli misklíð og sundurþykkju með kaupmönnum og landsmönnum, var mismunur sá,

---

Stycke Tömmer, skal de væri pligtige at tage ligesaa meget af andre Varer, som dem icke er tient med«. Brb. stiftamtm. I, 144--145. Smbr. Andvari XXXIX, 69.

1) Beskriv. af Island 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 152—154. Smbr. Fyrsti viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 160—161.

2) Smbr. Bréf Jörgen Klogs og Peter Keysens 29. okt. 1704. Skjöl Gottrúps ögm. frá seinni ferð. Nr. 14. (Lbs. 50 fol.)

er gerður var í kaupsetningunum á fiskireikningi og prjónlesreikningi eða sauðareikningi. Urðu bændur þeir, sem verzluðu mest með landbúnaðarafurðir, að gefa 10—20 % eða jafnvel stundum fram undir 50 % meira fyrir allar eða allflestar útlenzkar vörur en hinir, sem verzluðu mest með sjávarafurðir. Var jafnan á sláturhöfnunum reiknað eftir prjónlesreikningi og talið í vættum, fjórðungum og fiskum, en á fiskihöfnunum eftir fiskireikningi og talið í lestum, hundruðum og fiskum. Nú hagaði svo til víðasthvar á Íslandi, að eitthvað barst af sjávarafurðum á sláturhafnirnar og eitthvað af landbúnaðarafurðum á fiskihafnirnar. Þótti kaupmönnum samt eigi taka því, að hafa tvöfalda reikninga á öllum höfnum og færðu því alt til prjónlesreiknings á sláturhöfnunum, en bættu mönnum áhallann á sjávarafurðunum með 12 %. Aftur á móti drógu þeir oft mun meira af þeim í reikningunum, sem greiddu í landbúnaðarafurðum á fiskihöfnunum,[1]) og reis hin megnasta óánægja meðal landsmanna út af þessu hvorutveggja. Þótti flestum mönnum uppbótin of lítil á sláturhöfnunum og gerðu kröfu til þess að fá að minsta kosti 20 % reikningsuppbót á fiski og lýsi, en nærri því var eigi komandi. Réttast hefði sjálfsagt verið að fara meðalveginn, eins og Skúli fógeti segir, og láta uppbótina nema 16 %.[2]) Til merkis um ójöfnuð kaupmanna í þessum greinum má geta þess, að þeir settu duggara- eða eingirnissokkana, sem þeir gáfu 4 fiska fyrir á sláturhöfnunum, niður í $3^1/_2$ fisk á fiskihöfnunum, eða lækkuðu þá með öðrum orðum um 25 %, og fekst engin leiðrétting á þessu meðan kaupsetningin frá 1702 var við líði. Höfðu þeir þó eigi annað fyrir sig að bera en það, að þetta væri gert til þess að sporna við því, að landsmenn vélti þá í viðskiftunum með því að selja þeim sokkana við fullu prjónlesverði (á 4 fiska) fyrir peninga út í hönd og fá

1) Frá 8—20 sk. á vættinni, segir Magnús Ketilsson. Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. BB. (Þjskjs. A 35 nr. 4).

2) Smbr. Sveitabóndi. Rit Lærdómslistafél. IV, 180.

svo einhvern annan til þess að kaupa aftur útlenzka vöru með fiskireikningsverði fyrir peningana. Tóku þeir dæmi af manni, er kæmi með 20 pör af sokkum og fengi fyrir þá 80 fiska virði í peningum, eins og viðgekst á slátur-höfnunum, fengi síðan annan mann til þess að kaupa fyrir peningana 40 álnir af striga, sem kostuðu 80 fiska í fiskireikning, en 120 fiska í prjónlesreikning, og hefði þannig 50 % af verzluninni í viðskiftunum.[1]) Að vísu er það hugsanlegt, að slíkt hefði getað komið fyrir, en hitt er næsta ólíklegt, að kaupmenn hefði ekki getað fundið einhver ráð til þess að sjá við þeim leka. Þeir hefðu t. d. getað neitað mönnum um peninga gegn prjónlesi án þess að það yrði þeim til dómsáfellis fremur en svo margt annað, sem þeir tóku upp hjá sjálfum sér. Ólafur Stefáns-son amtmaður reyndi að lagfæra þennan ójöfnuð með amtmannsúrskurði vorið 1767, en gerði það svo vægilega og hikandi, að kaupmenn fóru sínu fram eftir sem áður.[2])

Það var fyrst eftir að konungur tók við verzluninni á ný árið 1774 og kaupsetningin frá 1702 hafði staðið óhögguð í hálfan þriðja mannsaldur, að farið var að hugsa til að breyta verðlaginu og bæta úr gömlum agnúum, enda var þá meira en mál til komið. Gegnir það í rauninni mestu furðu, að önnur eins fjarstæða og sú skyldi geta átt sér stað, að verzla eftir einni og sömu kaupsetningunni í 74 ár án þess að breyta nokkuð til eða taka hið minsta tillit til verðfalls og verðhækkunar erlendis, þó að þetta kunni að vísu að hafa jafnað sig nokkuð upp á löngum tíma. Sýnir það eitt með öðru, hve skamt menn voru þá á veg komnir í öllum fjárhagsfræðum og hve fastheldnir þeir voru á gamla venju. Það mun hafa verið Skúli fógeti, sem átti upptökin að því, að farið var að hreyfa við kaupsetningunni frá 1702; að minsta kosti var hann með í ráðum um samningu

1) Smbr. Bréf Rybergs verzlunarstjóra til Rk. 21. marz 1761. Liggur við Rkbr. til stiftamtm. frá 30. apr. 1761. Þjskjs. A 119.

2) Smbr. Bréfab. amtm. XVI, 132—133 (a). (Þjskjs.)

hinnar nýju kaupsetningar árið 1776.[1]) Þessi kaupsetning markar stórt framfaraspor í verzlunarmálunum, því hún miðar eigi að eins verðlagið við sanngildi vörunnar í kaupum og sölum erlendis, heldur jafnar einnig mismuninn á fiski- og prjónlesreikningi og bætir úr öllum glundroða með því að lögleiða kúrantmyntina sem sameiginlegan verðmæli í öllum viðskiftum Dana og Íslendinga. Við þennan uppjöfnuð á fiski- og prjónlesreikningi ávanst sveitabændum ofurlítið, en hinir mistu sem því svaraði, þó að það væri raunar meira en bætt upp með verðhækkun þeirri, sem varð á öllum sjávarafurðum. Þess er áður getið, að verðlag alt í þessari nýju kaupsetningu var miðað við 10 ára meðalinnkaupsverð á útlenzkum varningi og 10 ára meðalútsöluverð á íslenzkum afurðum.[2]) Útlenzka varan var seld á Íslandi með innkaupsverði að viðbættum 28 % fyrir kostnaði, án þess þó að skipaleigukostnaður væri talinn með eða vextir af fé því, sem konungur hafði lagt til verzlunarinnar. Innkaupsverð á íslenzkum afurðum var miðað við 10 ára meðalútsöluverð þeirra erlendis að frádregnum 20 % fyrir kostnaði og svo auk þess skipaleigugjaldi, er nam 3 rd. 36 sk. á hvert skf af harðfiski. Þessi einkennilega aðferð, að jafna öllum skipaleigukostnaðinum á íslenzku vöruna, var sprottin af því, að verzlunarstjórnin lét sér umfram alt hugleikið, að gera útlenzku vöruna svo ódýra, að Íslendingar sæi sér engan hag í að verzla á laun við útlenzka duggara eða skipverja og þjóna konungsverzlunarinnar.[3])

Ef vér berum saman kaupsetningarnar frá 1702 og 1776, þá getur eigi hjá því farið, að vér rekum augun í þær miklu verðbreytingar, sem orðið hafa á öllum eða allflestum útlenzkum vörutegundum. Þessar verðbreytingar eru aðallega tvenns konar. Allar nauðsynjavörur hafa stigið

---

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 354—355.

2) Smbr. hér að framan bls. 250

3) Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. (J. Sig. 37 fol.)

til muna, en allar eða allflestar munaðarvörur og kramvörur hafa lækkað í verði. Þetta er auðvitað af því sprottið, að öllum óeðlilegum skorðum, sem áður voru settar, er hér kipt í burtu. Nú er eigi lengur kept að því, að halda nauðsynjavörunni í sem lægstu verði og vinna það upp aftur með óeðlilegri álagningu á munaðarvöruna og kramvöruna annars vegar og óeðlilegri niðurfærslu á afurðum landsmanna hins vegar, heldur er lag á öllum varningi miðað við gangverð hans erlendis. Þannig er mjöltunnan í kaupsetningunni frá 1702 lögð á 80 fiska eða 1 rd. 64 sk. á fiskihöfnunum og 87 fiska eða 1 rd. 78 sk. á sláturhöfnunum, en í kaupsetningunni 1776 er hún lögð á 3 rd. 60 sk. á öllum höfnum, og um leið hefur hún léttst um $1^1/_2$ L℔ eða 24 ℔. Grjónatunnan hefur stigið úr 2 rd. 68 sk. á fiskihöfnunum og 3 rd. 12 sk. á sláturhöfnunum upp í 6 rd. 20 sk. á öllum höfnum. Skonrokstunnan úr 1 rd. 64 sk. og 1 rd. 74 sk. upp í 4 rd. 48 sk. Svartabrauðstunnan úr 1 rd. 24 sk. og 1 rd. 36 sk. upp í 2 rd. 80 sk. Baunatunnan úr 2 rd. 68 sk. og 3 rd. 12 sk. upp í 4 rd. 4 sk. Grásaltstunnan úr 1 rd. 94 sk. og 2 rd. 18 sk. upp í 2 rd. 63 sk., og tunna af frönsku salti úr 1 rd. 24 sk. og 1 rd. 44 sk. upp í 2 rd. 63 sk. Tjörutunnan úr 2 rd. 88 sk. og 3 rd. 2 sk. upp í 4 rd. 9 sk. o. s. frv. Aftur á móti hefur presstóbakið lækkað úr 22 og 20 sk. niður í 17 sk. pundið, lásar úr 16 og 18 sk. niður í 13 sk., hattar úr 80 sk. og þar yfir niður í 52 og 45 sk. o. s. frv. Annars er það nokkrum örðugleikum bundið, að jafna þessum tveim kaupsetningum saman af verulegri nákvæmni, því vörutegundirnar eru að mörgu leyti orðnar breyttar og samsvara oft og tíðum eigi hver annari í báðum kaupsetningunum. Ef vér nú athugum íslenzku vörurnar, þá hafa þær allar eða allflestar stigið til muna og sumar jafnvel mjög mikið. Á það einkum við sjávarafurðirnar. Þannig var sk℔ af harðfiski lagt á 3 rd. 32 sk. í kaupsetningunni frá 1702, en á 7 rd. 18 sk. í kaupsetningunni 1776. Lýsistunnan hækkaði úr 3 rd. 72 sk. upp í 7 rd.

12 sk. og alt eftir þessu. Á landbúnaðarafurðunum er framfærslan eigi nærri eins mikil yfirleitt, en þó talsverð á sumum og jafnvel enn þá meiri. Þannig var lambskinnið lagt á 2 sk. árið 1702, en á 6 sk. árið 1776, grá tóuskinn á 32 sk. árið 1702, en á 88 sk. árið 1776, hvít tóuskinn á 20 sk. árið 1702, en á 59 sk. árið 1776, duggarasokkarnir á 8 sk. árið 1702, en á $9^1/_2$ sk. árið 1776, vaðmálsalinin á 10 sk. árið 1702, en á 12 sk. árið 1776, smjörfjórðungurinn á 32 sk. árið 1702, en á $51^1/_2$ sk. árið 1776 o. s. frv. Sauðirnir voru í kaupsetningunni 1702 metnir til verðs á fæti og var 4 vetra geldsauður lagður á 40 fiska eða 80 sk. Í kaupsetningunni 1776 er kjötið metið sér á 15 sk. ℔, mörpundið á 7 sk. og gæran á 14 sk. og verður þá sauðurinn allur á 1 rd. 39 sk. eða þar um bil, sé gert ráð fyrir að krofið vegi 55 ℔ og mörinn 10 ℔.[1])

Þó að yfirleitt megi segja, að framfærslan á útlenzku vörunni annars vegar og afurðum landsmanna hins vegar standist nokkurn veginn á í þessari nýju kaupsetningu, þegar jafnað er upp og ofan, þá verður samt eigi borið á móti því, að sveitabændurnir urðu að öllu samanlögðu talsvert lakar úti en sjávarbændurnir, því framfærslan á aðalvarningi þeirra, kjötinu og prjónlesinu, var tiltölulega miklu minni, en á aðalafurðum sjávarbænda, fiskinum og lýsinu, enda var því heitið í sérstöku kgsbréfi, er gefið var út nokkrum dögum síðar, að kjötverðið skyldi hækkað eitthvað svo fljótt sem auðið væri.[2]) Það gat þó varla hjá því farið, að óánægja risi út af þessum mismun, enda

1) Smbr. Skúli Magnússon: Sveitabóndi. Rit Lærdómsfél. IV, 181. Skúli reiknar hér lpd. af kjötinu á 20 sk., því ritgerð hans er samin eftir að búið var að hækka það um 5 sk. með kgsúrsk. 19. apr. 1779. (Lovsaml. for Isl. IV, 478). Útkoman verður því ofurlítið hærri hjá honum, eða sauðarverðið 1 rd. $56^3/_4$ sk. í staðinn fyrir 1 rd. 39 sk. Annars er það aðgætandi við þennan samanburð minn á verðlaginu 1702 og 1776, að eg reikna verðlagið 1702 í spesíumynt, eins og gert er ráð fyrir í kaupsetningunni sjálfri, en kaupsetningin 1776 reiknar alt verðlag í kúrantmynt, svo mismunurinn er ekki út af eins mikill eins og hér segir. Þetta geta menn þó auðveldlega leiðrétt og jafnað mismuninn á spesíumyntinni og kúrantmyntinni með því að bæta 12 sk. ofan á hvern rd. í verðlaginu frá 1702.

2) Smbr. Kgsbr. 6. júní 1776. Lovsaml. for. Isl. IV, 353—356.

fóru sýslumenn allir í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi fram á breytingar á kaupsetningunni þegar á fyrsta sumri, og báru það fyrir sig, að þessir landsfjórðungar gæti eigi risið undir þeirri verðhækkun á nauðsynjavöru, sem hér ætti sér stað, því fjárkláðinn hefði sneytt svo um hjá þeim á undanförnum árum, að þeir gæti litlu fargað af bústofni sínum og þyrfti hins vegar meira en áður að kaupa fisk til heimilisþarfa, en hann væri nú orðinn svo dýr eftir framfærsluna í kaupsetningunni, að fæstir væri þess megnugir. Thodal stiftamtmaður varð að kannast við þetta og kvaðst eigi sjá nein önnur ráð til þess að bæta úr því, en að taka þessar breytingar til greina, sem farið var fram á, eða hækka kjötverðið.[1]) Það liggur þó í augum uppi, að stjórnin gat eigi farið að víkja aftur frá þeirri sjálfsögðu grundvallarreglu, er hún hafði upp tekið, að miða alt verðlag við sanngildi vörunnar að viðlögðum reksturskostnaði, svo þessu var enginn gaumur gefinn, heldur að eins reynt að efla sem mest ullariðnað í landinu og koma íslenzkum afurðum í sem hæst verð erlendis, svo að unt væri að bjóða meira fyrir þær. Þeir menn voru þó til hér á landi, sem töldu þessa nýju verðlagsbreytingu til ills eins og vildu fegnir hafa haldið öllu í gamla horfinu. Settu þeir það einkum fyrir sig, að öll nauðsynjavara hafði hækkað svo mjög í verði, en óþarfi og glysvarningur lækkað, jafnframt því að sjávarafurðirnar hækkuðu svo gífurlega, að allur gamall jafnaðarreikningur í innanlandsviðskiftum fór úr skorðum, og leizt þeim mjög ískyggilega á þetta alt saman. Reynslan sýndi þó mjög bráðlega, að hrakspár þeirra voru á engum rökum bygðar, því landsmenn græddu alveg óefað á verðlagsbreytingunni. Þannig voru árið 1777 fluttir til Íslands 12,980 rd. í peningum, árið 1778 30,217 rd. og árið 1779 45,540 rd., eða samtals 88,737 rd. á þrem árum, og fluttist lítið sem ekkert út af þeim aftur, svo þetta má að réttu lagi skoða

1) Bréfab. stiftamtm. XV, 569—571.

sem afgang eða verzlunargróða landsmanna á þessum þrem árum, og er hann allálitlegur í samanburði við fólksfjöldann um þær mundir og alveg þvert ofan í gamla venju, því áður höfðu landsmenn víst að öllum jafnaði fremur beðið halla af verzluninni en hitt.[1]) Þessi gróði mun þó vafalaust hafa lent mest hjá sjávarbændum, en þó fór nú smám saman einnig að rætast úr hjá sveitabændunum. Árið 1779 var kjötverðið hækkað um 5 sk. á hvert L℔ og árið 1785 var sk℔ af hvítri ull hækkað úr 16 rd. 56 sk. upp í 20 rd. og mislit ull úr 14 rd. 88 sk. upp í 16 rd., en vaðmálsalinin úr 12 sk. upp í 18 sk., svo að við það komst miklu meiri jöfnuður á.[2]) Síðasta árið, sem einokunarverzlunin stóð (1787), var þó kaupsetningin frá 1776 feld úr gildi og verzlað eftir nýrri bráðabirgðarkaupsetningu, sem þó eigi var í gildi nema það eina ár.[3])

Það mun hafa tíðkast nokkuð á fyrri öldum, að Íslendingar pöntuðu hjá kaupmönnum ýmsar þær vörutegundir, er eigi fluttust að jafnaði, og fengi þær við innkaupsverði að viðbættri einhverri þóknun fyrir ómak og flutning. Munu það einkum hafa verið heldri menn og ríkisbændur, sem notuðu sér þetta, enda var það mestmegnis fágætis- og sælgætisvarningur, sem hér var um að ræða. Þessi siður hélzt einnig eftir að einokunarverzlunin hófst og er eigi að sjá, að neinn ágreiningur hafi út af því risið lengi vel. En í lok 17. aldarinnar, eða eftir að umdæmaverzlunin hófst, lítur út fyrir að kaupmenn hafi orðið eitthvað óliðlegir í þessum efnum og að líkindum reiknað sér helzti mikil ómakslaun, því í kaupsetningunni frá 1702 er það fastákveðið, að þeir megi ekki reikna sér nema 3 fiska af hverjum rd. í krónumynt á slíkum vörupöntunum, og er það eftir orðalaginu að dæma eingöngu skoðað

---

1) Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)
2) Smbr. Kgsbr. 19. apr. 1779 og 15. júní 1785. Lovsaml. for Isl. IV, 477—479 og V, 213—215.
3) Smbr. Lovsaml. for. Isl. V 380 og 383—393.

sem uppbót eða vextir af útlögðum peningum.[1]) Þetta notuðu kaupmenn sér og lögðu þar á ofan 3 fiska á hvern ríkisdal fyrir ómak og flutning. Helzt það lengi síðan, að kaupmenn reiknuðu sér 12 % á öllum vörupöntunum og var það staðfest með kgsbr. 11. maí 1750, enda þótt stjórnin héldi því fram, að það væri gagnstætt fyrirmælum kaupsetningarinnar frá 1702.[2]) Þegar fram liðu stundir varð almenn eftirsókn í ýmsar vörutegundir, sem áður voru fágætar og að eins pantaðar í viðlögum af heldri mönnum, og tóku þá kaupmenn að flytja þær sjálfkrafa, enda þótt þær væri eigi nefndar á nafn í kaupsetningunni. Var þá eins og geta má nærri eigi sparað að leggja drjúgan á þær, og var kært yfir því sem öðru á dögum Hörmangarafélagsins.[3]) Hafði t. d. Pétur Ovesen kaupmaður í Hofsós lagt milli 50 og 100% á allar slíkar vörutegundir. Þótti stjórninni það fjarri öllum sanni og ávítti félagið harðlega fyrir.[4]) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins var og kært yfir því, að vörur þær, er eigi voru tilgreindar í kaupsetningunni, væri seldar við mjög misjöfnu verði á höfnunum, og varð það til þess, að stjórnin skarst í leikinn og hlutaðist til um, að gefin var út vorið 1770 sérstök skrá yfir slíkar vörur, en það voru mest ýmsar tegundir af klæðum og léreftum og svo glysvarningur og sælgæti.[5])

Í kaupsetningunni frá 1619 er sérstakt lag á nautum,

---

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 571.

2) Lovsaml. for Isl. III, 43—44. Smbr. Fyrsti viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 181.

3) Smbr. Rkbr. 16. febr. 1754 til félagsstjórnarinnar. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá s. d. (Þjskjs. A 117).

4) Smbr. Rkbr. 25. maí 1746 til félagsstjórnarinnar. Fylgir Rkbr. til Pingels amtm. frá s. d. (Þjskjs. A 116).

5) Smbr. *Taxt, efter hvilken efterfölgende hidindtil utaxerede Vahre af Kiöbmændene paa alle Havne udi Jsland herefter fra den Tüd Skibene i Aar til Havnerne arrivere og indtil videre skal forhandles. Datum Kiöbenhavn den 8. Maji 1770.* (4 bls. í fol.) Verðið var þó eigi fastákveðið í eitt skifti fyrir öll, eins og á hinum vörunum, og þess vegna eigi prentað, heldur skrifað fyrir aftan hverja vörutegund, og mun hafa verið gert ráð fyrir, að það breyttist jafnan eftir innkaupsverðinu.

eins og tíðast hafði í kaupsetningum hér á landi frá fornu fari, en í tveim næstu kaupsetningunum er því slept og að eins mælt svo fyrir, að nautgripir seljist eftir gæðum og samkomulagi. Ýmsar aðrar íslenzkar vörutegundir voru heldur eigi nefndar á nafn í hinum eldri kaupsetningum, svo sem dúnn og fiður, ull og tólg o. fl., sem þó gengu í verzluninni og voru teknar eftir samkomulagi. En þetta samkomulag var stundum eigi sem bezt, því kaupmenn leituðust jafnan við að fella þessar sem aðrar íslenzkar afurðir í gildi og voru mjög svo einráðir um verð á þeim, af því að þær voru ekki nefndar í kaupsetningunum. Þannig höfðu Breiðfirðingar tekið upp á því í byrjun 18. aldar að hreinsa æðardún til verzlunar og hafði þá dúnpundið lengi vel selzt á 60 fiska í fiskireikningi. Stóð það óbreytt til 1724, en þá fóru kaupmenn að smádraga úr verðinu, svo að árið 1728 var dúnpundið komið niður í 50 fiska, og eftir að félagsverzlun hófst á ný árið 1733 komst það niður í 48 fiska eða 1 rd., og svo var um fleiri íslenzkar afurðir. Þetta varð til þess, að Ormur Daðason sýslumaður í Dölum stakk upp á því árið 1735, að sett væri ákveðið verð á allar íslenzkar afurðir, sem eigi væri áður tilgreindar í kaupsetningunni, en þó gjaldgengar í verzlunum. Samdi hann tillögur um þetta og lagði lag á vöruna eftir því, sem honum þótti sanngjarnt vera og viðgengist hafði í kaupum og sölum manna á milli á Íslandi. Taldi hann þar auk nautanna ull og einskeftuvaðmál, æðardún og fiður, álftahami og álftafjaðrir, tólg, selskinn, hafurstökur o. fl., sem alt hafði gengið í verzlunum að undanförnu.[1]) Amtmaður lagði þetta skjal eftir boði stiftamtmanns fyrir valdsmenn á alþingi árið eftir, og féllust þeir víst að mestu leyti á tillögurnar, en gerðu þó einhverjar breytingar við þær.[2]) Þessar

1) Smbr. *Allerunderdanigst Project om den utaxerede Jslandske Vahre.* 20. sept. 1735. Kgs. — stiftamtm. — og Rkbréf til landfógeta á Íslandi 1695—1751. (Þjskjs.)

2) Smbr. Bréf amtm. til stiftamtm. 4. ág. 1736. Bréfab. amtm. IV, 607—608. (Þjskjs.)

tillögur voru síðan lagðar fyrir verzlunarfélagsstjórnina og leitað álits hennar um málið. Svaraði hún með ítarlegu skjali 5. apríl 1737 eftir að hafa ráðgast um þetta við kaupmenn þá, sem í förum voru, og lagði eindregið á móti því, að þessu væri sint. Kvað hún eigi geta komið til mála, að taka nautgripi eftir fornu lagi, en hitt væri ógerningur, að leggja nýtt lag á þá vegna þess, að þeir væri svo misjafnir að gæðum. Sama máli var að gegna um ullina. Þótti þeim hún yfirleitt of illa verkuð og aðgreind til þess að unt væri að gera hana að gjaldgengri verzlunarvöru, en hétu góðu um að borga hana sæmilega framvegis, ef hún væri aðgreind og verkuð eftir þeirra fyrirsögn. Um aðrar vörutegundirnar flestar er það að segja, að kaupmönnum þótti of lítið framboð á þeim til þess að það tæki því að fara að löggilda þær og verðleggja.[1]) Við þetta sat svo þangað til umbreyting varð á kaupsetningunni árið 1776, og voru allar þessar umræddu vörutegundir og aðrar fleiri teknar upp í hina nýju kaupsetningu. —

Sem fyr segir hafði það viðgengist frá fornu fari, að valdsmenn setti kaupstefnu að sumrinu til með áþekkum formála eins og tíðkaðist við þingsetningar. Það mun alment vera litið svo á, að þessi siður hafi lagst niður eftir að einokunarverzlunin hófst, en það er ekki alls kostar rétt. Að vísu getur kaupsetning Ara í Ögri frá 1615 tæplega talist fullgild sönnun þess, að gamalli venju hafi alment verið fylgt í þessu efni, því hún er til orðin af sérstökum ástæðum. En af öðrum gögnum virðist mega ráða, að þessi gamli siður hafi haldist allvíða eftir að einokunarverzlunin hófst og jafnvel eftir að konungur fór að gefa út kaupsetningar. Af kaupsetningu einni frá Akureyri, sem enn er til og stafar að líkindum frá 1620 eða þar um bil eftir orðalaginu að dæma, er það auðsætt, að

1) Þjskjs. A 42.

þessi gamli siður hefur þá enn haldist óbreyttur þar um slóðir. Kaupsetning þessi er svo látandi:

»Eg N. N. Kongl. Majest. umboðsmaður í Vöðluþingi set hér í dag á Akureyrar kaupstað almennileg kaup millum útlenzkra, sem hér eru nú komnir, og íslenzkra eftir gamalli venju og fríheitum þessa lands, að formæltum og fullkomlegum myndugleika míns náðuga herra kongsins bréfs, hvort hann hefur hingað í landið gefið, hvort eð skipar, að vér séum haldnir við gömul og góð kaup, svo og eftir þessum nýkomna Taxta, sem bæði íslenzkir og útlenzkir skulu sig nú eftir rétta í allri kauphöndlan. Sömuleiðis set eg hér grið og fullan frið allra manna á milli svo lengi sem þessi kaupstefna yfir stendur og þetta skip hér liggur, og hvör hér skemmir mann með fullréttis orðum eður verkum, þá eykst að helmingi réttur hans, er fyrir skemdum eður sársauka verður, svo og sekt við kongdóminn. Svo og fyrirbýð eg allar gripdeildir, rán og reyfaraskap og ólöglegar aðtektir, einnig öll óhrein kaup, sem virða má til fals, en hvör hér á móti gerir, útlenzkur eða íslenzkur, hann straffist eftir lögum. Set eg hér hálfstykkiskaup á allri þungavöru eftir gömlu lagi. Áminni eg alla góða menn, sérdeilis almúgafólkið, að það ræki meir sína sóknarkirkju á helgum dögum, en hingað að sækja. Svo og að enginn taki hér meiri peninga út, en hann er maður til að borga og betala, og geri það með góðri greiðslu í hæfilegan tíma. Svo og tilsegi eg öllum útlenzkum og íslenzkum, að þeir hafi réttan pundara, stikur og mælikeröld. Svo og hefur það verið gamall vani, að bjórtunna gefist hér almúgafólki þegar þessi kaup væri sett, og í þeirri sömu tunnu mæltist aftur lýsi eður brennisteinn. Höndli nú hvör við annan hér réttferðuglega, svo guði megi vera til lofs, kongi vorum til heiðurs, en oss hvorutveggjum til gagns og góðrar samvizku. Svo og hvað mér hefur hér út í oftalast eður vantalast, það skiljist undir rétt lög. Sitjið og standið í guðs friði.«[1])

1) Hdrs. Bmfél. 214, 4to fol. 35—36.

Það er og bert af dómi einum frá 7. júlí 1632, að enn hefur þetta tíðkast um þær mundir og víðar en á Akureyri, því Árni lögmaður Oddsson var þá staddur á Eyrarbakka og nefndi þar 12 menn í dóm á »settu þingi og kaupstefnu.«[1]) Enn virðist mega ráða það af alþingisályktun um tóbakssölu frá 1679, að þá hafi enn eimt eftir af þessu, því þar er gert ráð fyrir, að sýslumenn fyrirbjóði kaupmönnum og fólki þeirra »í tilheyrilegri kaupsetningu árlega« að selja tóbak við okurverði.[2]) En eflaust hefur þetta samt verið farið að leggjart niður víðasthvar, enda hefur síður verið þörf á því eftir að vopnaburður tókst af. Þó er enn í byrjun 18. aldar getið um slíkar griðalýsingar í kaupstöðum, t. d. á Akureyri 1706, og var það eftir ósk og áskorun kaupmannsins sjálfs, sem eitthvað hafði víst fyrir sér gert við landsmenn og átti sér þess vegna ills von. Krafðist hann þess, að sýslumaður »upp á síns embættis vegna vildi lýsa griðum og friði hér í kaupstaðnum og birta nálægum almúga þær Kongl. Maj. Oktroier, sem honum upp á kauphöndlunina eftirlátið er.« Gegndi sýslumaður þessari málaleitun svo, að hann í byrjun kauptíðar (28. júní) lýsti fyrst og fremst griðum og friði í kaupstaðnum milli útlenzkra og íslenzkra og setti kaupstefnu þeirra í millum, þar næst birti hann leyfisbréf konungs fyrir höfninni og í þriðja lagi las hann upp kaupsetninguna frá 10. apr. 1702. »Framar aðvaraði og tilsagði sýslumaðurinn svo vel kaupmanninum sem innbyggjurunum sér hér eftir hvor við annan skikka og höndla, sem Oktroi og Taxti sérhverjum tilheldur undir það straff, sem þar ákveðið er.« Að lokinni kauptíð (17. sept.) sagði valdsmaðurinn kaupstefnunni slitið og bauðst til að »gera útlenzkum sem íslenzkum rétt eftir lögum, ef nokkur af þeim hefði upp á annan að klaga.«[3]) Þetta

1) J. Sig. 374, 4to.
2) Smbr. Alþb. 1679 nr. 30.
3) Smbr. Þingbók Eyjafjarðarsýslu 1699—1707. (Þjskjs.)

hefi eg síðast fundið merki þess, að kaupstefnur hafi verið settar hér á landi, en vera má þó, að enn lengur hafi eimt eftir af því. —

V.

Mynt. — Alin, vog og mælir. — Gilding. — Skuldaviðskifti.

Eitt af því, sem gerir verzlunar- og fjármálasögu fyrri alda svo flókna og erfiða, er óreiða sú, sem oftast var á peningasláttunni um þær mundir, því bæði voru myntteigundirnar svo margbrotnar og ósamstæðar, að örðugt veitir að átta sig á þeim til fulls, og þar á ofan var verðgildi þeirra sífeldum breytingum undirorpið. Hér er þó að ræða um svo mikilsvert atriði í viðskiftasögunni, að eigi verður hjá því komist að fara nokkuð út í þá sálma, enda þótt eigi geti komið til mála, að greiða til hlítar úr þeirri flækju.

Eins og kunnugt er, var ómyntað gull og silfur í umferð manna á milli framan af öldum bæði á Norðurlöndum og annarstaðar, og var þá í öllum viðskiftum tekið eftir þyngd (smbr. *mörk silfurs, eyrir silfurs*). Þegar farið var að slá mynt á Norðurlöndum, héldust sömu heitin á myntinni eins og áður á vogareiningunum, og mun þá hafa verið svo til ætlast, að verðmæti myntarinnar og silfursins stæðist á. En þetta hlutfall raskaðist þó mjög bráðlega, svo það var sitt hvað *mörk vegin* og *mörk talin* og *eyrir veginn* og *eyrir talinn*.[1]) Þegar fram í sótti var verðgildi myntarinnar bæði í Danmörku og á Norður-Þýzkalandi miðað við hið svonefnda *Kölnarmark* sem

1) Smbr. B. M. Ólsen: Um silfurverð og vaðmálsverð (Skirnir 81. ár bls. 1—18). Sami: Um skattbændatal 1311 (Safn t. s. Ísl. IV, 363 og eft.)

verðeiningu. Þetta var þó engin mynt, heldur að eins *mörk silfurs* eða $^1/_2$ ℔ af silfri með ákveðnum skírleika, og jafngilti það að silfurverði 37 kr. í núgildandi peningum.[1]) Gæði hinnar töldu silfurmyntar fóru auðvitað eftir því, hvort svo mikið var í henni af hreinu silfri, að það samsvaraði nafnverði hennar eða því sem næst, en það gerði það satt að segja mjög sjaldan á fyrri öldum þegar um smámynt var að ræða, því bæði voru þjóðhöfðingjarnir oft og einatt svo skammsýnir, að þeir létu slá svikna mynt þegar þeir voru í peningaþröng, eða þá að myntmeistararnir sviku hana þegar þeir gátu höndum undir komist. Þar á ofan tíðkaðist það óspart framan af öldum, að hinir og þessir höfðingjar og vildarmenn konunganna fengi leyfi til að slá mynt, og var þá auðvitað ekki við góðu að búast. Með siðaskiftunum var þetta víðasthvar aftekið, en þó viðgekst það í Danmörku fram til loka 16. aldar.[2]) Þessi rýrnun á smámyntinni leiddi oft og einatt til hinna mestu vandræða, því afleiðingin varð venjulega sú, að betri myntin hvarf smám saman úr umferð. Menn sáu sér hag í því að safna henni saman og bræða hana upp. Og þegar menn fóru að leitast við að ráða bót á þessu, lentu þeir venjulega í ógöngum, því algengasta ráðið var að fella myntina niður úr nafnverði, eða þá að slá nýja mynt af öðru tægi, án þess að leysa inn eldri myntina, svo að alt lenti í hinum mesta glundroða. Voru oft og einatt þrjár eða fleiri myntteguridir í umferð í senn með mismunandi nöfnum og mismunandi gildi, án þess að standa í réttu verðmætishlutfalli innbyrðis, og geta allir séð og skilið, hverjum anmörkum það var bundið.

---

1) Það er að segja krónumyntinni eins og verðgildi hennar var um aldmótin 1900.

2) Þannig fékk t. d. ekkjan Gjörild Brahe og sonur hennar Pétur Brahe til Krogholm 27. febr. 1590 leyfi til að slá dali með nafni og mynd ekkjunnar öðrum megin og ríkismerkinu danska hinum megin, en sennilega hefur það þó aldrei komið til framkvæmda. Smbr. C. T Jörgensen: Beskrivelse over danske Mönter 1448—1888. Kbh. 1888. Bls. 8.

Fram til loka 15. aldar var eigi um aðra mynt að ræða en *smámynt*. Var hún slegin í Danmörku sem annarstaðar, en sökum ófriðar og styrjalda bæði inn á við og út á við komst eigi fast skipulag á þetta, svo erlendar myntir gengu þar jöfnum höndum, og var jafnvel talsvert meira af þeim í umferð innanlands en af dönskum myntum. Algengastar þar í landi voru Hansamyntirnar þýzku, *Lybikumörk*[1]) og *Lybikuskildingar*, en verðgildi þeirra var sífeldum breytingum undirorpið og fór sírýrnandi. Það var langt frá því að mörk eða $^1/_2$ ℔ af þessum smápeningum jafngildi mörk silfurs eða Kölnarmarkinu, sem þó hefði átt að vera að réttu lagi eða því sem næst, til þess að myntin væri góð og gild, úr því að Kölnarmarkið var hinn löggilti verðmælir. Sannvirði Hansamyntarinnar var ávalt undir nafnverði hennar og hnignaði meir og meir. Árið 1403 voru þannig 5 Lybikumörk í Kölnarmarkinu og 16 Lybikuskildingar í hverju marki, svo að skildingurinn jafngilti þá 46 aurum í voru fé. Árið 1424 var myntin orðin það lakari, að 7 Lybikumörk jafngiltu Kölnarmarkinu, svo skildingurinn var þá kominn niður í 33 aura, og úr því sótti langa lengi meira og meira niður á við. Á árunum 1450, 1461, 1506 og 1662 voru að tiltölu 9, $10^3/_4$, $12^1/_2$ og hér um bil 26 Lybikumörk í Kölnarmarkinu, svo að Lybikuskildingurinn rýrnaði það í gildi á þessum árum, að hann féll niður í 26, 22, 18 og hér um bil 9 aura. Árið 1726 var svo komið, að 34 Lybikumörk þurfti til þess að jafngilda Kölnarmarkinu, svo að Lybikuskildingurinn var þá kominn niður í tæpa 7 aura, og urðu þá Hamborgarar og Lybikumenn ásáttir um að halda fast við þetta gildi, enda stóð svo langa hríð.

Í byrjun 16 aldar var fyrst tekið upp á því að slá stærri silfurmyntir, bæði af því að þær þóttu hentugri en

---

1) Lybikumarkið var þó eigi nein sérstök mynt fremur en Kölnarmarkið, heldur að eins hugtak eða reikningseining, sem táknaði ákveðinn fjölda af myntuðum Lybikuskildingum. Smbr. W. Scharling: Handel, Værdi og Penge. Kbh. 1909. Bls. 457.

smápeningarnir þegar um stórar greiðslur var að ræða, og eins til þess að komast hjá þeim óþægindum, er leiddi af þessum aragrúa af smámyntum, sem oftast áttu samnefnt og skyldi í orði kveðnu vera jafnar að gildi, en voru þó í rauninni svo breytilegar að verðgildi, sem framast mátti verða. Stærsta og algengasta silfurmyntin á Norður-Þýzkalandi var um þessar mundir *Jóakimsdalurinn*.[1]) Árið 1519 tóku Hamborgarar hann upp og létu gilda 24 Lybikuskildinga. En sem fyr segir fór Lybikuskildingurinn sírýrnandi, svo að menn urðu að telja fleiri og fleiri skildinga í Jóakimsdalnum til þess að halda jafnaðarverðinu uppi og aftra því að hann hyrfi úr umferð. Árið 1596 gilti hann þannig 32 skildinga og árið 1619 var hann kominn upp í 48 skildinga. Þrem árum seinna urðu Hansaborgirnar ásáttar um að láta dalinn framvegis gilda 48 skildinga eða 3 Lybikumörk, en þetta leiddi auðvitað til þess, að dalurinn rýrnaði í gildi að sama skapi sem smámyntinni hnignaði og var það látið danka svo til 1726. Þá komst að endingu lögun á þetta og varð hlutfallið þannig, að *Jóakimsdalurinn* jafngilti 320 aurum í voru fé, *Lybikumarkið* $100^2/_3$ og *Lybikuskildingurinn* $6^2/_3$ eyri.

Hér í þessu sambandi er engin ástæða til að fjölyrða um smámyntina dönsku í elztu tíð, því hún gekk alls eigi á Íslandi. Á dögum Kristjáns II. voru *skildingar* og *hvítir*[2]) algengustu smámyntirnar, en auk þess voru slegnir hinir svo nefndu *klippingar*, ferstrend mynt með kringlóttu móti, og þótti hún mjög slæm. Kristján II. tók fyrstur upp á því að slá stærri myntir, hin svo nefndu *silfurgyllini*, sem voru að verðgildi á borð við Jóakimsdalinn þýzka eða freklega það, en þau hurfu skjótt úr umferð af því að þau stóðu smámyntinni svo miklu framar að gæðum. Á dögum Kristjáns III. varð *Jóakimsdalurinn* aðalmyntin

1) Nafnið er dregið af Joachimsthal í Bæheimi, því þar var þessi mynt fyrst slegin.

2) Á þýzku hétu þeir *Witten* og var það dregið af hvíta litnum, sem á þeim var.

í Danmörku, því hann lét slá mikið af þeim 1537 og vanda sem bezt til þeirra, svo að það lítur út fyrir, að hver dalur hafi þá jafngilt 411 aurum í voru fé (að silfurverði). Þessari mynttegund var svo haldið í Danmörku fram til 1875 og stóð hún að mestu óbreytt að verðgildi eftir að Kristján IV. hafði lítið eitt fært hana niður í kring um 1630, svo að upp frá því gilti hún jafnt 4 kr. í voru fé. Nafnið breyttist þó lítið eitt þegar fram liðu stundir, því að fyrst hét hún *Jóakimsdalur* svo í Danmörku sem á Þýzkalandi, síðan *dalur* eða *spesíudalur* eða eingöngu *spesía*, og loks *spesíu-ríkisdalur* (2 ríkisdalir). Hinn 20. sept. 1541 skipaði Kristján III. svo fyrir, að *spesían* skyldi greinast í 3 *mörk* og markið í 16 *skildinga*. Af smámynt voru þá slegin *mörk*, *áttskildingar*, *ferskildingar*, *tvískildingar* og *einskildingar* og í fyrsta skifti mótað á þessar smámyntir verðgildi þeirra. Það var því að réttu lagi Kristján III., sem lagði grundvöllinn undir skynsamlega peningasláttu í Danmörku. Auk þess voru í lok 16. aldarinnar slegnir *Portúgalspeningar* (Portugalöser), *rósenóblur*, *dúkatar* og *gyllini*, en þær myntir voru eigi nærri eins mikið í umferð eins og dalirnir.[1])

Á dögum Kristjáns IV. komst verðgildi myntarinnar mjög á ringulreið, því auk þess sem smámyntinni hnignaði svo, að hvað eftir annað varð að auka marka- og skildingatöluna í spesíunni, til þess að hún félli eigi að sama skapi eða drægist úr umferð, fyrst úr 3 mörkum á 16 skildinga upp í 4 svo kölluð *ríkismörk* á 20 skildinga[2]) og loks upp í 6 *sléttmörk* á 16 skildinga, með öðrum orðum úr 48 upp í 80 og síðan upp í 96 skildinga, þá bættist það hér ofan á, að konungur lét árið 1618 fara að slá nýja mynt, svo nefnda *krónumynt*, án þess að fella

---

1) Portúgalspeningurinn jafngilti 17 rd., rósenóblan 4 rd., dúkaturinn $1^3/_4$ rd. og gyllinið $1^1/_4$ rd. Smbr. Beskrivelse over danske Mynter og Medailler. Kbh. 1791. Indledn. Bls. XX og XXVII—XXVIII.

2) Hlutafé fyrsta íslenzka verzlunarfélagsins er talið í þessum 80 skildinga ríkisdölum. Smbr. Fylgiskjs. 1 og 2.

hina úr gildi, og glundroðinn varð enn þá meiri við það, að krónumyntinni var breytt sitt á hvað á fárra ára fresti.[1]) Fyrst var skipað svo fyrir 1619, að spesían skyldi gilda 96 skildinga, sem fyr segir, og krónan $1^1/_2$ spesíu eða 144 skildinga. Árið 1625 var reynt að koma meira samræmi á peningasláttuna með því að færa niður krónuna, svo að hálf króna skyldi gilda 4 sléttmörk eða 64 skildinga, og var hún upp frá því kölluð ýmist *sléttur dalur* (sléttdalur)[2]) eða *króna*, en krónan sem áður var hét upp frá því *tvöföld króna*. Hlutfallið á milli spesíudalsins og sléttdalsins var því = 2 : 3 og á milli ríkismarksins og sléttmarksins = 4 : 5. En verðgildið kom þó eigi alveg heim, því ríkisdalur í spesíumynt jafngilti að silfurverði 4 kr. í voru fé, en $1^1/_2$ sléttdalur eða ríkisdalur í krónumynt, sem að lögum skyldi talinn jafngildur, gilti í raun réttri ekki nema kr. 3,84 í voru fé. Krónumyntin var þetta lakari en spesíumyntin.

Á dögum Friðriks III. og Kristjáns V. var slegið miklu meira af krónumynt en spesíumynt, og jafnframt rýrnaði hún í gildi. Afleiðingin varð sú, að spesíunum fækkaði, þær drógust úr umferð, og menn fengust ekki til að taka krónumyntina í spesíureikning nema með talsverðri uppbót (agio), sem nam frá 6—12 % eða meiru. Þetta var eðlileg afleiðing þess, að tvær mynttegundir voru í umferð jafnhliða, sem eigi stóðu í réttu hlutfallsgildi innbyrðis. Til þess að bæta úr þessu hugkvæmdist stjórninni það ráð, að taka upp *kúrantmyntina* þýzku, eða reikna eftir þeim mælikvarða, án þess þó að fella hinar úr gildi, og varð það í rauninni að eins til þess að auka glundroðann, því nú voru þrjár mynttegundir í umferð jafnhliða, *spesíumynt, krónumynt* og *kúrantmynt*, sem allar voru mis-

1) Það var sakir þessarar sífeldu hnignunar á smámyntinni, að Kristján IV. tók það fram í einkaleyfisbr. 16. des. 1619 (§ 25), að íslenzku kaupmennirnir ætti að greiða skipatollinn í *einkendum ríkisdölum* (Enkende Rigsdaler) eða með öðrum orðum heilum spesíudölum (80 skildinga dölum), en ekki í krónumynt eða smámynt. (Lovsaml. for Isl. I, 198).

2) Smbr. Fylgiskj. 3.

jafnar að verðgildi. Kúrantmyntin var í rauninni ekki annað en smámynt og engir kúrantdalir slegnir, þó að reiknað væri með þeim og látið heita svo, að þeir gilti 6 mörk á 16 skildinga í smámynt eða $1^1/_2$ sléttan dal í krónumynt. Það leið þó eigi á löngu áður gefa varð á milli í kúrantreikningi eins og áður í krónureikningi og það jafnvel talsvert meira. Kom þar að lokum, að hlutfallið á milli spesíu-, krónu- og kúrantmyntar var ákveðið þannig með lögum, að einn ríkisdalur í spesíumynt skyldi jafngilda 108 skildingum í kúrantmynt og einn ríkisdalur í krónumynt 102 skildingum í kúrantmynt, en kúrantdalurinn var reiknaður á 96 skildinga. Það varð með öðrum orðum að bæta 6 skildingum á ríkisdalinn í kúrantmynt á móti krónumynt og 12 skildingum á ríkisdalinn í kúrantmynt á móti spesíumynt.[1])

Á dögum ensku og þýzku verzlunarinnar var auðvitað mest í umferð hér á landi af enskum og þýzkum myntum, einkum hinum stærri gull- og silfurmyntum, svo sem *englottum, rósenóblum* og *rinargyllinum*, auk *Lybikuskildinga*. Og jafnvel eftir að einokunarverzlunin hófst var hér enn talsvert í umferð af útlenzkum myntum manna á meðal, enda bárust þær sífelt að á 17. öldinni með útlenzkum duggurum, sem ráku hér launverzlun, því að þær voru miklu hentugri og þægilegri í meðferðinni en vörurnar þegar um það var að ræða, að reka verzlun án þess að mikið bæri á. Af þess háttar gangsilfri og gullmyntum er í íslenzkum bréfum og gjörningum frá ofan-

1) C. T. Jörgensen: Beskrivelse over danske Mönter 1448—1888. Kbh. 1888. Bls. 4—10. Smbr. W. Scharling: Pengenes synkende Værdi. Kbh. 1869. Bls. 2—72. Axel Nielsen: Specier, Kroner, Kurant. Kbh. 1907. J. Wilcke: Christian IV's Möntpolitik 1588—1625. Kbh. 1919. Kúrantmyntin var þegar farin að tíðkast á dögum Kristjáns IV, en þó var þá að jafnaði að eins reiknað í spesíu- og krónumynt. Milligjöfin í krónu- og kúrantreikningi á móti spesíureikningi var jafnan talsvert breytileg og mismunandi, og varð stjórnin sjálf að kannast við það 1753, að spesíurikisdalurinn fengist þá alls eigi fyrir 108 skildinga í kúrantmynt í viðskiftum manna á meðal. (Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 153). Í tekjureikningi konungs af íslenzku verzluninni eru reiknaðir 18 skild. í uppbót á ríkisdalinn í spesíureikningi og $6^1/_4$–10 % í krónureikningi á móti kúrantreikningi. Smbr. Fylgiskj. 8.

verðri 17. öld getið um *krossdal* og annan *hollenzkan dal* með umskrift: Da pacem Domine etc.,[1]) *hálfar krónur engelskar* og *hálfa dali hollenzka*, *Jacobi gullstykki* (sem gekk á 24 enska skildinga), *Carolus gullstykki* (sem var mótað upp á 20 enska skildinga, en gekk á 22) og *gullrósenóblur*, sem giltu 4 ríkisdali.[2]) Enn fremur er getið um *dal með keisaramynt*,[3]) og fleiri útlenzkar mynttegundir hafa sjálfsagt gengið hér á landi um þær mundir, þó að eg hafi eigi séð þeirra getið.[4]) Auðvitað voru danskir peningar jafnframt í umferð hér á landi eftir að einokunarverzlunin hófst. Þannig er bæði getið um *einkenda spesiudali* og *hálfa ríkisdali*,[5]) og sjálfsagt hafa *sléttdalirnir* eða *krónurnar* gengið hér alment í lok 17. aldarinnar. Kaupmenn fluttu eitthvað dálítið af peningum hingað til lands árlega á 17. öldinni, mest í spesíumynt, því þess var krafist hér á landi, að skattar allir væri greiddir í þeirri mynt. Árið 1625 voru fluttir til landsins 3025 rd., árið 1630 eigi nema 969 rd. og árið 1655 samtals 10,980 rd., alt í spesíumynt.[6]) Voru peningarnir um þær mundir skoðaðir sem vörutegund, en eigi sem gjaldmiðill, því venjulega er svo að orði komist, að menn »kaupi« spesíur og að þær »kosti« svo og svo mikið, enda var sett verð á þær í kaupsetningunum eins og hverja aðra vörutegund.[7]) Oft var þó kvartað

---

1) Bréfab. Brynjólfs bisk. Lbs. 1084, 4to. Bls. 454. Hollenzku krossdalirnir munu í daglegu tali hafa verið kallaðir *krossar*. Smbr. Beskr. af Isl. 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 106.

2) Bréfab. Brynjólfs bisk. Lbs. 1084, 4to. Bls. 755—758.

3) Dómabók Benedikts sýslum. Haldórssonar. Bls. 22. (Þjskjs.)

4) Það er víst, að *brœðradalirnir* þýzku voru eitthvað í umferð hér á landi, og Skúli fógeti telur hollenzka *einfœtlinga* með útlenzkum myntum hér á landi. (Smbr. Beskr. af Isl. 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 106). Einfætlingurinn gilti 8 skild. minna en spesían. (Smbr. Kalkar: Ordbog til det ældre Danske Sprog. Undir *Enbener*).

5) Bréfab. Brynjólfs bisk. Lbs. 1083, 4to bls. 173 og 1084, 4to bls. 755.

6) Beskr. af Isl. 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 106—109. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.) Smbr. Fylgiskj. 4 og 5.

7) Smbr. Orðalagið í kaupsetningunni frá 1619: »Og skal fornefnte islandiske Compagnie *selge* og afhende hver Rigsdaler in Specie til Islenderne for 45 Fiske«. (Lovsaml. for Isl. I, 193).

yfir því, að peningar fengist eigi í verzlunum, eða þá svo mjög af skornum skamti, að eigi nægði til brýnustu þarfa. Þannig hafði Guðbrandur biskup eigi getað sargað út hjá kaupmönnum nema eina 46 dali á þrem árum.[1]) Voru einkum mikil brögð að peningaskorti á höfnunum eftir að félagsverzlun hófst á ný árið 1733.[2]) Á tímabilinu 1743—1750 flutti Hörmangarafélagið árlega til landsins 4000 rd. í spesíumynt og 5000 rd. í krónumynt, en þetta þótti of lítið og var þess krafist af landsmönnum, að fluttir væri að minsta kosti 5000 rd. í spesíumynt og 6000 rd. í krónumynt til landsins árlega.[3]) Sannast að segja var og mjög lítið af peningum í umferð hér á landi fram á seinni hluta 18. aldar, því þeir bárust jafnharðan út aftur í skattgreiðslurnar og verzlunarafgangurinn var enginn. Heldur Skúli fógeti því fram, að um miðja 18. öld hafi eigi verið meira af peningum í umferð meðal landsmanna sjálfra en í hæsta lagi 20 þús. rd.[4])

Af smásilfri og eirpeningum var sama sem ekkert í umferð hér á landi á 17. öldinni, og urðu menn að panta það sérstaklega eins og aðrar torgætar vörutegundir, ef þeir þóttust þurfa á því að halda. Þannig pantaði Þórður biskup Þorláksson árið 1678 danska smámynt til 15 ríkisdala í *tvímörkum, ríkisortum* (á 24 skild.), *sléttmörkum* og *hálfmörkum*.[5]) Þótti mörgum það bagalegt, að eigi skyldi vera meira af peningum í umferð hér á landi, en raun gaf vitni um, einkum smápeningum, til þess að greiða fyrir viðskiftum manna á milli, og komu fram ýmsar uppástungur þar að lútandi. Héldu margir í þá daga, að hér væri nóg af málmum í jörðu, bæði gulli og silfri, og því stakk Vísi-Gísli upp á því meðal annars í ítarlegu skjali til konungs árið 1647, að sendur væri útlenzkur

1) Smbr. Bréf hans 24. ág. 1642. Hist. Eccles. Isl. III, 419 nm.
2) Smbr. Alleunderdanigst Relation om Islands nærværende Tilstand etc. eftir Skúla fógeta. (Pjskjs. A 40 nr. 2).
3) Smbr. Kgsbr. 27. apr. 1751. Lovsaml. for Isl. III, 74—75.
4) Smbr. Beskr. af Isl. 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 106—109.
5) Bréfab. Þórðar biskups 1676—1679. Bls. 354. (Pjskjs.)

myntmeistari til Íslands til þess að koma á peningasláttu. Skyldi hann slá venjulega mynt úr íslenzku gulli og silfri og haga sér í því efni eftir gildandi lögum um peningasláttu, en eigi skyldi neitt flutt út úr landinu af þessari mynt. Í öðru styttra bréfi til stjórnarinnar, sem líklega er ritað nokkru seinna, fer Gísli fram á, að konungur láti slá sérstaka peninga fyrir Ísland, er samsvari innlendum verðmæli í landaurum. Skyldi minsti peningur gilda hálfa alin (einn fisk), mesti peningur 10 álnir, og 30 peningar, er hver væri á eina alin, skyldi jafngilda einum ríkisdal, svo að þetta yrði sem auðveldast í öllum viðskiftareikningum. Öðrumegin á peningunum átti að vera mynd konungs, en hinumegin merki Íslands (þorskurinn), og skyldi slá af þessari mynt 20 þús. dali. Skyldi hverjum manni á Íslandi heimilt að senda silfur í sláttuhús konungs til myntunar, eins og viðgekst um þær mundir í öðrum löndum.[1]) Eins og kunnugt er, náðu engar af uppástungum Gísla fram að ganga, og var þó þessi að minsta kosti mjög skynsamleg, því hefði þessi nýja mynt verið slegin og haldist ósvikin í réttu verðgildi, þá hefði það orðið til þess að gera alla viðskiftareikninga miklu auðveldari og afstýra þeim flækjum og glundroða, sem danska myntin olli hér á Íslandi, af því að hún stóð ekki í neinu sambandi eða ákveðnu hlutfalli við landaurareikninginn. Annars er altaf verið að klifa á því í lok 17. aldarinnar og úr því, að mönnum standi mikill bagi af því, að engin smámynt skuli vera í umferð í landinu og leiði af því óþægindi mikil í viðskiftum manna. Þannig gerir Jón Eggertsson frá Ökrum orð á þessu í ritgerð einni frá 1686,[2]) og í ritgerð sinni um viðreisn Íslands frá 1699 telur Páll Vídalín þörf á að flytja hingað smámynt, svo sem *hvíta* og *skildinga* og alt upp að *krónum*.[3]) Arngrímur

1) P. Thoroddsen: Landfrs. II, 130. Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Bls. 123-124 nm.
2) Adskilligt om Islands Beskaffenhed og Vilkaar. (Thott 1738, 4to. Kgsbókhl.) Smbr. Landfrs. P. Thorodds. II, 227.
3) Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Bls. 123.

Vídalín, bróðir Jóns biskups, samdi einnig langt rit um viðreisn Íslands 1701 og vék þar að þessu máli. Taldi hann nauðsynlegt að flytja miklu meira af smámynt til landsins, en gert hefði verið að undanförnu, ekki að eins til verzlunar og viðskifta manna á meðal, heldur einnig til greiðslu og þæginda á ferðalögum, og vildi hann láta banna algerlega útflutning á peningum, nema í konungsgjöld.[1]) Það lítur út fyrir að menn hafi í þessu peningahraki tekið upp á því hér á Íslandi í hyrjun 18. aldar, að nota tóbak í álnum og þumlungum sem gjaldmiðil sín á milli í smærri viðskiftum, því Fuhrmann amtmaður segir í bréfi til stiftamtmanns 15. sept. 1723, þar sem hann mælir á móti því að heftir séu tóbaksaðflutningar, að menn megi alls ekki án þess vera, því það þyki hentugastur gjaldmiðill í smáviðskiftum hér á landi, og greiði menn venjulega í tóbaki þegar um minni upphæðir sé að ræða en til tveggja marka.[2])

Eftir 1730 fór kúrantmyntin að flytjast hingað til lands, en þó einkum eftir að konungur lét það boð út ganga 1752, að taka skyldi kúrantmynt engu síður en krónumynt í opinber gjöld.[3]) Árið eftir var kaupmönnum boðið að flytja nægilega mikið af kúrantmynt til landsins, og skyldi hún hér eftir ganga í viðskiftum manna á milli með því ákveðna hlutfallsverði, sem fyr segir, að 1 rd. 12 sk. kúrant skyldi jafngilda 1 rd. í spesíumynt og 1 rd. 6 sk. kúrant einum rd. í krónumynt.[4]) Mönnum var fyrst

---

1) Landfrs. P. Thorodds. II, 233. Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Bls. 124 nm.

2) Bréfab. stiftamtm. V, 124. Það var og algengur siður hjá kaupmönnum áður en kúrantmyntin kom til sögunnar, að jafna upp (saldera) reikninga manna með tóbaki og brennivíni. Smbr. Umsókn stjórnenda stofnananna 6. okt. 1752. (Bréfab. amtm. VII, 122—123),

3) Smbr. Kgsbr. 4. jan. 1752 og Rkbr. 11. jan. 1752. Lovsaml. for Isl. III, 98—107 og 111—113.

4) Kgsúrsk. 20. marz 1753 (Lovsaml. for Isl. III, 146—159). Smbr. Kgsúrsk. 24. marz 1753 (Alþb. 1753 nr. XVIII, 1). Þessi uppbót á kúrantmyntinni var þó í rauninni of lítil bæði í spesíureikning og krónureikning, sem fyr segir, því milligjöfin var oftast talsvert hærri í Kaupmannahöfn. Veturinn 1744—1745 var hún þannig 1 ríkisort (24 skild.) á hvern rd. í spesíumynt og 12 skild. á hvern rd. í krónumynt, að því er Pingel amtm. segir (Bréfab. amtm. VI, 200—202).

í stað mjög illa við kúrantmyntina hér á Íslandi, því mörgum veitti örðugt að átta sig á þessum hrærigraut[1]) og þessum mismun og milligjöf á peningunum, enda létu þeir víst oft á tálar dragast af óhlutvöndum mönnum í þessum efnum.[2]) Upp frá þessu fór þó að flytjast nokkuð meira en áður af peningum til landsins. Á dögum konungsverzlunarinnar fyrri (1759—1763) voru alls fluttir 61,748 rd., eða 12,350 rd. árlega að meðaltali, og á tímabilinu frá 1764—1776 voru fluttir til landsins 170,945 rd. eða 13,149 rd. árlega að meðaltali. Það var þó einkum kaupsetningin 1776 og búseta kaupmanna hér á landi árið eftir, sem ýtti undir peningaumferð í landinu, ásamt með lögum þeim, sem út voru gefin 22. apr. 1778 um íslenzka bankaseðla.[3]) Á árunum 1777—1783 voru fluttir inn 75,180 rd. í myntuðum peningum og 70,217 rd. í bankaseðlum, eða samtals 145,397 rd., og verða það 20,771 rd. árlega að meðaltali.[4])

Þess er áður getið, að vöruverð hafi farið mjög hækkandi erlendis á 16. öldinni og fram á miðja 17. öld, en síðan staðið nokkurn veginn í stað. Jafnframt því lækk-

---

Þetta varð til þess, að kaupmenn reyndu á allar lundir að kría út spesíur og krónur hjá landsmönnum við því verði, sem gert var ráð fyrir í kgsúrsk., til að verzla þeim aftur fyrir kúrantmynt í Kaupmannahöfn. (Smbr. Beskr. af Isl. 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 106—109). Það er og aðgætandi, að kaupmenn borguðu allar útlenzkar vörur með kúrantmynt í innkaupum, en seldu þær á Íslandi eftir spesíureikningi samkvæmt kaupsetningunum og án þess að gefa nokkra uppbót, svo hagnaðurinn af því einu hefur verið talsverður.

1) Þannig hafði verið boðið 15. júlí 1726, að 12-skildingar allir frá 1711—1725 skyldi hér eftir gilda 10 skildinga, og 31. júlí 1726, að mörkin eða 16-skildingarnir frá 1713—1717 skyldi hér eftir gilda 15 skildinga.

2) Smbr. Bréf Björns Markússonar varalögm. til stiftamtm. 22. sept. 1754 (Þjskjs. A 40 nr. 14) og bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til stiftamtm. 22. sept. 1755 (Bréfab. amtm. VIII, 193—197).

3) Lovsaml. for Isl. IV, 439—442. Seðlarnir giltu 1 rd. og 5 rd. í kúrantmynt. Var letrað á minni seðlana: »Thessi Banco-Sedill geingur fyrir Einn Rikisdal edur Nyntiu [rétt. niutiu] og Sex Skildinga i Danskri Courant Mynt i Danmörku, Noregi og Fyrstadæmunum, eins og á Islandi«. En á hina var letrað: »Thessi Banco-Sedill geingur fyrir Fim Rikisdali, hvern til Nyntiu [rétt. niutiu] og Sex Skildinga i Danskri Courant Mynt i Danmörku, Noregi og Fyrstadæmunum, eins og á Islandi«.

4) Smbr. Beskr. af Island 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 106—109.

aði silfrið í verði erlendis og stóð það auðvitað í sambandi við aukinn málmforða úr námum Spánverja í Ameríku og víðar.[1]) Hafa menn við nákvæman samanburð komist að þeirri niðurstöðu, að silfrið hafi frá því á seinni hluta 16. aldar og til 1650 eða þar um bil fallið um $^3/_4$ í verði, eða kaupgildi peninga um miðja 17. öld eigi verið nema $^1/_4$ á móti því, sem verið hafði í byrjun 16. aldar. Upp frá því stendur silfurverðið nokkurn veginn í stað, af því að þá var farið að komast fast skipulag á námurekstrinn og silfurframleiðslan orðin jöfn og reglubundin.[2]) Á Íslandi var þessu nokkuð líkt farið. Ef vér berum saman silfurverð og vöruverð frá elztu tímum og fram til þess, er einokunarverzlunin hófst, þá dylst það eigi, að silfrið hefur hvað eftir annað fallið í verði her á landi og verið nær því helmingi ódýrara í lok 16. aldarinnar en á sögualdinni. Um árið 1000 jafngiltu 8 lögaurar eða 48 álnir vaðmála einum eyri af brendu (ɔ: skíru) silfri,[3]) en það samsvarar 1 rd. í spesíumynt, því hvorttveggja vóg 2 lóð silfurs eða því sem næst. Á ofanverðri 11. öld, alla 12. öldina og framan af 13. öldinni jafngiltu $7^1/_2$ lögaurar eða 45 álnir vaðmála einum eyri af brendu silfri[4]) eða 1 rd. spes. Um 1280, þegar Jónsbók var samin, jafngilti einn eyrir af brendu silfri eða 1 rd. spes. 6 lögaurum (36 álnum) og hélst það hlutfall jafnan síðan í öllu saktali.[5]) Seinna meir, að líkindum eftir að Englendingar fóru að verzla hér á 15. öldinni, féll silfrið enn í verði, svo að eyrir silfurs eða 1 rd. spes. jafngilti þá 5 lögaurum (30 álnum) og hélzt það jafnan síðan í landaurareikningi manna á meðal.[6]) Á seinni hluta 16. aldar,

---

1) Smbr. Kr. Erslev: Det 15. Aarhundrede. Kbh. 1910. Bls. 15—16.
2) Smbr. W. Scharling: Pengenes synkende Værdi. Kbh. 1869. Bls. 288–289.
3) Grágás. Kgsb. I, 241 og II, 141.
4) Grágás. Kgsb. II, 193.
5) M. Ket. II, 42 nm. Smbr. B. M. Ólsen: Um silfurverð og vaðmálsverð (Skírnir 84. ár bls. 5).
6) M. Ket. II, 43. Smbr. Haldór Einarsson: Om Værdie-Beregning paa Landsviis. Kbh. 1833. Bls. 40—43.

þegar Þjóðverjar ráku hér verzlun, þokaðist silfurverðið enn niður, svo að eyrir silfurs eða 1 rd. spes. jafngilti þá $4^1/_6$ lögaurum, þ. e. 25 álnum eða 50 fiskum, því nú fór fiskatalsreikningurinn að tíðkast hér á Íslandi[1]). Árið 1608 var það dæmt og samþykt í lögréttu, að fullur dalur skyldi rétt goldinn í 6 aura (ɔ: 36 álnir) í allan sakeyri, en 5 aurum (ɔ: 30 álnir) í frítt gjald (tíundir, landskyld og allar skuldir), en í kongs skatt leysist 8 álnum vaðmáls, og ekki meira ef vaðmál fæst ei.[2]) Þetta var jafnan síðan hlutfallið á milli silfurs og verðaura í öllum innanlandsreikningum á Íslandi, en í verzlunarviðskiftum Íslendinga og einokunarkaupmanna var hlutfallið nokkuð annað. Að sönnu virðist Ari í Ögri vilja halda fast við skatteyrisverðið í kaupsetningu sinni frá 1616, því hann leggur dalinn á vætt eða 40 fiska, eins og tíðkaðist í skattheimtum. En kaupmenn hafa eigi viljað hlíta svo lágu silfurverði í viðskiftum sínum við landsmenn og leggja því spesíuna á 45 fiska í kaupsetningunni 1619. Þeir hafa með öðrum orðum viljað stemma stigu fyrir því, að silfrið félli meira í verði. En þeir létu sér ekki nægja með það, heldur færðu spesíudalinn upp í 48 fiska í kaupsetningunni 1684, þó að vitanlegt væri, að peningar hefðu fallið talsvert í verði eftir 1619. Var því haldið í kaupsetningunni 1702, svo að eyrir silfurs eða 1 rd. spes. jafngilti þá 4 lögaurum eða 24 álnum. Silfrið hefur með öðrum orðum fallið til helminga í verðgildi síðan árið 1000.[3])

Eins og ljóst er af því, sem þegar hefur sagt verið um verðgildi peninga í ýmsar greiðslur hér á landi, kemur

---

1) M. Ket. II, 43. Smbr. Halldór Einarsson: Om Værdie-Beregning paa Landsviis. Bls. 43.

2) Lovsaml. for Isl. I, 170—171. Þess ber vel að gæta, að alin vaðmáls og alin landaura er sitt hvað. Alin vaðmáls jafngilti $2^1/_2$ al. landaura eða 5 fiskum eftir kaupsetningunum, svo að 8 álnir vaðmáls voru rétt goldnar með 20 áln. landaura eða 40 fiskum.

3) Smbr. M. Ket. II, 43.

peningareikningurinn alls eigi heim við landaurareikninginn, og olli það ýmsum flækjum og óþægindum manna á meðal. Í kaupsetningunum 1684 og 1702 er ríkisdalur í spesíumynt lagður á 48 fiska, en krónan eða sléttdalurinn á 30 fiska, og er það tekið fram, að svo skuli vera á öllum höfnum. En í landaurareikningi gekk spesíudalurinn á 30 álnir (ɔ: 60 fiska) og sléttdalurinn á 20 álnir (ɔ: 40 fiska). Alin á landsvísu er með öðrum orðum reiknuð á 2 fiska í landaurareikningi, en á $1^1/_2$ fisk í peningareikningi.[1]) Á það sjálfsagt rót sína að rekja til mismunar þess, sem kaupmenn gerðu á fiskireikningi og prjónlesreikningi og olli því, að allar sjávarafurðir hækkuðu í verði móti landbúnaðarafurðum. Þennan mismun eða skakka á peningareikningi og landaurareikningi gátu menn notað sér á ýmsa lund til hagnaðar sjálfum sér, en óhagnaðar þeim, sem þeir áttu viðskifti við. Þannig tekur Björn Markússon varalögmaður í bréfi einu til stiftamtmanns dæmi af leiguliða, er greiða skuli 30 álnir í landskuld. Þessar 30 álnir voru rétt goldnar með 15 pörum af duggarasokkum, því þeir gengu á 60 fiska eða sokkarnir á 4 fiska bæði í kaupstað og á landsvísu. En í stað þess að greiða landskuldina í prjónlesi, gat leiguliðinn notað þá aðferðina, að leggja prjónlesið inn í kaupstað og fá út á það 1 rd. í krónumynt, sem gekk á 30 álnir eða 45 fiska, til þess að greiða lánardrotni sínum upp í landskuldina. Hafði leiguliðinn þannig grætt 15 fiska á skiftunum, sem hann tók út á í búðinni, en hinn tapað sem því svaraði, því hann fekk ekki meira fyrir ríkisdalinn en 45 fiska, ef hann verzlaði

---

1) Smbr. Alþb. 1734 nr. 24: »Uppá herra landfógetans spursmál, hvernig ein alin á landsvísu væri reiknuð móti peningum, svöruðu lögmenn, að eftir viðtekinni landsins venju væri ein alin móti sléttum peningum reiknuð fyrir einn og hálf fisk í fiskatali, svo sléttur dalur eftir áðursögðu gilti fyrir 20 álnir, en spesíurd. 30 álnir, nema í kongsins sakeyrir hefði spesíurd. frá alda öðli gilt fyrir 36 álnir«. Það er aðgætandi, að spesíumynt fluttist mjög litið um þessar mundir, heldur nær eingöngu sléttir peningar eða krónumynt, og var rd. í krónumynt látinn gilda 30 álnir eins og spesían, en í fiskatali var hann reiknaður á 45 fiska, svo hlutfallið verður þá rétt eins og hér segir, að alin á landsvísu var reiknuð á $1^1/_2$ fisk í peningareikningi.

honum í búðinni eða keypti fyrir hann matfisk til heimilisins.[1]) Annað dæmi þessu líkt tilgreinir Sveinn lögmaður Sölvason í bréfi einu til Landsnefndarinnar. Gerir hann ráð fyrir því, að landseti fái sléttan dal í kaupstaðnum fyrir 30 fiska, eins og lög og venja stóðu til, og greiði hann síðan upp í landskuld sína fyrir 20 álnir eða vætt fiska (40 fiska), sem og var lögum samkvæmt. En vilji landsdrottinn verja þessum sléttdal til matvælakaupa, þá fær hann ekki meira fyrir hann en 6 fjórðunga (30 fiska), svo að hann skaðast um 2 fjórðunga (10 fiska) á krónunni, og gat það numið álitlegri upphæð, ef um marga leigulíða var að ræða, eins og t. d. á biskupsstólunum.[2]) En það vildi til, að peningar gengu mjög lítið í viðskiftum manna á meðal, svo flestar greiðslur voru intar af hendi í landaurum, eins og tíðkast hafði frá alda öðli. Og þegar peningaumferðin í landinu fór að aukast, var bætt úr þessum anmörkum með því að afnema mismuninn á fiski- og prjónlesreikningi og færa alt til peningaverðs í kaupsetningunni 1776. —

Eins og geta má nærri var sífelt þjark með Íslendingum og einokunarkaupmönnum út af *alin*, *vog* og *mæli*, enda hagaði þar nokkuð sjerstaklega til, að minsta kosti um stikumálið, því hér á landi gekk önnur alin en í Danmörku, hin svo nefnda *Hamborgaralin*, sem tíðkast hafði frá því á dögum þýzku verzlunarinnar og síðan var alment kölluð *íslenzk alin*, þó að hún kæmi alls eigi heim við hina fornu íslenzku alin. Hún var það styttri en sú danska, að einni alin munaði á hverjum 10 álnum dönskum, því 11 álnir íslenzkar voru jafnar 10 dönskum.[3]) Þeg-

1) Bréf dags. 22. sept. 1754. Þjskjs. A 40 nr. 14.

2) Skjöl Landsnefnd. Litt. Qq nr. 2. (Þjskjs. A 35 nr. 8). Sumir lánardrotnar létu þó landsetana greiða að fullu í kaupstað 2 fiska fyrir hverja alin. Smbr. Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til stiftamtm. 22. sept. 1755 (Bréfab. amtm. VIII, 193—197).

3) Beskr. af Isl. 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 104—105. Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 383—384. Fuhrmann amtm. segir í bréfi til stiftamtm. 23. sept. 1730, að 15 danskar álnir séu jafnar 17 íslenzkum, en það er eigi rétt. (Bréfab. amtm. III, 467—468).

ar einokunarverzlunin komst á, var boðið, að alin, vog og mælir skyldi haldast sem að fornu hefði verið,[1]) og þetta var síðan ítrekað í öllum verzlunartilskipunum og kaupsetningum. En illa þótti oft og einatt stikast út hjá kaupmönnum eftir íslenzka mælikvarðanum, og vantaði sízt dylgjur um það, að kaupmenn héldi fast við íslenzku stikuna af því að hún væri ólöggilt og óstimpluð, svo að þeir gæti svikið hana eftir vild sinni án þess að unt væri að hafa hendur í hári þeirra.[2]) Hitt er þó miklu sennilegra, að íslenzku stikunni hafi verið haldið fyrst og fremst vegna þess, að hún hafði svo lengi viðgengist hér á landi og var í fullu samræmi við þýzku alinina, sem kaupmenn fengu klæði sín stikuð eftir alla 17. öldina út í gegn og fram á þá 18., því um þær mundir kom öll eða mestöll álnavara þeirra frá Norður-Þýzkalandi. Hins vegar sáu þeir sér og hag í því að halda enn fast við íslenzku alinina eftir að þeir fóru að kaupa klæði sín í Danmörku, því þeir græddu það aukreitis á álnavörunni í útsölu á Íslandi, sem danska alinin var lengri en sú íslenzka, eða með öðrum orðum 10 %.[3]) Af þessu leiddi sífelt þras og tortrygni með kaupmönnum og Íslendingum, og reyndi stjórnin að koma í veg fyrir það með því að löggilda og stimpla íslenzku stikuna árið 1761.[4]) Þetta reyndist þó ekki einhlítt og var því íslenzka stikan afnumin að fullu og öllu með kaupsetninguni 1776.[5])

Þó að oft væri ágreiningur með Íslendingum og einokunarkaupmönnum út af stikumálinu, þá voru samt enn

---

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 140

2) Smbr. Bréf 5 sýslumanna til amtm., dags. á alþingi 18. júlí 1754. (Þjskjs. A 4 nr. 130). Stundum voru kaupmenn grunaðir um að hafa tvenns konar stikumál, rétt og rangt, og væri hið rétta lagt fram þegar yfirvöldin kæmi til rannsóknar. »Relata refero«, segir Magnús amtm. Gíslason um þetta í bréfi til stiftamtm. dags. 15. sept. 1754. (Bréfab. amtm. VIII, 127—130).

3) Beskr. af Isl. 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 104—105. Smbr. Bréf Pingels amtm. til Rk. sept. 1745. Bréfab. amtm. VI, 200—202.

4) Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 438—439. Voru þá sendar 2 löggiltar stikur til Íslands, önnur úr járni en hin úr tré, og áttu þær að fylgja lögstólunum. Smbr. Rkbr. til amtm. 22. maí 1761. Þjskjs. A 119.

5) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 329 (§ 3) og 349 (§ 3).

meiri brögð að deilum og sundurþykkju út af *vog* og *mæli*, einkum út af voginni, enda voru kaupmenn þar oft og einatt staðnir að svikum. Árið 1614 varð Jóhann Ostermand, borgari í Málmey, uppvís að því að hafa flutt svikið tunnugóz til landsins. Hafði hann látið taka einn staf úr hverri tunnu, svo að þær tóku mun minna, en lög stóðu til, og var hann dreginn fyrir lög og dóm út af því.[1]) Það var eitt atriðið í kæru Ísfirðinga vorið 1615, að vog og mælir væri eigi í lagi hjá kaupmönnum, og skyldaði því Ari sýslumaður þá til að hafa framvegis þá vog og mæli, er sýslumaður setti þeim, og lagði slíka refsingu við að vega og mæla af öðrum, sem þeir hefði stolið hinu jafnmiklu.[2]) Sama vorið kvörtuðu Rangæingar um »alla mæling og vigt á innlenzkri og útlenzkri vöru, sem er á tunnum, hálftunnum, kvartélum, áttungum, item járnfötum, að eigi finnist nú svo mikið halda, sem vant er, en íslenzk vara, sem er smjör og lýsi, vill eigi vegast né mælast eftir íslenzkri vog og mæli í kaupstöðum«.[3]) Í kaupsetningunni 1619 er skipað svo fyrir í 2. grein, að mjöltunnan skuli vega $12^1/_2$ L℔ eða $2^1/_2$ vætt (= 20 fjórðunga = 200 ℔), og í 4. gr. er boðið, að geymast skuli á Bessastöðum lögmæt reizla eða pundari, sem allir geti leiðrétt vogir sínar eftir, en aðrar reizlur sé upptækar.[4]) Þetta stoðaði þó lítt, og gengu almenn klögumál um það í landinu á næstu árum, að vog og mælir kaupmanna væri eigi sem skyldi.[5]) Í bænarskrá Íslendinga til konungs 1631 er kvartað yfir því, að mjöltunnurnar hafi »hvergi nærri þá þyngd, sem taxtinn tilsetur, ekki fá þó menn sem kaupa að láta vega

1) Smbr. Kanc. Brevb. 1609—1615. Bls. 696. Sjálfsagt hefur þetta eitt með öðru orðið þess valdandi, að Málmeyingar fengu ekki að halda nema 2 höfnum af 7, sem þeir höfðu áður haft, þegar verzlunareinkaleyfið var endurnýjað þá um vorið. Lovsaml. for Isl. I, 176. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 141—142.

2) Lbs. 67, 4to.

3) J. Sig. 374, 4to.

4) Lovsaml. for Isl. I, 184—185.

5) Smbr. Kgsbr. til höfuðsmanns 20. apríl 1626 (J. Sig. 374, 4to) og Alþingisnefnd 30. júní 1627 (J. Sig. 183, 4to). Sömuleiðis lögréttusamþ. um ranga vog 1630 (J. Sig. 183, 4to).

þær á þeirri dönsku vigt«.[1]) Árið eftir skarst Árni lögmaður Oddsson í þetta og nefndi 7. júlí dóm á Eyrarbakka »um þá klögun, er nokkrir þar fram báru opinberlega, að þeir fengi eigi að láta vega það mjöl, sem þeir keyptu af kaupmannninum, hvað þeir meintu sér vera órétt gert móti kongsins taxta«. Stefndi Árni lögmaður kaupmanni undir löglegan dóm til prófs og rannsaks, »hverra svara eður sekta hann verður Kongl. Mt. skyldugur fyrir það hann heldur eigi kongsins taxta, í því hann lætur eigi vega mjölið landsfólkinu, þar þó Kongl. Mts. taxti heldur, að hver tunna skuli vega hálfa þriðju vætt, en þeir fari svo búnir burt, hvort heldur þeir líða rétt eður órétt«. Krafðist lögmaður og aðrir réttrar vigtar af kaupmanninum, svo að mjölið mætti vegast, »en kaupmaðurinn afsagði að hann hefði aðra vigt en þá, sem fiskurinn væri á veginn og ekki verður vegið á nema 14 fjórðungar. ... En eftir stefnu lögmannsins var lagður fram nýr pundari, á hvern vegast mega 22 fjórðungar, á hvern vegnar voru nokkrar mjöltunnur. Vantaði eina tvo fjórðunga, aðra hálfan þriðja fjórðung, þriðju hálfan fjórða fjórðung«. Var kaupmaður því dæmdur sekur 8 mörkum í bréfabrot.[2]) Þrem árum seinna var Árni lögmaður enn að rekast í þessu og spurðist fyrir um það hjá höfuðsmanni, hvort kaupmenn væri eigi skyldugir að láta vega þær mjöltunnur, sem þeir seldi mönnum, og bæta á þær þar til þær hefði fulla vigt, og svaraði höfuðsmaður því, að farið skyldi í þessu sem öðru eftir kaupsetningunni.[3]) Kaupmenn héldu þó áfram að þverskallast við þessu og neituðu að vega mjöltunnurnar, auðvitað af því, að þeir vissu skömmina upp á sig. Svo var t. d. um Anders Mortensen kaupmann í Hólminum laust fyrir miðja 17. öld. Höfðu menn sterkan grun um, að mjöltunnur þær, er hann flutti til landsins, væri léttari en til var skilið í

1) Alþb. 1631 nr. 8.
2) J. Sig. 374, 4to.
3) Alþb. 1635 nr. 18.

kaupsetningunni, en kaupmaður var ófáanlegur til að vega þær. Lét þá Þórður Henriksson, sýslumaður Borgfirðinga, vega nokkrar þeirra eftir beiðni almúgans og reyndust þær allmisjafnar að þyngd, sumar 15½, sumar 16 eða 17 og enn aðrar 18 fjórðungar, en áttu að vera 20 sem fyr segir. Stundum var og mjölið flutt í gömlum síldartunnum eða saltpækilstunnum og voru þær svo þungar, að tréð eitt vóg 3½ eða 4 fjórðunga[1].) Var þetta svo algengt um þær mundir, að landsmenn rituðu bænarskrá um það af alþingi 1648. Segja þeir, að mikið bresti á mjöltunnuvigtina, því að þær vegi að jafnaði ekki nema 15 fjórðunga í stað 20, en þó verði menn að borga þær með 80 fiskum á fiskihöfnunum og 90 á sláturhöfnunum og megi þar ekki einn fisk á vanta hjá fátæklingum. Eigi fáist kaupmenn heldur til að vega tunnurnar eða gefa leyfi til, að þær sé vegnar, og biðja þingmenn þess að lokum, að kaupmönnum sé refsað fyrir þessa rangsleitni.[2]) Í kaupsetningunum 1684 og 1702 er því við bætt um mjöltunnuvigtina, að eigi megi vanta nema 4 ℔ á hverja tunnu og sé kaupmenn skyldir til að bæta Íslendingum hvert pund, sem framar vanti, með hálfum fiski,[3]) en þess munu víst fá eða engin dæmi, að kaupmenn hafi gert það. Hinn 10. jan. 1698 var gefin út konungleg tilskipun um mál og vog í Danmörku og Noregi og svo fyrir mælt, að kornvörutunnur skyldi taka 144 potta, en lagartunnur 136 potta.[4]) Þessi tilskipun var aldrei birt á Íslandi, svo kaupmenn þóttust eigi meira en svo skyldir til að fara eftir henni, enda þótt boðið væri í kaupsetningunni 1702 að halda ákvæði hennar um lagarmálið.[5]) Varð einkum mikill glundroði á þessu á dögum Hörmangara. Þannig var kvartað yfir því árið 1745, að

---

1) Smbr. Kæru Þórðar sýslum. Henrikssonar á dönsku 1647. Á M. 381 fol.
2) Alþb. 1648 nr. 5.
3) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 416 og 564.
4) Lovsaml. for Isl. I, 531.
5) Lovsaml. for. Isl I, 573.

kaupmenn seldi grjón í gömlum mjöl- eða brauðtunnum, sem tæki eigi nema 120 potta, enda þótt þeir flytti það til landsins í lögmæltum tunnum á 144 potta.[1]) Með þingsvitnum þeim, sem tekin voru sumarið 1753 um verzlunarhagina á dögum Hörmangara, sannaðist það, að steinkol voru flutt inn í salttunnum á 176 potta eins og vera bar, en síðan látin í gamlar brauðtunnur, sem eigi tóku nema 144 potta, og þó seld fullu verði. Á brauðtunnur þær, sem biskupsstóllinn í Skálholti fekk árið 1753, vantaði svo mikið, að fimta tunnan fór til að fylla hinar fjórar.[2]) Það er auðsætt af þessu, að kaupmenn hafa yfirleitt eða að minsta kosti oft og einatt fylgt þeirri venju, að flytja vörurnar í lögmæltum ílátum hingað til lands, en koma þeim síðan á önnur minni ílát áður þær væri seldar. Skúli fógeti segir, að tunnumáli hafi farið síhnignandi á dögum einokunarkaupmanna, svo að það hafi komist í venju að láta jafnan vanta 16 potta á hverja lagartunnu, 8 potta á hverja grjónatunnu og 40 potta á hverja salt- og steinkolatunnu, en selja þó alt við fullu verði.[3]) Er það eigi smáræðisupphæð, sem kaupmenn hafa dregið sér ranglega á þennan hátt, ef satt er. Með kaupsetningunni 1776 var bætt úr þessum sem mörgum öðrum anmörkum og boðið, að fylgja skyldi í öllum greinum tilskip. frá 10. jan. 1698 um mál og vog,[4]) og loks var 18. júní 1784 gefin út sérstök tilskipun um vog og mál á Íslandi og var hún í flestum greinum sniðin eftir hinni.[5])

Eigi var minni sundrung og ágreiningur milli Íslendinga og einokunarkaupmanna út af vog og máli á íslenzkum afurðum, og var því haldið fram af öllum þorra landsmanna bæði fyr og síðar á dögum einokunarverzl-

---

1) Smbr. Taxten confereret med Handelen. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 2. april 1746. Þjskjs. A 116.

2) Smbr. Rkbr. 16. febr. 1754 til verzlunarfélagsstjórnarinnar. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. frá s. d. Þjskjs. A 117.

3) Beskr. af Isl. 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 105—106.

4) Smbr. Lovsaml. for Isl, IV, 329—330 og 349—350.

5) Lovsaml. for Isl. V, 88—95.

unarinnar, að kaupmenn beitti þar hinum mestu refjum og rangindum. Í hinni dönsku kæru sinni um verzlunina 1647 segir Þórður sýslumaður Henriksson, að pundarinn í Hólminum svíki um 4 merkur á hverri vætt, enda þótt mjög knapt sé vegið, og muni það 30 fiskum eða 60 skálapundum á hverri lest fiska (30 vættum). Gefur hann undirkaupmanni það að sök, að hann vegi aldrei rétt af Borgfirðingum, svo að pundaraskaftið haldi jafnvægi, heldur slái því mjög hart upp á við, ef hann létti hendinni af því.[1]) Í kæruskjali sínu á íslenzku frá sama ári fer Þórður sýslumaður svolátandi orðum um þetta: »Í tíunda máta, eftir því að vér höfum að fullri raun k[omist], hvernig Jens Michelsson undirkaupmaður í Hólmi hefur vegið ranglega af oss vorn fisk í móti lögum, þar með og synjað oss að vega eftir honum fiskinn á ferskum gerningi á kaupmannsins eigin pundara (eftir því vér höfum ei fengið inn Kaupinhafnarvigt til kaups), hverir þess hafa beiðst, ekki heldur viljað standa frá vigtinni, þegar þess hefur verið óskað, þ[ví] afsegjum vér héðan í frá, að nokkur undirkaupmaður vegi vorn fisk með öðru móti en því, að hann láti pundaraskaftið standa, svo það kasti hvorki fram né aftur, en vegi svo reipin af hverjum bagga, og komi það upp á afkortning skreiðarinnar. En sé svo, hann finni nokkurn fisk að vera blautan, óhreinan, söndugan, maltan eða megringagáma, þá sé honum frítt fyrir að skjóta honum í burtu. Samt sem áður, upp á hvern tólf fjórðunga bagga, sem er hreinn og þurr fiskur (auk þess sem reipin vega), nái vigtin að halda sér í skorðum, svo hvorki kasti fram né aftur, tölum vér ei um, þó bætt sé gildum fiski eða fjórum mörkum fiska, ef kongleg náð vill samþykkja þann skorufisk, svo að slái heldur til góz-

1) Huor udj Kiöbmandens Anders Mortennsson sijnderligeste Middel og Frembdragere haffuer vehret Jens Michelsson, som aldrig haffuer aff oss Borgfijrdinger rettelige veiget voris Fisk saa at Vechten haffde maatt staa ret, men stijfflige og datlige(?) kastet sig efter Haanden naar hannd haffuer hinde löfft fraa Skafftet. Saa det ehr vederstiggeligt for it Christthröende Mennische ad bedrage saa sin Neste. (Á. M. 381 fol.)

ins, og þeir geri oss aftur það sama á járni, kopar, hampi, litarhespum, tini og öðru þvílíku, sem vegast eða mælast á«.[1]) Þessi siður, að leggja gildan fisk ofan á hvern bagga í vigtinni og nokkra potta ofan á hverja lýsistunnu, var víst ærið gamall og mun hafa átt að vera fyrir rýrnun og leka, enda þótt kaupmönnum þeim, er í förum voru, væri bætt þetta aukreitis upp í reikningunum árlega af útgerðarmanna hálfu.[2]) Voru landsmenn yfirleitt eigi að fárast neitt út af því, en hitt þótti þeim hart, sem von var, að gefa uppbót á svikinni vog og mæli. Í kaupsetningu þeirri frá 1620 eða þar um bil, sem áður er getið, segir sýslumaður það fornan vanda, að bjórtunna sé gefin almúganum þegar kaup séu sett, og í þeirri sömu tunnu mælist aftur lýsi eða brennisteinn.[3]) En þetta hélzt eigi lengi eftir að einokunarkaupmenn tóku við, því árið 1632 kvörtuðu Hornfirðingar um þann »óbærilega lýsismæli, sem hér hefur brúkaður verið minsta lagi í 8 ár og gengur langt og hátt yfir þann Kaupinhafnarmæli, sem Kgl. Mt. skikkar hér í landinu skyldi haldinn vera. Og í margt ár höfum vér í engan máta mátt kost á eiga þann sama mæli Dönskum út að mæla, sem þeir hafa oss áður mælt undir bjór, mjöð og vín. Og hversu vér höfum hér um veinað og kveinað í alvöru eða öðruvísi, hefur vort mótmæli og aðfindni enga umbót kunnað að fá né finna.«[4]) Það var eigi svo undarlegt, þó að landsmönnum þætti þetta grunsamt, og eins hitt, að kaupmenn voru yfirleitt mjög ófúsir á að láta menn athuga vogir sínar og mæla. Var einkum

---

1) Andvari 37. ár. Bls. 126—127. Jens Michelsen undirkaupmaður í Hólmi var þráfaldlega staðinn að því að vega af mönnum og það svo um munaði. Smbr. Alþb. 1656 nr. 28: »Vér undirskrifaðir sáum Jón Árnason vega á pundara með brennimarki útlenzkan, hvorn Sigurður Jónsson átti, sjö fiskabagga, hverjir vógu 12 vættir og 3 fjórðunga. En sem Jens Michelson undirkaupmaður vóg sömu bagga, sagði hann að vigt vera 10 vættir og 6 fjórðunga«. Hér munar hvorki meiru né minnu en 13 fjórðungum á vigtinni.

2) Smbr. Aths Skúla fógeta við kaupsetninguna 1776 (Hdrs. Bókmfél. Viðb. nr. 101. Bls. 45) og Beskr. af Isl. 1785 (J. Sig. 33 fol. Bls. 106).

3) Hdrs. Bókmfél. 214, 4to fol. 35—36. Smbr. hér að framan bls. 404.

4) Alþingis- og lögmannsbók Árna Oddssonar 1631—1641 fol. 26—27. (Þjskjs.)

mikið orð á þessu gert í aðfinslum og þingsvitnum landsmanna um verzlun Hörmangara 1753. Spurðist þá stiftamtmaður fyrir um það hjá amtmanni, hvort anmarkar þeir á vog og mæli, sem orð var á gert í þingsvitnunum, stöfuðu af því, að kaupmenn hefði sviknar vogir og mæla, eða væri hinu að kenna, að rangt væri vegið og mælt, og lagði amtmaður þessa spurningu fyrir sýslumenn á alþingi árið eftir. Kváðu þeir erfitt að leysa úr þessu, því engin trygging væri fyrir því, að vogir þær og mælar, sem kaupmenn legði fram fyrir þá við skoðunargerðir, væri notaðir seinna meir í viðskiftunum. Almenningur fengi að jafnaði eigi að koma svo nálægt, að unt væri að greina stimpilinn, ef nokkur væri. En hitt væri margsannað, að Íslendingar yrði að leggja ríflega í vigtina á sína pundara, ef vörur þeirra ætti að standast vigt þegar í kaupstaðinn kæmi, en aftur á móti vægist útlenda varan, sem þeir fengi í kaupstaðnum, mjög laklega á sömu pundarana þegar heim kæmi, og vantaði þá oft mikið á, svo að eitthvað hlyti að vera bogið við þetta.[1]) Magnús amtmaður tók í sama strenginn í bréfi sínu til stiftamtmanns 15. sept. þá um haustið, og lýsti því fyrir honum eftir sögn áreiðanlegra manna, hvernig kaupmenn léki með reizlurnar við afgreiðsluna, svo að enginn kostur væri að sjá, hvort rétt væri vegið eða ekki.[2]) Af þessum ástæðum stakk Skúli fógeti upp á því árið 1752, að tekin væri upp skálavog í staðinn fyrir bismaravogir eða pundara, sem áður höfðu tíðkast. Lét hann þess getið, að það væri einasta ráðið til þess að koma í veg fyrir þessar sífeldu þrætur og tortrygni, og virðist sljórnin hafa verið því fylgjandi. En kaupmenn töldu svo mörg tormerki á þessu, að stjórnin hvarf frá því aftur og lét sitja við hið sama og áður.[3]) Aftur á móti bauð stjórnin kaupmönnum, að

1) Smbr. Bréf sýslumanna til amtm. dags. 18. júlí 1754. (Þjskjs. A 4 nr. 130)
2) Bréfab. amtm. VIII, 127—130.
3) Smbr. Rkbr. til verzlunarfélagsstj. 18. marz 1752 og til amtm. 7. maí 1755. Lovsaml. for Isl. III, 117 og 216—217.

leyfa mönnum framvegis að sjá á vigtina þegar vegið væri og að láta þegar vega upp aftur í viðurvist tveggja óvilhallra manna, ef einhver léti óánægju sína í ljósi með vigtina.[1]) Prætunum linti þó eigi að fullu fyr en sú skipun varð á gerð með kaupsetningunni 1776, að skálavog skyldi jafnan notuð þegar um meiri þunga væri að ræða en 4 L℔, en hitt, sem væri þar undir, skyldi mega vega á reizlu.[2])

Þegar landsmenn lögðu blautan fisk inn í kaupstaðinn, var hann eigi tekinn eftir vigt, heldur eftir *gildingu* eða mati kaupmannsins. Hann ætlaði á um það eftir stærð og vænleik fisksins, hve marga blauta fiska þyrfti til að jafnast á við einn gildan harðan fisk eða eina harða fiskvætt. Harður fiskur var og stundum tekinn eftir gildingu, en eigi eftir vigt, og var það meira að segja lögboðið í skipadómi Otta Stígssonar 30. júní 1645. Þar er svo að orði komist um þetta atriði: »Í annari grein um vigt og gilding á skreið, dæmdum vér að engin vigt skyldi vera á millum útlenzkra og íslenzkra, heldur skyldi hún með öllu aftakast um landið alt, fyrir þann skuld, að útlenzkir hafa ei haldið þá lofan, er þeir hafa til forna lofað, að flytja falslausan varning og réttan mælir í þeirra tunnum, kvartélum og áttungum, hvað hér til hefur misjafnt haldið verið, þá skal sú gilding vera um alt landið héðan af, að 20 fiskar skulu leggjast ofan á hvert hundrað (120), og ei meira, af samfenginni skreið, að burtlögðum löngum og hinum stærstum fyrirtaks fiskum, beinmegringum, þyrsklingum og möltum, sem ekki eru kaupmannsgóz, og að 6 hinir skilvísustu dánumenn, 3 íslenzkir og 3 útlenzkir séu tilsettir af kongs umboðsmanni í hverjum kaupstað, sem bæði séu vísir og velviljaðir til að sjá hvorutveggja peninga og góz, ef skreiðin kann smá eða lítil að vera, að hún taki ei þvílíkri gilding sem fyr greinir, eður ef útlenzkur peningur

1) Rkbr. til félagsstj. 7. mai 1755. Lovsaml. for Isl. III, 218—219.
2) Lovsaml. for Isl. IV, 329—330 og 349—350

og vara kunna svo vond að vera, eða í svo litlum mælum, að hún taki ekki heldur þvílíku verði sem vera á, þá skulu þeir svo til sjá og það til leggja, að bæði seljandi og kaupandi séu skaðlausir af, eftir réttri kaupsetningu, einkanlega ef þá kann á að greina, og þá hvorutveggja skylduga það að halda, sem þeir til leggja og ásáttir verða þeirra í milli, sem annan lögsamdan dóm«.[1]) Það er auðsætt af orðalaginu, að Íslendingar hafa talið sér hagnað að þessari gildingu, þó að eigi verði annað séð, en að hún komi sem næst heim við vigtina, eins og um hafði verið samið milli Íslendinga annars vegar og þýzkra og enskra kaupmanna hins vegar á alþingi 1527. Í þeim samningi er svo að orði komist um skreiðarvigtina: »Var þetta samþykt af öllum almúganum að vorri bón Þýzkra og Engelskra, að hér skyldi ganga fyrir sunnan hálf fjórða vætt á vog fyrir gilt hundrað fiska með hreina fiska harða og kvistaða«. Jafnframt fylgdi þessu sú skuldbinding af kaupmnna hálfu, að flytja falslausan varning, halda gömul hálfstykkiskaup og hafa réttan mæli.[2]) En þau skilyrði hafa eigi verið haldin og landsmenn þess vegna tekið upp gilding á fiskinum í staðinn fyrir vigt. Þessi gilding á harðfiskinum hefur þó brátt lagst niður aftur og vigtin komið í staðinn,[3]) því kaupsetningar frá seinni hluta 16. aldar leggja harðan fisk eftir vigt, en blautan eftir gildingu og er hún þannig, að 40 fiskar blautir eru lagðir á vætt, en 50 af samfengnum, og 16 löngur á vætt.[4]) Ari í Ögri leggur í kaupsetningu sinni 35 blauta fiska á vætt, og 20 löngur blautar samfengnar leggur hann á vætt.[5]) Í kaupsetningunni 1619 eru

---

1) Lovsaml. for Isl. I, 61—62. Smbr. Dipl. Isl. XI, 425—426

2) Dipl. Isl. IX, 413—414.

3) Bech heldur því fram í riti sínu um íslenzku verzlunina, að gildingin hafi eigi verið af tekin fyr en árið 1659, en það er vafalaust rangt. Smbr. Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)

4) Smbr. J. Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Kmh. 1895. Bls. 90.

5) Lbs. 67, 4to. Þetta háa lag á fiskinum hjá Ara stafar að líkindum af því, að þá var mjög illa ært í landinu. Smbr. Árb. Esp. V, 133—134.

40 gildir blautir fiskar lagðir á vætt og svo var og í næstu kaupsetningum. En hvað voru 40 gildir fiskar? Í því var einmitt gilding kaupmanna falin, að slumpa til um það, hve margir reitingsfiskar af vor- og sumarfiski jafngiltu góðum og gildum vetrarþorski eða $2^1/_4$ skild. í kúrantmynt, og var það upp og ofan eins og gefur að skilja, en þó sífelt deilu- og misklíðarefni með kaupmönnum og landsmönnum. Kom það þráfaldlega fyrir, að bændur voru svo óánægðir með gildingu kaupmanna á blautum fiski, að þeir tóku aflann aftur eða hættu með öllu að bjóða fram blautan fisk.[1]) Landsnefndin 1770 mun hafa komist að þeirri niðurtöðu, að bezt mundi á því fara að herða eina vætt af blautum fiski, til þess að sjá, hve mikið hún rýrnaði í verkuninni, og taka síðan blautan fisk eftir vigt, svo að komið yrði í veg fyrir þessa misklíð og óánægju,[2]) og sömu skoðunar var Thodal stiftamtmaður.[3]) en það var þó fyrst með kaupsetningunni 1776 að því var á komið, að taka blautan fisk eftir vigt, og var þá gefinn $^1/_2$ skildingur fyrir pundið í þorski og löngum.[4])

Það mun hafa viðgengist frá alda öðli hér á Íslandi, að erlendir kaupmenn lánuðu mönnum meira eða minna til næsta árs, eftir því sem þörf og nauðsyn krafði, og stóðu menn þá auðvitað misjafnlega í skilum. Voru ýmsar réttarbætur út gefnar á fyrri öldum þar að lútandi,[5]) og valdsmenn hér á landi tóku oft í strenginn með dómum og úrskurðum til þess að tryggja kaupmönnum rétt sinn. Var hinn síðasti þeirra upp kveðinn skömmu áður en einokunin hófst (30. júní 1584). Höfðu Hamborgarar kvartað um þann ósið, »sem óráðvant fólk á Íslandi fremdi við greinda kaupmenn í því, að nær sagðir kaupmenn í góðri trú og fyrir nauðsyn lánuðu mönnum sína peninga

---

1) Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. CC. Þjskjs. A 35 nr. 4.
2) Skjöl Landsnefnd. Lit. H. Þjskjs. A 35 nr. 2.
3) Smbr. Bréf hans til Rk. 1. sept. 1772. Bréfab. stiftamtm. XIV, 333 (Þjskjs.)
4) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 326 og 346.
5) Svo sem 1330 og 1345 eða þar um bil. Dipl. Isl. II, 648–649 og 787–788.

til annars árs, en þeir sömu vildu þá ekki sínar skuldir gjalda, heldur hlypi í aðra kaupstaði og seldu öðrum kaupmönnum sína vöru, en hinir þörfnuðust, sem skuldirnar ætti.« Virtist dómsmönnum slíkur ósiður mjög ótilheyrilegur og á móti lögum og rétti og úrskurðuðu því, að allir skyldi hafa greitt skuldir sínar til kaupmanna á Ólafsmessu hinni fyrri (29. júlí) forfallalaust að viðlögðum sektum og lagarefsingum.[1]) Þessi skuldaverzlun hélt auðvitað áfram eftir að einokunin hófst og varð eigi við því spornað með því lagi, sem þá var á verzluninni. Þótti kaupmönnum oft illa ganga að ná inn skuldum sínum og beiddust því enn dóms á þessu árið 1631. Var sá dómur útnefndur af fógetanum sjálfum og upp kveðinn á Býjaskerjaþingi 4. maí, en síðan staðfestur af konungi 1. júní 1640 og látinn fylgja kaupsetningunum upp frá því.[2]) Þessi dómur var miklu strangari en áður hafði tíðkast, enda var hann illa þokkaður af landsmönnum og kveður Björn á Skarðsá hann »harðan og óþarfan Íslandi.«[3]) Kaupmenn hafa þó víst sjaldan eða aldrei framfylgt þessum dómi, heldur að eins haft hann til að ögra skuldunautum sínum með, því þeim var í rauninni alls eigi óljúft, að menn söfnuðu nokkrum skuldum, þó að ólíklegt kunni að virðast í fljótu bragði. Þeir fengu við það tangarhald á skuldunautum sínum og gátu notað það til yfirvarps, ef þeir vildu neita þeim um vörur eða peninga, eða til þess að fá vilja sínum framgengt um hvað sem var. Auk þess var því óspart flíkað við stjórnina, að þeir héldi lífinu í Íslendingum með lánum sínum, svo að eigi væri til of mikils mælzt, þó að einhver hlunnindi kæmi þar í móti, svo sem eftirgjöf á hafnaleigu eða eitthvað þess háttar. En það merkilegasta af öllu var það, að einokunarkaupmenn áttu í rauninni mjög lítið á hættu með lánum sínum, því sú var lengi venjan, að viðtakendur hirtu allar

1) Alþb Isl. II, 40—41.
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 224—227, 425 og 575.
3) Smbr. Skarðsárann. við árið 1640.

sannar skuldir fyrirrennara sinna, þegar verzlunarskiftí urðu, og létu koma fult verð fyrir, eins og ljóst er af verzlunarsamningunum. Það var því síður en svo, að kaupmönnum væri í rauninni illa við lánsverzlunina, þótt þeir léti svo í orði kveðnu. Má meðal annars marka það af því, að þeir hreyfðu hvorki legg né lið til þess að afstýra því, að það ákvæði væri tekið upp í verzlunarskilmálana árið 1721, að kaupmenn væri skyldir til að lána mönnum helztu þarfir sínar í lífsnauðsyn, jafnvel þótt þeir væri skuldugir undir.[1]) Það komst því í venju hjá flestum, að skulda í verzlunum, jafnvel þeim mönnum, sem alls eigi þurftu þess með, og fundu kaupmenn ekkert að því, en hitt töldu þeir ósvinnu, að viðskiftamennirnir ætti nokkuð inni í verzluninni. Var það af báðum aðilum talið gott og gilt, þegar skuldin steig eigi hærra en það, að hún nam hér um bil fjórðungi af ársreikningnum. Notuðu kaupmenn þeir, sem í förum voru, óspart skuldaeftirstöðvarnar til þess að jafna reikninga sína og fóru þá eigi æfinlega sem skjallegast með tölurnar. Kom það fyrir á sumum höfnum, að sá sem í búðarbókinni á Íslandi var skuldugur um 10 fiska, var skrifaður fyrir 10 vætta skuld í höfuðreikningnum eða á skuldaskránni.[2]) Samt sem áður bar það sjaldan við, að kaupmenn töpuðu á skuldum sínum, því viðtakendur keyptu þær fullu verði við verzlunarskiftin, sem sannar reyndust, svo þær gengu eins og önnur góðeign bæði að skiftum og erfðum fram til þess er konungur tók við árið 1759. Voru þá skuldaeftirstöðvarnar alls 35,997 rd. 45 skild., og afsagði stjórnin fyrir hönd konungs að greiða meira af þeim, en inn kæmi

1) Smbr. Oktroi 5. maí 1721 (§ 10). Lovsaml. for Isl. II, 16—17. Úr því var þessu ákvæði haldið í öllum verzlunarskilmálum.

2) Smbr. Fyrsta viðbæti til Sveitabóndans eftir Skúla fógeta. (Rit Lærdómslistafél. V, 179–180). Árið 1720 var kvartað yfir því af landfógeta, að skuldir manna væri eigi strikaðar út, þótt þær væri greiddar að fullu. (Bréf Wulffs landfóg. til stiftamtm. 30. ág. 1720. Þjskjs. A 68 I, 6). Sömuleiðis á Húsavík árið 1732. (Bréf Bened. lögm. Þorsteinssonar til stiftamtm. 15. sept. 1732 Þjskjs. A 75 I, 2). Árið 1746 var og kvartað um lognar skuldir í verzluninni á Djúpavogi. (Smbr. Þingsvitni úr Austur-Skaftafellssýslu 10. okt. 1746. Þjskjs. A 71 nr. 3).

í raun og veru frá skuldunautum á Íslandi, því það var augljóst og áþreifanlegt, að sumt af þessum skuldum var frá 17. öld, eða jafnvel frá því að einokunarverzlunin hófst, en hafði verið endurnýjað eftir hentugleikum í hvert sinn er verzlunarskifti urðu. Á þeim 5 árum, sem konungur rak verzlunina í það sinn, heimtust inn að því er talið var 13,762 rd. 3 sk., en þó með því móti, að hjá þeim, sem lifandi voru, og erfingjum hinna, sem látnir voru, var hin forna skuld innrituð í hinn nýja reikning þeirra og látin standa þar óbreytt, en ártalið endurnýjað. Hitt var strikað út (22,235 rd. 42 sk.) og Hörmangarar látnir bera skaðann, en í hugnunar skyni voru þeim gefnir eftir 1000 rd. af hafnaleigunni.[1]) Í eldri tíð hafði bókhald kaupmanna á höfnunum verið mjög svo ófullkomið og athugavert, því öllu var grautað saman í eina bók, svokallaða *klakkabók* eða *klattabók* (Kladde-Bog).[2]) Þegar konungsverzlunin hófst, var reynt að bæta úr þessu og kaupmönnum bannað að hafa slíkar klattabækur, en í þess stað skyldi þeir hafa *búðarbók* (Krambod-Bog) og skrifa í hana viðskifti hvers manns út af fyrir sig með nákvæmri dagsetningu og reikningsliðum, en aftast í bókina áttu þeir að skrifa öll lausakaup. Enn fremur skyldi þeir hafa sérstaka *gildingarbók* (Gyldings-Bog) á fiskihöfnunum og *sauðabók* (Soyde-Bog) á sláturhöfnunum.[3]) Í verzlunarskilmálum Almenna verzlunarfélagsins var kaupmönnum boðið að gefa öllum þeim viðskiftamönnum, er verzluðu fyrir 120 fiska eða meira, sundurliðaða reikninga og sýna þeim bækur sínar, hve nær sem krafist væri.[4]) Komst þá miklu betra skipulag á reikningshaldið og skuldaviðskiftin, og á dögum konungsverzlunarinnar síðari

1) Fyrsti viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 180–181. Smbr. Beskr. af Isl. 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 110–111.

2) Bréf Eggerts ríka á Skarði Jakob Hanssyni tilskrifað 18. ág. 1644 (Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632–1673. Bls. 155. Þjskjs.) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til Rk. 20. okt. 1759. (Bréfab. amtm. XI, 275–278).

3) Smbr. Erindisbréf kaupmanna 26. marz 1759 (§ 9). Þjskjs. A 150 nr. 7.

4) Smbr. Oktroi 15. ág. 1763 (§ 32). Lovsaml. for Isl. III, 483.

var sýslumönnum boðið að grenslast árlega eftir verzlunarskuldum manna, svo að engar flækjur eða óvissa ætti sér stað í þeim efnum, og skuldunautar látnir fá viðskiftabækur.[1]) Jafnframt var nú reynt að stemma sem mest stigu fyrir verzlunarskuldum með því að banna kaupmönnum að lána bændum nema í ítrustu lífsnauðsyn.[2]) —

VI.

Útlenzkur varningur.

Þegar Krisján IV. tók upp þá stefnu, að einoka íslenzku verzlunina, þá var það eigi að eins í því skyni gert, að efla verzlun og siglingar í ríkinu, heldur með fram til þess að ýta undir iðnað og framleiðslu og tryggja þegnum sínum markað á Íslandi fyrir danskar afurðir, og þótti það sjálfsögð nýlendupólitík um þær mundir. Þess vegna leggur konungur svo ríka áherzlu á það í verzlunarlöggjöfinni, að danskar afurðir sé látnar sitja fyrir og að eigi sé verzlað með aðrar útlendar afurðir á Íslandi en þær, sem eigi sé framleiddar í Danmörku og óhjákvæmilegt sé þó að flytja til landsins.[3]) Að eins þegar sérstaklega stóð á, eins og t. d. í ófriðnum mikla við Svía í kring um 1660, voru gerðar undantekningar frá þessu, og kaupmönnum leyft að gera út skip og kaupa vörur hvaðan sem þeir vildu.[4]) Annars voru kaupmenn skyldaðir til að láta allar útlenzkar vörur til íslenzku verzlunarinnar koma fyrst til Kaupmannahafnar og flytja þær þaðan til Íslands,

---

1) Smbr. Tollstjbr. til sýslumanna 25. marz 1775 og 1. marz 1777. Lovsaml. for Isl. IV, 123–125 og 385–386.

2) Smbr. Kaupsetningu 30. mai 1776 (§ 8). Lovsaml. for Isl. IV, 332 og 352.

3) Smbr. Einkaleyfi kaupmanna 20. apr. 1602 (§ 4), 28. apr. 1614, 16. des. 1619 (§ 22) og 31. júlí 1662 (§ 15). Lovsaml. for Isl. I, 141, 175, 197 og 231–282.

4) Smbr. t. d. Kgsbr. 29. jan. 1662. Lovsaml. for Isl. I, 260.

nema þá að sérstök undanþága fengist einhverra hluta vegna. Aftur á móti nutu íslenzku kaupmennirnir þeirra hlunninda, að þessar útlenzku vörubirgðir, sem áttu að fara til Íslands, voru undanþegnar venjulegri tollskyldu í Danmörku, svo að unt væri að selja þær sem ódýrast á Íslandi, og eins af hinu, að verzlunargjaldið eða hafnaleigan var skoðuð sem eins konar tollgreiðsluígildi af íslenzku verzluninni í heild sinni.[1]) Það gat að vísu eigi hjá því farið, að sumir íslenzkir kaupmenn reyndi er fram í sótti að nota sér þessa undanþágu til þess að fremja tollsvik í Danmörku. Þeir fluttu inn útlenzkar vörubirgðir undir því yfiskini, að þær ætti að ganga til íslenzku verzlunarinnar, en skutu síðan svo og svo miklu undan og höfðu það á boðstólum í Danmörku, svo að stjórnin sá sér að lokum eigi annað fært en að taka í strenginn með þetta. Lét konungur það boð út ganga 8. nóv. 1672, að íslenzku kaupmennirnir skyldi greiða toll eins og aðrir af aðfluttum vörubirgðum, en njóta svo aftur endurgreiðslu á tollinum af öllu því, er sannanlega væri flutt til Íslands af þessum útlenzku vörubirgðum.[2]) Þessar ráðstafanir allar héldust síðan óbreyttar meðan einokunarverzlunin stóð, en þó urðu þær vörutegundir æ fleiri, sem framleiddar voru í Danmörku, enda lögðu einvaldskonungarnir hið mesta kapp á, að efla innlendan iðnað, og var það algild venja, að skylda íslenzku kaupmennina til að hafa þessar nýju dönsku vörutegundir á boðstólum á Íslandi, enda þótt frágangurinn væri eigi æfinlega sem beztur.[3]) Þannig var Gyðingum nokkrum, er ráku tóbaksiðnað í Kaupmannahöfn á fyrsta áratugi 18. aldarinnar, falið að birgja íslenzku verzlunina að tóbaki, en illa gazt mönnum á Íslandi að þessu »Júðatóbaki«, er svo var kallað, og þótti

1) Smbr. Einkaleyfi kaupmanna 31. júli 1662 (§ 16). Lovsaml. for Isl. I, 282.
2) M. Ket. III, 243. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 339—340.
3) Smbr. Verzlunarskilmála 13. apr. 1706 (§ 3). Lovsaml. for Isl. I, 630. Upp þaðan var þessu ákvæði haldið í verzlunarskilmálunum, að því viðbættu, að vörurnar skyldi vera óaðfinnanlegar og verðið aðgengilegt. Smbr. t. d. Oktroi 5. mai 1721 (§ 3). Lovsaml. for Isl. II, 11—12.

það varla nýtandi.[1]) Árið 1727 var efnt til klæðagerðar í Danmörku, og var þá íslenzku kaupmönnunum óðar boðið að taka öll klæði sín þaðan.[2]) Þótti Íslendingum það eigi góð skifti og kvörtuðu oft undan klæðavörunni, eigi sízt á dögum Hörmangara, en þeir kváðust enga sök á því eiga, þó að klæðin væri svikin, því að þeir væri skyldaðir til að kaupa þau af verksmiðjunni, hvernig sem þau væri úr garði gerð.[3]) Á dögum Hörmangarafélagsins komst sú venja á, að leita opinberlega eftir framboði á öllum þeim vörutegundum í Kaupmannahöfn, sem útgerðarmennirnir voru eigi beint skyldaðir til að kaupa af ákveðnum framleiðendum, og mun sú venja hafa haldist upp frá því.[4])

Eins og gefur að skilja hafa Íslendingar flestum þjóðum framar verið upp á aðra komnir með aðflutninga á lífsnauðsynjum og öðrum þarfindum, og voru þeir þó miklu betur settir að því leyti fyr á öldum en seinna meir, eftir að skipastóll landsmanna sjálfra gekk til þurðar og kornyrkja, saltvinsla og rauðablástur lagðist af. Þarfirnar voru ærið margbreyttar og misjafnar og má víst yfirleitt segja, að þær hafi aukist til muna öld eftir öld. Skal hér í stuttu máli gerð grein fyrir aðfluttum útlenzkum vörutegundum á dögum einokunarverzlunarinnar, því eigi væri saga hennar nema hálfsögð, ef því væri slept, enda má og nokkuð af því marka lífsháttu og menningarsnið íslenzku þjóðarinnar um þær mundir.

1. *Matvara.* — Nú á dögum er matvara eða kornvara talin mest nauðsynjavara hér á landi af öllum útlenzkum vörutegundum, en fyr á öldum litu menn nokkuð öðrum augum á þetta, enda var lengi vel mjög lítið flutt af

1) Rk. Relatons- og Resolutionsprotokol 1710 Nr. 65 pag. 842, 1711 pag. 397 og 1717 Nr. 74 pag. 531—535. J. Sig. 117, 4to. (Regesta VIII, 65, 69 og 75). Smbr. Bréf Gríms sýslum Magnússonar til stiftamtm. 6. sept. 1721. (Þjskjs. A 88 nr. 1) og Svör sýslumanna við fyrirspurnum stiftamtm. frá 4. maí 1739 (Þjskjs. A 68 II, 3, 8, 10 og 28).

2) Smbr. Kgsbr. 19. maí 1727 og 6. febr. 1728. Lovsaml. for Isl. II, 69 og 81—82.

3) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórn. til stiftamtm. 23. apr. 1746. Þjskjs. A 42.

4) Samþyktir Hörmangarafélagsins 24. febr. 1748 (§ 5). Fylgiskj. 7. Smbr. Samþyktir Alm. verzlunarfél. 8. apr. 1774 (§ 11) Lovsaml. for Isl. IV, 62.

kornvöru til landsins. Eftir að Hamborgarar komu til sögunnar á seinni hluta 15. aldar munu þó aðflutningar á mjöli hafa aukist nokkuð, og varð meira að segja uppþot í Hamborg út af mjölflutningum til Íslands vorið 1483, enda var þá dýrtíð og hallæri þar í borginni.[1]) Á 17. öldinni hafa víst mjölaðflutningar aldrei farið fram úr 5000 tunnum á ári. Þannig voru árið 1630 fluttar 4500 tunnur af mjöli til landsins,[2]) árið 1645 hér um bil 4000 tunnur[3]) og árið 1655 að eins 3816 tunnur.[4]) Eins og gefur að skilja hefur þetta eigi numið miklu á hvert heimili, enda tóku margir heimilisfeður þegar komið var fram á fyrri hluta 18. aldar eigi nema fjórðung tunnu af mjöli árlega í kaupstað, en flestir bjargálnamenn hálfa tunnu eða einn mjölstamp sem kallaður var.[5]) Var mjölið einkum haft í grauta (vatnsgrauta) með mjólk eða súrmjólk út á, en eigi voru þeir þó tíðari en það á fyrri hluta 18. aldar, að efnaðir bændur höfðu þá tvisvar eða þrisvar á viku.[6]) Fátæklingar höfðu auðvitað enn sjaldnar mjölmat og drýgðu þá oft og einatt grautana með fjallagrösum og murukjarna, eða jafnvel með þangi (þanggrautar) við sjóinn, ef hart var í ári. Sumir voru jafnvel á því, að spara mætti alveg mjölaðflutninga til landsins, og gerði Jón biskup Árnason tillögur um það í vígsluför sinni veturinn 1721—1722, en því var heldur illa tekið af flestum.[7]) Upp frá því fóru meira að segja mjölaðflutningar að aukast

---

1) Dipl. Isl. XI, 36. Smbr. Baasch: Islandsfahrt. Bls. 11—12 og 90.

2) Smbr. Fylgiskjs. 4.

3) Smbr. Bréf ísl. verzlunarfél. til Ríkisráðsins dags. 8. febr. 1645. D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.) Eftirrit J. Sig. 374, 4to.

4) Smbr. Fylgiskj. 5.

5) Höfðingjar og ríkismenn tóku þó miklu meira, enda ráku þeir sumir vetrarprang bæði með mjöl og annan varning. Jón Grunnvíkingur segir frá því í æfisögu Odds lögmanns Sigurðssonar, að Magnús í Snóksdal hafi komið eitt vor út í Brokey til Guðmundar ríka Þorleifssonar og talið 22 hálftunnur af mjöli í útibúri hans (J. Sig. 68 fol.) Hefur Guðmundur sjálfsagt okrað á því við landseta sína í hungrinu á vorin, áður en skip komu út.

6) Smbr. bréfab. stiftamtm. V, 130.

7) Smbr. Bréfab. stiftamtm. IV, 25—27, 72—73, 79—81, 132—138 og 421—422; V, 22—33 og 56—69.

talsvert og munu þeir á tímabilinu 1733—1742 hafa numið hér um bil 8000 tunnum á ári.[1]) Á dögum Hörmangara fóru kornvöruaðflutningar mjög í vöxt, af því að þeir höfðu komist að góðum kaupum á mjöli fyrsta árið sem þeir ráku verzlun á Íslandi, og varð það til þess, að landsmenn heimtuðu mun meiri kornvöruaðflutninga upp frá því, enda var þá og stundum hart í ári hér á landi.[2]) Eftir að konungsverzlunin hófst, dró nokkuð úr matvöruaðflutningum fyrsta árið, en síðan voru fluttar um 10 þús. tunnur á ári,[3]) og á dögum Almenna verzlunarfélagsins voru að jafnaði fluttar 11—13000 tunnur árlega af mjöli einu saman, auk talsverðra birgða af skonroki og skipsbrauði,[4]) enda segir Thodal stiftamtmaður í bréfi til stjórnarinnar 1. sept. 1772, að Íslendingar séu meira og meira að venjast á mjölmat.[5]) Á dögum konungsverzlunarinnar síðari jukust enn að mun aðflutningar á matvöru og námu þeir

---

1) Smbr. Fyrsta viðbæti til Sveitabóndans eftir Skúla fógeta: »Eg helld fyrir satt, en hefi þó ecki skilriki í hendi, at sá árlegi kornvöru tilflutningr frá 1732 til 1743 hafi her um bil verit 8000 tnr. og at alldrei hafi hann i fyrirfram undangenginni tid meiri verit, helldr optazt lángtum minni«. (Rit Lærdómslistafél. V, 174). Í þessum 8000 tunnum eru þó víst innifalin bæði grjón og brauðmatur (skonrok og skipsbrauð).

2) Smbr. hér að framan bls. 199 og 205—206. Á árunum 1743--54 voru mjöl-aðflutningar sem hér segir:

1743	8719	tunnur
1744	7704	—
1745	8715	—
1746	9169	—
1747	9083	—
1748	8915	—
1749	9457	—
1750	10451	—
1751	10678	—
1752	11832	—
1753	10696	—
1754	12271	—

Smbr. *Deduction over den isl. Handels Beskaffenhed etc.* Þjskjs. A 151 nr. 5.

3) Lbs. 86 fol.

4) Smbr. Jón Eiriksson: Forsög til Forberedelse til at besvare Det Kongelige Danske Landhuusholdnings-Selskabs Spörgsmaal om den beste Handel-Indretning for Island. Kbh. 1783. Bls. 32. I. Tavle.

5) Bréfab. stiftamtm. XIV, 332.

árið 1785 hér um bil 32000 tunnum, enda var þá og mjög lítið um íslenzkar afurðir vegna Móðuharðindanna.[1])

Fyr á öldum var lítið sem ekkert flutt af ómöluðu korni til landsins, heldur nær eingöngu mjöl, og var oftast svo að orði komist í kaupsetningunum, að það skyldi vera gott *rúgmjöl*. Þegar gerðar voru breytingar á kaupsetningunni árið 1702 að undirlagi Gottrúps lögmanns, láðist að taka það fram í hinni nýju kaupsetningu, að mjölið ætti að vera gott rúgmjöl, og voru þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín óánægðir með það og héldu því fram, að kaupmenn mundu eigi verða lengi að nota sér þetta til þess að smeygja inn öðrum lakari mjöltegundum, eða blanda rúgmjölið að minsta kosti, og reyndust þeir sannspáir um það. Árið 1718 og 1719 sendu kaupmenn út hingað mjöl, sem var malað af rúgi, byggi og baunum. Þótti það að sönnu vel ætilegt, en eigi mátti það heita ósvikin vara. Annars voru landsmenn svo misjöfnu vanir í þeim efnum, að engum kom til hugar að taka til þess eða fást um það, þótt mjölið væri dálítið ornað eða feyrukent, en hitt þótti lakara, ef mikið var í því af hrati og myglu.[2]) Slíkir misbrestir höfðu á verið frá öndverðum dögum einokunarverzlunarinnar og þóttu jafnan við brenna annað veifið. Árið 1608 var þegar orð á því gert, að einokunarkaupmenn flytti gamalt og skemt Hamborgarmjöl til landsins, og varð konungur mjög æfur út af því.[3]) Í kæru Ísfirðinga frá 1615 og dómi Ara Magnússonar í Ögri frá sama ári er mikið talað um »formeingað« mjöl,[4]) og þá er lýsingin á mjölinu heldur ófögur í kæruskjali Þórðar sýslumanns Henrikssonar frá 1647. Kemst hann svo að orði um þetta: »Í öðru lagi afskiljum vér, að kaupmenn gras eða frugg se[lji] saman tínt, svo og kalk eða tré-

1) Smbr. hér að framan bls. 257—258.
2) Smbr. Bréf landfógeta til stiftamtm. 26. júlí 1723. Bréfab. stiftamtm. V, 130—131. (Þjskjs.)
3) Smbr. Kgsbr. 25. apr. 1608. Kanc. Brevb. 1603—1608. Bls. 673.
4) Smbr. hér að framan bls. 360 og eftf.

botna fleiri en tvo í hverri mjöltunnu, sem þó eiga að fullgera sína vigt, 20 fjórðunga. — Afskiljum vér að betala maur, sem kaupmenn flytja oss inn í mjölinu, hvort mjöl er svo laust, að maurinn skríður út um þeirra tunnur og étur það lítið, sem ætt er í mjölinu, og viljum ekki, að kaupmenn drýgi þar með vigtina á mjölinu, því að vér höfum nógan maur hjá oss á Íslandi, bæði í sviljum og hr[og]num, með ámóta skikkun, smekk og vexti, sem sá maur er, sem kaupmenn selja oss með mjölinu. — Afskiljum vér mölur, mygla og þeir stóru bröndungsmaðkar séu samanmeingaðir með því mjöli, þeir oss selja oss til vanheilsu, séu votir kekkir í mjölinu, eftir því að danskir kaupmenn vilja ekki þar fyrir nægjast með vora íslenzka fiskmaðka (sem von er), heldur með góðan kláran, þurran og útlesinn fisk fyrir þeirra mjöl, eður aðra gagnlega landsins vöru. — Í fimta máta afskiljum vér gamlar síldar- eða salt-tunnur, sem sveitast pekli, eða þær aðrar, sem vega hálfvætt eða þrjá fjórðunga og þar að auki skemma mjölið, svo það verður utan með stöfunum sem annað klý eða myglað draf, sem hentara er utanlands að gefa svínum, en selja með svo fullu verði, sem gott, hreint rúgmjöl á hér af oss að kaupast. — Í sjötta máta afsegjum vér það mjöl, sem er ramt og beizkt, í brauði eða mat og hefur langar hafurskálir í sér, og þvílíkt korngras, því vér meinum það ekki vera rúgmjöl og viljum ekki það mjöl kaupa fyrir 80 fiska tunnuna í einkaupi.«[1]) Auðvitað er sleginn varnagli við þessu í kaupsetningunum og tekið fram, að mjölið skuli vera í góðum umbúðum og tunnurnar þurrar og þéttar, svo að eigi sé hætt við skemdum, en það kom fyrir ekki.[2]) Eins og gefur að skilja var rúgur ein af þeim vörutegundum, sem kaupmenn voru skuldbundnir til að taka í Danmörku, nema

1) Andvari 37. ár. Bls. 124—125. Smbr. Kæru Þórðar hina dönsku frá sama ári (Á. M. 381 fol.).

2) Smbr. Taxten confereret med Handelen (1745). Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 2. apr. 1746 (Þjskjs. A 116).

þegar svo bar undir, að uppskera brást þar í landi, því þá fengu þeir að jafnaði leyfi til að flytja inn erlendan rúg eða mjöl, einkum frá Dantzig eða Rússlandi, með tilslökun á hálfri eða allri tollgreiðslunni.[1]) Þegar fram liðu stundir var því ákvæði skotið inn í verzlunarskilmálana, að kaupmenn mætti fá mjölbirgðir sínar frá öðrum löndum þegar rúgtunnan kostaði 15 eða 16 mörk í Danmörku, og skyldi þeir engan toll greiða af þeim mjölbirgðum.[2]) Beztur þótti rúgurinn eða rúgmjölið frá Dantzig (Dansvíkur-mjöl), því það var æfinlega þurt og hreint. Aftur á móti þótti danskur rúgur miklu lakari, enda var hann og að öllum jafnaði malaður nýr frá uppskerunni, svo mjölinu hætti við ornun þegar það lá í kös eða tunnum.[3]) Því var það, að þótt mjölið væri óspjallað þegar það var látið í tunnurnar, hitnaði oft í því á leiðinni eða það rann saman í kekki, ef væta komst að því, og kviknaði þá stundum maðkur í tunnunum. Þrátt fyrir það var þó reynt að svæla því út á höfnunum við fullu verði, eins og dæmin sanna frá dögum Almenna verzlunarfélagsins.

Af öðrum korntegundum er að eins getið um *bygggrjón* eða *byggmjöl, hafragrjón* og *bóghveiti,* en mjög var það flutt af skornum skamti lengi fram eftir. Þannig voru árið 1707 eigi fluttar nema 5 tunnur af grjónum til Hafnarfjarðar á móts við 450 tunnur af rúgmjöli. Þó var enn þá minna flutt af *baunum,* ekki nema einar 2 tunnur, og hefur það víst farið að Bessastöðum.[4]) Á dögum Hörmangarafélagsins og konungsverzlunarinnar fyrri jukust talsvert aðflutningar á grjónum, svo að þá voru eftir miðja

1) Smbr. J. Sig. 117, 4to (Regesta VIII, 27, 29, 31 og 41). Lovsaml. for Isl. I, 528, 544 og 738.

2) Smbr. Oktroi 5. mai 1721 (§ 3). Lovsaml. for Isl. II, 12.

3) Bréfab. stiftamtm. II, 341—342. (Þjskjs.) Smbr. Edv. Holm: Danm.-Norges indre Hist. 1660—1720 II, 274: »Medens det danske Byg havde et godt Navn, var uheldigvis den Rug, man höstede, en temmelig ringe Handelsvare, der kun havde liden Afsætning udenfor Statens Omraade, egentlig kun til at brænde Brændevin af.«

4) Lbs. 91 fol.

öldina fluttar að jafnaði 2—300 tunnur,[1]) og eins var þá flutt nokkuð meira af baunum en áður hafði tíðkast, enda var það hvorttveggja fyrirskipað á biskupsstólunum í matarskrá skólapilta.[2]) Aftur á móti var jafnan flutt talsvert af útlenzkum *brauðtegundum*, sem kaupmenn oftast létu baka sjálfir í Kaupmannahöfn, en fengu þó stundum að frá Dantzig þegar sérstaklega stóð á. Voru það einkum *krydd*[3])*tvíbökur*,[3]) sem þó voru eigi fluttar nema annað veifið, *skonrok* (úr sigtuðu rúgmjöli?)[4]) og *skipsbrauð*.[5]) Síðasta tegundin var algengust og ódýrust. Af þessum brauðtegundum fluttist þó lengi vel eigi meira en svo, að margur maðurinn hafði sjaldan eða aldrei smakkað brauð, þegar komið var fram á miðja 18. öld.[6]) Á dögum Hörmangarafélagsins og konungsverzlunarinnar jukust aðflutningar á skonroki og skipsbrauði að miklum mun, og fór það upp frá því að verða nokkuð algengara, þangað til Íslendingar vöndust sjálfir á að baka brauð og kökur. Vöruskrár frá 17. og 18. öldinni bera það einnig með sér, að þá var og flutt lítið eitt af *sælgætisbrauði* (Nürnbergerkager, Peberkager, Taffelkager) til landsins, að minsta kosti annað veifið,[7]) en eigi var það tekið upp í kaupsetningarnar fyr en seint á 18. öld, enda hefur það sjálfsagt verið talinn óhófsvarningur um þær mundir.

2. *Viður.* — Næst matvörunni þótti trjávaran einna nauðsynlegust af öllum útlenzkum vörutegundum, og af

---

1) Smbr. Þjskjs. A 151 nr. 5 og Lbs. 86 fol.

2) Smbr. Reglug. 10. júní 1746. Lovsaml. for Isl. II, 637.

3) Hveitibrauð? í kaupsetningu Ara Magnússonar frá 1615. Smbr. hér að framan bls. 366. Tvíbökur eru taldar með aðfluttum varningi á dögum þýzku verzlunarinnar, en þess er þó jafnframt getið, að eigi hafi aðrir en heldri menn keypt þær, hinir hafi etið harðfisk í staðinn fyrir brauð (»panis bis coctus, quo importato non nisi lautiores utuntur: caeteri enim pisce siccato panis loco vescuntur«). Baasch: Islandsfahrt. Bls. 91.

4) »Miðlungsbrauð« kallað í bréfi Páls Vídalíns til stiftamtm. 31. júlí 1720 (Þjskj. A. 68 III, 1).

5) Svartabrauð? í kaupsetningu Ara Magnússonar frá 1615. Smbr. hér að framan bls. 366.

6) Smbr. Deduction over den isl. Handels Beskaffenhed etc. Þjskjs. A 151 nr. 5.

7) Smbr. t. d. Fylgiskjal 5.

sumum mönnum var jafnvel lögð ríkari áherzla á timburaðflutninga, en á kornvöruaðflutninga, því án þess var engin leið að koma sér upp híbýlum eða skipum, en hins vegar var engin hætta á því, að Íslendingar yrði hungurmorða, þó að kornvörunnar misti við.[1]) Eftir stærðinni og gerðinni var timbrið greint í tvo aðalflokka, *trjávið* og *borðvið* eða *fjalvið*. Um þær mundir fluttust varla stærri tré en 11—12 álna, og þau einkum á þær hafnir, er samgöngur voru auðveldastar frá upp um sveitirnar. Algengust voru 6—8 álna tré, bæði vegna flutningshægðarinnar og svo vegna þess, að þau voru við hæfi til flestrar notkunar. Lengstu trén voru höfð til kirkjubygginga, en vissara þótti jafnan að gera kaupmönnum viðvart fyrir fram, og dróst þó oft úr hömlu að senda timbrið, enda var kaupmönnum ekki eins illa við neina vörutegund sakir fyrirferðar í skipunum og tiltölulega lítils ágóða. Bar það þráfaldlega við, að kirkjusmíðar töfðust árum saman vegna timburskorts, og oft voru menn í hraki með húsavið.[2]) Í 11 ár samfleytt hafði Páll Vídalín lögmaður að eins getað sargað út 2 tylftir af borðum til kirkjusmíðar í Víðidalstungu og varð hann að lokum að sækja rekavið norður á Strandir með ærnum kostnaði til þess að ljúka við smíðina.[3]) Að jafnaði lögðu menn þó enn þá meiri áherzlu á skipaviðinn, því sjávarútvegurinn var aðal-lífsbjörg fjölda

---

1) Smbr. Bréf Brynjólfs biskups 8. sept. 1659 til Hans Bladts kaupm. í Hvalfirði: »Vér fátækir Íslands innbyggjarar finnum til þessa styrjaldar tíma með margs konar þörfum vorra nauðsynja, sem ómögulegt er lengi að umbera, skuli þetta land byggjast, einkum og sérdeilis duganlegt *járn* og *færi*, *eiki-* og *greniviðir* og það annað fleira, sem þér vitið mest um nauðsynjar, því hér er svo varið, að húsin falla niður yfir fólk fyrir skort á byggingartimbri. Því bið eg yður, ef Herrann okkur sparir, fram yfir venjulega nauðsyn þeirrar vöru, sem þér vitið að þetta land má ekki án vera, að ætla mér til kaups að vori, ef Herrann oss líður, góðan og gagnlegan grenivið, tré og borð, til tíutigi vætta eða hundrað vætta af góðum viði og borðum, ekki mjög stóru, heldur skamtlegu, svo hvert tré megi draga öðrumegin á hest, og sé jöfn til beggja enda, og borðin þykk og viðgóð, nægir hvort um sig tólf álna og þaðan af minna.« (Lbs. 1081, 4to. Bls. 381—382.)

2) Árið 1607 hefur þegar verið kvartað um húsaviðarskort. Smbr. Kgsbr. 24. apr. 1608. Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 672--673 (M. Ket. II, 245--246).

3) Smbr. Bréf Páls lögm. til stiftamtm. 31. júlí 1720. Þjskjs. A 68 III, 1.

manna. Kjaltré, stefni og hástokkar í skipum voru þá jafnan úr eikivið og súð og innviðir að öllum jafnaði líka fram á seinni hluta 18. aldar, að minsta kosti sunnan lands og á Snæfellsnesi. Á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum voru skipin að jafnaði smíðuð úr rekavið eða norskum grenivið og þóttu þau jafn endingargóð eins og eikiviðarfleyturnar sunnan lands og miklu léttari. Á seinni hluta 18. aldar hækkaði eikiviður mjög í verði og fóru menn þá í Gullbringusýslu að nota grenivið til skipasmíða, en heldur þóttu fleyturnar endingarlitlar, nema því að eins að þær væri smurðar vandlega með lýsi þegar í öndverðu, og síðan árlega upp frá því. Þóttu þær þá jafnast á við eikarskip, en þau áttu að geta enzt í 30 ár, ef þeim var vel við haldið og eigi brúkuð nema á vertíðinni.[1]) Af borðvið eða fjalvið eru í kaupsetningunum talin bæði *greniborð* (Deeler, Deller) og *eikiborð* (Vogenskud). Komu greniborðin einkum frá Danmörku, eða réttara sagt frá Noregi, en eikiborðin frá Hollandi eða Þýzkalandi; voru það oft plankar, sem landsmenn flettu sjálfir til smíðanna. Þá var og flutt talsvert af *spirum* (Lægter), sem einkum voru frá Svíþjóð, og gjörðum eða *svigum* (Baand), sem voru að jafnaði 8 eða 10 saman í kippu (svigakerfi). Heldur þótti timbrinu hraka þegar fram í sótti og hafði þó oft verið fundið að því áður. Í kæruskjali Þórðar Henrikssonar frá 1647 er minst á þetta eins og fleira og farast honum þannig orð: »Í ellefta máta afsegjum vér þau greniborð, sem Andrés Marteinsson hefur selt í sumar upp á 10 fiska, því mörg af þeim eru ei hálf alin á breidd, fimm eður hálf sjötta alin á lengd, og þar að auki rifin, annaðhvort í miðjunni eða til endanna, svo þau eru hvorki hæf í hús eða til þeirra búshluta, sem gildum borðum ber að þéna.«[2]) Á dögum Hörmangarafélagsins var oft kvartað um slæman við í kaupstöðum og lætur

1) Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 10 fol. Bls. 68--69, 72.

2) Andvari 37. ár bls. 127.

Bjarni sýslumaður Nikulásson mjög illa yfir því í lýsingu sinni á Skaftafellssýslu frá 1744. Kemst hann svo að orði um þetta: »Auk þess eru þau mörg hver eikiborð, sem nú eru afhent þar í kaupstaðnum (Eyrarbakka), rifin, skemd og kvistótt, endast svo ei fiskibátarnir lengur en 7, 8, 9 eður 10 ár með þessum slæma borðvið, þó með allra mesta árlegum uppákostnaði þann tíma, þar þau verður að lappa strax með 10 og nær 20 löppum, en áður í vorri tíð hafa svo góð eikiborð inn komið, að fiskibátarnir hafa vel enzt 18, 19, 20 ár og jafnvel lengur með lítilli aðgerð, en standa þó áðurtéð rifnu eikiborð við Taxtann.«[1]) Tíu árum seinna var kvartað um að timbrið væri bæði styttra og mjórra, en ráð væri fyrir gert í kaupsetningunni, og þar á ofan grátt að utan af fúa.[2]) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins var og kvartað um, að timbrið væri oft og einatt bæði blautt og fúið.[3]) — Af trésmíði var ekkert flutt svo getið sé þegar kaupsetningin var gefin út árið 1619, en seinna meir fluttust bæði *skrín* og *kistur*. Hefur það sjálfsagt af mörgum verið talinn óþarfur varningur, enda fremur dýr (40—90 fiska) og miklu óvandaðra en innlent smíði, sem oftast var með útskurði um þær mundir, í stað þess að útlenzku skrínin voru að öllum jafnaði *flatt smíði*, sem kallað var (þ. e. að eins hefluð og máluð).

3. *Járn og málmar.* — *Áhöld.* — Eins og kunnugt er tíðkaðist *rauðablástur* hér á landi í fornöld á sumum stöðum, og enn er getið um *rauðasmiðju* hér á landi um miðja 15. öld.[4]) Samt sem áður munu Íslendingar jafnan hafa fengið járn aðflutt til smíða, og í það mund, er einokunarverzlunin hófst, var það talinn mesti nauðsynjavarningur og rík áherzla lögð á, að nægilega mikið væri af því flutt. Járn það, sem fluttist hingað um þær mundir,

---

1) Þjskjs. A 70 I, 1.
2) Smbr. Anonymi Betænkninger over den isl. Handel. Þjskjs. A 31 nr. 4.
3) Skjöl Landsnefnd. Litt. UU nr. 1. Þjskjs. A 35 nr. 5.
4) Smbr. Dipl. Isl. IV, 689.

var tvenns konar, *ásmundajárn*[1]) eða *blásturjárn* og *fellujárn*. Blásturjárn var það kallað, er fyrst rann saman í kökk eða hellu úr afli rauðasmiðjunnar. Var það býsna sorakent og mjög hrjóstrugt og hrufótt að utan, en reyndist oft vel til bits. Þessir járnkekkir voru mjög mismunandi að stærð og lögun, sumir hnöttóttir, sumir aflangir, en flötur á þeim flestum, og voru þeir kallaðir *ásmundar*. Fáir voru minna en ljásefni og fæstir stærri en tvö.[2]) Ásmundajárn var þá óhreinsað járn eins og það kom úr fyrstu bræðslunni, en fellujárnið var tvíbrætt og rekið. Það var flutt í stöngum mismunandi stórum,[3]) sem oft voru bútaðar sundur í smástykki eða »járnmilti,« sem almenningur kallaði. Fellujárn og stangajárn var því eitt og hið sama.[4]) Bæði ásmundajárnið og fellujárnið var flutt til landsins í tunnum (járnfat), og var það áskilið í gömlum íslenzkum kaupsetningum, að 480 ásmundar eða járnbútar væri í hverju fati.[5]) Að líkindum má þó gera ráð fyrir, að fæstir hafi keypt heil járnföt, enda var það selt í fjórðungatali eftir kaupsetningunni 1619 og úr því. Oft var fundið að járninu, eigi síður en að öðrum vörutegundum, og kvartað um »kaldór« og »rauðbrot« í því. Þótti hvorttveggja slæmt, en rauðbrotið þó verra, því það kom eigi fram fyr en farið var að smíða úr járninu, og var þá eigi hægt að skila því aftur.[6]) Þórður Henriksson lét illa yfir því sem öðru í kæruskjali sínu frá 1647, og

1) Í bréfi Íslandsfara til borgarstjóra og ráðs í Hamborg og þeirra aftur til Danakonungs, dags. 28. og 29. okt. 1601, segir, að konungur hafi leyft Hamborgurum sigling til Íslands »weil die Einwohner in Island an allerhand Wahren von Eisernwerk, *Ossemundt*, Kessel, Theer und was sonst zur Unterhaltung dieses Lebens an Kleidung und andere Leibs Notturfft gehörig, kundbaren Mangel gehabt«. D. Kanc. Isl. & Færð. Supplem. 2 nr. 19 (Rskjs.) Smbr. Baasch: Islandsfahrt. Bls. 94 nm.

2) Páll Vídalín: Skýringar yfir fornyrði lögbókar. Rv. 1854. Bls. 97.

3) Í kaupsetn. 1684 er það kallað »stangajárn«.

4 Páll Vídalín: Skýringar yfir fornyrði lögbókar. Rv. 1854. Bls. 161.

5) Smbr. Kaupsetningu í Vestmannaeyjum frá c. 1420 (Dipl. Isl. IV, 276) og kaupsetningu Magnúsar prúða frá seinni hluta 16. aldar (J. Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Kmh. 1895. Bls. 86).

6) Bréf Sigurðar sýslum. Stefánssonar til stiftamtm. 22. ág. 1740. Þjskjs. A 70 II, 21. Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. CC og UU nr. 1. Þjskjs. A 35 nr. 4 og 6.

lýsti því með svofeldum orðum: »In primis afskiljum vér kaldór, hvort sem hann er í reksaum, hnoðsaum, skeifum eður öðru járni, oss er fært, því reksaumur eða hnoðsaumur hrökkur strax í skipum vorum, hversu lítið sem hann svignar eða þvingast. Í sama máta hestajárn úr kaldór, upp á 5 fiska seld, hrökkva strax undan hestunum, svo það reiknast eins sem vér hefðum glatað þeim 5 fiskum, en ekkert í staðinn fengið.«[1]) Af ósmíðuðu járni fluttust árlega á 17. öldinni 180—200 sk℔,[2]) en á fyrri hluta 18. aldar 250—270 sk℔, og getur það eigi kallast mikið, enda var þá og flutt býsna mikið af ýmsum áhöldum og smíðisgripum úr járni, sem Íslendingar fóru seinna að smíða sjálfir, svo sem *skeifur* o. fl. Voru hestajárn þegar flutt hingað til lands á 15. öldinni[3]) og árið 1630 voru fluttir af þeim 5000 gangar.[4]) Ósmíðað járn var einkum haft í ljái og þótti sænskt járn miklu betra en það norska, sem kaupmönnum var boðið að flytja þegar dró fram á 18. öldina.[5]) Þótti norska járnið of deigt í ljái, svo kaupmenn tóku upp á því að flytja saxneskt stál til að sjóða saman við það, og bætti það mikið úr skák.[6]) — Af áhöldum og öðrum munum úr járni voru þá fluttir *steðjar* (með 3 hömrum og 3 töngum), *skógaraxir* (bolaxir), *smíðunaraxir* (skaraxir), *pálrekur*, *hnífar*, *skæri*, *þjalir*, *lásar* og *saumur* (fjaðrir, hnoðsaumur og reksaumur). Í elztu kaupsetningunni (1619) eru auk þess taldir *korðahnífar*[7]) (Thesakk) og *kesjur* eða *atgeirar* (Hellebarð). Þá var sem sé tiltölulega skamt um liðið síðan Magnús prúði dæmdi vopnadóm sinn og enn skemra síðan víg Spánverja í Æðey. Gengu þá flestir skattbændur vestra með »þrískúfaða« atgeira að því er Jón Indíafari

1) Andvari 37. ár. Bls. 124.
2) Smbr. Fylgiskjs. 4 og 5.
3) Smbr. Kaupsetningu í Vestmannaeyjum frá c. 1420. Dipl. Isl. IV, 277.
4) Smbr. Fylgiskjs. 4.
5) Bréf verzlunarfélagsstjórnarinnar til stiftamtm. 14. febr. 1739. Þjskjs. A 42.
6) Beskriv. af Island 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 45.
7) Smbr. isl. þýðingu á kaupsetningunni (Lbs. 72, 4to bls. 152—157 og 228—234).

segir.[1]) Það stóð þó eigi lengi og hafa þeir víst eigi fluzt til muna eftir að kaupsetningin var út gefin, því aldrei eru vopn talin með aðfluttum vörum í verzlunarskýrslunum.

Af öðrum málmum er sérstaklega getið um *eir*, *látún* (plat Messing, draglátún)[2]) og *tvíbrœtt tin*, en einkum voru þó flutt áhöld og búsgögn ýms úr þessum málmum, svo sem *katlar*, *föt* og *handlaugar* úr eir og látúni og alls konar ílát úr tini (gjort Tin, manggods Tin) og voru þau seld eftir þyngd og rúmmáli. Leir- eða glervarningur fluttist enginn fyr en komið var fram á 18. öld, en aftur á móti höfðu menn *flöskur* úr tini, er kallaðar voru *tintur*,[3]) og voru þær með »lás« (flöskulás). Langalgengust og útgengilegust áhöld úr málmi voru *eirkatlarnir*, sem alstaðar voru notaðir til suðu og heitunar hér á landi á fyrri öldum, og voru þeir mjög misjafnir að stærð, tóku sumir alt að þrem skjólum eða meira[4].) Þessir eirkatlar máttu að sönnu eigi lengi við bruna og hætti við að brákast og dalast, en höfðu það svo aftur á móti til síns ágætis, að fremur auðvelt var að bæta þá og rétta úr beiglunum, og eins var hægt að selja þá sem brotagóz, þegar þeir voru orðnir gamlir og slitnir, eða láta bræða þá upp aftur.[5]) Katlar þessir voru dýrir, svo almenningur mun hafa átt erfitt með að kaupa þá, enda komst sú venja á, að ríkismenn lögðu landsetum sínum eldsgögn með ábýlunum, eða leigðu þau öðrum út í frá, og tóku þá 5 fiska í

---

1) Ævisaga Kmh. 1908—1909. Bls. 11.

2) Smbr. Þingsvitni úr Austur-Skaftafellssýslu 1746 um verzlun á Djúpavogi. Þjskjs. A 47 nr. 3.

3) Smbr. þó Kvæði Stefáns Ólafssonar I, 352 nm., þar sem sagt er að orðið »tint« eða »tinta« muni öllu heldur þýða *tinstaup* eða *tinkönnu*.

4) Hvert skjólurúm var talið 30 merkur, að minsta kosti í Austfjörðum. Smbr. Bréfab. Brynjólfs biskups. Lbs. 1090 4to, bls. 488—491.

5) Smbr. Bréf Brynjólfs biskups 19. júli 1669 til Andrésar Regelssonar kaupmanns: »... Mér gleymdist næst að minnast á *katlakoparinn gamla*, er með yður var útfluttur í fyrra og *átti að umgjörast í nýja katla*.« Lbs. 1088, 4to bls. 64—66. Árið 1624 voru flutt út 391 pd. af gömlum kopar (Fylgiskj. 3) og voru seinna gefnir 5 fiskar fyrir pundið. Smbr. Kaupsetn. 6. maí 1684 (Lovsaml. for Isl. I, 423).

leigu fyrir hvert fjórðungsrúm í kötlunum. Áttu sumir auðmenn á fyrri öldum mjög mikið af þessum eirkötlum. Þannig er sagt, að Eggert ríki á Skarði (d. 1681) hafi gefið hverri af dætrum sínum 18 vættir í kötlum til giftingar, enda á Helga dóttir hans, kona Guðmundar ríka í Brokey, að hafa átt hundrað eirkatla, en Guðmundur bóndi hennar 40, alla með »göflum«, svo eitthvað hafa þeir verið frábrugðnir kötlum nú á dögum. Eftir giftinguna áttu þau Guðmundur ketil á hverjum bæ í sveitinni og tóku leigu eftir hvern sem kúgildi.[1]) Þegar kom fram yfir miðja 17. öld fóru hollenskir járnpottar að flytjast hingað til lands. Voru þeir kallaðir *braspottar* af því að þeir voru úr steyptu járni. Braspottarnir voru miklu ódýrari en katlarnir, en þóttu eigi nálægt því eins eigulegir, enda hafði Brynjólfur biskup litlar mætur á þeim, því svo skrifar hann umboðsmanni sínum í Þingeyjarþingi 10. marz 1675 þar að lútandi: »... Þó þér skrifið þá (þ. e. braspottana) langvarandi, þá er það satt, að þeir mega lengi við bruna, en engan veginn fyrir broti og eru þá þegar aldeilis ónýtir, bæði pottarnir og materian, og stendur aldrei til bóta«.[2]) Þrem dögum síðar skrifar hann umboðsmanni sinum í Múlaþingi á þessa leið: »Katlana tek eg sem í kaupstað kosta, dalina vil eg taka hvern á 10 fjórðunga fiska, en *járnbraspotta* girnist eg ekki, nema þér viljið þá taka; en af er það, að eg taki þá mjög dýrt vegna brothættu, viljandi þá síst fyrir mig kjósa«.[3]) Samt sem áður ruddu þessir braspottar sér meir og meir til rúms þegar fram í sótti og komu að lokum alveg í stað katlanna, enda voru þeir miklu ódýrari, því pundið í kötlunum kostaði 14—18 fiska, en í pottunum að eins 2—3 fiska.

4. *Veiðarfæri.* — *Salt, tjara og steinkol.* — Veiðarfæri voru af svipuðu tægi fyr á öldum eins og nú tíðkast eða tíðkast hafa til skamms tíma á opnum bátum, svo sem

1) Sýsl. II, 114. Smbr. Lbs. 589, 4to. Bls. 191—192.
2) Lbs. 1090, 4to bls. 639—640.
3) Lbs. 1090, 4to bls. 657—658.

lóðir, haldfæri og hákarlsvaðir. *Lóðarsnœrin* eða *lóðarstrengirnir* voru æfinlega fertugir að lengd eftir kaupsetningunum að dæma, og fylgdu þeim að jafnaði hundrað (120) *taumar* og hundrað (120) *önglar* tilheyrandi. Annars voru lóðir mjög lítið tíðkaðar fyr á öldum, nema að eins í Gullbringusýslu og svo í kring um Jökul og á Vestfjörðum. Á Eyrarbakka, í Vestmannaeyjum og svo fyrir norðan land og austan tíðkuðust nær eingöngu *haldfæri*, og voru þau oftast fertug, fimtug eða sextug að lengd. *Hákarlsvaðir* eða *hákarlsfœrir strengir* voru ýmist bikaðir eða óbikaðir. Hákarlsveiðar voru þá mest stundaðar á Ströndum og svo fyrir norðan land og við Ísafjarðardjúp. *Nótgarn* eða *netagarn* var þá einnig flutt og gerðar af því selanætur, en þorskanet fóru eigi að tíðkast fyr en á seinni hluta 18. aldar og þá að eins í Gullbringusýslu. *Seglgarns* er fyrst getið sérstaklega í kaupsetningunni 1684. *Hampur* fluttist eigi fyr en um miðja 17. öld og jafnan mjög af skornum skamti, enda notuðust menn oft á fyrri öldum við ull og tog eða hrosshár í aktauma og stjórntauma á bátum o. fl. þess háttar.[1]) Mjög oft var kvartað yfir veiðarunum, að þau væri ýmist of stutt eða þá fúin og ónýt og sumar tegundir þeirra oft og einatt ófáanlegar. Laust eftir 1630 var látið mjög illa af þessu sem öðru í kæruskjölum landsmanna. Þannig segir í kæruskjali Hornfirðinga frá 12. júní 1632: »Item strengirnir ekki alleinasta styttri en vera eiga og dýrara uppsettir í verðinu en skikkað er, heldur reynast þeir flestir spiltir og óduganlegir«.[2]) Árið 1656 kvörtuðu lögréttumenn úr Gullbringusýslu um það á alþingi, að færi þau, sem þeir fengi hjá kaupmönnum, væri eigi svo »duganleg«, sem vera bæri, »því þar sem eitt duganlegt mætti nægjast eftir því sem fyr meir hefur verið, hrökkur nú ei þar í móti tvö eður þrjú«.[3]) Árið

1) Smbr. Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu eftir Skúla fóg. J. Sig. 10 fol. Bls. 70.
2) Alþingis- og lögmannsbók Árna lögm. Oddssonar 1631—1641. Fol. 26—27 (Þjskjs.).
3) Alþb. 1656 nr. 24.

1720 var því haldið fram, að kaupmenn sviki færin með því að láta snúa saman hamp og rudda, en við það græddu þeir 1½—2 skild. á hverju færi.[1]) Við vöruskoðun í Kaupmannahöfn vorið 1769 kom það upp úr dúrnum, að færi þau, sem flytja átti til Íslands þá um sumarið, voru bæði illa snúin og 1—2 föðmum styttri, en lög gerðu ráð fyrir,[2]) og Skúli fógeti heldur því fram, að dönsk færi sé það lakari en erlend færi, að tvö þeirra endist ekki á við eitt hollenzkt.[3])

Salt og *tjara* var lengi vel flutt af skornum skamti og var þó hvorttveggja hin mesta nauðsynjavara, einkum tjaran til að bræða skipin með. Saltfiskur var lítið sem ekkert verkaður á Íslandi fyr en komið var langt fram á 18. öld, að minsta kosti af landsmönnum sjálfum, og gekk því saltið mest til kjötverkunar á sláturhöfnunum. Mjög lítið fór þá af salti til heimilisnotkunar á Íslandi, því fiskur var allur hertur og kjötið reykt til vetrarforða, nema að eins á biskupsstólunum og fjölmennustu heimilum. Af salti voru þá fluttar þrjár tegundir til landsins, spánskt, franskt og Lyneborgarsalt; var algengasta tegundin kölluð *grásalt* á Íslandi og mun það hafa verið frá Spáni. Árið 1773 var tekið að vinna salt úr sjó á Reykjanesi við Ísafjörð og haldið áfram í nokkur ár. Var tunnan seld á 2 rd. og þótti salt það eigi ver gefast en sumt af hinu útlenzka. Var jafnvel ráð fyrir gert, að taka einnig upp saltvinslu á Reykhólum og nota til þess hverina, eins og gert hafði verið á hinum staðnum, en það mun aldrei hafa komist í framkvæmd. Að nokkrum árum liðnum var öllum saltvinslutilraunum hætt hér á landi og fór um það sem

1) Smbr. Bréf Wulffs landfógeta til stiftamtm. 30. ág. 1720: »De Liner, som til Landet kommer udi nogle Aar, har icke været af de bedste, saa de moxen dermed 10 Gange fisket förend de har været i Stycker. Aarsagen er, at de goede Herrer Kiöbmænd kand mesnagere 1½ à 2 Sk. paa Stycket af Rebslagerne, saa tager hand Blaar og Hamp sammen, som umueligt holde kand mod reen Hamp, thi de heraf hidföres holder Værtiden ud. Saadanne Liner er heel skadelige for Landet.« Þjskjs. A. 68 I, 6.

2) Smbr. Bkbr. til amtm. 24. mai 1769 með fylgiskjali. Þjskjs. A 120.

3) Smbr. Beskriv. af Isl. 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 45.

annað fleira þarflegt og nauðsynlegt, er fitjað var upp á um þær mundir.[1]) — Af *steinkolum* var að jafnaði mjög lítið flutt til Íslands, að eins 7—8 lestir (126—144 tunnur) árlega þegar bezt lét, og voru þau nær eingöngu notuð til smíða, enda oft kölluð *smiðunarkol*. Það var með fram af því, að svo lítið fluttist af kolum til smíða, að Íslendingar urðu að kaupa alls konar erlent járnkram, svo sem skeifur, saum, öngla o. m. fl., sem þeir annars hefði getað smíðað sjálfir.[2]) Mun það hafa verið af ásettu ráði gert, að flytja eigi meira en þetta, svo að landsmenn héldi áfram í lengstu lög að kaupa smíðað járn.

5. *Vefnaðarvara og fatnaður.* — Þó að vaðmálagerð tíðkaðist hér á landi frá alda öðli og menn notuðu það að öllum jafnaði til hversdagsfatnaðar, þá fluttust hingað samt sem áður *klæði* frá öðrum löndum bæði skorin og óskorin og alls konar *lindúkar*, en margt af því þótti raunar óþarft og horfa fremur til metnaðar og óhófs en nauðsynja, enda var bæði fyr og síðar reynt að stemma stigu fyrir því með dómum og konungsbréfum. Virðist það þó hafa borið fremur lítinn ávöxt, og má með sanni segja, að Íslendingar héngi af fremsta megni í tízkunni, enda þótt þeir væri oftast nokkuð langt á eftir tímanum. Þegar einokunarverzlunin hófst, voru fluttar hingað að minsta kosti 4 tegundir af útlenzkum klæðum, misjafnar að gerð og gæðum, og komu þær oftast ef ekki ávalt frá Hollandi og Þýzkalandi, unz farið var að taka upp klæðagerð í Danmörku á fyrri hluta 18. aldar. Algengasta tegundin var hið svo nefnda *varningsklæði* (»Verningsklæde« í kaupsetn. 1619) og var það langódýrast. Þá var *hálfstykkisklæði* svo kallað, að líkindum sama tegundin sem kölluð er »Tvifl« í kaupsetn. 1619 og »Soltwedelsk Klæde« í kaupsetn. 1684. Enn var *þriðjungaklæði* svo kallað og *stikuklæði* eða *tví-*

1) Beskriv. af Isl. 1785 eftir Skúla fóg. J. Sig. 33 fol. Bls. 70—71. Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. III, 8—9 og 75—76.

2) Bréf verzlunarfélagsstjórn. til stiftamtm. 14. febr. 1739. Þjskjs. A 42. Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. (J. Sig. 37 tol.)

gilt klæði, og virðast þær tegundir einna helzt eiga við það, sem kallað er »Pjukk« (Pyck) eða »Pyklaken« (Pychlachen) og »Paklaken« (Pachlachen) í kaupsetningunum.[1]) Annars er eigi auðvelt að átta sig til fulls á öllum þeim klæða- og vefnaðarvörutegundum, sem gengu í verzlunum hér á landi þegar fram í sótti, því mismunurinn var oftast nær sáralítill, þó að nöfnin væri sífelt að breytast. Á 18. öldinni gengu aðalklæðategundirnar undir nöfnunum *Sars*, *Baj*, *Rask* og *Kersei*,[2]) og var mismunurinn aðallega fólginn í því, að sumar tegundirnar voru úfnar eða loðnar, sumar sléttar, sumar hnökróttar og sumar með vaðmálsvígindum. En allar áttu þær sammerkt í því, að þær voru með sterkum litum, hárauðar, bláar, grænar og lyfrauðar, voru með öðrum orðum það, sem fyrrum var kallað *litklæði* eða *skrúð*. Íslendingar voru engir eftirbátar annara þjóða í glysgirni og höfðu jafnan miklar mætur á sterkum litum. Gul klæði vildu þeir þó ekki, enda var ekkert af þeim flutt á fyrri öldum og mjög lítið af svörtum klæðum, en blátt var jafnan í miklum metum hjá þeim og mest af því flutt, eins og vöruskrárnar bera með sér. Þó að klæði þessi væri allglæsileg ásýndar, þóttu þau samt ærið misjöfn að gæðum og voru oft og einatt óvönduð og hæruskotin að því er Páll Vídalín segir.[3]) Í kaupsetningu Ara Magnússonar frá 1615 er getið um *léttingsklæði* og er vant að skera úr því, hvað hann eigi þar við, nema ef vera skyldi að eins hinar þynnri og léttari klæðategundir. Þá fluttust og ýmsar tegundir af *léreftum* (svo sem Vesturfari eða Vesturléreft, er svo var kallað, frá Hollandi, Ölsinger-

---

1) Nöfnin »þriðjungaklæði« og »tvigilt klæði« eiga sjálfsagt að tákna verðmuninn á þessum klæðategundum í samanburði við »varningsklæði«, því í Búalögum er þriðjungaklæði einmitt lagt þriðjungi dýrara en varningsklæði og tvígilt klæði helmingi dýrara. (Smbr. Atli. Kmh. 1834. Bls. 218—219). Í kaupsetningu Ara Magnússonar frá 1615 er hálfstykkisklæði þriðjungi ódýrara en þriðjungaklæðið og helmingi ódýrara en stikuklæðið. (Smbr. hér að framan bls. 368).

2) *Késsu* kölluðu Íslendingar það.

3) Skýringar yfir fornyrði lögbókar. Bls. 498.

eða Ultzerléreft,[1]) Westfalskt léreft, Slésvíkurléreft) og *striga* (Peckling, Dantzigarstrigi), og voru þær einnig mjög misjafnar að gæðum, eins og ráða má af kaupsetningu Ara Magnússonar, því hann bannar með öllu kaup á »slæmum hálmstriga, sem hér til dags hefur fluttur verið.«[2]) Aftur á móti er það tekið fram bæði hjá honum og í dönsku kaupsetningunum, að »betri klæði« og »kostuleg léreft« seljist eftir samkomulagi.[3]) Enn voru fluttir *kragar* bæði ryktir og sléttir, sem þá var títt að bera um hálsinn, eins og ljóst er af myndum karla og kvenna frá 17. öldinni,[4]) og *hattar* og *húfur* karla og kvenna af ýmsum gerðum, oft með dýrindis fóðri, snúrum, böndum og leggingum. *Karlmannsskór* »einsólaðir« eru og taldir í kaupsetningu Ara Magnússonar, og ræður þá að líkindum, að til hafi verið »tvísólaðir« skór, þó að eigi sé með öllu ljóst, hvað það á að merkja, nema ef vera skyldi einfalda

---

1) Óstungið léreft er það kallað á íslenzku. Smbr. Þýðingu á kaupsetn. 1619 (Lbs. 72, 4to. Bls. 152—157 og 228—234).

2) Smbr. hér að framan bls. 368.

3) Í kaupsetningu Ara lögmanns frá 1531 eða þar um bil segir aftur á móti: »Enn dyrra klædi kaupi ecke utan þeir menn sem ad aull klædi mega bera ad laugum.« Dipl. Isl. IX, 584.

4) Ryktu kragarnir voru kallaðir *rúkragar* (d. Rukrave), smbr. Oflátungalýsing Hallgrims Péturssonar:

Rúkragann með rembilæti
reyra þeir um sinn digra háls.

(Sálmar og kvæði II, 369.) *Hárkollur* (parruk), sem þá tíðkuðust mjög erlendis með heldri mönnum, eru að sönnu eigi nefndar í kaupsetningunum, en hafa þó fluzt eða verið pantaðar frá útlöndum þegar fram í sótti. Þannig segir Jón bisk. Vidalin í bréfi til stiftamtm. 25. ág. 1720: »Paraqver burte og aldeeles at forbydes her i landet, undtagen dem som for svaghedz skyld icke kand dem undvære, og dog giöre charlotter selv det same, det er icke 30 aar siden dend abus er indkommen her, at end da de som have gott Haar legge dem Paraqver til.« (Bréfab. Jóns bisk. Vidalíns hin danska. Eftirrit. Lbs. 1650, 4to. Bls. 686.) Ekki lét Jón bisk. Árnason betur yfir þessu eftir að hann kom til stólsins, og hneykslaðist hann mjög á því, að skólasveinar í Skálholti voru sumir farnir að eltast við tízkuna í þeim efnum. Kemst hann svo að orði um þetta í bréfi til sr. Guðmundar Magnússonar í Stafafelli 13. apr. 1723: »Eg gleymdi, Domine Pastor, að minnast á einn póst í ofan- og framanskrifuðu bréfi. Hvaðan kemur sá indulgentiæ pruritus, að þeir piltar, sem þér senduð í skólann í haust, incedere hér allir galerité svo sem aðrir herramanna synir á stórgörðum utanlands, hvor novitas að er sjaldsén í þessu fátæka landi fyrir mínum augum á svo klénum ungviðum, og engan veginn líðandi að minni meiningu, því þegar svoddan andstygðar fordild, girnd augnanna og menjar drambsamlegs lifernis verða

og tvöfalda sóla.[1]) Þá er og getið um *kvennskó* og *kragastígvél, sænguráklæði* og *silkiröf, kvennpunga, barnapunga* o. fl. smávegis, sem oflangt yrði upp að telja.[2]) Sem fyr segir var ekki trútt um, að reyndum mönnum og ráðsettum þætti úr hófi keyra oflátungsháttur yngri manna í klæðaburði og gerði sér far um að stemma stigu fyrir því með dómum og samþyktum. Þannig nefndi Þorbergur sýslum. Hrólfsson dóm á Helgastöðum í Reykjadal 1627 um *ólöglegan klæðaburð*. Segir þar, að ýmsir þjótar skjóti sér undan skatti og skiftitíund, en kaupi dýrindisklæði að útlenzkum og íslenzkum, þar þau kunni að fást, »sem eru silfurhneptar og silkihneptar treyjur, býlagðar buxur samslags, silkistrýpur, hundraðshatta eða meir, hundraðsstígvél og 90 fiska minst, dals eður tveggja dala kraga« o. s. frv. Skyldi allar slíkar spjarir upptækar konungs um-

---

færð inn á meðal skólabarnanna, vill hver, sem búinn er, eins líka þeir, sem eru að betla um ölmusuna, breyta þar eftir og þykjast ekki kunna að lifa og líta djarflega upp á meðal góðra manna, nema þeir hafi parruch upp á, svo vill þessi luxus að sýnast má með öðru fleiru mjög skaðsamlegu hjálpa til að gera út af við þetta land, því nú vill hver unglingur, sem varla getur girt sig né friað frá húsganginum fyrir fátæktar sakir, bruna fram með vesti og perruch, einasta vegna þess, að hver einn vill vera haldinn sem mestur, þó hann sé í réttri raun og veru ekki neitt ... Eg sagði í bréfinu hér fyrir framan, að þér mættuð senda annan af þeim 2, sem eru hjá yður, í skólann á næstkomandi hausti með 8 rd., en ef þér sendið hann með perruçh, þá megið þér senda með honum 10, því eg slutta þar af, að þér munið hafa nóga peninga. Fyrir eitt hvitt stutt perruch utanlands mega menn gefa 10, 12, 14 rd. En það kann margt að vera líðanlegt á þeim gömlu og leyfilegt, sem á engan máta samir þeim ungu.« Bréfab. Jóns bisk. Árnasonar 1722–1726. Bls. 252. (Þjskjs.)

1) »Eindubladir suartaskor« eru nefndir í kaupsetningu frá Vestmannaeyjum c. 1420. Smbr. Dipl. Isl. IV, 277.

2) Af skrá yfir eftirlátna muni Margrétar Haldórsdóttur, konu Brynjólfs biskups, er það ljóst, að heldri konur hafa þá borist allmikið á í klæðaburði, og hefur hún þó víst eigi verið neitt sérlega tildursöm eða skrautgjörn. Er þar m. a. talin *skyldahúfa* virt á 3½ hundrað, tvær *gyltar silfurfestar* virtar hvor um sig á 5 hundruð, *silfurlindi gyltur* með viravirki og flaueli virtur á 9 hundruð, *silfurbelti* tvö, *silfurslyðir* tvær, *silfurspennur* og *silfurermahnappar* mjög margir, *kvennpungur* af flaueli með 6 gyltum silfurhnöppum virtur á 10 aura (60 álnir), *kvenntreyja* af silkifloret blómuðu virt á 3 hundruð og 80 álnir, 4 *kvennkragar*, 6 *tröf* og fernir *hanzkar*, einir hvítir, einir baldýraðir, einir svartbaldýraðir og einir með gullvírborðum o. s. frv. Bréfab. Brynjólfs bisk. Lbs. 1090, 4to. Bls. 136–138. Smbr. Ritg. um isl. kvenbúninga fyr á öldum eftir Daniel Bruun. Eimr. X, 1–32.

boðsmanni.[1]) Þá nefndi og Hallur sýslum. Bjarnason (Harði-Hallur) dóm að Spjaldhaga 16. júlí 1639 um *ósið í klæðaburði*,[2]) og svo mun oftar hafa verið gert bæði á 17. og 18. öldinni.[3]) Í verzlunarskilmálunum 15. ág. 1763 (§ 7) er Almenna verzlunarfélaginu boðið að taka klæðavörur sínar hjá verksmiðjunum í Reykjavík, svo framarlega sem þær reynist óaðfinnanlegar,[4]) og var það gert í nokkur ár. En eftir að Ari Guðmundsson tókst á hendur umsjón með verksmiðjunum, urðu klæðin svo óvönduð, að enginn vildi líta við þeim. Hélt Skúli fógeti því fram, að þetta væri gert af ásettu ráði til þess að spilla fyrir verksmiðjunum.[5])

6. *Vínföng og ölföng.* — *Brennivín og tóbak.* — Í einokunartilskipuninni 20. apríl 1602 er *öl, vín, mjöður* og *brennivín* talið með þeim varningi, sem áríðandi sé að

---

1) Lbs. 63, 4to. Bls. 24—25.

2) Sýsl. I, 239.

3) Margir af helztu mönnum landsins voru þess hvetjandi, að konungur bannaði alt óhóf og eyðslusemi bæði í klæðaburði og öðru og setti mönnum reglur fyrir því, hve mikið þeir mætti bera af viðhafnarklæðum og skrautgripum og hve miklu kosta til brúðkaupa og jarðarfara eftir efnum og ástæðum og stöðu sinni í mannfélaginu. Þetta var m. a. tilgangur Gottrúps lögm. með lögreglutilskipun þeirri, er hann bar fram í utanför sinni 1701. (Smbr. Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferð. nr. 32. Lbs. 50 fol.) Svipað hefur vakað fyrir Jóni bisk. Vídalín, því í bréfi sínu til stiftamtm. frá 25. ág. 1720, sem fyr getur, kemst hann svo að orði: »Det var höi nödvendigt at her i landet bleve indgivene nogle leges sumtuariæ, par Exemple om klædedragt, hvor om vores gamle Jislandske lov og melder, men icke er bleven efterlevet nu i lang tid. Mand kand see, at endeel förer sig op som cavalerer, der dog icke eje dend hest de side paa, naar deres gield er betalt, hvor fore der maatte befales, at folkene skulle bruge de klæder, som giöres i landet, jeg meener til overklæder. Her med skeer tvende god[e] ting: 1°. At de icke skal udgive penge for nogle gamle palter, som de kiöbe af de fremmede, undertiden for[¿] store penge, hvilke og icke forsömme at före saadan ind naar de see at folken[e] er saa daarlige. 2°. At de skal da befiitte dem dess beder paa at giöre fin Vammel, som er gott nock til oss fattige folk. Her kunde og giöres klæde, thi ulden har vi, der som de viste kunsten, hvor i jeg refererer mig til mit förste underdanige memorial. Det er vist, at jeg og min kone gaar i saadan Vammel baade hiemme og saa paa reiser og bruge sielden andet, saa vel som mit gandske Hus, og blive der for kandske lastede af andre«. Bréfab. Jóns bisk. Vídalíns hin danska. Eftirrit. Lbs. 1650, 4to. Bls. 685—686.

4) Lovsaml. for Isl. III, 470.

5) Smbr. Skúli Magnússon landfógeti (1711—1911) eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 179—180.

flytja til Íslands.[1]) Af víni var víst mjög lítið flutt í öndverðu, nema *messuvín*, og um aðrar víntegundir er eigi getið í kaupsetningunni 1619. Seinna fluttist þó *franskt vín*, sem einnig var mest notað til kirkna,[2]) og lítið eitt af *spönsku víni*, sem auðmenn og höfðingjar notuðu til að fagna gestum með. Af útlenzkum drykkjarföngum á 17. öldinni var *ölið* langalgengast. Einokunartilskipunin frá 20. apríl 1602 leggur ríka áherzlu á, að ekki sé flutt annað en *danskt öl* til landsins, í stað þess að Þjóðverjar höfðu áður flutt *Hamborgaröl, Lyneborgaröl, Lybikubjór, Stralsundsöl* (Sundist Öl, Sunstöl) o. fl. þýzkar öltegundir. En hitt er jafnframt brýnt fyrir kaupmönnum, að þetta danska öl skuli vera sérstaklega ljúffengt og vandað, svo að það haldist óskemt í loftslaginu á Íslandi. Var einkum gert ráð fyrir því, að heldri menn hefði það til drykkjar, en svo átti jafnframt að flyja aðrar og ódýrari öltegundir handa almúganum.[3]) Brátt voru þó gerðar undantekningar frá þessu, því danska ölið reyndist illa. Þannig var Hafnarfjarðarkaupmönnum leyft árið 1605 að flytja 5 lestir (60 tunnur) af Sunstöli til Íslands,[4]) og í kaupsetn. 1619 eru taldar 4 öltegundir, *mjöður, Lybiku-fatbjór, skildingsöl* (Sunstöl) og *tvísterkt öl* (Dobbelt Öl eða Danskt öl),[5]) og eru tvær þeirra útlenzkar. Skrá yfir aðfluttar vörur 1655 ber það með sér, að þá hafa verið fluttar til landsins 8 öltegundir og er ein þeirra að minsta kosti útlenzk (Lybikubjór).[6]) Kaupsetningin 1684 getur um 4 öltegundir fyrir utan mjöð, og er ein þeirra útlenzk, *Pryssing;* það var sterkt og áfengt þýzkt öl, sem hélt sér vel og lengi, enda var það tiltölulega dýrt, kostaði 8 fiska potturinn.

---

1) Lovsaml. for Isl. I, 139 (§ 1).

2) Árið 1745 var kvartað yfir því, að *franska vinið* væri mjög slæmt, því það yrði að jafnaði gruggugt og skolólt þegar liði fram á veturinn, og væri það höfuðhneyksli að dreypa sliku víni á menn við altarisgöngur. Smbr. Taxten confereret med Handelen. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 2. apr. 1746. Þjskjs. A 116.

3) Lovsaml. for Isl. I, 141 (§ 4).

4) Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 269.

5) Smbr. Ísl. þýðingu á kaupsetn. (Lbs. 72, 4to. Bls. 152--157 og 228--234).

6) Smbr. Fylgiskjs. 5.

Auk þess höfðu Íslendingar sjálfir ölheitu fram eftir allri 17. öldinni og lengur, þó að eigi væri um annað að ræða en útlent korn þegar hér var komið sögunni, og var flutt talsvert af *malti* og *humlum* til landsins á ári hverju, sem gekk til þess.

Oft var kært yfir öli því, er kaupmenn fluttu hingað til landsins. Þannig segir í kgsbr. 25. apr. 1608, að Málmeyjar- og Helsingjaeyrarkaupmenn flytji bæði súrt og svikið þýzkt öl til landsins, í stað þess að flytja gott danskt öl, eins og boðið sé í verzlunarskilmálunum.[1]) Í dómi Gísla Hákonarsonar lögmanns 24. maí 1615 er sagt, að ölið sé oft og einatt »blandað, spilt og fordjarfað,«[2]) og í kæru Ísfirðinga frá 1615 er kaupmönnum borið á brýn, að þeir »blandi, byrli og bruggi sitt öl oftlega sem þeir vilja.«[3]) Tók Ari sýslum. Magnússon það til greina í dómi sínum frá sama ári og dæmdi kaupmenn skylduga til að selja alla sína vöru ófalsaða og óblandaða og »með engu móti líðast mega, að þeir blandi sitt öl, því það hefur verið sannreynt, að þeir úr einni mjaðartunnu brugga fleiri, en selja þó sem væri hann ómeingaður.«[4]) Eins og endranær er þó Þórður sýslumaður Henriksson langorðhepnastur og óvægastur í kæru sinni og farast honum orð á þessa leið: »Í áttunda máta afsegjum vér þann mjöð að betala, sem, þegar hann er drukkinn, svíður hann í hálsinn ámóta og edik, en þembir upp mannsins líf, svo manni liggur við að springa. Í annan máta afsegjum vér þann mjöð, sem skömmu seinna verður daufur og fúll í sínu eigin íláti, þegar hann hefur nokkra stund staðið, því að vér meinum svoddan slags mjöður sé annaðhvort af slæmum kostum gerður eða skemmilega blandaður. Í níunda máta viljum vér ei, að kaupmenn segi oss héðan af, að danskt öl sé lybskt, því vér viljum ekki lengur líða það apaspil,

1) Kanc. Brevb. 1603--1608. Bls. 673.
2) J. Sig. 374, 4to.
3) Sjá hér að framan bls 360.
4) Lbs. 67, 4to.

heldur að hver vara sé ófölsuð fyrir sig; annars ætlum vér það aungvu betala«.[1]) Árið 1745 var og kvartað yfir því, að mjöðurinn væri á mörgum höfnum ónýtari og auðvirðilegri en lakasta skildingsöl.[2])

Á fyrri öldum og sömuleiðis eftir að einokunarverzlunin hófst var miklu meira flutt af *öli* en *brennivíni* til landsins. Árið 1630 eru þannig fluttar inn 1660 tunnur af ýmsum ölföngum til landsins, en að eins 131 áma eða rúmar 150 tunnur af brennivíni.[3]) Um miðja öldina er þó hlutfallið orðið nokkuð jafnara, því árið 1655 eru fluttar rúmar 1200 tunnur af ölföngum (miði, lýbskum bjór, sterku öli, 19 marka öli, 15 marka öli, þriggja dala öli, 8 og 9 marka öli og skipsöli) og 236 tunnur af brennivíni,[4]) og úr því fer jöfnuðurinn að verða æ meiri. Þegar kemur fram yfir aldamótin 1700 er mjög farið að draga úr ölaðflutningum, en brennivínsaðflutningar aukast að sama skapi. Árið 1707 eru t. d. ekki fluttar nema 67 tunnur af öli og miði til Hafnarfjarðar, en 42 tunnur af brennivíni.[5]) Og eftir að félagsverzlun hófst á ný árið 1733 verða alveg hausavíxl á þessu. Þá eru á sumar hafnir fluttar 50—60 tunnur af brennivíni og á aðrar jafnvel 80—100, að því er Jón bisk. Árnason segir,[6]) og stiftamtmaður kannast við það í bréfi til konungs 30. jan. 1734, að fluttar sé árlega til landsins að minsta kosti 6—700 tunnur af brennivíni, en þykir það ekki neitt ýkjamikið, því það fari ekki fram úr 8 pottum á mann af þeim, sem ætla megi að neyti brennivíns.[7]) Aftur á móti er þá eigi flutt nema tiltölulega mjög lítið af öli og gekk mest af því til verzlunarþjóna og skipverja á höfnunum.[8])

---

1) Andvari 37. ár. Bls. 12 --126.
2) Smbr. Taxten confereret med Handelen. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 2 apr. 1746. (Þjskjs. A 116).
3) Sjá Fylgiskj. 4).
4) Sjá fylgiskjal 5.
5) Lbs. 91 fol.
6) Útlend bréfab. Bls. 541. (Þjskjs.)
7) Bréfab. stiftamtm. IX, 3. (Þjskjs.)
8) Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Soröe 1768. Bls. 382.

Ber og flestum saman um, að drykkjuskapur hafi farið mjög í vöxt hér á landi á fyrri hluta 18. aldar. Gerðust svo mikil brögð að honum, að sumir fóru jafnvel að ympra á því að banna eða takmarka brennivínsaðflutninga. Mun Jón bisk. Árnason hafa fyrstur orðið til að kveða upp úr með það í víxluför sinni veturinn 1721—1722, en heldur fékk það daufar undirtektir fyrst í stað bæði hér á landi og erlendis. Menn voru þá flestir á þeirri skoðun, að brennivínið væri heilsusamlegt, af neytt væri í hófi, og jafnvel ómissandi í kuldanum og meðalaleysinu hér á Íslandi. Því heldur að minsta kosti Oddur lögm. Sigurðsson fram í svari sínu, þegar málið var borið undir hann, en telur þó ráðlegt að draga svo úr aðflutningum á því, að eigi flytjist nema 20 tunnur á aðalhafnirnar, 10—12 tunnur á miðlungshafnirnar og 7—8 tunnur á mannfæstu hafnirnar.[1]) Wulff landfógeti heldur því fram, að brennivínið varðveiti heilsu margra manna, því það örvi blóðrásina og geri þess vegna fremur gott en ilt,[2]) og munu flestir Íslendingar hafa tekið undir það í svörum sínum. Kaupmenn lögðust auðvitað fast á móti þessu, meðal annars af því, að það yrði til þess að ýta undir launverzlun. Jón biskup lét þó eigi hugfallast og vann af alefli fyrir skoðun sinni, enda gerðust sumir af klerkum hans ærið drykkfeldir og sömuleiðis Árni sonur hans. Fór svo að lokum, að honum tókst að vinna fylgi helztu manna bæði andlegra og veraldlegra til að leggjast á móti þessum ófögnuði. Rituðu þeir 22. júlí 1733 bænarskrá af alþingi til konungs og fóru fram á algert aðflutningsbann á brennivíni, eða því sem næst, og báru því við, að margir hæfileikamenn spilti sjálfum sér með ofdrykkju ef þessu héldi áfram, enda hagi þeir sér oft og einatt litlu betur en skynlausar skepnur.[3]) Stiftamtmaður tók illa í þetta og hélt því fram, að Íslendingar þyrfti á brennivíni að

1) Bréfab. stiftamtm. IV, 79—91. (Þjskjs.)
2) Bréfab. stiftamtm. V, 132—133. (Þjskjs.)
3) Útl. bréfab. Jóns bisk. Árnasonar. Bls. 540 - 543. (Þjskjs.)

halda til að »velgja sér í maganum« ofan á vatns- og blönduþambið, enda hlyti kaupmenn að skaðast um 1200 rd. á ári eða meira, ef hætt væri að flytja brennivín, og yrði þá að lækka verzlunarafgjaldið sem því svaraði. Lagðist hann því mjög fastlega á móti þessu, enda fekst því eigi framgengt.[1])

Hörmangarafélagið hóf verzlun sína með því að flytja þegar á fyrsta ári 722 tunnur af brennivíni og 12 tunnur af ákavíti til landsins,[2]) enda segir Skúli fógeti, að félagið hafi jafnan séð um að flytja nóg af tóbaki og brennivíni, þó að flestar nauðsynjar væri mjög af skornum skamti á höfnunum.[3]) Annars dró nokkuð úr þessum aðflutningum á seinni árum Hörmangarafélagsins, og þó einkum eftir að konungsverzlunin hófst. En á dögum Almenna verzlunarfélagsins sótti aftur í sama horfið og bar Ólafur amtm. Stefánsson sig upp undan því í bréfi til stiftamtm. 7. ág. 1769. Segir hann, að árlega sé fluttar um 200 tunnur af brennivíni á Gullbringusýsluhafnirnar einar saman, og sé hörmulegt að hugsa til þess, að brennivínið skuli streyma þannig inn í landið, þó að ástandið sé þannig að öðru leyti, að menn eigi fult í fangi með að bjarga sér. Leggur hann til, að enginn fái meira brennivín í kaupstaðnum, en nemi $^1/_{20}$ af vörum þeim, er hann leggi inn í reikning sinn, þannig að

sá, sem leggi inn vörur fyrir						20	rd.,	fái	brennivín	út á		1	rd.
—	—	—	—	—	—	40	—	—	——	- -	2	—	
—	—	—	—	—	—	60	—	—	——	- -	3	—	
—	—	—	—	—	—	80	—	—	——	- -	4	—	
—	—	—	—	—	—	100	—	—	——	- -	5	—	
—	—	—	—	—	—	200	—	—	——	- -	10	—	

1) Bréfab. stiftamtm. IX, 1–8. (Þjskjs.)

2) Smbr. Jón Eiriksson: Om den bedste Handels-Indretn. for Isl. VI. Tavle. Bls. 136–137.

3) *Allerunderdanigst Relation om Islands nærværende Tilstand* etc. Kbh. 20. nóv. 1751. Þjskjs. A 40 nr. 2.

og megi enginn fá meira, hversu mikinn reikning sem hann geri.[1]) Þetta var borið undir verzlunarfélagsstjórnina og komst hún að þeirri niðurstöðu, að brennivínsaðflutningar mundu lækka úr 800 tunnum, sem fluttar væri til jafnaðar á ári hverju, niður í 200 tunnur, ef tillögur amtmanns næði fram að ganga, og kvað hún félagið eigi mega við því, enda gæti naumast verið um ofdrykkju að ræða á Íslandi, því aðflutningarnir næmi eigi meiru en 5 pottum á mann af fullorðnum karlmönnum.[2]) Amtmaður hélt þó fast við skoðun sína á þessu máli og hreyfði því í skjali einu til Landsnefndarinnar, að reynandi væri að hækka verð á brennivínspottinum upp í 14—16 skild., úr því að félagið fengist ekki til að draga úr aðflutningunum, ef ske kynni að það yrði til þess að halda mönnum frá óþörfum brennivínskaupum. Lagði hann til, að mismunurinn á verðinu gengi til einhverra nauðsynjafyrirtækja í landinu, en ekki til verzlunarfélagsins.[3]) Landsnefndin hefur sýnilega fallist á þessar tillögur hans, því hún stakk upp á brennivínsskatti og lagði niður fyrir sér og stjórninni, hvernig honum bæri að verja,[4]) en stjórnin mun eigi hafa séð sér fært að taka það til greina. Á dögum konungsverzlunarinnar síðari fóru brennivínsflutningar meira að segja vaxandi, því árið 1779 voru fluttar til landsins 1160 tunnur af brennivíni og 54 anker af rommi, en ekki nema 104 tunnur af öli og miði,[5]) og svaraði stjórnin nýjum tillögum Íslendinga um aðflutningsbann eða aðflutningstakmörkun á brennivíni á þá leið, að það gæti eigi samrýmst þeirri viðleitni til að auka og efla íslenzku verzlunina, sem þá væri efst á baugi.[6]) Árið 1783 kom Thodal stiftamtmaður fram með tillögur um tak-

1) Þjskjs. A 34 nr. 6.
2) Bréf félagsstjórnarinnar til Rk. dags. 22. nóv. 1769. Þjskjs. A 34 nr. 6.
3) Skjöl Landsnefnd. Litt. II. Þjskjs. A 35 nr. 5.
4) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 48.
5) Smbr. Jón Eiriksson: Om den bedste Handels-Indretn. for Isl. Tavle VI, Bls. 136—137.
6) Kancbr. til stiftamtm. 10. apr. 1779. Lovsaml. for Isl. IV, 476—477.

mörkun á brennivínsaðflutningum og stakk upp á því, að höfnunum væri skift niður í 4 flokka eftir mannfjölda. Skyldi fluttar 15—16 tunnur árlega á stærstu hafnirnar, 10 tunnur á þær næststærstu, 8 tunnur á þriðja flokks hafnirnar og 5 tunnur á þær mannfæstu. Auk þess vildi hann eigi, að neinum bónda væri selt brennivín fyr en hann hefði greitt að fullu skuld sína frá fyrra ári og jafnvel borgað að fullu það, sem hann tæki út í kaupstaðnum, og engum meira en 5 pottar.[1]) Þessu var þó enginn gaumur gefinn framar en hinum tillögunum.

Af brennivíni var á 17. öldinni og langt fram eftir hinni 18. að eins flutt *kornbrennivín*[2]) og svo ýmsar tegundir af *ákavíti* (svo sem kúmen-, anis-, maga-, sítrónu-, hvannarótar- og einiberja-ákavíti), sem allar eða allflestar voru búnar til í Flensborg.[3]) Þá er og getið um *franskt brennivín* þegar kemur fram á miðja 17. öld og úr því, og hefur það líklega verið eitthvað svipað því, er seinna var nefnt »Cognac«. Þó var fremur lítið flutt af því, t. d. ekki nema 25 anker alls árið 1655 og 6 anker til Hafnarfjarðar árið 1707, enda notuðu heldri menn það að eins til að gæða sér á við sérstök tækifæri og til að fagna gestum með. Mikið þótti oft og einatt á skorta, að brennivínið væri ósvikið hjá kaupmönnum, enda fekk það ekki góðan vitnisburð hjá Þórði sýslum. Henrikssyni árið 1647. Kemst hann svo að orði um þá vörutegund: »Í sjöunda máta afskiljum vér, að kaupmenn eða þeirra þénarar láti sjó eða vatn saman við það brennivín, þeir oss selja, því úr þess konar sjó eða vatni fáum vér hvorki fisk né

---

1) Bréfab. stiftamtm. XVIII, 515—517. (Þjskjs.)

2) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins var tekin upp sú aðferð, að búa til brennivín úr sykurfroðu eða sykurúrgangi og senda til Íslands. Lét stjórnin það viðgangast, enda þótt tekið væri fram í verzlunarskilmálunum, að kornbrennivín skyldi flutt til landsins. Höfðu læknar í Kaupmannahöfn rannsakað þetta sykurbrennivín og komist að þeirri niðurstöðu, að það væri engu lakara en kornbrennivín og að sumu leyti jafnvel hollara. Smbr. Kgsúrsk. 17. apr. 1770. Lovsaml. for Isl. III, 650.

3) Smbr. Regesta VIII, 45 o. v. (J. Sig. 117, 4to) og ýmsa verzlunarreikninga og tollskrár frá fyrstu áratugum 18. aldarinnar (Lbs. 91 fol.).

silung til gagns. Þurfum og hvorki kaupa sjó eður vatn í Íslandi, því vor guð veitir oss það hvorttveggja til þarfa. Svo höfum vér nægan skilning fengið sjálfir, að blanda brennivínið eftir vorri hugarlund. Í sama máta afskiljum vér það brennivín, sem í skálinni lætur eftir sem grugg og berma svo beiskt sem pipar brennir hálsinn, eða ramt og illa smakkandi, heldur beiðunstum vér af kaupmönnum þess brennivíns, sem af borgmeisturum og ráði er kent gott og nýtt að vera, og þess vert, að potturinn sé seldur upp á 8 skildinga í einkaupi, en 4 skildinga í hundraðskaupi.«[1]) —

Tóbaksnotkun lærðu Íslendingar fyrst af útlenzkum duggurum á fyrri hluta 17. aldar,[2]) og hún fór eigi að tíðkast til muna í Danmörku fyr en um miðja öldina,[3]) enda er þess heldur ekki getið í kaupsetningunni 1619 og ekki talið með aðfluttum vörum 1655. Skömmu síðar hafa þó dönsku kaupmennirnir farið að flytja það eftir verzlunarreikningum Brynjólfs biskups að dæma, því árið 1658 hefur hann fengið eitt tóbakspund á 30 fiska út í reikning sinn í Hólminum.[4]) Laust eftir 1630 voru þeir Arngrímur lærði og Óli Worm að skrifast á um þessa merkilegu jurt og notkun hennar. Segir Worm, að hún sé einkar holl fyrir þá, sem hafi »kalda og raka« náttúru, ef hennar sé neytt í hófi, því reykurinn dragi slím frá heilanum og skilningarvitunum og stöðvi kvef og vatnsrensli, en uppbleytt í víni sé það ágætt til uppsölu og hreinsi magann. Sjómenn höfðu það með sér í löngum strengjum, brytjuðu niður í pípur sínar og kveiktu í, en hvæstu síðan reyknum út um munn og nasir eða rendu

1) Andvari 37. ár. Bls. 125.

2) Smbr. Æfis. Jóns Indíafara. Kmh. 1908—1909. Bls. 15.

3) Marcus Selche varð fyrstur manna til að koma þar á tóbaksgerð árið 1665. Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1660—1699. Bls. 171.

4) Bréfab. Brynjólfs biskups. Lbs. 1081, 4to. Bls. 65. Þess er og getið í skjali einu frá þeim árunum, að kaupmenn synji mönnum um mjöl og matvöru, en neyði upp á þá *tóbaki* og brennivíni. Smbr. Memoriall anlangende dett Jsslandsche Compagnies storre Misbrug jmod Jndbyggerne etc. D. Kanc. Blandede Akter B (Islandsk Handel). Rskjs.

honum niður, enda var þá alment kallað að »drekka tóbak« og þótti það hálfgerð ósvinna fyrst í stað.[1]) Þess var þó eigi langt að bíða, að þetta yrði algengt hér á Íslandi sem annarstaðar. Var það óefað aðalvarningur duggaranna, sem stunduðu fiskiveiðar hér við land, því mesta og bezta tóbakið fluttist þá frá Englandi og Hollandi. Er hvað eftir annað getið um enskt og hollenzkt tóbak hér á landi á seinni hluta 17. aldar og það oftast í sambandi við launverzlun eða okursölu. Reyktu menn það fyrst í brendum leirpípum, er mjög þóttu endingarlitlar og úrgangssamar, enda segir Brynjólfur biskup í bréfi til umboðsmanns síns í Austfjörðum 5. júlí 1675, að tóbakið þurfi hann ekki að hugsa um að svo stöddu, »en *pípurnar* þigg eg gjarnan sem flestar og beztar«.[2]) Í Danmörku var það alsiða um þær mundir að verja 3 skildingum í senn til reykinga, tveim til tóbakskaupa og einum til pípukaupa og átti það að standast á endum, svo að ekki hafa pípurnar verið haldgóðar eftir því að dæma.[3]) Seinna komust menn upp á að tyggja það og taka í nefið og gerðust mjög áfjáðir í það hvorttveggja er fram í sótti, einkum munntóbakið, og var langmest brúkað af þeirri tegundinni hér á landi á fyrri hluta 18. aldar,[4]) en á seinni hluta aldarinnar fór neftóbaksbrúkun mjög í vöxt bæði hjá karlmönnum og kvenfólki.[5]) Í kaupsetningunni 1684 er talið tvenns konar tóbak, *Stöktobak* (stundum kallað í vöruskránum »Roeltobak« eða »Rulletobak«, á íslenzku »skrúftóbak«) og *Presstobak* (munntóbak, stundum kallað á Íslandi »svart« tóbak eða »þrykt« tóbak) og var það flutt til landsins í mottum eða kistum (tóbakskista). Skrúftóbakið mun fyrst í stað hafa verið notað

1) Landfrs. Þorv. Thor. II, 167 og IV, 259—260. Smbr. Ól Davíðsson: Tóbaksnautn á Íslandi að fornu. Eimreiðin IV, 124—135.

2) Bréfab. Brynjólfs biskups. Lbs. 1090, 4to. Bls. 796--797.

3) Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1660--1699. Bls 172.

4) Smbr. Bréfab. stiftamtm. V, 133 og Þjskjs. 68 II nr. 8 og 28.

5) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 10 fol. Bls. 21.

bæði til reykinga brytjað og í nefið (»mulið« tóbak),[1]) en í kaupsetningunni 1702 er getið um *reyktóbak* sér í lagi (»gul Pibetobak«, gult tóbak). Tóbakið var í geypiverði fyrst í stað, 30 fiska pundið, en í lok 17. aldarinnar komst það niður í 10—12 fiska og þótti það víst skaplegt verð um þær mundir. Í kaupsetningunni 1776 er það lagt á 16—20 skildinga pundið, en var seinna hækkað upp í 20—24 skild.,[2]) og loks upp í 24—30 skild.,[3]) og létu menn illa yfir því.[4])

Það voru Gyðingar, sem einna mest fengust við tóbaksgerð í Danmörku þegar dró fram að aldamótunum 1700, og fengu þeir einkum orð á sig fyrir neftóbakið. Árið 1704 fekk Gyðingur nokkur, Jacob Franco (eða del Franco), einkarétt til tóbaksgerðar handa íslenzku verzluninni og hélt því lengi, en gat þó ekki ávalt fullnægt þörfinni, svo árið 1711 var tveim Gyðingum öðrum veitt leyfi til að birgja íslenzku verzlunina að hálfu leyti, og hafa þá fluzt 70 þús. pund af tóbaki til Íslands og Færeyja.[5]) Ekki féll þó Íslendingum vel við þetta »Júðatóbak«, sem fyr segir, þótti það þurt og bragðlítið, enda tóku sumir það í nefið í viðlögum, þó að kallað væri munntóbak. Stundum var og kvartað yfir því, að það væri fúið eða rotið.[6]) Aftur á móti þótti hollenzka munntóbakið (»Giesenbergs«-tóbak) ágætt, því það var safamikið og hélt sér vel, og varð stjórnin hvað eftir annað að leyfa innflutning á því, svo að Íslendingar freistuðust eigi til að verzla við útlenzka duggara.[7]) — Tóbakið var eitt af því, sem Jón biskup Árnason vildi gera landrækt eða takmarka aðflutning á, en ekki tóku menn betur í það en brennivínsbannið, og

---

1) Smbr. Alþb. 1674 nr. 29.
2) Lovsaml. for Isl. IV, 433--434.
3) Lovsaml. for Isl. IV, 478--479.
4) Lovsaml. for Isl. IV, 724.
5) Smbr. Regesta VIII, 65, 69, 79 (J. Sig. 117, 4to).
6) Smbr. Bréf Gottrúps lögm. til stiftamtm. 20. sept. 1714. Þjskjs. A 84 II, 2.
7) Lovsaml. for Isl. I, 80--81. Regesta VIII, 105, 107. 111 (J. Sig. 117, 4to). Smbr. Þjskjs. A 68 II, 3, 8, 10 og A 88 I.

voru þeir fleiri en Oddur lögmaður sem héldu því fram, að íslenzkir sjómenn mætti alls ekki án þess vera, því að bæði hleypti það hita í kroppinn á sjónum og væri gott fyrir heilsuna, af því að það drægi slím og vessa úr líkamanum. Aftur á móti héldu kaupmennirnir því fram, að Íslendingar mundu sækja tóbak og brennivín til útlenzkra duggara, ef hætt væri að flytja það á hafnirnar, því að þeir væri svo áfjáðir í þetta hvorttveggja, að þeir vildi miklu heldur missa hálfan málsverð sinn, en fara á mis við það.[1]) Árið 1783 vildi Thodal stiftamtmaður láta takmarka sölu á tóbaki, engu síður en brennivíni, og stakk upp á því, að tóbak væri eigi selt yngri mönnum en 25 ára og engum meira en 6 ℔. Hlífðist hann við að halda fram algerðu aðflutningsbanni á tóbaki vegna þeirra, sem væri orðnir því svo vanir, að þeir gæti ekki án þess verið, og eins vegna sjúklinga, sem væri ráðlagt að brúka tóbak heilsu sinnar vegna.[2]) Þessum tillögum hans var þó enginn gaumur gefinn og fluttust þá á dögum konungsverzlunarinnar (1779) 82,156 ℔ af tóbaki til Íslands árlega.[3])

7. *Nýlenduvörur. — Vörupantanir.* — Af *nýlenduvarningi* var lítið sem ekkert flutt á öndverðum dögum einokunarverzlunarinnar, enda höfðu Danir sjálfir lítið af honum að segja um þær mundir. Þegar fram í sótti fóru þó dönsku kaupmennirnir að flytja lítið eitt af þess háttar varningi handa sjálfum sér og gæddu þá stundum heldri mönnum á þessu góðgæti, er þeir komu í kaupstaðinn, en það varð til þess, að sumir þeirra fóru að fá smekk fyrir slíkum nautnum. Pöntuðu þeir stundum lítið eitt til hátíðabrigða handa sjálfum sér og vöndust þannig smám saman á þessar vörutegundir. Svo var t. d. um *te* og

1) Smbr. Bréfab. stiftamtm. V, 29–77. (Þjskjs.)

2) »Eller og de Syge, som formedelst deres flegmatiske Constitution blive tilraadet maadelig Tobaksbrug af en fornuftig Læge«. Bréfab. stiftamtm. XVIII, 515–517. (Þjskjs.)

3) Smbr. Jón Eiriksson: Om den bedste Handels-Indretn. for Isl. Tavle VI. Bls. 136–137.

kaffi. Höfðu menn ekkert af því að segja hér á landi fyr en komið var fram á 18. öldina og var að eins lítið af því (40 ℔ af kaffi og 25 ℔ af tei) flutt á eina höfn (Hólminn) á dögum konungsverzlunarinnar fyrri (1760). Stendur það vafalaust í sambandi við verksmiðjurnar í Reykjavík og búsetu kaupmanns í Hólminum. Árið eftir var ekkert flutt og árið 1762 að eins 10 ℔ af tei. Árið 1763 voru flutt til landsins 34 ℔ af tei og skiftist það á milli suðurhafnanna (Hólmsins, Hafnarfjarðar, Bátsanda og Grindavíkur).[1]) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins fóru aðflutningar á þessum vörutegundum talsvert að aukast og stendur það óefað að nokkru leyti í sambandi við búsetu kaupmanna á ýmsum höfnum landsins. Þannig eru árið 1772 flutt 110 ℔ af kaffi og og 77 ℔ af tei til landsins, og á dögum konungsverzlunarinnar síðari fleygir þessum aðflutningum mjög fram, svo að árið 1779 eru flutt 3320 ℔ af kaffi og 519 ℔ af tei til landsins,[2]) enda voru þá allmargir efnaðri bændur farnir að venjast þessu góðgæti að því er Skúli fógeti segir.[3]) Í kaupsetningunni 1776 eru þessar vörutegundir báðar taldar og er kaffið lagt á 32 skild. pundið, en teið á 64 skild.[4]) Svipuðu máli var að gegna um *sykur*, því hann er eigi talinn með aðfluttum varningi á 17. öldinni, né heldur á fyrri hluta 18. aldar, en þó er hans getið hér á landi á seinni hluta 17. aldar.[5]) Þannig sendi Jónas Trellund í vináttuskyni Eggerti ríka á Skarði tvo *sykurtoppa* frá Amsterdam sumarið 1663.[6]) Eins og að líkindum ræður héldust sykur-

---

1) Smbr. Lbs. 86 fol.

2) Smbr. Jón Eiríksson: Om den bedste Handels-Indretn. for Isl. Tavle VI. Bls. 136--137.

3) Lýsing Gullbr. og Kjósarsýslu 1785. J. Sig. 10 fol. Bls. 21.

4) Lovsaml. for Isl. IV, 317, 322, 336 og 342.

5) Baasch heldur því fram, að sykur hafi fluzt hingað á dögum þýzku verzlunarinnar og tilgreinir því til stuðnings, að Englendingar hafi 1528 rænt frá þýzkum kaupmanni á leið til Íslands »viginti quattuor lastas *farinae* et cerevisiae« (Islandsfahrt bls. 92), en þetta hlýtur að vera misskilningur, því *farina* er mjölmatur, en ekki sykur.

6) Smbr. Bréfab. Eggerts Björnssonar á Skarði 1632--1673. Bls. 296--297. (Þjskjs.)

aðflutningar nokkuð í hendur við te- og kaffi-aðflutninga. Þannig eru árið 1760 flutt 200 ℔ af sykri til Hólmsins, en ekkert árið eftir, enda var þá heldur ekki flutt neitt af tei eða kaffi.[1]) Árið 1772 eru flutt til landsins 663 ℔ af sykri og á dögum konungsverzlunarinnar síðari (1779) 8644 ℔.[2]) Í kaupsetningunni 1776 eru tilgreindar tvær tegundir af sykri (Melis og Kandis) og pundið af hvorri fyrir sig lagt á $20^1/_2$ skild.[3])

Sem fyr segir var það alsiða á dögum einokunarverzlunarinnar, að heldri menn pöntuðu hjá kaupmönnum ýmsar vörutegundir, sem eigi voru tilgreindar í kaupsetningunum og kaupmenn fluttu eigi sjálfkrafa, eða þá af hinu og þessu, sem að vísu var tilgreint í kaupsetningunum, en annaðhvort flutt mjög af skornum skamti eða þá af lakari gæðum, en æskilegt þótti. Þannig eru dæmi til þess, að menn pöntuðu sér bæði *legsteina* og *kakalofna* frá öðrum löndum, eða þá útlent *gull-* og *silfur-smíði* o. s. frv. Langhelzt voru það biskupar, lögmenn, sýslumenn og klausturhaldarar, sem gerðu þessar vörupantanir, því þeir bárust mest á og gerðu meiri kröfur til ýmsra lífsþæginda, en allur þorri landsmanna. Gefa þessar vörupantanir að sumu leyti allgóða hugmynd um lífshætti þeirra og eðlisfar. Skal hér að eins í stuttu máli drepið á vörupantanir þeirra *Brynjólfs biskups* og eftirmanns hans á stólnum *Þórðar biskups Þorlákssonar*, því það er ekki laust við að þær einkenni þá nokkuð hvorn um sig. Að því er frekast verður séð af bréfabókum Brynjólfs biskups pantaði hann mjög sjaldan vörur frá öðrum löndum, nema þá helzt úrvalstimbur og annað til húsabygginga á stólnum, og leggur þá allajafna ríka áherzlu á, að það sé sem sterkast og hentugast. Aftur á móti brýnir hann oft og einatt fyrir kaupmönnum, að flytja nægar birgðir

1) Smbr. Lbs. 86 fol.
2) Smbr. Jón Eiríksson: Om den bedste Handels-Indretn. for Isl. Tavle VI. Bls. 136--137.
3) Lovsaml. for Isl. IV, 322 og 341.

af skipavið, færum, tjöru og öðru til sjávarútvegsins og húsavið handa stólslandsetunum. Að eins einu sinni pantar hann *stigvél* og *hatta* handa sér og dóttursyni sínum Þórði Daðasyni, og hefur það þá auðvitað átt að vera af bezta tægi.[1]) Sýnir þetta fyrst og fremst búhöldinn og alvörumanninn, sem lifir að öllu leyti á íslenzka vísu og hugsar eingöngu um það, sem hentugast er og hagkvæmast, en ekkert um glys eða nautnir. — Þórður biskup gerði aftur á móti rækilegar vörupantanir svo að segja á hverju ári, og stundum hjá tveim eða fleiri kaupmönnum í senn. Auðvitað ber hann einnig hag kirkjunnar og staðarins fyrir brjósti, pantar bæði *grenivið* og *glerglugga* og jafnframt talsvert af *málningu* og *penslum* til að skreyta kirkjuna og ef til vill eitthvað af staðarherbergjunum. Auk þess virðast sumar pantanir hans benda á, að hann hafi fengist eitthvað við silfursmíðar og tréskurð, enda var hann hagleiksmaður til handanna eins og hann átti kyn til. Þá pantaði hann og allmikið af ýmsu tægi til *prentsmiðjunnar* og *bókbandsins* eins og eðlilegt var. En langeftirtektarverðastar eru þó pantanir hans til heimilisins og til eigin þarfa, því þær gefa mjög ljósa hugmynd um lífshætti hans og venjur heima fyrir. Þannig pantar hann jafnaðarlega 6—8 tunnur af *malti* og eina tunnu af *humlum* á ári hverju, svo ölheita hefur verið talsverð á biskupssetrinu um hans daga. Enn fremur pantar hann *baunir* og ýmsar *grjónategundir*, sigtað *mjöl* og sigtað *hveiti* til brauðgerðar og hitt og þetta góðgæti af útlenzkum matvælum, svo sem *reykt svínsflesk*, *reykta síld*, þýzkar *pylsur* frá Stralsund, *spegisíld* frá Hollandi o. s. frv. Þá pantaði hann og ýmsar tegundir af káli og kálfræi og talsvert af nýlenduvörum og kryddvörum, svo sem *toppasykur*, *sveskjur*, *rúsínur*, *kúrennur*, *möndlur*, *kanel*, *pipar*, *mustarð*, *múskat*, *plómur*, *negulnagla*, *kardemommur*, *engifer*, *piparrót* o. s. frv. Af drykkjarföngum pantaði hann

1) Lbs. 1088, 4to. Bls. 64--66.

sér jafnan góðan slatt af hinu *sterka þýzka öli* (Pryssing) og talsvert af *bitterekstrakt*. Þetta hvað með öðru gefur ótvírætt í skyn, að Þórður biskup hafi verið talsverður sælkeri, enda hélt hann jafnan útlendan steikara og var mjög veitingasamur og gestrisinn.[1]) Það er öll ástæða til að ætla, að þau hjónin hafi líka borist talsvert á í klæðaburði, enda voru þau stórrík og þurftu eigi að nema við neglur sér. Af vefnaðarvörum pantaði hann t. d. *rautt sars* og *gult krónrask*, sjálfsagt einhverjar úrvalstegundir, *silkisnúrur* undnar saman úr bláum, gulum og grænum þáttum, *kordúanskó* og *ilskó* (Töfler) af ýmsum gerðum og litum handa sjálfum sér, *skó* og *stígvél* úr *rúsleðri* og *svínsleðri* handa sonum sínum og tveggja álna langa *silfurfesti gullroðna* handa Guðríði konu sinni. Þá lét hann og sjálfur vinna og vefa handa sér *lín-* og *hördúka* í Kaupmannahöfn.[2]) Þó að kaupmönnum hafi nú að öllum jafnaði ekki verið mikið gefið um þessar aukapantanir og erindrekstur í þágu landsmanna, þá má samt nærri geta, að þeir hafa ekki talið eftir sér snúningana þegar biskupinn í Skálholti átti í hlut, því hann var óefað langmestur og beztur viðskiftamaður þeirra á Íslandi.

VII.

Íslenzkur varningur.

Í öndverðu, eða á þjóðveldistímunum, er varla um aðrar íslenzkar afurðir að ræða, sem fluttar væri til annara landa, en *ullarreifi*, *skinn* og *vaðmál*. Að sönnu höfðu Íslendingar stundað fiskiveiðar frá alda öðli og notað *harð-*

---

1) Smbr. Biskupasögur Jóns Halldórssonar I, 342--344.

2) Bréfab. Þórðar bisk. 1676--1679. Bls. 94--95, 354 og B 54--55. Bréfab. 1680--1683. Fol. 218--219. Bréfab. 1684--1689. Bls. 418--419. (Pjskjs.)

fisk til manneldis heima fyrir, en eigi selt hann út úr landinu svo getið sé. Það var heldur eigi við því að búast, að fiskur gengi til muna í verzlun við erlendar þjóðir, því hann var þá í lágu verði á móti kornmat. Í vorþingissamþykt Árnesinga um fjárlag frá aldamótunum 1200 eða þar um bil voru 120 fiskar hertir lagðir á 24 álnir, en mjölvætt á 30 álnir.[1]) Með slíku verðlagi gat landsmönnum enginn hagur verið að því, að selja fisk af landi brott, heldur jafnvel mesti skaði, ef metið er eftir búdrýgindum.[2]) Aftur á móti eru merki til þess, að fiskur hafi verið fluttur út á seinni hluta 13. aldar, því árið 1294 bannar Eiríkur konungur Magnússon að flytja mikla skreið af landinu sakir hallæris.[3]) Það mun þó fyrst hafa verið í byrjun 14. aldar eða á henni öndverðri, að harðfiskur fór að verða algengur kaupeyrir við önnur lönd. Þetta sést ljósast af dómi einum um tíundargjöld Íslandsfara, er dæmdur var í Björgvin árið 1340, því þar segir berum orðum, að »fyrir skömmu fluttist lítil skreið af Íslandi, er þá var kölluð *matskreið*, en í vaðmálum hinn mesti varningur, *en nú flyzt af Íslandi hinn mesti og bezti varningur í skreið og lýsi*«.[4]) Í dómi þessum er og getið um *brennistein*, er fluttist af Íslandi, svo það er auðsætt, að afurðirnar fara smám saman að verða fleiri og fjölskrúðugri eftir því sem fram í sækir. En upp frá þessu var þó skreiðin eða harðfiskurinn aðalverzlunarvarningur landsmanna.

Eftir að einokunarverzlunin hófst, var íslenzkum kaupmönnum fyrst í stað gert að skyldu, að flytja sem mest af íslenzku afurðunum til Kaupmannahafnar. Þó skyldi þeir mega selja það erlendis, sem umfram yrði neyzlu-

1) Dipl. Isl. I, 315—317.

2) Sjá hér að framan bls. 393. Smbr. Þorkell Bjarnason: Um fiskiveiðar Íslendinga og útlendinga við Ísland að fornu og nýju. Tímar. Bókmfél. IV, 172.

3) »Eigi uilium ver at mikil skreið flytiz heðan meðan hallæri er í landinv«. Dipl. Isl. II, 287 (§ 51).

4) Dipl. Isl. II, 728—729.

þörfina í Danmörku,[1]) og í verzlunarskilmál. 16. des. 1619 (§ 24) er kaupmönnum heimilað, að flytja helming íslenzkra afurða til Vesturhafshafnanna (Hollands og Hamborgar) og Eystrasaltshafnanna (Lybiku, Stralsund, Dantzig etc.), en hinn helmingurinn skyldi jafnan fluttur til Eyrarsundshafnanna (Helsingjaeyrar, Málmeyjar og Kaupmannahafnar).[2]) Skömmu síðar var þó Glückstaður gerður að aðalforðabúri íslenzkra afurða og í verzlunarskilmál. 31. júlí 1662 (§ 7) er kaupmönnum gert að skyldu, að flytja þangað allan fisk, kjöt og feitmeti af Íslandi, en aðrar vörur skyldi þeir mega selja hvar sem þeir vildu.[3]) Þetta hafa þó eflaust þótt nokkuð harðir kostir, enda var oft vikið frá þeim og einstökum kaupmönnum leyft að flytja íslenzkar afurðir beint til annara landa,[4]) og í auglýsingu konungs um íslenzku verzlunina 13. maí 1682 (§ 8) er því meira að segja haldið fram, að kaupmenn eigi helzt að selja íslenzkar afurðir út úr ríkinu,[5]) nema það af fiski, sem konungur og þegnar hans þarfnist til eigin afnota. Skyldi því kaupmenn jafnan hafa fiskinn á boðstólum í Glückstað í 5 daga, en selja hann síðan til annara landa, ef enginn kaupandi gæfi sig fram.[6]) Þetta ákvæði var þó felt niður seinna og látið nægja, að taka 1 % í útflutningsgjald af öllum íslenzkum harðfiski, sem fluttur væri til annara landa frá Kaupmannahöfn eða Glückstað,[7]) og í verzlunarskilmál. 5. maí 1721 (§ 4) er kaupmönnum beint heimilað, að selja allar íslenzkar afurðir til annara landa.[8]) Að eins þegar sérstaklega stóð á, svo sem þegar ófriður geisaði eða hörgull var á einhverju í Danmörku,

---

1) Smbr. Einkal. 28. apr. 1614. Lovsaml. for Isl. I, 175–176
2) Lovsaml. for Isl. I, 198.
3) Lovsaml. for Isl. I, 280.
4) Smbr. t. d. Kgsbr. 6. júlí 1661 og 25. okt. 1662. Lovsaml. for Isl. I, 258–259 og 283–284.
5) Íslenzkar afurðir voru sem sé um þær mundir aðalkaupeyrir Dana við aðrar þjóðir.
6) Lovsaml. for Isl. I, 390.
7) Smbr. Kgsúrsk. 19. des. 1691. Lovsaml. for Isl. I, 499.
8) Lovsaml. for Isl. II, 12–13.

áskildi konungur sér rétt til að kyrsetja íslenzkan fisk og aðrar íslenzkar afurðir í Kaupmannahöfn til þess að tryggja sér og þegnum sínum forkaupsréttinn.[1]) Það sem selt var til annara landa af íslenzkum afurðum, var að jafnaði selt eftir samkomulagi eða við því verði, sem fyrir það fekst í það og það skiftið, en oft og einatt voru þó gerðir fastir samningar við erlend verzlunarhús eða þá hið opinbera (flotamálastjórnina, bæjarstjórnina í Kaupmannahöfn) um kaup á sérstökum íslenzkum vörutegundum og tóku þeir samningar stundum yfir ákveðið árabil.[2]) Aftur á móti voru þær íslenzkar afurðir, sem hafðar voru á boðstólum í Kaupmannahöfn og engum föstum samningum bundnar, oft og einatt seldar við opinbert uppboð[3]) og varð það meira að segja föst venja á dögum Almenna verzlunarfélagsins.[4])

Í öndverðu lögðu Íslendingar enga sérstaka rækt við afurðir sínar og hirtu lítt um að vanda þær, svo konungarnir urðu stundum að taka í strenginn með þetta, eins og réttarbót Magnúsar konungs Eiríkssonar um vaðmálagerð 4. júlí 1329 ber með sér.[5]) Þá ber og verzlunarsamningur Íslendinga við enska og þýzka kaupmenn á alþingi 1527 vott um, að sérstakar kröfur hafa verið gerðar til þess, að harðfiskurinn væri sæmilega verkaður.[6]) Oftast var þó látið reka á reiðanum með þetta fram til þess er einokunarverzlunin hófst. Úr því var farið að ganga miklu ríkara eftir þessu og reynt hvað eftir annað með dómum, konungsbréfum og yfirvaldaskipunum að fá Íslendinga til að vanda betur vöru sína. Var þá oft og einatt sagt mjög

---

1) Smbr. t. d. Kgsbr. 6. nóv. 1678, 20. apr. 1700, 30. sept. 1709, 13. marz og 7. apr. 1711, 14. febr. og 11. des. 1719 o. fl. Lovsaml. for Isl. I, 368—369, 552—553, 668, 677—678, 745—746 og 755—756.

2) Smbr. hér að framan bls. 193 og Oktroi 15. ág. 1763 (§ 11). Lovsaml. for Isl. III, 472—473.

3) Smbr. Fundarsamþ. Almenna verzlunarfélagsins 10. des. 1766. Þjskjs. A. 47 nr. 4.

4) Smbr. Samþyktir félagsins 8. apr. 1774 (§ 14). Lovsaml. for Isl. IV, 64.

5) Dipl. Isl. II, 645.

6) Dipl. Isl. IX, 413.

nákvæmlega fyrir um það, hvernig þær ætti að vera úr garði gerðar til þess að þær yrði sem útgengilegastar. Það virðist þó yfirleitt hafa borið mjög lítinn árangur, því Íslendingar voru fastheldnir við gamlar venjur í því sem öðru og gættu þess eigi, að þeir sköðuðu sjálfa sig fyrst og fremst með þessum óvandaða frágangi. Hinu ber þó eigi að neita, að kaupmenn áttu sjálfir nokkra sök á þessu með gjörræði sínu og dutlungum, því þeir gengu mjög mishart eftir. Stundum voru þeir svo vandfýsnir, að eigi var unt að gera þeim til hæfis, en stundum gleyptu þeir við öllu hvernig sem það var úr garði gert. Verður nánar sýnt fram á þetta og fleira þar að lútandi í greinargerð þeirri, sem hér fer á eftir.

1. *Fiskur.* — Fiskur hafði frá því á 14. öld verið aðalkaupeyrir landsmanna og var það enn á dögum einokunarverzlunarinnar, enda var oftast greiður og góður markaður fyrir hann erlendis hvar sem vera skyldi, ef hann á annað borð var sæmilega verkaður. En því miður var oft og einatt að honum fundið og það fráleitt að ástæðulausu, þó að landsmenn gæti stundum eigi við það ráðið sakir veðráttunnar. Var einkum gert orð á því vestra sunnan Jökuls (í Stapakaupsviði), að »stórkostleg regn til félli og illviðri, sem fiskinn stórlega fordjarfaði.«[1]) Í bréfi til höfuðsmanns 1. júní 1640 segir konungur, að verzlunarfélagið beri sig illa út af því að Íslendingar skeri ekki blóðdálkinn úr fiskinum, svo að honum hætti við að morkna, og er honum falið að kippa þessu í lag.[2]) Í reglugerð eða erindisbréfi kaupmanna frá 8. maí 1646 er það brýnt fyrir þeim (§ 16), að hafa góðar gætur á að harðfiskurinn sé hvorki maltur né slepjaður (kasaður).[3]) Loks er þetta tekið upp í verzlunarskilmálana 1662 og lagt ríkt á við Íslendinga, að vanda sem mest verkun á fiskinum, svo

1) Dómabók Magnúsar lögm. Jónssonar 1690—1692. Bls. 427. (Þjskjs.)
2) M. Ket. II, 427.
3) M. Ket. II, 455. Þessi grein er feld úr erindisbréfinu í Lovsaml. for Isl. I, 231—233.

að hann sé bæði hreinn, óslepjaður og ómaltur (§ 2),[1] og enn er þetta ítrekað í verzlunarskilmálunum 1684 að því viðbættu, að fiskurinn skuli vera ófreðinn og dálkurinn skorinn úr við þriðja lið frá gotraufinni (§ 6).[2] Enn ítarlegar er þó kveðið á um þetta í kaupsetningunni frá sama ári, því þar er tekið fram, að fiskurinn skuli vera vel verkaður og vel hertur, óslepjaður, ómaltur og ófreðinn, blóðdálkurinn úr tekinn sem fyr segir og fiskurinn hnakkakýldur áður en hann harðni um of. Að öðrum kosti voru kaupmenn eigi skyldir til að taka hann sem góða og gilda vöru.[3] Þetta var svo endurtekið hvað eftir annað í verzlunarskilmálunum og í erindisbréfum kaupmanna, en kom þó varla að tilætluðum notum, enda var í framkvæmdinni gengið mjög misjafnt eftir þessu af kaupmanna hálfu. Þegar fram í sótti var þó farið að ganga ríkar eftir, og var sérstaklega á dögum konungsverzlunarinnar fyrri reynt að bæta fiskverkunina. Voru í því skyni látnir eftir menn á aðalhöfnunum til þess að leiðbeina Íslendingum í fiskverkun,[4] og árið 1762 var Haagen kaupmaður skipaður umsjónarmaður fiskiveiða og fiskverkunar á Íslandi.[5] Gerði hann ýmsar ráðstafanir þar að lútandi og fann upp eins konar fiskþurkunargrindur til notkunar á þeim stöðum, er eigi væri um möl eða grjót að ræða, en flestar ráðstafanir hans þóttu fremur óhentugar og sumar jafnvel fráleitar.[6] Lyktaði með því, að Almenna verzlunarfélagið leysti hann frá starfinu og lét þess getið, að það hefði sama sem engan ávöxt borið.[7] Aftur á móti fengu yfirvöldin á Íslandi talsverðu áorkað

1) Lovsaml. for Isl. I, 279.
2) Lovsaml. for Isl. I, 408.
3) Lovsaml. for Isl. I, 424.
4) Kgsúrsk. 5. febr. og 19. marz 1760. Lovsaml. for Isl. III, 383—384 og 387. Smbr. hér að framan bls. 231.
5) Smbr. Kgsúrsk. 3. maí 1762. Lovsaml. for Isl. III, 445—446.
6) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til Holtzens etazráðs 31. ág. 1762. Bréfab. amtm. XIV, 10—13. Þjskjs.
7) Smbr. Ágrip af fundarsamþ. Almenna verzlunarfél. (10. apr. 1765). Þjskjs. A 47 nr. 4.

í þessu efni, þar sem þau beittu sér fyrir því af alvöru. Þannig átti Ólafur Stefánsson amtmaður góðan þátt í að bæta fiskverkun syðra með því að hvetja menn til grjótgarðahleðslu, en þeir þóttu bezt gefast við harðfisksverkun. Lét Magnús amtm. Gíslason þá von í ljósi, að sams konar ráðstafanir yrði gerðar vestra og kvaðst mundu ýta undir það af fremsta megni.[1]) Víst er það, að upp frá því komst betra lag á fiskverkunina og var mjög sjaldan kvartað yfir henni á dögum Almenna verzlunarfélagsins og konungsverzlunarinnar síðari, enda hækkaði þá og íslenzkur fiskur drjúgum í verði erlendis.

Fiskigöngur voru jafnan miklar fyr á öldum hér við land, en auðsælustu fiskimiðin voru þá sem nú fyrir sunnan land og vestan. Vertíðum hagaði nokkuð misjafnlega í veiðistöðum landsins og fór það auðvitað eftir fiskigöngunum. Fyrir sunnan land, í Vestmannaeyjum og Eyrarbakkakaupsviði, var aðalvertíðin frá 28. jan. til 12. maí og fiskaðist sjaldan neitt að ráði eftir það. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu var aðalvertíðin frá 2. febr. til 12. maí, en eftir það var þó löngum talsverður afli um þær slóðir af smáfiski, ýsu, heilagfiski, skötu og steinbít. Við Breiðafjörð voru vertíðirnar tvær, haustvertíð (29. sept.—23. des.) og vorvertíð (10. apr.—12. maí). Á Vestfjörðum var aðalvertíðin frá 10. apr. til 30. júní, en þó var einnig á sumum stöðum útræði bæði haust og vetur og jafnvel góður reitingur á sumrin, auk þess sem hákarlaveiðar voru allmikið reknar um þær slóðir.[2]) Í Strandasýslu og eins norðan lands og austan var útræði nokkurt bæði á sumrin og á haustin, en oftast varð mönnum þó lítið úr sumarafla þar um slóðir sakir heyanna. Flestum íslenzkum rithöfundum á seinni hluta 18. aldar ber saman um, að fiskiveiðum landsmanna hafi hnignað stórum frá því sem áður hafði verið. Um miðja 17. öld var 5 hundraða hlutur talinn

1) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. til Rk. 12. sept. 1764. Bréfab. amtm. XV, 6 7. (Þjskjs.)

2) Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 57—58.

meðal verðiarhlutur sunnan lands, en á seinni hluta 18. aldar þótti þriggja hundraða verðiarhlutur góður afli. Þessu til frekari sönnunar má benda á mismun þann, sem var á útfluttum fiskiafurðum norður- og austurhafnanna á fyrri hluta 17. aldar og seinni hluta hinnar 18. Árið 1625 voru flutt af þessum höfnum 78¼ sk℔ af saltfiski, 131 tunna af söltuðum þorski og rúm 43 hundruð (5180) af svo kölluðum »bunkafiski«. Árið 1655 voru flutt þaðan 70 sk℔ af harðfiski, 141 sk℔ af saltfiski, 57 tunnur af þorski og 50 hundruð (6000) af bunkafiski. Aftur á móti voru á tímabilinu 1764—1783, eða samtals 20 árum, flutt af þessum höfnum 622½ sk℔ af saltfiski og 1725 tunnur af þorski, eða með öðrum orðum hér um bil 31 sk℔ og 86 tunnur að meðaltali árlega. Að sönnu er flutt meira af fiski árlega frá öllum höfnum samtals eftir 1764 en áður hafði tíðkast á 17. öldinni, að svo miklu leyti sem skýrslur ná til,[1]) en það stafar vafalaust bæði af því, að landsmenn lögðu þá meira af fiski sínum inn í kaupstað og notuðu minna af honum til heimilisþarfa en áður, því nú voru matvöruaðflutningar orðnir miklu meiri, sem fyr segir, og svo af hinu, að aflinn af útgerð verzlunarinnar sjálfrar er þá orðinn miklu meiri en áður, því hann fór mjög vaxandi eftir að teknar voru upp dugguveiðar á dögum Almenna verzlunarfélagsins.[2]) Órækasta sönnunin fyrir því, að fiskiveiðar hafa verið betur stundaðar af hálfu landsmanna á fyrri hluta 17. aldar, en á seinni hluta hinnar 18., er þó það, að þá fluttist mun meira af skipavið og veiðarfærum til landsins, eins og ljóst verður af samanburði á aðfluttum vör-

---

1) Smbr. Jón Eiriksson: Om den bedste Handels-Indretning for Island. Kbh. 1783. II. Tavle. Bls. 54—55.

2) Áður fyrri höfðu hásetar á verzlunarskipunum verið látnir stunda fiskiveiðar á sumrum á skipsbátunum og höfðu þeir stundum aflað talsvert. Þannig segir í skjali einu frá Hörmangarafélaginu, að árið 1755 hafi aflast jafnmikið í Vopnafirði á skipsbátinn einan frá 28. júlí til 12. ágúst eins og allir búendur í kaupsviðinu lögðu inn í kaupstaðinn frá 19. júlí til ágústmánaðarloka. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti (1711—1911) eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 140.

um árið 1630 og árið 1772 t. d.[1]) Það er bágt að segja með vissu, hvað valdið hafi þessari hnignun á sjósókn og aflabrögðum landsmanna. Að líkindum hafa ástæðurnar verið margar. Í lok 17. aldarinnar og byrjun hinnar 18. lagðist fiskur alveg frá í mörgum veiðistöðum landsins árum saman, svo að fjöldi manna flosnaði upp við sjóinn og hjáleigur og þurrabúðir lögðust í eyði.[2]) Á árunum 1707—1708 geisaði Stórabóla víða um land, sem kunnugt er, og var hin mannskæðasta, ekki sízt í sjóþorpunum sunnan lands og vestan. Þetta hvorttveggja olli því, að sjávarbændur áttu örðugra með að fleyta skipum sínum vegna fólkseklu og tóku þá upp á því að minka fleyturnar. Á 17. öldinni og þar áður höfðu 12-æringar og 10-æringar verið algengastir, en á fyrri hluta 18. aldar voru mest notaðir áttæringar og sexæringar og þaðan af minni fleytur (fjögra- og tveggjamannaför), einkum í Gullbringusýslu.[3]) Hefur þetta auðvitað dregið talsvert úr aflanum, en á seinni hluta aldarinnar fór þó aftur að rétta við smám saman.[4])

Íslendingar höfðu frá alda öðli vanist á að herða fisk sinn í stað þess að salta hann, og enn á dögum einokunarverzlunarinnar var *harðfiskurinn* aðalvarningur landsmanna sem fyr segir. Verkunaraðferðirnar voru þó nokkuð misjafnar og varð oft og einatt rekistefna út af því. Aðalatriðið var að koma í veg fyrir það, að fiskurinn yrði slepjaður, maltur eða morkinn. Fiskur sá, er aflaðist á vetrarvertíðinni, var slægður og kviðflattur jafnskjótt og hann kom á land, eins og venja er til, og síðan lagður í kös og látinn eiga sig fram til páska eða fram í miðjan

---

1) Smbr. Fylgiskjal 4 og Jón Eiríksson: Om den bedste Handels-Indretning for Isl. Tavle III. Bls. 104—105.

2) Smbr. hér að framan bls. 151—153.

3) Beskriv. af Island 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 33 fol. Bls. 83—86.

4) Þeir Magnús amtm. og Ryberg verzlunarstjóri gerðu sér báðir mikið far um að ýta undir fiskiveiðar landsmanna á dögum konungsverzlunarinnar fyrri og má því til sönnunar benda á kgsbr. 28. febr. 1758 (Lovsaml. for Isl. III, 291—295) og Bréf Rybergs til Magnúsar amtm. á árunum 1760—1762 (Þjskjs. A nr. 4).

aprílmánuð. Hitt, sem aflaðist frá páskum til vorvertíðarloka, var hert jafnóðum. Ef frost gengu og þurviðri, hélt fiskurinn sér vel í kösinni, en í vætum eða umhleypingum hætti honum við að slepja og varð þá að jafnaði eigi sem útgengilegastur, ef nokkur veruleg brögð voru að skemdunum. Þó bætti það nokkuð úr skák, ef hann var þveginn vel úr sjó um leið og hann var tekinn úr kösinni. Því næst var hann breiddur til þerris á möl eða grjótgarða og látinn harðna lítið eitt og síðan lagður í gisna smáhlaða, svo að vindurinn næði sem bezt að leika um hann. Þegar hann var vel á veg kominn í herzlunni var hann kýldur og hnakkakúlurnar dregnar upp á band og hertar sér í lagi. Annars var fiskurinn sjaldan fullhertur fyr en í júnímánaðarlok. Ef svo illa vildi til, að fiskurinn varð maltur í herzlunni, tóku sumir það ráð að leggja hann í þanghlaða til geymslu vetrarlangt, og varð hann þá stundum útgengilegur í kaupstað árið eftir.[1]) Þetta var algengasta verkunaraðferðin, að minsta kosti sunnan lands og við Ísafjarðardjúp. Var það kallaður *malflattur* eða *kviðflattur fiskur*, á dönsku *Platfisk*, er verkaður var á þennan hátt.[2]) Sumstaðar tíðkaðist þó sú aðferð, einkum vestra, að herða fiskinn á rám í trönum eða hjöllum, og var hann því kallaður *ráskerðingur*, á dönsku *Rotskiær* eða *Rodskær*.[3]) Hefur hann stundum að því er virðist verið þaninn út með spelkum eins og lax í reykingu til þess að hann legðist eigi saman og harðnaði fyr, og var þá kallaður *Spillefisk* eða *Spilefisk* á dönsku,[4]) en í rauninni er það hvorttveggja ein og sama tegundin. Um þetta var ekkert fengist að því er frekast verður séð, enda var þá eigi hætt við að fiskurinn yrði sendinn, eins og annars þótti við brenna þar sem lítið var um möl eða

1) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fógeta. J. Sig. 10 fol. Bls. 74—75.

2) Smbr. Alþb. 1687 nr. 12 og Lovsaml. for Isl. IV, 325 og 345.

3) Lovsaml. for Isl. IV, 325 og 345. Smbr. Kalkar: Ordbog t. d. ældre Danske Sprog.

4) Smbr. Fylgiskj. 6.

grjót í verstöðunum. En á árunum 1680—1690 tóku Snæfellingar upp á því að hnakkafletja fiskinn og herða síðan á rá. Varð hinn mesti úlfaþytur út af því, og hvernig sem á því hefur staðið, þá fekk þessi *hnakkaflatti fiskur*, eða *Hængefisk* sem Danir kölluðu,[1]) hið versta orð á sig erlendis. Kærðu kaupmenn þetta fyrir konungi og kváðust ekki með nokkru móti geta komið honum af sér í Glückstað eða Hollandi, nema með talsverðum afföllum, svo konungur lét það boð út ganga 5. febr. 1687, að Snæfellingar yrði að fletja og verka fiskinn eins og tíðkast hefði að undanförnu, ella mætti þeir eiga von á því, að hann yrði eigi tekinn nema með afföllum.[2]) Þessu var þó enginn gaumur gefinn og ritaði þá konungur amtmanni, landfógeta og lögmönnum báðum 7. apr. 1691 og spurði hverju þetta sætti, og hvernig heppilegast mundi að ráða bót á því.[3]) Niðurstaðan varð sú, að Snæfellingum var gert að skyldu að hlaða grjótgarða til fiskþurkunar, þar sem því yrði við komið, og þverbannað að leggja meira inn af hnakkaflöttum fiski en til þriðjunga við annan fisk. Það sem fram yfir kynni að verða skyldi tekið með afföllum og bætt kaupmönnum upp í viðskiftunum með 2 fjórð. á hverja vætt.[4]) Þrátt fyrir þetta héldu Snæfellingar áfram að verka fiskinn á þennan hátt og létu það eigi á sig fá, þótt þeir fengi stórum minna fyrir hann hnakkaflattan en kviðflattan.

Þetta voru aðalharðfisktegundirnar ef litið er til verkunaraðferðarinnar. En í viðskiftunum var harðfiskurinn auk þess flokkaður eftir stærðinni og það jafnan tilgreint á vöruskránum. Þannig var vertíðarþorskurinn jafnan kallaður *Grov Platfisk* eða *Grov Hængefisk*,[5]) stútungurinn

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 325 og 345.
2) Lovsaml. for Isl. I, 464—465.
3) M. Ket. III, 249. Lovsaml. for Isl. I, 497—498.
4) Smbr. Kgsbr. 11. apr. 1693. M. Ket. III, 253. Lovsaml. for Isl. I, 507—508.
5) Í Gullbringusýslu var það trú manna, að þvi er Skúll fógeti segir, að þorskurinn færi 6 hringferðir um landið, eina á hverju ári, áður en hann næði fullri stærð, og var hann þá kallaður *golþorskur*. Smbr. Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu. J. Sig. 10 fol. Bls. 46.

Middel-Platfisk og *Middel-Hængefisk* og þyrsklingurinn *Plat-Titlinger, Hænge-Titlinger* eða *Spile-Titlinger* eftir verkunaraðferðinni. Enn eru tilgreindar á vöruskránum *hertar ýsur* (Plat-Kuller) og *hertar löngur* (Plat-Langer) sem sérstakar tegundir, og tíðkaðist sú gilding á þeim, að 10 hertar ýsur voru lagðar til jafns við 4 herta vertíðarþorska, en 2 löngur hertar til jafns við einn vertíðarþorsk.[1]) Flokkunin á verzlunarfiskinum varð æ ítarlegri og margbrotnari eftir því sem lengra dró fram á 18. öldina og var að lokum gerður greinarmunur á 19 mismunandi tegundum af harðfiski.[2]) Þó að kaupmenn væri að jafnaði áfjáðastir í harðfiskinn af öllum íslenzkum afurðum, þá fór því samt fjarri, að þeir léti sér á sama standa um frágangínn á honum, enda fór verðið erlendis mjög eftir verkuninni. En því miður beittu þeir stundum hinu mesta gjörræði í matinu eða gildingunni, sem fyr segir, og bökuðu mönnum oft stórtjón að óþörfu með vandfýsni sinni, ekki síst þegar mikið barst að af fiskinum.[3]) Á dögum lausakaupmanna bar það oft við, að fiskur sá, er gerður var afturreka á einni höfninni, var orðalaust tekinn á á þeirri næstu, svo að úrvalið hefur þá sýnilega verið nokkuð af handahófi.[4]) Eftir að verzlunarfélögin komu til skjalanna aftur á ný, var þó að öllum jafnaði enn þá nær gengið í úrvali á fiskinum, enda voru þá kaupmönnum öllum lagðar sömu lífsreglurnar. Fengu menn einkanlega að kenna á því á dögum Hörmangarafélagsins, því kaupmenn voru þá oftast nær fram úr hófi vandfýsnir, og segir

1) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu. J. Sig. 10 fol. Bls. 48—49.

2) Smbr. Skrá yfir útfluttar íslenzkar vörur 1764—1783. Þjskjs. A 33 j.

3) Þessu er mjög átakanlega lýst í skjali einu á dönsku frá miðri 17. öld. eða þar um bil, og er auðsætt af því, að snemma hefur bólað á þessum annmörkum. Kemst höf. svo að orði um þetta: »Dernest naar Bonden til Kiöbsteden med en Andell Fisch ankommer och dermed menner att kiöbe til sin Nödtörfftighed saa meget hannem behöffuer ock hand Penninge thil haffuer, bliffuer Fischen for hannem saa wlidelig wdschutt, att hand Halffdellen der aff och wndertiden dj tho Parter maa tage thil bage igien och der wdoffuer baade maa miste det hand thil sin Nödtörfft wille kiöbe, saa och samme sin vdschudne Fisch om Vintterne och forrodne«. Smbr. Memoriall anlangende dett Jsslandsche Compagnies storre Misbrug etc. D. Kanc. Blandede Akter B (Islandsk Handel). Rskjs.

4) Smbr. Dæmið af sr. Hannesi í Arnarbæli í A. M, Embskr. Bls. 150.

Bjarni sýslumaður Nikulásson ljótt af því í lýsingu Skaftafellssýslu árið 1744. Farast honum orð á þessa leið: »Hvað fólksins kauphöndlun við kemur, hefur það að reisa til Eyrarbakka kaupstaðar 40 mílur til og frá, en enginn á styttra en yfir 30, yfir stór og mörg vatnsföll. Hefur það svo ei annað að láta fyrir sína nauðþurft en það sem það verður að taka af sinni lífsnæringu, sem er fám sauðum og fiskkorni þá þeir það hafa, er þó ei tekið af bændum mörgum hverjum ekki helftin eða þriðjungurinn og oft og tíðum af einum 100 fiskum 20, 30 eða 40 fiskar, en hinu er burt kastað af kaupmannsfólkinu, er beygt, sveigt og brotið, fleygt svo til þeirra aftur hvernig sem bændur biðja það sé af sér tekið, fleygja svo eins góðum fiski og þeir taka, mega svo bændur hrekjast aftur til baka yfir fyr téð ófæru eður lítt færu vötn með þetta eður fá það þar í burtu fyrir hálfvirði Íslenzkum, ná svo ei þriðjungi auk heldur meir af nauðþurft sinni, mega og ei heldur selja þennan fisk, sem kaupmannsfólkið fleygir frá stakknum, undirfólkinu því danska, hvað áður varð þó innbyggjurunum að stóru gagni áður Kompagníið inn kom, svo þetta er stór þrenging fyrir fátækt fólk«.[1]) En fátt er svo með öllu ilt, að ekki boði nokkuð gott. Þessi vandfýsni kaupmanna hefur vafalaust kent mönnum að vanda betur verkun á fiskinum og átt sinn þátt í því, að fiskverðið hækkaði til muna á seinni hluta 18. aldar.

Það mun hafa viðgengist fyr á öldum, að Þjóðverjar og Englendingar keypti *blautan fisk* af Íslendingum á vorin og sumrin og söltuðu hann til útflutnings.[2]) Á dögum einokunarkaupmanna hélzt og sú venja, að taka blautan fisk í kaupstöðum á vorin, og var þá að jafnaði sú gilding á honum, að 3 ýsur vænar og vel hreistraðar voru látnar

1) Þjskjs. A 70 I, 1.

2) Pannig er í skjali einu þýzku getið um »5000 soltefisch unnd 80 solten lungen, die in der kopstede gekhofft syn». (Baasch: Islandsfahrt. Bls. 72 nm.) Í öðru þýzku skjali frá 1532 er því haldið fram, að Englendingar flytji af Íslandi blautan fisk, er þeir afli sjálfir (»natten visck, denn sze sulvest visckeden«. S. st. Bls. 129).

jafngilda 2 þorskum, löngurnar aftur á móti lagðar að jöfnu við þorskinn og 5 ℔ af nýjum skötubörðum látin jafngilda 2 ℔ af þorski.[1]) Fisk þann, er keyptur var blautur eða aflaðist á útveg kaupmanna sjálfra á sumrin, sölt-uðu þeir niður í tunnur, að minsta kosti á 17. öldinni og framan af hinni 18., og gengu þá mjög vandlega frá allri verkun á honum, enda þótti hann ágætur til neyzlu og var í háu verði erlendis. Þessa tegund af söltuðum fiski kölluðu Danir *Kabliau* eða *Labberdan*[2]) og var hann flokkaður eftir stærðinni. Það var heldur eigi sjaldgæft, að danskir menn, sem eigi ráku verzlun á Íslandi, fengi leyfi til fiskiveiða við strendur landsins, og var fiskurinn þá saltaður jafnóðum í búlka.[3]) Þegar fram í sótti fóru kaupmenn að verka saltfisk á líkan hátt og nú tíðkast og flytja hann út þurkaðan. Söltuðu þeir hann fyrst niður í stórt kerald og létu hann liggja í pækli í 3 sólarhringa, skoluðu hann því næst vandlega og dyfu honum á ný ofan í saltlög. Því næst var hann breiddur til þerris á daginn, en látin liggja í stakk á nóttunni undir svo miklu fargi, sem frekast varð á hann hlaðið. Var 8 daga þurkur talinn nægja, ef vel viðraði, en 16 daga átti fiskurinn að liggja undir fargi aukreitis, svo að verkunin tók alls 24 daga. Þetta var kölluð *dönsk verkun* (Köbenhavns-Gading).[4]) Annars horfði svo við fyrir mörgum landsmönnum, að þeir gátu eigi komið af sér sumaraflanum jafnóðum, af því að þeir bjuggu of langt frá kaupstaðnum, eða þá að gilding á blautum fiski var svo slæm í kaupstaðnum, að þeim þótti varla borga sig að leggja fiskinn inn. Hér var því úr vöndu að ráða, því harðfiskur verkaðist illa í

---

1) Lýsing Gullbr.-og Kjósarsýslu 1785. J. Sig. 10 fol. Bls. 48—49.

2) Smbr. *Maade at nedsalte Kabliau paa.* Bréfab. stiftamtm. I, 111 (Þjskjs.)

3) Smbr. orðatiltækið »at salte udi Banke«. Er af því dregið nafnið *Bankefisk* eða *Bunkefisk*, þ. e. búlka- eða bunkafiskur (M. Ket. III, 148 og 261 og Lovsaml. for Isl. I, 268 og 336). Stundum var slíkur fiskur kallaður *Bakkelav* og er það nafn víst dregið af veiðarfærinu, eins konar lóð, sem kölluð var á dönsku *Bakke.*

4) Lýsing Gullbr. og Kjósarsýslu 1785. J. Sig. 10 fol. Bls. 75—76. Smbr. *Maade at virke Klipfisk paa.* Bréfab. stiftamtm. I, 110—111. (Þjskjs).

sumarhitunum og hætti við að morkna og maðka. Veitti oft og einatt fullerfitt að gera úr honum nýtilegan matfisk, hvað þá heldur verzlunarfisk. Ekki gátu þeir heldur saltað hann, af því að þeir fengu ekki salt í kaupstöðunum nema af mjög skornum skamti. Segir Skúli fógeti berum orðum, að það hafi í gamla daga verið brýnt fyrir kaupmönnum í erindisbréfum þeirra, *að aftra landsmönnum frá að salta kjöt og fisk.*[1]) Íslendingar hafa víst alment litið svo á, að þetta væri gert til þess að neyða fiskinn blautan út úr þeim við því verði og þeirri gildingu, sem kaupmönnum sjálfum þóknaðist, en hitt er þó fult eins líklegt, að kaupmönnum hafi að minsta kosti meðfram gengið það til, að þeir voru hræddir um að Íslendingar mundu skemma fiskinn í meðferðinni, ef þeir færi að verka hann sjálfir.[2]) Þetta hörfði þó sýnilega til hinna mestu vandræða og átti víst drjúgan þátt í því, að fiskiveiðar lögðust mjög niður að sumrinu til bæði norðan lands og austan, sem fyr segir. Þess vegna var og tekin upp sú nýjung á dögum konungsverzlunarinnar fyrri, að láta eftir verzlunarþjóna á flestum aðalhöfnum landsins til þess að kenna mönnum saltfisksverkun, og bæði Skúli fógeti, Magnús amtmaður o. fl. merkir menn lögðu kapp á að greiða fyrir því, enda fór hún smám saman í vöxt hér á landi á seinni hluta 18. aldar. Var sú verkunaraðferð, *Terraneufsverkun*, er svo var kölluð, dálitið frábrugðin þeirri, sem kaupmenn tíðkuðu mest og getið er hér að framan, því fiskurinn var saltaður í stafla eða kös, en ekki ílát, svo að lögurinn rann af honum jafnharðan. Lá hann oft í kösinni vetrarlangt og var eigi tekinn til verkunar fyr en vorið eftir. Síðan var hann þveginn og þurkaður sem fyr segir, en eigi fergður nema lítið eitt, og fekk hann brátt mikið orð á sig suður í löndum og komst í hátt verð.[3])

1) Beskriv. af Island 1785. J. Sig. 33 fol. Bls. 86.

2) Þess vegna var og Íslendingum, jafnvel löngu eftir að þeir voru farnir að verka saltfisk, bannað að salta vertíðarfiskinn, enda var hann æfinlega í góðu verði hertur. Smbr. Kaupsetn. 1776. Lovsaml. for Isl. IV, 326 og 345.

3) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785. J. Sig. 10 fol. Bls. 176.

Af þurkuðum saltfiskstegundum, sem fluttar voru út á dögum einokunarkaupmanna, er getið um *saltþorsk* (Klipfisk), sem aftur var flokkaður eftir stærðinni, *saltaða löngu* (Klip-Langer), *saltýsu* (Klip-Kuller) og *saltskötu* (Klip-Rokker).[1]) Þorskurinn var þá jafnan kýldur og *hnakkakálurnar* taldar sér í flokki (Klip-Nakker). *Lax* var þá eigi reyktur, heldur saltaður niður í tunnur, en að jafnaði var þó mjög lítið af honum flutt.[2]) Að eins örsjaldan er getið um *saltað heilagfiski* (saltede Luder eða Luber) og *saltaða kjamma* (Klip-Hoveder) og hefur það að líkindum verið hreinasta undantekning.[3])

Meðan einokunarverzlunin stóð framleiddu Íslendingar jafnan miklu meira af harðfiski en saltfiski, en hlutfallið tók þó nokkuð að breytast þegar dró fram á 18. öld. Árið 1655 er flutt 27 sinnum meira af harðfiski en saltfiski, en á árunum 1733—1742 er harðfisksútflutningurinn ekki nema 10 faldur á móts við saltfisksútflutninginn.[4]) Á seinni árum Almenna verzlunarfélagsins fóru saltfisksútflutningar mjög í vöxt, en þó einkum á dögum konungsverzlunarinnar síðari. Voru þá að lokum saltfisksútflutningar farnir að jafnast nokkuð á við harðfisksútflutningana, ef tunnufiskur er talinn með.[5]) Á dögum einokunarverzlunarinnar fór úrvalið af íslenzka harðfiskinum til Þýzkalands, þorskurinn til Hamborgar (Grov Platfisk, Hamborgar-Gading), en stútungurinn til Dantzig (Middel-Platfisk, Dantziger-Gading).[6]) Smáfiskur og ýsa seldist mest í Danmörku og á Norðurlöndum. Saltfiskurinn var aftur á móti, að und-

1) Saltskata seldist eingöngu til fátæklinga í Kaupmannahöfn, enda var hún og í lágu verði. Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. (J. Sig. 37 fol.)

2) Á seinni hluta 18. aldar var þó af verzlunarinnar hálfu reist hús til laxasöltunar í Borgarfirðinum. Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)

3) Smbr. Thott 1297 fol. Bls. 197 og 199 (Lbs 322 fol. Bls. 97 og 99).

4) Smbr. Fylgiskj. 5 og 6.

5) Smbr. Jón Eiríksson: Om den bedste Handels-Indretning for Island. Kbh. 1783. II. Tavle. Bls. 54—55.

6) Lovsaml. for Isl. IV, 67. Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 264.

anteknum tunnufiskinum, seldur nær eingöngu til Spánar, Suðurfrakklands og Ítalíu þegar dró fram á seinni hluta 18. aldar.[1])

2. *Lýsi, hrogn og hvalafurðir.* — Af öðrum sjávarafurðum var *lýsið* langútgengilegast og voru kaupmenn mjög áfjáðir í það, enda græddu þeir oftast mikið á því. Þannig gáfu þeir á dögum Almenna verzlunarfélagsins 180 fiska eða 4 rd. 16 sk. kúrant fyrir tunnuna af þorskalýsi og 280 fiska eða 6 rd. 21½ sk. kúrant fyrir tunnuna af hákarls- og selslýsi,[2]) en fengu að meðaltali á árunum 1764—1773 fyrir hana erlendis 14 rd. 3 mk. Á árunum 1774—1783 fengust að meðaltali 17 rd. 4 mk. 8 sk. fyrir lýsistunnuna erlendis,[3]) enda var þorskalýsið hækkað upp í 7 rd. 12 sk. og hákarls- og selslýsið upp í 8 rd. 68 sk. í kaupsetningunni 1776. Var það tekið fram, að lýsið skyldi vera tært og hreint og engar dreggjar í því. Lýsisútflutningarnir fóru auðvitað alloftast mikið eftir fiskiaflanum, en þó gat verið nokkur mismunur á því eins og gefur að skilja, þar sem allmikið af lýsinu stafaði frá hvalaveiðum, selaveiðum og hákarlaveiðum, sem eigi fóru ávalt eftir fiskiaflanum. Þannig voru árið 1630 eigi flutt út nema 2823 sk℔ af harðfiski, 207 sk℔ af saltfiski og 142 tunnur af söltuðum þorski, en 1445 tunnur af lýsi. Aftur á móti voru árið 1734 flutt út 5885 sk℔ af harðfiski, 812 sk℔ af saltfiski og 644 tunnur af söltuðum þorski, en ekki nema 464 tunnur af lýsi.[4]) Í skrá yfir útfluttar íslenzkar afurðir 1764—1783 er gerður greinarmunur á 6 mismunandi tegundum af lýsi, *þorskalýsi, háfslýsi, andarnefjulýsi, hvalslýsi, hákarlslýsi* og *selslýsi.*[5]) Lýsið var áður fyrri mjög notað til götuljósa erlendis, því í flestum stórborgum voru þá grútarljósker á strætunum.

---

1) Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 36 o. v.
2) Smbr. Oktroi 15. ág. 1763 (§ 29). Lovsaml. for Isl. III, 482.
3) Smbr. Skrá yfir útfluttar íslenzkar afurðir 1764—1773. Þjskjs. A 33 j.
4) Smbr. Jón Eiríksson: Om den bedste Handels-Indretning for Isl. Kbh. 1783. II. Tavle (Bls. 54—55).
5) Þjskjs. A 33 j.

Voru stundum gerðir samningar til margra ára í senn við bæjarstjórnina í Kaupmannahöfn um sölu á svo og svo miklu lýsi árlega til strætaljóskeranna.[1])

Um *hrogn* eða *gotu* sem verzlunarvöru er fyrst getið árið 1660 svo kunnugt sé, því þá fekk Jónas Trellund 20 ára einkaleyfi til gotukaupa hér á landi.[2]) Hann var sem fyr segir búsettur í Amsterdam um þær mundir og virðist hafa verið miklu framtakssamari en dönsku kaupmennirnir. Gerðu þeir alt sem í þeirra valdi stóð til þess að spilla fyrir honum og töldu einkaleyfi hans koma í bág við hagsmuni félagsins.[3]) Eftir hans dag féll þessi vörutegund aftur úr sögunni og er hennar hvorki getið í kaupsetn. 1684 né 1702 og ekki heldur í skrá yfir útfl. íslenzkar afurðir 1733—1742. Á seinni hluta 18. aldar fóru þó kaupmenn aftur að slægjast eftir henni og var það eitt af því, sem Almenna verzlunarfélagið taldi sér til gildis, að það hefði kent Íslendingum að hagnýta sér gotuna í viðskiftum sínum og greitt fyrir sölu á henni erlendis.[4]) Þetta kann nú að vera satt, en hvorra þægðin var meiri, Íslendinga eða einokunarkaupmanna, er auðsætt af því, að innkaupsverð gotunnar á Íslandi var 2 rd. fyrir tunnuna eftir kaupsetningunni 1776 og líklega enn þá minna á dögum Almenna verzlunarfélagsins, en útsöluverðið erlendis 10 rd. upp og ofan á árunum 1764—1783, svo hagnaðurinn var því nær allur öðrum megin.[5]) Gotuútflutningar voru þó eigi miklir um þær mundir, enda var Íslendingum bannað að verka hana sjálfir. Skyldi þeir leggja hana nýja inn í kaupstaðinn og var svo fyrir mælt, að skálmarnar ætti að vera heilar og hrognið rautt að lit, hart og eigi gotið.[6]) Gotan var mest seld til Nantes á Frakklandi og notuð til

1) Smbr. Oktroi 15. ág. 1/63 (§ 11). Lovsaml. for Isl. III, 472.
2) M. Kot. III, 74--75. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 255--256.
3) Smbr. hér að framan bls. 112--113.
4) Smbr. Bréf verzlunarfelagsstjórnarinnar til Rk. 11. sept. 1772. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 14. nóv. 1772. Þjskjs. A 120.
5) Smbr. Skrá um útfl. íslenzkar afurðir 1764--1783. Þjskjs. A 33 j.
6) Lovsaml. for Isl. IV, 326 og 346.

sardínuveiða.[1]) — *Sundmagar* voru þá eigi keyptir eða fluttir út svo getið sé, en þó var kaupmönnum farið að verða það ljóst í það mund, er einokunarverzluninni lauk, að þeir væri allverðmætir og að unt væri að gera sér miklu meira úr þessum tveim vörutegundum, en gert hefði verið að undanförnu. Telst Pontoppidan svo til, að vel megi hafa 50—60,000 rd. árlega upp úr gotu og sundmögum á Íslandi, ef skynsamlega sé með það farið.[2])

Af hvalafurðum eru auk lýsisins að eins talin *hvalskíði* (Hvalbarder), og fluttist þó nokkuð af þeim þegar dró fram á 18. öldina. Á árunum 1733—1742 fluttust þau eingöngu úr Austfjörðum,[3]) en á seinni hluta aldariunar mest af Suður- og Norðurlandi. Eftir kaupsetningunni 1776 voru gefnir $5^1/_2$ sk. fyrir pundið á Íslandi, en í útsölu erlendis fengust 6 rd. 3 mk. 3 sk. fyrir 100 ℔.[4])

3. *Kjöt og feitmeti.* — Af landbúnaðarafurðum Íslendinga var *kjötið* aðalvarningurinn, en kaupmenn voru þó aldrei líkt því eins áfjáðir í það eins og í sjávarafurðirnar og feldu það niður úr fornu gildi eftir að einokunarverzlunin hófst, svo að landsmenn kvörtuðu sáran yfir því, að þeir fengi miklu minna fyrir fé sitt og nautgripi í kaupstöðunum, en það gengi kaupum og sölum meðal þeirra sjálfra á landsvísu. Eins og kunnugt er var nautgriparæktin talsvert meiri fyr á öldum í samanburði við sauðfjárræktina, en nú gerist, einkum geldneytarækt, og voru gamlir uxar lengi vel taldir metfé á meðal landsmanna sjálfra. Í kaupsetn. 1619 er 7—8 vetra gamall uxi vel feitur lagður með húðinni á 300 fiska gegn uppskrúfuðum útlenzkum varningi eftir prjónlesreikningi, og þóttu það með réttu smánarkjör, því í innanlandsviðskiftum gengu þeir á 220 áln. eða 440 fiska eftir Búalögum. Þó voru kaupmenn ekki ánægðir með þetta og fengu því

1) Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 134—135 og 261.
2) Handels-Magazin for Isl. I, 263.
3) Smbr. Fylgiskj. 6.
4) Smbr. Skrá yfir útfl. íslenzkar afurðir 1764—1783. Þjskjs. A 33 j.

ráðið, að uxar voru ekki verðlagðir í seinni kaupsetningunum, heldur mælt svo um, að þeir skyldi teknir eftir samkomulagi. Var það eflaust því að kenna, að uxarnir þóttu oft og einatt fremur rýrir, sem eigi var að furða. Á sumum stórbýlum var allmikið af geldneytum og var þeim að öllum jafnaði beitt á gaddinn meira eða minna. Svo hefur að minsta kosti verið með landnaut Skálholtsstaðar, er svo voru kölluð, eða fóðurnaut þau, er staðurinn átti hjá landsetunum til og frá og skyldaði þá til að fóðra, enda neituðu Eyrarbakkakaupmenn stundum að taka þau í skuldir staðarins og féllu þau ósjaldan unnvörpum, ef hart var í ári eða fár í nautgripum.[1]) Árið 1735 gerðu landsmenn tilraun til að koma aftur ákveðnu verði á uxana, en kaupmenn spornuðu við því af áðurgreindum ástæðum, enda var þá svo komið, að Íslendingar voru að mestu hættir að leggja stund á geldneytarækt.[2]) Annars var ávalt á dögum einokunarkaupmanna flutt miklu meira út af *sauðakjöti* en *nautakjöti*. Þannig voru t. d. árið 1624 fluttar út 2537½ tunna af sauðakjöti, en 184 tunnur af nautakjöti, árið 1630 946½ tunna af sauðakjöti, en 163½ tunna af nautakjöti og árið 1655 1087 tunnur af sauðakjöti, en ekki nema 128 tunnur af nautakjöti.[3]) Seinna varð þó mismunurinn enn þá miklu meiri. Á árunum 1733—1742 voru þannig fluttar út 39270 heilar og 111 hálfar tunnur af stórbrytjuðu sauðakjöti og 2234 heilar og 7676 hálfar tunnur af spaðbrytjuðu sauðakjöti, eða samtals um 45818 heilar tunnur af sauðakjöti, en ekki nema 1129 tunnur af nautakjöti. Þetta nemur árl. hér um bil 4580 tunnum af sauðakjöti og 112 tunnum af nautakjöti og sýnir það bezt mismuninn. Á þessum áratug voru einnig fluttar út 143 tunnur af söltuðum *sauðatung-*

1) Smbr. Bréfab. Gísla bisk. Oddssonar. Lbs. 1645, 4to. Bls. 429—430.

2) Smbr. Álitsskjal kaupmanna 5. apr. 1737 út af tillögum Orms sýslum. Daðasonar o, fl. Þjskjs. A 42.

3) Smbr. Fylgiskj. 3, 4 og 5.

um.[1]) Á seinni árum Almenna verzlunarfélagsins tók mjög fyrir útflutning á sauðakjöti vegna fjárkláðans, sem þá geisaði víðs vegar um land, og dró meira og meira úr honum, unz hann á dögum konungsverzlunarinnar síðari komst niður í 156 tunnur árið 1777 og 184 tunnur árið 1778.[2]) Aðalmarkaðurinn á íslenzka kjötinu var í Kaupmannahöfn. Gekk mikið af því bæði til hers og flota og var það stundum látið koma upp í afgjaldið af íslenzku höfnunum, en annars voru það einkum fátæklingar, sem keyptu það sér til matar. Um eitt skeið voru kaupmenn samningum bundnir við stjórnina, að selja henni $^3/_4$ hluta af íslenzka kjötinu fyrir ákveðið verð, 6 rd. 4 mk. tunnuna. Aftur á móti fengu þeir í útsölu 10 og 11 rd. fyrir tunnuna af hinu, sem umfram var.[3]) Íslenzka sauðakjötið þótti taka flestu kjöti fram að gæðum,[4]) en þó var um eitt skeið, laust eftir 1730, mjög erfitt að koma því út í Kaupmannahöfn. Var það einkum því að kenna, að mikið fluttist þá af józku kjöti til Kaupmannahafnar og spilti það fyrir sölunni á hinu, því það var mun ódýrara, enda líka bæði verra og ódrýgra að því er íslenzku kaupmennirnir sögðu.[5]) Bar það við í eitt skifti að minsta kosti, að kaupmenn urðu að flytja saltkjötið aftur til Íslands og selja þar við litlu verði eða jafnvel gefa fátæklingum nokkuð af því.[6])

Eftir öllum rökum að dæma hefur *smjör* fyr á öldum verið flutt til Íslands frá öðrum löndum, þó að ólíklegt megi þykja.[7]) En eftir að einokunarverzlunin hófst verður

---

1) Smbr. Fylgiskj. 6.

2) Smbr. Jón Eiriksson: Om den bedste Handels-Indretning for Isl. Kbh. 1783. II. Tavle. (Bls. 54--55).

3) Smbr. Bréf kaupm. til Rk. 31. des. 1772. Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 3. apr. 1773. Þjskjs. A 121. *Sauðatungurnar* seldust þá á 12 rd. tunnan.

4) Smbr. Bréf isl. kaupmannanna til verzlunarfélagsstjórnarinnar 9. jan. 1740. Þjskjs. A 42.

5) Smbr. Bréf þeirra til Rk. og Sötatens Generalkommissariat 1731. (Lbs. 92 fol.)

6) Smbr. Deduction over den isl. Handels Beskaffenhed etc. Þjskjs. A 151 nr. 5.

7) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 87 og 93. Smbr. Kaupsetn. Magnúsar prúða. J. Þorkelsson: Saga Magnúsar prúða. Kmh. 1895. Bls. 86.

sú breyting á, að smjör flyzt út úr landinu og það stundum að talsverðum mun. Þannig flytjast 663 tunnur árið 1624, 334½ tunna árið 1630, 145 tunnur árið 1655 og árin 1733—1742 samtals 14 heilar tunnur, 719 hálfar tunnur og 399 kvartel af smjöri.[1]) Smjörverkun landsmanna var þó jafnan mjög ábótavant, því að bæði hætti þeim við að grauta saman kúasmjöri og sauðasmjöri, fara óhreinlega með það og geyma það þangað til það var orðið súrt og gráðað. Var það því oft og einatt gert afturreka og æfinlega í lágu verði á móts við annan varning. Á dögum konungsverzlunarinnar fyrri tóku kaupmenn eigi smjör, nema því að eins að það væri saltað af strokknum og lagt sem fyrst inn í kaupstaðinn.[2]) Urðu þeir þó venjulegast að halda fólk á höfnunum til þess að verka það upp og drepa því niður í tunnur og kvartel. Íslenzka smjörið var um þær mundir eigi í meira áliti erlendis en svo, að enginn vildi leggja það sér til munns nema fátæklingar og var það því mest notað í sykursuðuverksmiðjum og í áburð á siglutré og þess háttar.[3]) Seldist það erlendis á 16—18 rd. tunnan.[4]) — Um *tólgina* var lengi vel svipuðu máli að gegna, enda var hún oft mjög illa verkuð, óhrein, þrá og sorakend, svo að kaupmenn héldu því fram 1737, að eigi væri unt að nota hana til neins. Var þá og heldur eigi flutt af henni nema eitthvað um 20 skp. á ári.[5]) Þetta á þó að eins við um þá tólg, sem landsmenn bræddu sjálfir heima hjá sér og kölluð var *stykkjatólg* (Stumpetalg). Aftur á móti var *tunnubrædd tólg* í miklu meira áliti og þótti ágæt til ljósmetis og kertasteypu erlendis, því hún var oftast hrein og talsvert harðari en nautatólgin, svo það drýgði kertin að miklum mun að

1) Smbr. Fylgiskjs. 3, 4, 5 og 6.
2) Smbr. Erindisbréf kaupmanna 26. marz 1758 (§ 10), 9. lið. Pjskjs. A 150 nr. 7.
3) Smbr. Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)
4) Smbr. Skrá yfir útfl. íslenzkar afurðir 1764—1783. Pjskjs. A 33 j.
5) Smbr. Álitsskjal kaupmanna 5. apr. 1737. Pjskjs. A 42.

blanda henni saman við.[1]) Á dögum konungsverzlunarinnar síðari fluttist mjög mikið út af tólg í samanburði við það sem áður var. Stafaði það bæði af því, að menn skáru þá sem óðast niður fé sitt til þess að útrýma fjárkláðanum, og svo af hinu, að verðið á tólginni hafði hækkað mjög í kaupsetningunni 1776. Voru þá gefnir $26^2/_3$ rd. fyrir sk℔, í stað þess að kaupmenn höfðu áður gefið fyrir það 10 rd.[2])

4. *Ull og skinnavara.* — Við *ullina* er það athugandi, að hennar er alls eigi getið í kaupsetningunum 1619, 1684 og 1702, enda var víst mjög lítið af henni flutt um þær mundir, og eigi er hún talin með útfluttum varningi á vöruskrám frá 17. öldinni. Hafa landsmenn um þær mundir unnið sjálfir úr ullinni vaðmál og prjónles, sem þeir lögðu inn í kaupstaðinn, en notað hitt, sem afgangs varð, til innanlandsviðskifta. Þó mun æfinlega eitthvert lítilræði hafa borist af óunninni ull til kaupmanna á sláturhöfnunum og verið borgað eftir samkomulagi. Seldist hún bæði í Kaupmannahöfn og svo til Hollands og fekk þar ágætisorð, að því er Bendix Nebel segir í skjali sínu til stjórnarinnar 25. sept. 1704, þó að íslenzku kaupmennirnir gerði ekki mikið úr henni.[3]) En eftir að ullariðnaður hófst í Kaupmannahöfn, var íslenzku kaupmönnunum gert að skyldu með kgsbr. 14. febr. 1719 að selja þangað ull sína[4]) og ýtti það víst talsvert undir útflutning á óunninni íslenzkri ull til Kaupmannahafnar. Nam það á árunum 1733—1742 hér um bil 440 sk℔ af hvítri ull, 295 sk℔ af svartri ull og 1968 sk℔ af mislitri ull.[5]) Þetta breyttist þó aftur þegar ullariðnaður hófst í Reykjavík, því stofnununum var heimilað að kaupa ull á Íslandi til að

1) Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)
2) Smbr. Potoppidan: Handels--Magazin for Isl. 1, 292.
3) Rimelige Tanker til den islandske Commercies Forbedring. Lbs. 11 fol. Smbr. Álit Jörgens Klogs og Peder Keysens 29. okt. 1704. Skjöl Gottrúps lögm. frá seinni ferð. Nr. 14. Lbs. 50 fol.
4) Lovsaml. for Isl. 1, 745--746.
5) Smbr. Fylgiskj. 6.

vinna úr klæði sín og barst þá miklu minna af henni í kaupstaðinn. Var jafnvel um eitt skeið alveg bannað að flytja íslenzka ull út úr landinu,[1]) og þegar því banni létti, voru kaupmenn aftur skuldbundnir til að selja ullina í Kaupmannahöfn, svo það var loku fyrir það skotið, að nokkur verulegur markaður fengist fyrir hana. Að líkindum hafa menn og eigi sózt mikið eftir henni erlendis um þær mundir, því hún var oftast mjög óvönduð að frágangi, eins og við þótti brenna um fleiri íslenzkar afurðir. Lá við sjálft, að hún yrði eigi notuð til klæðagerðar í Danmörku og fóru kaupmenn ómjúkum orðum um hana í skjali sínu 5. apr. 1737 út af verðhækkunartillögum Orms Daðasonar o. fl. Sögðu þeir jafnframt ítarlega fyrir um meðferð og verkun á henni framvegis, svo að hún yrði sem útgengilegust, og skoruðu á stiftamtmann að brýna það fyrir landsmönnum. Skiftu þeir ullinni í tvo aðalflokka: *gilda* og *ógilda*. Gilda telja þeir ull af tvævetrum sauðum eða eldri, er rúin sé af þeim á réttum tíma, vel hreinsuð, þvegin og þurkuð og aðgreind eftir lit. Til ógildrar ullar töldu þeir ull af veturgömlu fé og ullarreifi af sjálfdauðu fé, ull af gærum, ullarflóka og tog og loks ull, sem notuð hefði verið í rúmum til að liggja á, og er sízt að furða, þó að kaupmönnum væri ekki mikið gefið um slíkan varning. Hins vegar gáfu þeir leiðbeiningar um, hvernig landsmenn gæti sjálfir notfært sér þessar úrgangstegundir til þess að vinna úr þeim duggaraprjónles, reiptögl, söðulgjarðir, sí o. fl. þess háttar.[2]) Var þetta seinna meir brýnt fyrir landsmönnum af stjórninni og jafnframt gefið í skyn, að þeim mundi hentara að vinna *band* úr ullinni og leggja það inn í kaupstaðinn, heldur en að farga ullinni eins og gert hefði verið að undanförnu, því það mundi óefað seljast vel í Kaupmannahöfn.[3]) Fór það

1) Smbr. Verzlunarskilmála 21. okt. 1758 (§§ 29 og 35). Lovsaml. for Isl. III, 335–336.

2) Þjskjs. A 42.

3) Rkbr. til Magnúsar amtm. Gíslasonar 10. maí 1755. Lovsaml. for Isl. III 220–221.

síðan nokkuð í vöxt, einkum eftir að rokkarnir fóru að tíðkast, en það var eigi fyr en langt var liðið á 18. öldina.[1])

Af íslenzkri skinnavöru eru *saltaðar gærur* langalgengastar á dögum einokunarkaupmanna, eins og gefur að skilja, og bera auknir útflutningar á þeim ljósastan vott um, að sauðfjárræktin hefur farið vaxandi. Þannig eru árið 1630 fluttar út 6215 gærur og árið 1655 hér um bil 10,115 gærur. Aftur á móti eru árlega fluttar á tímabilinu 1733—1742 hér um bil 37,400 gærur og á tímabilinu 1764—1773 hér um bil 25,380 gærur árlega, enda voru þá afleiðingar fjárkláðans farnar að gera vart við sig. Enn þá augljósari eru þó áhrifin á næstu áratugum, því þá eru að meðaltali eigi fluttar út nema 4420 gærur á ári. Voru þær oftast fluttar út í vöndlum, 2 í hverjum.[2]) Aftur á móti fór útflutningur á *lambskinnum* eftir öðrum atvikum, því á dögum konungsverzlunarinnar síðari, þegar minst fluttist út af gærum, var útflutningurinn á lambskinnum langmestur. Hafa bersýnilega verið mjög áraskifti að því og lömbin stundum hrunið niður á vorin eins og enn á sér stað þegar kuldar ganga. Af *nautshúðum* og *kálfskinnum* er þó nokkuð flutt út á fyrri hluta 17. aldar, en mjög lítið upp þaðan, og sýnir það eitt með öðru hnignun nautgriparæktarinnar. Enn fremur fluttust nokkrar *hafurstökur* árlega af norðurhöfnunum, þar sem geitfjárrækt tíðkaðist, en eigi var það þó neitt að marki. Af *melrakkabelgjum* gráum og hvítum fluttist ekki svo lítið út á fyrri hluta 17. aldar, eins og vöruskrárnar 1624 og 1630 bera með sér, en seinna dró mjög úr þeim útflutningum, enda voru eigi gefnir nema 16 fiskar fyrir gráu belgina og 10 fiskar fyrir hina eftir kaupsetningunum að dæma. Á dögum konungsverzlunarinnar síðari

1) Smbr. Bréf Thodals stiftamtm. til Rk. 4. sept. 1776. Bréfab. stiftamtm. XV, 545—550.

2) Fylgiskj. 4, 5 og 6. Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I. Bilag No. IV.

fóru þeir aftur að berast í kaupstaðina svo að um munaði, og var það eflaust því að þakka, að verðið á þeim hafði hækkað að mun í kaupsetningunni 1776, eða upp í 59 og 88 sk. Hefur þó verzlunin grætt drjúgan á þeim kaupum, því erlendis seldust þeir á $3^1/_2$—5 rd.[1]) *Selskinn* eru eigi nefnd á nafn í eldri kaupsetningunum, enda gengu þau eigi fyr á dögum í verzlunum, heldur að eins í viðskiftum manna á milli innanlands.[2]) Á seinni hluta 18. aldar var þó farið að taka þau í verzlunum, en eigi hafa landsmenn grætt á þeim viðskiftum, því selskinnin voru lögð á 5 sk. í kaupsetningunni 1766, eða minna en lambskinnin, sem lögð voru á 6 sk. — Öll skinnavara af Íslandi fluttist til Kaupmannahafnar, en þaðan barst aftur meginið af henni til Svíþjóðar og Þýzkalands.[3])

5. *Vaðmál og prjónles.* — Þegar einokunarverzlunin hófst, höfðu *vaðmálin* öldum saman verið tíðkanlegur gjaldeyrir hér á landi bæði í innanlandsviðskiftum og í verzlun við erlendar þjóðir,[4]) og vaðmálsalinin verið algengastur verðmælir í öllum innanlandsviðskiftum, þangað til fiskatalsreikningurinn fór að tíðkast hér á landi á dögum Englendinga og Þjóðverja. Í flestum meiri háttar greiðslum var þó vaðmálið talið í *voðum*, en ekki í álnum. Þannig voru sýsluveitingar fyr á öldum bundnar því skilyrði, að greiddar væri af þeim svo og svo margar voðir vaðmála á hverju ári.[5]) Voru upphaflega taldar 24 álnir í voðinni[6]) og vottar enn fyrir því kaupsetningunni 1619, því þar eru 24 álnir vaðmáls, eða með öðrum orð-

1) Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 296 og Bilag No. V.

2) Smbr. Álitsskjal kaupmanna 5. apr. 1737. Þjskjs. A 42.

3) Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)

4) Þess vegna er algengasta vaðmálstegundin í öndverðu kölluð *söluvoð* eða *vöruvoð*, en seinna *gjaldavoð*, *gjaldavaðmál* eða *gjaldverk*, af því að hún gekk í öll gjöld hér á landi. Önnur vaðmál voru kölluð *helmingavoð* eða *helmingalagsvaðmál*, *merkurvoð*, *tíu aura voð*, *klæðavoð*, *smávoð* o. s. frv. (smbr. Búalög), og er það í fullu samræmi við íslenzk nöfn á útlenzkum klæðategundum, sem getið er um hér að framan bls. 454—455.

5) Smbr. *Um vaðmálagjöld af sýslunum 1637*. Alþingis- og lögmannsbók Árna lögm. Oddssonar 1631—1642. Fol. 139. (Þjskjs.)

6) Smbr. Búalög.

um voð vaðmála lögð á 120 fiska, en verð á vaðmálsalin eigi tilgreint. Hefur hún eftir því verið lögð á 5 fiska og hélzt það óbreytt upp frá því, að vaðmálsalin gekk bæði í kaupstað og í viðskiftum manna á milli á 5 fiska eða 10 sk., þangað til hún var hækkuð upp í 12 sk. í kaupsetningunni 1776. Í lok 17. aldar lagðist þó af að reikna 24 álnir í voðinni og var hún upp þaðan eigi talin nema 20 álnir.[1]) Vaðmálið skyldi vera einlitt, tvíbreitt, vel unnið og vel þæft til þess að kaupmenn veitti því viðtöku, og er það stundum í vöruskránum kallað *hreint vaðmál* (Rent Vadmel). En auk þess voru einnig framboðnar lakari tegundir á stundum, *umbúðavaðmál* (Omslagsvadmel), er svo var kallað, og *einskefta*, þó að eigi sé gert ráð fyrir því í kaupsetningunum. Af vaðmálum voru fluttar út 12,251 al. árið 1624, 4042 áln. árið 1630, 1720 áln. árið 1655 og 8452 áln. upp og ofan á árunum 1733—1742.[2]) Á dögum Almenna verzlunasfélagsins (1764—1773) fluttust að jafnaði 2318 áln. á ári og á dögum konungsverzlunarinnar síðari (1774—1783) hér um bil 1221 al. árlega.[3]) Er auðsætt af þessu, að vaðmálagerð hefur farið mjög hnignandi eftir að einokunarverzlunin hófst og þó einkum á seinni hluta 18. aldar.[4]) Stafar það bæði af fjárkláðanum og svo af hinu, að vaðmálagerð til sölu í kaupstað borgaði sig alls ekki með þeim áhöldum, sem þá tíðkuðust enn víðast hvar, og því verði, sem þá var á vaðmálinu, eins og Skúli fógeti sýndi fram á hvað eftir annað í bréfum sínum til stjórnarinnar. Gerði hann að 8 álnir vaðmáls, sem gengu í verzlun á 40 fiska eða 80 sk., fengist úr 10 ℔ ullar, sem kostuðu 30 sk. Var það

---

1) Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. II, 196. Smbr. Alþb. 1712 nr. 29.

2) Smbr. Fylgiskj. 3, 4, 5 og 6. Meira en helmingur af vaðmáli því, er fluttist út á árunum 1733—1742 var umbúðavaðmál

3) Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 299 og Bilag No. VI. Það er eftirtektarvert, að nær helmingur útfluttra vaðmála á þessu tímabili (1764—1783) stafar frá Austfjarðahöfnunum.

4) »Af Vadmel udföres nu for Tiden lidet eller intet« segir Bech í riti sínu *Om Handelen paa Island 1781*. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)

talin mánaðarvinna fyrir röskan mann að kemba það, spinna og vefa, og hafði hann þá ekki nema 50 sk. upp úr vinnunni, ef ullarverðið er dregið frá. En nú er það aðgætandi, að mánaðarfæði kostaði um þær mundir að minsta kosti 80 sk., svo maðurinn var ekki einu sinni matvinnungur með þessu lagi.[1]) Það var því eigi nema eðlilegt, að menn trénuðust upp á vaðmálsiðnaðinum, enda fóru landsmenn æ meira að leggja sig eftir að vinna ullarband til sölu í þess stað. Umbúðavaðmálið fluttist eigi út að neinum mun, svo getið sé, nema á tímabilinu 1733—1742 og var þá jafnvel flutt talsvert meira af því en af hinu. Aftur á móti var flutt mjög lítið af einskeftuvaðmáli bæði þá og endranær, og stundum var það alls ekki tekið í verzlunum.[2]) Var það mest notað heima fyrir í nærfatnað, sængurver, tjöld, segl og þess háttar, og var helmings verðmunur á því og öðru vaðmáli.[3])

Það hefur jafnan verið látið mikið af ullar- eða heimilisiðnaði Íslendinga fyr á öldum og það ekki að ástæðulausu. Þarf eigi annað en að líta í verzlunarskýrslurnar, jafn ófullkomnar og þær eru, til þess að ganga úr skugga um, hvílík kynstur hafa verið unnin af *prjónlesi* hér á landi á dögum einokunarverzlunarinnar. Þannig eru árið 1624 flutt út 72,230 pör af sokkum og 12,232 pör af vetlingum,

---

1) *Allerunderdanigst Relation om Islands nærværende Tilstand etc.* (Þjskjs. A 40 nr. 2). Smbr. Ummæli Horrebows í *Relation og Betænkning om Islands Oeconomie etc.* (1751): »Det meste af Ulden sælges raa og uforarbeidet ud af Landet, thi det betaler sig ikke at forarbeide den. Efter Taxten faar de 10 Skill. for en Alen Vadmel, og deres elendige Spinde- og Væverredskaber er af den slette og taabelige Beskaffenhed, at En kan ikke væve saadan en Alen grovt Vadmel ringere end i 2 á 3 Dage«. (Þjskjs. A 33 nr. 8). Þó að vinnutöf væri mikil að kljávefnum, héldu samt margir fast við hann eftir að dönsku vefstólarnir fóru að tíðkast, af því að þeir voru þeirrar skoðunar, að vaðmálið væri betra og sterkara úr kljávefnum. Smbr. Bréf Thodals stiftamtm. til Rk. 4. sept. 1776. Bréfab. stiftamtm. XV, 545—550. (Þjskjs.)

2) Smbr. Erindisbr. kaupmanna 26. marz 1759 (§ 10, 2. lið). Þjskjs. A 150 nr. 7.

3) Álitsskjal kaupm. 5. apr. 1737. Þjskjs. A 42. Smbr. Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu eftir Skúla fógeta. J. Sig. 10 fol. Bls. 70. Thodal stiftamtm. getur þess í áðurnefndu bréfi sínu til Rk., að Íslendingar vinni *fínt vaðmál* (smávoð) til heimanotkunar og gangi það í innanlandsviðskiftum á 30—40 sk. al., enda sé það ágætt til fatnaðar. Bréfab. stiftamtm. XV, 545—550. (Þjskjs.)

árið 1630 eitthvað um 21,694 pör af sokkum og 13,004 pör af vetlingum, og árið 1655 nál. 21,708 pör af sokkum og 7530 pör af vetlingum.[1]) Það er þó aðgætandi, að allmikið vantar í skýrslurnar frá þessu síðasta ári og að sjálfsagt annað eins eða meira hefur farið til útlenzkra duggara, sem þá léku lausum hala hér við land og sóttust mjög eftir prjónlesi. Um og eftir aldamótin 1700 fluttust af sumum höfnum nyrðra 10—12,000 pör af sokkum eða meira á hverju ári,[2]) enda voru þá duggaraviðskiftin mjög farin að þverra. Á tímabilinu 1733—1742 fluttust til jafnaðar 197,128 pör af duggarasokkum og vetlingum á hverju ári og smábandsgóz fyrir 45,089 rd.,[3]) en á dögum Almenna verzlunarfélagsins (1764—1773) 185,440 pör af sokkum og 71,974 pör af vetlingum árlega og á dögum konungsverzlunarinnar síðari (1774—1783) 146,398 pör af sokkum og 103,082 pör af vetlingum árlega.[4]) Það er því auðsætt, að prjónlesgerð og prjónlestaka hefur farið mjög í vöxt á 18. öldinni, enda þótt gera megi ráð fyrir, að mikið hafi áður farið í útlenzka duggara, sem fyr segir, og svo nokkuð til verzlunarþjóna og skipshafna, meðan þær nutu flutningshlunninda. Eins og gefur að skilja fluttist að öllum jafnaði miklu meira prjónles af slátur-höfnunum en af fiskihöfnunum og þótti það yfirleitt betra og vandaðra á Norður- og Austurlandi en annarstaðar.

Prjónlesið eða *prjónasaumurinn*, sem það og var kallað, greindist í tvo aðalflokka, *eingirnisles* (Enkelbaandsgods) og *tvígirnisles* (Dobbelbaandsgods). Eingirnislesið, sem og var kallað *púlsles* eða *duggarales*, var unnið úr grófu bandi ótvinnuðu, en tvígirnislesið, sem einnig var nefnt *smáles*, *tvíbandsles* eða *tvinnabandsles*, úr smáu tvinnuðu bandi. Var það einkum heldra fólkið, sem lagði sig eftir

---

1) Smbr. Fylgiskj. 3, 4 og 5.
2) Smbr. Nebel: Rimelige Tanker til den isl. Commercies Forbedring (1704). Lbs. 11 fol.
3) Smbr. Fylgiskj. 6.
4) Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 299.

að vinna það, notaði til þess úrvalsull og vandaði frágangínn á því sem mest mátti verða, enda var það eigi fóstu verði bundið í kaupsetningunum, heldur gekk í kaupstað eftir samkomulagi og seldist oft vel.[1]) Þó voru áraskifti að því, og féll það mjög í verði á dögum Hörmangara. Þannig höfðu mókembdir smábandssokkar gengið á 30 fiska í kaupstað á dögum lausakaupmanna, en í tíð Hörmangara féllu þeir niður í 15 fiska. Blákembdar karlmannshosur gengu áður á 48 fiska, en féllu til helminga á dögum Hörmangara. Peysur, sem gengu í landskuld á 20 álnir, voru teknar í kaupstað á dögum Hörmangara fyrir 15—20 fiska o. s. frv. Leiddi það til þess, að margir lögðu niður að vinna smáles þegar fram í sótti.[2]) Var það af ýmsum gerðum og tegundirnar allmargar á stundum. Þannig er í smáprjónalessendingum frá fyrri hluta 18. aldar getið um *belgvetlinga* (venjulega einþumlaða, en þó stundum tvíþumlaða) og *fingravetlinga*, *hosur* (brugðnar? Rullehoser), *karlmannssokka*, *kvennsokka*, *drengjasokka*, *barnasokka* og *prjónaboli* eða *prjónapeysur*, en þær fóru þó ekki að tíðkast til muna fyr en komið var nokkuð fram á öldina.[3]) Duggaralesið var þó miklu algengara en smálesið og miklu auðveldara að koma því út bæði hér á landi og erlendis, þó að eigi væri gefið nærri eins mikið fyrir það. Voru það að eins *duggarasokkar*[4]) og

---

1) »De gode Strömper falde her og for nogle Aar siden, eftersom Kiöbmændene dertil have givet Anledning, og blive især paa tvende Havne forfærdigede af Laugmænds, Præsters, Fogders og Sysselmænds Koner og Börn og det ethvert Par til 4 Mark Danske og blive solgte her igien for 8 á 9 Mark Danske«. Nebel: Rimelige Tanker til den isl. Commercies Forbedring (1704). Lbs. 11 fol.

2) Smbr. Þingsvitni úr Skagafirði 1753. Þjskjs. A 42.

3) Smbr. t. d. Verzlunarreikninga Eyjafjarðarkaupstaðar frá 1724 og þeim árunum. (Lbs. 92 fol.) Prjónlesið var oftast flutt í vaðmálsumbúðum og voru í hverjum vetlingabagga 1500 pör af einþumluðum vetlingum eða 1000 pör af tvíþumluðum vetlingum, en í hverjum sokkabagga 500 sokkapör eða 25 *voðir*, sem og var kallað, því 20 sokkapör voru í voðinni. Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 277 og II, 196.

4) Í rauninni voru eingirnissokkarnir tvenns konar. Hinir stórgerðari og óvandaðri voru kallaðir *duggarasokkar*, af því að þeir seldust mest til hollenzkra duggara á vorin, eins og nafnið bendir til, en voru ekki gjaldgengir í kaupstað, enda þótt Íslendingar reyndi oft að svæla þeim út. Aftur á móti voru lögmætir

duggaravetlingar. Voru sokkarnir lagðir á 4 fiska en vetlingarnir á $1^1/_2$ fisk í elztu kaupsetningunni, en seinna voru þrennir vetlingar lagðir að jöfnu við eina sokka. Í byrjun 18. aldar fóru Íslendingar að vinna miklu meira af vetlingum en af sokkum, hvernig sem á því hefur staðið, en kaupmenn voru harðóánægðir með það og fengu því ráðið, að Íslendingum var bannað að vinna meira af vetlingum en til fimtunga við sokkana, og hélzt það upp frá því.[1])

Eins og gefur að skilja var prjónlesið allmisjafnt að gæðum, og var sagt nákvæmlega fyrir um það í kaupsetningunum, hvernig það ætti að vera úr garði gert til þess að það gæti talist gott og gilt. Skyldi sokkarnir vera einlitir, hvítir, svartir, mórauðir eða gráir, en ekki röndóttir, vel unnir og þæfðir, ein dönsk alin á hæð og víddin eftir því og vel lagaðir í leistinn, um öklana og kálfann, einþumluðu vetlingarnir hæfilega stórir og tvíþumluðu vetlingarnir eða sjóvetlingarnir fullstórir og vel rónir o. s. frv.[2]) Þetta tjáði þó eigi, og voru kaupmenn jafnan annað veifið að kvarta um hroðvirkni Íslendinga í vaðmála- og prjónlesgerð. Þannig kvartaði Hans Nansen yngri undan því veturinn 1690—1691, að vaðmál og prjónles hefði verið svo illa úr garði gert upp á síðkastið, að eigi væri unt að koma því út erlendis, og ritaði konungur amtmanni og landfógeta um þetta 28. marz 1691 og bauð þeim að sjá til þess, að bót væri á því ráðin.[3]) Létu þeir síðan boð út ganga á alþingi um sumarið viðvíkjandi þessu og mæltu svo fyrir, að sýslumenn skyldi gera sýnishorn af góðum

---

eingirnissokkar kallaðir *takstasokkar* eða *pinggjaldssokkar* til aðgreiningar frá hinum. Í elztu kaupsetningunni (1619) eru þeir þó kallaðir duggarasokkar (Duger-Hoser) og svo voru þeir oftast nefndir í daglegu tali og er því haldið hér. Smbr. Fyrsti Viðbætir til Sveitabóndans eftir Skúla fógeta. Rit Lærdómslistafél. V, 145—146.

1) Bréf kaupm. til Rk. 24. febr. 1720 (Bréfab. stiftamtm. I, 370—379). Smbr. Kgsúrsk. 25. marz 1720 (Lovsaml. for Isl. I, 779—781).

2) Smbr. Kaupsetningarnar og dóm um duggarasokka frá 1606 (Lbs. 63 4to bls. 406).

3) M. Ket. III, 248—249. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 496.

og gildum sokkum og vetlingum til fyrirmyndar handa alþýðu, en alt það prjónles, sem eigi reyndist boðlegt framvegis, skyldi gera upptækt og skifta því meðal fátækra![1]) Þetta hefur þó ekki borið mikinn ávöxt, því 10 árum seinna varð konungur enn að skerast í leikinn og brýna fyrir landsmönnum að vanda betur prjónlesið.[2]) Þrem árum seinna er þess getið í skjölum frá kaupmönnum og öðrum, að duggarales hafi rýrnað svo í áliti á seinni árum, að örðugt veiti að svæla því út í Danmörku, Hamborg eða Hollandi, þó að áður gengi það viðstöðulaust, og hafi kaupmenn nýlega skaðast um 250 rd. á 12000 pörum af sokkum, er þeir urðu að selja til Englands.[3]) Hafa því landsmenn eigi tekið sér mikið fram við þessar umvandanir, enda voru kaupmenn sífelt að klifa á þessu fram til loka einokunarverzlunarinnar, og það fráleitt að ástæðulausu. Þóttu vinnubrögðin ærið misjöfn, eftir því hvaðan af landinu prjónlesið var, og skifti þar mjög í tvö horn. Á Austurlandi var það æfinlega eins og það átti að vera, enda jafnan í hæstu verði erlendis, á Norðurlandi voru duggarasokkarnir að jafnaði til helminga eins og þeir áttu að vera, en á Suður- og Vesturlandi kom það varla fyrir, að sokkarnir væri lögmætir eða »takstagengir« sem kallað var, þó að tekið væri hið skársta úr þeim fyrir eitthvert verð, af því að eigi var um annað að velja. Árið 1771 lét verzlunarfélagsstjórnin aðgreina duggarasokka frá suður-, vestur- og norðurhöfnunum á Íslandi í tvo flokka, betri og verri, og selja við uppboð í Kaupmannahöfn. Fengust 11½—17 sk. fyrir parið af þeim betri, en 7½—12¼ sk. fyrir parið af þeim lakari. Sokka frá austurhöfnunum þótti óþarft að aðgreina, því þeir höfðu svo gott álit á sér, enda seldust þeir allir fyrir 19—

1) Alþb. 1691 nr. 26.

2) Smbr. Tilskip. 30. apr. 1701. M. Ket. III, 313–314 og Lovsaml. for Isl. I, 559–561.

3) Bréf Jörgen Klogs og Peder Keysens 29. okt. 1704. Skjöl Gottrups lögm. frá seinni ferð. Nr. 14 (Lbs. 50 fol.). Smbr. Nebel: Rimelige Tanker til den isl. Commercies Forbedring (1704). Lbs. 11 fol.

20 sk.[1]) Árið 1786 seldust sjóvetlingar frá Hafnarfirði á $8^3/_4$—13 sk. í Kaupmannahöfn, en frá Stapahöfn á $17^3/_8$ sk., og duggarasokkar úr Höfðakaupstað á 22 sk., en frá öðrum höfnum flestum á 15—16 sk.[2]) Hitt var og algengt, að prjónlesið væri mjög misjafnt að gæðum á sömu höfninni. Þannig seldust um eitt skeið smábandssokkar úr Eyjafirði fyrir 11 mismunandi verð í Kaupmannahöfn, frá 7 sk. upp í 54 sk., og peysur fyrir 10 mismunandi verð, frá 28 sk. upp í 2 rd. 24 sk.[3]) Það er auðsætt af þessu, að prjónlesið átti ekki saman nema nafnið, og er sízt að furða þótt kaupmenn vinzuðu úr því og væri tregir á að taka það upp og ofan eins og margir vildu. Voru þeim og stundum ærið mislagðar hendur í valinu og kom það fyrir, að það var orðalaust tekið á einni höfninni, sem afturreka varð á hinni.[4]) Þegar Skúli Magnússon var sýslumaður í Skagafirði tók hann upp þá venju, að skifta sokkum þeim, er guldust á þingum, í þrent. Flutti hann úrvalslesið til Búðakaupstaðar og seldi þar fyrir peninga. Það sem takstagengt var af hinu lagði hann inn í reikning sinn í Hofsóskaupstað, en úrkastið seldi hann í fiskareikning í Hafnarfirði, því þar voru kaupmenn ekki svo vandfýsnir.[5]) Prjónlesgildingin var sífelt miskliðarefni á báða bóga og létust kaupmenn oft og einatt gera það í gustukaskyni að taka prjónles af landsmönnum, því þeir gerði ekki annað en skaðast á því. Annars má geta þess,

---

1) Smbr. Fyrsti Viðbætir til Sveitabóndans eftir Skúla fóg. Rit Lærdómslistafél. V, 150—151.

2) Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 300 og 326.

3) Smbr. Fyrsti Viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 153--156. (I. Tafla).

4) Smbr. Bréf Magnúsar amtm. Gíslasonar til Rk. 23. ág. 1757: »De fahrende Kiöbmænd har tillige selv stoer Skyld deri, thi de moedtager af Sysselmændene for Venskabs Skyld lige saa slet Gods, som de skyder for Almuen. Ja, den eene Kiöbmand antager af Almuen det den anden vrager, helst hvor Havnene ere hin anden nærliggende, hvilket er let at bevise, om det skulde nægtes. Over dette bliver Almuen saa skiödeslös at forbedre meerbemeldte Uldengots, at fast de aarlige Formaninger ham gives der om uden nogen Efftertryck giör ham haardnakket at blive ved deris gamle Vane, i Forhaabning at faae det som sædvanligt paa eenslags Maade afsadt«. Bréfab. amtm. IX, 166—167 (b). Þjskjs.

5) Fyrsti Viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 148—149.

að kaupmenn þóttust illa haldnir og báru sig aumlega, ef prjónlesið seldist ekki með 50 % hagnaði í Kaupmannahöfn, svo þeir hafa ekki verið neitt sérlega lítilþægir eftir því að dæma.[1]) Hins vegar hélt Skúli fógeti því fram, að Íslendingar sköðuðust á prjónlesinu engu síður en á vaðmálinu. Taldist honum svo til, að þeir töpuðu 1 rd. 19 sk. á hverjum 12 pörum af sokkum og einþumluðum vetlingum, en 79 sk. á hverjum 26 pörum af sjóvetlingum.[2]) Það virðist því auðsætt, að menn hafi að eins lagt stund á þessa iðju af því að þeir þóttust ekki hafa annað handa fólkinu að gera á vetrum, en urðu að halda það hvort sem var, og svo af hinu, að þeir gátu jafnframt notað til þess börn og gamalmenni, sem eigi voru til annars hæf.

6. *Æðardúnn og fiður.* — Í eldri kaupsetningunum (1619, 1684 og 1702) er *dúnn* eigi nefndur á nafn, en það sannar auðvitað ekki, að þessi vörutegund hafi eigi gengið í verzlunum, heldur sýnir að eins, að eigi hefur verið neitt ákveðið verð á henni.[3]) Hitt er aftur á móti grunsamlegra, að verzlunarskýrslur þær, sem til eru frá 17. öldinni, geta hans alls ekki. Um miðja 17. öld fer þó konungur sjálfur að leggja drög fyrir æðardún og býður Henrik Bjelke 15. maí 1652 að útvega sér 10 eða 12 tunnur af honum.[4]) Árið 1669 býður hann aftur höfuðsmanni að draga saman handa sér allan þann æðardún, sem hann geti náð í, en bannar jafnframt öllum öðrum að kaupa þessa vörutegund fyrst um sinn.[5]) Þegar dregur fram að aldamótunum 1700 eru þó kaupmenn farnir að flytja nokkuð af æðardún, og gáfu þeir 1 rd. fyrir 10 ℔ af honum óhreinsuðum, enda

---

1) Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Soröe 1768. Bls. 205 nm.

2) Sveitabóndi. Rit Lærdómslistafélagsins IV, 150.

3) Ofarlega á 15. öld (1475) rændu Englendingar af skipi einu á leið frá Íslandi til Björgynjar *þrem sekkjum fullum af fiðri* (tres saccos refertos plumis), en hugsast getur, að þar sé og um dún að ræða. Smbr. Baasch: Islandsfahrt. Bls. 83.

4) M. Ket. III, 51.

5) M. Ket. III, 135. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 325—326.

var þá víst eigi um annað að ræða, því flestir af landsmönnum höfðu hvorki húsnæði til að hreinsa dúninn í, né tíma til að gefa sig við því.[1]) Það mun hafa verið Guðmundur ríki Þorleifsson í Brokey, sem fyrstur hóf að hreinsa dún svo nokkru næmi til sölu í kaupstað, að minsta kosti á Vesturlandi, og fengust þá í öndverðu 60 fiskar fyrir pundið af honum.[2]) Smám saman tóku fleiri þetta upp og voru á árunum 1733—1742 flutt út 1877 ℔ af hreinsuðum dún, eða um 187 ℔ á ári að meðaltali, en af óhreinsuðum dún hér um bil 5494 ℔ á ári.[3]) Það leið þó eigi á löngu áður kaupmenn feldi hreinsaðan dún í verði, fyrst niður í 50 fiska og loks niður í 48 fiska eða 1 rd. Spes. pundið.[4]) Létu Breiðfirðingar illa yfir því og fóru þess á leit við stiftamtmann haustið 1737, að hann væri færður fram að nýju eða að minsta kosti tekinn í fiskareikning, en kaupmenn afsögðu hvorttveggja og var látið við það sitja.[5]) Samt sem áður flyzt æ meira af hreinsuðum dún eftir því sem fram í sækir, en að sama skapi minna af óhreinsuðum, enda fengu menn tífalt minna fyrir hann um þær mundir. Þannig fluttust á dögum Almenna verzlunarfélagsins (1764—1773) hér um bil 212 ℔ af hreinsuðum dún árlega, en af óhreinsuðum 1337 ℔, og á dögum konungsverzlunarinnar síðari (1774—1783) hér um bil 1695 ℔ af hreinsuðum og 484 ℔ af óhreinsuðum dún árlega, svo hlutfallið er þá orðið alveg þveröfugt við það sem áður var.[6]) Var þetta eigi lítill hagnaður fyrir landsmenn og má eflaust þakka það mest kaupsetningunni 1776, því hreinsaður dúnn var hækkaður þar upp í 1 rd. 56 sk. pundið. Skyldi hann vera vel þur og »lif-

---

1) Smbr. Bréf Jörgen Klogs og Peder Keysens 29. okt. 1704. Skjöl Gottrúps lögm. frá seinni ferð. Nr. 14 (Lbs. 50 fol.).

2) Smbr. Takstafrv. Orms Daðasonar sýslum. 20. sept. 173[illegible]. Kgs.- Stiftamtm.- og Rkbr. til landfógeta 1695—1751. (Þjskjs.)

3) Smbr. Fylgiskjal 6.

4) Sjá hér að framan. bls. 402.

5) Smbr. Bréf verzlunarfélagsstjórn. til stiftamtm. 11. apr. 1739. Þjskjs. A 42.

6) Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 334—335.

andi« og engin óhreinindi í honum finnast, en óhreinsaði dúnninn átti að vera laus við alt hey, þang og skarn og var hann lagður á 14 sk. pundið.[1])

Um *fiður* er heldur eigi getið í eldri kaupsetningunum, en þó fluttist það áreiðanlega þegar á öndverðum dögum einokunarverzlunarinnar eins og vöruskrárnar bera með sér.[2]) Annars höfðu kaupmenn lengi vel litla ágirnd á því, af því að menn grautuðu að öllum jafnaði saman mörgum tegundum, þar á meðal skarfafiðri, sem enginn vildi líta við erlendis.[3]) Þó fluttust út á tímabilinu 1733—1742 hér um bil 4507 ℔ á ári til jafnaðar og á dögum konungsverzlunarinnar fyrri (1759—1763) hér um bil 933 ℔ á ári og var langmest af því frá Stykkishólmi.[4]) Á seinni hluta aldarinnar dró þó mjög úr útflutningum á fiðri, svo að á dögum Almenna verzlunarfélagsins námu þeir eigi nema 20 ℔ á ári eða þar um bil.[5]) Af öllum þess háttar varningi voru kaupmenn langáfjáðastir í *álftafjaðrirnar*, enda voru þær taldar sér í flokki, og fluttust út af þeim á tímabilinu 1733—1742 hér um bil 10,180 stykki á ári. Gáfu þeir 5 fiska eða 10 sk. fyrir hundraðið (tírætt), en seldu aftur á 56 fiska eða 1 rd. 16 sk., svo að þeir hafa grætt dálaglega á þeim.[6]) Seinna voru álftafjaðrirnar teknar upp í kaupsetninguna 1776 og gefnir 68 sk. fyrir hundraðið (tírætt). Nokkru eftir 1730 gerðu kaupmenn fyrst tilraun til að flytja út *álftahami*, en þeir grotnuðu niður hjá þeim á leiðinni, svo að þeir urðu að fleygja þeim í sjóinn. Samt sem áður héldu þeir áfram að kaupa þá, mest fyrir aðhald sumra landsmanna, og voru á dögum Almenna verzlunarfélagsins (1764—1773) fluttir út 1420 hamir eða til jafnaðar 142 á ári, en þó komst aldrei svo

---

1) Lovsaml. for Isl. IV, 347—348.
2) Smbr. Fylgiskjal 3 og 4.
3) Smbr. Álitsskjal kaupmanna 5. apr. 1737. Þjskjs. A 42.
4) Smbr. Fylgiskjal 6 og Lbs. 86 fol.
5) Smbr. Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 324—325.
6) Skrá um útfl. ísl. vörur 1764—1783. Þjskjs. A 33 j. Smbr. Álitsskjal kaupmanna 5. apr. 1737. Þjskjs. A 42.

langt, að þeir væri löggiltir í kaupsetningunni. Enn barst í kaupstaðina eitthvað ofurlítið af *gásafjöðrum*, einkum úr Mýrasýslu, og voru börn látin tína þær saman á vorin. Gásafjaðrir voru þá sem kunnugt er alment notaðar til að skrifa með, en það barst eigi meira af þeim í kaupstað en svo, að rétt nægði kaupmönnum sjálfum, og þótti því eigi þörf á að taka þær upp í kaupsetninguna, enda þótt stungið væri upp á því af landsmanna hálfu.[1])

7. *Brennisteinn, valir o. fl.* — Meðan Þjóðverjar ráku verzlun hér á landi, sóttust þeir mjög eftir íslenzkum *brennisteini* og þótti það arðvænleg verzlunarvara, en Friðrik konungur II. tók fyrir þetta með því að áskilja sjálfum sér einkarétt til brennisteinstekju á Íslandi árið 1561.[2]) Upp frá því lét konungur lengi vel reka brennisteinsnám og brennisteinsverzlun á sinn kostnað með góðum hagnaði. Þegar einokunarverzlunin hófst, áskildi konungur sér enn einkarètt á þessari vörutegund og lét annað veifið reka brennisteinsnám á sinn kostnað, en veitti þó stundum öðrum mönnum leyfi til brennisteinstekju á Íslandi, svo sem *Jörgen Brockenhus o. fl.* árið 1606,[3]) *Vísa-Gísla* árið 1647, *Gabriel Marcelis* árið 1665 og aftur árið 1669[4]) og *Friðreki Holtzmann o. fl.* árið 1724.[5]) Þessi brennisteinstekja gekk þó mjög skrykkjótt og lá jafnan niðri annað veifið, nema það sem bændur fyrir norðan og í grend við Krísuvík voru að mjatla upp á eigin spýtur, en það gat varla borgað sig nema því meira væri af brennisteininum, vegna þess hve seinlegt var að grafa og örðugt að flytja hann til skips, enda fengu bændur eigi nema 1 sk. fyrir pundið af óhreinsuðum brennisteini á Húsavík, en kaupmenn seldu það aftur fyrir 3 sk. erlendis.[6]) Á tímabilinu 1733—1742 fluttu kaup-

1) Smbr. Álitsskjal kaupmanna 5. apr. 1737. Þjskjs. A 42.
2) Baasch: Islandsfahrt. Bls. 39—42 og 78—81. Smbr. hér að framan bls. 41—42.
3) M. Ket. II, 224—226.
4) M. Ket. III, 118--121, 136. Samb. Lovsaml. for Isl. I, 295--298, 326.
5) M. Ket. III, 372--375. Smbr. Lovsaml. for Isl. II, 49--52.
6) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 789.

menn eigi út nema 392 ℔ af óhreinsuðum brennisteini.[1]) Seinna tóku iðnaðarstofnanirnar í Reykjavík að reka brennisteinsnám og brennisteinssuðu og var góður hagnaður að því um eitt skeið.[2]) Á dögum Almenna verzlunarfélagsins og konungsverzlunarinnar síðari var brennisteinstekju haldið áfram fyrir norðan land og var á 21 ári (1766—1786) fluttur út hreinsaður brennisteinn fyrir 30,523 rd. eða hér um bil 1453 rd. á ári.[3])

Af öllum íslenzkum afurðum, sem getið er að marki, voru *fálkarnir* óefað lang-verðmætastir fyr á öldum. Voru hvítir fálkar taldir konungsgersemar, enda áskildi konungur sér einkarétt til fálkatekju hér á landi. Mátti þá enginn veiða fálka nema með konungsleyfi og varð Gísli Þórðarson að láta af lögmannsdæmi árið 1614 fyrir þá sök, að hann hafði leyft enskum manni fálkatekju að konungi og höfuðsmanni fornspurðum.[4]) Á 17. öldinni veitti konungur sjálfur ýmsum útlendingum leyfi til fálkatekju hér á landi innan vissra takmarka og voru þeir flestir þýzkir, enskir eða hollenzkir. Jafnframt lét þó konungur reka hér fálkaveiðar fyrir sjálfan sig, og úr því 17. öldina þrýtur er hann þar einn um hituna og leyfir engum öðrum fálkatekju hér á landi, sjálfsagt af því, að fálkunum hefur þá verið tekið að fækka. Sendi konungur árlega fálkameistara til Íslands, sem hafði aðsetur í »fálkahúsinu« á Bessastöðum,[5]) og hafði hann með sér tvo þjónustumenn. Sjálfur veiddi hann þó eigi fálkana, heldur veitti þeim að eins viðtöku og hafði umsjón með hirðingu þeirra. Var það meira en lítið mas, því vandfarið þótti með slíkar konungsgersemar. Í þeim sveitum út um land, þar sem fálkarnir héldu sig helzt, voru íslenzkir fálkaveiðarar og höfðu þeir leyfisbréf af amtmanni til fálkatekju. Veiði-

1) Smbr. Fylgiskj. 6.
2) Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Soröe 1768. Bls. 391--392.
3) Pontoppidan: Handels-Magazin for Isl. I, 307.
4) M. Ket. II, 259—260. Smbr. Safn til sögu Ísl. II, 129.
5) Árið 1763 var það flutt til Reykjavíkur.

aðferðin var sú, að egnt var fyrir fálkana með lifandi rjúpu, sem bundin var við staur með 3—4 álna löngu bandi, svo að hún gæti flögrað dálítið upp, því fálkinn tók þá betur eftir henni. Við staurinn var og sett upp net eða víður háfur, sem þaninn var á stóran sviga, og var svo um búið, að draga mátti á löngu færi háfinn yfir staurinn með taug, sem lá til veiðimannsins, en hann lagðist sjálfur í felur skamt frá. Þegar fálkinn sá rjúpuna flögra með jörðu, hringsólaði hann nokkra stund í loftinu til þess að skygnast eftir, hvort nokkur hætta væri á ferðum, rendi sér síðan niður á rjúpuna og sló venjulega höfuðið af henni í einu höggi. Þegar valurinn var seztur að bráðinni, steypti veiðimaðurinn háfnum yfir hann og tók hann síðan með hægð undan netinu og dró hettu á höfuð honum. Um Jónsmessuleytið voru fálkarnir reiddir suður til Bessastaða á eins konar krosstré, sem þeir voru látnir sitja á og fálkamaður hélt á í hægri hendi, og gat hver maður reitt 10—12 fálka. Varð að fara mjög varlega með þá og gæta þess vandlega, að flugfjaðrir og stélfjaðrir yfðist ekki eða brotnuðu, því það þóttu stór lýti á fuglinum. Valdi síðan fálkameistarinn úr þeim eftir nákvæma rannsókn og athugun, og var enginn fugl tekinn fyr en hann var búinn að vera undir eftirliti í 8 daga, því annars þótti eigi ugglaust um, að eitthvað kynni að ganga að honum. Fengu veiðimennirnir 7 dali fyrir gráa fálka, 10—14 dali fyrir hálfhvíta, en 15—20 dali fyrir alhvíta og 2—4 dala þóknun að auki. Kaupmönnum var oftast falið að flytja konungsfálkana og var það gert á sérstöku skipi (fálkaskipinu) og greiddir fyrir það 500 rd. á ári.[1]) Þegar fálkaskipið var ferðbúið, var slátrað nautum, svo að nægði til 14 daga, og síðan flutt á skip út svo mikið af lifandi peningi, sauðfé og nautgripum, sem þurfa þótti, ásamt heybirgðum handa

1) Smbr. Kgsbr. 7. febr. 1718. Regesta VIII, 81 (J. Sig. 117, 4to). Þetta var síðan áskilið í öllum verzlunarsamningum.

því, og var skipið venjulega nestað til 7 vikna. Síðan voru konungslandsetar í grend við Bessastaði kvaddir til að bera fálkana til skips endurgjaldslaust. Á skipinu sátu fálkarnir undir þiljum á stöngum, sem klæddar voru með vaðmáli. Kjöti því, sem fálkarnir átu, var dyfið í mjólk, en eggjum og olíu blandað saman við, ef fuglarnir sýktust.[1]) Fálka þá, sem konungur fekk af Íslandi, sendi hann erlendum þjóðhöfðingjum í vináttuskyni og voru þeir hafðir til veiða. Árið 1694 sendi konungur ýmsum þjóðhöfðingjum 59 fálka, þar á meðal Frakkakonungi 20, og árið eftir voru 79 fálkar sendir frá Danmörku suður í lönd.[2]) Eftir 1763 dró svo úr fálkatekju hér á landi, að eigi voru teknir nema 60 fálkar á ári í stað 150, sem áður hafði tíðkast, og voru fálkarnir um þær mundir einkum sendir til konungshirðanna á Frakklandi og í Portúgal. Fálkatekja var þá mest á Vesturlandi, ekki af því, að meira væri þar um fálka en víða annarstaðar á landinu, heldur af hinu, að menn lögðu þar meiri stund á veiðarnar sakir þess að auðveldara veitti að koma fálkunum til skips.[3])

Eins og vikið er á hér að framan áskildi konungur sér oft og einatt kaup eða einkarétt á þeim afurðum landsins, er fágætar þóttu eða gengu eigi í verzluninni að öllum jafnaði. Þannig áskildi konungur sér t. d. 20. marz 1563 kaup á *íslenzkum hestum, skollaskinnum, bjarnarfeldum, rostungstönnum* og *hvaltönnum* og bannaði öllum öðrum útflutning á því.[4]) Var þetta síðan endurtekið í öllum eða allflestum veitinga- og erindisbréfum höfuðsmanna á 16. og fyrri hluta 17. aldar,[5]) og 19. maí 1671 var höfuðsmanni enn boðið með sérstöku bréfi að útvega konungi íslenzka hesta og öll kaupför skylduð til að taka sinn

1) Landfrs. Þorv. Thoroddss. II, 363—365. Smbr. Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 79—81).
2) Smbr. Regesta VIII, 25 og 27 (J. Sig. 117, 4to).
3) Lýsing Gullbr.- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla fóg. (J. Sig. 10 fol. Bls. 79-81).
4) K. Ket. II, 18—19. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 78—79.
5) Smbr. Kancelliets Brevböger.

hestinn hvert til útflutnings.[1]) Í verzlunarskilmálunum 29. jan. 1684 (§ 10) er kaupmönnum boðið að halda konungi til handa öllum málmum og öðrum fátætum munum úr steina- og dýraríkinu, er finnist á Íslandi,[2]) og flytja það utan á skipum sínum fyrir sanngjarna þóknun, og er því ákvæði haldið upp þaðan. Af öllum slíkum munum þóttu *náhvalstennur* mestar konungsgersemar og lítur út fyrir, að þær hafi verið í mjög háu verði erlendis. Þannig taldi Guðbrandur biskup sennilegt, að hann hefði getað fengið 1000 dali í Hamborg fyrir tönn þá, er hann sendi konungi árið 1621 til að blíðka hann í málum sínum.[3])

Fyrir utan vörur þær, sem gengu að staðaldri í verzluninni um þessar mundir, létu útgerðarmenn stundum kaupmenn sína taka frá handa sér ýmsar matvælategundir til heimilisnota, svo sem *saltaða kjamma* (Kliphoveder), *saltaða sundmaga* (saltede Sundemager), *rafabelti* (Flynder Rabilter) o. fl. þess háttar, og sögðu nákvæmlega fyrir um verkun á því.[4]) Enn fremur sendu biskupar og sýslumenn yfirboðurum sínum og fulltingismönnum í Kaupmannahöfn hitt og þetta góðgæti heiman að, svo sem *fisk* og *kjöt, lax, æðardún, tóuskinn* og *prjónles* af bezta tægi, ef þeir gátu fengið flutning á því, til þess að ávinna sér hylli þeirra, ekki síst ef þeir þurftu að fá einhverju framgengt erlendis.[5])

---

1) M. Ket. III, 162. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 336.

2) Mineralier og andre Rariteter af Fisk, Fugle eller Dyr, som der i Landet findes. Lovsaml. for Isl. I, 410.

3) Hist. Eccles. Isl. III, 419 um.

4) Smbr. Erindisbréf Hafnarfjarðarkaupmanns 8. júlí 1718 (§ 2). Lbs. 91 fol.

5) Smbr. t. d. Bréf Benedikts Þorsteinssonar lögm. og Jens Spendrups sýslum. til stiftamtm. 24. sept. 1720 og 21. sept. 1725 o. fl. Þjskjs. A 68 II, 22 og 27.

VIII.

Viðskifti einokunarkaupmanna og Íslendinga.

Eins og vikið er á hér að framan, virðist þegar frá öndverðu hafa verið grunt á því góða með einokunarkaupmönnum og Íslendingum, og hófst ágreiningurinn þegar á öðru ári eftir að Danir tóku við verzluninni.[1]) Kærðu Íslendingar einkum yfir vörubresti og okri kaupmanna, en þeir aftur á móti yfir ofríki landsmanna og tregðu í skuldalúkningum.[2]) Var og tæplega við öðru að búast, því einokunarkaupmenn fóru mjög að vild sinni eftir að samkepnin var útilokuð, en landsmenn kunnu því illa fyrst í stað og gerðust þá stundum nokkuð þjösnalegir í viðskiftunum. Aldarhátturinn var þá og að ýmsu leyti ruddalegur og því síst að kynja, þótt út af brygði annað veifið, er svakamenni áttu í hlut. Þannig reis á fyrstu árum einokunarverzlunarinnar allmikill kritur með Ormi Ófeigssyni, presti í Vestmannaeyjum, og kaupmönnum Dana þar í eyjunum, sem þá voru jafnframt umboðsmenn eða fógetar konungs. Fengu þeir litlu tauti við hann komið, enda var hann svakafenginn í meira lagi og synir hans bæði þrekmiklir og illmenni,[3]) svo að bæði kaupmönnum og eyjaskeggjum stóð ógn af þeim feðgum að því er virðist. Voru hvað eftir annað tekin þingsvitni í eyjunum um athæfi síra Orms og að lokum kærðu þeir umboðsmennirnir Andrés Hansson og Niels Kristensson alt hans framferði og báru honum mjög illa söguna. Er honum meðal annars gefið það að sök, að hann fáist aldrei til að greiða skuldir sínar í eyjunum, heldur laumi bæði fiski og lýsi til meginlandsins og selja það á Eyrarbakka og annarstaðar þvert ofan í konungsbréf. Þá segja þeir, að sr. Ormur ljúgi sökum á kaupmenn og spani eyjaskeggja upp á móti þeim, en gangi svo frá öllu saman

1) Smbr. Skarðsárann. 1603: »Ecke hallded kóngs bref, misgreiningur med Jslendskum og kavpmaunnum«.

2) Smbr. hér að framan bls. 82-83.

3) Smbr. Prestasögur Jóns próf. Haldórssonar. Lbs. 174, 4to. Fol. 103 og 110–111.

þegar á herði, af því að hann treystist ekki til að sanna kærur sínar. Hitt sé og alveg gagnslaust, að sættast við hann, því hann rjúfi jafnharðan allar skuldbindingar og hefji nýjan samblástur óðar en kaupmenn sé farnir af landi brott. Enn fremur bera þeir sr. Ormi á brýn, að hann vanræki störf sín, en ausi persónulegum skömmum og ókvæðisorðum af prédikunarstól yfir söfnuðinn fyrir litlar eða engar sakir og láti syni sína veita þeim mönnum fyrirsát og áverka, er honum sé í nöp við. Einna mest sárnar þeim þó það, að sr. Ormur sýni kaupmönnum og fólki þeirra hina megnustu fyrirlitningu og ósvífni í orðum og athöfnum, og er þeim það varla láandi, ef satt er sagt af framferði hans.[1])

Enda þótt Íslendingar gerði sig stundum bera í svikum og ójöfnuði við kaupmenn, þá var samt hitt miklu algengara, að kaupmenn beitti ofríki og þjösnaskap í viðskiftum sínum við landsmenn, þrátt fyrir öll konungsboð og áminningar þar að lútandi. Í einokunartilskip. 20. apríl 1602 er það tekið fram, að kaupmenn eigi að »umgangast vinsamlega og góðsamlega við landsins innbyggjara andlega og veraldlega, svo að enginn kunni þá með réttu áklaga«,[2]) og er það síðan ítrekað í öllum verzlunarsamningum. Útgerðarmennirnir sjálfir virðast og í öndverðu hafa brýnt þetta fyrir kaupmönnum þeim, er í förum voru af þeirra hálfu. Að minsta kosti skrifaði einn þeirra (Pétur Karlsson) Ara Magnússyni í Ögri 1614, »að það sé eigi vilji reiðaranna, að órétt sé höndlað við almúgann«.[3]) Hér að

1) Smbr. *Klagemaall och Berettninng Offuer Ser Ormer Vfixssönn paa Wesspennöe* (1607?) Alþb. Ísl. IV, 60—67. Eitt af kæruatriðunum er svolátandi: »Er handt saadan en Vforschammett oc Wærachtig schallck, att handt thör ssig wnnderstaae att indtgaae vdi Konng: Ma: Murstuffue, ssom scheedt er 1607, Och wdtagett ssinn hemmelige thingh och offuerpissett kockenn hoes maden ssom stodt paa ildenn och ssom kocken stoed medt maden och thendt handtteritt huor om otte mendt ther aff Öen deriss beseiglede och wnderschreffne breff och thingswinnde vider vduisser.« Sr. Ormur hröklaðist úr eyjunum og var prestlaus upp frá þessu, svo kæran hefur líklega riðið honum að fullu.

2) Smbr. Alþb. Ísl. III, 253.

3) Smbr. Dóm Ara sýslum. um kaupskap útlenzkra og islenzkra 1615. Lbs. 67, 4to.

lýtur og 15. gr. í félagssamþyktum útgerðarmanna frá 1620, því þar er svo að orði komist, að kaupmenn þeirra eigi að halda kaupsetninguna í öllum greinum og gera engum manni rangt til í viðskiftunum, heldur sýna jafnan hógværð og kurteisi, að viðlagðri refsingu ef út af bregði.[1]) Þetta var og hvað eftir annað brýnt fyrir kaupmönnum í sérstökum erindisbréfum seinna meir[2]) og jafnvel lagt ríkt á við þá, að sýna landsmönnum ástúð og nærgætni og aðstoða þá eftir megni til allra nytsamlegra framkvæmda,[3]) svo það vantaði sízt, að þeim væri lagðar lífsreglurnar þar að lútandi. En sá var gallinn á, að eigi var unt að framfylgja þessu fremur en svo mörgu öðru í verzlunarlöggjöfinni sakir fjarlægðar og eftirlitsleysis. Kaupmenn þeir, sem í förum voru, áttu engan yfir sér á höfnunum, svo að alt fór eftir vild þeirra og geðþótta í viðskiftunum við landsmenn. Í annan stað var brýnt fyrir þeim, að gæta sem rækilegast hagsmuna húsbænda sinna, svo að þeir áttu stundum nokkuð örðugt aðstöðu. Oft og einatt reyndist það svo, að kaupmenn voru fyrst í stað nærgætnir og aðlaðandi meðan þeir voru að kynnast og koma sér í mjúkinn hjá viðskiftamönnunum, en sneru síðan við blaðinu og gerðust óþjálir og harðbýlir þegar þeir voru orðnir fastir í sessi. Að minsta kosti var það svo á dögum lausakaupmanna. Þannig skrifaði Hafnarfjarðarkaupmaður útgerðarmanni sínum sumarið 1707 út af skuldaheimtum, að hann hafi orðið að ganga hart eftir, »en þó þorði eg ekki að beita mér eins og eg hafði vilja til, með því að eg var ókunnugur og varð að dekra við almúgann til þess að vinna mér hylli«.[4]) Af orðalagi bréfsins er það

---

1) Smbr. Fylgiskjal 1.

2) Smbr. t. d. Erindisbréf Hafnarfjarðarkaupm. 20. júlí 1714 (§ 3). Lbs. 91 fol.

3) Smbr. Erindisbréf kaupmanna (Markúsar Pahls) 26. marz 1759. Þjskjs. A 150 nr. 7.

4) Angaaende Restanzerne, saa har jeg deraf saa meget muligt var incasseret, som har iblandt vaaren med Jernhandsker, torde dog ej giöre der udi som ieg havde Tanker med, it ieg var lidet fremmet og maatte lokke med Almuen, saa ieg kunde nogenleedes faa deres Kiærlighed. (Lbs. 91 fol.)

enn fremur ljóst, að kaupmaðurinn hefur lagt áherzlu á að koma sér vel til þess að festa sig í sessi og halda stöðunni framvegis, því hann getur þess, að hann eigi marga öfundarmenn.

Það er margt, sem bendir á að einokunarkaupmenn hafi fljótlega komist að raun um það, að þeir áttu alls kostar við landsmenn í viðskiftunum og gátu boðið sér að ósekju hvað sem þeir vildu eða því sem næst. Segir ljótt af því í kæru Ísfirðinga 1615, að kaupmenn hafi sett mönnum nauðungarkosti, af því að þeir vissu að eigi var í annað hús að venda, og hreytt í þá *sneiðilegum orðum*, ef þeir létu óánægju sína í ljósi. Þetta kemur og berlega fram í dómi Ara sýslumanns út af kærunni, því hann segir í forsendunum, að útgerðarmenn sé skyldugir að »hafa kristilega höndlun« við landsfólkið eftir konungsboði, »en eigi með þeim hætti, að þeirra útsendarar, sem sumlegir reynast drengir, skuli almúgann plága sem þeir vilja og hvorki guð né nein réttferðugheit fyrir augum hafa«.[1]) Þótti einkum brydda á slíku gjörræði kaupmanna eftir að elzta íslenzka verzlunarfélagið komst á fót, enda mátti þá kalla, að einokunin væri búin að festa rætur hér á landi. Segir að vísu fátt af einkaviðskiftum kaupmanna og Íslendinga um þær mundir, en af kviðlingum þeim, er stundum voru látnir fjúka um kaupmenn, virðist þó mega ráða, að sumir þeirra hafi verið mjög illa þokkaðir. Þannig kvað Björn á Skarðsá um Húsavíkurkaupmann:

Öl slæmt, armt mjöl,
aum klæði, stika naum,
treg útlát, vond vog,
vöruspilling, afsvör,
hróp orða, hrakkaup o. s. frv.

Kaupmaður þessi hét Diðrik og hefur hann sýnilega verið mjög óvinsæll, því Oddur, sonur Þórðar skálds á Strjúgi, orti líka um hann níðvísu, er svo hljóðar:

---

1) Lbs. 67, 4to.

Diðrik harðnar, dáð hrörnar,
drýgir okur, að þokar,
vér látum, hann hlýtur,
hverfur mund, skýzt stundum,
kjör féllu, kaup hallast,
kram spillist, fer illa,
menn blindast, mát stendur,
magnast rán, senn gránar.[1])

Það sýnir bezt, hve ofurseldir Íslendingar voru einokunarkaupmönnunum um þessar mundir, að jafnvel sjálfur biskupinn í Skálholti, Gísli Oddsson, knékrýpur Eyrarbakkakaupmanni hvað eftir annað í bréfum sínum og biður hann auðmjúklega vægðar á skuldum sínum og lofar öllu fögru.[2]) Má þó ráða það af öðrum bréfum hans, að honum hefur verið mjög þungt í skapi til einokunarkaupmanna,[3]) svo að geta má nærri, að honum hefur sviðið þetta. Hét sá Mads Mogensen, er þá var kaupmaður á Eyrarbakka, og var hann ráðríkur mjög og fullur ofmetnaðar, svo að jafnvel lögmaðurinn sjálfur, Árni Oddsson, gat ekki fengið hann til að hlíta dómum sínum og var þó höfðingjavaldið allríkt hér á landi í þá daga.[4]) Eigi voru þeir betur þokkaðir Anders Mortensen og Jens Michelsen, er verzlun ráku í Hólminum laust fyrir miðja 17. öld. Segir Þórður sýslumaður Henriksson margt ófagurt af þeim, enda kom hann engum lögum yfir þá. Lýkur hann kæru sinni hinni dönsku með þeim orðum, að tár og kveinstafir vesalinganna hrópi í himininn yfir ranglæti þeirra og ójöfnuði og gefur í skyn, að ófarir og skipatjón verzlunarfélagsins um þær mundir kunni ef til vill meðfram að eiga þangað rót sína að rekja.[5]) Það var þó einkum eftir að hert var á verzlunarböndunum 1684, að

1) Tímar. Bókmfél. VIII, 56. Smbr. J. Þork.: Digtningen på Island. Kbh. 1888. Bls. 343.

2) Bréfab. Gísla bisk. Oddssonar I, 429—430, 563—564 (Lbs. 1645, 4to).

3) Smbr. Bréf hans til Jóns Magnússonar á Reykhólum 18. okt. 1636. Bréfab. Gísla bisk. Oddssonar I, 524 (Lbs. 1645, 4to).

4) Smbr. Dóm Árna 7. júlí 1632 (J. Sig. 374, 4to) og A. M. Embskr. Bls. 151.

5) A. M. 381 fol.

kaupmenn urðu að marki hrokafullir og óviðráðanlegir, því svo má kalla, að velferð manna og eignir væri þá lagðar þeim á vald. Þegar landsmönnum varð á að brjóta verzlunarskilmálana að einhverju leyti, þá voru kaupmenn eigi að eins sækjendur málsins, heldur réðu þeir sjálfir oft og einatt mestu um refsinguna, eða voru að minsta kosti sjálfráðir um, hvort þeir létu fullnægja dómnum eða eigi. Það fór eingöngu eftir því, hvort sakborningur hafði geð í sér til þess að sýna kaupmanninum nógu mikla auðmýkt og lotningu eða ekki. Ef hann var reiðubúinn til að beygja kné fyrir honum í viðurvist þingheims, eins og dæmi eru til,[1]) eða biðja hann auðmjúklega og innilega fyrirgefningar á yfirsjóninni ásamt með fleiri eða færri mönnum úr hóp dómendanna,[2]) þá var kaupmaðurinn vís til að sleppa honum alveg við refsingu eða því sem næst, en að öðrum kosti var bölvunin vís og fé og frelsi í veði. Eins og geta má nærri hafði þetta eigi sem hollust áhrif á kaupmenn, eins og þeir voru skapi farnir sumir hverjir, enda fundu þeir margir drjúgan til sín. Segir Pingel amtmaður um bréf eitt, sem kaupmaðurinn á Eyrarbakka hafði skrifað honum, að það »lykti af hroka og fyrirlitningu fyrir Íslendingum«, enda heimti kaupmenn ótakmarkaða virðingu, ótta og auðsveipni af landsmönnum.[3]) Við suma þeirra mátti eigi orðinu halla, því að þá var löðrungurinn vís. Þannig vitnaðist það um kaupmann eystra 1746, að hann hefði slegið mann til blóðs fyrir engar sakir í sauðaréttinni á Djúpavogi,[4]) og Jens Lassen kaupmaður á Eyrarbakka svaraði svo bónda einum, er kvartaði um laka vog á salti, að hann gaf honum »örfigen sinn undir hvort með blótsyrðum«.[5]) Í

1) Smbr. Dóma- og úrskurðabók Magnúsar lögm. Jónssonar 1690—1692. Bls. 425—426 (Þjskjs.)

2) Smbr. Þing á Ingjaldshóli 14. ág. 1702. Dóma- og þingbók Snæfs. 1697—1706 (Þjskjs.)

3) Bréf til Rk. (sept.?) 1745. Bréfab. amtm. VI, 205—209. (Þjskjs.)

4) Smbr. Þingsvitni 10. okt. 1746. Þjskjs. A 47 nr. 3.

5) Bréf frá Brynjólfi sýslum. Sigurðssyni til Ólafs amtm. Stefánssonar 1767 (ódagsett). Þjskjs. A 53 nr. 2.

skjali einu frá seinni hluta 18. aldar er afstöðu og einkaviðskiftum Íslendinga og einokunarkaupmanna lýst með svolátandi orðum: »Hvaða kærleika hingaðfarandi Danskir hafi til vor, er augljóst bæði af þeirra samtali sín á milli um landsfólkið og þeirra relationer til framandi þjóða. Og hvaða kærleika kann einn slave að hafa til síns harðúðugs herra? ... Þeir (ɔ: landsmenn) hafa einasta verið viðstaddir meðan þeir dönsku kaupmenn hafa keypt fyrir hvorutveggju, sjálfa sig og þá. Meðan þeir hafa sett taxta á sitt og þeirra alt ótaxerað góz, meðan þeir hafa stikað, mælt og vegið vörur beggja eftir velþóknan sinni, hafa bændur og jafnvel sumir prestar staðið berhöfðaðir fyrir borði þeirra. Hafi þá nokkur viljað gera innvending eður dispútera móti þeim um prís á sínum og þeirra vörum, hafa þeir sjaldan áunnið annað en ógunst kaupmannsins, eður, hafi hann hizugur verið, eitt högg til, sem dæmi munu gefist hafa.«[1])

Þeir sem kunnugir eru skapferli Íslendinga munu fara nær um það, að þeir hafa eigi æfinlega tekið þessu ofríki kaupmanna með þögn og þolinmæði, enda kastaðist oft í kekki með þeim og mátti stundum eigi á milli sjá, hvorir sýndu meiri frekju og þjösnaskap. Kom það jafnvel fyrir, einkum á 17. öldinni, að víg og hermdarverk hlutust af. Þannig bar það við í Djúpavogi árið 1670, að danskur maður varð íslenzkum að bana með skoti og hafði þeim borið á milli út af verzlunarviðskiftum.[2]) Eitthvað 10 árum seinna átti Adrian Munk, kaupmaður á Skutulsfjarðareyri, í brösum við Jón nokkurn Þorsteinsson út af tóbakskaupum; reiddi Adrian upp rullutréð, en Jón hljóp undir höggið, náði tökum á hálsklútnum og reyrði svo fast, að kaupmaður fekk bana af.[3]) Árið 1687—1688 varð allmikið þjark út af handalögmáli þeirra Alexanders Montross og Ásgeirs Jónssonar, án þess að nánar sé kunnugt um

1) *Um kauphöndlan og nokkuð fleira* (Hdrs. Bókmfél. 58, 4to).
2) Árb. Esp. VII, 62. Smbr. Hestsannál (J. Sig. 39 fol.)
3) Árb. Esp. VII, 104.

atvikin.[1]) Árið 1682 hafði Jón Eggertsson frá Ökrum ójöfnuð mikinn í frammi í Akureyrarkaupstað, sjálfsagt út af einhverju verzlunarþrefi, því að í kæruskjali landsmanna um Jón Eggertsson dags. á alþingi 10 júlí 1684 er svo að orði komist, að hann hafi »fordristað sig til að yfirfalla hans Kongl. Maits. fólk á Akureyri það ár 1682 með stórum flokk manna, höggum, slögum og hótunarorðum við kaupmanninn og hans fólk.«[2]) Vorið 1698 kærði Pétur Keysen kaupmaður á Akureyri »yfir almúgans óróa og óskikkanlegu framferði í drykkjuskap með óhöflegum orðum á móti sér og sínu fólki, og [það] að þau óskikkanlegheit fyrir amtmannsins tilhlutun mætti afskaffast og almúganum tilhaldast sér skikkanlega og friðsamlega að hegða þá hann í kaupstaðinn kemur.« Amtmaður bauð sýslumanni að hafa gát á þessu og var það síðan hvað eftir annað brýnt fyrir héraðsmönnum á manntalsþingum, en hafði víst litla þýðingu.[3]) Árið 1703 lýsti Magnús Benediktsson yfir því 8. sept. á Hrafnagilsþingi, að »hann vissi ei betur en Akureyrarkaupmaður hefði brotið á sér kongsins taksta í kauphöndluninni, líka hefði grið og friður á sér brotinn verið í fyrra sumar í Akureyrarkaupstað þann 10. sunnud. e. Trin.«[4]) Eitt af því, sem Gottrúp lögm. kærði fyrir þeim Árna Magnússyni og Páli Vídalín árið 1703 var það, að Hans Knub Húsavíkurkaupmaður hefði sumarið áður eigi að eins neitað Haldóri sýslumanni Einarssyni um nauðsynjar gegn innlendum afurðum, heldur einnig ráðist á hann með höggum og slögum í krambúðinni og ausið yfir hann ærumeiðandi skömmum í viðurvist Björns biskups Þorleifssonar o. fl. mætra manna, og megi geta nærri hvað almenningur eigi við að búa þegar sýslumenn láti bjóða sér slíkt að ósekju.[5])

---

1) M. Ket. III, 239-240. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 480-481.
2) Bréfab. Þórðar bisk. Þorlákssonar 1684-1689. Bls. 77 (Þjskjs.)
3) Smbr. Þingbók Eyjafjs. 1694—1699 (Þjskjs.)
4) Þingbók Eyjafjs. 1699—1707 (Þjskjs.)
5) Lbs. 336, 4to. Bls. 294-295.

Annars fer nú tvennum sögunum um viðskifti Haldórs sýslumanns við kaupmenn, því svo hefur Jón Jakobsson sýslumaður hermt eftir munnlegum frásögnum, að Húsavíkurkaupmönnum hafi jafnan verið illa við Haldór af því að hann hafi einhverju sinni átt að setja kaupmann í »húsarrest« fyrir rangsleitni hans við almenning í sokkatöku, en látið á meðan verzla við landsmenn eftir ströngustu lögum í sinni viðurvist.[1]) Hafi þetta hvorttveggja verið í sama skiftið, þá er skiljanlegt, að þeim hafi báðum, sýslumanni og kaupmanni, þótt réttast, að láta málið þegjandi niður falla. Árið 1706 skoraði Akureyrarkaupmaður á sýslumann að styrkja sig með lögum og rétti »ef honum nokkuð ofríki eða ófriður sýndur væri af almúganum«,[2]) svo að eitthvað hefur þar á milli borið og það víst meira en lítið. Þegar lengra dró fram á 18. öldina, gerðust landsmenn djarfari í viðskiftum sínum við kaupmenn, enda höfðu þeir þá og að jafnaði meira konungsfylgi eða stjórnarfylgi í málum sínum. Var það einkum Skúli fógeti og frændur hans og fylgismenn, sem tóku sér fyrir hendur að reisa skorður við ójöfnuði kaupmanna og beittu þá stundum helzti mikilli frekju. Árið 1755 risu úfar með kaupmanni í Stykkishólmi og Magnúsi sýslumanni Ketilssyni út af prjónlestöku. Hafði kaupmaður gert 343 sokkapör afturreka hjá sýslumanni og talið ógild, en sýslumaður lét tilkvadda menn virða sokkana að nýju og varð sú niðurstaðan, að þeir töldu nokkuð af þeim gott og gilt. Sendi Magnús það utan og lét fylgja kæru allharða með tilmælum um, að kaupmanni væri vikið frá starfinu. Kaupmaður bar af sér sakirnar og fór fram á, að Magnús fengi ofanígjöf hjá stjórninni fyrir athæfi sitt, því hann hefði verið drukkinn í kaupstaðnum og hagað sér mjög ósæmilega, og lagði fram vottorð um það. Við nýja skoðun á sokkunum í Kaupmannahöfn kom það upp

1) Sýsl. I, 116.

2) Smbr. Leiðarþing að Skriðu í Hörgárdal 31. júlí 1706. Þingbók Eyjafjs. 1699 | 1707 (Þjskjs.)

úr dúrnum, að ekkert af þeim var gilt, svo Magnús hefir bersýnilega haft á röngu að standa.[1]) Þetta var þó barnaleikur einn í samanburði við erjur Skúla fógeta og kaupmanna og verður það eigi úr skafið, að hann beitti stundum hinum mesta þjösnaskap og gjörræði í viðskiftum sínum við þá.[2]) Annars ber framkoma Reykvíkinga við Ara Guðmundsson kaupmann í Hólminum 1768 vott um það, að almúgamenn hafa þá verið farnir að rísa með talsverðri djörfung á móti gjörræði kaupmanna. Hafði Ari þegar frá öndverðu komið sér mjög illa við landsmenn, sem fyr segir, og fór svo sumarið 1768, að þeir þoldu eigi lengur mátið. Gerðu Reykvíkingar eða Seltirningar beinlínis samblástur á móti honum og heimtuðu, að hann væri settur af. Lögðust sýslumenn í Kjósar- og Gullbringusýslu á sveif með þeim og fór svo að lokum, að Ari varð að hröklast frá.[3])

Auðvitað áttu kaupmenn eigi allir óskilið mál um éjöfnuð og hroka við landsmenn. Þeir voru upp og niður eins og gerist og gengur og fengu sumir hið bezta orð á sig fyrir réttsýni, mannúð og góðgirni. Um Bastían Nielsson kaupmann í Rifi segir Jón prófastur Haldórsson, að hann hafi verið »ágætur maður«.[4]) Hann druknaði á útsiglingu með Höfðaskipi 1682 og hefur að líkindum orðið mörgum harmdauði þar vestra, því Rifshafnarkaupmenn þeir, sem eftir hann komu, voru flestir illa þokkaðir eftir þingbókunum að dæma. Um Klemens Mikael Blichfeld, kaupmann á Eyrarbakka, segir í bréfum sýslumanna úr Árnes- og Rangárvallasýslum til stiftamtmanns 1721, að hann megi telja flestum framar að lipurð og réttsýni og flytji

1) Rkbr. til stiftamtm. 27. marz 1756. Þjskjs. A 118. Smbr. Bréfab. stiftamtm. XI, 603—604.

2) Smbr. t. d. viðureign hans við Budtz kaupmann í Grindavík 1754 og Ara Guðmundsson í Hólminum 1769. Skúli Magnússon landfógeti (1711—1911) eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 130—136 og 220—222.

3) Kæra Reykvíkinga til amtm. 3. ág. 1768 (Þjskjs. A 79 II, 1). Bréf sýslumanna til amtm. 11. ág. 1768 (Þjskjs. A 47 nr. 4). Brét amtm. til Rk. 3. sept. 1768 (Bréfab. amtm. XVII, 196—199).

4) Sýsl. IV, 61—62 nm.

góðan varning, »svo þessi kaupstaður hefur hrós fram yfir aðra kaupstaði um vörunnar dugtugheit«.[1]) Árið 1729 er Stykkishólmskaupmanni hrósað að maklegleikum fyrir það, að hann taki landbúnaðarafurðir í fiskireikning, sem annars eigi að taka í prjónlesreikning eftir kaupsetningunni, og þóttu það eigi lítil hlunnindi.[2]) Í bréfi einu til stiftamtmanns frá 21. sept. 1733 segir Sigurður Högnason sýslumaður um Búðakaupmann, sem þá var: »Við Mýrasýslu innbúendur höfum átt að höndla og skifta við einn góðan og ópartiskan kaupmann, sem hefur vel og ærlega hagað sér við fólk með rigtugan reikning, vigt og mælir og látið sérhvern fá sína nauðþurft eftir sérhvers stand og vilkaar á mót betaling með góðri og höflegri umgengni svo vel enn í ár sem fyrrum«.[3]) Þessi kaupmaður hét Jónas Riis. Var honum viðbrugðið fyrir mannkosti og kallaður »nafnfrægt góðmenni«.[4]) Knudsen og Windekilde, sem voru kaupmenn á Eyrarbakka á seinni hluta 18. aldar, fengu báðir orð fyrir lipurð og réttsýni í viðskiftum. Sáu þeir landsmönnum jafnan vel borgið með allar nauðsynjar, en héldu í við þá með tóbak, brennivín og kramvöru og þótti slíkt nýstárlegt í þá daga. En afleiðingin varð sú, að hagir manna voru stórum betri þar um slóðir á dögum þeirra, en bæði fyr og síðar, og þóttu það ill umskifti, er Jens Lassen tók við verzlunarforstöðu á Eyrarbakka og fór að reka vetrarprang um allar sveitir með tóbak og brennivín.[5]) Aftur á móti þótti Hartmann sá, er kom á eftir Jens Lassen, ágætismaður í alla staði. Hafði hann gengið ungur í verzlunarþjónustu á Eyrarbakka og hækkað smám saman í tigninni. Var hann orðinn undirkaupmaður hjá Lassen og var mótfallinn okri

1) Þjskjs. A 88 nr. 1.
2) Smbr. Bréf Orms sýslum. Daðasonar til stiftamtm. 15. sept. 1729. Þjskjs. A 68 II, 17.
3) Þjskjs. A 75 I, 2.
4) Sýsl. I, 410.
5) Bréf Brynjólfs sýslum. Sigurðssonar til amtm. 26. marz 1767. Þjskjs. A 53 nr. 2. Smbr. hér að framan bls. 238 og 322—331.

hans og athæfi, að því er Brynjólfur sýslumaður segir, en leiddi það þó hjá sér. Hann andaðist á Eyrarbakka 1782 og fékk svolátandi eftirmæli af sóknarpresti sínum, síra Bjarna Jónssyni í Gaulverjabæ, hinum merkasta manni: »Við landsins innbyggjara, sem til hans höfðu að sækja, var hann lítillátur, hógvær, lempinn, gegn og tilleiðingasamur, svo um alla hans beþéningartíð hefur aldrei borið á hinum minstu óspektum eður óróa milli þeirra framandi og innbyggjaranna, sem víða annarstaðar hefur verið að heyra úr kaupstöðunum. Sitt eigið hús hefur hann vel forstaðið og breytt sómasamlega við alt það fólk, sem í hans þénustu hefur verið. Hann var tryggur og staðfastur við vini sína og hvað hann lofaði, efndi hann ætíð vel, góðhjartaður og meðaumkunarsamur við fátæka og nauðlíðandi, hverjum hann bæði lánaði og oftsinnis gaf af sínu eigin. Hann hafði stóra mannsparta með sér til höfðinglegra útláta og örlætis.«[1]) Það er auðvitað, að margir fleiri en þeir, sem hér eru taldir úr hóp einokunarkaupmanna, hafa verið góðir menn og gegnir, þó að nöfnum þeirra hafi eigi verið sérstaklega á loft haldið svo að eg hafi séð. Sumir heldri menn hér á landi bundu vináttu við kaupmenn þá, sem þeir verzluðu við, skiftust gjöfum við þá og skrifuðu þeim oft og einatt mjög vingjarnlega. Svo var t. d. um þá Eggert ríka á Skarði og Jónas Trellund, Brynjólf biskup og feðgana Hans Nansen, Andrés Regelsson Eyrarbakkakaupmann, sem biskup í einu af bréfum sínum kallar »vorn kæra kaupmann«,[2]) o. fl. o. fl. Hafa kaupmenn auðvitað gert sér far um að vinna hylli slíkra manna með ljúfu viðmóti og ef til vill hagkvæmari verzlunarkjörum, en alment gerðist. Það er t. d. auðsætt af bréfum Eggerts ríka til Jónasar Trellunds, að sérstakir samningar hafa verið þeirra

1) Lbs. 92, 8vo (nr. 11). Smbr. áðurnefnt bréf Brynjólfs sýslum. Sigurðssonar. Þjskjs. A 53 nr. 2.

2) Bréf til Teits Péturssonar 19. júlí 1669. Lbs. 1088, 4to. Bls. 70--72.

á milli um verzlunarkjörin,[1]) en þó sést það jafnframt, að báðir hafa þeir Eggert og Brynjólfur borið hag almennings fyrir brjósti og reynt að liðka fyrir búendum í ýmsum greinum, enda voru landsetar þeirra á hverju strái í kring um þá og mikið undir því komið, að þeir fengi nauðsynjar sínar eftir þörfum, því annars mátti búast við vanskilum á leigum og landskuldum.

Það er tekið skýrt fram í öllum einkaleyfum og verzlunarsamningum, að mál þau, er rísa kunni milli Íslendinga og einokunarkaupmanna út af verzlun og viðskiftum eða öðru, skuli rekin að lögum fyrir íslenzkum dómstólum og hraðað svo, að kaupmenn bíði engar tafir þess vegna.[2]) En það kom brátt í ljós, að Íslendingum veitti mjög erfitt að koma lögum yfir kaupmenn, því færi svo, að kaupmenn sæi sitt óvænna í málunum, neyttu þeir allra bragða til að þagga þau niður eða koma sér hjá refsingu. Bar það oft við, einkanlega á 17. öldinni, að tekið var fram í af æðri stjórnarvöldum og lögum og rétti traðkað kaupmönnum í vil. Árið 1649 eða þar um bil hafði Þórarinn nokkur Oddsson komið út í Austfjörðum með eitthvað af gózi frá Englandi, en kaupmaður í Vopnafirði, Evert Rechel, fór þegar til og gerði það upptækt undir því yfiskini, að Þórarinn ætlaði sér að verzla með það í óleyfi hér á landi, án þess þó að hann hefði nokkrar sannanir fyrir því. Þetta mál kom fyrir lög og dóm á alþingi 1650 og var kaupmaður dæmdur í sektir og bætur sem ránsmaður og skyldaður til að flytja gózið heim aftur á sinn stað.[3]) Kaupmaður undi þessu illa og útvegaði sér vorið eftir með tilstyrk höfuðsmanns konungsbréf þess efnis, að höfuðsmaður skyldi greiða úr þessu og sjá um,

1) Smbr. t. d. bréf 5. okt. 1659 og 4. sept. 1663. Bréfabók Eggerts 1632--1673. Bls. 239 og 296—297. (Þjskjs.)

2) Smbr. Einokunartilsk. 20. apr. 1602 (§ 2). Lovsaml. for Isl. I, 140. Þetta var síðan endurtekið í einkaleyfum 1614 og 1619 og haldið óbreyttu í öllum verzlunarskilmálum upp frá því.

3) Alþb. 1650 nr. 6.

að kaupmaður biði enga æruhnekkingu.[1]) Hafðist það fram á alþingi um sumarið með atfylgi höfuðsmanns, að kaupmanni voru gefnar upp sektirnar, en Þórarinn skyldi fá gózið aftur, er þá var komið suður að Bessastöðum, »þó með því móti, að hann aldrei hér eftir hafi nokkra höndlan með Engelskum, Hollenzkum eður öðrum framandi þjóðum undir hæsta straff eftir Kgl. Mts. Mandati.«[2]) Það er nokkurn veginn auðsætt, að lögmenn og lögréttan hafa eigi nauðungarlaust ónýtt dóm sinn frá árinu áður, sem var í alla staði réttur og lögmætur. Árið 1662 dæmdi Magnús Magnússon sýslumaður í Ísafjarðarsýslu Hermann Wörst kaupmann í sektir og ærumissi fyrir ósæmilegt orðbragð við íslenzkan mann, Teit Torfason, en kaupmaður fekk dóminn ónýttan með konungsbréfi árið eftir, og var höfuðsmanni eða fógeta hans boðið að gera út um málið.[3]) Jafnframt lét konungur það boð út ganga, að syslumenn og héraðsdómarar skyldi upp frá því enga dóma fella í málum, er varði líf og æru manna.[4]) Þetta mál var síðan tekið fyrir í hirðstjórabúðinni á alþingi sumarið 1663 af Tómasi Nikulássyni fógeta og því vikið til konungs náða, hvort Magnúsi sýslumanni og meðdómendum hans skyldi hér eftir leyft að sitja í dómarasæti eða gegna nokkrum embættisverkum.[5]) Minna mátti það ekki kosta að kveða upp lögsamdan dóm yfir einokunarkaupmönnum! Hefði nú að líkindum illa farið fyrir Magnúsi sýslumanni, ef frændur hans og kunningjar vestra hefði eigi leitað ásjár hjá mikilsmegandi mönnum úr hóp útgerðarmanna sjálfra. Jónas Trellund var þá sem áfjáðastur í fisk og önnur sjávargæði og vildi laða sem flesta af ríkismönnum og höfðingjum þar vestra til að skifta við sig, þar á meðal Magnús Jónsson sýslumann Barðstrend-

1) M. Ket. III, 37—39.
2) Alþb. 1651 nr. 19.
3) M. Ket. III, 108—109. Hér er Teitur ranglega nefndur Jónsson.
4) M. Ket. III, 108. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 290—291.
5) Alþb. 1663 nr. 21.

inga, föður Magnúsar Magnússonar. Eggert ríki á Skarði skrifaði nú kunningja sínum Jónasi Trellund haustið 1663 á þá leið, að ef hann vildi tryggja sér fisk hjá þeim Barðstrendingum og öðrum mönnum vestra, þá vissi hann ekkert betra ráð til þess, en að Trellund gerði sitt hið ítrasta til þess að afstýra því, að Magnús Magnússon »fengi skaða« af þeim dómi, er hann hefði kveðið upp í máli þessu.[1]) Það er mjög líklegt, að Trellund hafi lagst á sveif með sýslumanni í þessu máli og eins Hans Nansen borgarstjóri, því Magnús hafði áður verið í þjónustu hans erlendis.[2]) Að minsta kosti fekk hann uppreisn á virðingu sinni með konungsbréfi árið eftir.[3]) Hvergi kemur þó gjörræði Bessastaðavaldsins berlegar fram en í afskiftum þess af vígsmálinu á Djúpavogi árið 1670, sem fyr getur, því Bjelke útvegaði veturinn eftir konungsbréf þess efnis, að vegandinn skyldi fluttur utan og sóttur að lögum í Kaupmannahöfn,[4]) svo hann slapp af landi brott órefstur og vita menn eigi til að neinar sektir eða bætur hafi komið fyrir vígið.

Eftir að umdæmaverzlunin hófst og farið var að beita út í yztu æsar hinum ströngu og ómannúðlegu refsingarákvæðum verzlunarlaganna við umkomulitla almúgamenn, og það oft fyrir næsta ómerkilegar yfirsjónir, kom það aldrei fyrir svo getið sé, að kaupmenn væri látnir sæta ábyrgð fyrir sína hlutdeild í brotinu. Tómas Konráðsson var dæmdur í búslóðarmissi og æfilanga þrælkun á Brimarhólmi fyrir að selja Búðakaupmanni nokkrar vættir fiska og Hólmfastur Guðmundsson húðstrýktur miskunnarlaust fyrir að selja í Keflavík 10 ýsur og 3 löngur, sem úr hafði verið kastað í Hafnarfirði, en hvorki Búðakaupmaður né Keflavíkurmenn sættu refsingu fyrir kaupin og voru þeir þó samsekir hinum og áttu að réttu lagi að

1) Bréfab. Eggerts Björnssonar á Skarði 1632—1673. Bls. 296—297. (Þjskjs.)
2) Smbr. Sýsl. II, 221.
3) M. Ket. III, 115—116. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 294.
4) M. Ket. III, 162—163. Smbr. Ríkisréttindi Ísl. Rv. 1908. Bls. 139.

greiða 1000 rd. í bætur og 500 rd. í sekt eftir verzlunarskilmálunum.[1]) Þegar mest var rekistefnan á Snæfellsnesinu í lok 17. aldarinnar og byrjun 18. aldar út af flutningi á fiski í önnur kaupsvið, og sakir hentar á bændum fyrir auðvirðilegustu smámuni, þá voru engar refsingar lagðar við því, þótt kaupmenn hefði erindreka sína í öðrum kaupsveitum til þess að lokka fisk og annað út úr bændum með tóbaki og brennivíni, og mætti þó ætla, að eigi segðist minna á því.[2]) Með slíku háttalagi var eigi að furða, þótt sú skoðun kæmist smám saman inn hjá landsmönnum, að kaupmenn stæði öllum ofar og að engin lög næði yfir þá, enda varð það upp frá þessu að máltæki, þegar eitthvað þótti djarft í ráðist: *Heldurðu að þú sért kongurinn eða kaupmaðurinn?*[3]) Einna ljósast dæmi þess, hve landsmenn voru um eitt skeið ósjálfstæðir og ístöðulausir gagnvart kaupmönnum, eru vitnisburðir þeir, sem á stundum voru gefnir út á þingum um góða kynningu þeirra og vandaða breytni, enda þótt sumir þeirra manna, sem vottorðin fengu, væri alkunnir að klækjum og þjösnaskap, en vitnisburðina höfðu þeir sér til réttlætingar erlendis, ef á síðan kynni að verða fundið eitthvað að breytni þeirra. Þannig beiddist Knud Storm Hafnarfjarðarkaupmaður þess á Kálfatjarnarþingi 27. júlí 1699, að almenningur á Vatnsleysuströnd gæfi sér skriflegan vitnisburð um það, hvort einn og sérhver þeirra hefði ekki fengið nauðsynjar sínar í Hafnarfjarðarkaupstað með réttu verði eftir óskum og þörfum, meðan hann hefði rekið þar verzlun, og hvort hann hefði ekki »með góðri umgengni tilbærilega verzlað í allan máta við sérhvern mann«. Þessu var þannig svarað af viðstöddum mönnum: »Uppá ofanskrifaða ósk og begering er vort andsvar og opinber vitnisburður, að kaupmaðurinn Knud Storm hefur umgengist frómlega og friðsamlega við sér-

1) Smbr. Oktroi 29. jan. 1684 (§ 11). Lovsaml. for Isl. I, 410.
2) Smbr. hér að framan bls. 138—139.
3) Smbr. M. Stephensen: Eptirmæli 18. aldar. Leirárg. 1806. Bls. 811.

hvern mann og sína kauphöndlun haldið og gjört í allan máta eftir Kgl. Mts. taksta og forordningum og sérhvers manns nauðsynjum jafnan góðviljuglega gegnt og tilbærilega hjálpað og fullnægt með góðri kaupmannsvöru í allan máta, svo sem sérhver óskað hefur og sérhverjum af oss er vitanlegt. Hvers vegna vér skylduglega viljum þessari hans tilbærilegu begeringu vel og kristilega gegna og gjarnan óska, að fyrr velnefndur kaupmaður mætti vel og lengi með lukku og blessan sömu höndlan framhalda og hljóta (bæði hér á landi og annarstaðar) guðs náð og gleðileg velfelli til lífs og sálar æ jafnan fyrir Jesum Christum«. Þessi vitnisburður var síðan staðfestur á þinginu með almennu lófataki.[1]) Ef vér þektum eigi Knud Storm af öðru en þessum vitnisburði, þá væri öll ástæða til að ætla, að hann hefði verið mesti öðlingur, en þegar betur er aðgætt, var það einmitt á þessu sama Kálfatjarnarþingi að hann let húðstrýkja Hólmfast Guðmundsson af hinni mestu grimd,[2]) og sviftir það óneitanlega af honum gyllingunni og sýnir alláþreifanlega, hve lítið er að marka slíka vitnisburði. Þegar fram í sótti skerðist þó nokkuð álit kaupmanna og ótti sá og lotning, sem menn báru fyrir þeim, fór heldur rénandi, en ávalt skirðust menn þó við að ganga í berhögg við þá eða leita réttar síns að lögum fyr en í fulla hnefana, því kaupmenn höfðu jafnan í heitingum um, að láta eigi staðar numið fyr en í hæstarétti, og þótti fæstum árennilegt að eiga undir því sakir kostnaðar.

Það sem hér hefur sagt verið af viðskiftum Íslendinga og einokunarkaupmanna virðist óneitanlega bera vott um það, að landsmenn hafi yfirleitt verið heldur réttlitlir gagnvart kaupmönnum, og má vafalaust gefa sýslumönnum landsins nokkra sök á því, enda var þeim löngum brugðið um meðhald með kaupmönnum. Það þarf heldur eigi

1) Smbr. Dómabók Gullbrs. 1696—1700. Þjskjs.
2) Smbr. A. M. Embedsskr. Bls. 108—109.

langt að leita til þess að finna hvað því olli, að sýslumenn og margir aðrir af heldri mönnum hér á landi voru tregir til að beita sér á móti einokunarkaupmönnum. Sumir af kaupmönnum eða útgerðarmönnum íslenzku verzlunarinnar áttu kunningja í stjórnardeildunum, eða voru jafnvel sjálfir svo mikils metnir á hærri stöðum, að meðmæli þeirra gátu riðið baggamuninn, ef um embættaveitingar eða bænheyrslu var að ræða. Þótti því jafnan miklu skifta að eiga kaupmennina að, ef menn voru að sækja um embætti eða önnur fríðendi erlendis, og greiddu þeir eigi að eins fyrir bænarskránum með því að stinga einhverju í lófann á þeim, sem áríðandi þótti að vinna til fylgis, eins og algengt var um þær mundir, heldur leystu þeir út veitingarbréfin á sínum tíma, eins og þá var venja til. Þessu til sönnunar má vitna í bréf Brynjólfs biskups 19. júlí 1669 til Teits Péturssonar, sem þá var að ljúka námi í Kaupmannahöfn. Hvetur biskup hann til að reyna »með góðra vina tilhjálp« að ná í vonarbréf fyrir Hofi í Vopnafirði. Kveðst hann hafa nefnt þetta »heimuglega« við Andrés Regelsson Eyrarbakkakaupmann og ráðleggur nú Teiti, að fá hann til þess að færa þetta í tal við Hans Nansen.[1]) Kom þar að lokum, að flestar bænarskrár af Íslandi voru seldar kaupmönnum í hendur til fyrirgreiðslu, eða þeir jafnvel látnir skrifa þær sjálfir, þó að konungur hefði mælt svo fyrir, að þær ætti að ganga rétta boðleið til amtmanns og síðan til stiftamtmanns eða stjórnarinnar.[2]) Voru amtmennirnir sífelt að klifa á þessu og kunnu því mjög illa, sem von var, því það kom stundum fyrir, að kaupmenn fóru eigi sem skjallegast með þessi trúnaðarerindi og töfðu fyrir þeim bænarskrám, sem þeim voru eigi að skapi, en otuðu hinum fram af kappi.[3]) Fáraðist Fuhrmann amtmaður mjög

1) Lbs. 1088, 4to. Bls. 70—72.
2) Smbr. Bréf Müllers amtmanns til stiftamtm. 11. nóv. 1707. Þjskjs. A 84 II, 1.
3) Smbr. Bréf stiftamtm. til lögmanna og sýslumanna á Íslandi 5. mai 1721. Bréfab. stiftamtm. I, 392--394.

yfir þessu í bréfi til stiftamtmanns 20. sept. 1724 og segir berum orðum, að það sé á allra manna vitorði, að kaupmenn taki að sér að flytja umsóknir manna og erindi í stjórnardeildum konungs, án þess að leita umsagnar æðri yfirvalda, og sé þessi afskifti þeirra alveg fráleit, því þeir beri oft og einatt rangt á milli og fari að eins eftir vild og vináttu.[1]) Það má því vafalaust segja, að margir sýslumenn hafi átt kaupmönnum upphefð sína að þakka og auk þess staðið í skuld við þá fyrir útlagða peninga eða ótrauða hjálp í málaferlum og þess háttar, en kaupmenn hafa þá að sjálfsögðu vænst þess, að einhver greiðvikni kæmi á móti. Það mun því að líkindum eigi fjarri sanni, er Árni Magnússon segir um sýslumennina hér á landi í byrjun 18. aldar, að þeir sé eigi líklegir til að halda uppi svörum fyrir lítilmagnann gagnvart kaupmönnum, því að þeir megi sín lítils á móts við þá og sé þeim margvíslega háðir, sumpart vegna skulda og sumpart vegna þess, að kaupmenn sé í ábyrgð fyrir þá flesta um sýslugjöldin.[2]) Þegar tekin voru þingsvitni árið 1753 um verzlun Hörmangara, var ein af spurningunum (12.) svolátandi: »Er ei bændum torvelt að klaga kaupmenn, ef þeir gera þeim rangt til, og í hverju bestendur það?«[3]) Í Skagafjarðarsýslu svöruðu sumir því svo, að það kæmi til af því, að »þeir eru fátækir menn og sjá sér ei fært að hrekjast rétt frá rétti, því kaupmenn og sýslumenn eru vinir«. Aðrir sögðu að það kæmi til af því, »að þeir ekki mundu fá áheyrslu hjá sýslumönnum vegna þess, að þeir og kaupmaður væri góðir vinir,« og enn sögðu nokkrir, að menn hliðri sér hjá kærum af því að þeim »þyki uggvænt, að heldur verði fylgt kaupmanns en sínu máli.«[4])

Það er nokkurn veginn auðsætt af þessu, að margir sýslumenn hér á landi voru svo háðir einokunarkaup-

1) Bréfab. amtm. II, 207--209.
2) A. M. Embedsskr. Bls. 151--152.
3) Smbr. hér að framan bls. 201.
4) Þjskjs. A 42.

mönnum ýmsra hluta vegna, að þeir gátu eigi beitt sér á móti þeim eða rekið djarflega réttar landsmanna, ef þeir voru rangindum beittir af kaupmönnum, enda þótt þeir hefði vilja til. Bætti það og heldur eigi úr skák, að háyfirvöldin drógu lengi vel mjög einhliða taum kaupmanna, enda þótt annars hefði mátt vænta af þeim, því eigi skorti það, að brýnt væri nógu rækilega fyrir höfuðsmönnum og fógetum af konungs hálfu að gæta þess, að kaupmenn beitti engu ofríki eða ójöfnuði við landsmenn, heldur höguðu sér lögum samkvæmt.[1]) Eftirlitið var þó mjög slælegt af hálfu þeirra flestra, ef þeir þá ekki beinlínis hölluðust á sveif með kaupmönnum. Um Herluf Daaf er það kunnugt, að hann fylgdi kaupmönnum að málum og studdi að því, að tekið var fram fyrir hendurnar á valdsmönnum, er þeir vildu reisa skorður við gjörræði kaupmanna með dómum sínum. Aftur á móti virðist kveða við nokkuð annan tón hjá Friðreki Friis eftir bréfum þeim að dæma, sem hann hafði út með sér vorið 1619. Voru þau óefað af hans toga spunnin og virðist mega ráða af sumum þeirra, að hann hafi ætlað sér að sýna óhlutdrægni og afstýra því, að kaupmenn beitti nokkrum ójöfnuði, enda mun hann hafa kynt sér athæfi þeirra í rannsóknarförinni 1618. En hann andaðist mjög bráðlega.[2]) Um Holger Rosenkrantz er fátt kunnugt í þessum efnum annað en það, að hann neitaði að flytja bænarskrá landsmanna við konung árið 1631 og bendir það heldur á, að hann hafi verið þeim andvígur.[3]) Af svörum Pros Mundts við spurningu Árna lögm. Oddssonar á alþingis 1635, hvort kaupmenn væri eigi skyldir til að láta vega þær mjöltunnur, sem þeir seldi landsmönnum, virðist mega ráða, að hann hafi eigi verið mikill stuðningsmaður Íslendinga í verzl-

1) Smbr. Lénsbréf Enevold Kruses 15. apr. 1602 (Kanc. Brevb. 1596--1602 bls. 717), Herluf Daa's 2. mai 1606 (Kanc. Brevb. 1603--1608 bls. 423), Friðreks Friis 23. marz 1619 og Holgers Rosenkrantz 22. febr. 1620 (J. Sig. 374, 4to.)

2) Smbr. hér að framan bls. 372--374.

3) Smbr. hér að framan bls. 101 og 384.

unarmálunum, því hann fór undan í flæmingi og vísaði til kaupsetningarinnar, en þar segir ekkert um þetta.[1]) Höfuðsmenn þessir voru og ærið stopulir hér á landi og komu hingað að eins annað veifið, svo að eigi var að búast við miklu eftirliti af þeirra hálfu, en um fógeta þeirra eða umboðsmenn var alveg sérstöku máli að gegna, eins og síðar mun ljóst verða.

Í lénsbréfum höfuðsmanna frá fyrri hluta 17. aldar er það tekið fram, að hvorki þeir né fógetar þeirra eða fólk megi reka neina verzlun, sem geti verið almenningi til baga.[2]) Virðast þeir hafa skilið þetta svo, að þeir mætti þó verzla eitthvað lítilsháttar við konungsbændur í Gullbringusýslu, enda gerðu þeir það hispurslaust með vitund og vilja einokunarkaupmanna, sem óefað sáu sér hag í því að leiða þetta hjá sér eða leyfa það. Árið 1661 gerðust þó svo mikil brögð að þessu, að kaupmenn kærðu yfir því og sögðu, að höfuðsmaður eða bræðurnir Jóhann Klein, sem þá var fógeti á Bessestöðum, og Hans Klein keypti í umboði hans alla fiskihluti útróðrarmanna á konungsbátum í Gullbringusýslu. Báru þeir bræður eigi á móti því, að svo hefði verið, en þóttust hafa tekið hluti útróðrarmanna upp í skuldir þeirra til höfuðsmanns, því hann hefði áður verið búinn að lána þeim ýmsar lífsnauðsynjar. Að öðru leyti höfðu þeir það sér til réttlætingar, að verzlunarfélagið hefði svikist um að halda uppi siglingum til landsins það ár, og var það satt.[3]) Verzlun fógeta var þó stranglega bönnuð í einkaleyfisbréfi kaupmanna 31. júlí 1662 (§ 2),[4]) en aftur á móti fekk höfuðs-

1) Smbr. Alþb. 1635 nr. 18.

2) Smbr. Lénsbréf Friðreks Friis 23. marz 1619: »Skal hand och icke heller hans fogeder och folck driffue nogen Kiöbmandschab imod Lowgen, som den menige Mand kand were tilschade« (J. Sig. 374, 4to). Þetta er síðan endurtekið í lénsbréfum næstu höfuðsmanna.

3) Bréf 23. des. 1661 og 10. jan. 1662. D. Kanc. Dokumenter til Statskoll. Protok. $^{29}/_{4}$ 1661 og $^{17}/_{2}$ 1662 (Rskjs.)

4) »Skal voris Fogder og hermed vere forböden med Indvaanerne der i Landet at handle eller videre Vare derfra udföre, end voris egen Indkomst kan bedrage, og os vedkommer, under samme Vares Forbrydelse, og Straf over dennem, som voris Kongelige Mandats Overtredere som vedbör«. Lovsaml. for Isl. I, 279.

maður sjálfur það ár konungsleyfi til að reka hér verzlun og sjávarútveg með því skilyrði, að það kæmi eigi í bága við hagsmuni einokunarkaupmanna, enda hafði hann þá og tekið landið á leigu með sköttum og skyldum til 10 ára.[1]) Hafa aðalútgerðarmennirnir látið þetta eftir og treyst því, að Bjelke mundi sjá það við þá í einhverju. Þessum hlunnindum hélt hann síðan til dauðadags og rak hér talsverða verzlun með tóbak, brennivín og annan varning. Hafði hann sérstaka menn til þess að standa fyrir henni af sinni hálfu, þar á Meðal Mikkel Gregersen, er kallaður var »skögultönn«.[2]) Fógetum sínum greiddi Bjelke engin laun, en leyfði þeim í þess stað að reka verzlun (sjálfsagt aðallega með tóbak og brennivín) við menn þá, sem reru á konungsútvegi í Gullbringusýslu, og munu þeir hafa notað sér það óspart.[3]) Það liggur í augum uppi, að höfuðsmenn og fógetar, sem áttu að vera í fyrirsvari fyrir landsmönnum og gæta hagsmuna þeirra í verzlunarmálunum, gátu naumast verið óvilhallir meðalgöngumenn, þegar þeir áttu svona mikið undir kaupmönnum, enda sýna afskifti Bjelkes af sakamálum þeim, sem áður er getið, að hann var síður en ekki óhlutdrægur. Segir Árni Magnússon um hann fullum fetum, og það víst með réttu, að hann hafi ávalt haldið með kaupmönnum.[4]) Þegar Kristófer Heideman landfógeti kom til sögunnar, hefur hann sjálfsagt farið að dæmum fyrirrennara sinna, því hann var fjáraflamaður hinn mesti. Segir í bréfi einu frá 13. júní 1719, að skip það, er sent var til Íslands árlega á dögum Heidemans landfógeta til að sækja fálka konungs og landskuldir, hafi rekið verzlun í Bessastaðanesi,[5]) og má líklegt þykja, að hann hafi sjálfur verið þar með í tígi, enda var hann búinn að nurla svo saman

1) Smbr. Kgsbr. 23. des. 1662. Lovsaml. for Isl. I, 285--286.
2) Smbr. Bessestadensia. Ríkisrétt. Isl. Rv. 1908. Bls. 131.
3) Smbr. Álitsskjal Rk. 1688 um laun og kostnað landfógeta. J. Sig. 374, 4to.
4) Bessestadensia. Ríkisrétt Ísl. Rv. 1908. Bls. 139.
5) Þjskjs. A 113.

peningum þegar hann fór utan sumarið 1685 eftir tveggja ára þjónustu, að hann lét flytja til skips 4 peningaskrín á tveim hestum, og var til þess tekið, að eigi hafi annar fógeti orðið jafnauðugur á jafnskömmum tíma. Voru kaupmenn að sögn tregir til að flytja hann og kváðu hvern hans pening okraðan út.[1]) Hefur þeim að líkindum þótt hann helzti frekur í verzlun sinni, því að eigi er þess getið, að hann hafi verið þeim neitt mótdrægur að öðru leyti. Eftir hans dag munu æðstu valdsmenn hér á landi hafa lagt þetta prang niður að mestu eða öllu leyti og var meir en tími til kominn.

Þegar fyrsti amtmaðurinn var skipaður hér á landi árið 1688, var honum gert að skyldu að hafa fast aðsetur á Bessastöðum sumar og vetur, og hefur það sjálfsagt meðfram verið gert í því skyni, að hann gæti þess betur haft umsjón með verzluninni, því honum var falið sérstakt eftirlit með henni.[2]) Kristján Müller, sem fyrstur gegndi amtmannsstörfum hér á landi, virðist þó helzt hafa litið svo á, sem hann væri settur til höfuðs landsmönnum og ætti sérstaklega að gæta þess, að refsingarákvæðum verzlunarlaganna væri beitt sem frekast gegn þeim. Hann rak að sönnu enga verzlun sjálfur, en var þó í leynilegum samtökum við kaupmenn þá, sem höfðu tekjur landsins á leigu, að því er Gottrúp lögmaður segir.[3]) Árni Magnússon segir afdráttarlaust um hann, að hann hafi trúað á kaupmenn og æfinlega dregið taum þeirra gagnvart landsmönnum, enda þegið árlega mútur (genant) af þeim.[4]) Þó að hér kunni nú að vera tekið of djúpt í árinni, þá er hitt víst, að hann var mjög leiðitamur við kaupmenn og snerist greiðlega við öllum kröfum þeirra, hversu fráleitar sem þær voru, eins og ljóst er af þingbókum og öðrum

---

1) Árb. Esp. VIII, 11.

2) Smbr. 10., 11. og 15. gr. í erindisbr. amtm. 5. maí 1688. Lovsaml. for Isl. I, 479—480.

3) Smbr. hér að framan bls. 134.

4) Smbr. Bessestadensia. Ríkisrétt. Isl. Rv. 1908. Bls. 140—141.

gögnum frá þeim tíma.[1]) Aftur á móti sýndi Fuhrmann amtmaður jafnan óhlutdrægni í afskiftum sínum af verzlunarmálunum, að því er séð verður, án þess þó að hann léti þau að marki til sín taka. Það gerði aftur á móti stiftamtmaður sá, er þá hafði æðstu stjórn landsins á hendi, Raben flotaforingi. Var hann í mörgum greinum hinn röggsamasti maður og virðist mega ráða það af bréfum hans, að hann hafi lagt alúð á að gæta jafnt hagsmuna beggja, kaupmanna og landsmanna, að svo miklu leyti sem unt var með þeirri tilhögun, sem þá var á verzluninni. Að minsta kosti er það víst, að hann var óháður kaupmönnum að öllu leyti. Þegar hann tók við embættinu árið 1720, var leigufrestur kaupmanna útrunninn, og gerði hann þá tillögur um ýmsar breytingar á verzlunarskilmálunum landsmönnum í vil, þótt eigi fengist þeim framgengt fyr en löngu seinna.[2]) Árið eftir skrifaði hann lögmönnum og sýslumönnum á Íslandi og brýndi rækilega fyrir þeim, að hafa strangar gætur á verzluninni og sjá til þess, að alþýðumenn yrði eigi fyrir neinum rangindum af kaupmönnum og að nægar vörubirgðir væri á hverri höfn, ásamt ýmsu fleiru þar að lútandi. Bað hann þá að skýra sér árlega frá öllum anmörkum á verzlunarhögunum, svo að unt væri að kippa því í lag, sem aðfinsluvert þætti.[3]) Sjálfur gekk hann á

---

1) Smbr. ummæli Árna Magnússonar um þetta í skjali til konungs 5. jan. 1706: »Belangende en amtmands eftersyn udi denne sag, da vilde det for hannem blive fast umueligt at inqvirere personligen om, hvorledis handelen var, af aarsage at landet er meget vidtbegreben og vanskeligt at reise over. Imidlertid er det vist, at hand til landzfolkenes store soulagement kunde baade assistere sysselmændene i slige tilfælde og nöde dem til at giöre det de burdte, om hand vilde tage sig landzfolkenes frelse an og vere neutral i kiöbmændenes sager. Mens der med er ulige tilgaaet, og veed ieg icke at besinde mig paa noget exempel, hvor af kunde sees, at mand med nogen alvorlighed hafde sögt at maintenere landzfolkene i slige tilfælde, mens at den nu verende amtmand haver stædse ladet see stor nidkierhed i at conservere de trafiqverendes interesse og formeente ret imod landzfolkene, det er vist, og kand tydeligen vorde demonstreret, om Eders Kongl. Majestet skulde der om vilde have videre underretning«. (A. M. Embskr. Bls. 152).

2) Smbr. Bréf stiftamtm. til Rk. 25. nóv. 1720. Bréfab. stiftamtm. II, 18—20.

3) Bréfab. stiftamtm. I, 392—394.

undan þeim með góðu eftirdæmi, því yrði hann þess áskynja, að eitthvað væri athugavert við vörubirgðir þær, sem áttu að fara til Íslands, þá lét hann óðar kveðja menn til að skoða þær,[1]) og brýndi rækilega fyrir kaupmönnum á hverju vori, að flytja nægan og góðan varning til landsins. Stiftamtmenn þeir, sem tóku við af honum, voru heldur atkvæðalitlir og sömuleiðis Lafrenz amtmaður, sem tók við af Fuhrmann. Þótti hann víst heldur hliðhollur kaupmönnum, enda færðu þeir honum ókeypis heim í hlað allflestar nauðsynjar til heimilisþarfa og þær mjög ríflegar.[2]) Af embættisbréfum Pingels amtmanns á fyrstu árum hans er það auðsætt, að honum hefur þótt nóg um hroka og ójöfnuð kaupmanna, og gerði hann sig fyrst í stað líklegan til að halda þeim í skefjum, en það fór af mjög bráðlega. Átti hann jafnan við þröngan fjárhag að búa, því hann var sjálfur sællífur, en kona hans eyðslusöm. Komst hann því brátt í skuldir við kaupmenn, svo að þeir náðu alveg tangarhaldi á honum og synjuðu honum um lífsnauðsynjar, ef hann lagðist á móti þeim í nokkru. Kom þar að lokum, að hann þorði eigi annað en að sitja og standa eins og þeir vildu.[3])

Árið 1750 má telja merkisár í verzlunarsögu Íslands, því að upp frá því verða alveg straumhvörf í afstöðu stjórnarinnar til verzlunarmálanna. Höfðu bæði háyfirvöldin og stjórnardeildirnar áður fyrri litið mjög einhliða á þau mál og hallast að öllum jafnaði fremur á sveif með kaupmönnum en landsmönnum í viðskiftum þeirra. En upp frá þessu verður sú breyting á, að Íslendingar fá æ meiri áheyrn og meðhald hjá stjórninni og virðist þaðan í frá kenna einlægrar viðleitni af hálfu stjórnarvaldanna til að bæta verzlunarkjörin og hefta gjörræði kaupmanna. Má auðvitað fyrst og fremst þakka það þeim mönnum,

---

1) Smbr. Bréfab. stiftamtm. II, 332—342.

2) Bréf frá Birni Markússyni lögm. til Ólafs amtm. Stefánssonar 20. júní 1767. Þjskjs. A 71 nr. 3. Smbr. hér að framan bls. 356.

3) Smbr. Amtmannaæfir Magnúsar sýslum. Ketilssonar. Lbs. 834, 4to.

sem þá komust til æðstu valda hér á landi, en þó jafnframt breyttum hugsunarhætti erlendis. Árið 1750 tók Skúli Magnússon við landfógetaembættinu og Magnús Gíslason við amtmannsstörfum, og voru þeir báðir upp frá því hinir öruggustu fulltrúar Íslendinga í verzlunarmálunum, þótt sinn háttur væri á hvorum. Að líkindum hefði þeim þó orðið minna ágengt en raun varð á, ef eigi hefði viljað svo vel til, að Rantzau greifi valdist í stiftamtmannssætið einmitt á þessu sama ári, en hann var hinn mesti ágætismaður og mjög velviljaður Íslendingum, »sannur Íslands Patron«, eins og Magnús Ketilsson kemst að orði.[1]) Átti hann mjög drjúgan þátt í að greiða fyrir iðnaðarstofnununum, og vafalaust má þakka honum það manna mest, að kærum Íslendinga yfir kaupmönnum og verzluninni var nú miklu meiri gaumur gefinn en áður. Var nú verzlunarfélögunum hér eftir eigi jafnhægt um vik, því útgerðarmennirnir áttu stiftamtmann yfir höfði sér í Kaupmannahöfn, en kaupmenn þeir, sem í förum voru, þá Magnús amtmann og Skúla fógeta hér á Íslandi.[2]) Embættisbréf Magnúsar amtmanns bera þess ljósan vott, að hann hefur látið verzlunarmálin mikið til sín taka og haft jafnan vakandi auga á framferði kaupmanna. Brýndi hann það oft og rækilega fyrir þeim, að það væri þeim sjálfum og verzluninni fyrir beztu að þeir sýndi landsmönnum alúð og nærgætni í viðskiftunum, og áminti þá hógværlega um að bæta ráð sitt, ef honum þótti nokkuð á bresta, en hélt þó fast á sínu máli, ef þörf gerðist.[3]) Ólafur amtmaður Stefánsson fetaði og að þessu leyti í fótspor tengdaföður síns, en var þó heldur

---

1) Lbs. 834, 4to.

2) Þess er áður getið, að helztu menn Hörmangarafélagsins gerðu það að skilyrði fyrir hluttöku sinni í verzluninni 1758, að þeim Magnúsi amtmanni og Skúla fógeta væri vikið frá embætti, og markar það bezt afstöðu þeirra til verzlunarmálanna, enda höfðu þeir reynst kaupmönnum allóþarfir. Smbr. hér að framan bls. 224.

3) Smbr. t. d. bréf hans til kaupmanna í Hólminum og á Stapa 23. júní og 18. júlí 1759. Bréfab. amtm. XI, 14—16 og 47—49.

deigari að því er virðist og forðaðist í lengstu lög að beita sér við kaupmenn. Þannig var hann mjög tregur til að setja ofan í við Ara Guðmundsson, þó að honum væri það fullkunnugt, að hann hefði ýmsa óhæfu í frammi,[1]) og eins leiddi hann hjá sér okursölu Lassens Eyrarbakkakaupmanns á tóbaki og brennivíni, þótt hún væri alkunn þar eystra og sýslumaður keipaði eftir skipan frá honum til að taka í strenginn.[2]) Árið 1770 var Lauritz Thodal skipaður stiftamtmaður og settist hann að hér á landi fyrstur allra íslenzkra stiftamtmanna. Þótti hann eitt hið bezta yfirvald, því hann var bæði hógvær og réttlátur og gegndi vel nauðsynjum manna. Hafði hann og tvo íslenzka amtmenn sér við hlið, Ólaf Stefánsson og Stefán Þórarinsson, svo eftirlitið var nú ólíkt meira en áður, enda breyttist verzlunin mjög til batnaðar úr því. Thodal stiftamtmaður fór alfarinn utan árið 1785 og tók þá sæti í nefnd þeirri, sem falið var að íhuga verzlunarmálið og gera tillögur þar að lútandi. Hafði hann mikil afskifti af Íslandsmálum upp frá því og kom þar jafnan fram til góðs.[3])

Það var alsiða fyr á öldum, að höfuðsmenn og fógetar fengi kaupmönnum af næstu höfnum umboð sitt í hendur hér á landi, meðan þeir sjálfir voru erlendis, eða tæki þá jafnvel sér til aðstoðar, og urðu þeir sumir fastir í sessi á Bessastöðum eða kræktu sér í önnur embætti eða sýslanir hér á landi. Fær það engum dulist, hverjum anmörkum það var bundið, að ýmsir af æðri og lægri embættismönnum landsins, sem áttu einmitt að vera í fyrirsvari fyrir landsmönnum og gæta hagsmuna þeirra í verzlunarmálunum, voru sjálfir úr hóp kaupmanna eða venzlaðir þeim og vandabundnir á ýmsa lund. Skal hér í stuttu máli drepið á nokkra þeirra til frekari skýringar. Árið 1611 var að sögn *Jörgen* nokkur *Danielsson* umboðsmaður á Bessastöðum. Sigldi hann héðan 1616 og kom út aftur

1) Smbr. Bréf hans til Rk. 3. sept. 1768. Bréfab. amtm. XVII, 196—199.
2) Smbr. Þjskjs. A 53 nr. 2 og 79 II, 1.
3) Smbr. Amtmannaæfir Magnúsar Ketilssonar. Lbs. 834, 4to.

næsta ár sendur af Herluf Daa með erindum hans og timbur til Bessastaðakirkju.[1]) Það er mjög líklegt, að hann hafi verið kaupmaður á einhverri af suðurhöfnunum og sé sami maðurinn og sá Jörgen Daníelsson, sem tók þátt í stofnun íslenzka verzlunarfélagsins árið 1620.[2]) Hann varð bæjarfulltrúi í Kaupmannahöfn 1622, en borgarstjóri 1629 og hefur því eigi getað verið umboðsmaður á Bessastöðum á ný árið 1630, eins og segir í Sýslumannaæfum, sé hér á annað borð um sama manninn að ræða. Hann andaðist 4. júní 1638.[3]) Þá er *Hans Mandixen* talinn umboðsmaður konungs í Gullbringusýslu árið 1618.[4]) Hann var annaðhvort albróðir eða hálfbróðir Jörgens Daníelssonar[5]) og hefur að líkindum rekið verzlun á suðurhöfnunum fyrir hönd bróður síns eða annara. Á síðustu hirðstjórnarárum Holgers Rosenkrantz (1628—1633) var *Ólafur Pétursson* fógeti á Bessastöðum. Hafði hann áður verið 8 ár í siglingum hingað til lands, að því er hann sjálfur segir, og hefur þá að líkindum verið á vegum fyrsta íslenzka verzlunarfélagsins. Hafði hann útveg mikinn á fógetaárum sínum og komst að sögn yfir mikið góz hér á landi, bæði fast og laust, en stóð illa í skilum við höfuðsmann. Var hann síðan eitt ár í þjónustu Pros Mundts og þakkaði hann guði fyrir að losna við Ólaf, kvað hann illa fallinn til auðvirðilegra starfa, hvað þá heldur til konungsþjónustu. Þegar Ólafur kom utan reyndi hann að koma sér á framfæri við konung með alls konar sögburði af Íslandi, en höfuðsmaður rak það flest ofan í hann aftur og gerði að sögn alla fjármuni hans upptæka. Var hann síðan hneptur í varðhald í Kaupmanna-

---

1) Hirðstjóraannáll Jóns prófs. Haldórssonar. Safn t. s. Isl. II, 728--729. Smbr. Sýsl. IV, 111.

2) Smbr. Fylgiskj. 1.

3) Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1536--1660 I, 212--213. Hirðstjóraannáll og eftir honum Sýslumannaæfir segja dánardag hans 4. mai, en dánarárið 1638.

4) Sýsl. IV, 111.

5) Smbr. O. Nielsen: Köbenhavn 1536—1660 I, 213.

höfn fyrir ýmsa klæki sína, en strauk þaðan til Svíþjóðar.[1]) Árið 1641 og 1644—1645 var *Lauritz Nielsen* fógeti á Bessastöðum og fulltrúi Pros Mundts höfuðsmanns. Vita menn engin deili á honum, en þó er meira en líklegt, að hann hafi verið eitthvað við verzlun riðinn hér á landi, því löngu seinna kom hann út aftur til að krefja gamalla verzlunarskulda og var upp frá því kallaður Skulda-Lauritz. Bendir það heldur til þess, að hann hafi frá öndverðu verið eitthvað handgenginn kaupmönnum.[2]) Árið 1660 varð *Jóhann Pétursson Klein* fógeti á Bessastöðum og verzlunarerindreki höfuðsmanns. Hafði hann áður verið undirkaupmaður eða eftirlegumaður vestur á Stapa. Hann misti fógetadæmið 1662 út af málaþjarki við Torfa sýslumann Erlendsson, föður Þormóðar sagnaritara, en fekk það aftur 1665 og gegndi því til þess er Heideman var skipaður landfógeti árið 1683. Fór hann þá alfarinn til Kaupmannahafnar, leigði árið eftir Bíldudal og Patreksfjörð og rak þar verzlun til dauðadags.[3]) Hann hafði marga umboðsmenn á Bessastöðum og voru þeir flestir eða allir af verzlunarstétt. Einn þeirra var *Jakob Benediktsson*, er seinna fekk Snæfellssýslu og varð kynsæll maður hér á landi.[4]) Hann mun áður hafa verið við verzlun á Vestfjörðum.[5]) Annar umboðsmaður hans var *Ólafur Jónsson Klow*. Hafði hann áður verið eftirlegumaður, en var síðan lengi kaupmaður í Keflavík og fremur vel látinn.[6]) Þriðji umboðsmaður Jóhanns Kleins

---

1) Kærur Ólafs og tillögur með svörum höfuðsmanns. D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1618. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.) Smbr. Hirðstjóraannál Jóns próf. Haldórssonar. Safn. t. s. Isl. II, 736–737.

2) Safn t. s. Isl. II, 743—744. Sýsl. IV, 112. Ríkisrétt. Ísl. Rv. 1938. Bls. 128. Smbr. Vallholtsannál við árið 1663 (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to).

3) Safn t. s. Ísl. II, 753—754. Ríkisrétt. Ísl. Rv. 1908. Bls. 130 eftf. Lovsaml. for Isl. I, 413. Smbr. hér að framan bls. 149.

4) Safn t. s. Ísl. II, 753–754. Sýsl. III, 130–140. Ríkisrétt. Ísl. Rv. 1908. Bls. 132 og 134.

5) Smbr. Alþb. 1663 nr. 19. Hann er þar kallaður »kaupmannsins þénari«.

6) Safn t. s. Ísl. II, 754. Ríkisrétt. Ísl. Rv. 1908. Bls. 134–135. Smbr. hér að framan bls. 149–150.

var *Lauritz Gottrúp*, er seinna varð lögmaður og sýslumaður Húnvetninga. Hann hafði áður verið undirkaupmaður í Straumfirði.[1]) Vald þessara fógeta og umboðsmanna var ærið mikið, því þeir voru mjög einráðir hér á landi þegar húsbændur þeirra voru erlendis, sem oft kom fyrir, og skipuðu þeir þá öllum málum að vild sinni. Fóru og höfuðsmennirnir mjög eftir tillögum þeirra endranær, því sjálfir voru þeir flestir lítt kunnugir hér á landi, svo að umboðsmennirnir gátu með flutningi sínum ráðið svona hér um bil því sem þeir vildu.[2]) Var það oft annað en gaman fyrir landsmenn að eiga mál sín undir þessum óvöldu og ómentuðu útlendingum, því auðvitað rann þeim flestum blóðið til skyldunnar við kaupmenn. Á dögum Heidemans landfógeta hélzt þetta enn við líði. Hafði hann umboðsmenn öðru hvoru og voru þeir einnig úr verzlunarstéttinni, að minsta kosti *Andrés Ívarsson Ravn*, sem hann skipaði í sinn stað þegar hann fór alfarinn héðan af landi 1693.[3]) Hafði hann áður verið kaupmaður eða verzlunarþjónn á Bátsöndum[4]) og andaðist á Bessastöðum vorið 1695.[5]) Tók þá sveinn hans eða skrifari *Jens Jörgensen* við umboðinu, en var sviftur því 1702 að tilhlutun Müllers amtmanns.[6]) Að lokum má telja *Pál Beyer* landfógeta, sem í öndverðu hafði verið smásveinn Müllers amtmanns, en síðan undirkaupmaður í Grundarfirði og Stykkishólmi. Tókst hann árið 1702 á hendur

1) Sýsl. I, 590--596. Ríkisrétt. Ísl. Rv. 1908. Bls. 135.

2) Smbr. Bréf Gísla bisk. Oddssonar til kanzlarans 1632: »Vor leensmand welb. Holger Rosenkrantz haffuer nu wdj thre samfellde aar icke weret kommen her ij landet thill Althinget och töffver her seellden offuer een maanedtz tijd; da kannd well schee att denn goode Herre weed icke saa grantt alle sagers lelighed som det sig burde wnnentagen huiss hanns Foget beretter for hannem effter sijn goode tijcke huad som hellst forekommer, och leensmannden det samme samtöcker och confirmerer naar hand kommer wdj lanndet« o. s. frv. Bréfab. Gísla bisk. Oddssonar III, 746 -753 (Lbs. 1647, 4to). Í einu af bréfum sínum til Henriks Bjelke (28. maí 1665) segir Brynjólfur biskup ljótt af athæfi fógetanna og telur þá mjög einráða í fjarvist höfuðsmanns. (Lbs. 1085, 4to. Bls. 593--596).

3) Smbr. Alþb. 1694 nr. 9.

4) Lbs. 322 fol.

5) Safn t. s. Ísl. II, 779. Sýsl. IV, 113.

6) Safn t. s. Ísl. II, 779--780. Sýsl. IV, 113.

umboð konungsjarða og konungstekna, er þá voru leigðar nokkrum mönnum í Kaupmannahöfn, og var loks skipaður landfógeti og fulltrúi Müllers amtmanns árið 1707.[1]) Þá var það og altítt um þessar mundir, að kaupmenn eða verzlunarþjónar fengi veitingu fyrir sýslum hér á landi. Voru það einkum tvær sýslur, er Danir höfðu um langt skeið eins konar einkarétt á, Gullbringusýsla og Snæfellssýsla eða Stapasýsla, sem hún og var kölluð.[2]) Fóru umboðsmenn fógetanna oftast nær með sýsluvöld í Gullbringusýslu, en Stapasýslu hlutu þeir oft sem trúrra þjóna verðlaun, er verið höfðu í þjónustu Bessastaðavaldsins eða því handgengnir. Svo var t. d. um *Matthías Guðmundsson*, danskan mann, er verið hafði »handskrifari« fógetans á Bessastöðum og jafnvel umboðsmaður hans í viðlögum. Hefur hann sjálfsagt upphaflega verið í verzlunarþjónustu og það mælt með honum við fógetana, því þeir þurftu á reikningsglöggum mönnum að halda við innheimtuna. Fekk hann veitingu fyrir Snæfellssýslu og Stapaumboði 1656 og hélt hvorutveggju til dauðadags (1671), þó að til stæði raunar að setja hann af um eitt skeið.[3]) Var hann svo illa þokkaður af sýslubúum, að orð fór af. Því var það að Brynjólfur biskup skrifaði höfuðsmanni 25. maí 1665, þegar Tómas Nikulásson fógeti var látinn, sem hafði þótt einn hinn versti maður, og bað hann í guðs bænum að fela engum óþokka fógetastarfið, og sízt Matthíasi Guðmundssyni, því annars væri velferð landsins í veði.[4]) Voru Snæfellingar yfirleitt mjög óánægðir með

1) Safn t. s. Ísl. II, 780.

2) Smbr. Skrif Ólafs Péturssonar fógeta til konungs 25. nóv. 1635: »Disse forschreffue tuende Sijsler (ɔ: Gullbrs. og Snæfs.) ... ere mestepartten hans Maijts: egne Bönder och Wndersaatter och haffuer fra Arildstiid saa lenge eldste Mend kand mindis gemeenlig hafft danske Sijselmend offuer sig saauell som dj haffuer endnu wdj denne Dag«. D. Kanc. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583–1618. Isl. & Færö. Skab 14, 119 (Rskjs.)

3) Sýsl. III, 126—128.

4) »Gansche och alldeelis afbede wij Matthiis Gudmundsson for Gudz allerhelligste Nafnz Skylld, thi saa haffver hann forholt sig udi Stap Ombud och Syssel, adt der som hann schulde, som Gud forbyde, denne store bestilling forbetroes, da bliffuer dette fattige land och dess Jndbyggere gansche forderff-

þessa útlenzku sýslumenn og afsögðu þá hvað eftir annað,[1]) án þess þó að fá hrundið af sér þessari plágu. Af öðrum kaupmönnum og verzlunarþjónum, sem komust til vegs og valda hér á landi, má telja *Hans Londemann* sýslumann í Árnesþingi 1680 eða þar um bil; hafði hann áður verið eftirlegumaður á Eyrarbakka. Hann átti Guðríði systurdóttur Þormóðar Torfasonar og er frá þeim komin greifaættin Hjelmstjerne-Rosencrone.[2]) Um líkt leyti var *Andrés Andrésson*, systursonur Jóhanns Kleins fógeta, sýslumaður vestra; hann hafði áður verið eftirlegumaður á Vatneyri.[3]) Sama máli er að gegna um *Niels Kjær*, sem var sýslumaður í Gullbringusýslu í byrjun 18. aldar og seinna varalögmaður,[4]) *Jens Madtzen Spendrup*, sem upphaflega var undirkaupmaður í Spákonufellshöfða, en síðan sýslumaður í Hegranesþingi,[5]) og *Jens Wium*, sem var fyrst drengur, þá verzlunarþjónn og loks undirkaupmaður á Reyðarfirði, en síðan sýslumaður í Múlaþingi.[6])

IX.

Innanlandsverzlun.

Innanlandsviðskifti hér á landi voru með líku sniði á 17. og 18. öldinni, eins og áður hafði tíðkast, enda voru staðhættir og þjóðarhættir óbreyttir að mestu. Aðalverzlun

---

vet«. (Lbs. 1085, 4to. Bls. 593—596). Annars hafði Matthías tekið vitnisburði sína á alþingi 1660 og fengið þá allgóða (smbr. Alþb. 1660 nr. 50), og sýnir það eitt með öðru gildi þessara vitnisburða.

1) T. d. á alþingi 1633, 1649 og 1662. Sýsl. III, 120. Smbr. Alþb. 1649 nr. 16 og 1662 nr. 30.

2) Sýsl. IV, 313—317.

3) Sýsl. III, 181—182.

4) Sýsl. IV, 134—135.

5) Sýsl. I, 406—410.

6) Sýsl. IV, 753—757. Smbr. Rk. Relat.-Protok. 1715 nr. 70 og 1716 nr. 71 (Rskjs.)

landsmanna sjálfra sín á milli var vöruskiftaverzlun eða miðlun á innlendum sjávar- og sveitaafurðum, eins og lengi síðan viðgekst hér á landi, en þó var um þær mundir einnig rekið talsvert »landprang,« er svo var kallað, eða sala á útlenzkum varningi innanlands. Það sem mest stóð innanlandsverzluninni fyrir þrifum þá sem endranær voru erfiðar samgöngur. *Vegir* voru þá eigi aðrir en fornir troðningar, illfærir að meira og minna leyti eða að minsta kosti torsóttir víðasthvar meiri hluta ársins, enda lítið sem ekkert gert til að ryðja þá og halda þeim við, svo að meðfram af þeim ástæðum gat ekki verið um fjörugt viðskiftalíf að ræða. Var þó boðið í landslögunum, að bændur skyldi gera færa vegu um þver héruð og endilöng.[1]) Um miðja 17. öld vakti Henrik Bjelke höfuðsmaður athygli konungs og stjórnarinnar á erfiðleikum þeim, sem væri á öllum samgöngum hér á landi sakir vanhirðu á vegum og skorts á brúm og ferjum, og var honum falið með konungsbréfi 10. maí 1650 að ráðgast við helztu menn landsins um bætur á þessu.[2]) Árið eftir var honum falið með nýju konungsbréfi að hafa umsjón og eftirlit með vegaruðning í bygðum samkvæmt landslögunum, en taka saman reglugerð um heiðavegu og fjallvegu í samráði við helztu menn landsins eftir því sem bezt þætti henta.[3]) Það er ókunnugt, hvort Henrik Bjelke hefur fengið nokkru áorkað í þessu efni, en sennilega hefur það eigi verið til neinna muna, því hann var sjálfur eigi langvistum hér á landi. Sér og umboðsmönnum sínum sá hann þó nokkurn veginn borgið með því að útvega konungsbréf 10. maí 1650 um skylduflutning þeirra á ferðalögum endurgjaldslaust, og var það almenningi sízt til bóta.[4]) Þó var nú upp frá þessu farið að brýna það allrækilega fyrir almúganum á manntalsþingum, að »gera

1) Smbr. Landsleigub. Jónsbókar 44 kap.
2) M. Ket. III, 28. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 237.
3) M. Ket. III, 40--41. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 241--242.
4) M. Ket. III, 29. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 237--238.

vegina forsvaranlega hreina,« eins og komist er að orði, eða með öðrum orðum að ryðja þá,[1]) en þetta náði að eins til bygðavega. Þegar dró fram á 18. öldina var farið að leggja talsvert meiri áherzlu á vegabætur og meðal annars skipað svo fyrir, að menn gæti unnið af sér hórsektir með því að ryðja lengri eða skemri vegaspotta eftir tilvísun amtmanns og hlutaðeigandi sýslumanns.[2]) Þá var og Landsnefndinni 1770 falið að rannsaka og hugleiða alt það, er við kæmi samgöngum, vegum og vegabótum, og athuga hvar hentugast mundi að gera akvegi, einkum milli Bessastaða og amtmannssetursins nyrðra og milli Hólastaðar og Skálholtsstaðar og frá þessum 4 stöðum að alþingisstaðnum við Öxará. Einnig átti nefndin að skoða forna fjallvegi um þvert landið, t. d. Vonarskarð eða Bárðargötu, gamlan veg frá Suðurlandi að jöklabaki austur í Fljótsdalshérað, Kjalveg og Vatnahjallaveg, Sprengisand og fornan veg úr Austur-Skaftafellssýslu um suðurhluta Múlaþings til Langaness. Áttu nefndarmennirnir að taka það til íhugunar, hvernig gera mætti vegi þessa færa, hvar þörf væri á að reisa sæluhús o. s. frv. Skyldi þeir einnig athuga, hvar farartálmi væri á vegum af ám og fjörðum og hvernig bæta mætti úr þeim með brúm eða ferjum. Var gert ráð fyrir því, að langan tíma þyrfti til að koma samgöngum landsins í viðunanlegt horf, en nefndin átti að stinga upp á hvar og hvernig byrja skyldi og hversu hentast mundi að framkvæma vegabætur og samgöngubætur.[3]) Nefndin sá sér ekki fært að leggja til að akvegir væri gerðir eða vagnar teknir upp, en lagði aðaláherzluna á vegaruðning í sveitum og vildi láta taka upp aftur ferðir um Sprengisandsveg.[4]) Voru síðan gerðar

1) Smbr. t. d. Þing á Kálfatjörn 7. maí 1697 o. v. Dómab. Gullbrs. 1696--1700 (Þjskjs.)

2) Smbr. Kgsbr. 26. marz 1753 og 17. febr. 1768. Lovsaml. for Isl. III, 160--161 og 627--628.

3) Erindisbr. Landsnefndarinnar 22. maí 1770 (§ 13). Lovsaml. for Isl. III, 675--676. Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. III, 64.

4) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 47.

ýmsar ráðstafanir til umbóta og viðhalds á vegum og samgöngufærum[1]) og miklu meiri rækt lögð við samgöngumálin upp frá þessu, en þá var líka að því komið, að losað yrði um verzlunarböndin, svo að hér verður ekki farið frekar út í þá sálma.

Eins og kunnugt er hafa vötnin hér á landi verið einn hinn mesti farartálmi á leið manna öldum saman og staðið innanlandssamgöngum mjög fyrir þrifum. Um *brýr* hefur sjaldnast verið að ræða, nema þá helzt steinboga á stöku stað, sem eigi voru af manna völdum, t. d. á Brúará og Jökulsá í Hlíð. Er mælt, að staðarbrytinn í Skálholti hafi látið brjóta bogann af Brúará á dögum Odds biskups Einarssonar, ef til vill að undirlagi biskupsfrúarinnar, til þess að hefta för umrenninga að Skálholti,[2]) en steinboginn á Jökulsá er mælt að hafi hrapað fyrir miðja 18. öld[3]). Trébrýr voru þó fyr á öldum á Hvítá í Borgarfirði og Jökulsá í Hlíð hjá Fossvöllum, þar sem jafnan síðan hefur verið brú á ánni, enda var það aðalsamgönguleiðin úr Héraði og Suðurfjörðum norður á bóginn, og er mælt að þýzkir kaupmenn í Múlasýslu hafi látið gera þar brú á dögum Hansaverzlunarinnar til þess að létta mönnum samgöngur í kaupstaðinn.[4]) Árið 1672 beiddist Þorsteinn Þorleifsson sýslumaður í Múlaþingi álits og úrlausnar um það á alþingi, hvar hann skyldi uppbera þann kostnað, sem hann hefði haft af brúargerð á Jökulsá, og virtist þingheimi rétt og sanngjarnt að jafna honum niður á sýslubúa eftir efnum og ástæðum.[5]) Um aldamótin 1700 var brúin sett af nýju með ærnum kostnaði og unnu að því 100 manns í heilan mánuð. Gekst Björn Pétursson sýslumaður á Bustarfelli fyrir því og fekk brúin þann vitnisburð, að hún væri bæði hærri og betri að byggingu

1) Smbr. t. d. Lovsaml. for Isl. IV, 94--97 og 266--270.
2) Biskupasögur Jóns prófi. Haldórssonar I, 190.
3) Smbr. Ferðabók Þorv. Thor. I, 42.
4) Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. II, 309.
5) Alþb. 1672 nr. 22. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 338.

og kostum, en sú er áður var.[1]) Var henni jafnan síðan viðhaldið ýmist að forlagi héraðsbúa sjálfra eða þá að tilhlutun stjórnarinnar.[2]) Annars létu menn sér um þær mundir nægja að halda uppi *ferjuflutningi* við stórárnar. Hafði það að minsta kosti lengi viðgengist í Árness- og Rangárvallasýslum. Á Þjórsá voru 4 lögferjur, við Fljótshóla, Sandhóla, Egilsstaði og Hrosshyl, en á Ölfusá 6, í Nesi, Hollferju, Laugardælum, Tungu í Grafningi, Öndverðarnesi og Spóastöðum, fyrir utan ferjustaðinn hjá Skálholtshamri, sem einkum var til hagræðis fyrir biskupsstólinn sjálfan. Árið 1692 voru saman teknir allítarlegir *ferjupóstar* fyrir Árnessýslu, þar sem skipað var nákvæmlega fyrir um tilhögun á flutningi. Skyldi *ferjutollur* vera ein alin fyrir mann og hest til og frá, hið sama undir hvern klyfjaðan hest og 5 álnir undir kúgildið, en á Þjórsá var ferjutollurinn einn fiskur fyrir hestburðinn og fyrir hverja kind.[3]) Á Jökulsá í Axarfirði hafði og ferja verið frá alda öðli og gerði Þorsteinn lögmaður Eyjólfsson úrskurðarbréf um hana 17. júní 1402. Skipaði hann svo fyrir, að þar skyldi lögferja vera á Ferjubakka og áttu hreppstjórar allir í Axarfirði að sjá um, að nýtt skip væri gert á hverjum þrem árum, en bændur allir í þrem næstu þingsóknum (Axarfirði, Núpasveit og Kelduhverfi) skyldi leggja hálfan fjórðung smjörs hver til ferjugerðarinnar þriðja hvert ár og þar fyrir flytjast kauplaust og þeirra varnaður, nær sem vera skyldi.[4]) Þetta hélzt lengi síðan, en aðrir vegfarendur greiddu ferjumanni 4 sk. í ferjutoll undir hest og mann og aðra 4 sk. undir hest með klyfjum. Á Fnjóská voru 2 ferjur, önnur á Draflastöðum en hin í Fjósatungu, og var þar sami ferjutollur og á Jökulsá, en engin skyldukvöð á bændum til ferjugerðar. Á Laxá í Reykjadal voru nokkrar ferjur, en þó

1) Árb. Esp. VIII, 70. Smbr. Landfrs. Porv. Thor. II, 3 9.
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 538 og V, 37, 487, 541 og 748.
3) Lovsaml. for Isl. I, 502--506. Smbr. Landfrs. Porv. Thor. II, 265 og 293.
4) Dipl. Isl. III, 676--678.

eigi löggiltar, og tóku bændur þeir, sem héldu uppi flutningum, svipaðan ferjutoll og áður segir.[1]) Árið 1757 var með gjafabréfi Gísla biskups Magnússonar sett ferja á Blöndu og skyldi ferjutollurinn eigi vera meira en fiskvirði undir hestinn með böggum.[2]) — Í byrjun 18. aldar var fyrst stungið upp á því að koma á *póstferðum* til Íslands á hverju vori,[3]) en annars var eigi farið að gefa því máli verulegan gaum eða hugsa um póstgöngur hér á landi fyr en seint á 18. öld.

Eitt flutninga- og samgöngutæki var það þó, sem Íslendingar á fyrri öldum höfðu fram yfir seinni alda menn. Það voru hin miklu *farmaskip*, er svo voru kölluð, sem ýmsir heldri menn létu gera til flutninga innfjarða og með ströndum fram. Slíkra skipa er oft og einatt getið í annálum og öðrum heimildum og virðast þau hafa tíðkast eigi alllítið á 17. öldinni og fram á hina 18. Þannig átti Jón Magnússon á Reykhólum, bróðir Ara í Ögri, farmaskip mikið, er týndist með 15 manns og farmi öllum er það kom hlaðið úr kaupstað 1616.[4]) Sr. Páll í Selárdal fekk sér skútu litla í það mund, er hann tók við brauðinu (1645), og stundaði sjálfur fiskiveiðar á djúpmiðum, því hann var sjógarpur mikill, en þess á millum hefur hann vafalaust haft hana í flutningum.[5]) Árið 1652 lét Brynjólfur biskup smíða farmaskip mikið á Eyrarbakka og var kjölurinn yfir 20 álnir. Fekk hann formann á það úr Vestmannaeyjum og hrausta menn til háseta, er vanir voru siglingum og sjóferðum, og lét bæði stunda fiskiveiðar á því og hafði það til aðdrátta.[6]) Á þeim dögum fóru menn miklu oftar langferðir á opnum skipum, en tíðkaðist á

---

1) Smbr. Bréf Jóns sýslum. Benediktssonar til stiftamtm. 1. okt. 1740. Þjskjs. A 70 II, 11.

2) Lovsaml. for Isl. III, 287--289.

3) Smbr. Bendix Nebel: Rimelige Tanker til den isl. Commercies Forbedring (1704). Lbs. 11 fol.

4) Sýsl. II, 658.

5) Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Soröe 1768. Bls. 266.

6) Biskupasögur Jóns próf. Haldórssonar I, 288.

síðastliðinni öld eða nú, einkum vestra. Oddur Sigurðsson lögmaður átti farmaskip, er Svanur hét, 25 álna langt og 13½ álnar breitt, sem hann hafði til flutninga á Breiðafirði.[1]) Þess er og getið um Bjarna Bjarnason frá Hesti í Önundarfirði, að hann hafi látið gera sér rekaviðarbyrðing vorið 1688 og flutt sig búferlum suður í Dalasýslu með lausafé sitt sjóleiðis fyrir Vestfjarðaskaga og Bjargtanga;[2]) hefur hann sjálfsagt notað hann til flutninga endranær, þó að eigi sé þess getið. Þessi farmaskip voru mest notuð til skreiðar- og viðarflutninga í kaupstað og úr, en þó oft endranær, eins og gefur að skilja. Eggert Ólafsson getur þess, að seint á 17. öld hafi menn frá Barðastrandar-, Ísafjarðar-, Stranda- og Húnavatnssýslum sótt rekavið norður á Hornstrandir á stórum byrðingum. Smíðuðu menn fyrst sterkan áttæring mjög stafnaháan og fóru svo 8—12 saman norður á Hornstrandir. Þegar þangað kom var tekið til starfa, stafnarnir hækkaðir og þykkum borðum slegið á hliðarnar, unz skipið var orðið svo borðhátt sem þurfa þótti. Var svo troðið mosa í allar glufur og skipið síðan fermt með viðum og drumbum og látið auk þess hafa stóran timburfleka í eftirdragi. Þegar byrðingurinn var alfermdur og skipið sjálft í kafi nema hníflarnir, var reyrt utan að farminum með reipum, svo að eigi skyldi gliðna sundur. Eins og geta má nærri voru byrðingar þessir þungir undir árum, enda eigi róið á þeim nema í blæjalogni, en annars höfð 2—3 stór segl. Í byrjun 18. aldar hættu flestir að nota þessa byrðinga, en sóttu í þess stað rekavið á áttæringum og teinæringum, og var það miklu örðugra, kostnaðarmeira og hættulegra. Eiríkur bóndi Snorrason á Skjaldvararfossi á Barðaströnd var þjóðhagasmiður. Hann sótti snemma á 18. öld þrisvar viðarbyrðinga á Hornstrandir og flutti alla leið suður á Barðaströnd. Jón Eiríksson getur þess og, að maður

1) Ferðabók Olaviusar. Bls. 154. Smbr. Jón Jónsson: Oddur Sigurðsson lögmaður. Bessast. 1902. Bls. 115.

2) Sýsl. II, 687.

nokkur, sem var enn á lífi 1736, hafi í æsku verið skipstimburmaður í Hollandi, en síðan komið aftur út hingað og bygt sér skútu úr rekavið. Sótti hann tré á henni norður á Strandir og birgði mestalt Norðurland að timbri, unz skútan fórst.[1]) Sr. Teitur Pálsson á Eyri í Skutulsfirði druknaði með öllum skipverjum sínum haustið 1728 í rekaviðarferð norðan af Ströndum. Timburfloti sá, er þeir höfðu meðferðis, leystist sundur og rak trén víðsvegar um Fjörðu og á Rauðasandi.[2]) Síðan lögðust þessir flutningar algerlega niður og var það eitt af því, sem kom til álita í erindisbréfi Landsnefndarinnar (13. gr. 2. lið), hvort eigi væri unt að koma þeim á aftur og láta skútur ganga milli hafna strandlengis á Íslandi með fólk og vörur, en nefndarmönnum þótti það eigi tiltækilegt fyr en búið væri að koma upp kaupstöðum á Íslandi og landsmenn væri farnir að venjast betur siglingum.[3])

Það var eigi að eins rekaviðurinn eins og hann kom úr sjónum, sem Hornstrendingar létu falan, heldur smíðuðu þeir sjálfir úr honum alls konar búsgögn á vetrum, aska, kyrnur, sái, ausur og amboð af ýmsu tægi og seldu í önnur héruð. Gengu lestaferðir eftir þessum húsgögnum yfir Drangajökul frá Langadalsströnd og Snæfjallaströnd, en annars voru samgöngur svo erfiðar um þessar slóðir, að Hornstrendingum gat eigi orðið nema tiltölulega lítið úr vinnu sinni. Í bréfabók Brynjólfs biskups 1670 er getið um *Strandasái* af mismunandi stærðum og *trog* og *strokka* frá Árnesi í Trékyllisvík og Stað í Steingrímsfirði og greiddi biskup eitt hundrað í flutningskaup og ómakslaun. En af sendimanninum sjálfum keypti hann 4 *sákeröld*, einn tveggjatunnasá og þrjú tunnuker, og galt fyrir tvö hundruð.[4]) Á 18. öld fóru Hornstrendingar sjálfir langar ferðir með þennan varning sinn, jafnvel suður á land, og

1) Deo, Regi, Patriæ. Soröe 1768. Bls. 274.
2) Ferðabók Þorv. Thor. II, 67--68.
3) Lovsaml. for Isl. III, 676 og IV, 47.
4) Lbs. 1088, 4to. Bls. 607.

komu á Þingvöll um þingtímann með kyrnur sínar.[1]) Þessi verzlunarviðskifti með innlend amboð og annað smíði höfðu vitaskuld tíðkast frá alda öðli að meira og minna leyti, en aðalverzlun landsmanna sjálfra innbyrðis var þó fólgin í vöruskiftum á sjávar- og sveitaafurðum, á fiskæti, hvalafurðum, sölvum o. s. frv. gegn smjöri, tólg og vaðmálum, og hafði það einnig tíðkast frá alda öðli og þótt sjálfsagður hlutur. En þegar dró fram í lok 17. aldar leituðust einokunarkaupmenn hvað eftir annað við að taka fyrir kverkarnar á þessum viðskiftum landsmanna sjálfra innbyrðis, sem fyr segir, og töldu þau koma í bág við verzlunarskilmálana. »Menn máttu ekki skiftast nauðsynjum sín á milli,« segir Jón Sigurðsson á einum stað, »enn síður eiga kaup saman, því öll sala, hjálp eða lán, hvað sem við lá, var kallað »prang« og látið varða húðstrokum og prælkun; landsetar máttu ekki færa landsdrotnum vöru til afgjalds eftir jörð sína út úr héraði, heldur urðu þeir að selja það kaupmanni þeim, sem þar var.«[2]) Það er bágt að segja hver afleiðingin hefði orðið, ef einokunarkaupmönnum hefði tekist að framfylgja þessum fráleitu og ósanngjörnu kröfum til hlítar, en sem betur fór var það eigi unt, enda þótt þeir gerði sér hið mesta far um það. Varð út af því mikil rannsókn og rekistefna oft og einatt á dögum umdæmaverzlunarinnar, sem fyr segir, einkum á Snæfellsnesinu.[3])

Það var eigi að eins með innlendar afurðir, að menn ráku verzlun sín á milli um þessar mundir, heldur einnig með útlenzkan varning af ýmsu tægi, sem þeir fóru með upp um sveitir á sumrum og seldu fyrir innlenda vöru eða peninga, og var það kallað *landprang*. Voru það einkum lausamenn, sem fengust við þetta, því þeim þótti ákjósanlegra og arðvænlegra að verja vetrarafla sínum í varningskaup og reka landprang að sumrinu til, en að

1) Ferðabók Olaviusar. Bls. 193. Smbr. Ferðabók Þorv. Thor. II, 69--70.
2) Ný Félagsrit III, 15. Smbr. Eptirmæli 18. aldar. Leirárg. 1806. Bls. 805.
3) Smbr. hér að framan bls. 146.

ráðast í kaupavinnu.[1]) Kvað svo ramt að þessum varningskaupum þeirra og landprangi, að valdsmenn urðu að skerast í leikinn, því eigi var trútt um, að þeir þætti okra helzti freklega á varningi sínum. Þetta mál kom til álita á alþingi 1638, en hafði áður verið fyrir dómi á Snæfellsnesi og þar ályktað af dómsmönnum, »að þeim virðist yfirvaldið kaupmönnum undirvísa verða í hverri höfn, að þeir seldi ekki lausamönnum sína vöru fyrri en bændur hafi undan gengið með sinn kaupskap.« Alþingismönnum virtist réttast að haga því svo, »að lausamennirnir það eina, er sér sjálfum til nauðsynlegs uppeldis þurfa, taki jöfnum höndum við bændur; en það sem þeir girnast til útverzlanar kaupa og íslenzkum almúga selja, sýnist oss þeir ekki kaupi fyr en bændur hafa undan gengið með sín nauðsynleg kaup«. Um verð eða framfærslu á þeim varningi, sem landsmenn seldi sín á milli, virtist þeim »ekki líðanlegt, að nokkur íslenzkur skuli leyfi hafa með afarkostum að selja það af dönskum keypt hafa, heldur eftir því það kaupir og Taxtinn útvísar um alla nauðsynlega hluti, utan það sem það má uppstíga sökum ómaks, flutnings og fyrirhafnar, þó svo, að aldrei seljist vættar verð (þ. e. 40 fiska virði) meira en 5 aurum (þ. e. 30 álnir eða 60 fiska), nema betra eða verra virðist skynsömum mönnum«.[2]) Þá varð og talsverð rekistefna út af katlakaupum lausamanna, og var kært yfir því, að þeir verði fé sínu til katlakaupa og annara slíkra hluta, sem þeir kölluðu búsgögn sín, og skyti sér þannig undan tíundargreiðslu og ómagaframfærslu, en auðvitað hafa þeir svo leigt öðrum þessi búsgögn og eldsgögn á þann hátt, er fyr segir um eirkatlana.[3]) Þeir voru víst ekki svo fáir lausamennirnir, sem komust í góð efni með þessu lagi, og skal hér að eins til sönnunar getið þeirra bræðra *Finns* og *Sigurðar Sigurðssona*.

1) Smbr. Deo, Regi, Patriæ. Soröe 1768. Bls. 56--57.
2) Alþb. 1638 nr. 13.
3) Alþ. 1660 nr. 8. Smbr. hér að framan bls. 450—451.

Faðir þeirra var prestur í Hellnaþingum og víðar. Þeir bræður lærðu ekki í skóla, en voru þó miklir gáfumenn, héldu saman og höfðu mikinn kaupskap við útlenda menn og innlenda, er þeir voru báðir lausamenn á Hjallasandi, og græddu mikið fé. Sigurður varð holdsveikur og dó barnlaus árið 1648 og erfði þá Finnur alt fé hans. Hann eignaðist síðan alla Akra og bjó þar til dauðadags (1687).[1]) Á Snæfellsnesinu var í það mund mesti sægur af þurrabúðarmönnum og voru sumir þeirra allmikið riðnir við landprang, engu síður en lausamennirnir. Þannig var *Ingvaldur Sigurðsson* í Ólafsvík kærður af Stykkishólmskaupmanni árið 1690 fyrir það, »að hann nú á þessu sumri í kauptíð réttri hafi farið inn um eyjar og Stykkishólms distrikt með útlenzka vöru og með henni af almúganum innkeypt æðardún og annað fleira, sem hérnefndur kaupmaður heldur og meinar gert og framið vera á móti kongsins Privilegium.« Hafði kaupmaður látið gera upptækan allan varning hans bæði innlendan og útlendan, og var íslenzki varningurinn 11 fjórðungar af *dún*, 72 pör af *duggarasokkum* og 2 pör af *vetlingum*, þrennir *sokkar með rauðum röndum*, 9 pör af *tvíbandssokkum*, þrennir *barnasokkar*, einir *kvennsokkar* og eitt *hvítt tóuskinn*, en af útlenzkum varningi 3 *lóðarstrengir*, 3 *hnífar*, 3 álnir af *vesturfara;* 2 *krókakerfi*, *flauelsborði*, *kniplingaborði* og *lampersborði*. Má af þessu marka, hvers konar varningur það var, sem farandsalarnir höfðu á boðstólum og sóttust eftir. En málinu lauk svo, »að velaktaður kaupmaðurinn fyrir orð og tillögur lögmannsins og dómsmanna fyrirgaf Ingvaldi Sigurðssyni þessa hans stóru ávirðing, misverknað og yfirsjón, *þar sem téður Ingvaldur bað hann áður með knéfalli auðmjúklega fyrirgefningar og lofaði trúlega, að sig skuli aldrei hér eftir slíkt henda.* Svo og tillætur kaupmaðurinn, að kona Ingvalds skuli sitt aftur fá, sem hún eftir lýsir, en vér dómsmennirnir gerum og ályktum þann dún

1) Sýsl. II, 350 nm.

og prjónles sem annað kaupmanninum til eignar, sem hann lét í sínu distrikti fyrir Ingvaldi upptaka, og áður er getið, *svo hann er með þakklæti og reputierlegheitum skilinn við þetta mál.*« Að lokum var það dæmt og ályktað, »að hér eftir skuli engir íslenzkir dirfast að gera innpass eður ólöglega kauphöndlun í nokkurs annars kaupmanns distrikti.«[1]) Þessi ályktun bar þó víst lítinn árangur, því búðamennirnir eða tómthúsmennirnir héldu áfram varningskaupum sínum út um sveitirnar og hafa víst margir fleytt sér fram á því að nokkru leyti. Að minsta kosti segir svo um búðamenn á Stapa í Jarðabók Árna Magnússonar, að þeir sé skyldir til að fleyta skipum heimabóndans ár um kring, »nema búðamaður eða verkamenn hans fari til kaupsláttar eða *varningssölu* í sveitir, þá er sá tími frí fyrir þá er gera.« Sýnir þetta, að bæði hefur varningssala þeirra verið talsvert algeng, og eins hitt, að heimabóndinn hefur séð sér hag í að leyfa hana. Það voru þó ekki lausingjar einir og búðsetumenn, sem ráku slíka verzlun eða varningssölu sér til framfæris, heldur jafnvel einnig sumir efnaðir bændur og heldri menn, sem ráku hana sér til gróða og ávinnings. Um *Þórð Steindórsson*, er hafði sýsluvöld á Snæfellsnesi eftir 1680, segir Jón prof. Haldórsson, að hann hafi haft »stóra kauphöndlan«,[2]) og *Þórður Hallsson* bóndi í Grundarfjarðarumdæmi lét vinnumenn sína reka verzlun með brennivín á Hjallasandi veturinn 1716 og tók andvirðið í fiski.[3])

Þegar líða tók á 17. öldina, var aðalprangið innifalið í *tóbaks-* og *brennivínsokri*, enda þótt leitað væri allra bragða til að stemma stigu fyrir því eða að minsta kosti halda verðinu innan sæmilegra takmarka. Þannig kom til alþingis árið 1666 dómur úr Strandasýslu um »varningskaup ólíð-

---

1) Þing á Ingjaldshóli 8. ág. 1690. Dóma- og úrskurðabók Magnúsar lögm. Jónssonar 1690--1692. (Þjskjs.)

2) Sýsl. III, 157 nm.

3) Smbr. Kæru Ólafsvíkurkaupm. 14. sept. 1717 og þing á Ingjaldshóli s. d. Þingbók Snæfs. 1714--1720 (Þjskjs.)

anleg á tóbaki og öðru klatteríi«[1]) og árið 1677 bauð Sigurður lögmaður Björnsson sýslumönnum öllum sunnan lands og austan að sjá um það, að »sú fátækum almúga skaðlega og landinu skammarlega tóbakshöndlun líðist ekki strafflaust, athugandi, að þar þetta fátæka land er undirorpið þungri fátækt og bjargræðisbresti hjá allmörgum, þá muni ei syndlaust né sæmilegt, að sá peningur og sú vara, sem góður guð hefur gefið þessa lands innbyggjurum til fæðis og klæðnaðar og þess háttar nauðsynlegs uppeldis, spenderist eður útsóist óhæfilega fyrir það óþarflega og fánýta tóbak, sérdeilis þeirra á meðal, sem fátækir og formegunarlitlir eru; lætur því herra lögmaðurinn augljóst, að hann hyggur sér ekki leyfilegt, hvorki guðs vegna né heldur landsins nauðsynja, að þegja orðalaust yfir svoddan ósæmilegri tóbakshöndlun og okursaðferð, sem víða um landið heyrast má.«[2]) Árið eftir var birtur á alþingi dómur úr Hnappadalssýslu »um þá óleyfilegu og okursömu tóbakshöndlun, sem almennilega rómast hér í landi tíðkuð sé«, og málinu skotið til lögmanna og lögréttunnar. Kom þeim saman um, »að fullkomin ályktun um það efni uppsetjist til næstkomandi Öxarárþings, því svoddan þurfi bæði með varygð og röksemd að ályktast, þar sem alt landið áhrærir. En þó að svo stöddu skikka nú fyllilega báðir lögmennirnir með lögréttumanna ráði, að veltiltrúaðir valdsmenn um alt landið sérhver í sinni sýslu alvarlegar skorður við reisi og yfirdrepskaparlaust athugi, svo sú óviðurkvæmilega okurs- og ójafnaðar höndlan á tóbaki eður þeim fémunum, sem nauðsynlega þurfa um landið í kaupum og sölum að handtérast, líðist ekki umvöndunarlaust eður án sekta af nokkrum manni.«[3])

Það lítur út fyrir, að Sigurður lögmaður Björnsson hafi sérstaklega látið þetta mál til sín taka, því hann skrifaði Þórði biskupi Þorlákssyni bréf úr lögréttu 3. júlí 1678 og

1) Alþb. 1666 nr. 8.
2) Alþb. 1677 nr. 50.
3) Alþb. 1678 nr. 52.

bað hann hlutast til um, að góðir og guðhræddir kennimenn í Skálholtsstifti vari almúgann við með tilstyrk hreppstjóra, »svo hann ei framvegis óhæfilega þróist í skaðlegum og óvirðingarlegum landsins ósóma«. Kvartar lögmaður einkum yfir »þeirri ljótlegri tóbaksokuraðferð, sem víða í þessu landi tíðkast, hvar af auðsýnilegt er að út af vilji vaxa vors fátæka lands fordjörfun með háyfirvaldsins sem og landsins innbyggjara skaða«. Þórður biskup tók bréfið til greina á prestastefnu, sem hann hélt daginn eftir, en gegndi því fyrst bréflega 20. febr. 1679. Brýndi hann þar rækilega fyrir kennimönnum, að líða eigi okur og rán og allra sízt á þeim »ónauðsynlegustu og skaðsamlegustu hlutum, sem er tóbak og annað því líkt«. Tekur hann þeim vara fyrir að gera sig sjálfa seka í þessu, enda sé það boðið í kirkjuskipuninni, »að prestar skuli ei kaupmannsskap brúka af öðru en því, sem þeirra kall og beneficia importera og af sér gefa«.[1]) Þetta okurmál var tekið fyrir að nýju sumarið eftir á alþingi, eins og gert hafði verið ráð fyrir. Er þar fyrst á þingskjalinu talað um óhæfilega og skaðlega tóbakssölu »með ótilheyrilegri okursaðferð, sem um mörg ár í þessu landi svo tíðkast hefur og ætíð meir og meir í vöxt fer«, og því haldið fram, að það sé algengt að selja eina alin af »almennilegu rullu- eða skrúftóbaki misjafnlega nýtilegu« á 6, 8, 10, 16 og jafnvel 20 fiska, en í kaupstað sé pundið selt á 15, 20 eða 30 fiska. Dæmdu þingmenn »fyrir svoddan landsins og þess innbyggjara stórnauðsynjar«, að eftir þetta mætti ekki selja tóbaksalin dýrara manna á milli en fyrir fiskvirði, og skyldi þó tóbakið vera ófúið og óskemt og fara 10 álnir í pundið, en væri tóbakið betra eða verra, skyldi sýslumenn eða hreppstjórar í hverri sýslu ákveða verð á því. En ef dýrara væri selt, skyldi bæði kaupandi og seljandi gjalda konungi 4 merkur í sekt og tóbakið sjálft upptækt. Ef sýslumenn eða hrepp-

1) Lbs. 101, 4to. Bls. 114--117. Smbr. Eimreiðin IV, 128--129.

stjórar léti þá menn hlutlausa, sem seldi tóbak dýrara en til var skilið, áttu þeir sjálfir að sekjast 4 mörkum og jafnvel missa stöðu sína, »því ólíðandi er að þeir, sem kgl. Mt. tiltrúað hefur að vandlæta, það mögulegt verama, um þennan og annan skaðlegan landsins ósóma, til styðji eður samvitandi sé, það fátækt föðurland þvílíka útörmun líði«. Enn áttu sýslumenn að banna dönskum kaupmönnum í kaupsetningum sínum á hverju ári, að selja Íslendingum tóbak dýrara en góðu hófi gegndi, en allra sízt fyrir fisk eða önnur matvæli, því það væri sannreynt, að margir fátæklingar hefði »útarmast« við þetta, helzt við sjávarsíðuna, og lagst svo upp á félítið fólk í sveitunum. Skyldi dómur þessi standa þar til konungur gerði aðra skipun á.[1]) Í sama mund kom fram á þinginu dómur úr Þverárþingi um brennivín, sem Gizur nokkur Freysteinsson, búfastur í Stapasýslu, hafði sent manni í Borgarfirði til sölu og lagt svo fyrir, að potturinn ætti að kosta 15 fiska, »hvað valdsmanni með dómendum í héraði virtist heldur nær okri og ólöglegri sölu ganga, en sanngjarnlegri höndlan, landinu og almúganum til skaða og útörmunar«. Var það ályktun lögþingismanna, »að hvar helzt sem nokkur í landinu, hvort heldur þessi Gizur Freysteinsson eða aðrir, innsenda sitt brennivín í sveitirnar og það með okri og ójöfnuði uppsetja, séu sóttir til fjögra marka sektar og vínið upptækt kongs umboðsmanni til reikningsskapar, en sýslumenn láti vínið virða, hvort betra eða verra sé en eftir venjulegum Taxta«. Undir sömu sektarhæð skyldi þeir vera, sem tæki þetta vísvitandi af öðrum til útsölu í sveitum með okurverði.[2])

Af dómum þessum og öðrum gögnum frá ofanverðri 17. öld er það ljóst, að mikið hefur kveðið að þessari okursölu út um sveitirnar og valdsmönnum fundist þörf á að taka í strenginn. En hitt er jafnvíst, að menn hafa skotið

---

1) Alþb. 1679 nr. 30. Smbr. Eimreiðin IV, 129.
2) Alþb. 1679 nr. 29.

skolleyrunum við þessum alvarlegu áminningum og farið sínu fram eftir sem áður. Var jafnvel sumum helztu mönnum landsins dreift við okursölu á ýmsum varningi og þá auðvitað eigi sízt munaðarvöru. Þannig er þess getið um embættisbróður Sigurðar lögmanns, Þorleif lögmann Kortsson, að hann hafi rekið óspart okurverzlun með tóbak og brennivín heima á Þingeyraklaustri,[1]) og allir kannast við tóbaksprang Jóns biskups Vigfússonar (Bauka-Jóns). Það var því að lokum til bragðs tekið, að fá konung til að skerast í leikinn, og er líklegt að útsiglingarmönnum þeim, er sendir voru til Danmerkur í erindum landsmanna sumarið 1683, hafi verið falið að bera það fram. Að minsta kosti ritar konungur landfógeta bréf um þetta mál 4. maí 1684 og segir að sér hafi borist það til eyrna, að ýmsir menn á Íslandi dragi að sér miklu meira af útlenzkri vöru, en þörf sé á til heimilisnota, og selji fátæklingum hana aftur við óhæfilegu okurverði, ekki sízt tóbak og brennivín, svo að þetta horfi til þyngsla og vandræða og auki mjög flakk og förumensku. Er því landfógeta boðið að sjá um, að kjörnir sé á alþingi nokkrir menn til að semja verðlagsskrá, er gildi manna á milli í slíkum innanlandsviðskiftum, og skuli hún síðan lögð fyrir konung til staðfestingar, svo að bundinn verði endi á þetta óhæfilega okur.[2]) Voru síðan að forlagi Heidemans landfógeta lögmennirnir báðir, Sigurður Björnsson og Magnús Jónsson, ásamt 2 sýslumönnum og 2 lögréttumönnum kvaddir til fundar að Bessastöðum 2. apr. 1685 til þess að bera ráð sín saman um verðlag á ýmsum útlenzkum vörutegundum, er gengi kaupum og sölum út um sveitirnar. Urðu þeir ásáttir um, að útlenzk nauðsynjavara, svo sem *mjöl, brauð, salt, járn, eldsgögn, færi, viður, tjara* o. s. frv., sem ófalsað sé og duganlegt, »uppsetjist og seljist ei meir en til þriðjungs ábata meðal landsmanna

1) Smbr. A. M. Embskr. Bls. 78.
2) M. Kef. III, 207. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 414—415.

sökum kostnaðarflutnings seljandans til annara sveita«, þannig að ein mjöltunna seljist á 64 álnir (eða 128 fiska), en í kaupstað var hún seld á 85 og 95 fiska, og sama átti að gilda um aðrar nauðsynjavörur. Aftur á móti skyldi léttingsvara og glysvarningur, svo sem *léreft, klæði, hattar, húfur, stígvél, krókakerfi* o. s. frv., »hvörs flutningur frá kaupstöðum til sveitanna er ekki svo kostnaðarsamur, sem á hinu fyrra«, eigi seljast nema með fimtungs ágóða út um sveitir, þannig að ein alin af 20 fiska klæði skyldi seld á 25 fiska o. s. frv. »Tóbak, sem Taxtinn um getur, sé á engan hátt leyfilegt meðal landsmanna til ábata að seljist né útokrunar, sem í sannleika bevísanlegt er að sé landsins almúga til stórs skaða og útörmunar, heldur haldist eftir því sem það ár 1679 þann 4. júlí af lögmönnum og lögréttu ályktað var«.[1]) Þessi kaupsetning var svo borin undir lögþingismenn um sumarið og samþykt í öllum greinum. Var jafnvel ráðgert, að leita konungsstaðfestingar á henni, en úr því mun þó aldrei hafa orðið.[2])

Það er af ýmsum atvikum auðsætt, að þessari reglugerð hefur aldrei verið hlýtt. Hafa menn að líkindum eigi talið sér skylt að fara eftir henni, úr því að hún var ekki staðfest af konungi. Þegar farið var að taka saman nýtt lögbókarfrumvarp hér á landi í lok 17. aldarinnar, kom þetta okursölumál einnig til álita í því sambandi og gerðu lögmennirnir báðir, Sigurður Björnsson og Magnús Jónsson, ráð fyrir því í frumvarpi sínu, að útlenzk nauðsynjavara stigi til þriðjunga í lausasölu út um sveitir, en léttingsvara til fjórðunga, en frumvarp þeirra varð sem kunnugt er aldrei að lögum.[3]) Sat því við sama keip um okursöluna og gerðu þeir Jón biskup Vídalín, Páll varalögmaður o. fl. það að umtalsefni í bænarskrá sinni til konungs af alþingi 1701 og mæltust til þess, að konungur

1) J. Sig. 374, 4to.

2) Alþb. 1685 nr. 31 (al. 36) og 1686 fskj. (Landfógetans svar um Bessastaðapósta). Smbr. Biskupasögur Jóns próf. Haldórssonar I, 322—323.

3) Þjskjs. A 33 nr. 1.

sjálfur gæfi út verðlagsskrá, er farið skyldi eftir í innanlandviðskiftum manna á milli.[1]) Í sama strenginn tók Gottrúp lögmaður í frumvarpi því til lögreglutilskipunar handa Íslandi, er hann hafði samið og otaði mjög fram í báðum ferðum sínum. Gerði hann þar ráð fyrir 50 % hækkun á öllum eða allflestum útlenzkum varningi í innanlandsviðskiftum manna á milli, og skyldi það vera fyrir flutning og umstang. En hann vildi jafnframt löggilda fast verð á íslenzkum varningi í innanlandsviðskiftum og lagði til, að það væri sem hér segir:

2 fjórð. af smjöri	40	fiska (að vigt).
8 álnir vaðmáls	40	—
1 Spesíuríkisdalur	60	— (af matfiski).
1 fjórð. af húðarskinnum	60	—
8 geldir ærklippingar	40	—
5 gamlir geldsauðarklippingar . .	40	—
2 fjórð. af ull	40	—
12 pör af sjóvetlingum	30	—

En þetta lagði hann að jöfnu:

½ fjórð. af smjöri	120	æðaregg.
3 fjórð. af smjöri	1	fj. af góðum æðard.
8 merkur af smjöri	10	merkur af þorskal.
10 merkur af smjöri	10	merk. af hákarlsl.
2 fjórð. af smjöri	1	vætt af hákarli vel þurrum og skráplausum.

Enn fremur gerðist hann svo djarfur að leggja það til, að kaupmönnum liðist eigi að banna mönnum að kaupa fisk og aðrar nauðsynjar til heimila sinna, eða flytja afla sinn og afgjöld úr einu héraði í annað, eins og þeir hefði gert að undanförnu.[2]) Nefnd sú, er skipuð var 25. marz 1702 til að íhuga frumvarp þetta, lagðist mjög fastlega á móti

1) Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferð. Nr. 18 (Lbs. 50 fol.)
2) Skjöl Gottrúp lögm. frá fyrri ferð. Nr. 32 (Lbs. 50 fol.) Smbr. Þjskjs. A 32. nr. 1.

því og kvað alveg óhæfilegt, að hækka útlenzkan varning um 50 % í innanlandsviðskiftum, en íslenzkar afurðir þótti henni réttast að gengi kaupum og sölum við sama verði eins og að undanförnu. Varð það ofan á að lokum, að nefndin lagði eindregið til, *að öll sala á útlenzkum varningi meðal landsmanna sjálfra væri bönnuð*, og hið sama gerði Müller amtmaður í bréfi til stjórnarinnar 17. febr. 1705.[1]) Það er því óvíst nema þetta hefði orðið ofan á, ef Árni Magnússon hefði eigi tekið í strenginn og sýnt fram á það með rökum, að eigi hlýddi að hefta svo viðskifti manna á milli, að þeim væri eigi frjálst að kaupa og selja innbyrðis eftir þörfum hvaða varning sem væri.[2]) Þó var það í rauninni óheimilt, að selja þær afurðir sínar í önnur héruð, sem voru gjaldgengar í kaupstað, og sat við það meðan umdæmaverzlunin stóð og kaupsviðin héldust með hinu fyrra sniði, enda þótt enginn vegur væri að girða fyrir slíkt.

Það sem eitt með öðru gerði Gottrúp lögmanni aðstöðuna svo erfiða í þessu máli og öðru því, er laut að verzluninni, var það, að honum var sjálfum meira en lítið dreift við okursölu, ekki sízt á tóbaki og brennivíni. Þannig segja kaupmenn í svari sínu 29. nóv. 1701 við tillögum Gottrúps, að honum muni sýnna um að okra út tóbaki og brennivíni í álnum, þumlungum, pottum og pelum, en að leggja stjórninni holl ráð í verzlunarmálunum, enda sé hann búinn að svæla undir sig eignir og búslóð ýmsra manna með þessu okri sínu.[3]) Auðvitað ber þess að gæta, að kaupmenn voru Gottrúp mjög andstæðir um þessar mundir, en þó hlýtur að hafa farið meira en lítið orð af þessu okri hans, því hann sá sér eigi annað fært en að bera sig undan ámælinu með opinberum þingsvitnum, og fekk hann þá eigi betri undirtektir en það hjá bændum í Húnaþingi, að sumir þeirra neituðu

1) Lbs. 336, 4to. Bls. 149—151. Smbr. Þjskjs. A 33 nr. 1.
2) Smbr. A. M. Embskr. Bls. 205—207.
3) Lbs. 91 fol.

honum um vitnisburði sína, og varð sem kunnugt er allmikið þjark út af því.[1]) En Gottrúp var svo sem ekki einn um þetta okur og prang, heldur var sýslu- og lénamönnum (klaustra- og umboðsjarðaleigjendum) alment við það dreift, eins og ljósast má ráða af Rkbr. til landfógeta 12. júní 1715, er býður honum að hafa strangar gætur á þessu.[2]) Okursalan hefur þó engan veginn lagst niður við þetta, því sýslumenn landsins gera mikið orð á henni í bréfum sínum til Rabens stiftamtmanns 1720 og fullyrða, að sumir okursalar selji varning sinn við tvöföldu og þreföldu verði, en auðvitað þykjast þeir sjálfir hvergi nærri koma.[3]) Hélzt þetta óbreytt meðan umdæmaverzlunin stóð og virðist jafnvel heldur hafa ágerst, eða okursalarnir að minsta kosti hafa orðið ósvífnari með ári hverju, ef óhætt er að treysta vitnisburði kaupmanna þar að lútandi. Þannig segir Akureyrarkaupmaður í bréfi einu 22. maí 1730, að okursalarnir taki á vetrum 60—80 sk. fyrir pundið af munntóbakinu, sem þeir gefi þó ekki nema 22 sk. fyrir í verzlunum á sumrin, og fáist eigi til að gefa mönnum nema 6 sk. fyrir sokkaparið, sem kaupmenn þó gefi 8 sk. fyrir.[4]) Sýslumaður ber þó á móti þessu og

---

1) Smbr. Lbs. 336, 4to og A. M. Embskr. Bls. 78—83.

2) Lovsaml. for Isl. I, 702—703.

3) Smbr. t. d. Bréf Bened. Þorsteinssonar lögm. 30. júlí 1720, Niels Kjærs varalögm. 30. ágúst 1720 og Jóhanns Gottrúps sýslumanns 30. sept. 1720. Þjskjs. A 68 II, 22, 23 og 25. Vist hefur og Páli Vidalín lögmanni fundist þörf á að taka í strenginn með þetta, því í lögbókarfrv. hans frá árunum 1720—1726 er sérstakur kapituli hér að lútandi (III. bók VIII. kap.) og er hann svolátandi: *Um varningsmenn er Danska vöru færa i Sveiter og selia med Frammfærslu.* — 1. *Art.* Eingenn madur hver hellst sem hann vera kann má innkaupa hiá kaupmönnunum nockra vöru til ad færa um landed skamt edur langt og selia til almugans edur nockurs annars ad auknu verde fremur enn so ad varningsmadurenn hafe fiórdungs ágóda, so ad sá sem selur þá vöru, er hann epter Taxtanum innkeipt hefur fyrer 30 Fiska i kaupmanns vöru, selie aptur fyrer 40 Fiska og eckert fremur. — 2. *Art.* Dirfest nockur her i mót ad selia varning sinn edur láta selia, hafe forbroted allann þann varning sem hann hefur medferdes halfft til kongs enn halfft til syslumanns i heradenu og þess er varningsmannenn uppviisann giörer til jafnra skipta mille syslumanns og hans, og þar ad auk til kongsens mörk, og take syslumadur sosem annann sakeyrer. Enn bændur aller skyllder til ad styrkia þann er hinn rángláta mann uppvisann giörer«. (Þjskjs. A 31 nr. 1).

4) Fylgir Rkbr. til stiftamtm. 12. júní 1730. Þjskjs. A 114.

segir, að engin okursala eigi sér stað í Eyjafirði, hvað þá heldur með svo ósvífnum hætti.[1]) Að meira en lítið hafi þó að þessu kveðið bæði þá og síðar virðist ótvírætt mega ráða af því, að konungur sá sér loks eigi annað fært en að taka í strenginn og banna harðlega alt tóbaks- og brennivínsokur að viðlagðri upptekt vörunnar og ströngum kirkjuaga.[2])

Þegar Magnús amtmaður Gíslason kom til sögunnar, lét hann sér mjög ant um að framfylgja þessum boðorðum og hafði strangar gætur á okursölu út um landið, en átti þar við ramman reip að draga, því sýslumönnum var ekki mikið um það gefið að rekast í slíkum málum, enda sumir ef til vill eitthvað við það riðnir sjálfir. Hinn 27. nóv. 1756 ritaði Magnús amtmaður sýslumönnum norðan lands og austan og kvað sér hafa borist til eyrna, að mjölprang mikið væri rekið á sumum stöðum og fátæklingum, sem eigi hefði getað birgt sig í kaupstað, seldur mjölfjórðungurinn á 8 eða 10 fiska. Bauð hann þeim að hafa strangar gætur á þessu og eigi láta það viðgangast refsingarlaust, að menn seldi mjölfjórðunginn dýrara en á 6 fiska gegn sjávarafurðum og 7 fiska gegn landbúnaðarafurðum.[3]) Haustið eftir ritaði hann stjórninni um þetta mál og kvaðst hafa komist að raun um, að bæði efnaðir prestar og sýslumenn, en þó einkanlega bændur við sjóinn reki óhæfilegt mjölprang á vetrum og svæli út úr fátækum almúgamönnum ull, fé, smjör, prjónles og peninga, svo að lítið verði aflögum hjá þeim til að láta í kaupstaðinn á vorin fyrir nauðsynjar sínar. Keyri ósvífni þeirra svo úr hófi, að þeir taki 10 eða jafnvel 12—15 fiska fyrir mjölfjórðunginn, enda þótt þeir kosti engu verulegu til flutninga, því flestir þeirra búi í grend við kaupstaðina.

---

1) Smbr. Bréf hans til stiftamtm. 23. sept. 1730. Þjskjs. A 68 II, 28,

2) Kgsbr. til biskupa og amtm. 3. júní 1746 (Lovsaml. for Isl. II, 598—599). Smbr. Rkbr. til amtm. 14. des. 1748 (Lovsaml. for Isl. II, 743—744). Það er aðgætandi, að okur var á fyrri öldum eitt af þeim málum, er sérstaklega varðaði við lög kirkjunnar.

3) Bréfab. amtm. IX, 243—244 (Þjskjs.)

Gæti þetta að sönnu komið til mála, ef kaupendur fengi að ráða nokkru um verð á sinni vöru aftur á móti, en því sé sízt að fagna, því okursalarnir sé ávalt að hækka verðið á sínum varningi, en taki íslenzkan varning eftir forngildu. Leggur amtmaður til, að öllum sé bannað að selja útlenzkan varning dýrara en kaupsetningin mæli fyrir, að viðbættum hæfilegum eða sanngjörnum flutningskostnaði.[1]) Var þessu vel tekið af stjórnarinnar hálfu og konungsbréf gefið út 14. marz árið eftir, er bannaði slíka okursölu á mjöli og öðrum varningi, að viðlögðum refsingum og afsetningu, ef embættismenn ætti í hlut. Var sýslumönnum boðið að taka þingsvitni um það á hverju ári, hvort nokkur óleyfileg okursala ætti sér stað, og gera jafnan grein fyrir því á alþingi.[2]) En þegar til kom reyndust sýslumenn afartrassafengnir um þetta, svo að Magnús amtmaður setti alvarlega ofan í við þá á alþingi 1760 og lét þess geitð um suma þeirra, að ekki findist einn stafur um það frá síðastliðnum tveim árum í embættisbókum þeirra, að þeir gerði sér nokkurt far um að grenslast eftir þessu, hvað þá heldur meira.[3]) Seinna um sumarið skrifaði hann Jóni Snorrasyni sýslumanni Skagfirðinga, minti hann á konungsbréfið um tóbaks- og brennivínsokur og sagði grun á leika, að því væri heldur slælega framfylgt af sumum valdsmönnum. Þóttist hann hafa spurnir af manni einum í Skagafirði, sem fengið hefði óvenjumikið af munntóbaki í kaupstað á síðastliðnu vori, og bauð sýslumanni að grafast eftir, hvort hann okraði ekki á því.[4]) Það er auðsætt af þessu, að Magnús amtmaður hefur verið mjög eftirgangs- og afskiftasamur um slíka hluti, er hann hljóp þannig eftir flugufregnum og söguburði úr fjarlægum héruðum. En hann þurfti raunar ekki svo langt um öxl að seilast til þess að ganga úr skugga um, að okur-

1) Bréf til Rk. 12. sept. 1757. Bréfab. amtm. IX, 197—198 (b).
2) Lovsaml. for Isl. III, 297—299.
3) Bréf amtm. á alþingi 16. júlí 1760. Alþb. 1760 nr. 21.
4) Bréf 15. ág. 1760. Bréfab. amtm. XII, 134—135.

sala átti sér stað, þrátt fyrir öll konungsboð, og hún eigi lítil. Rétt í námunda við amtmann, sem þá bjó að Leirá, sat alræmdur okursali, Hans Klingenberg, danskur maður, sem bjó á Krossi á Akranesi. Hafði hann manna mest gefið tilefni til þess, að amtmaður útvegaði konungsbréfið 14. marz 1758, en þó aldrei orðið fyrir sektum eða sakferli, svo getið sé, þegar hér var komið sögunni. En einmitt þá um sumarið (1760) tilkynti Markús Pahl, kaupmaður í Hólminum, amtmanni bréflega, að Klingenberg hefði tekið mjög mikið út í kaupstað af tóbaki og brennivíni og mundi eigi vanþörf á að hafa gætur á honum, því engin líkindi væri til þess, að hann brúkaði það alt til heimilisþarfa. Amtmaður fór þá sjálfur á stúfana og varð þess brátt áskynja, að grunurinn var á rökum bygður. Skrifaði hann því Klingenberg haustið 1760 og kvað sér hafa borist ófagrar sögur af honum, því altalað væri, að hann eigi að eins okraði fullum fetum með tóbak og brennivín, þvert ofan í konungsbréf, heldur léti hann það eigi falt, nema því að eins að tekið væri jafnframt svo og svo mikið af óþarfa glingri og kramvöru. Tók hann honum vara fyrir að halda þessu áfram, því að öðrum kosti mundi hann verða látinn sæta ábyrgð.[1]) Klingenberg tók þetta mjög óstint upp og lét sér þau orð um munn fara í áheyrn tveggja manna, að amtmaður hefði lengi viljað »sitja eftir lífi sínu og æru«, ef hann hefði getað. Spunnust út af þessu allmikil málaferli með þeim amtmanni og Klingenberg og fóru þau mál að lokum til hæstaréttar, en úrslitin eru ókunn.[2]) Þegar Magnús amtmaður var úr sögunni, tók Ólafur Stefánsson tengdasonur hans við og hélt fram allströngu eftirliti með brennivínsokri á suðurhöfnunum, að minsta kosti fyrst í stað. Hinn 26. nóv. 1766 ritaði haun Seltirningum og Álftnesingum opið bréf, er hann lét birta í kirkjunum, þess efnis, að hann hefði

1) Bréf 26. sept. 1760. Bréfab. amtm. XII, 317. (Þjskjs.)
2) Þjskjs. A 53 nr. 5 og A 39 nr. 21. Smbr. Alþb. 1761 nr. 7 og 15.

orðið þess áskynja, að sumir þeirra hefði keypt 8—9 tunnur af brennivíni til þess að okra því út að vanda. Kvaðst hann sjálfur mundu grafast eftir þessu á næstu manntalsþingum og láta þá gera fulla grein fyrir þessu máli, en sækja þá til sekta, er brotlegir reyndist um okursölu. Skipaði hann til bráðabirgða tvo valinkunna menn á hvorum staðnum til þess að hafa gát á og eftirlit með þessu.[1]) Hann mun þó áður langt leið hafa séð fram á, að örðugt mundi að girða fyrir þetta að svo stöddu, og þá heldur snúið sér að því að vinna á móti brennivínsaðflutningum til landsins eða takmarka sölu á því í kaupstöðum, sem fyr segir.[2]) Var nú og upp frá þessu farið svo dult með brennivíns- og tóbaksokrið, að örðugt veitti að hafa uppi á sökudólgunum, þó að einhver brögð væri að sölunni.[3])

Enda þótt ætla mætti, að engum manni kæmi til hugar að banna Íslendingum að skiftast á afurðum sínum eftir að umdæmaverzluninni lauk, þá kom þessi fjarstæða samt upp aftur, þótt undarlegt megi virðast, og það meira að segja á dögum sjálfrar konungsverzlunarinnar. Var þá lögð hin mesta áherzla á, að ýta undir framleiðslu á sjávarafurðum og álitið, að hagur verzlunarinnar væri undir því kominn að Íslendingar öfluðu sem mest og vönduðu sem bezt verkun á fiskinum. Í þessu skyni var Haagen kaupmanni falið eftirlit með fiskiveiðum landsmanna og fiskverkun, sem fyr segir, en jafnframt var sveitamönnum harðlega bannað að kaupa fisk eða lýsi við sjóinn.[4]) Magnús amtmaður Gíslason var ekki seinn á sér að skrifa stjórninni um þetta og leiða henni fyrir sjónir, að eigi hlýddi að taka fyrir öll viðskifti á milli sveita- og sjávarbænda, því hagur beggja væri jafnt í veði, ef þeir mætti

---

1) Bréfab. amtm. XVI, 8—10 og 696. (Þjskjs.)
2) Smbr. hér að framan bls. 463—464.
3) Smbr. Bréf sr. Guðlaugs Þorgeirssonar í Görðum á Álftanesi til Landsnefndarinnar. Skjöl Landsnefnd. Litt. UU nr. 1 (Þjskjs. A 35 nr. 6).
4) Smbr. Kgsúrsk. 3. maí 1762. Lovsaml. for Isl. III, 445—446.

ekki skiftast á nauðsynjum sínum. Mætti í sannleika kalla það hámark einokunar og ætti það sér hvergi stað um víða veröld svo hann vissi til.[1]) Í sama strenginn tóku allflestir sýslumenn landsins í bréfum sínum til stiftamtmanns. Varð það úr, að stjórnin slakaði það til á næsta ári, að hún leyfði sölu á *matfiski* í sveitirnar, en bannaði alla sölu á *verzlunarfiski* nema í ítrustu lífsnauðsyn.[2]) Voru upp frá þessu engar hömlur lagðar af stjórnarinnar hálfu á viðskifti sjávar- og sveitabænda svo getið sé. Aftur á móti gerði Ólafur amtmaður Stefánsson sér far um að reisa skorður við okursölu á innlendum afurðum, sem hann þóttist hafa komist á snoðir um að færi mjög í vöxt. Ritaði hann sýslumönnum bréf um þetta 16. júlí 1767 og kvað sér hafa borist kærur um það, að sumir prangarar í Skaftafells-, Árness- og Rangárvallasýslum seldi afurðir sínar við okurverði og tæki 30 fiska fyrir ullar- og smjörfjórðunginn, en 3 fiska fyrir 5 potta af sýru. Taldi hann þetta ámælisvert í alla staði og bauð sýslumönnum að koma í veg fyrir slíka okursölu, því almenningur við sjóinn fengi alls ekki undir þessu risið. Þótti honum sanngjarnt að selja ullar- og smjörfjórðunginn á 20 fiska og sömuleiðis sýrutunnuna, ef um heimakaup væri að ræða, en að seljandi tæki ómakslaun að auki eftir samkomulagi, ef hann annaðist flutninginn.[3]) Það var þó hægar sagt en gert að koma í veg fyrir þetta, og tókst auðvitað aldrei að girða fyrir það, að einstakir okursalar notuðu sér neyð manna. Efnaðir bændur við sjóinn héldu áfram að okra með mjöl og annan varning í laumi eða keyptu mikið af sauðfé á haustin, reyktu síðan kjötið og seldu fátæklingum það dýrum dómum á vetrum.[4])

---

1) Smbr. Bréf til Heltzens etazráðs 31. ág. 1762. Bréfab. amtm. XIV, 10—13.
2) Rkbr. 31. maí 1763. Lovsaml. for Isl. III, 461—463.
3) Bréfab. amtm. XVI, 227—228 (a). Þjskjs.
4) Smbr. Bréf sr. Guðlaugs Þorgeirssonar í Görðum á Álftanesi til Landsnefndarinnar. Skjöl Landsnefnd. Litt. UU nr. 1. Þjskjs. A 35 nr. 6.

Það var svo að sjá, sem yfirvöldin hafi lengi vel eigi haft önnur afskifti af innanlandsverzluninni en þau, að sporna við okri og afarkostum af hálfu þeirra manna, er ráku landprang eða sveitaverzlun. Hitt virðist þeim eigi hafa komið til hugar fyr en seint og síðar meir, að eitthvað mætti gera til að greiða fyrir innanlandsviðskiftunum, annað en að bæta samgöngurnar. Það var Levetzau stiftamtmaður, sem fyrstur allra valdsmanna beittist fyrir því máli, enda þótt hann væri annars lítt þokkaður af landsmönnum. Voru það eigi eins dæmi um útlenda valdsmenn hér á landi, að þeir á öndverðum stjórnarárum sínum tæki upp einhverja nýjung, sem þeir ætluðu að horfði til bóta, og vildu fyrir hvern mun fá henni framgengt, ef til vill meðfram í því skyni, að vinna sér eitthvað til ágætis. Svo var því að minsta kosti háttað um Levetzau stiftamtmann. Hann hafði út með sér eina slíka hugmynd eða fyrirætlun, sem hann hafði tekið ástfóstri við, og brauzt í að fá henni framgengt, þrátt fyrir óvænlegar horfur. Það var hugmyndin um stofnun *markaða* á Íslandi. Skrifaði hann þegar á fyrsta hausti Ólafi Stefánssyni amtmanni, Hannesi biskupi Finnssyni, sýslumönnum öllum og fleiri málsmetandi mönnum í Suðuramtinu og kaupmönnum öllum á suðurhöfnunum bréf um þetta mál og bað um álit þeirra og tillögur. Kvaðst hann ætla, að það mætti verða til að glæða mjög innanlandsviðskifti hér á landi, ef unt væri að stefna sjávar- og sveitabændum saman á einn stað með afurðir sínar á vissum tímum ársins, og stakk upp á Þingvöllum. Gerði hann ráð fyrir, að menn kæmi þar saman í kring um 20. sept. á haustin og svo ef til vill einnig á vorin um Jónsmessuleytið, og að alls konar kvikfénaður og afurðir væri þar á boðstólum, svo sem hross, nautgripir, sauðfénaður og geitfénaður, vaðmál, einskefta, klæði, prjónles, reiptögl, reiðingsdýnur, hærusekkir, skinn, smjör, ull, tólg, kjöt, fiskur og annað fleira. Skoraði hann fastlega á þá, sem hann sneri sér til, og þó einkum á kaupmenn, að greiða fyrir

þessu máli og bað þá láta sig vita um undirtektinar og hve mikillar þátttöku mætti vænta úr hverju héraði.[1]) Bátsandakaupmaður svaraði mjög bráðlega og taldi þetta eitt hið mesta nauðsynjamál. Leizt honum vel á að hafa aðalmarkað á Þingvöllum laust fyrir Alþingi á ári hverju, en taldi nauðsynlegt að hafa markaðina fleiri til hagræðis fyrir almenning, því margir ætti örðugt með að sækja langt að. Þannig taldi hann tormerki á því að koma harðfiski svo nokkru næmi af Suðurnesjum til Þingvalla sakir hestaskorts, og mundi auðveldara fyrir Suðurnesjamenn að sækja markað til Reykjavíkur á haustin, og eins fyrir Borgfirðinga, enda væri þá heyönnum lokið hjá sveitabændum og fé komið af fjalli. Annars væri það gömul venja, að Suðurnesingar ætti mest viðskifti við Rangæinga, og væri því ef til vill hagfeldast, að þeir hefði sameiginlegan markað í Krísuvík eða Selvogi. Kvaðst hann mundu gera sér far um að hvetja bændur í Höfnunum til þátttöku í slíkum kaupstefnum, en sjálfur kvaðst hann því miður eigi geta komið neinum fiski á markaðinn næsta ár sakir hestaeklu.[2]) Grindavíkurkaupmaður svaraði litlu síðar og lét illa yfir undirtektum Grindvíkinga, því þeir væri í svo miklu hestahraki, að þeir gæti engu komið frá sér þótt þeir vildi. Kvaðst hann að eins hafa fengið loforð tveggja manna um að leggja fram sitt skippundið hvor, og sjálfur kvaðst hann eigi geta lofað meiru en 2 skippundum sakir örðugleika á flutningum. Annars var hann hræddur um, að sveitabændur mundu eigi fjölmenna á slíka markaði að svo stöddu, því fellir hefði víða orðið á undanförnum árum og því lítið um kvikfénað og aðrar landbúnaðarafurðir í sveitunum. Hins vegar væri þeir heldur eigi svo ginkeyptir fyrir sjávarafurðunum, því flestir þeirra hefði sjálfir menn í veri á

1) Smbr. Bréf dags. 23. okt. og 2., 16., 22. og 26. des. 1785. Bréfab. stiftamtm. XIX, 160—162, 210—211 og 224—227. (Þjskjs.)

2) Bref 8. des. 1785. Þjskjs. A 79 II, 1.

vetrum.[1]) Hannes biskup tók mjög vel í tillögu stiftamtmanns og taldi hana bæði þarflega og framkvæmanlega, enda þótt erfiðleikar væri á flutningum að svo stöddu. Þótti honum réttast að hafa aðalmarkaðina 4, einn í hverjum landsfjórðungi, en félst á tillögu stiftamtmanns um aðalmarkað á Þingvöllum fyrir Sunnlendinga og að menn kæmi þar saman tvisvar á ári, vor og haust. Að öðru leyti væri það álitamál, hvort eigi mundi fara bezt á því, að hafa haustmarkaði í sambandi við réttirnar á sumum stöðum, og nefndi hann sérstaklega til Hraundalsrétt í Mýrasýslu, Skaftholtsrétt í Árnessýslu og Nautarétt undir Henglinum, því þær hefði einatt áður fyrri verið haldnar í kring um 20. sept.[2]) En því hélt Hannes biskup fram, að sjávarbændur yrði að ríða á vaðið með þetta og verða fyrri til, því annars mundi lítið úr því verða. Sveitamenn væri lítt aflögufærir að svo stöddu, en engin hætta væri á því, að fiskurinn gengi eigi út, ef komið væri með hann á markaðinn og bændur sæi, að eitthvað yrði úr þessu. Stiftamtmanni þótti mikið í varið að fá svona undirtektir hjá einum af vitrustu og beztu mönnum landsins, en bar þó kvíðboga fyrir því, að hestaeklan mundi standa framkvæmdunum fyrir þrifum. Sjálfur hét hann því, að lána eins marga af sínum hestum til flutninga, eins og hann gæti við sig losað, og vonaði, að aðrir mundu gera slíkt hið sama.[3]) Beið hann nú átekta og ætlaði sér að stefna mönnum til Þingvalla haustið eftir, ef nægilega margir fengist til að lofa hluttöku sinni. Skrifaði hann stjórninni vorið 1786 og var þá enn milli

---

1) Bréf 16. des. 1785. Þjskjs. A 79 II, 1.

2) Eitthvað svipað þessu virðist hafa vakað fyrir Skúla fógeta, því hann segir svo á einum stað: »Eg skil ecki hvad þad hindrar, ad sellt og keypt sie í riettunum, hitt finn eg, ad þad er uppbyggianlegt; so giörum vier hier í nautariettunum undir Henglinum árlega þann 1. october, ad vier selium og kaupum naut sem getum fyrer peninga. Ad fólk fære til riettanna óþarfa vöru, ad menn kaupe af sier, drecka þar, illyrdast og fliúgast á, þad er allt Politiens sök«. Smbr. Svar þeim gefið, er eftir spurði, eða aths. við nokkrar greinir í Sauðfjárhirðing Magnúsar Ketilssonar. J. Sig. 35 fol. Smbr. Bmfél. Viðb. 102 nr. 10.

3) Bréfab. stiftamtm. XIX, 224—226 (Þjskjs.)

vonar og ótta um framgang málsins, því fáir höfðu gert kost á hluttöku sinni við sjóinn, en fregnir um hluttöku sveitabænda voru þá enn ókomnar.[1]) Þegar til kom voru undirtektir þeirra mjög daufar og báru flestir við harðindum og fjárfelli, svo ekkert varð úr þessu,[2]) enda var fitjað upp á því á mjög óheppilegum tíma, því Móðuharðindin voru þá tæplega um garð gengin.

X.

Launverzlun.

Þess er getið hér að framan, að úfar hafi löngum risið með Englakonungum og Danakonungum á fyrri öldum út af verzlun og fiskiveiðum við Ísland. Voru gerðir um það margir samningar og þeir endurnýjaðir hvað eftir annað, án þess þó að unt væri að girða fyrir deilur og ósamlyndi, því Englendingar héldu illa skuldbindingar sínar.[3]) Héldu Danakonungar því fram, að þeir hefði drottinvald í norðurhöfum, og að skoða bæri nyrsta hluta Atlantshafsins, milli Íslands, Færeyja og norðurhluta Noregs, sem lokað haf (mare clausum), er enginn hefði rétt til að sigla um eða reka verzlun og fiskiveiðar á, nema sérstakt leyfi Danakonungs væri til. Englendingar kunnu þessu illa og ráku fiskiveiðar í norðurhöfum hvað sem Danakonungur sagði. Voru þau skip einkum frá Hull, Bristol, Lynn, Harwich o. fl. hafnarbæjum á Englandi, er vöndu komur sínar til Íslands. Á dögum Elísabetar drotningar var upp-

---

1) Smbr. Bréf stiftamtm. til Rk. 21. apr. 1786. Bréfab. stiftamtm. XXI, 134—135. (Þjskjs.)

2) Smbr. Bréf stiftamtm. til Rk. 29. sept. 1786. Bréfab. stiftamtm. XXII, 90. (Þjskjs.)

3) Smbr. hér að framan bls. 10—16 og 45—49.

gangur Englendinga mikill á sjónum og Íslandsflotinn (the Iceland fleet), er svo var kallaður, lagði út á hverju vori og færði heim mikla björg, auk þess sem hann ól upp harðfenga og ötula sjómenn.[1]) Var þá eigi trútt um, að rekin væri stundum talsverð launverzlun í höfnum á Íslandi þrátt fyrir konungsbannið, enda var eftirlitið fremur slælegt af Dana hálfu oft og einatt. En eftir að Kristján IV. kom til sögunnar, herti hann á hnútunum og hélt stranglega fram hinum fornu drottinvaldskröfum. Elísabet drotning mótmælti þeim eindregið, en konungur slakaði hvergi til og lagði jafnframt mikinn hug á að efla flota sinn, svo að undir niðri var löngum grunt á því góða milli þeirra.[2]) Árið 1597 gerði konungur sendiboða á fund Engladrotningar, þá Arild Hvitfeldt og Kristen Barnekov. Lét hann þá af sinni hálfu banna Englendingum alla verzlun í íslenzkum höfnum og öll mök við landsmenn, nema sérstakt leyfi væri til, og sama bannið var jafnframt endurtekið í bréfi til sendiboða Engladrotningar í Kaupmannahöfn.[3]) Undir árslok 1598 sendi konungur sagnaritara sinn Niels Krag (Nicolaum Cragium) til Englands og átti hann að reyna að fá Engladrotningu til að játa drottinvald konungs í norðurhöfum og banna þegnum sínum alla för til Hálogalands, Finnmerkur og Íslands. Var hún mjög treg til þess og taldi öll tormerki á að banna för til Íslands að þessu sinni, því fiskiveiðaflotinn væri þegar lagður út, enda var þá orðið áliðið vetrar er hann fekk áheyrn hjá drotningu. En hitt kvaðst hún vilja láta eftir, að sendiboði sinn leitaði framvegis fiskiveiðaleyfis hjá Danakonungi og endurnýjaði það sjöunda hvert

---

1) Smbr. J. A. Froude: History of England (Everyman's Library). The Reign of Elizabeth II, 179, 185.

2) Smbr. Danm. Riges Hist. IV, 132—133.

3) Ut Angli sine speciali serenissimi Daniæ regis licentia in portubus Norwagicis vel Islandicis antea prohibitis nulla ratione negotientur seu mercaturam exerceant. Smbr. Kort Relation om Engelske Fiskfang under Jssland oc hvad derom udj vores danske Historier findis. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 5b—6. (Rskjs.)

ár.[1]) Aftur á móti áskildi drotning sér það, að þegnar sínir væri látnir óáreittir það árið, enda þótt þeir væri staðnir að fiskiveiðum í landhelgi, og mun Niels Krag hafa svarað henni góðu til um það. En þá vildi hvorki betur né verr til en svo, að konungur hafði sjálfur farið í leiðangur norður í höf áður en Krag var aftur kominn úr Englandsför sinni og var því ókunnugt um þessa samninga. Hitti hann á leiðinni enska þegna, sem ráku fiskiveiðar í óleyfi við Noregsstrendur, og tók 4 af skipum þeirra umsvifalaust. Reiddist drotning því mjög og skrifaði Danakonungi allhart bréf þar að lútandi.[2]) Fóru nú bréf og boð á milli þeirra konungs og drotningar á næstu árum og var af fremsta megni leitast við að jafna þennan ágreining og komast að fastri niðurstöðu um siglingar og fiskiveiðar Englendinga í norðurhöfnum. Gerði drotning sendiboða á fund Danakonungs sumarið 1602, en konungur nefndi menn af sinni hálfu til að semja við þá. Samningarnir gengu þó ekki greiðlega, því báðir aðilar héldu fram gagnstæðri skoðun og stóðu fast á sínu máli. Af hálfu drotningarinnar var því fram haldið, að Englendingar hefði eftir fornum sáttmálum rétt til fiskiveiða við Ísland, ef þeir gerði ekkert ilt af sér og greiddi skilvíslega tolla sína, og hefði hún margsinnis brýnt það fyrir þegnum sínum; en á hinn bóginn gæti hún eigi kannast við, að neinn þjóðhöfðingi hefði rétt til að banna siglingar, verzlun og fiskiveiðar á frjálsum höfum, eða meina þegnum vinveittra ríkja að leita hafna hvar sem þeir vildu,

1) Cæterum ne serenissimus rex Daniæ propter amissionem talis petitionis licentiæ deinceps offendatur, serenissima Majestas Angliæ in mandatis dedit Thomæ Ferres, ut eam nunc a rege postularet et in posterum cavebitur, ut de septennis in septennium requiratur juxta tractatum anni 1598. Kort Relation om Engelske Fiskfang under Jssland etc. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 5b—6. Smbr. De legati Danici Dni Nicolai Cragii negotiatione in Anglia initio anni 1599 quantum ad navigationem et piscaturam Norvegiæ et Islandiæ. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 1. Litr. R. (Rskjs.) Eftirrit m. h. Jóns Sig. í Hdrs. J. Sig. 373, 4to.

2) Smbr. Kort Relation om Engelske Fiskfang under Jssland etc. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 5b—6. (Rskjs.) Þetta bréf hef eg því miður eigi getað fundið.

því það væri gagnstætt alþjóðalögum. Danir héldu því fram aftur á móti, að Noregskonungar hefði áskilið sér þennan rétt frá fornu fari og að gert væri ráð fyrir því í öllum hinum fyrri samningum á milli Danakonunga og Englakonunga, að leitað væri leyfis til fiskiveiða í norðurhöfum af Englendinga hálfu og að það leyfi skyldi endurnýjað sjöunda hvert ár, en þessa hafi eigi verið gætt, svo að sáttmálarnir þar af leiðandi væri fallnir úr gildi. Auk þess hefði Englendingar margbrotið af sér fiskiveiðaréttinn með yfirgangi sínum og ójöfnuði, svo að konungur væri nú fastráðinn í að banna þeim alla umferð um þessar slóðir og allar hafnir á Íslandi. Drotningin hafði gefið sendiboðum sínum heimild til að ganga að því, ef í nauðirnar ræki, að leitað væri sérstaks leyfis til fiskiveiðanna, en þegar til kom þóttust fulltrúar Danakonungs ekki hafa umboð til að semja um það atriði, svo að málið féll niður við svo búið, enda lézt Elísabet drotning skömmu síðar (24. marz 1603).[1])

Þá tók ríki á Englandi Jakob Skotakonungur, sonur Maríu Stúart. Voru þeir mágar Kristján konungur og hann, svo að ætla mætti, að farið hefði vel á með þeim. En vinfengi þeirra stóð þó heldur á völtum fæti og olli því meðal annars ágreiningur um þessi mál.[2]) Haustið eftir að Jakob tók ríki á Englandi ritaði Kristján konungur honum bréf (26. sept. 1603) og lét fylgja nokkur grundvallaratriði að samningi þeirra á milli um þessi deilumál. Vildi hann með öllu útiloka Englendinga frá fiskiveiðum við Noreg og Færeyjar, en gerði þeim kost á fiskiveiðaleyfi við Íslandsstrendur með eftirfarandi skilyrðum: — 1. Að hver og einn þeirra sækti í tæka tíð um leyfisbréf til ákveðins tíma hjá Danakonungi. — 2. Að Englendingar skuldbindi sig til að fiska ekki nær en 2 mílur danskar undan landi, svo að þeim lenti ekki saman við þegna

1) Smbr. Eftirrit af bréfum þessu viðvíkjandi í J. Sig. 374, 4to.

2) Danm. Riges Hist. IV, 133. Smbr. Ævisaga Jóns Indíafara. Kmh. 1908—1909. Bls. 21 nm.

konungs, sem ræki fiskiveiðar úr landi; skyldi þeir eigi leita hafnar á Íslandi nema í lífsnauðsyn og halda þegar út aftur er veður lægði. — 3. Fyrir hvert leyfi eða af hverju skipi skyldi árlega greiddur einn Portúgalspeningur úr gulli (þ. e. 17 rd.) eða hans ígildi, til viðurkenningar um drottinvald konungs, og auk þess einn dalur af hverri lest skipsins; þetta gjald skyldi greitt fyrir fram í Kaupmannahöfn á hverju vori áður en skipin legði út til fiskiveiða. — 4. Að þeir skuldbindi sig til að reka enga verzlun á Íslandi. — 5. Að þeir gerði þegnum konungs eða þeim öðrum, er ræki fiskveiðar við Ísland með konungsleyfi, engar skráveifur. — 6. Að þeir væri eigi að veiðum á milli Vestmannaeyja og meginlandsins. — 7. Að sá, er tyfi þessari skuldbindingar, yrði þegar sviftur leyfinu.[1]) —

---

1) *Ex glor. mem. Christiani IV. litteris ad Jacobum regem M. Brit. anno 1603 d. 26. Sept. scriptis (vel potius ex propositionibus litteris adjectis).* — Quandoquidem ab Anglis piscaturæ prope littus Norvegiæ tractusque Wardehusani et insularum Ferröe, absque damno et singulari præjudicio serenissimi regis Daniæ institui nequeant, ab illis locis Angli in posterum prorsus abstineant. Permittet vero piscaturam Angliæ subditis ad Islandiam, secundum subsequentia præscripta: — 1. Ut mature licentiam, diplomate confirmatam, a serenissimo rege *qusique pro se* in Dania petat, aut peti procuret; ac, ne Anglis petitio hæc quotannis iteranda sit, in plures annos eadem ipsis indulgeri, uni etiam multorum nomine licentiæ petitio committi poterit. — 2. Ne subditis serenissimi regis Daniæ, piscaturam ibidem exercentibus impedimento ac damno sint, inconvenientiæ hujus vitande gratia, subditi Angliæ *propius quam ad duo milliaria Danica littus cum navibus suis non accedant*, vel anchoris, nisi vi ventorum coacti, hæreant; qua tamen cessante, iterum absque dilatione recedant. — 3. Tertio, ut solvant quotannis in recognitionem superioritatis et dominii serenissimi regis Daniæ aureum magnum Portugalensem, vel ejus valorem, idque pro licentia *cujuslibet navis*. Quamvis vero proprii subditi regis Daniæ decimas piscium loco piscariarum solvant, in gratiam tamen regis Angliæ subditis ejusdem levius telonium constituatur, nimirum ut ex integra lasta, duodecim scil. tonnarum, thalerum tantum expendant, idque ex qualibet lasta, pro cujuscunque navis capacitate. Quam summam in antecessu piscationum, et antequam ex Anglia piscatum egrediantur, quotannis Hafniæ quæstoribus regiis pendere debebunt. — 4. Ne mercaturam ibidem cum subditis regiæ majestatis Daniæ, vel aliis peregrinis exerceant, aut uspiam cum ipsis negotientur. — 5. Ne subditos serenissimi regis, vel alios cum licentia eundi circa Islandiam piscaturos, ullo maleficio, damno injuriave afficiant. — 6. Peculiariter a piscatoribus Angliæ observabitur, ne quisquam ipsorum in angusto illo mari inter Islandiam et Westmoniam piscaturam (cum sine damno Reg. Majts id fieri nequeat) exerceat. — 7. Si contra præfatas conditiones delictum ab Anglis fuerit, confestim ipso facto contra piscaturæ hujus beneficium commissum censebitur, eoque delinquens privabitur. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 1. Litr. Z (Rskjs.) Eftirrit J. Sig. 374, 4to.

Englakonungur mun hafa tekið lítt í þetta, enda voru skilmálarnir eigi sem aðgengilegastir. Varð því ekkert af samningum að þessu sinni, en Englendingar héldu áfram fiskiveiðum sínum þrátt fyrir það og færðu sig heldur upp á skaftið er fram liðu stundir, því Kristján konungur hafði þá í öðru að snúast en að eltast við þá. Þótti eigi trútt um, að þeir ræki talsverða launverzlun í höfnum á Íslandi um þessar mundir, eins og ráða má af ítrekuðum áminningum konungs til landsmanna, að hafa engin mök við þá eða aðra útlendinga.[1]) Þegar þessu hafði fram farið í nokkur ár, þótti konungi mál til komið að taka í strenginn og sýna Englendingum í tvo heimana, og gerði hann alvöru úr því sumarið 1620, þegar íslenzka verzlunarfélagið komst á laggirnar. Var þá sent skip út hingað til að rannsaka, hvort eigi fyndist íslenzkur varningur í enskum fiskiduggum hér við land. Skip þetta staldraði við fram að veturnóttum eða lengur, kannaði allar enskar duggur, sem urðu á vegi þess, og flutti nokkra menn til Danmerkur, sem urðu uppvísir að því að hafa rekið hér lítilsháttar verzlun.[2]) Jafnframt þessu tókust nýjar samningaumleitanir með þeim konungunum um frjálsa verzlun og siglingar í báðum ríkjunum, en af Dana hálfu voru þó enn undanskildar allar hafnir á Íslandi, Hálogalandi og Finnmörk, því að þær væri bundnar sérstökum einkarétti.[3]) Með þessum eða svipuðum skilyrðum gerðist sáttmáli með þeim konungunum árið eftir.[4])

---

1) Smbr. Kgsbr. 7. apríl 1616 (M. Ket. II, 262—263) og 10. gr. kaupsetn. frá 1619 (Lovsaml. for Isl. I, 186).

2) Smbr. Skarðsárann.

3) Smbr. *Tillögur ríkisráðsins danska 28. ág. 1620*: »Synderligen med andet belangende Norges Krones forbudne Lande og Hafner, Island, Hælgeland og Findmarken, efterdi endogsaa Kongel. Mts egne Undersaatter, Danske og Norske, ikke haver den Frihed, at de maa segle paa Norlandene; det ogsaa i forrige Forbunde af begge Potentater bekjendes at være contra honorem regium, leges et libertates Norvegiæ«. D. Kanc. Isl. & Færð. Supplem. 2 Nr. 1. Litr. Aa (Rskjs.) Eftirrit J. Sig. 374, 4to.

4) *Foedus inter Christianum IVtum Daniæ ... et Jacobum Magne Britanniæ regem ... initum Londonii 29. apr. 1621*, — Art. XIV. Item conventum, concordatum et conclusum est, qvod subditi serenissimi regis Magnæ Britanniæ ad

Þessi sáttmáli breytti þó í rauninni engu um aðstöðu Englendinga hér við land. Þeir höfðu áður rekið hér fiskiveiðar í óleyfi eins og þeim sýndist, en gerðu það nú með fullri heimild. Voru þeir ef til vill heldur nærgöngulli en áður og þótti eigi trútt um, að þeir hefði talsverð mök við landsmenn, þrátt fyrir allar varúðarráðstafanir af Dana hálfu, einkum eftir Tyrkjaránið 1627, því sigling var þá ærið stopul á sumar hafnir fyrsta kastið. Og Englendingar voru nú ekki lengur einir um þessa launverzlun, heldur fóru Hollendingar upp frá þessu að leggja mjög stund á fiskiveiðar og launprang hér við land. Aftur á móti lögðust fiskiveiðar Þjóðverja við Íslandsstrendur algerlega niður, eða því sem næst, eftir að Kristján IV. einokaði verzlunina. Höfðu Þjóðverjar og minni hvöt en hinir til að reka fiskiveiðar og launverzlun á Íslandi, því fiskverzlunin íslenzka var enn að mestu leyti í þeirra höndum, þrátt fyrir allar ráðstafanir konungs, og skipshafnirnar á verzlunarskipunum þýzkar að meira eða minna leyti, en þær ráku sjálfar allmikla verzlun um þær mundir, sem fyr segir.[1]) Árið 1631 gerðust svo mikil brögð að launverzlun Englendinga og Hollendinga á Íslandi, að einokunarkaupmenn sneru sér til konungs og báðu hann ásjár. Brást hann vel við og skrifaði bæði Englakonungi og hollenzku stjórninni um þetta mál. Jafnframt var íslenzka verzlunarfélaginu veitt einkaleyfi til hvalaveiða við Ísland og skipum þess heimilað að taka herskildi alla enska hvalaveiðara og duggara, er staðnir yrði að veiðum nær landi en 4 vikur sjávar, og annara þjóða skip, ef þau kæmi nær landi en 6 mílur.[2]) Enn fremur gerði konungur það að skilyrði fyrir undanþágu Íslendinga frá hækkun þeirri á kaupsetningunni, er til hafði staðið, að þeir ræki enga laun-

portus prohibitos, qvorum in præcedentibus foederibus mentio fit, absqve speciali licentia regis Daniæ et Norvegiæ petita et obtenta, nullatenus accedant nisi evidens maris periculum aut tempestatum impulsus accedere vel intrare coëgerit, ubi tunc minime ipsos mercandisare licebit. — J. Sig. 374, 4to.

1) Smbr. hér að framan bls. 77—80.

2) Smbr. Kgsbr. 16. des. 1631 og 16. apr. 1636. Lovsaml. for Isl. I, 215—216, 220.

verzlun við erlendar þjóðir, Englendinga eða Hollendinga, sem jafnan sæti færi að skjótast inn á hafnirnar til þess að verzla í laumi. Bannar konungur stranglega öll mök við þá bæði á sjó og landi að viðlögðum sektum og refsingum.[1]) Þetta stranga bann mæltist þó illa fyrir á Íslandi, því kaupstaðirnir voru þá að öllum jafnaði illa birgir að nauðsynjavöru og kom stundum engin sigling á sumar hafnir, eða þá ekki fyr en að áliðnu vori eða sumri. Raunin varð því sú, að menn neyddust til að kaupa við útlenzka duggara, ef þeir vildu ekki eiga það á hættu, að fara á mis við brýnustu lífsnauðsynjar, svo sem veiðarfæri og annað þess háttar. Kemur þetta berlega fram í kæruskjölum þeim, sem bárust til alþingis árið 1633 og áður er getið. Þannig segir í bréfi Vestmanneyinga, að þeir hafi leitað til kaupmannsins í eyjunum um nauðsynjar sínar, einkum mjöl, salt og veiðarfæri, en hann hafi svarað svo, að hvorki þessi né annar útlenzkur varningur væri sér í höndum. Segjast þeir því neyddir til að eiga kaup við útlenzka duggara, hvað sem konungsbréfinu líði, því hjá þeim einum geti þeir fengið veiðarfæri til að draga sér björg úr sjónum, og það fyrir íslenzkan varning, sem kaupmenn vilji sjálfir ekki nýta, svo að þetta sé þeim að skaðlausu.[2]) Við sama tóninn kveður í bréfi úr Borgarfirði eystra. Var þar einnig skortur á veiðarfærum og nótgarni, svo að menn gátu eigi bjargað sér nema með því að afla sér þessara nauðsynja hjá enskum duggurum. Draga þeir enga dul á þessa verzlun sína við duggarana, heldur mælast jafnvel til þess, að kæra sín verði látin fara lengra, og skora fastlega á verzlunarfélagið, að sjá sér fyrir nægum og góðum nauðsynjavörum, »annars kunnum vér engan veginn að bjargast, fyrst vér megum ei fyrnefnd veiðarfæri af Engelskum kaupa með nægilegu verði, og kanske því, sem ekki er kaup-

1) Smbr. M. Ket. II, 362—364.
2) Alþb. 1633 nr. 2.

mannsvara.«[1]) Landsmenn voru því hér í ærnum vanda staddir, þar sem annars vegar vofði yfir neyð og bjargarskortur af illum og ónógum aðflutningum kaupmanna, en hins vegar ströng refsing, ef eitthvað lítilsháttar var skift við útlenzka duggara. Þessum vandkvæðum öllum er lýst mjög átakanlega í bréfi Gísla biskups Oddssonar til Jóns Magnússonar (á Reykhólum?) 18. okt. 1636. Er þar meðal annars svo að orði komist: . . . . »Framar víkið þér á í yðar bréfi um harðindi og hallæri landsins einnig af því tilefni, að fátækum mönnum líðst ekki lítilmótleg höndlun við Engelska, sem engum er til meins né baga, sízt Kompagníinu. Mun það ekki hverju orði sannara, að landið er orðið aumt, fríður peningur fallinn fyrir hörðum árum, svo fáir menn eru í skatti, góz og peningar, hafi það nokkurstaðar til verið, burtu flutt af landinu, sumt gefins, sumt fyrir sannar skuldir. Þar ofan á kemur ólíðanleg kauphöndlun og ekki altíð eftir takstanum; vel ef ekki fylgir með röng eða engin vog og mælir. Ofan á það: það stranga forboð um Engelskra höndlan. En hver þorir um að kvarta? . . . . Þá eg var utanlands kom það engelska forboðsbréf kanzlaranum óvitandi fyrir undirrétting þeirra Kompagnies bræðra. Þá sagði eg honum það, sem nú er á komið, að ekki mundu mörg ár líða þangað til annaðhvort landið lægi í eyði, einkum við sjósíðuna, ellegar þeir, sem nokkra formegan hefði, mundu draga sig í burtu af landinu, eður hið þriðja: fátækt fólk yrði að brjóta kongsins bréf, því þar lægi lífið við etc.«[2])

Sem dæmi þess, hvernig æðstu stjórnarvöld hér á landi litu á útlenzka fiskimenn um þær mundir, má geta þess, að sumarið 1633 var leitað úrskurðar um það í lögréttu, hvort enskir skipbrotsmenn ætti að verða nokkurrar líknar aðnjótandi hér á landi eða ekki. Var það álit lögréttunnar, að svo framarlega sem þeir lægi frjálslega undir landinu

---

1) Alþb. 1633 nr. 3.
2) Smbr. Bréfab. Gísla bisk. Oddssonar I, 524 (Lbs. 1645, 4to).

og ekki í forboði konungs, þá virtist nauðsynlegt og kristilegt að hjálpa þeim sem »vorum« skipbrotsmönnum og hirða góz þeirra fyrir hæfileg bjarglaun.[1]) Annars má ráða það af bréfi verzlunarfélagsstjórnarinnar til konungs 3. febr. 1635, að Englendingar hafa látið sér kgsbr. 1631 að kenningu verða og ekki verið út af eins nærgöngulir og áður í verzlun sinni. Aftur á móti færðu Hollendingar sig upp á skaftið og gerðust æ djarfari og ófyrirleitnari. Segir í bréfi félagsstjórnarinnar, að þeir hafi lítt hirt um fiskiveiðar sumarið 1634, heldur blátt áfram komið nær eingöngu í verzlunarerindum og keypt sumir heilan farm af harðfiski, svo að félagið hafi beðið mikið tjón við þetta, og eigi síður við hitt, að búið var að spilla fyrir þeim markaðinum í Hollandi með framboði á íslenzkum harðfiski, er skip þeirra komu til Amsterdam. Höfðu Hollendingar jafnvel látið á sér skilja, að þeir ætluðu sér að koma aftur næsta vor svo fjölmennir, að þeir ætti alls kostar við dönsku kaupmennina, ef þeir færi nokkuð að amast við þeim. Leizt því félagsstjórninni ekki á blikuna og flýði á náðir konungs. Mæltist hún til þess, að konungur ritaði hollenzku stjórninni og legði blátt bann við þessu athæfi, og sendi auk þess herskip til Íslands næsta sumar til þess að halda duggurunum í skefjum og hremma þá, ef þeir gerðist of nærgöngulir, og töldu þeir engan vafa á því, að kostnaðurinn ynnist upp og meira en það.[2]) Konungur tók vel í þetta og ritaði hollenzku stjórninni 16. febr. 1635. Gerði hann eigi að eins kröfu til þess, að sökudólgunum væri refsað, heldur og að stjórnin legði blátt bann við því, að þegnar sínir ræki nokkra launverzlun á Íslandi.[3]) Eigi mun þó kaupmönnum enn hafa þótt nógu rækilega girt fyrir þetta, því vorið eftir útveguðu þeir konungsbréf um verzlun og flutning fálkaveiðara

1) Smbr. Alþb. 1633 nr. 8.

2) D. Kanc. Isl. & Færö. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583—1648. Skab 14, 119 (Rskjs.)

3) D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 2. (Rskjs.)

hér á landi. Segir í bréfinu, að sumir þeirra noti fálkaveiðarnar sem átyllu eða skálkaskjól til að reka launverzlun svo um muni, og taki sér fari með duggurum fram og aftur. Er þeim stranglega bönnuð slík verzlun framvegis og öllum fálkaveiðurum gert að skyldu, að taka sér fari með skipum verzlunarfélagsins, en að öðrum kosti sé upptækur allur varningur þeirra og svo fálkarnir, sem þeir kunni að hafa veitt. Skyldi valdsmenn þeir, sem léti hjá líða að draga sökudólgana fyrir lög og dóm, tafarlaust sviftir embætti og látnir að auki sæta refsingu.[1]) Konungur lét hér eigi sitja við orðin tóm, því um sumarið kom höfuðsmaður út á varnarskipi og tók af Englendingum, sem lágu of nærri landinu, og fálkaveiðurum, sem komið höfðu með þeim, alt sem þeir höfðu meðferðis.[2]) Árið eftir beiddist höfuðsmaður úrskurðar á því í lögréttu, hverju þeir fálkaveiðarar skyldi sekir, sem eigi hlýðnuðust konungsbréfinu, og þeir kaupmenn, sem neituðu þeim um far, og var því svarað, að þeir skyldi sekir 8 mörkum í bréfabrot í fyrsta sinni. En ef tráss kæmi til, skyldi það alt upptækt konungi til handa, sem þeir hefði meðferðis, »og missi sín fríheit, utan þeir kunni sig löglega að forsvara,« en kaupmaður, sem fari neitar, svari þeim fyrir sinn skaða, sem fars var synjað.[3])

Það fór eins og Gísla biskup hafði grunað, að þessi ströngu konungsboð komu fyrir ekki, því landsmenn neyddust til að brjóta þau, er þeir komust höndum undir, hvort sem þeim var það ljúft eða leitt. Þetta viðurkendu líka allir beztu menn landsins og tóku svo vægilega á brotunum, sem unt var, enda voru þau sjaldan stórvægileg. Þegar slíkum brotamálum var skotið til alþingis um þær mundir, leit lögréttan á þau með vægð og vorkunnsemi, og mun Árni lögmaður Oddsson hafa ráðið mestu um það. Komu tvö slík mál til alþingis árið 1637. Var

1) Kgsbr. 16. apr. 1636. M. Ket. II, 400—401.
2) Smbr. Skarðsárann.
3) Alþb. 1637 nr. 16.

annað þeirra úr Barðastrandarsýslu um kaupskap við Englendinga og létu lögmennirnir þá skoðun í ljós, að vægar yrði tekið á þeim, sem eigi hefði vitað konungsbannið, en á hinum, sem það hefði heyrt, og var það auðvitað eigi nema sjálfsögð sanngirni.[1]) Hitt var um launverzlun í Ísafjarðarsýslu og fylgdi þar með kæra almennings til kaupmanna og bænarskrá um vægð á sektum fyrir það, að þeir neyðist til að kaupa við útlendinga í lífsnauðsyn. Höfuðsmaður fylgdi sjálfur málinu fram, svo lögmennirnir voru nokkuð vant við komnir. Þótti þeim vænlegast, að vísa málinu heim aftur í hérað til rannsóknar á ný, með þeim ummælum, að ef lögbrot sönnuðust hjá yfirvaldinu, kaupmönnum eða almúganum, þá skyldi þeir svara sektum eftir lögum, »en hvar lífsnauðsyn liggur við, mun nauðsyn þiggja leyfi, og hlýtur því að gegna heldur en fólkið falli«.[2]) Þrem árum seinna (1640) kom fyrir lögréttuna dómur úr Rangárvallasýslu um lítilsháttar kaup við Englendinga á skinnstökkum og öðrum munum, sem eigi máttu heita kaupmannsvara, og var því skotið til vægðar háyfirvaldsins. Með dómi þessum fylgdi bænarskrá undan Eyjafjöllunum um þá nauðsyn bænda, að þeir yrði að leita verzlunar við Englendinga sér til bjargar og það oft með lífshættu vegna brims og illviðra. »Hvar uppá lögmenn svo andsvöruðu, að slíkum háum nauðsynjum beri vægðarsamlega að álítast, og óskuðu ásamt allri lögréttunni, að höfuðsmaður vildi vera þar um mildur meðalgangari hjá konunginum«.[3]) Vorið 1644 komu tvö skip í Hafnarfjörð, hollenzk að sögn, og vildu fá að kaupa við landsmenn. Var þá ófriður með Svíum og Dönum og lítið um siglingar. Sendi umboðsmaðurinn eða fógetinn á Bessastöðum eftir Árna lögmanni til skrafs og ráðagerða um þetta mál, og réðist það af, að bönnuð voru kaup við þá. Sigldu þeir síðan á viku

1) Alþb. 1637 nr. 11.
2) Alþb. 1637 nr. 30.
3) Alþb. 1640 nr. 9.

fresti vestur undir Jökul og verzluðu þar.[1]) Vildi fógetinn láta taka hart á þessu og bauð Sigurði Jónssyni sýslumanni Snæfellinga að sækja málið til sekta. En lögmenn og lögréttan litu öðrum augum á þetta. »Virðist lögmönnum ei til sekta fallið að svo komnu«, segir í Alþingisbókinni, »þó sökum stórra nauðsynja almúgans hafi liðið verið að kaupa messuvín til kirknanna, einnig færi, með því Sigurður auglýsir sig forboðið hafa kaupmannsins vöru í burt að selja Kompagníinu til skaða, þar með fullkomlega sig afsakar, að hann hafi eigi leyft, heldur forboðið við framandi þjóðir að kaupslaga mót Kgl. Maj. bréfi. En skuli hér nokkuð framar umtalað verða, þá setjist þessi nauðsyn til Kgl. Maj. náðar með vorri auðmjúkri umlíðunarbæn«.[2]) Umboðsmaðurinn hefur þó víst eigi verið sem ánægðastur með þessa úrlausn, því árið eftir gerði hann fyrirspurn um það í lögréttu, hvernig hann ætti að fara með þá bændur í Gullbringusýslu, er kynni að verða uppvísir að launverzlun. Beiddist hann skýrari úrskurðar en hann hefði fengið í lögréttu sumarið áður á því, hvort hann ætti að sækja þá til sektar eða ekki. Hann græddi þó lítið á þessu, því svarið, sem hann fekk, var á þessa leið: »Uppá þá fyrstu grein í þessu bréfi gáfu lögmennirnir báðir ásamt lögréttunni það svar, að þeir afsögðu að gera Kgl. Maj. nokkra óhlýðni, en vildu í guðs trausti voga að setja til konglegrar náðar um höndlan Íslenzkra við þær framandi nationir, eftir því Kompagníisins þénarar eru ekki í tíma til landsins komnir (og landsins nauðsyn kunni að fást), svo landið megi þar af baga hafa. Þó vér í engan máta leyfum kaupskap við aðrar framandi nationir, þá mun þó samt líðun verða að vera í slíkum nauðsynjum um það sem auðsýnilegt er, að sérhver muni helzt við þurft hafa af því, sem í takstanum stendur, með því hér er og engum tiltalað úr Gullbringu-

1) Smbr. Skarðsárann.
2) Alþb. 1644 nr. 17.

sýslu, að ónauðsynlega vöru keypt hafi«.[1]) Það er auðsætt af þessu svari, að lögmenn og lögréttan hafa farið undan í flæmingi og viljað láta öll slík mál standa til vægðar, enda veitti ekki af að einhver héldi í við fógetana, því hefðu þeir mátt ráða, þá hefði margur orðið hart úti.

Þessi afstaða lögmanna og lögréttunnar var í sjálfu sér mjög eðlileg, því siglingum Dana var svo háttað um þær mundir, að til vandræða horfði oft og einatt með aðflutninga. Hins vegar var örmull af enskum og hollenzkum fiskiduggum á sveimi umhverfis landið, sem buðu góð og hagstæð kaup, svo að freistingin var ekki lítil. Árið sama, sem þeir lögmennirnir kváðu upp þennan úrskurð sinn, komu Hollendingar víða fyrir þing til kaupskapar, en ekkert skip úr Danmörku fyr en seint um haustið vegna ófriðar, og sleit þau flest frá landinu aftur sakir illviðra. Öllum vestanskipunum, 6 að tölu, hlektist á og fórust flest þeirra, svo að ástandið hefði orðið næsta bágborið, ef engin duggaraverzlun hefði átt sér stað.[2]) En kaupmenn lilu öðrum augum en landsmenn á þetta mál. Kærðu þeir enn þá einu sinni verzlun Hollendinga fyrir konungi og kváðu þá hafa sneytt svo um fyrir sér á íslenzku höfnunum þá um sumarið, að lítið hefði orðið eftir af íslenzkum varningi handa þeim sjálfum, svo að skip þeirra hefði sum orðið að liggja eftir í höfnum á Íslandi, en sum hefði snúið heim aftur með lítinn farm. Hefði og Hollendingar haft orð á því, að þeir mundu halda þessari verzlun sinni áfram. Konungur fal erindreka sínum í Hollandi, Martin Tanche, með bréfi dags. 7. jan. 1646, að ganga í þetta mál við hollenzku stjórnina og gera kröfur til skaðabóta fyrir hönd verzlunarfélagsins. Auk þess átti hann í nafni konungs að krefjast þess af stjórninni, að hún efndi margítrekuð loforð sín og bannaði

---

1) Alþb. 1645. nr. 15.
2) Smbr. Skarðsárann. og Ballarárann. (J. Sig. 235, 4to).

Hollendingum þessa ólögmætu verzlun á Íslandi.[1]) Það er víst enginn vafi á því, að hollenzka stjórnin hefur haft góð svör um þetta eins og að undanförnu, en um efndirnar hefur víst farið líkt og áður, þó að eitthvað kunni að hafa sljákkað í bili. Að minsta kosti var sendiboði Danakonungs í Hollandi, Peter Kock, enn að klifa á þessu við hollenzku stjórnina árið 1648 og fekk þá að venju góðar undirtektir og loforð um, að málið skyldi rannsakað.[2]) Árið 1649, eiðatökusumarið, kom höfuðsmaður út á tveim varnarskipum og tvö önnur komu með enskum duggum, sem þá voru nær 60 fyrir vestan land.[3]) Var því hreyft af landsmanna hálfu í sambandi við hyllingareiðana þá um sumarið, að þeir mætti »höndla og kaupa við kristnar þjóðir í sinni nauðsyn og skifti við þær hafa að sektalausu«,[4]) en það fekst eigi, svo að öll mök þeirra við útlendinga urðu að fara mjög dult hér eftir sem hingað til. Árið 1650 komu Englendingar mjög víða á hafnir og voru þá 140 enskar duggur fyrir Vestfjörðum, svo að geta má nærri, að landsmönnum hefur leikið hugur á að ná til þeirra, þar sem verzlun kaupmanna þótti með versta móti það sumar.[5]) Hafa þeir og sjálfsagt átt mök saman að vanda, því haustið 1651 ritaði konungur höfuðsmanni og bað hann segja álit sitt um, hvernig auðveldast mundi að afstýra þessari launverzlun.[6]) Höfuðsmaður svaraði þessu bréflega 16. des. og benti á ýmsar ráðstafanir, sem gera mætti til þess að draga úr þessari launverzlun eða afstýra henni með öllu. Aðalskilyrðið taldi hann það, að verzlunarfélaginu væri þröngvað til að flytja nægan og góðan varning til landsins og selja hann prettalaust eftir kaupsetningunni. Áleit hann réttast, að forstöðumenn fé-

1) D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 2. (Rskjs.)
2) Smbr. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 2 (Rskjs.)
3) Smbr. Vatnsfjarðarann. hinn eldri (J. Sig. 39 fol.)
4) Smbr. Hyllingarskjöl Íslendinga 1649. Rvík 1914. Bls. 56.
5) Smbr. Vatnsfjarðarann. hinn eldri (J. Sig. 39 fol.) og Seiluannál (Lbs 1210, 4to).
6) Smbr. Kgsbr. 20. nóv. 1651. M. Ket. III, 42—43.

lagsins önnuðust sjálfir öll innkaup á útlenzkum varningi og væri þar af leiðandi sjálfir látnir sæta ábyrgð, ef Íslendingar gæti fært sönnur á, að eitthvað væri aðfinsluvert í því efni. Í annan stað vildi hann láta skylda félagið til að kaupa upp á hverju ári allan þann ósvikinn íslenzkan varning, sem landsmenn hefði á boðstólum, svo að menn væri eigi hér eftir gerðir afturreka með allmikinn hluta afurða sinna vegna skipaeklu, eins og oft hefði við gengist að undanförnu. Með þessu móti áleit hann að takast mætti að koma í veg fyrir óánægju og aðfinslur af Íslendinga hálfu, og mundu þeir upp frá því eigi finna hvöt hjá sér til að leita viðskifta við duggarana, eða að minsta kosti eigi hafa neina átyllu til þess. En ofan á þetta vildi hann, að tekið væri fyrir þá venju, að ráða útlenzka sjómenn á skip verzlunarfélagsins, því þeir hefði oft og einatt launmök við landsmenn og gerði samning við þá um kaup á fiski og öðrum íslenzkum varningi fyrir hönd lagsbræðra sinna erlendis. Skytist svo þessir útlenzku duggarar inn á hafnirnar snemma á vorin til þess að sækja varninginn, áður en skip verzlunarfélagsins kæmi út, og spilti markaðinum í Hollandi og víðar fyrir kaupmönnum. Taldi hann líklegt, að ráða mætti bót á þessu með því að skipa svo fyrir, að allar skipshafnir félagsins skyldi vera búsettar í Kaupmannahöfn. Að lokum vildi hann láta banna Íslendingum stranglega alla launverzlun, þegar búið væri með þessum ráðstöfunum að tryggja þeim sæmileg verzlunarkjör, og senda árlega varnarskip til Íslands til þess að hafa gát á duggurunum.[1])

Þessar tillögur höfuðsmanns voru yfirleitt mjög skynsamlegar, því þær stefndu að því að uppræta þau mein, sem gefið höfðu tilefni til launverzlunarinnar. En þær fengu því miður litla áheyrn hjá konungi og enn þá minni hjá kaupmönnum sjálfum. Héldu Íslendingar því áfram þessum launmökum sínum við duggarana, og fóru

1) D. Kanc. Isl. vedkommende Nr. 116 (Rskjs.) Eftirrit J. Sig. 374, 4to.

þau meira að segja mjög í vöxt á næstu árum, enda var þá oft lítið um siglingar af Dana hálfu sakir ófriðar, eða þá að skipin komu ekki fyr en að áliðnu sumri, svo að landsmenn voru oft í hinum mesta vanda staddir um nauðsynjar sínar. Í svari Árna lögmanns Oddssonar 7. ág. 1658 við konungsbréfi frá sama ári um afnám hundraðskaupsins og aðrar breytingar á kaupsetningunni er vikið að þessari siglingateppu og kvartað yfir því, að kaupmenn komist ekki í tæka tíð til landsins, »svo þar fyrir neyðumst vér við aðkomandi kristnar þjóðir að höndla, hvað vér í engan máta gerum í óhlýðni móti yfirvaldinu, heldur þrengjandi nauðsynja vegna, þá landið forsorgast ekki af þeim, sem það hafa tekið, til ásetts tíma«.[1]) Árið eftir (1659) kom ekkert danskt skip til Íslands sakir ófriðar við Svía, en síðla sumars kom eitt skip á Akureyri og var það gert út frá Hamborg. Aftur á móti komu það ár svo mörg skip frá Hollandi syðra og vestra, að menn vissu eigi slíks dæmi, og keyptu þar allmargir við þá.[2]) Ýtti það og talsvert undir þessa launverzlun, að útlenzkum duggurum fjölgaði mjög hér við land á þeim árunum og fóru þeir á bátum sínum víða um fjörðu, einkum vestra, þar sem þeir höfðu aldrei fyr komið.[3]) Höfðu landsmenn mikil og margvísleg mök við þá þegar hér var komið sögunni, og fór að öllum jafnaði vel á með þeim, sem ráða má af því meðal annars, að Magnús Jónsson sýslum. í Haga á Barðaströnd gerði ráð fyrir því í bréfi til Brynjólfs biskups 11. jan. 1653, að fara sjálfur vestur í Tálknafjörð þá um vorið og leita eftir, hvort eigi yrði svo um talað fyrir Englendingum, sem lágu þar oft í norðanveðrum, að þeir gæfi eitt dalsvirði af hverju skipi til spítalanna. Vildi hann auk þess láta gera út menn til að sitja fyrir þeim í Arnarfirði,

1) Alþb. 1659 nr. 1.
2) Smbr. Vallholtsannál (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to) og Ballarárannál (J. Sig. 235, 4to).
3) Smbr. Feðgaannál við árið 1650 (Bmfél. 15 fol.) Eftirrit Lbs. 1683, 4to.

Dýrafirði og Súgandafirði í sömu erindum.[1]) Ber þetta vott um sæmilegt traust og góða kynningu, hvort sem nokkuð hefur úr því orðið eða ekki. Þessar duggur þeirra komu oftast út í einum flota fyrir krossmessu á vorin, og var að jafnaði eitt herskip í för með þeim, sem fór um hæl til Englands ef friður var, en kom svo aftur í ágústmánuði til að fylgja þeim heim. Skyldi allar duggur fyrir vestan komnar á Dýrafjörð á Lafrantzmessu (10. ág.), en á Loðmundarfjörð þær, sem fyrir austan voru, og bíða þar leiðsagnar. Með þessum duggum komu hingað árlega nokkrir menn til verzlunar með enska vöru, *góð klæði, kersey (késsu), salún, ábreiður, línvefnað, hnífa, skæri, tinverk* (tinföt, tinskerdiska, tinbrikkur)[2]) og annnað fleira. Höfðu þeir aðalbækistöð sína í *Beruvík* undir Jökli, en lágu við í Neshreppi á sumrum og seldu fyrir prjónles, vaðmál og fisk, einkum »krónulöngur« svo kallaðar, og oftast með góðu verði. Sumir fóru upp um sveitir með vöru sína, jafnvel norður að Hólum, austur í Skálholt og til alþingis, en voru komnir með alt sitt til Beruvíkur þegar duggurnar komu að vestan og stigu þar á skipsfjöl. Voru þessir Englendingar mörgum góðum mönnum vel kunnir hér á landi og lítur út fyrir, að enginn hafi amast við þeim meðan siglingateppan var sem mest.[3]) Af ýmsum atvikum virðist mega ráða, að þessir útlenzku duggarar, bæði enskir og hollenzkir, hafi haft umboðsmenn fyrir sig í sveitunum og falið þeim varning sinn til útsölu á vetrum, þó að slíkt væri ekki alveg áhættulaust fyrir hlutaðeigandi umboðsmenn, einkum eftir að siglingar Dana komust í lag að nýju. Hinn 19. apríl 1662 beiddist Magnús Jónsson álita um það á manntalsþingi að Tungu í Örlygshöfn, »hvort það væri líðanlegt, að nokkur landsins innbyggjari hér innan sýslu skyldi taka nokkra vöru til verzlunar af Hollenzkum eður öðrum framandi þjóðum«.

1) Lbs. 1077, 4to. Bls. 283.
2) Smbr. Bréfab. Brynjólfs bisk. (Lbs. 1083, 4to bls. 576 og 1087, 4to bls. 20).
3) Smbr. Biskupasögur Jóns prófs. Haldórssonar I, 294 nm.

Nefndi Eggert Björnsson sýslum. dóm um þetta og var það úrskurður dómsmanna, »að enginn í þeirri sýslu (Barðastrandarsýslu) skyldi dirfast að taka nokkra vöru til verzlunar af nokkrum þeim þjóðum, sem ei hafa konungs leyfi til höndlunar eða kaupskapar hér á landi, en verði nokkrir að því kunnir og sannreyndir, síðan að venjuleg sigling af Danmörk hefur upp aftur tekist, þá dæmum vér þá sömu seka 8 mörkum í bréfabrot«.[1])

Af þessum umræddu mökum við ensku duggarana leiddi það eitt með öðru, að Íslendingar bundu sumir lag sitt við þá til fullnustu, réðust til ferðar með þeim og ráku verzlun í félagt við þá eða á vegum þeirra. Voru þeir erlendis á vetrum og oftast búsettir í Yarmouth, en sigldu hingað á vorin og fóru um sveitir á sumrum með vöru sína, eins og Englendingar gerðu sjálfir. Höfðu þeir margt á boðstólum, sem einokunarkaupmenn fluttu ekki, og græddu drjúgum fé.[2]) Skal hér að eins getið fárra, sem voru í förum til Englands fyrir og eftir miðja öldina og ráku slíka launverzlun. Er þar fyrstan að telja *Eirík Þorgrímsson*, sem einnig var nefndur *Eiríkur sterki* eða *Eiríkur Grímason*. Faðir hans var byssuskytta á Bessastöðum og danskur að ætt, en móðirin íslenzk. Eiríkur var skólagenginn, en fór til Englands, kvongaðist þar og rak hér varningssölu út um sveitir milli 1630 og 1640 og hefur líklega dáið í Englandi. Hann átti son, er Vilhjálmur hét. Var hann um hríð í Hólaskóla, en hætti námi og hefur líklega flækst til Englands.[3]) Þá má telja *Þórarinn Oddsson* úr Austfjörðum, sem átti í þjarkinu við Evert Rechel í kring um 1650.[4]) Hann fór til Englands og hafði út með sér enskan varning, en engar sönnur eru fyrir því, að hann ræki verzlun með hann, þó að eflaust væri það

---

1) Smbr. Þingbók Eggerts Björnssonar á Skarði 1661—1662 (Þjskjs.)

2) Biskupasögur Jóns prófessors Halldórssonar I, 294—295 nm.

3) Eftir upplýsingum, sem Hannes Þorsteinsson skjalavörður hefur góðfúslega látið mér í té.

4) Smbr. hér að framan bls. 526--527.

tilgangurinn í öndverðu. Enn má geta tveggja manna norðlenzkra að ætt, *Bjarna Hallgrimssonar* og *Sigurðar Ingimundarsonar*. Voru þeir báðir búsettir í Yarmouth, en komu hingað árlega til varningssölu og höfðu mikil mök við suma helztu menn hér á landi. Bjarni hefur fyrst siglt í kring um 1642, að því er ráða má af alþingisbókunum, því þá leitaði umboðsmaðurinn á Bessastöðum álits lögmanna og lögréttunnar um það, hvort hann skyldi sekur eða eigi fyrir að hafa siglt með Englendingum, en þeir kváðust eigi vita það konungsbréf, sem fyrirbjóði frjálsum manni að sigla út af landinu þangað sem vilji í kristin lönd, þegar það sé hvorki gert á móti kongsins vilja né landinu til skaða, og þóttust því eigi kunna að dæma sektir á þessu.[1]) Upp frá því hefur Bjarni vafalaust verið í förum með Englendingum, því hann staðfesti ráð sitt þar í landi og var af Englendingum kallaður *Harrison* að því er segir í bréfabókum Brynjólfs biskups. Hefur hann rekið talsverða launverzlun hér á landi um og eftir 1660, og var það látið afskiftalaust að því er virðist, því að annars hefði Brynjólfur biskup varla átt eins mikil mök við hann eins og hann gerði. Það auðsætt, að Bjarni hefur verið maður vel metinn, því að biskup fal honum Haldór son sinn á hendur þegar hann sendi hann til Englands, og á hans vegum og ekkju hans var Haldór í Yarmouth þangað til hann andaðist. Bjarni andaðist sjálfur erlendis árið 1664 og var að sögn grafinn í Skotlandi.[2]) Sigurður Ingimundarson var einnig í kunnleikum við Brynjólf biskup og var milligöngumaður milli þeirra feðganna eftir að Bjarni andaðist, og eins hefur hann verið bréfberi Gísla biskups Þorlákssonar í bréfaviðskiftum hans við enskan prest, Henrik Julian.[3]) Englendingar kölluðu hann *Simond Ingram*. Riðu þeir félagar hvert sumar til Skálholts, og síðast flutti Sigurður hingað klæðnað og dót

1) Alþb. 1642 nr. 10.
2) Smbr. Valholtsannál (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to).
3) Smbr. Bréfab. Gísla bisk. Þorlákssonar. Bls. 64 (Þjskjs.)

Haldórs biskupssonar eftir að hann var látinn, en grafletrið út aftur og lét gera legstein hans eftir fyrirsögn biskupsins.[1])

Alveg sama máli var að gegna um Hollendinga. Þeir ráku hér einnig launverzlun um þessar mundir, sem fyr segir, og þó á margra vitorði. Höfðu þeir aðalbækistöð sína í *Bjarneyjum* á Breiðafirði, en voru einnig tíðir gestir í Flatey og víðar. Voru Íslendingar þeim handgengnir engu síður en Englendingum, réðust oft og einatt til ferðar með þeim og félags við þá og tóku sér bólfestu í Hollandi. Einn hinn fyrsti þeirra, svo getið sé, var *Einar Þórðarson* frá Tjaldanesi og gerðist hann skipherra í Hollandi.[2]) Hann kom á Hollandsfari til Bátsanda 1645 og rak þar verzlun[3]) og á Flateyjarhöfn 1661.[4]) Þá má telja *Guðmund Steindórsson*, son Steindórs sýslum. Finnssonar á Ingjaldshóli. Hann fór utan á unga aldri til Hollands og dvaldist þar um hríð, en kom svo út aftur og gerðist kaupmaður eða »kramari« Hollendinga í Bjarneyjum. Þar var hann að minsta kosti 1660—1663 og margir hollenzkir menn með honum.[5]) Var hann síðan um hríð sýslumaður Húnvetninga, en fór að lokum til átthaga sinna á Snæfellsnesi.[6]) Bróðir hans var *Þórður Steindórsson* á Ingjaldshóli, sem getið er hér að framan.[7]) Hann sigldi einnig á unga aldri til Hollands og Englands og er eigi ósennilegt, að sú »stóra kauphöndlun«, sem hann á að hafa rekið á Snæfellsnesinu seinna meir, hafi í raun réttri verið launverzlun með enskan og hollenzkan varning.[8]) Enginn Íslendingur var þó jafnmikið flæktur við hollenzka launverzlun

1) Lbs. 1083, 4to Bls. 170—173 og 576—580. Lbs. 1084, 4to Bls. 755—758. Lbs. 1087, 4to Bls. 14—15 og 141—144. Smbr. Biskupasögur Jóns próf. Haldórssonar I, 294.

2) Sýsl. II, 644.

3) Skarðsárann.

4) Ballarárannáll (J. Sig. 235, 4to).

5) Smbr. Bréfab. Eggerts Björnssonar á Skarði 1632—1673. Bls. 291. (Þjskjs.)

6) Sýsl. I, 581 og III, 117. Smbr. Bisk. II, 620.

7) Bls. 556.

8) Sýsl. III, 157. Smbr. Bisk. II, 620—621.

sem *Torfi Hákonarson* frá Keldum. Hann fór ungur utan og varð skipherra í Hollandi, og leið þá auðvitað ekki á löngu áður en hann færi að reka launverzlun hér á landi. Árið 1668 kom hann á hollenzku skipi til Þorlákshafnar í sjálfri kauptíðinni og lét Andrés Regelsson Eyrarbakkakaupmaður hefja rannsókn út af því. Sannaðist á nokkra bændur þar í grendinni, að þeir hefði farið út í skipið og verzlað eitthvað lítilsháttar við Torfa, og voru þeir látnir sæta refsingu fyrir, en Torfi sjálfur slapp í það skiftið.[1]) Árið 1671 kom Torfi aftur á hollenzkri duggu á Krossvík á Akranesi. Fór hann þá til fundar við Jón sýslumann Vigfússon á Leirá (Bauka-Jón) frænda sinn og vissi enginn hvað þeim fór á milli. Litlu síðar lét Torfi flytja á land 6 tóbaksrullur og fal þær á hendur manni einum, sem oft geymdi varning fyrir sýslumann, og voru þær síðan fluttar heim að Leirá. En á meðan duggan beið eftir Torfa og Torfi eftir verðinu, komu sendimenn frá Bessastöðum, tóku hann og dugguna og fluttu suður þangað. Var Torfi síðan fluttur upp á alþing og lýsti hann yfir því í lögréttu, að sýslumaður hefði keypt af sér tóbakið. Var það gert upptækt, svo að Torfi varð illa úti, en sýslumaður þó hálfu ver, því hann misti sýsluna. Um sumarið fór Torfi utan aftur og lenti þá í róstum með Þormóði Torfasyni sagnaritara. Tók hann að lokum Kalvínstrú í Hollandi og dó þar af brennivínsdrykkju. Annars fekk Torfi orð fyrir að vera »frómur« maður, en þótti óheppinn með fjárhag sinn.[2]) Það mun einkum hafa verið tóbak, sem hollenzku duggararnir verzluðu með, og þótti það taka fram öðru tóbaki hér á landi. Af bréfi einu til Brynjólfs biskups 31. maí 1675 virðist mega ráða, að þetta duggaratóbak hafi manna á milli verið nefnt *langferðamannstóbak*.[3])

1) Dómabók Jóns Vigfússonar eldra 1666–1677 (Þjskjs.)

2) Sýsl. III, 466 og IV, 269. Smbr. Biskupasögur Jóns próf. Haldórssonar II, 127–128. Torfi er sagður látinn 1685, þegar farið var að grugga aftur upp í tóbaksmálinu. Smbr. Lbs. 101, 4to. Bls. 176–191.

3) Lbs. 1090, 4to. Bls. 759.

Eins og geta má nærri reyndu Danir af fremsta megni að hefta þessi verzlunarmök. Konungur var hvað eftir annað að ámálga það við hollenzku stjórnina, að hún bannaði þegnum sínum launverzlun á Íslandi, eins og vikið er á hér að framan. Árið 1663 gerði hann enn þá einu sinni tilraun til að fá þessu framgengt, og var sendiboði hans í Hollandi, Peter Charisius, að rekast í því við stjórnina þá um vorið og sumarið.[1]) En það hefur víst ekki borið mikinn ávöxt fremur en endranær, og hið sama mun hafa orðið uppi á teningnum við Englendinga. Einasta ráðið til að halda duggurunum í skefjum var að beita valdi við þá og sýna þeim í tvo heimana. Þegar höfuðsmaður var á ferðinni um þær mundir, kom hann oftast út á týgjuðu varnarskipi og hremdi þá stundum útlenzkar duggur, er staðnar voru að fiskiveiðum í landhelgi eða launverzlun.[2]) En þetta gagnaði eigi til lengdar, því höfuðsmaður var sjaldan á ferðinni, og þótt konungur endur og sinn þess utan sendi varnarskip út hingað þegar ófriður var í hafi, þá hafði hann samt yfirleitt annað við herskip sín að gera, en að senda þau til strandvarna og eftirlits á Íslandi. Kom það því til orða oftar en einu sinni, að kaupmenn tæki sjálfir að sér strandvarnir á Íslandi. Þannig hafði íslenzka verzlunarfélagið eftir beiðni sinni fengið leyfi til þess 15. febr. 1652, að gera út herskip til Íslands í því skyni.[3]) Og þegar aðalútgerðarmennirnir tóku við íslenzku verzluninni, fóru þeir þess á leit við konung, að þeir mætti halda úti herskipi við Ísland til þess að verja einokunarréttindi sín, svo að þeir gæti verið öruggir um, að landsmenn ræki ekki verzlun við erlendar þjóðir. Leyfði konungur það með bréfi sínu 10. apr. 1662.[4]) En með því að í þessum nýja félagsskap voru

1) Smbr. 7 skýrslur frá honum þar að lútandi, dags. $^{11}/_{1}$ maí, $^{15}/_{5}$ maí, $^{25}/_{15}$ maí, 8. júní st. novi, $^{11}/_{1}$ júní, $^{15}/_{5}$ júní, $^{29}/_{19}$ júní 1663, og bréf hans til hollenzku stjórnarinnar dags. 8. júní 1663. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 2 (Rskjs.)

2) Smbr. Kgsbr. 6. okt. 1654. M. Ket. III, 57.

3) M. Ket. III, 43.

4) M. Ket. III, 94—95. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 265—266.

sumir af helztu vildarmönnum konungs, svo sem Hans Nansen og Henrik Müller, þá var reynt að koma því svo fyrir, að kostnaðurinn af þessari varðskipsútgerð lenti á öðrum, en félagið hefði þó skipið engu að síður. Var það til bragðs tekið, að reyna að koma þessum kostnaði yfir á Íslendinga, og átti það að heita svo, að hér væri um varnarskip að ræða til að vernda landið og landsmenn fyrir Tyrkjum og öðrum sjóræningjum. Var ætlast til þess, að landsmenn kostuðu það af samlagsfé eftir tiltölu og efnahag. Þetta var síðasta málefnið, sem Bjelke bar upp að þinglausnum á Kópavogi, þegar erfðahyllingin fór fram. Tóku menn heldur dræmt í það og voru ekki skjótir til svars, sem eigi var heldur við að búast, því hér var í rauninni verið að mælast til þess, að landsmenn færi að leggja fram fé til að kosta böðul á sjálfa sig. Árið eftir var þessu enn fram haldið af fógetanum á Bessastöðum, Tómasi Nikulássyni, og málinu þá sérstaklega vikið til prestastéttarinnar. Setti Brynjólfur biskup prestastefnu á Þingvelli 30. júní 1663 til þess meðal annars, að ræða þetta stórnauðsynjamál. Hafði Bjelke skrifað fógetanum og látið þess getið, að Hollendingar og Englendingar hefði gert samband og sáttmála við Tyrkjann þess efnis, að hann mætti fara allra sinna ferða frjáls og óáreittur af þeim, og væri af því stór hætta búin þessu landi, því aldrei mætti vita nær hann kynni að ráðast hingað, eða aðrir í hans nafni, og ræna bæði fólki og fé. Leizt því höfuðsmanni ráð, að landsmenn sjálfir legði á sig skatt, bæði andlegir og veraldlegir, til að kaupa og kosta varnarskip, er væri á ferli umhverfis landið, og mætti þessu framgengt verða, ef tillagið safnaðist fyrir í nokkur ár. Biskup og klerkar hans tóku dauflega í þetta, báru fyrir sig fátækt landsmanna og kváðust ekki vita nema 10 eða 12 menn á öllu landinu, sem ætti eignir til 5 eða 6 þúsund dala að frádregnum skuldum, svo þótt farið væri að safna þessu tillagi, þá mundi það litlu nema og varla meiru en 1—2000 dölum, þó að alt landið játaði þessari

tíund. Kváðust þeir eigi hafa samvizku til að leggja á fátækan almúga »meiri þyngsl en á honum liggja, svo honum leiðist ekki of mjög sín fátækt og ánauðgun og mætti falla í þá freistni, að vera til friðs að vera hertekinn upp á von og æfintýri, því margt er hér út í að varast.« Töldu þeir því landsmönnum ofvaxið að kaupa og kosta varnarskipið, »og sjáum litlu að nær,« segja þeir, »þó eitt orlogsskip komi og leggist hér í hafnir.« Varð sú niðurstaðan, að klerkarnir samþyktu að safna til næsta alþingis 300 dölum í gjöf til höfuðsmannsins, og skyldi miðla landfógetanum af því eftir biskupsins ráði »til að fá hann gunstugan vor mál við hans Excellenz að undirrétta og túlka, því hann má þar útí mikið, auðmjúklega óskandi, að hann vildi afstýra frá þessu landi og vorri stétt öllum óbærilegum nýjungum og uppáfindingum, sem einn eða annar vorri fátækt ókunnugur eður ógunstugur kann eður vill uppþenkja oss til óbærilegs skaða og útörmunar.« Þeim hugkvæmdist með öðrum orðum það snjallræði, að múta höfuðsmanni og fógeta til að afstýra þessari fyrirætlan, og hið sama varð uppi á teningnum hjá leikmönnum, enda var eigi framar á skipið minst.[1])

Þegar kaupmönnum brást þetta snjallræði og landsmenn reyndust ófáanlegir til að taka þátt í útgerðarkostnaði varðskipsins, var það til bragðs tekið að vopna kaupförin sem bezt, svo að þau gæti sjálf eltst við duggarana, enda var kaupmönnum heimilað í verzlunarskilmálunum (6. gr.) að taka með valdi alla launverzlunarþrjóta, skip þeirra og góz og kveðja sýslumenn til aðstoðar, ef á þyrfti að halda, en hirða sjálfir þriðjung upptektarfjár.[2]) Hafði þetta raunar lengi viðgengist og urðu þessi vopnuðu kaupför oft og einatt fengsælli en herskipin, því duggararnir vöruðust þau síður. Þannig hafði Hafnarfjarðarskip tekið 3 hollenzkar duggur vestur undir Jökli

1) Lbs. 101, 4to. Bls. 301—305. Alþb. 1663 nr. 29. Smbr. Ríkisrétt. Ísl. Rv. 1908. Bls. 123—125.

2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 279—280.

sumarið 1655, en hin fjórða flýði undan,[1]) og árið 1662 hremdu kaupmenn eina hollenzka duggu að minsta kosti.[2]) Vorið 1671 elti Pétur Norðmaður, er sjálfsagt hefur siglt á vegum aðalútgerðarmannanna, hollenzkan kaupmann með skotum af Álftafirði og um Ísafjarðardjúp, en náði honum ekki.[3]) Sögulegust og afleiðingaríkust var þó viðureign Hans Bladts eða réttara sagt Péturs sonar hans við Englendinga í Beruvík sumarið 1668, enda áttu þeir feðgar um sárt að binda, því enskir víkingar höfðu gert þeim skráveifur í hafi nokkrum árum áður.[4]) Komu enskir duggarar að vanda undir Jökulinn vorið 1668 og hleyptu nokkrum mönnum á land í Beruvík. Höfðu þeir talsvert af varningi meðferðis, brennivín, klæði og tóbak, og fóru að pranga með það til og frá í kring um Jökulinn, en létu talsverðar birgðir eftir hjá kunningjum sínum í Beruvík. Pétur Bladt rak þá verzlun á Stapa og Búðum í umboði föður síns, og mun hann þegar er hann kom út hafa orðið þess áskynja, hvað fram fór þar vestra. Tók hann sig til og fór út í Beruvík 21. júni með skipverjum sínum og verzlunarþjónum og gerði upptækan allan varninginn. Skipaði hann mönnum sínum að halda vörð um gózið, en reið sjálfur út að Ingjaldshóli á fund sýslumanns. Daginn eftir komu Englendingar 8 saman til Beruvíkur og létu allófriðlega. Höfðu þeir bæði sverð og skambyssur á lofti, en Danir stóðu fastir fyrir og þorðu hinir eigi að sækja eftir gózinu í hendur þeim. Dæmdi sýslumaður allan varning þeirra upptækan og var sá úrskurður staðfestur í lögréttu þá um sumarið.[5]) Stundum bar það

---

1) Vallholtsannáll (Lbs. 158, 4to og 1210, 4to).
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 286.
3) Feðgaannáll (Bmfél. 15 fol.) Eftirrit Lbs. 1683, 4to.
4) Smbr. Kgsbr. 20. okt. 1666. Regesta II, 250 (J. Sig. 111, 4to).
5) Skýrsla Bladts. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem 2 Nr. 2 (Rskjs.) Smbr. Alþb. 1668 nr. 16. Fjórum árum seinna kom Pétur Bladt til Lundúnaborgar í verzlunarerindum og var þá óðar kyrsettur í hefndar skyni fyrir aðtektina í Beruvík. Sat hann lengi í haldi og varð að lokum að gangast undir að greiða Englendingum skaðabætur og setja þeim tryggingu fyrir nokkrum þús. dala, svo varningsbirgðirnar hafa hlotið að vera allmiklar. Slapp hann þá úr varðhaldinu og

þó við, að Danir fóru halloka í þessari viðureign við duggarana, eða þá að aðrir komu duggurunum til hjálpar og réttu hluta þeirra. Þannig hremdi Húsavíkurkaupmaður hollenzka duggu sumarið 1680, er hann sigldi inn á höfnina. Hafði hún meðferðis 1200 pör af sokkum, er skipverjar höfðu keypt í Færeyjum, 684 pör af íslenzkum duggarasokkum og vetlingum og 22 álnir af vaðmáli. Tók kaupmaður allan farangur þeirra og seglin af duggunni og læsti inni í hús hjá sér, svo hinir komust hvergi, og urðu þeir að hýrast kyrrir á höfninni og bíða dóms. Rúmum mánuði seinna lögðust 3 hollenzkar hvalaskútur undir Hrísey og komu skipshafnirnar á 6 bátum inn á Húsavík. Voru þeir allir með byssur, lensur og sverð og lögðu þegar að duggunni. Síðan héldu þeir til lands og heimtuðu af kaupmanni allan farangur skipverja og seglin af duggunni, en hann tók því fjarri. Brutu þeir þá upp húsin og höfðu gózið alt á brott með sér að kaupmanni nauðugum, og svo seglin, léttu síðan akkerum og sigldu á brott, en kaupmaður sat eftir með sárt ennið.[1])

Eftir skakkafallið í Beruvík hnignaði mjög duggaraverzlun Englendinga hér við land, enda var sífelt verið að herða á eftirlitinu af Dana hálfu og má svo að orði kveða, að hvert einasta leyfis- og vegabréf til verzlunar eða fiskiveiða, sem út var gefið um þær mundir, væri um leið eins konar víkingsbréf til hernaðar á sjó.[2]) Mest var þó duggaraverzluninni hnekt með kgsbr. 5. maí 1674, því þar var eigi að eins tekið fyrir öll mök af landsmanna hálfu við útlendinga og bannað að flytja menn í land af útlenzkum skipum eða taka sér fari með þeim

---

hélt áfram ferð sinni til Íslands, en á heimleiðinni kom hann aftur við í Englandi og gengu þá ábyrgðarmennirnir að honum og kröfðust greiðslu á tryggingarupphæðinni. Varð allmikil rekistefna út af þessu á milli rikisstjórnanna. Smbr. O. Nielsen: København 1660–1699. Bls. 126.

1) Smbr. Kæruskjal Henr. Müllers dags. 4. febr. 1681. D. Kanc. Isl. & Færö. Supplem. 2 Nr. 2 (Rskjs.)

2) Smbr. t. d. Leyfisbr. Otta Axelssonar 21. maí 1668 og 15. marz 1669 og Paul Baasleds 12. marz 1672. M. Ket. III, 133–134, 150 og 261. Lovsaml. for Isl. I, 322–323, 325 og 336.

án þess að hafa vegabréf, heldur einnig hert mjög á öllum refsingum þar að lútandi og látið varða búslóðarmissi að eiga kaup við útlendinga eða við Íslendinga, sem hefði enskan og hollenzkan varning á boðstólum.[1]) Og einokunarkaupmennirnir sáu um það, að þessu bréfi væri framfylgt af ítrasta megni. Þannig voru t. d. 14 menn á Suðurnesjum dregnir fyrir lög og dóm vorið 1676 út af verzlun við hollenzka duggara. Voru þeir allir dæmdir í bréfabrotssektir og gózið upptækt konungi til handa, en af orðalaginu er það auðsætt, að dómendurnir búast hálft í hverju við því, að háyfirvaldinu kunni að þykja dómurinn of vægur.[2]) Árið eftir var Aroni nokkrum Bjarnasyni dreift við það, að hann hefði flutt til lands af sumarfiskimiðum enskan mann, Samuel Banfeld, og farangur hans og lagt upp í Brandshólma í Hagavaðli. Hafði sýslumaður dæmt bréfabrot á þessum flutningi, en flutningsmennirnir vændust þess fyrir dómi, að Samuel hefði þózt hafa bréf frá Englandi til Björns Gíslasonar sýslumanns, og reyndist það satt, svo að málið þótti standa til vægðar. Aftur á móti varð annar maður verr úti, sem hafði flutt farangur Englendingsins úr Bjarneyjum og upp á Barðaströnd og síðan vísað Hollendingum leið inn á Flateyjarhöfn, því honum var dæmd stórhýðing og hefði vafalaust mist búslóð sína, ef nokkur hefði verið.[3]) Eins og geta má nærri léku menn sér ekki að því hér eftir að verzla við útlenzka duggara, heldur gerðu það venjulega að eins í ítrustu nauðsyn og var þó eigi æfinlega litið á það. Þannig átti Páll Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, einhverju sinni tal við fógetann á alþingi og ræddu þeir einslega um verzlunarhagina. Var þá sýslumaður svo óforsjáll að kannast við það, að hann hefði fyrir kauptíð vorið 1678 keypt nokkur færi af enskum duggara fyrir prjónles, sem ógilt hefði verið í kaupstað, og bar það

1) M. Ket. III, 176—177. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 354—355.
2) Alþb. 1676 nr. 49.
3) Alþb. 1677 nr. 14—15.

fyrir sig, að skip hans hefði annars orðið að standa uppi um vertíðina. Fógetinn lét þegar taka málið fyrir og hlýddi eigi, þótt sýslumaður leiddi votta að því, að hann hefði gert þetta í brýnustu nauðsyn. Var honum dæmdur búslóðarmissir, en skotið þó til konungs náðar vegna þessara stórnauðsynja, og var það seinna tekið til greina.[1]) Árið 1680 voru tveir menn í Arnarfirði dæmdir til að missa búslóð sína eða þola húðlátsrefsingu fyrir lítilsháttar verzlun við Hollendinga í brýnni þörf, og sömu útreið fekk Einar nokkur Guðmundsson í Snæfellssýslu árið 1683 fyrir kaup á 2 pundum af tóbaki og 3 álnum af lérefti.[2])

Með einokunarskilmálunum 29. jan. 1684 og kaupsetningunni frá sama ári var enn hert á refsingarákvæðunum og jafnframt gengið miklu harðar en áður eftir sökum og sektum. Mun hinn nýji landfógeti hafa talið það eitt af aðalhlutverkum sínum, að sporna við launverzlun af hálfu landsmanna og þýða alla lagastafi sem freklegast kaupmönnum í vil. Var nú eigi um annað að ræða en búslóðarmissi, hýðingu og þrælkun fyrir hverja smáyfirsjón í þessum málum[3]) og jafnvel fyrir utanför með duggurum.[4]) Vorið 1689 fanst hestur með klyfjum norður á Borgarsandi í Skagafirði, sem eitthvað þótti grunsamt við, og þorði enginn að gangast við gózinu, en hestinn átti Oddur Jónsson digri, klausturhaldari á Reynistað. Vann hann undanfærslueið um gózið og hafði þá málið staðið í 3 ár samfleytt.[5]) Þá varð og Bauka-Jón heldur illa úti fyrir verzlunarbrask sitt eftir að hann var seztur að biskupsstóli á Hólum. Kærðu kaupmenn hann erlendis fyrir okur-

---

1) Alþb. 1680 nr. 34. M. Ket. III, 190. Smbr. Skjal um verzlun frá lokum 18. aldar. Lbs. 740, 4to.

2) Alþb. 1680 nr. 43 og 1683 nr. 23.

3) Smbr. t. d. Alþb. 1685 nr. 16 og 44. Þess er getið í skjali einu frá lokum 18. aldar, að tveir menn úr Vestfjörðum hafi um þessar mundir verið dæmdir í æfilanga þrælkun á Brimarhólmi fyrir kaup á hálfri alin af késsu (Lbs. 740, 4to).

4) Smbr. Alþb. 1684 nr. 27, 1685 nr. 17 og 1686 nr. 49.

5) Alþb. 1689 nr. 19, 1690 nr. 6 og 1691 nr. 36.

sölu á tóbaki og kramvöru, launverzlun við Hollendinga o. fl. og riðu þeir amtmaður og landfógeti norður í Skagafjörð sumarið 1688 til að rannsaka málið. Kom þá upp úr dúrnum, að biskup hafði gert ýmsa menn af sinni hálfu til kaupskapar við hollenzka duggara og lögðu þeir fram bréf og önnur skilríki því til styrkingar.[1]) Varð hin mesta rekistefna út af þessu og biskup dæmdur í gröfinni í sektir miklar, en Þórður sonur hans fekk þeim dómi hrundið að lokum fyrir hæstarétti. Þrátt fyrir alt varð þó eigi tekið fyrir launverzlunina, einkum á afskektum höfnum, og voru jafnvel íslenzkir kramarar að því staðnir, að reka launverzlun til muna, þó að annars væri þeir flestir úr sögunni um þær mundir. Árið 1692 kvörtuðu Reykjarfjarðar- og Skagastrandarkaupmenn yfir því, að þeir hefði í nokkur umliðin ár beðið mikið tjón af launverzlun og ásælni útlenzkra duggara, og hefði þeir stundum saknað vörubirgða úr húsum sínum á vorin, án þess þó að þeir þyrði að fullyrða, hvort það væri af völdum útlendinga eða Íslendinga. En hitt væri áreiðanlegt, að erlendir duggarar væri stöðugt á sveimi þar um slóðir og ræki mikla launverzlun við landsmenn. Einkum hefði verið mikil brögð að þessu síðastliðið ár (1691). Hefði þá íslenzkur maður, *Pétur Jónsson*, er búsettur var í Lundúnaborg, rekið svo mikla launverzlun á Reykjarfirði snemma um vorið, að eigi hefði verið eftir handa þeim sjálfum nema eitthvað um 50 rd. virði af íslenzkum varningi þegar skip þeirra kom á höfnina. Kendu þeir því um, að enginn væri til eftirlits þar í firðinum, því sýslumaður væri búsettur í öðru lögsagnarumdæmi 8 mílur frá Reykjarfirði.[2]) Þessi Pétur Jónsson, sem hér um ræðir, var sonur sr. Jóns Loftssonar í Belgsdal, föðurbróður Jóns biskups Árnasonar, og sést það af þingbókum Snæfellssýslu, að hann hefur á þessu sama ári (1691) rekið talsverða laun-

1) Smbr. Biskupasögur Jóns prófl. Haldórssonar I, 134.
2) J. Sig. 374, 4to. M. Ket. III, 252-253. Smbr. Alþb. 1692 nr. 34.

verzlun á Hjallasandi. Varð allmikil rannsókn og rekistefna út af því á Ingjaldshóli 31. maí og 4. júní 1692, og sannaðist þar um ýmsa menn, að þeir hefði ýmist verzlað við Pétur eða þá tekið af honum enskan varning: brennivín, tóbak, klæði, lóðaröngla o. fl. til geymslu eða sölu, og voru þeir sviftir búslóð sinni allflestir.[1]) Kom Pétur eigi hingað til lands eftir það. Hefur hann vafalaust spurt ófarir þeirra bændanna og ekki viljað stofna fleirum í háska með verzlun sinni, enda þótt hann hefði ráðgert þá um sumarið að koma aftur seinna.[2])

Það er auðsætt af ýmsum gögnum, að duggararnir hafa enn í lok aldarinnar vanið komur sínar á ýmsar hafnir og rekið talsverða launverzlun, þó að miklu minna kveði nú að því en áður. Vorið 1698 kvartar Akureyrarkaupkaupmaður yfir því í bréfi til amtmanns, að »lurendragarar og ófríhöndlarar geri stóran innpass og skaða við Eyjafjörð«, og áminti sýslumaður héraðsbúa »sig frá áðurnefndum ófríhöndlurum að halda, svo framt þeir vildu ei mæta tiltali og straffi, sem er á þeirra búslóð og í járnin á Brimarhólm«.[3]) Getur lítill vafi á því leikið, að Svarfdælir hafi rekið launverzlun við útlenzka duggara um þær mundir, því kaupmaður kvartaði yfir því sumarið eftir, að þeir hefði ekki komið í kaupstað á Akureyri eða keypt þar fyrir eitt fiskvirði í næstliðin 2 ár, en raunar báru Svarfdælir við harðindum og fjárfelli.[4]) Þá varð og talsvert stapp út af lítilfjörlegum verzlunarmökum landsmanna við enska duggu, sem hafði hleypt undan ís inn á Dýrafjörð vorið 1700, og látið varða prælkun og bú-

---

1) Smbr. Dóma- og úrskurðabók Magnúsar lögm. Jónssonar 1690—1692. Bls. 453—459 (Þjskjs.)

2) Hannes Þorsteinsson skjalav. hefur góðfúslega bent mér á ætt Péturs. Annars er sagt frá þessum atvikum í stuttri athugasemd í Prestaæfum Jóns prófs. Halldórssonar (Lbs. 175, 4to).

3) Spjaldhagaþing 25. júlí 1698. Þingbók Eyjafjs. 1694—1699. (Þjskjs.)

4) Þing á Grund í Svarfaðardal 27. júlí 1699. Þingbók Eyjafjs. 1699—1707 (Þjskjs.)

slóðarmissi.[1]) Einnig sannaðist það á nokkra menn í Dritvík og Einarslóni, að þeir hefði þetta sama sumar haft mök við hollenzkan duggara, sem lá þar við land, og selt honum bæði fisk og vaðmál.[2]) Mest brögð voru þó að þessu í Austfjörðum, því útlenzkir duggarar voru þá á ferðinni bæði í Vopnafirði, Reyðarfirði og Berufirði, hnupluðu þar ýmsu úr verzlunarhúsunum og sigldu síðan norður fyrir land og verzluðu með það á norðurhöfnunum.[3]) Eina hollenzka duggu hremdi Reyðarfjarðarkaupmaður sumarið 1700 og hafði hún rekið talsverða launverzlun og fengið allmikið af íslenzkum varningi, en skipstjórinn og nokkrir af mönnum hans struku á land upp þegar færi gafst og biðu eigi dóms. Hafa þeir sjálfsagt náð í hollenzkar duggur og komist utan með þeim, en Danir fóru með herfangið til Kaupmannahafnar.[4]) Út af þessum óskunda og aðtektum risu talsverðir úfar með dönsku og hollenzku stjórninni og var erindreki Hollendinga í Kaupmannahöfn hinn reiðasti og krafðist eigi að eins leiðréttingar og skaðabóta, heldur jafnvel fullrar viðurkenningar á því, að Hollendingum væri frjálst að reka fiskiveiðar eftir vild sinni í Íslandshöfum.[5]) Þetta varð þó eigi til annars en þess, að Danir hertu enn þá meira á eftirlitinu, enda höfðu kaupmenn borið sig upp undan því, að landsmenn seldi útlenzkum duggurum úrvalið úr prjónlesi sínu, en færi með hrakið til kaupmannanna. Var amtmanni boðið með tilsk. 30. apr. 1701 að sjá til þess, að settir væri valinkunnir menn einn eða fleiri til eftirlits og njósna á þeim stöðum, er sýslumenn gæti eigi náð til,[6]) og lét hann eigi segja sér það tvisvar. Bauð hann sýslumönnum á alþingi

---

1) Smbr. Alþb. 1700 nr. 39.

2) Laugarbrekkuþing 19. júlí 1700. Dóma- og þingbók Snæfs. í tíð Magnúsar sýslum. Björnssonar 1697—1706 (Þjskjs.)

3) Smbr. Skjöl Gottrups lögm. frá seinni ferð. Nr. 15 (Lbs. 50 fol.)

4) Svar kaupmanna 29. nóv. 1701 við tillögum Gottrups (Lbs. 91 fol.) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 557—558.

5) Smbr. Danske Saml. 2 R. VI, 71.

6) M. Ket. III, 313—314. Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 559—561.

þá um sumarið að skipa slíka umsjónar- og eftirlitsmenn á afskektum stöðum í sýslum sínum, en andvirði upptækrar vöru skyldi skift að jöfnu milli uppljóstrunarmanna, sýslumanns og fátækra.[1]) Bera þingbækur frá þessu og næstu árum vott um það, að sýslumenn hafa skipað slíka eftirlitsmenn á afskektum höfnum, þar sem einkum mátti búast við heimsókn af útlenzkum duggurum.[2])

Á 17. öldinni urðu Íslendingar stundum fyrir ránum og ójöfnuði af útlenzkum víkingum og veiðimönnum, og voru mest brögð að því á fyrri hluta aldarinnar. Eru sum af ránum þessum svo kunn, að óþarft er að fjölyrða um þau, svo sem glettingar Spánverja á Vestfjörðum og víg þeirra 1615 og Tyrkjaránið 1627. Árið 1614 komu og sjóvíkingar í Vestmannaeyjar. Voru þeir flestir enskir og er sá nefndur Jón Gentleman, er fyrir þeim var. Rændu þeir mörg hús og spiltu mörgu og hjuggu sundur. Miklu fé rændu þeir úr dönsku húsunum, en báru sumt í sjó. Þeir settu og byssur fyrir brjóst mönnum með spotti og hlátri, en drápu þó engan mann. Var þá og rænt kaupfar á Djúpavogi.[3]) Á seinni hluta aldarinnar var þetta miklu sjaldgæfara, en þó urðu talsverð brögð að því sumarið 1767. Komu þá víkingar, enskir eða skozkir (írskir) að menn héldu, í Austfjörðu um þingtímann og rændu 5 bæi. Voru með þeim að sögn tveir menn íslenzkir. Tóku þeir alt fémætt, er þeir fundu, sviftu menn klæðum og sleptu þeim nær nöktum, en spiltu mat. Öllu fé Þorvarðs prests Árnasonar á Klyppstað rændu þeir og sömuleiðis kirkjuna. Gengu þeir 18 á land vopnaðir í Loðmundarfirði og rændu þar duggu, en drápu einn mann. Urðu menn óttaslegnir mjög, sem von var, og flýðu á fjöll og í hella frá sjónum.[4]) Ef til vill hefur þetta staðið eitthvað í sambandi

1) Alþb. 1701 nr. 16.
2) Smbr. t. d. Þingbækur Eyjafjs.
3) Smbr. Árb. Esp. V, 132--133.
4) Árb. Esp. VII, 50. Smbr. Fitjaannál (Lbs. 377, 4to).

við friðslit þau, sem urðu þá með Dönum og Englendingum. Lék sá orðrómur á í Kaupmannahöfn, að Englendingar ætluðu sér eða væri búnir að taka Ísland.[1]) Við bar það og, að útlenzkir duggarar gerðu sig bera í ofríki og ójöfnuði hér á landi, en fremur var það sjaldgæft og kom þá oftast niður á Dönum, því þar var löngum grunt á því góða. Árið 1686 komu tvær hollenzkar duggur á Skagaströnd. Fóru duggararnir í land 20 saman á tveim stórum bátum, rufu þakið á kaupmannsbúðinni og hlóðu báta sína með alls konar varningi, sem nam eitthvað um 2600 rd. að sögn kaupmannsins, en eigi gerðu þeir annað ilt af sér. Íslendingar voru fámennir við og þorðu því eigi að hefjast handa og afstýra ráninu.[2]) Yfirleitt fór vel á með Íslendingum sjálfum og útlenzkum fiskimönnum um þær mundir og vildu þeir fegnir eiga mök saman, eins og ljóst er af því, sem sagt hefur verið hér að framan. Aftur á móti áttu útlenzkir duggarar oft og einatt í brösum saman hér við land, enda var löngum grunt á því góða með þjóðum þeirra erlendis. Árið 1662 stríddust enskir og hollenzkir duggarar á fyrir Vestfjörðum og árið 1667 tóku Hollendingar enskt kræskip hér við land og skutu mönnunum slyppum á land upp. Skiftu þeir sér á bæi vestra þangað til Danir komu og fluttu þá utan.[3]) Árið 1675 börðust Frakkar og Hollendingar norður á Siglufirði og urðu menn óttaslegnir mjög í Fljótum af skothríðinni.[4]) Árið 1690 eltu franskir víkingar frá Dunkirk (Dunkarkar) enska duggara »með ofsa og ógnarlegri skothríð« inn á Norðfjörð, svo að þeir urðu að flýja á land og leita sér skjóls og undanfæris.[5]) Árið 1695 eltu franskir hvalarar

1) Smbr. Fitjaannál (Lbs. 377, 4to) o. fl. annála. Þá um sumarið var Otti Bjelke sendur út hingað á herskipi og átti hann að verja landið og víggirða Bessastaði. Smbr. opið bréf 3. júlí 1667 (M. Ket. III, 125--126. Lovsaml. for Isl. I, 314).

2) Sýsl. I, 589.

3) Feðgaannáll (Bmfél. 15 fol.) Eftirrit Lbs. 1683, 4to.

4) Svarfaðardalsannáll (Lbs. 158, 4to).

5) Alþb. 1691 nr. 4.

hollenzka duggu inn fyrir Reykjanes. Var þá ís mikill um allan Faxaflóa og lagði duggan inn í ísinn upp á líf og dauða og brauzt norður úr, svo að þeir höfðu hennar ekki, en festu sjálfir skip sitt í ísnum og urðu að ganga af því brotnu. Voru þeir 50 saman og stefndu óðfluga inn eftir nesjum og vestur í fjörðu og námu staðar í Tálknafirði. Lá þar skip eitt, sem þeir hugðu vera franskt hvalveiðaskip, og urðu heldur en ekki fegnir. En þegar þeir komu út á skipið, reyndist það hollenzkt, og voru þeim búnar slíkar viðtökur, að enginn þeirra komst lífs af.[1])

Eins og duggaraverzlun Englendinga hafði hnignað mjög við aðtektina í Beruvík árið 1668 og alla þá rekistefnu, sem af henni leiddi, svo hnignaði og launverzlun Hollendinga við erjurnar og þjarkið í lok aldarinnar, sem áður er frá skýrt, enda var nú eftirlitið um hríð miklu strangara en áður á öllum víkum og vogum, jafnvel hinum afskektustu, og var það bein afleiðing af tilskipuninni 30. apr. 1701 og svo hinu, að nú voru eftirlegu- eða vetrarsetumenn á hverju strái til að halda njósnum fyrir um athafnir duggaranna.[2]) Á fyrsta áratugi 18. aldarinnar mun því hafa kveðið mjög lítið að launverzlun útlenzkra duggara hér við land. En eftir að herða tók á ófriðnum mikla, sem þá geisaði um öll Norðurlönd og tálmaði mjög siglingum Dana, fór aftur að brydda á þessari duggaraverzlun. Voru það einkum Hollendingar, sem þá gerðu sig víða heimakomna hér við land. Segir í íslenzkum annálum við árið 1715, að þá hafi komið hollenzk sigling fyrir norðan land nær hálfum mánuði fyrir sumar, »er ekki hafi skeð margt ár«.[3]) Hafa duggararnir upp frá því verið talsvert á sveimi um firði og flóa meðan ófriðurinn geisaði, en þó hvergi nærri eins fjölmennir eins og áður á 17. öldinni, enda voru nú oft og einatt sendar víkinga-

1) Svarfaðardalsannáll (Lbs. 158, 4to).
2) Smbr. Kgsbr. um eftirlegumenn 30. apr. 1701. M. Ket. III, 317. Lovsaml. for Isl. I, 561--562.
3) Svarfaðardalsannáll (Lbs. 158, 4to).

snekkjur til að hremma þá og veiddu þær stundum vel. Vorið 1719 kom í fardögum danskt víkingaskip í Hofsós, er íslenzku kaupmennirnir höfðu gert út, og hitti þar á höfninni þrjár hollenzkar duggur. Skutu þeir í kaf bát með 11 Hollendingum, sem voru á leið til skips, og tóku allar duggurnar og nokkra menn af þeim, en 14 komust undan og gengu slyppir og snauðir út í Fljót. Einn þeirra, sem verið hafði fyrir einni duggunnni, ritaði þegar bróður sínum austur í Eyjafjörð, því hann vissi hans þar von, og fekk hann bréfið á Hólsvík við Upsaströnd. Brá hann skjótt við og sótti landa sína vestur fyrir og sigldi á brott með þá. En víkingarnir hirtu duggurnar með allri áhöfn og héldu sig ríflega af feng sínum. Lágu þeir lengi þar á höfninni og mistu eina dugguna í ofviðri áður en þeir fóru á brott. Síðan héldu þeir vestur með landi til að leita fleiri, en náðu engum og voru þó á sveimi hér við land fram eftir öllu sumri. Árið eftir í maímánuði kom annað víkingaskip danskt á Eyjafjörð og var það sent af kaupmönnum í sömu erindagerðum. Náði það þegar einni duggu inni við Svalbarðsströnd, því hún gætti sín eigi sem skyldi, en þær duggurnar, sem eigi sigldu inn á fjörðinn, gengu úr greipum þeirra.[1]) Þetta sama sumar kom hinn nýji stiftamtmaður, Raben flotaforingi, hingað til lands á herskipi vel búnu með hér um bil 100 manns. Lagði hann sérstaka áherzlu á vígbúnaðinn, svo að hann gæti hreinsað sem bezt til við strendur landsins og skotið þessum launverzlunarþrjótum skelk í bringu, en þeir hafa sjálfsagt haft njósnir úti og gætt sín vel, því enga hremdi hann dugguna. Annars voru víkingasnekkjurnar ekki stórar að jafnaði, heldur að eins hraðskreið skip af venjulegri gerð og stærð eða freklega það, um 100 smálestir að jafnaði með 10—12 manna áhöfn, 4—5 litlum fallbyssum og handvopnum að auki eftir þörfum. Slógu menn sér venjulega saman um að gera þær út,

1) Svarfaðardalsannáll (Lbs. 158, 4to).

annaðhvort hlutaðeigandi einokunarkaupmenn eða aðrir, jafnvel stundum Norðmenn, sem gerðu það auðvitað að eins í gróða skyni, því þeir héldu sjálfir öllu herfangi, þótt þeim væri boðið fyrir síða sakir að fara með það til Bessastaða og láta dæma sér það að lögum. Fengu þeir heimildarbréf (Kaperbrev) til ferðarinnar hjá stiftamtmanni með ítarlegri fyrirsögn um, hvernig þeim bæri að haga sér.[1]) Í bréfi sínu til stjórnarinnar 19. des. 1720 um fyrirhugaðar breytingar á verzlunarskilmálunum lagði stiftamtmaður til, að ýtt væri undir kaupmenn að gera út að staðaldri nokkrar víkingasnekkjur, eina fyrir hverjar 4 eða 5 hafnir, sæmilega búnar að vopnum og verjum, og skyldi þær fara út til Íslands snemma á vorin til þess að sitja fyrir duggurum og verja þeim hafnirnar, en þessi tillaga hans var ekki tekin til greina.[2])

Það voru auðvitað ekki nærri allir duggarar, sem ráku launverzlun, þótt þeir stunduðu fiskiveiðar hér við land. Þannig segir Lauritz Scheving sýslum. í bréfi til stiftamtm. 25. sept. 1721, að nokkrar fiskiduggur hafi þá um vorið komið inn á Eyjafjörð, en ekki nema ein dugga, sem hafi haft varning meðferðis og rekið launverzlun. Kveðst hann gera sitt hið ítrasta til að bægja þeim frá, en það sé erfitt að fást við þá og ekki hættulaust nema vopnuðum skipum.[3]) Þá segir Ormur Daðason sýslum. í bréfum til stiftamtm. 20. sept. 1720 og 8. sept. 1722, að hollenzkir duggarar venji allmjög komur sínar á Strandir og reki sumir þeirra verzlun, enda sé menn neyddir til að kaupa við þá sakir fjarlægðar og siglingaleysis, en mjög sé þeir orðnir dýrseldir og óbilgjarnir, því þeir viti hvað þeir megi bjóða sér og noti sér neyð manna. Seldu þeir mjöltunnuna á 4 vættir eða 40 pör af duggarasokkum, en einokunarkaupmennirnir seldu hana þó ekki nema á 2 vættir eða rúmlega

1) Smbr. Þjskjs. A 106 I og A 42.
2) Bréfab. stiftamtm. II, 99--110 (Þjskjs.)
3) Þjskjs. A 88, 1.

það gegn prjónlesi.[1]) Í sama strenginn tók Oddur lögm. Sigurðsson í bréfi til stiftamtmanns 17. des. 1722.[2]) Árið 1722 ritaði stiftamtm. ísl. kaupmönnunum og Oddi lögm., sem þá var staddur í Kaupmannahöfn, og bað þá skýra sér frá því, hvar útlenzkir duggarar héldi sig mest á Íslandi. Voru athvarfsstaðir þeirra ekki fáir eftir skýrslununum að dæma. Eystra voru það einkum *Berufjörður, Papey, Reyðarfjörður, Borgarfjörður* og *Vopnafjörður*. Fyrir norðan land komu þeir meira og minna á alla firði, víkur og voga, en þó einkum á *Þistilfjörð, Raufarhöfn, Flatey* á Skjálfanda, *Húsavík, Svalbarðsströnd, Hrísey, Grímsey, Svarfaðardalsós, Ólafsfjörð, Héðinsfjörð, Siglufjörð, Fljót, Málmey, Hofsós, Drangey, Hegranesið, Austur-* og *Vesturskaga, Blönduós, Miðfjörð, Hrútafjörð, Bitrufjörð, Steingrímsfjörð, Reykjarfjörð, Trékyllisvík* og *Drangavík*. Vestra komu þeir einnig víða, t. d. á *Látravík*,[3]) *Aðalvík, Jökulfirði, Grunnavík, Snæfjallaströnd, Hestfjörð, Seyðisfjörð, Álftafjörð, Skutulsfjörð, Bolungarvík, Skálavík, Keflavík, Súgandafjörð, Önundarfjörð* (einkum *Ingjaldssand*), *Dýrafjörð, Arnarfjörð, Tálknafjörð, Patreksfjörð, Flatey, Grundarfjörð, Ólafsvík* og *Stapa*.[4]) Eins og ljóst er af þessum skýrslum hefur ekki verið auðhlaupið að því, að eltast við duggarana um allar þessar slóðir, enda höfðu landsmenn talsverð mök við þá á dögum lausakaupmanna og eins eftir að félagsverzlun hófst á ný, einkum fyrir norðan land. Lítur út fyrir, að þeir hafi þá haft ýmsar vörutegundir á boðstólum, einkum munaðarvöru og kramvöru, og að landsmenn hafi leitað eftir kaupum við þá í hagnaðar skyni, en ekki út úr neyð, eins og oft átti sér stað. Segir Skúli fógeti, að hollenzkir duggarar hafi um þær mundir

1) Þjskjs. A 63 II, 17.

2) Bréfab. stiftamtm. IV, 87--88 (Þjskjs.)

3) Svo skil eg nafnið »Lusebay«, sem stendur í skýrslunni, því annað getur það varla táknað eftir röðinni. Annars kölluðu útlendingar Tálknafjörð oft og einatt Lusebay (smbr. Landfrs. Þorv. Thor. IV, 268--269), en hér getur eigi verið átt við hann.

4) Þjskjs. A 42.

gefið 8 fiska fyrir sokkapar, eða helmingi meira en kaupmenn, og hafi Norðlendingar, einkum Eyfirðingar, selt þeim mikið af prjónlesi og fengið í staðinn *tóbak, járnpotta, brennivín*, lítið eitt af *kornvöru, síróp, hunangskökur* og ýmsar tegundir af *klæðum* og *léreftum*. Þessar vörur seldu Eyfirðingar aftur með ábata sunnanlands fyrir fisk til búa sinna.[1]) En árið 1740 var tekið fyrir þessi viðskifti, því konungur lét þá gera út herskip til Íslands og Færeyja og átti það að hafa gát á duggurunum og hremma þá, ef nokkur grunur léki á að þeir hefði verzlunarmök við landsmenn.[2]) Voru þá um sumarið teknar 6 hollenzkar duggur með allri áhöfn hér við land og höfðust upp úr þeim í Kaupmannahöfn 11,396 rd., svo ferðin hefur borgað sig vel.[3]) Árið eftir var enn gert út herskip í þessu skyni[4]) og þá um sumarið gerði Skúli Magnússon sýslum. upptæka hollenzka duggu í Skagafirði, er staðin var að launverzlun.[5]) Tók þá alveg fyrir þessi verzlunarmök Norðlendinga við duggarana og játar Skúli fógeti, að það sé »ein meðverkandi orsök, hvar fyrir Norðurlandi hefur svo mjög aftur farið.«[6])

Þessar ófarir Hollendinga fyrir norðan land gerðu það að verkum, að þeir lögðust frá landi og höfðu mjög lítil mök við Íslendinga upp frá því. Aftur á móti tóku Frakkar um þessar mundir að venja komur sínar hingað til lands og voru þeir oft fjölmennir bæði fyrir austan land og vestan og komust fljótt upp á að reka launverzlun engu síður en hinir. Gerðu Hörmangarar út skip til að afstýra því sumarið 1749[7]) og eins lét Almenna verzlunarfélagið smíða sérstaka duggu árið 1765, er ganga skyldi á Patreksfjörð og Bíldudal og jafnframt hafa eftirlit með verzlun

1) Fyrsti viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 146.
2) Lovsaml. for Isl. II, 314--315.
3) Smbr. Lovsaml. for Isl. II, 337--338.
4) Lovsaml. for Isl. II, 334--335.
5) Lovsaml. for Isl. II, 342--344 og 352-- 353.
6) Fyrsti Viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 146.
7) Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 5--6.

útlendinga á Íslandi.[1]) Náði hún þá um sumarið tveim frönskum duggum, er rekið höfðu launverzlun, en konungur lét þær lausar aftur í vináttu skyni við konungshirðina á Frakklandi.[2]) Jafnframt var þó gefið út kgsbr um fiskiveiðar útlendinga í Íslandshöfum og mök þeirra við landsmenn. Er þar meðal annars fyrirskipuð nákvæm rannsókn á hverri einustu útlenzkri duggu, sem leiti hafnar á Íslandi, svo framarlega sem nokkur grunur leiki á því, að skipverjar reki launverzlun við landsmenn, og ef svo reynist, að vistaforði skipsins, og þó einkum munaðarvörubirgðirnar, sé meiri en svari brýnum þörfum skipshafnarinnar sjálfrar, þá skuli þessar birgðir upptækar og skipverjar sektaðir þar á ofan, en verði þeir staðnir að launverzlun, þá sé bæði skip og farmur upptækt. Er það brýnt fyrir yfirvöldum og skoðunarmönnum að hafa strangar gætur á, að slíkum vörum sé eigi varpað útbyrðis áður en skoðun fari fram, eins og oft eigi sér stað ef grunur skipverja sé vakinn fyrir fram.[3]) Árið eftir að tilskipun þessi var gefin út, kvartaði verzlunarfélagið enn um launverzlun á íslenzkum höfnum, svo að konungur varð að ítreka bannið,[4]) og lagði hann jafnframt duggaraskipstjórunum lífsreglurnar i sérstöku erindisbréfi, sem þeir áttu að haga sér eftir í öllum greinum.[5]) Í erindisbréfi Landsnefndarinnar 1770 (14. gr.) er þess getið, að launverzlun eigi sér enn stað á Íslandi, þótt hún sé stranglega bönnuð, og er nefndarmönnum falið að grenslast eftir því og leita ráða til að afstýra henni.[6]) Nefndarmennirnir gerðu lítið úr þessari launverzlun í skýrslum sínum til stjórnarinnar og sögðu, að hér væri eigi um

1) Samþ. á aðalfundi verzlunarfélagsins 10. apr. 1765 (Þjskjs. A 47 nr. 4).

2) Lovsaml. for Isl. III, 549--550. Smbr. Aðalfund verzlfél. 10. des. 1766 (Þjskjs. A 47 nr. 4).

3) Kgsbr. 16. mai 1766. Lovsaml. for Isl. III, 540--544.

4) Smbr. Rkbr. til stiftamtm. 14. febr. og til sýslum. 16. mai 1767. Lovsaml. for Isl. III, 556 og 563--564.

5) Smbr. Rkbr. til amtm. 16. mai 1767 og *Instruction for de dynkirkske Skippere, der gaae paa Fiskerie under Island.* Lovsaml. for Isl. III, 564--566.

6) Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 676.

annað að ræða en lítilsháttar vöruskifti á smánauðsynjum við enskar, hollenzkar, frakkneskar og nú í síðastliðin ár við þýzkar fiskiduggur. Kváðust þeir eigi sjá önnur ráð til að afstýra því, en að kaupmenn flytti nægan og góðan varning til landsins, hefði duglega eftirlegumenn á þeim höfnum, sem duggararnir vendi komur sínar á, og sæi um að siglingin kæmi svo snemma á vorin, að landsmenn gæti fengið nauðsynjar sínar í tæka tíð.[1]) Kaupmenn voru þó á annari skoðun um þetta mál og héldu því fast fram í bréfi til stjórnarinnar 15. jan. 1774, að launverzlun ætti sér stað á Íslandi og hún eigi lítil. Þessu til sönnunar bentu þeir á það, að eigi flyttist þá af tóbaki og kattúnsvörum til Íslands nema $^1/_{20}$ hluti þess, er áður hefði fluzt, og af léreftum, járnkrami og öðru þess háttar miklu minna en áður. Höfðu útgerðarmennirnir borið þetta undir kaupmenn þá, sem í förum voru, og kváðu þeir það satt vera, að miklu minna seldist nú af þessum varningi en áður. Væri því haldið fram af landsmanna hálfu, að þeir spöruðu við sig kaup á ónauðsynlegum varningi sökum harðinda og fjárfellis, og að tóbaksbrúkun færi minkandi, og kynni eitthvað að vera hæft í því, en hitt mundi þó sanni nær, að allmikil launverzlun ætti sér stað, enda fengi landsmenn þessar vörur með miklu betri kjörum hjá duggurunum og ef til vill einnig hjá þjónum og skipverjum verzlunarfélagsins, og sömuleiðis hærra verð hjá þeim fyrir afurðir sínar. Þóttust kaupmenn illa sviknir á þessu, því þetta væri einmitt þær vörutegundir, sem eitthvað væri á að græða, en aftur á móti færi aðflutningar á matvælum sívaxandi, sem þeir gerði ekki annað en skaðast á, og gæti allir heilvita menn séð fram á afleiðingarnar. Báðu þeir stjórnina að vekja á ný athygli íslenzkra embættismanna á þessu máli og brýna fyrir þeim að framfylgja lögunum af ítrasta megni hver

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 47.

sem í hlut ætti.[1]) Stjórnin skaut þessu máli til stiftamtmanns og bað um álit hans. Svaraði hann aftur 29. ág. þá um sumarið og kvaðst á undanförnum árum hafa haldið mjög spurnum fyrir um þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að engin veruleg brögð væri að þessari launverzlun. Kvað hann það að vísu satt, að Íslendingar hefði að jafnaði nokkur mök við duggarana og fengi stundum hjá þeim eitthvað af tóbaki, klútum og veiðarfærum fyrir íslenzkt prjónles, sem kaupmenn gerði afturreka á höfnunum, en þetta væri svo lítið og ómerkilegt, að varla væri orð á gerandi. Tók hann því fjarri að hún gæti ollað því, að landsmenn keypti nú minna af ýmsum varningi en áður, enda væri það á allra vitorði, að duggaraverzluninni hefði hnignað mjög á seinni árum, en hins vegar léki nokkur grunur á, að ýmsir af þjónum verzlunarfélagsins sjálfs væri talsvert riðnir við launverzlun, og mundi eigi vanþörf á, að hafa betri gát á þeim framvegis.[2]) Þessi rekistefna mun hafa gefið tilefni til þess, að sýslumönnum var falið árið eftir að hafa strangar gætur á því, að enginn Íslendingur færi út í erlend skip að nauðsynjalausu,[3]) og að dregin voru saman í eitt öll boðorð hér að lútandi frá 17. og 18. öldinni og brýnd fyrir landsmönnum í nýrri og ítarlegri tilskipun.[4]) Var svo látið við það sitja upp frá því, enda mun stjórnin brátt hafa gengið úr skugga um, að þessi launverzlun var þá orðin svo óveruleg, að engin þörf var á að rekast framar í því máli.

Mjög var það sjaldgæft, að útlendingar færi með ofríki eða ójöfnuði hér á landi á 18. öldinni, en þó bar það við að þeir gerðu mönnum ýmsar glettingar. Vorið 1721 var krökt af fiskiduggum við Grímsey og fóru nokkrir dugg-

---

1) Smbr. Rkbr. til stiftamtm. 12. febr. 1774 ásamt meðfylgjandi skjölum. Þjskjs. A 121.

2) Bréfab. stiftamtm. XIV, 879--886 (Þjskjs.)

3) Smbr. Tollstjbr. 14. marz. 1775 Lovsaml. for Isl. IV, 117--118.

4) *Endurnýjuð tilskipan og forboð mót óheimilu fiskirlí og kaupskap á Íslandi og kringum það.* 1. apr. 1776. Lovsaml. for Isl. IV, 224--231. Smbr. Tilsk. 9. apr. 1776. Lovsaml. for Isl. IV, 231--235.

arar í land og brutust í hús manna og hirzlur og tóku það fémætt, er þeir fundu, en gerðu eigi annað ilt af sér.[1]) Stundum drápu þeir æðarfugl í varpeyjum og spiltu veiðarfærum manna[2]) og þykir slíkt eigi tíðindum sæta hér á Íslandi. Á Vestfjörðum voru duggararnir stundum mjög nærgöngulir þegar líða tók á öldina, óðu óboðnir inn í híbýli manna og gerðu sig mjög heimakomna oft og einatt, án þess þó að hafa nokkurn ójöfnuð í frammi. Stóð mönnum hálfgerður stuggur af þeim og telur Patreksfjarðarkaupmaður það guðs mildi í bréfi sínu til amtm. 5. júní 1769, að þeir skuli eigi hafa gert neitt ilt af sér.[3]) Þegar duggur þessar komu margar saman inn á hafnir, sem eigi áttu að venjast slíkum gestum, urðu menn oft mjög óttaslegnir og bjuggust við öllu illu. Þannig komu 4 duggur saman inn á suðurhafnirnar, Hólminn, Hafnarfjörð og Keflavík, sumarið 1769 og höguðu sér mjög grunsamlega að mönnum þótti. Urðu Keflvíkingar óttaslegnir mjög og flýðu sumir á land upp með konur sínar og börn, en aðrir flyktust niður að sjó með grjót í höndunum til þess að verja duggurunum landgöngu, ef til kæmi. Gerir amtmaður lítið úr viðbúnaði þeirra í bréfi sínu til stjórnarinnar og segir, að eigi hefði þurft nema eitt eða tvö fallbyssuskot til að tvístra öllum mannsöfnuðinum. Sé hart til þess að vita, að einir 100 vopnaðir duggarar eða svo skuli auðveldlega geta lagt undir sig alt Ísland. Þykir honum ráð, að keyptar sé nokkrar byssur og ungum mönnum í grend við hafnirnar kent að fara með þær, svo að menn standi eigi með öllu varnarlausir uppi, ef ófrið beri að höndum. Vill hann láta verzlunarfélagið kosta það að nokkru, en efnaðir bændur og sýslumenn geti vel keypt þær sjálfir.[4]) Þetta var eitt af því, sem Landsnefndinni var falið að íhuga[5])

1) Smbr. Bréf Fuhrmanns amtm. til stiftamtm. 22. ág. 1722. Þjskjs. A 1 nr. 33.
2) Smbr. Þjskjs. A 4 nr. 198 og A 34 nr. 6.
3) Þjskjs. A 47 nr. 4.
4) Bréf til Rk. 5. sept. 1769. Þjskjs. A 34 nr. 6.
5) Smbr. Erindisbr. Landsnefndarinnar 22. maí 1770 (§ 10) Lovsaml. for Isl. III, 673--674.

og lagði hún til, að send væri 50—100 spjót á þær hafnir, sem mest væri skipagengd á, svo að almenningur gæti borið hönd fyrir höfuð sér, ef á þyrfti að halda.[1]) Tíu árum seinna var Levetzau stiftamtmanni og Stefáni Þórarinssyni amtmanni falið að ráðgast um þetta mál við helztu menn landsins og áttu þeir tal um það við Björn Markússon lögmann og sýslumennina Vigfús Þórarinsson og Jón Jakobsson á alþingi 1785. Bar þeim öllum saman um, að æskilegt væri að koma upp landvarnarliði á Íslandi, en voru að öðru leyti nokkuð misjafnrar skoðunar um málið. Lagði stiftamtmaður til, að það væri 300 manna flokkur til að byrja með, 58 úr Norðlendingafjórðungi, 96 úr Vestfirðingafjórðungi, 114 úr Sunnlendingafjórðungi og 32 úr Austfirðingafjórðungi, og hefði þeir byssur og byssustingi að vopnum. Taldi hann nægilegt að hafa einn liðsforingja og 4 undirforingja.[2]) Var svo langt komið, að stiftamtmaður sendi umburðarbréf út um land og skoraði á menn að gefa sig fram og segja til um vopnabúnað sinn, en undirtektirnar munu hafa orðið fremur daufar og féll málið niður við svo búið.[3])

---

1) Lovsaml. for Isl. IV, 45--46.
2) Smbr. Bréfab. stiftamtm. XIX, 52--56. (Þjskjs.)
3) Smbr. Sunnanfara IV, 37--38.

NIÐURLAG

EINOKUNIN FRÁ ÝMSUM HLIÐUM
UMBÓTAVIÐLEITNI
LOSAÐ UM VERZLUNARBÖNDIN

HÉR að framan hefur saga einokunarverzlunarinnar dönsku verið rakin svo sem kostur var á og skýrt allítarlega frá verzlunarháttunum. Skal nú að lokum litið á hana frá sjónarmiði þeirra, sem hlut áttu að máli, og skýrt frá tildrögunum til þess, að vikið var að lokum frá hinni þröngu einokunarstefnu og losað um verzlunarböndin.

Í einokunartilskipuninni 20. apríl 1602 er það ótvírætt gefið í skyn, að konungur geri þessa breytingu á íslenzku verzluninni í þágu þegna sinna í Danmörku, svo að þeir einir megi hér eftir njóta þess arðs, sem áður hafi runnið í vasa erlendra keppinauta.[1]) Fóru svo leikar áður langt leið, að íslenzka verzlunin komst algerlega í hendur Kaupmannahafnarbúa, þótt aðrir fleiri ætti hlutdeild í henni til að byrja með, enda stuðlaði konungur sjálfur að því með því að einskorða útgerðina við Kaupmannahöfn. Átti sú ráðstöfun drjúgan þátt í vexti og viðgangi höfuðborgarinnar um þær mundir, og upp þaðan héldu Kaupmannahafnarbúar jafnan dauðahaldi í íslenzku verzlunina meðan einokunin stóð og töldu hana eitt af hnossum sínum. Þetta kemur oft og ótvírætt í ljós bæði hjá kaupmönnum sjálfum og hjá öðrum hlutaðeigandi mönnum í Kaupmannahöfn, eigi sízt þegar einhver hætta var á því, að aðrir fengi hlutdeild í verzluninni. Þegar konungur var í mestum fjárkröggunum árið 1645 og að því

1) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 139.

var komið, að hann seldi Hamborgurum landið á leigu um nokkur ár, gegn því að þeir lánuðu honum 4 eða 5 tunnur gulls, báru íslenzku kaupmennirnir sig mjög illa og kváðu það ómetanlegt tjón eigi að eins fyrir þá, heldur og fyrir alla Kaupmannahafnarbúa ef svo skyldi fara, að þeir mistu af íslenzku verzluninni, því allur þorri borgarbúa hefði að einhverju leyti arð og atvinnu af henni.[1]) Hið sama varð uppi á teningnum þegar mestur varð glundroðinn á siglingunum til Íslands í kring um 1660 og konungur fór að slaka á einokunarfjötrunum og leyfði þeim H. P. Bladt og Jónasi Trellund að reka lítilsháttar verzlun og fiskiveiðar á Íslandi. Reis þá eigi að eins íslenzka verzlunarfélagið upp til handa og fóta til þess að afstýra þessum voða, heldur einnig sjómannastéttin (Skipperlauget) og bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn. Skipherrarnir rituðu borgarstjórum og ráði 31. jan. 1662 og báru sig mjög illa út af atvinnumissi. Biðja þeir ráðið að afstýra því, að aðrir nái tökum á íslenzku verzluninni, því siglingarnar þangað sé nú hið einasta athvarf þeirra, og væri það ómetanlegt tjón fyrir Kaupmannahafnarbúa og ríkið í heild sinni, ef þessi atvinnu- og tekjugrein gengi þeim úr greipum.[2]) Mjög svipað að efninu til er bréf það, sem bæjarfulltrúarnir rituðu í tilefni af þessu 4. febr. 1662, nema hvað þar er tekið enn dýpra í árinni. Leiða þeir athygli að hnignun þeirri, sem orðið hafi á verzlun og viðskiftum ríkisins af völdum ófriðarins, og fara fram á, að sem flestum borgurum sé gefinn kostur á að taka þátt í íslenzku verzluninni með sömu einkaréttindum og áður hafi tíðkast. Leggja þeir ríka áherzlu á, að engum öðrum sé leyfð hluttaka í íslenzku verzluninni, því það mundi verða til stórtjóns fyrir borgarbúa og jafnvel á fáum árum valda miklu hruni í Kaupmannahöfn, þar

1) Smbr. Bréf ísl. kaupmannanna til Ríkisráðsins 7. og 8. febr. 1645. D. Kanc. Isl. & Færö. Indlæg til Registre og Tegnelser, samt henlagte Sager 1583--1648. Skab 14, 119 (Rskjs.). Eftirrit J. Sig. 374, 4to.

2) D. Kanc. Dokum. til Statskoll. Protokol $^{17}/_{3}$ 1662 (Rskjs.)

sem eigi að eins sjálfir hluthafar félagsins njóti arðs og uppeldis af þessari verzlun, heldur einnig sjómenn, verzlunarþjónar, vinnufólk og handiðnamenn svo hundruðum skifti.[1]) Bæði konungur og ríkisstjórn könnuðust við það afdráttarlaust, að íslenzka verzlunin væri næsta mikilvæg fyrir Kaupmannahöfn og ríkið í heild sinni. Í kgsbr. 16. júlí 1687 er það sagt berum orðum, að íslenzka og færeyska verzlunin hafi jafnan verið ein af aðalmáttarstoðunum undir verzlun og velmegun höfuðstaðarins og að múgur manna hafi haft arð og atvinnu af henni,[2]) og þegar ófriðurinn mikli við Svía stóð sem hæst (1711), lét stjórnin þess getið í bréfi til konungs, að svo mikið ylti á íslenzku verzluninni, að eigi kæmi til mála annað en að halda henni uppi þrátt fyrir alla örðugleika.[3])

Þessi orð og ummæli atvinnurekenda og stjórnarvalda í Danmörku eru næg sönnun þess, að íslenzka verzlunin hefur verið talin með aðalhlunnindum Kaupmannahafnarbúa frá því að einokunin hófst og þar til komið var fram á 18. öld. Og enda þótt íslenzku kaupmennirnir yrði margir fyrir talsverðu skakkafalli í ófriðnum mikla og oft væri þá tvísýnt um hagnað af íslenzku verzluninni, þá var því samt haldið mjög eindregið fram af öllum hlutaðeigandi mönnum í Danmörku, að það væri bæði konungi og þegnum hans ómetanlegt tjón, ef þessi einokunarréttindi gengi þeim úr greipum. Kemur þetta einna ljósast fram í bréfum stiftamtmanns og kaupmanna til konungs og stjórnarinnar á árunum 1720—1730. Um þær mundir var leigufresturinn venjulega 6 ár og eitt af þessum 6 ára tímabilum var útrunnið við árslok 1720. Þá um haustið kvisaðist það til Kaupmannahafnar, að Altonamenn hefði allar klær úti til þess að reyna að ná undir sig íslenzku verzluninni, og barst Raben stiftamtmanni þessi fregn í bréfi

1) D. Kanc. Dokum. til Statskoll. Protokol $^{17}/_{3}$ 1662. (Rskjs.)
2) Smbr. Lovsaml. for Isl. I, 468.
3) Lovsaml. for Isl. I, 678--679.

frá Hamborg.[1]) Brá hann þegar við og ritaði konungi og stjórninni 31. okt. og lagði niður fyrir þeim, hvílíkt tjón það væri fyrir konung og Kaupmannahöfn, ef íslenzka verzlunin kæmist í annara hendur. Gerir hann ráð fyrir því, að 24—36 skip af mismunandi stærð, frá 30 lestum upp í 100 lestir, gangi árlega til Íslands og sé það ófrávíkjanlegt skilyrði, að skipherrarnir sé búsettir í Kaupmannahöfn. Hafi þeir uppeldi af þessum siglingum með fjölskyldum sínum og greiði konungi skatta og skyldur til jafns við aðra borgara. Enn fremur sé skipshafnirnar að mestu danskar, frá 8—14 manns á hverju skipi, og sé það allálitlegur hópur. Skipseigendur í Kaupmannahöfn hafi og hagnað og uppeldi af þessum siglingum, því þeir fái skipaleigu sína hjá íslenzkum kaupmönnunum. Telur stiftamtmaður það engum vafa bundið, að þeir mundu verða að farga þessum stóru skipum sínum, ef íslenzka verzlunin gengi þeim úr greipum, því þau sé bæði óhentug og óþörf til innanlandssiglinga, en um aðrar siglingar sé eigi að ræða í Danmörku þegar Íslandsverzlunin sé úr sögunni. Mundi þá allur þorri sjómanna missa atvinnu sína og neyðast til að flytja burt frá Kaupmannahöfn. En þar með sé þó eigi alt upp talið, því fjöldi iðnaðarmanna hafi atvinnu af íslenzku verzluninni, svo sem timburmenn og skipasmiðir, kaðlarar, járnsmiðir, blikksmiðir, beykirar, hattarar, skóarar, tóbaksgerðarmenn, litarar, bakarar og byrlarar, og mundi það verða alltilfinnanlegur skaði fyrir

1) Smbr. *Extract einer Schreiben aus Hamburg von 25. October* [1720]: »Übrigens kann auch unberichtet nicht lassen, wie dass hier an der Börsse ein Gerüchte gehet, wie dass die Herren Altonaer durch Hülfe Ihres Præsidenten des Herren von Revenclaw mit auf die bevorstehende Verpachtung der Isländischen Hafen biethen, und dieselbe en General pachten, auch die Isländische Negotie in eine sogenante Actien-Handelung verwandeln wollen, und meint derjenige, der gute Nachricht von diesen hat, dass die Herren Altonaer womüglich suchen wollen damit durchzudringen. Ich muss aber der Thorheit lachen! Die liederliche und nichtswürdige Actienhandlung hat nicht allein viele Leute, sondern auch gantze Städte und Länder ruinirt, wie die Exempel in Holland, England & Frankreich ausweisen und alles notorie ist. Will nicht hoffen dass die hohe Kgl. Regierung auf solche Thorheiten verfallen und dies[es] importante Negotium auch totaliter ruiniren werde«. Bréfab. stiftamtm. I, 407—408.

þessa iðnrekendur, ef þeir misti af íslenzku verzluninni, og fyrir alla borgarbúa í heild sinni. Þá gerir hann og ráð fyrir, að dönsku bændurnir mundu sakna kornsölunnar til Íslands, því þangað flytjist árlega 8—10 þús. tunnur af dönsku rúgmjöli og 4—5 þús. tunnur gangi að jafnaði til þess að baka úr skonrok og skipsbrauð handa íslenzku verzluninni, en því sé svo varið með danskan rúg, að hann þyki eigi boðlegur erlendis, svo að eigi geti verið um annan markað að ræða en þann íslenzka. Að lokum telur hann það eigi minst um vert, að Kaupmannahafnarbúar fái árlega ýmsar nauðsynjar frá Íslandi, sem þeir megi eigi án vera, svo sem sauðakjöt, nautakjöt, harðfisk, saltfisk, tólg, smjör, skinn, ull, prjónles og vaðmál, og það við mjög vægu verði. En í augum hans vegur það þó ef til vill þyngst á metunum, að konungur átti víst að hafa jafnan nægar birgðir til hers og flota af kjöti, fiski, feitmeti og vaðmálum meðan íslenzka verzlunin var rekin frá Kaupmannahöfn, en hins vegar ekkert viðlit að fá þessar nauðsynjar annarstaðar að með jafngóðum kjörum, og ef til vill alls eigi þegar ófriður geisaði og óáran. Lýkur hann bréfi sínu með þeim orðum, að Ísland sé hið nytsamasta land hverjum stað, sem reki útgerð og verzlun þangað, því þar sé vís markaður fyrir allar eða allflestar innlendar afurðir og vörur þær, sem þaðan komi aftur á móti, sé allar nauðsynlegar til lífsuppeldis og dragi þar á ofan peninga til staðarins frá öðrum þjóðum. Kallar hann Ísland á einum stað í bréfinu *nægtabúr Kaupmannahafnar* (det islandske Spisekammer).[1])

Tveim árum síðar (1722) kom til orða að flytja íslenzku verzlunina til Björgynjar, því þaðan væri skemri og auðveldari leið til Íslands, og voru kaupmenn beðnir að láta uppi álit sitt um það mál. Þess er getið hér að framan, að sumir af kaupmönnum hafi látið svo sem einu mætti gilda um íslenzku verzlunina, því hún væri komin í hund-

1) Bréfab. stiftamtm. I, 71—77. (Þjskjs.)

ana hvort sem væri, en flestir voru þó á því, að það væri stórtjón fyrir Kaupmannahöfn, ef verzlunin kæmist í annara hendur, og færðu þeir sömu rök fyrir því sem stiftamtmaður. Töldu þeir líkindi til, að allur helmingur iðnaðarmanna og atvinnurekenda í Kaupmannahöfn mundi flosna upp, ef íslenzka verzlunin flyttist þaðan, *því hún væri nú sú einasta verzlunargrein í Kaupmannahöfn, sem nokkur veruleg arðsvon væri að og hefði sæmilegt álit á sér.*[1]) Nokkrum árum síðar (1727) fóru Altonamenn fram á að verða eins konar milliliður á milli íslenzku kaupmannanna og viðskiftamanna þeirra erlendis. Vildu þeir fá einkaleyfi konungs til að sitja fyrir kaupum á öllum íslenzkum harðfiski með ákveðnu og umsömdu verði og útvega íslenzku kaupmönnunum aftur allar erlendar vörur, sem þeir þyrfti til verzlunarinnar. Lagði stjórnin þessa málaleitun fyrir íslenzku kaupmennina, en þeir svöruðu aftur með bréfi 29. jan. 1727 og tóku þessu mjög fjarri sem eðlilegt var. Kváðust þeir eigi sjá neina ástæðu til að láta Altonamenn hafa forráð fyrir þeim í verzlunarmálunum og einoka viðskiftin í þeirra þágu, því hingað til hafi það jafnan reynzt happadrýgst, að þeir fengi að ráða sér sjálfir. Skora þeir að lokum á stjórnina, að halda íslenzku verzluninni hér eftir sem hingað til undir þegna sína í Kaupmannahöfn, *því hún sé mjög mikilvæg hlunnindi og mest um vardandi af öllum verzlunargreinum í Danmörku.*[2]) Af þessum ástæðum var það og, að íslenzkir kaupmenn eða útgerðarmenn voru jafnan í miklu áliti í Danmörku, án nokkurs tillits til þess, hvort þeir voru sjálfir merkir menn eða ekki. Það var staðan eða atvinnan, sem aflaði þeim álits. Voru flestir þeirra manna, er skyn báru á þetta mál, einnar skoðunar um það, að íslenzka verzlunin væri mjög arðvænleg fyrir Kaupmannahöfn, og hélzt sú skoðun fram á síðustu daga einokunarverzlunarinnar. Skulu hér að lok-

1) Smbr. Bréfab. stiftmtm. V. 22—23, 33—48, 56—69 (Þjskjs.)
2) Bréfab. stiftamtm. VII, 418—422 (Þjskjs.)

um þessu til skýringar greind orð og ummæli Bechs justizráðs, er veitti konungsverzluninni forstöðu um og eftir 1780, í riti hans um íslenzku verzlunina 1781. »Þegar eg fullyrði,« segir hann, »að íslenzka verzlunin hafi að fornu fari lagt grundvöllinn undir verzlun og siglingar Kaupmennahafnarbúa, kynni margir að ætla, að eg segði of mikið, en eg hygg þó, að eg hafi rétt fyrir mér í því. Eg hygg, að margir af hinum merkustu borgurum í Kaupmannahöfn hafi komið fótum undir sig með þessari verzlun, að minsta kosti áður fyrri, og að stórskipaútgerð Dana eigi þangað rót sína að rekja. Kaðlarabraut elzta íslenzka verzlunarfélagsins, sem mun hafa verið hin fyrsta í Kaupmannahöfn, er ein sönnun þess. Enn þá í byrjun þessarar (18.) aldar hefur íslenzka verzlunin að minni hyggju verið mest og mikilvægust af öllum verzlunargreinum í Kaupmannahöfn. Verzlunin til Asíu og til Austur- og Vestur-Indía hefur að sönnu komist fram úr henni á seinni árum, en þó hygg eg, að hún megi enn teljast mjög mikilvæg eigi að eins fyrir Kaupmannahöfn, heldur fyrir alt ríkið. Allflestar vörutegundir, sem flytjast til Íslands, eru framleiddar hér í ríkinu, en eigi aðkeyptar, og þær vörur, sem þaðan flytjast aftur á móti, eru ýmist lífsnauðsynjar, sem þegnarnir sjálfir mega eigi án vera, eða þá afurðir, sem ganga til erlendra þjóða og draga peninga inn í ríkið.« Gerir hann ráð fyrir, að hreinn peningaarður af íslenzku verzluninni nemi árlega 100—150 þús. rd., og þó það þyki ef til vill ekki ýkjamikið eftir því sem þá gerist, þá sé og á hitt að líta, að fjöldi manna hafi atvinnu og uppeldi af henni.[1])

Þegar litið er á einokunarverzlunina frá sjónarmiði konungs og stjórnarinnar, liggur næst að athuga fjárhagshliðina eða tekjur konungs af verzluninni, því vafalaust hefur það eitt með öðru vakað fyrir Kristjáni IV. er hann

1) Bech: Om Handelen paa Island (1781). Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.). Skúli fógeti kemst að mjög svipaðri niðurstöðu i Íslandslýsingu sinni 1785 (J. Sig. 33 fol. Bls. 155—157).

einokaði íslenzku verzlunina, að tryggja sjálfum sér sem mestar og öruggastar tekjur af henni. Áður hafði það tíðkast, að krefja hafnartolla af þeim kaupmönnum, er fengið höfðu konungsleyfi til að verzla á Íslandi, og var það einn Portúgalspeningur af hverju skipi.[1]) En heimturnar urðu víst ærið misjafnar og mun það eitt með öðru hafa ýtt undir konung að tryggja þegnum sínum verzlunina, því þá gat hann gengið að afgjaldinu vísu á einum stað. Hefur afgjald einokunarkaupmanna sýnilega verið sniðið eftir hafnartollinum eða skipatollinum, sem áður hafði tíðkast, en þó verið með vægara móti í fyrstu, því útgerðarmenn áttu þá að greiða 16 gamla dali af hverri höfn. En þetta stóð þó ekki lengur en til 1619, því þá hækkaði afgjaldið og fór síhækkandi úr því, einkum eftir að umdæmaverzlunin hófst, þangað til 1706, að það var komið upp í 20190 rd., og hélzt það til 1715. Fór það síðan rénandi og komst að lokum niður í 7000 rd. á dögum Almenna verzlunarfélagsins. Hélzt það upp frá því, einnig eftir að konungur tók sjálfur við verzluninni. Hafði enginn Danakonunga verið jafnýtinn og eftirgangssamur í afgjaldskröfunum sem Friðrik IV., enda átti hann í vök að verjast og þurfti á öllu sínu að halda í Norðurlandófriðnum mikla. Voru þó kaupmenn afarilla settir um þær mundir og sóttu hver af öðrum um eftirgjöf á afgjaldinu. Fekst það oft og einatt, þó að konungi væri það mjög nauðugt, og gerði hann sitt hið ítrasta til að þagga niður kvabbið og harmatölurnar.[2]) Skertust tekjur konungs af verzluninni eigi alllítið við þessar tilslakanir bæði fyr og síðar. Ef öll kurl hefði komið til grafar, mundi afgjaldið af einokunarverzluninni frá 1602 til 1787 hafa numið 1,489,920 rd., en af því voru á ýmsum tímum eftir

---

1) Smbr. Leigubréf Mark. Hess frá 25. febr. 1576. Kanc. Brevb. 1576—1579. Bls. 15—16. Þetta var venjulegur tollur í lok 16. aldarinnar.

2) Þannig er við tvær umsóknir hér að lútandi frá 1. marz og 20. des. 1704 ritað orðið *silentium* (þey-þey) í stað úrskurðar. Smbr. Rk. Relations- og Resolutions- Protok. 1704 fol. 47 og 221 (Rskjs.)

gefnir 130,443 rd., svo að beinar tekjur konungs af verzluninni námu eigi nema 1,359,477 rd. á þessum 186 árum, sem einokunin stóð,[1]) og er það ekki ýkjamikið á svo löngum tíma. Var því hreyft oftar en einu sinni þegar dró fram á 18. öldina, hvort eigi mundi réttast að láta toll koma í stað afgjaldsins, en það var jafnan talið úr og því haldið fram, að það mundi verða konungi miklu óvissari tekjustofn en afgjaldið og Íslendingum til þyngsla.[2])

Enda þótt hagnaðurinn eða tekjuvonin kæmi fyrst og fremst til álita hjá konungi og stjórninni þegar um verzlunina var að ræða, þá varð samt eigi hjá því komist, að líta jafnframt á velferð þegnanna, bæði Dana og Íslendinga. Ástæður þær, sem mæltu með einokunarverzluninni frá sjónarmiði dönsku kaupmannanna og Dana yfirleitt og taldar eru hér að framan, hlutu að sjálfsögðu að vega þungt á metunum hjá konungi og stjórninni, eigi sízt þegar þess er gætt, að sú skoðun var alment ríkjandi í Danmörku, að einokunartilhögunin væri eigi síður nauðsynleg frá sjónarmiði Íslendinga, en arðvænleg frá sjónarmiði Dana. Það er engum vafa bundið, að þetta var sannfæring konungs og stjórnar og allra helztu manna í Danmörku frá því að einokunin hófst og þangað til komið var langt fram á 18. öld, þótt undarlegt megi virðast. Þegar Jón lögmaður fór utan í erindum landsmanna 1592 og bað þess meðal annars, að öllum þjóðum væri leyfð sigling til Íslands og verzlun á hverri höfn sem vera skyldi, þá synjaði konungur þess með þeim ummælum, að það mundi verða landinu og landsmönnum til hins mesta »skaða og fordjörfunar«.[3]) Á það vafalaust rót sína að rekja til þess, að lausakaupmenn höfðu stundum á 16. öldinni vanrækt að sigla á

1) Smbr. Fylgiskj. 8 og Allerunderd. Forestilling til Placat 18. Aug. 1786 (Bmfél. Viðb. nr. 101. Bls. 75). Verzlunarafgjaldið frá 1700—1789 er tilgreint í núlíðarmynt í Betænkning afgiven af den dansk-isl. Kommission af 1907. Kbh. 1908. Bls. 99.

2) Smbr. Bréf stiftamtm. 5 og 6. nóv. 1720. Bréfab. stiftamtm. I, 409—417 og 417—421 (Þjskjs.)

3) Smbr. hér að framan bls. 61.

þær hafnir, sem þeir höfðu leyfisbréf fyrir, en sigldu í þess stað á aðrar, sem arðvænlegri þóttu eða hentugri.[1]) Var oftast fremur lítið kapp um sláturhafnirnar á þeim árunum, en þess meira um fiskihafnirnar sunnan lands og vestan, og komst af því sú skoðan inn hjá konungi og stjórninni og Dönum yfirleitt, að enginn mundi líta við þessum höfnum, sízt í hörðum árum, ef siglingin væri frjáls, en allir flykkjast á fiskihafnirnar. Þessu er enn mjög eindregið haldið fram af Raben stiftamtmanni í bréfi til konungs og stjórnarinnar 31. okt. 1720, og jafnframt lögð rík áherzla á hitt, að eigi sé unt að ráða neinu um verðlag á útlenzkum varningi eða tryggja Íslendingum lán í harðærum, ef verzlunin sé frjáls, en með núverandi tilhögun sé unt að ráða þessu hvorutveggju, svo að einokun hljóti frá þeirra sjónarmiði að vera miklu ákjósanlegri en frjáls verzlun.[2]) Meðan þessi skoðun var alment ríkjandi, var eigi við öðru að búast, en að stjórnin héldi fast við einokunartilhögunina og gerði sér far um það eitt, að gæta hagsmuna beggja, Dana og Íslendinga. En þar átti hún einatt úr vöndu að ráða, því hagsmunir þeirra rákust á. Má svo að orði kveða, að á 17. öldinni hallist konungur og stjórn yfirleitt fremur á sveif með kaupmönnum og láti hagsmuni þeirra sitja í fyrirrúmi. En eftir aldamótin 1700 tekur að votta fyrir nýjum anda í verzlunarlöggjöfinni og mun utanför Gottrúps lögmanns og afskifti Árna Magnússonar af verzlunarmálunum hafa átt einna mestan þátt í því. Friðrik konungur IV. hallaðist jafnan mjög eindregið á sveif með Íslendingum í verzlunarmálunum og greip stundum sjálfur fram í til að afstýra óbilgjörnum kröfum af hálfu kaupmanna, og það jafnvel þvert ofan í tillögur stjórnarinnar.[3]) Um hans daga eru verzlunarskilmálarnir yfirleitt hagstæðari landsmönnum en

1) Smbr. Dóm um Henr. Lafranz 1589. Alþb. Isl. II, 138.

2) Bréfab. stiftmtm. I, 71—77 (Þjskjs.)

3) Smbr. t. d. Kgsbr. 30. apr. 1712 þar sem konungur þvert ofan í tillögur Rk. neitar að lögleiða aftur kaupsetn. frá 1684. Lovsaml. for Isl. I, 681—682.

nokkru sinni fyr, og má svo að orði kveða, að æ nýjum skilyrðum sé við bætt í hvert skifti, sem verzlunin kemst í nýjar hendur, og að öll miði þau fremur til hagsmuna og léttis fyrir Íslendinga. Þessari stefnu var síðan fram haldið og eftir miðja öldina bregður svo við, að hagsmunir kaupmanna verða oftar en hitt að lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum Íslendinga í verzlunar- og atvinnumálunum.[1])

Svona horfði einokunin við frá sjónarmiði konungs og stjórnar og Dana yfirleitt. Er þá eftir að athuga hana frá sjónarmiði Íslendinga.

Það er engum vafa bundið, að Íslendingum þótti það »mikil og vond umskifti,« eins og Björn á Skarðsá kemst að orði, er Danir tóku við verzluninni árið 1602, og voru þeir eigi seinir á sér að láta það í ljósi. En þeir komust brátt að raun um, að þeir stóðu ver að vígi en kaupmenn og fengu minni áheyrn hjá konungi. Hvað eftir annað gerðu þeir tilraun til að hrista af sér fjötrana, fyrst Norðlendingar með umsókn sinni árið 1613, þar sem farið var fram á, að öllum þjóðum væri leyfð sigling á norðurhafnirnar, og síðan Vestfirðingar og Sunnlendingar árið 1615, með því að fá valdsmenn sína til að taka í strenginn með dómum og kaupsetningum.[2]) En það kom fyrir ekki. Munu flestir af betri mönnum landsins hafa fundið sárt til þess, að þeir réðu nú eigi lengur neinu um verzlunarhagina, heldur urðu að sætta sig við þau kjör, er kaupmenn buðu. Kemur þetta berlega fram hjá Birni á Skarðsá, er hann í formála fyrir annálum sínum harmar afturför landsmanna í þessu sem öðru og kemst svo að orði: »Af þessum tilfellum hefur landinu alt aftur farið, þó nú um stund yfir taki, og hvernig nú er þrengst þjakað að þessu landi má Drottinn vor náða, hvað mér er vant um að skrifa, og þeir mega gera sem betur

1) Smbr. hér að framan bls. 538—539.
2) Smbr. hér að framan bls. 85—88 og 359—372.

kunna, að hverra orðum meir ríður. Veldur og í mörgu hverju hér innanlands vanfylgi vor sjálfra og samheldisleysi, en það sjáum vér Íslendingar, að samheldi hafa þeir útlenzku menn (um kaupskapinn að tala) í móti oss, svo aldrei sér hvar það vill lenda fyrir oss, er slíkt á aðra síðu að sækir, en á aðra óárahrun. Gengið er nú það sem sést í annálum hér, þá Íslendingar lögðu sjálfir verð á varning kaupmanna . . . . Hvað er nú um slíkt að ræða? Ráða nú ei aðrir alin, vigt, mæli, vöru sinni og vorri? En vér erum innibyrgðir svo sem fé í sjávarhólmum og eigi svo mikill skipagangur af landinu, að geti kannað eyjar þær til matfanga, er kring um landið liggja, þess síður komist til annara þjóðlanda sér næringar leita.« Svipaðar tilfinningar hreyfðu sér vafalaust hjá mörgum Íslendingum um þær mundir. Blæddi þeim í augum ósjálfstæði landsmanna annars vegar og gjörræði kaupmanna hins vegar. Kemur það meðal annars berlega fram í bréfi Gísla biskups Oddssonar til Jóns Magnússonar á Reykhólum, sem getið er hér að framan. Slær hann botninn í það með þessum orðum: . . . . »Vel kvað sr. Ólafur minn Einarsson þá hann sagði:

> Útlenzkir sem yfir oss bjóða
> eru höfuðið, hálmur vér.
> Þessu hótar guðs orð góða,
> gengur oss nú sem maklegt er.

. . . En . . . hver mun þora um að kvarta? Supplikaziur gilda ekki, nema þeim sé örugglega fram fylgt og persónulega, eður höfuðsmaður vilji taka þær að sér góðmannlega þá hann siglir. Eg vona að guð muni gera hér snart ending á, því öldungis er að þrotum komið.«[1]) Það er og auðsætt af kæruskjölum Þórðar sýslumanns Henrikssonar frá 1647, að hann hefur haft ímugust á einokunarverzluninni og sárnað athæfi kaupmanna, þó að hann hreyfi eigi neinum breytingum á verzlunartilhöguninni. Að lík-

1) Bréfab. Gísla bisk. Oddssonar I, 524 (Lbs. 1645, 4to).

indum hefur þó engan tekið sárar til þess, hve landsmenn voru aumir og ósjálfbjarga í verzlunarmálunum, en Árna lögmann Oddsson. Var því enn hreyft stöku sinnum á hans dögum og að hans forlagi, að landsmönnum væri leyft að eiga kaup við erlendar þjóðir í lífsnauðsyn, og Gísli Magnússon á Hlíðarenda (Vísi-Gísli) fór fram á það í bréfi til stjórnarinnar nál. 1650, að Íslendingar fengi leyfi til að verzla við aðrar þjóðir með þær afurðir landsins, sem verzlunarfélagið vildi eigi nýta.[1]) Þessu var þó enginn gaumur gefinn, og fóru landsmenn upp frá því að sætta sig smám saman við einokunina eða öllu heldur að líta svo á, sem eigi gæti verið um aðra verzlunartilhögun að ræða. Að vísu sáu menn glögt þau missmíði, sem á voru, og eigi dró Páll Vídalín lögm. dul á anmarkana í riti sínu um viðreisn Íslands (Deo, Regi, Patriæ) frá lokum 17. aldar, en hitt lét hann sér þó eigi koma til hugar, að fara fram á neina stefnubreytingu í verzlunarmálunum eða leggja það til, að einokunin væri afnumin og Íslendingum leyfð frjáls verzlun við aðrar þjóðir.[2]) Bæði hann og sumir aðrir af helztu mönnum landsins voru meira að segja komnir á skoðun Dana um það, að Íslendingum sjálfum væri það fyrir beztu að einokunin héldist. Þessu var t. d. fram haldið í bænarskrá þeirri, sem þeir frændur Jón biskup Vídalín og Páll lögmaður ásamt prestum nokkrum og sýslumönnum rituðu konungi af alþingi 1701, þegar Gottrúp lögm. fór utan í erindum landsmanna. Segja þeir afdráttarlaust, að enda þótt margir haldi því fram, að einokunarverzlunin sé skaðleg, þá sé það sín skoðun, að hún sé landinu hagfeldust að svo stöddu og jafnvel nauðsynleg að ýmsu leyti, því enginn muni óneyddur halda

1) Res et Scopus hactenus pro Patria Islandia suscepti negotii. A. M. 192 b, 4to.

2) Það var að eins einn Íslendingur um þær mundir, sem var svo djarfur að fara fram á þetta. Það var *Arngrímur Þorkelsson Vídalín*, bróðir Jóns biskups. Hann samdi árið 1701 alllangt rit um viðreisn Íslands. Gaf hann einokunarverzluninni einna mesta sök á eymd og afturför landsins og réði sterklega til að afnema hana. Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. II, 231.

uppi siglingum til landsins þegar illa ári, og eins megi búast við því, að allir þyrpist á fiskihafnirnar þegar vel aflist en líti eigi við hinum, ef verzlunin sé gefin frjáls.[1]) Er þá svo komið, að Íslendingar voru sjálfir farnir að trúa þessari fjarstæðu og veitti mjög erfitt að útrýma henni aftur, eins og síðar mun ljóst verða. Í bréfum þeim, sem íslenzkir embættismenn skrifuðu Raben stiftamtmanni 1720, er að sönnu kvartað um anmarka á verzluninni og beiðst lagfæringar á þeim, en enginn þeirra hreyfir neinum tillögum í þá átt, að slakað sé á verzlunarböndunum eða öðrum þjóðum leyft að sigla hingað.[2]) Landfógeti segir jafnvel afdráttarlaust, að verzlunin sé eigi betur komin í annara höndum en Dana, því væri öðrum þjóðum leyfð verzlun á Íslandi, þá mundi það verða landinu til niðurdreps og bölvunar.[3]) Sömu skoðunar var Oddur lögm. Sigurðsson í svari sínu 17. des. 1722 við tillögunni um að flytja íslenzku verzlunina til Björgynjar. »Eg get ekki séð«, segir hann, »að Íslendingar væri betur settir með aðra verzlunartilhögun en þá, að hún sé rekin frá Kaupmannahöfn eða Danmörku, því svo framarlega sem verzlunin kæmist í hendur Þjóðverja eða Hollendinga, þá fengi Íslendingar enn verri útreið, eins og dæmin sanna frá dögum Hansaverzlunarinnar, og fengi Norðmenn hana, þá eru engin líkindi til, að þeir mundu láta sér farast betur við Íslendinga en við landa sína á Hálogalandi og Finnmörk fyrir nokkrum árum.«[4])

Upp úr þessu fóru menn nú samt smám saman að komast á þá skoðun, að einokunarverzlunin væri ekki sem heillavænlegust fyrir land og lýð, enda voru dæmin deginum ljósari þegar litið var til atvinnumálanna. Það var svo langt frá því, að verzlunin gerði sér nokkurt far um að efla og glæða atvinnuvegi landsmanna þegar hér

1) Smbr. Skjöl Gottrúps lögm. frá fyrri ferð. Nr. 18 (Lbs. 50 fol.)
2) Bréfab. stiftamtm. I, 144—145. Smbr. Þjskjs. A 68 II, 22, 23, 25, 27 og III, 1.
3) Smbr. Þjskjs. A 68 I, 6.
4) Bréfab. stiftamtm. IV, 88 (Þjskjs.)

var komið sögunni, að miklu fremur mátti segja, að eigi gæti verið um annað en kyrstöðu eða afturför að ræða í þeim efnum meðan verzluninni var svo háttað. Það mátti nærri einu gilda, hvort vel eða illa aflaðist, því bærist meira að af fiskinum, en góðu hófi gegndi að skoðun kaupmanna, þá gerðu þeir það afturreka. Var það hvorttveggja, að skipakostur var lítill, enda kærðu kaupmenn sig eigi um að offylla markaðinn erlendis, því þeir voru þeirrar skoðunar, að það mundi hafa skaðvænleg áhrif á fiskverðið og koma þeim í koll síðar meir. Voru landsmenn því jafnan í vandræðum með að koma fiskinum af sér þegar vel aflaðist, og varð hann þeim þá oft og einatt ónýtur. Eitt áþreifanlegt dæmi þess er að finna í alþingisbók fyrir árið 1687. Var þá í lögréttu birtur dómur, er gengið hafði að Ögri í Ísafjarðarsýslu eftir ósk Magnúsar Jónssonar í Vigur um malflattan fisk, sem hann átti á heimili sínu »og nokkur hundruð vættir meintust eftir stakksins vídd og vottanlegri hæð, fergði og fastri, þar sem danskir kaupmenn á Skutulsfjarðareyri hafi þennan fisk hvorki taka né kaupa viljað sakir mergðar af söltum og ósöltum fiski, sem að þeim berst«.[1]) En þetta voru ekki eins dæmi. Ólafur Stefánsson amtmaður segir í skjali einu til Landsnefndarinnar, að kaupmenn hafi oft og einatt eigi tekið nema þriðjung af þeim fiski, sem landsmenn buðu fram í kaupstaðnum, eða varla það, af því að þeir höfðu hvorki nægan skipastól eða nægilegt húsrúm til að veita honum viðtöku.[2]) Eins og geta má nærri varð þetta eigi til að ýta undir sjósókn manna eða áhuga á fiskiveiðunum, því engin von var til þess, að menn færi að leggja mikið á sig til að afla þess, sem þeim varð ekkert úr.[3]) Alveg eins var því háttað með sauðatöku kaupmanna þegar mikið barst að af kjöti. Þeir fyltu skipin, en gerðu hitt afturreka. Gekk sú saga hér á

1) Alþb. 1687 nr. 12.
2) Smbr. Skjöl Landsnefndarinnar Litt II. Þjskjs. A 35 nr. 5.
3) Smbr. Th. Balle: Oeconomiske Tanker ofver Island. Kbh. 1760—61. II, 37.

landi á seinni hluta 18. aldar, að kaupmenn hefði stundum framan af öldinni leikið þá list, er meira var rekið af fé til kaupstaðarins, en þeir gátu veitt viðtöku, að læðast á nóttunni þangað sem féð var á beit og siga hundum á það, svo hjörðin tvístraðist í allar áttir. Gekk þá stundum langur tími í að smala því saman aftur, og þegar loks var búið að því, afsakaði kaupmaður sig með því, að nú væri orðið um seinan að koma með sláturfé, því fresturinn væri útrunninn, sem auglýstur hefði verið.[1]) Af prjónlesinu var árlega úr kastað þriðjungi eða jafnvel alt að helmingi af því, sem boðið var fram, því kaupmenn þóttust eigi geta komið því út erlendis. Þá var það eigi minstur gallinn á einokunarverzluninni í augum Íslendinga, að hún aftraði landsmönnum sjálfum frá allri hlutdeild í verzlun og viðskiftum og var það næsta sjaldgæft, að nokkur Íslendingur hefði atvinnu eða uppeldi af því á dögum einokunarverzlunarinnar.[2]) Þetta voru þeir anmarkar á einokunarverzluninni, sem mestu máli skiftu, því með þessu háttalagi drógu einokunarkaupmenn allan dug og áhuga úr landsmönnum og tóku fyrir kverkarnar á atvinnugreinum þeirra. Fekk mönnum eigi dulist það til lengdar, og lá þá auðvitað nærri á annari eins heilaspuna- og bollaleggingaöld eins og þá var, að leita umbóta á þessum anmörkum og gera margvíslegar tillögur þar að lútandi. Voru sumar þeirra skynsamlegar og framkvæmanlegar, en aðrar næsta vanhugsaðar eða jafnvel fráleitar, eins og gerist og gengur.

Þótt undarlegt megi virðast voru það ekki Íslendingar sjálfir, sem urðu fyrstir til að sýna fram á skaðsemi einokunarverzlunarinnar svo að mark væri að, heldur tveir menn danskir að ætt og uppruna. Sömdu þeir báðir um líkt leyti ritgerðir þar að lútandi. Það voru þeir *Hans Becker* lögmaður, er verið hafði áður skrifari hjá Árna

1) Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. BB (frá Magnúsi sýslum. Ketilssyni). Þjskjs. A 35 nr. 4.

2) Smbr. Fyrsti Viðbætir til Sveitabóndans. Rit Lærdómslistafél. V, 175.

Magnússyni þegar hann ferðaðist hér á landi, og *Mathias Jochimsen Vagel*, er sendur hafði verið út hingað árið 1829 til brennisteinsrannsókna og síðan ferðast um landið og kynst högum og háttum landsmanna. Hans Becker samdi ritgerð sína haustið 1736 og er hún dags. 3. okt. og stíluð til stjórnarinnar. Hefur hann vafalaust gert það í því skyni, að koma sjálfum sér á framfæri við stjórnina, því hann var þá að sækja um lögmannsembættið norðan og vestan á Íslandi og fekk það vorið eftir. Vekur hann fyrst athygli á því, að eitthvað meira en lítið hljóti að vera bogið við það, að jafnvíðáttumikið land eins og Ísland og með annari eins framleiðslu skuli vera í slíkri niðurlægingu, að konungur hafi lítið meiri hagnað af því en af Salthólmanum í Eyrarsundi. Kennir hann það mest verzlunarólaginu, því Íslendingar vinni baki brotnu, en hafi ekkert upp úr sér, enda sé þeir nú orðnir úrkula vonar um viðreisn og endurbót og alveg búnir að leggja árar í bát. Snýr hann sér því næst að umbótahorfunum og stingur upp á, að stofnaðar séu 5 kaupstaðir, en öll önnur kauptún lögð niður, og leggur hann mikið upp úr því. Telur hann Hafnarfjörð bezt fallinn til höfuðstaðar, en hina kaupstaðina vill hann láta vera á Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði. Alla aðra verzlunarstaði vill hann afnema, en hitt geti komið til mála, að hafa forðabúr á nokkrum höfnum til hagræðis fyrir bændur. Vill hann láta stjórnina hlutast til um, að mæld sé út bæjarstæði í þessum 5 kaupstöðum, og leggja svo fram 23 þús. dala til þess byggja þar hús og skylda alla helztu embættismenn landsins til að flytja þangað. Gerir hann ráð fyrir, að kaupstaðirnir muni skjótlega blómgast, sjávarútvegur aukast að miklum mun og verksmiðjur rísa upp von bráðar. Telur hann meir en líklegt, að fjöldi danskra iðnaðarmanna muni flytja til Íslands og setjast að í kaupstöðunum og muni það ýta mjög undir þrifnað landsins í öllum greinum. Til þess að standast kostnaðinn af þess-

um nýjungum, vill hann láta leggja toll (10 %) á allar vörur útlenzkar og íslenzkar. Að lokum biður hann konung að leggja þessar tillögur fyrir alþingi og alla helztu embættismenn landsins og skuldbindur sig til að verja þær og rökstyðja.[1]) — Ritgerð Vagels er alllöng og kemur víða við. Segir hann í fyrsta kaflanum margt af lifnaðarháttum Íslendinga og bendir á ýms ráð til umbóta á högum þeirra. Vill hann meðal annars láta stofna til saltsuðu á Íslandi, svo að landsmenn geti saltað fisk og kjöt, því nú liggi það oft og einatt undir skemdum hjá þeim. Telur hann það mikið mein, að Íslendingar eigi engin haffær skip og stundi að eins sjó á smáfleytum, en við strendur landsins moki útlendar þjóðir aflanum upp á duggum sínum. Segir hann að Íslendingar sé orðnir afvanir siglingum síðan einokunin komst á, en úr þessu mundi þó rætast smám saman, ef settur væri bær á Íslandi og komið á þilskipaútgerð. Í öðrum kaflanum ræðir höfundurinn um afturför í verzlun og viðskiftum landsmanna og fátækt þeirra og bendir á ráð til að rétta efnahaginn við aftur. Ber hann þó kvíðboga fyrir því, að kaupmenn leggist á móti allri framfaraviðleitni, því þeir vilji halda öllu í sama horfinu, en sjálfir sé Íslendingar orðnir vondaufir og framtakslausir síðan einokunin komst á. Telur hann það t. d. meir en líklegt, að Íslendingum yrði lítill hagur að því þótt þeir kæmi sér upp þilskipum og fiskuðu meira, því kaupmenn mundu þá gefa þess minna fyrir fiskinn. Segir hann og, að kaupmenn salti sjálfir fisk sinn á sumrin, en banni Íslendingum að gera það.[2]) Víkur hann síðan að ullarverzlun og ullariðnaði landsmanna og telur því mjög ábótavant. Segir hann að Íslendingar selji kaupmönnum ullina fyrir 3—4 sk. pundið, en kaupi aftur útlend klæði dýrum dómum. Einnig selji þeir illa prjónaða stórgerða sokka fyrir 6—8 sk., en gæti

1) *Beretning og Forslag om tienlige Midler til Islands Opkomst*, Skrevne i Aaret 1736. Kbh. 1798. Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. II, 234—236.

2) Smbr. hér að framan bls. 487.

vafalaust fengið alt að því 3 mörk fyrir sokkapari∂, ef þeir væri betur úr garði gerðir; tvíbreitt vaðmál selji þeir fyrir 8—10 sk. alinina, en úr sömu ull mætti gera dúka og selja á einn ríkisdal alinina, ef vel væri til þeirra vandað. Standi það og ullariðnaði mjög fyrir þrifum, að Íslendingar spinni alt á snældu, og sé því bráðnauðsynlegt að flytja rokka og vefstóla til landsins. Vill hann koma á fót ullarverksmiðjum á Íslandi og kenna landsmönnum að hagnýta sér betur ýmsar afurðir, sem áður hafi lítt gengið kaupum og sölum, svo sem heilagfiski, síld, lax, sundmaga, álftafjaðrir o. fl. Stingur hann að lokum upp á því, að konungur stofni sérstakt stjórnar- og verzlunarráð fyrir Ísland til þess að íhuga hvað líklegast sé til umbóta og viðreisnar.[1])

Þegar dregur fram um miðja 18. öld, fara augu landsmanna sjálfra að opnast til hlítar fyrir verzlunarmeinunum, enda höfðu kaupmenn aldrei leikið þá ver en einmitt um þær mundir, á dögum Hörmangarafélagsins. Skúli fógeti kveður upp mjög þungan áfellisdóm yfir einokunarverzluninni í umsóknum sínum til konungs, þegar hann var að berjast við að koma stofnununum á fót, og gefur henni mesta sök á eymd og afturför landsmanna. Tóku fleiri undir það með honum og eiga sumir þeirra varla nægilega sterk orð til að lýsa skaðsemi hennar, og rekja þangað öll mein þjóðarinnar. Segir í nafnlausu skjali einu, sem barst í hendur amtmanni árið 1755, að Hörmangarafélagið eigi ekki einasta sök á eymd og volæði landsmanna, heldur geri það einnig sitt hið ítrasta til að sporna við því, að hagur þeirra geti risið við aftur, því það leggist á móti öllum framförum bæði í verklegum og andlegum efnum. Kaupmenn reyni á allar lundir að koma iðnaðarstofnununum fyrir kattarnef og sé engin von til þess að þær þrífist fyr en búið sé að ryðja Hörmangara-

1) *Andmerckninger over Island og dessens Indbyggere.* Thott 1737, 4to og Ny Kgl. Saml. 1679, 4to. Eftirr. Lbs. 446, 4to. Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. II, 237—241.

félaginu úr vegi. Sömuleiðis geri félagið sér far um að drepa niður allar mentir og andlegan áhuga hjá þjóðinni með því að gera íslenzkum stúdentum sem erfiðast fyrir á námsárunum í Kaupmannahöfn, en raunar sé það sízt að furða, því kaupmenn sjái sér hag í það stía landsmönnum frá allri menningu, svo að augu þeirra opnist síður fyrir klækjum þeirra.[1]) Hér mun nú að sönnu helzti freklega að orði kveðið, en hitt fekk engum dulist, að Hörmangarafélagið var örðugasti þröskuldurinn á vegi stofnananna og lagðist yfirleitt á móti allri umbóta- og framfaraviðleitni landsmanna í verklegum efnum, enda varð það mjög óvinsælt sem fyr segir. Þess vegna lagði Skúli fógeti svo mikið kapp á að fá ýmsum breytingum framgengt á verzlunarhögunum árið 1757, þegar að því var komið að Hörmangarafélaginu yrði sagt upp. Voru landsmenn honum flestir fylgjandi í því, en hvorki hann né aðrir af helztu mönnum landsins létu sér þá enn til hugar koma, að víkja frá einokunarstefnunni. Í tillögum sínum þá um sumarið gerir Skúli ráð fyrir, að Íslendingar reki verzlunina í félagi við Dani, en hafi þó einkaleyfi til þess. Kveðst hann að sönnu hallast mest að frjálsri verzlun, en telur hinsvegar varhugavert að lögleiða hana á Íslandi meðan landsmenn sé eigi sjálfbjarga í þeim efnum.[2]) Þetta var skoðun flestra embættismanna landsins og bar þeim í rauninni eigi annað á milli en það, að sumir hölluðust fremur að sérverzlunartilhöguninni (Seperathandel) sem eins konar bráðabyrgðaráðstöfun, þangað til landsmenn gæti sjálfir tekið að sér verzlunina.

---

1) *Anonymi Betænkninger over den islandske Handel.* Þjskjs. A 34 nr. 4.

2) Deres Meening, som holde for at fri Fart og fri Handel var den opbyggeligste, holder ieg for at være den bedste, men for nærværende Tid gandske og aldeeles ugiörlig formedelst de mange Havners Besejlings Skyld, og förend det er kommet med de forbemeldte 5 Hovedhavne er det forgiæves at tænke paa nogen fri Handel udi Island. Ja videre, alt saa længe Landet selv ikke nogenledes er i Stand til saavel at handle som fare, kan slig en Handel ikke være det lienlig. *Promemoria ang. den isl. Handel.* Viðey 9. júlí 1757. Þjskjs. A 34 nr. 5.

Enda þótt tillögur þessar næði eigi fram að ganga, lét þó Skúli eigi af að halda fram breytingum á verzluninni, heldur sætti jafnan færi að koma fram með tillögur þar að lútandi. Stefndu þær allar í þá áttina, að greiða landsmönnum veg til hluttöku í verzluninni án þess að leysa að fullu verzlunarböndin. Þegar konungur eða stjórn hans var búin að fá nóg af verzluninni árið 1763 og sat um færi til að koma henni af sér, lagði Skúli enn á ný fram tillögur um breytingar á verzluninni og voru þessar helztar: — 1. Í stað verzlunarafgjaldsins skal leggja toll (6 %) á allar aðfluttar og útfluttar vörur. Gerir hann ráð fyrir, að verzlunarveltan sé 200 þús. rd. árlega og mundi því tollurinn nema um 12 þús. rd. Vill hann láta skipa 13 tollþjóna á Íslandi, og sé þeir jafnframt fógetar hver á sínum stað, en sýslumenn að eins héraðsdómarar (Sorenskrivere). — 2. Innbornir Íslendingar og þeir menn, sem nú eru í förum til Íslands, og aðrir, sem þeir kunna að taka í félag við sig, skulu eiga forgangsrétt að íslenzku verzluninni, en að þeim frágengnum aðrir þegnar Danakonungs, sem reka verzlunaratvinnu. Öllum öðrum þjóðum skal stranglega bönnuð verzlun á Íslandi. — 3. Vörur þær, sem fluttar eru til landsins, skulu keyptar beint frá framleiðendum, ef unt er, svo sem timbur, járn og tjara frá Noregi og allar kornvörur frá Danmörku, ef þær fást þar við hæfilegu verði, en að öðrum kosti frá Eystrasaltslöndunum. Sömuleiðis skal heimilt að flytja til Íslands beina leið salt frá Portúgal, Spáni og Frakklandi og steinkol frá Skotlandi og Englandi. — 4. Verzlun á Íslandi ætti að draga sem mest undir ákveðnar hafnir, er liggja bezt við, svo sem Reykjavík sunnanlands, Grundarfjörð við Breiðafjörð, einhverja eina höfn á Vestfjörðum, Akureyri norðanlands og Eskifjörð eystra, en leggja þó upp nauðsynjavörur á hinum höfnunum og taka þar fisk, lýsi og kjöt eftir þörfum og hentugleikum. — 5. Konungur skipar tvo ræðismenn í Kaupmannahöfn á sinn kostnað, reynda menn og ráðsetta, sem kunnugir eru íslenzku verzluninni og öllu því, sem

að henni lýtur; skulu þeir lúta stjórnarráði konungs (Rentukammerinu) og eiga þar áheyrn vísa um mál sín, en stjórnarráðið leggur tillögur þeirra fyrir konung, ef þörf gerist. Allir þeir, sem vilja gefa kost á sér til að reka verzlun á Íslandi eða vera í förum þangað, skulu snúa sér til þessara ræðismanna, og sömuleiðis þeir, sem hafa útlenzkar vörur á boðstólum eða vilja kaupa íslenzkar vörur. Skulu ræðismennirnir sjá um, að næg sigling komi til landsins í tæka tíð og að fluttar sé nauðsynjavörur eftir þörfum, og skal gera þeim kunnugt um allar vörubirgðir, sem fluttar eru til landsins eða frá. — 6. Öll verzlunarhús og vörubirgðir á Íslandi skal virða sanngjarnlega og láta falt þeim mönnum, sem taka að sér að reka verzlun á Íslandi. Skal andvirðið greitt á 10 árum með 4 % vöxtum. Skip þau, 35 að tölu, sem nú eru í förum til Íslands af hálfu konungsverzlunarinnar, og sömuleiðis duggur þær, sem eru á Íslandi, skulu fylgja með í kaupunum og greiðist andvirði þeirra á sama hátt. Skal þeim skift hlutfallslega niður á 5 aðalhafnirnar. Þessum skipastól má aldrei farga og eigi láta hann úr sér ganga, heldur sé honum haldið við til siglinga og fiskiveiða og aukinn eftir þörfum. — 7. Þess er vænst, að konungur af mildi sinni gefi Íslendingum eftir allar gamlar verzlunarskuldir, því það mundi hnekkja efnahag landsmanna enn þá meir, ef gengið væri eftir þeim, og gera þeim erfiðara fyrir að leggja nokkuð til umbóta á atvinnuvegunum. — Til þess að fá þessu framgengt telur hann nauðsynlegt að gefa út alsherjartilskipun um verzlunina, er bygð sé á þeim aðalatriðum, er nú voru talin, og áður útgefnum verzlunarlögum, en sniðin að öðru leyti eftir staðháttum.[1])

Þessum tillögum varð heldur eigi framgengt, því konungur seldi þá Almenna verzlunarfélaginu landið á leigu.

---

1) *Project til nogle Grundartikler for en Frihandel i Island.* Kmh. 1763. (J. Sig. 35 fol.)

Fór það að sumu leyti eigi betur að ráði sínu en Hörmangarafélagið, þótt gerðar væri að sönnu af félagsins hálfu ýmsar tilraunir til viðreisnar og endurbóta á atvinnugreinum landsmanna. Komst að lokum alt í uppnám út af aðförum félagsins við stofnanirnar og skemda mjölinu, sem út var sent árið 1768, og reri Skúli fógeti að því öllum árum, að félagið væri svift verzluninni. Lagði hann fram nýjar tillögur um breytingar á verzluninni árið 1767 og var þá sjálfur staddur í Kaupmannahöfn. Fóru þær í svipaða átt sem tillögur hans frá 1763, en voru talsvert ítarlegri, og er þetta aðalinntakið: — 1. Tíu duglegum kaupmönnum frá Danmörku, Noregi, Hertogadæmunum og Hollandi, sem hafa bæði fjármagn og lánstraust, skal gerður kostur á að flytja til Íslands og setjast að á þeim höfnum, er hentugastar þykja. Skulu þeir tilkjörnir af stjórninni og undanþegnir fyrstu 10 árin öllum sköttum og skyldum nema tolli; þó skulu þær sjávarafurðir, sem fram yfir verða afla undanfarinna ára, vera tollfrjálsar fyrstu 10 árin. Landsmenn sjálfir taka höndum saman við kaupmenn þessa eftir því sem efni leyfa og um semur. — 2. Kaupmenn þeir, sem nú reka verzlun á höfnum landsins, skulu eiga forgangsrétt að verzluninni svo framarlega sem þeir hafa nægilegt fjármagn og verzlunarþekkingu, og verzlunarþjónum þeim, sem nú gegna störfum á Íslandi, skal heimilt að ganga í þjónustu hinna nýju kaupmanna, en þó skulu innbornir Íslendingar sitja fyrir öðrum. — 3. Konungur leysir Almenna verzlunarfélagið af hólmi með því að kaupa af því öll verzlunarhús og vörubirgðir, og má ætla að það nemi í hæsta lagi 50 þús. rd. að frátöldum skuldaeftirstöðvum. Þessa 50,000 rd. fær konungur endurgreidda á næstu 10 árum með auknum tolltekjum, svo að hann ætti engan halla að bíða við þessi umskifti. Er þess því vænst, að konungur gefi þeim Íslendingum verzlunarhúsin, sem í öndverðu leggja fé sitt í verzlunina eftir fremsta megni, og eigi þeir síðan hlut í þeim að tiltölu við framlög sín. Skal sá, er lagt hefur 50

dala skerf til verzlunarinnar, eiga sem svari 200 dölum í húsunum og vörubirgðunum og telst þá inneign hans í verzluninni 250 dalir. — 4. Tollur skal lagður á allar vörur, sem fluttar eru úr ríkjum konungs til Íslands, og skal hann greiddur á fermingarstaðnum. Finnist nokkrar ótollaðar vörur á Íslandsförum, skulu þær tafarlaust upptækar. Af vörum frá erlendum ríkjum skal tollur greiddur á aðkomuhöfn á Íslandi. Allar útfluttar íslenzkar afurðir skulu tollaðar í höfnum á Íslandi og tollurinn greiddur í peningum. Skulu skipaðir 10 tollþjónar á Íslandi, er hafi umsjón á höfnunum eftir því sem hér segir: einn í Vestmannaeyjum, einn á Eyrarbakka, einn á suðurhöfnunum (Grindav., Bátsöndum, Keflav., Hafnarf. og Hólminum), einn á Snæfellsnesinu, einn á Patreksfirði og Bíldudal, einn á Ísafirði, Dýrafirði og Reykjarfirði, einn á Skagaströnd og Hofsós, einn á Eyjafirði og Húsavík, einn á Húsavík og Vopnafirði og einn á Reyðarfirði og Berufirði. Tollþjónum þessum er skylt að halda aðstoðarmenn á sinn kostnað og skulu þeir njóta ákveðins hluta af uppteknum vörum, en hitt skiftist að jöfnu milli hegningarhússins í Reykjavík og iðnaðarstofnananna. — 5. Eigi má ferma né afferma skip annarsstaðar á Íslandi en á þeim höfnum, eru áður voru taldar, og varðar upptekt skips og farms, ef út af er brugðið. Verði nokkur af landsmönnum staðinn að því, að hafa stigið á skipsfjöl í öðrum tilgangi en þeim, að leiðbeina skipinu til hafnar, skal honum varða búslóðarmissi og Brimarhólmsvist. — 6. Sakir umstangs þess og anna, er leiða kann af þessari nýju verzlunartilhögun fyrir hið æðsta embættisvald á Íslandi, skal stiftamtmaður hér eftir vera búsettur á Íslandi og tveir amtmenn skipaðir honum til aðstoðar, annar sunnan lands en hinn norðan. — Tillögumaður gerir ráð fyrir, að tolltekjur af íslenzkum vörum nemi árlega 10,751 rd. og af erlendum vörum 18,795 rd., eða samtals 29,546 rd. Árleg útgjöld við tollheimtuna áætlar hann 2500 dali, svo eftir verða 27,046 rd. og nemur það á 10 árum rúmum 270

þús. rd. Sé frá dregin upphæð sú, er gekk í öndverðu til útlausnar á verzlunarhúsum og vörubirgðum og nemur að vöxtum meðtöldum 70,000 rd., verða eftir 200,000 rd. Árlegt afgjald Almenna verzlunarfélagsins var 7000 rd., eða 70,000 rd. á 10 árum, og ætti því konungur að græða 130 þús. rd. á 10 árum við þessa breytingu.[1])

Eins og frumvarp þetta ber með sér, er hér eigi um frjálsa verzlun að ræða, þótt landfógeti kalli hana svo, heldur um einokun með öðru sniði en áður hafði tíðkast. Sýnir það bezt, hve einokunarandinn var orðinn rótgróinn um þær mundir, að sjálfur landfógetinn, sem þó hafði jafnan í orði kveðnu verið svarinn óvinur einokunarstefnunnar, skyldi eigi þora að fara lengra í tilslökunaráttina, en hann gerir í þessum tillögum sínum, og reyna jafnframt að telja bæði sér og öðrum trú um, að hér sé um frjálsa verzlun að ræða. Raunar var bæði honum og öðrum nokkur vorkunn meðan sú skoðun var alment ríkjandi, að það yrði lands og lýða tjón, ef útlendum þjóðum væri leyfð sigling hingað, án þess að þær væri um leið skuldbundnar til að birgja landið hvernig sem áraði og selja nauðsynjar við hóflegu verði. Og hitt er aðgætandi, að Skúli lagði í rauninni miklu meira upp úr því, að landsmenn gæti sjálfir öðlast hlutdeild í verzluninni og komið fótum undir sig í þeim efnum, en upp úr hinu, að verzlunarokinu væri algerlega af létt. Hann vildi með öðrum orðum vinna það til, að halda verzlunareinokun í vissum skilningi enn um hríð, af því að hann leit svo á, að það væri nauðsynlegt vegna landsmanna sjálfra og eitt af skilyrðunum fyrir því, að þeir gæti tekið þátt í verzluninni. Sömu skoðunar var Jón Eiríksson. Gaf hann um þessar mundir út áðurnefnt rit Páls lögm. Vídalíns

1) *Plan og Demonstration hvorledes Island kan drive sin egen Frie-Handel til større Fordel for Indbyggerne og de kongelige Indkomsters Forbedring.* Kmh. 24. apr. 1767. Pjskjs. A 34 nr. 5. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti (1711—1911) eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 232—234. Þar er farið eftir eintaki í Skjölum Landsnefnd. Litt. TT (Rskjs.) og er það alveg samhljóða hinu að efninu til, en greinaskifti önnur.

um viðreisn Íslands[1]) og jók það mjög og breytti, svo vant er að sjá, hvað Páll lögmaður á í ritinu eins og það liggur fyrir. Er þar í fyrsta skifti gerð rækileg grein fyrir skaðsemi einokunarverzlunarinnar á Íslandi og sýnt fram á hinar hörmulegu afleiðingar hennar fyrir land og lýð, hnignun efnahagsins og atvinnugreinanna og deyfð og dáðleysi landsmanna, sem kaupmenn fremur ýti undir en hitt. Þrátt fyrir þetta dirfist höfundurinn þó eigi að kveða upp úr með frjálsa verzlun, heldur hallast sýnilega fremur að sérverzlun, eins og áður hafði tíðkast, en leggur annars aðaláherzluna á ýmiskonar umbótaviðleitni og lætur þar við sitja. Rit þetta vakti mikla athygli í Danmörku og átti víst drjúgan þátt í að sannfæra stjórnina um skaðsemi einokunarverzlunarinnar, eða að minsta kosti félagsverzlunarinnar. Beindi hún upp frá því athygli sinni meira en áður að verzlunar- og atvinnumálunum og leitaði margvíslegra bóta á högum landsmanna, án þess þó að svo stöddu að leggja út í nokkrar verulegar breytingar á verzluninni, enda var þess enn langt að bíða, að einkaleyfisfrestur Almenna verzlunarfélagsins væri útrunninn. Má þó marka það af ýmsu, að stjórnin hefur haft slíkar breytingar í hyggju og viljað búa sig undir þær sem rækilegast, því árið 1769 var ráðgert að senda stiftamtmann og einhverja fleiri með honum til Íslands til þess að kynna sér hagi lands og þjóðar. Átti hann sérstaklega að athuga verzlunarmálið og grenslast eftir því, hvort nokkur tök væri að koma á frjálsri verzlun á Íslandi.[2]) Að sönnu

---

1) *Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalins Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ; samt nogle andres af samme Indhold anvendt paa nærværende Tider.* — Sorõe 1768.

2) Kgl. Resol. 11. apr. 1769 ang. Stiftbefalingsmandens Reise til Island. Lovsaml. for Isl. III, 630—632. Smbr. Bréf stiftamtm. til stjórn. 28. nóv. 1769. Isl. Handelssager 1705—1770 (Rskjs.). Fylgir því frv. til erindisbréfs handa stiftamtm. og meðnefndarmönnum hans og segir þar í § 10: ... »De bör lægge særdeeles Vind paa at undersöge Landets indvortes og udvortes Handel og undersöge, hvorleedes den sidste Octroy er efterlevet, hvilket tydelig og sandfærdig bör oplyses og indberettes, hvad enten de Handlendes Forhold befindes godt eller misligt«, og í § 11: »De bör med al Betænksomhed og moden Overveielse, saavel selv som med Betienternes Consultation, overlægge og indberette, hvorleedes en

varð ekkert úr þessu ferðalagi, en skipun *Landsnefndarinnar* árið eftir (1770) ber þess ljósan vott, að stjórninni var full alvara með þessar eftirgrenslanir. Voru þrír menn skipaðir í nefndina, þeir Andreas Holt bæjarfulltrúi í Kristjaníu, Þorkell Fjeldsted lögmaður í Færeyjum og Thomas Windekilde kaupmaður, allir þrír valinkunnir sæmdarmenn. Átti Jón Eiríksson kost á að taka sæti í nefndinni, en færðist undan því af sérstökum ástæðum.[1]). Skyldu nefndarmenn þessir ferðast til Íslands þá um sumarið, rannsaka gaumgæfilega alla hagi lands og þjóðar og leggja ráð til umbóta og viðreisnar.[2]) Var þeim fengið í hendur mjög ítarlegt erindisbréf og falið meðal annars að athuga verzlunarmálið og láta í ljós álit sitt um, hvort frjáls verzlun væri nytsöm fyrir landið, konunginn og ríkið í heild sinni, og hvernig bezt mundi að haga henni, ef afráðið væri að koma henni á.[3])

Nefndarmennirnir sátu árlangt á Íslandi og störfuðu af hinni mestu kostgæfni. Hefur sjaldan á jafn skömmum tíma orðið meiri eða betri árangur af nefndarkvaðningu hér á landi, enda fóru þeir félagar mjög skynsamlega að ráði sínu, því þeir áttu þegar í öndverðu tal við helztu menn landsins á alþingi, ferðuðust síðan sjálfir um landið eftir því sem tími vanst til og rituðu loks í allar áttir og skoruðu á menn að láta skoðanir sínar í ljós um þau atriði, er nefndinni var falið að grenslast eftir. Barst þeim fjöldinn allur af skjölum og skilríkjum, og eru þau hin fróðlegustu um alla hagi lands og þjóðar á seinni hluta 18. aldar. Eins og gefur að skilja var verzlunarmálið efst á baugi hjá flestum, enda hafði nefndin lagt frv. Skúla

---

frie Handel paa Island til Fordeel for Indbyggerne samt Nytte for Kongen og Undersaatterne i Danmark og Norge kan iværksættes, og paa hvad Maade saadant kunde skee, samt nöje eftergrandske, hvorvidt Landets Beboere kunne til denne Handelens Forandring contribuere«.

1) Smbr. Æfis. Jóns Eirikssonar. Kmh. 1828. Bls. 43 og 138.

2) Smbr. Lovsaml. for Isl. III, 639–640, 641–642 og 654–658.

3) Smbr. Erindisbr. Landsnefnd. 22. mai 1770 (§ 4). Lovsaml. for Isl. III 669—670.

fógeta frá 1767 fyrir landsmenn og skorað sérstaklega á þá að láta uppi álit sitt um það og um verzlunarhagina yfirleitt. Voru flestir eða allir á einu máli um skaðsemi einokunarverzlunarinnar eins og hún hafði verið að undanförnu, en um frv. Skúla voru skoðanir ærið skiftar og eins um hitt, hver verzlunartilhögun væri heppilegust. Nokkrir menn hölluðust að tillögum Skúla, svo sem sýslumennirnir Hans Wium, Jón Arnórsson og Magnús Ketilsson, hinn síðasttaldi þó með þeim varnagla, að verzlunin sé ekki svo rígbundin við þá 10 fastakaupmenn, er Skúli gerir ráð fyrir, að menn megi ekki sjálfir panta sér vörur frá öðrum löndum og selja þær frjálslega eða flytja utan afurðir sínar, gegn því að greiða lögmæltan toll.[1]) Það er þó aðgætandi, að tveir af þessum mönnum voru nákomnir landfógeta, því Magnús Ketilsson var systursonur hans, en Jón Arnórsson tengdasonur hans. Aðrir létu með almennum orðum þá skoðun í ljós, að æskilegt væri að koma á frjálsri verzlun, en leiddu hjá sér að gera nánari grein fyrir tilhögun á henni.[2]) Aftur á móti lögðust sumir, og þeir ekki af lakari endanum, mjög eindregið á móti tillögum Skúla og töldu þær jafnvel stórhættulegar landi og lýð. Fremstur í þeirra flokki var Ólafur Stefánsson amtmaður. Gerði hann allítarlega grein fyrir máli sínu og taldi fram þær röksemdir, er að hans dómi mæltu á móti tillögum Skúla. Þótti honum litlar líkur til, að frv. hans yrði landinu eða konunginum til hags og heilla, enda væri og ókleyft að koma því á að svo stöddu. Þykir honum landfógeti mikils til of djarfur í tollæætlunum sínum og ber kvíðboga fyrir því, að tolltekjurnar verði mjög stopular í harðærum. Hafði Skúla talist svo til, að árlega mundu flytjast af landinu 5000 tunnur af kjöti, en Ólafur heldur því fram,

1) Skjöl Landsnefnd. Litt. BB. Þjskjs. A 35 nr. 4. Smbr. Litt. Ff. nr. 1—2. Þjskjs. A 35 nr. 8.

2) Smbr. t. d. Skjöl Landsnefnd. Litt. HH nr. 1 (Brynjólfur sýslum. Sigurðsson) og QQ (Jón sýslum. Jakobsson). Þjskjs. A 35 nr. 4—5,

að útflutningurinn nemi ekki einu sinni 1000 tunnum, og af gærum, ull og prjónlesi flytjist ekki nema tæpur fimti hluti þess, er landfógeti geri ráð fyrir, og svo var um fleiri vörutegundir bæði útlendar og innlendar. Þetta var nú ein af aðalmótbárunum, en auk þess hafði hann ýmislegt að athuga við einstakar greinar frumvarpsins, og var þetta hið helzta: — 1. Þótti honum rangnefni að kalla þetta frjálsa verzlun, þar sem gert væri ráð fyrir að einir 10 útvaldir menn ræki verzlunina. — 2. Taldi hann víst, að þessir 10 menn mundu kaupa upp allan útgengilegan varning og bola öðrum frá að taka þátt í verzluninni. — 3. Gerði hann ráð fyrir, að tollurinn mundi verða til þess að auka mjög verð á útlenzkum varningi. Auk þess mundi að líkindum veita erfitt að fá 10 fjáða kaupmenn til að setjast að á Íslandi, því þeir ætti ekki svo lítið á hættu; hefði oft og einatt krept mjög að kaupmönnum í harðærum, þótt ágóðinn væri hinsvegar allálitlegur þegar vel léti í ári. Sumar af höfnunum væri og mjög viðsjálar, svo sem Eyrarbakki, Bátsandar, Skagaströnd og Húsavík, og hefði skipum oft hlekst þar á; væri það ekki svo mjög tilfinnanlegt, ef heilt félag ætti í hlut, en gæti auðveldlega riðið einstaklingum að fullu. — 4. Óttaðist amtmaður, að enginn mundi fást til að sigla á þær hafnir, er eigi þætti arðvænlegar, og væri gömul reynsla fyrir því. — 5. Taldi hann miklum erfiðleikum bundið að hafa eftirlit með aðflutningum og hætt við, að kaupmenn flytti að eins þær vörur til landsins, er mestur hagnaður væri að, en léti hinar mæta afgangi. — 6. Þótti honum líklegt, að þessir útvöldu kaupmenn yrði uppivöðslumiklir við alþýðu manna, og hætt við, að örðugt veitti að koma lögum yfir þá, eigi sízt ef þeir væri úr öðrum ríkjum. — 7. Þótti honum viðbúið, að kaupmenn þessir yrði tregir til að lána fátæklingum, en þar lægi lífið við í hörðum árum. — 8. Taldi hann ósennilegt, að kaupmenn þessir fengist til að láta eftir matvörubirgðir á höfnunum, er grípa mætti til ef á lægi. — 9. Ef til ófriðar

drægi með Norðurálfuþjóðunum býst hann við, að kaupmenn frá löndum þeim, er ætti í ófriði, mundu hætta siglingunum fyrirvaralaust. —

Þessar voru mótbárur Ólafs amtmanns. Áttu sumar þeirra við rök að styðjast, einkum aðfinslur hans við tolltekjuáætlun landfógeta, en aðrar voru fremur léttvægar. Að loknum aðfinslunum kemur Ólafur sjálfur fram með álit sitt og tillögur um verzlunina. Kveðst hann eigi ganga þess duldur, að flestir sé andvígir einokunarverzluninni, eða að minsta kosti félagsverzlun, og felst hann á að hún sé skaðleg. Þó telur hann eigi ráðlegt að stofna til frjálsrar verzlunar að svo stöddu, meðan Íslendingar sjálfir taki engan þátt í henni, en ætlar aftur á móti, að sérverzlun á einstökum höfnum í líkingu við það, sem tíðkast hafði um eitt skeið, muni reynast heppilegust. Leggur hann til að henni sé hagað á þessa leið: — 1. Að hverjum lausakaupmanni sé leigðar tvær hafnir saman, ein fiskihöfn og ein sláturhöfn. — 2. Að leigufresturinn sé eigi nema 6 ár í senn, því þá muni kaupmenn leitast við að koma sér vel til þess að fá leigufrestinn framlengdan, en hinsvegar sé þá innan handar að losna við leigjendurna áður en yfir þyrmi, ef þeir gefist illa. — 3. Að engum öðrum en Dönum og Norðmönnum sé veitt verzlunarleyfi á Íslandi. — 4. Að Íslendingum sjálfum sé áskilinn réttur til að reka verzlun í Hafnarfirði og Keflavík og leyft að flytja afurðir sínar hvert sem þeir vilji. Gæti þeir svo smám saman öðlast fleiri hafnir, ef alt færi með feldu.[1])

Annar merkur maður, Bjarni sýslum. Haldórsson, lagði og eindregið á móti frv. landfógeta. Taldi hann frv. hið ágætasta í alla staði frá sjónarmiði kaupmanna þeirra, sem hér væri um að ræða, en hið viðsjárverðasta frá sjónarmiði landsmanna, því tilhögun þessi mundi verða landinu skaðlegri en nokkur félagsverzlun. Þá fyrst gæti

---

1) Skjöl Landsnefnd. Litt. II Þjskjs. A 35 nr. 5. Smbr. Skúli Magnússon landfógeti (1711—1911) eftir Jón Jónsson. Rv. 1911. Bls. 235—237.

verið um frjálsa verzlun að ræða í orðsins fylstu merkingu, ef landsmenn fengi sjálfir óskorað leyfi til að flytja út afurðir sínar og selja þær hvar sem þeir vildu í ríkjum konungs, enda mætti þeir og taka aðra þegna konungs í félag við sig. Það er þó langt frá því, að Bjarni treysti löndum sínum til að reka verzlun eða leggi það til, að frjálsri verzlun sé komið á. Það var öðru nær. Hann vill halda fast eigi að eins við einokunarverzlunina, heldur jafnvel við félagsverzlun, því þá geti landsmenn að minsta kosti verið ugglausir um aðflutninga á nauðsynjum með hæfilegu verði og lán í hallærum, og mætti vel búa svo um hnútana, að kosti þeirra væri eigi þröngvað um of. Að minsta kosti þóttist hann að svo stöddu eigi sjá aðra leið heppilegri.[1]) Og þótt undarlegt megi virðast stóð hann ekki einn uppi með þá skoðun. Björn Markússon lögm. tók í sama strenginn. Telur hann að sönnu frjálsa verzlun æskilegasta, en jafnframt háskalegasta meðan landið sé svo illa á sig komið, því kaupmenn verði þá eigi bundnir neinum skilyrðum. Sérverzlunin þykir honum of óábyggileg, því hætt sé við því, að enginn fáist til að taka að sér lökustu hafnirnar. Hann skoðar því félagsverzlun sem eins konar »malum necessarium« (nauðsynlegt böl) og tryggilegasta að svo stöddu, því skilmálarnir þröngvi félaginu til að birgja landið.[2]) Tveir merkismenn aðrir, Sveinn Sölvason lögmaður og Finnur biskup Jónsson, voru þeim samdóma að mestu leyti, þótt báðir hallist þeir raunar fremur að sérverzlun. Sveinn lögmaður fer svofeldum orðum um þetta í bréfi til Ólafs amtmanns: »Eg er eindregið á móti hugmyndinni um frjálsa verzlun og vona að Yðar Velborinheit komi í veg fyrir hana, svo að vér hreppum eigi enn meiri eymd og vesöld. Sérverzlun á einstökum höfnum hefur allajafna bezt gefist og verið

1) Skjöl Landsnefnd. Lit. P. Þjskjs. A 35 nr. 3. Þetta virðist þó eigi vera í sem beztu samræmi við skoðanir hans áður fyrri. Smbr. hér að framan bls. 201—204 og 222—223.

2) Smbr. Landkommissionens Dokumenter. Lit. K (Rskjs.)

heppilegust fyrir landið.«[1]) Finnur biskup segir afdráttarlaust, að Íslendingar mundu sakna verzlunarfélagsins, ef frjáls verzlun kæmist á, og mundi að því reka fyr eða síðar, að engin sigling kæmi árum saman á lökustu hafnirnar. Telur hann litla ástæðu til að amast við félaginu, svo framarlega sem það haldi skuldbindingar sínar. Þó er hann fremur á því, að sérverzlun í líkingu við þá, er tíðkast hafði á fyrstu áratugum 18. aldarinnar, mundi bezt gefast.[2]) Að þeirri skoðun hölluðust fleiri, svo sem Þorsteinn Magnússon sýslum. Rangæinga, Jón Ólafsson varalögm., Jón Benediktsson sýslum. Þingeyinga og Lýður Guðmundsson sýslum. Vesturskaftfellinga. Lögðu þeir allir til, að félagsverzluninni væri breytt í sérverzlun svo fljótt sem auðið yrði.[3])

Svona voru skoðanirnar skiftar, þegar farið var að leita álits Íslendinga sjálfra um þetta mál, og átti því Landsnefndin úr vöndu að ráða. Höfðu nefndarmennirnir sjálfir ýmislegt að athuga við frv. Skúla og töldu engar líkur til, að sú tilhögun mundi vel gefast. Að sönnu féllust þeir á það, að frjáls verzlun væri í rauninni æskilegust, en að svo stöddu mundi hún þó eigi reynast holl eða hagkvæm. Leggja þeir til, að stjórnin stefni að því marki í framtíðinni og búi það undir smám saman með því að leggja kapp á að hrinda atvinnugreinum landsmanna í betra horf og styðja framfaraviðleitni þeirra á öllum sviðum. Meðal annars töldu þeir æskilegt, að velja 10 eða 12 efnilega embættismanna- og bændasyni og koma þeim fyrir hjá kaupmönnum í Noregi, svo að þeir gæti kynst verzlunarstörfum, en öðrum væri haldið til farmensku og siglinga o. s. frv. Þegar svo fólki tæki að fjölga og kjör landsmanna að batna, væri æskilegt að koma fótum undir

1) Skjöl Landsnefnd. Litt. LL. Þjskjs. A 35 nr. 5.
2) Skjöl Landsnefnd. Lit. G nr. 2. Þjskjs. A 35 nr. 2.
3) Smbr. Skjöl Landsnefnd. Litt. H, U, Aa nr 2 og Tt. Þjskjs. A 35 nr. 2—3 og 7—8.

kauptún eitt eða fleiri og úr því mætti smám saman fara að losa um verzlunarböndin.[1])

Þessa umbótaviðleitni stjórnarinnar má sjálfsagt að nokkru leyti rekja til breytinga þeirra, sem orðnar voru um þær mundir á hugsunarhætti manna erlendis og fjármálaskoðunum. Verndar- eða einokunarstefnan í iðnaði og verzlun (Merkantilismin) var þá í þann veginn að hverfa úr sögunni og önnur ný stefna að ryðja sér til rúms, er losa vildi um öll höft á atvinnu manna og hélt því fram, að einokun í öllum myndum væri lands og lýða tjón. Það var í sjálfu sér eðlilegt, að stjórnin væri nokkuð sein á sér að knésetja þessa nýju stefnu, sem braut svo mjög í bág við eldri skoðanir, er áður voru hafðar í hávegum. En um undanfarið skeið höfðu svo margir höfundar í Danmörku, og eigi sízt þeir, sem eitthvað höfðu ritað um íslenzk atvinnu- og verzlunarmál, hallast á sveif með þessari stefnu,[2]) að stjórnin var sjálf farin að sann-

---

1) Betænkninger og Forslag fra de beskikkede Kommissærer i Island. Landkomm. Dokumenter (Rskjs.). Smbr. Lovsaml. for Isl. IV, 40—41.

2) Af höfundum þessum má telja *Hastfer* barún fremstan í flokki. Hafði hann lagt mikla stund á fjárrækt og kynbætur og verið því fenginn til að koma upp fjárræktarbúi á Elliðavatni árið 1757. Reit hann síðan allfróðlegan og skynsamlegan bækling um hag og viðreisn landsins og dró enga dul á, að einokunarverzlunin ætti mestan þátt í eymd og örbirgð landsmanna. Telur hann landinu margt til gildis, en segir að einokunarverzlunin standi öllu fyrir þrifum og sé engrar viðreisnar von meðan hún haldist. Ætlar hann að landinu hafi mest hnignað við það, að Íslendingar lögðu niður verzlun og siglingar, en auðsuppspretturnar sé þó svo margar og miklar, að landið gæti vel rekið sína eigin verzlun. Leggur hann mikið upp úr umbótum á atvinnuvegunum og telur það undirrót allrar viðreisnar, en segir þó að lokum, að eigi sé til neins að kosta fé til þeirra fyr en búið sé að afnema einokunarverzlunina, því hún kvelji lífið úr Íslendingum. (Upartiske Tanker om Islands nærværende Tilstand applicerede til dets Forbedring. Anno 1757. Thott nr. 962 fol. Smbr. Landfrs. Þorv. Thor. II, 248—250). Litlu síðar stakk *Thomas Balle* kaupm. upp á því við stjórnina, að hún leyfði öllum þegnum Danakonungs verzlun á Íslandi, og er hann sömu skoðunar sem Hastfer um skaðsemi einokunarverzlunarinnar. Var þess meira mark að orðum hans, sem hann hafði sjálfur verið lengi í förum til Íslands. Vill hann leyfa hverjum einum af þegnum konungs að setjast að á Íslandi og reka verzlun bæði sumar og vetur gegn ákveðnu tollgjaldi, og komst að þeirri niðurstöðu, að konungur mundi hafa miklu meira upp úr því. Telur hann líklegt, að Íslendingar mundu einnig sæta þessu boði um hlutdeild í verzluninni, eigi sizt þeir, sem áður hafi rekið sveitaprang. (Oeconomiske Tanker ofver Island, fremsat til Project Anno 1759. Fylgir Rkbr. 1760. Þjskjs. A 118. Upp úr þessum

færast um, að einhverjar breytingar á íslenzku verzluninni væri nauðsynlegar og það sem allra fyrst. Í það mund, er Landsnefndin hafði lokið störfum sínum, var farið að sverfa mjög að Almenna verzlunarfélaginu. Treystist það eigi til að halda verzluninni áfram nema með afarkostum, svo stjórnin þóttist í ærnum vanda stödd og bað um álit Thodals stiftamtmanns. Bar hann þetta undir embættismenn á Íslandi, en álit þeirra og skoðanir voru mjög sundurleitar eins og áður. Landfógeti hélt enn fast við þá skoðun sína, að svipuð verzlunartilhögun eins og sú, er hann hafði stungið upp á árið 1767, væri heppilegust,[1]) og hallaðist einn maður á sveif með honum,[2]) en hinir voru flestir með konungsverzlun eða sérverzlun, og þó fleiri með sérverzlun, af því að þeir báru kvíðboga fyrir því, að kaupmenn yrði of ráðríkir í konungsþjónustunni og stjórnin þá jafnframt tregari til að gegna aðfinslum landsmanna. Enn voru þeir nokkrir, sem héldu fast við

---

tillögum hefur hann ritað bæklinga tvo samnefnda, sem gefnir eru út í Kmh. 1760—1761). Enn kom út í Kaupmannahöfn árið 1771 nafnlaus bæklingur og er hans getið lauslega hér að framan (*Tillæg til Philodani förste Hæfte eller Afhandling om Handelen, og især den islandske*). Ræðst höf. allhvast á einokunarverzlunina og gefur að lokum svofelda ráðleggingu við verzlunarbölinu: »Rp. Absit monopolium, detur oppositum. Digeratur per tres annos et invitentur omnes subditi opulentiores, Norvegi imprimis, ut migrent in Islandiam cum tota familia, habitentque ibidem ad finem vitæ usque, Privilegiis singularibus suffulti. D. S. Til alle og enhvers Efterretning«. (Þ. e. Einokunarverzlunin skal afnumin og í hennar stað komið á frjálsri verzlun. Skal þessu komið í kring á þrem árum og öllum fjáðum þegnum Danakonungs, en þó sérstaklega Norðmönnum, gefinn kostur á að flytja til Islands með fjölskyldu sína og hafast þar við til æfiloka, og skulu þeim veitt sérstök réttindi. D. S. Öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni).

1) Smbr. Bréf hans til stiftamtm. 4. sept. 1773. Adskillige Regnskabs- og Stervbossager fra Kommissærerne i Stiftamtm. Thodals Bo (Rskjs.)

2) Ef til vill hafa fleiri menn út um land verið hlyntir frjálsri verzlun, þótt þeir gæfi sig eigi fram. Að minsta kosti fer ritgerð ein frá þessum árunum, sem geymd er hér í handritasöfnum, í þá áttina, og eru sumar af tillögum höf. allnýstárlegar. Lætur hann eigi nafns síns getið, en kveðst vera einn af þeim, sem lengi hafi lifað undir »danskra Íslands kaupmanna despotiskri regering, óskandi að hún væri snart enduð og í hennar stað frihöndlan innfærð í landið«. Vill hann láta menn frá Noregi, Danmörku og Hertogadæmunum reka lausaverzlun á höfnunum, en telur Íslendingum ofvaxið að taka þátt í henni að svo stöddu, því þeir hafi eigi vit á verzlun fremur en ómyndug börn, »sem burt gefa það einn til mælist fyrir það, sem glyslegt þykir og seljandinn ákveður, sem ei er að undra, þar fólkið um nokkra mannsaldra einn eftir annan hefur aldrei haft

þá skoðun, að félagsverzlunin yrði happadrýgst, og furðaði stiftamtmann mjög á því. Sjálfur er hann hlyntastur sérverzlun, ef unt sé að koma því svo fyrir, að Norðmenn taki þátt í henni jafnt Dönum og að Íslendingar fái sjálfir að minsta kosti tvær hafnir til umráða, en telur öll tormerki á, að þetta geti orðið. Leggur hann því til, að konungur taki að sér verzlunina og reki hana á sinn kostnað með það fyrir augum, að losa smám saman um verzlunarböndin og efla svo hag landsmanna, að þeir verði sjálfir færir um að taka þátt í verzluninni.[1])

Sá varð endirinn á þessu, að konungur tók enn á ný að sér verzlunina, sem fyr segir, og höfðu landsmenn aldrei sætt betri kjörum en nú á dögum seinni konungsverzlunarinnar. En úr þessu var þó fríverzlunarmálinu haldið vakandi. Voru lengi vel skiftar skoðanir um, hvort hún væri tímabær á Íslandi, þótt engum blandaðist lengur hugur um, að hún væri æskileg. Og flestir þeir, sem kunnugastir voru íslenzku verzluninni og báru hag landsins mest fyrir brjósti, voru sammála um að ráða til varfærni

---

reglulega kauphöndlan eður nokkuð til hennar vitað. ... Hvernig er það vænt-anlegt, að soddan fólk hafi forstand á kauphöndlan við framandi þjóðir sér til hagnaðar og ávinnings, þó þeim væri eftirlátin frihöndlan, fyr en einhver hefur kent þeim annara þjóða reglulegan kauphöndlunarmáta? Hvað skyldi þá hér við gera meðan fólkið fær ei forstand á so magtáliggjandi efni? Eg meina það sama, sem gert er við ómyndug börn og vitgrannar manneskjur, að setja þeim í þessu efni fávisu bændum nokkra formyndara«. Stingur hann upp á, »að hér kæmi inn í landið til að búa sína lifstið nokkrir ráðvandir menn, sem hafa gott forstand á kauphöndlan og reikningi, þá einn soddan maður ætti að hafa bústað nálægt hverjum kaupstað á einni kongs- eða klausturjörð, ef þær liggja þar nálægt, eður einhverri góðri bændaeign, sem hann vildi sér útvelja, eður og láta byggja sér hús á sjálfu kaupstaðarplázinu, hvar hann nokkur ár eftir það frihöndlan byrjaðist hér ætti að vera í ráði með bændum um þeirra kaupskap og hvað billegt sýndist um pris á öllum keyptum og seldum vörum eftir því sem þær seljast manna á milli í vors kongs ríkjum. ... Að síðustu ætti það að vera embætti þessara almúgans formyndara, sem nefnast mættu bókhaldarar, að sjá eftir kaupmanna reikningum þegar þeir eru sluttaðir í krambúðinni«. Getur höf. þess, að sumir hallist mjög að sérverzlun, »en það er í minum þanka hégómleg innbyrling«, segir hann. (Bmfél. 58, 4to). Eftir því sem næst verður komist er ritgerð þessi frá 1772 eða 1773 og samin af einhverjum lærðum manni í Múlaþingi.

1) Smbr. Rkbr. til Thodals stiftamtm. 3. apr. 1773 (Þjskjs. A 121) og svar hans við því 17. sept. 1773 (Bréfab. stiftamtm. XIV, 622—627).

í þeim efnum. Svo var t. d. um Hans Christian Bech jústizráð, er skipaður var um þær mundir forráðamaður eða framkvæmdarstjóri íslenzku verzlunarinnar af konungs hálfu. Í riti sínu um íslenzku verzlunina 1781 kemst hann að þeirri niðurstöðu, að þá fyrst geti verið að ræða um að koma á frjálsri verzlun á Íslandi, er landsmenn sé orðnir svo efnum búnir, að þeir geti sjálfir tekið þátt í henni, en hitt væri hið mesta hættuspil, að rasa fyrir ráð fram í þeim efnum.[1]) Árið eftir (1782) lagði Landbúnaðarfélagið danska fram þá spurningu, *hver verzlunartilhögun væri heppilegust á Íslandi*, og hét verðlaunum þeim, er bezt leysti úr. Jón Eiríksson var einn í tölu þeirra, er svöruðu spurningu félagsins. Álítur hann, að einokunarverzlunin geti aldrei orðið landinu til annars en óbætanlegs tjóns, því henni fylgi of mörg óeðlileg bönd og skorður á báðar hliðar. Telur hann því frjálsa verzlun fyrir alla þegna Danakonungs heppilegasta, en vill eigi rýmka svo til, að öllum þjóðum sé leyft að reka verzlun á Íslandi og telur það maklegt, að þegnar Danakonungs sitji fyrir arðinum af íslenzku verzluninni. Þykir honum nauðsynlegt að stofna kauptún á Íslandi, áður frjáls verzlun sé hafin, og lúka við hafnamælingar, svo að það standi eigi siglingunum fyrir þrifum. Sömuleiðis telur hann æskilegt, að fá iðnaðarmenn til að setjast að í kauptúnunum og efla fiskiveiðar og aðrar atvinnugreinar landsins eftir megni.[2]) Annað svar sendi Þorkell Fjeldsted og var hann að mestu leyti á sama máli. Segir hann meðal annars, að bráðnauðsynlegt sé að fjölga fólki á Íslandi og stingur upp á því, að fengnir sé danskir, norskir, enskir, skozkir, hollenzkir og þýzkir alþýðumenn til að flytja til Íslands og setjast þar að. Telur hann heppilegast að halda konungsverzluninni áfram þar til alt sé komið í kring og muni þá frjáls verzlun koma svo að segja af sjálfu sér.[3])

1) Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to (J. Sig. 37 fol.)

2) *Forsög til Forberedelse til at besvare Landhusholdnings-Selskabets Spörgsmaal: Hvilken er den bedste Handelsindretning for Island.* Kbh. 1783.

3) *Om ny Handelsindretning udi Island.* Kbh. 1784.

Það er bágt að segja hve lengi staðið hefði í þessu þófi um verzlunarmálið, ef Skaftáreldarnir hefði eigi dunið yfir og hraðað úrslitunum. Högum landsins var þá svo háttað, að eigi varð lengur slegið á frest að leita einhverra bóta á þeim, og stjórninni sjálfri var það ljóst, að hér tjáði eigi neitt kák. Sem fyr segir var afráðið að skipa nefnd manna til að rannsaka gaumgæfilega hagi lands og þjóðar og leita ráða til umbóta á þeim. Var hún skipuð helztu mönnum stjórnarinnar, svo sem greifunum Schimmelmann og Reventlow og Jóni Eiríkssyni konferenzráði, og þar á ofan nokkrum verzlunarfróðum mönnum, enda var nefndinni sérstaklega falið að rannsaka verzlunarmálið frá rótum og vinna úr skjölum og tillögum Landsnefndarinnar.[1]) Starfaði hún kappsamlega að þessu og gerði sér hið mesta far um að kynna sér málið sem rækilegast. Voru nefndarmenn allir á eitt sáttir um það, að eigi gæti komið til mála að konungur héldi áfram að reka verzlunina á sinn kostnað, því hann skaðaðist til muna á henni og horfurnar urðu ískyggilegri með hverju ári. Stafaði það sumpart af ærnum tilkostnaði, en þó langmest af afleiðingum Skaftáreldanna.[2]) Hafði nefndin fyrir sér sundurliðaða reikninga yfir verzlunarreksturinn frá 1774 til 1784 og komst að þeirri niðurstöðu, er hér segir, um skaða og ábata á þessum 11 árum:

---

1) Smbr. Skipunarbréf nefndarinnar 16. febr. 1785 (§ 2). Lovsaml. for Isl. V, 126.

2) Smbr. hér að framan bls. 257—258.

	Ábati		Skaði	
	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.
Frá 1. sept. 1774 til síðasta ág. 1775 . .	41080	60	»	»
— 1. — 1775 — — — 1776 . .	10161	69	»	»
— 1. — 1776 — — des. 1777 . .	36468	47	»	»
1778.	44457	56	»	»
1779.	49708	09	»	»
1780.	32844	08	»	»
1781.	34983	53	»	»
1782.	»	»	6531	30
1783.	»	»	59923	89
1784.	»	»	53540	83
Samtals	249704	14	119996	10
Ábati	129708	04		

Við reikninginn er þó það að athuga, að frá tekjunum dragast ýmsir útgjaldaliðir, sem eigi eru teknir hér til greina, svo að ábatinn verður að öllum kostnaði frádregnum að eins 21,208 dalir eftir reikningi nefndarinnar.[1]) Enn fremur lagði nefndin fram eftirfarandi skýrslu um verzlunarreksturinn á tímabilinu 1774 til 1784:[2])

1) Kommissionen ang. Islands almindel. Væsen. Expeditionsprotok. Bls. 466 (Rskjs.)

2) Kommissionen ang. Islands alm. Væsen. Expeditionsprotok. Bls. 274 (Rskjs.)

Gjöld	Rd.	Sk.
a) Vörur fluttar til Íslands	1336600	65
b) Skipaleiga	752905	88
c) Tryggingargjald	89595	37
d) Kostnaður í Kaupmannahöfn	298167	15
e) Kostnaður á Íslandi	435101	81
Samtals	2902370	86

Tekjur	Rd.	Sk.
a) Vörur fluttar frá Íslandi	2519031	46
b) Vörubirgðir í Kaupmannahöfn	113600	»
c) Vörubirgðir á Íslandi.	197100	»
d) Skuldir á Íslandi	32418	50
e) Hús og munir á Íslandi.	62488	»
Samtals	2924637	96
Mismunur	22267	10

Útkoman verður hér nokkuð svipuð og er hún alt annað en glæsileg. Tuttugu og tvær þúsundir dala á 11 árum, — það var alt og sumt, sem stjórnin bar úr býtum fyrir umstang það og erfiði, sem verzlunarreksturinn hafði í för með sér. Þegar öllu er á botninn hvolft, verður þó útkoman enn þá lakari, því hér eru engir vextir reiknaðir af höfuðstól þeim, er lagður hafði verið til íslenzku verzlunarinnar, en hann var talinn 1,050,000 rd. Sé þetta tekið til greina, verður skaði konungs mjög mikill og engin furða, þótt nefndin réði til breytinga á verzluninni, enda hafði jafnframt högum landsmanna hnignað stórum þrátt fyrir alla viðleitni stjórnarinnar. Dró nefndin þá ályktun af þessu, að einokunarverzlunin væri hið mesta skaðræði bæði fyrir konung og Íslendinga og komst að

þeirri niðurstöðu, að það væri hreinasta fjarstæða og villukenning, sem lengi hafði verið fram haldið í Danmörku, að frjáls verzlun gæti eigi þrifist á Íslandi. Því til sönnunar benti hún á það, að meðalútsöluverð íslenzkra afurða á síðastliðnum 20 árum næmi 222,100 rd. árlega, en innfluttar vörur að eins 183,000 rd. árlega, svo að mismunurinn væri 39,100 rd. eða 21 % af öllum útgerðarkostnaðinum, og væri hver kaupmaður fullsæmdur af því. Auk þess vakti nefndin athygli á því, að íslenzkar afurðir væri svo að segja eintómar nauðsynjavörur, sem ólíklegt mætti þykja að gengi úr gildi erlendis eða félli mjög í verði. Af þessum ástæðum og öðrum fleiri, sem oflangt yrði upp að telja, réði nefndin fastlega til þess, að verzlunin væri gefin frjáls fyrir alla þegna Danakonungs.[1]) Lagði stjórn og konungur samþykki sitt á það og var það boðað með auglýsingu 18. ág. 1786 og staðfest með tilskipun 13. júní 1787.[2])

---

1) Lovsaml. for Isl. V, 302–303. Smbr. Allerunderdanigst Forestilling til Placat 18. Aug. 1786 om Frigivelse af den isl. Handel. Bmfél. Viðb. Nr. 101. Bls. 69–268.

2) Lovsaml. for Isl. V, 317–338 og 417–462.

FYLGISKJÖL

1.

Sampyktir elzta islenzka verzlunarfélagsins 1620.

(Lbs. 7 fol. Fol. 276—282.)

Udi den Hellig Trefolldigheds Naffn och epter Kongl. Maytts. woris allernaadigste Herre och Konning Christian dend Fierde hanss Naadigste Privelegier och Friihed, som hand oss vnderschreffne hans Maytts. Vnderdane udj dette ny Jsslandtz, Færösche och Nordlandische Compagnie af sönderlig Gunst och Naade wj samptligen och en huer besynderligen wille befindis hanss Maytts. thro willige och tacknemmelige Vndersaatte, som wj vnderdanigst plichtig och schylldig er.

Da paa det forneffnte worris Compagnie kand nogen guod och wiss Ordinantz her epter i samme Compagnie richtigen kand forholldis med Vdredning, Kiöb och Sall, Handell och Wandell saa wiit den gandsche Seglation, Hantering och Brug er anrörendis och fornöden, epterdj at nogen af de gaat Follcke j Handelen haffuer weridt, samme ny Compagnie iche antage wille epter at de nochsomb derom haffuer weridt thillsagt och paamindt, Da haffue wj for det förste effter Kongl. Mayttz. Mandat, Privilegier och Friihed worris Compagnie her udj Kiobenhaffn wnderdanigst anfangede her sammesteds alld denne Seglation och Söfördt (sic!) at wille vdrede, richtigen der med at forfahre och omgaaiss saa wj nest Guds Hiellp en huer for sig wille forsuare som det sig bör. Och haffuer wj loffuedt och thillsagt een huer for sig at wille indlegge udj denne Jsslandische, Westpenöes, Ferösche och Nordlandische Compagnie som epterfölger, huer Daler thill 80 schilling Dansche. Som er först

	Cvrant Daler
Borgmester Michell Wiibe	12000
Borgmester Iffuer Poffuellssön	900
Matthiss Hanssenn	3000
Thommes Lorck	3000
Peder Karllssenn	1200

	Cvrant Daler
Jacoeb Michellssen	3000
Hanss Kierwerth j Hellsingiör	2100
Jorgen Gudmanssen	900
Hermand Wöst	11000
Werner Kloumand	4000
Cordt von Busch	3000
Jörgen Daniellssen paa sin egen och Anders Ollssens Wegne	3000
Jacoeb Pederssenn	1200
Hanss Thregaard	1000
Jacoeb Claussenn i Mallmöe	1000
Dirich Badscher	600
Hanss Frich	300
Jost Lossekiell	300
Hermand von Ham	600
Johann de Willum	1600
Jorgen Poffuellssön	300
Niells Jenssenn	600
Jenss Anderssenn	300
Peder Paye	300
Clauss Soll	1000
Jacoeb Hanssenn	300
Reinholldt Hanssenn	450
Hendrich Barner	2000
Gert Meyer	450
Strange Madtzenn	1000
Herman Heyerfelld	1000
Lauridtz Hanssenn	300
Petter Kniphoff	1000
Dirich Badscher paa Hellmer Rodes Wegne	300
Hanss Hollst	3000

Huer Daller thill 80 schilling Dansche.

2. Forschreffne Summa Pendinge, een huer af oss vndershreffne nu haffuer ladet sig schriffue och antegne forre udj dette Compagnie thill den Seglation och Handell at wille indlegge, deraff schall een huer af os vdlegge thill goede rede de tho Parter udj bare och rede Penge, som er den eene och förste Pardt thill Pauli Omwendellssis Daug, som er den 25. Januarij, den anden Pardt thill Midfast nestkommendis i det seeniste, och den tredie Pardt hoess sig beholldе thill huiss paa Tiid och Termin kand bliffue indkiöbt at betahle, eller anden nödwendiges Wdgifft kand paakomme, och wij aff forordente Forwallterne derom kunde bliffue thillsaugt, och samme Penge som Content

bliffuer indlagt schall uden alld Forhallning och Vndshylldning indleggis thill huem dertill af Compagniet blifuer forordnedt. Huemb herimoed findis forsömmelig eller modwillige med sin Jndlaug schall iche stedis lenger i Compagniet, om derpaa klagis. Och den eller de Forwalltere, som dertill blifuer deputeret Compagniens Penge at annamme, schall richteligen antegne huis hand aff een huer Participant annammer, saa ingen fra sig thelle thill Compagniens aarlig Vdredning och anden Wdgifft som billigt, thillbörligt och forsuarligt kand were, och samme Penge iche thill anden Brug henwende, end till Compagniens Vdgifft, Gaffn och Beste.

3. Och maa ingen af oss Participanter tage Fremmedt inde eller wden byess med os i Madskapj, eller bruge anden Mands Penge. Mens een huer schall siellff wdlegge den Deell hand haffuer ladet sig tegne forre. Huem herimoed giörre schall haffue forbrudt sin Friihed i dette Compagnie, uden anderledis af Hoy Offrighed bliffuer befalldet och for gott anseet. Och dersom saa scheede, det Gud forbyde, at nogenn Participant komb for kort och iche sin Qvater eller Andeell kunde erlegge alldeliss, schall hand derfore iche vdschydes, mens maa tage en Compagniens Broeder thill Medhiellp effter Compagniens Bewillning och Sambtöcke samme Sum at fylldist giöre.

4. Och eptersom nogenn af Compagniens Brödre Participanter paa Compagniens Ewentyr haffuer loffuedt och thillsagt dette nerwerende Aar epter gandsche Compagniens Begiering at willde vdrede Jsslandt, Westpenöe, Ferö och Nordland med Schib och Goeds Compagniet thill Beste och Gaffn, da schall samme Reder och deris Kiöbmend were forplicht nestkommende Martini at giöre Compagniet richtig Rede och Regenschab for deris Jndkiöb och Vdschibning, Indtegt och Wdgifft som det sig bör, och forschaffe samme Lande och Haffner fornöden Thillförsell med allt huis Taxten om formellder och samme Land kunde were fornöden, som de wille ansuare om noget fattiss. Och schall dennem got giöris i deris Regenschaber Budlönn, Schriffuerpenge och anden Omkostning, och thillmed for deris Vmage, aff huer Haffn snm wdredes och besegles med et Schib 30 Daller.

5. De beste och bequemmeligste Schibe mugeligt er at bekomme schulle brugis dette Aar och alltiid herepter till denne Seglation, och en huer af dennem, som Schibe frachter och Haffnen vdreder, schall iche ansee sit egedt, mens gandsche Compagniens Gaffn och Beste, och iche befrachte deris egene Schibe for höyer eller större Fracht, end som en fremmede eller bedre Schib kand befrachtiss fore.

6. Schall Compagniet her epter giöre sit Beste aarligenn at kiöbe to Schiibe eller tre thill denne Seglation, som ere goede och bequem Schibe, paa det Kongl. Maydtz. naadigst (sic) Privilegier kand fylldistgiöris, saa Compagniet inden 5 Aar kand siellff haffue egene Schibe, som det sig bör, och schall med det förste forferdiges en egen Rebberbahnn Compagniet thill beste.

7. Schall Kiöbmendene som segler paa forneffnte Lande Issland, Vestmandöe, Ferröe och Nordland bewilliges thill Hyre och Förings eptersom de ere Mend och Personer till, saa at denn Kiöbmand, som forfaren, döchtig och duelig er och giörer goede Rede och Regenschab, schall haffue Salarium der epter. Och den som ringere och saa iche wellforfarenn er, som hand burde, schall lönnis och achtis derepter, indtill hand bliffuer fulldkommen. Och schall ingen af Rederne i forneffnte Compagnie bruge nogenn af deris Forwanter eller Thienere for Kiöbmend i deris Handell, som er vforfaren och Compagniet eller Handelenn kand haffue Schade deraf, saa frembt den samme Kiöbmand eller Thiener dertill haffuer beschickedt icke wille staae Compagniet derfore thill rette.

8. Kiöbmendene paa forneffnte Lande schall aarligen förend de affsegler enten thill Jssland, Westmandöe, Feröe eller Norland leffuere och offuerantworde fra sig thill deriss Vdredere richtig Fortegnellsse och Rulle paa allt det Goeds de inde haffuer diid thill Landen at före, intedt fratagne j nogen Maader, huilche Rulle och Regenschab schall findis her hoes Rederne thillstede naar Compagniens Forwalltere paa escher.

9. Kiöbmendene paa Issland maa i dette nerverende Aar indkreffue och indfordre Redernis forige Gielld och hiembföre i woris Schib paa Fracht dennem siellff thill Beste, saa och de gaat Follck udj Mallmöe och Hellssingiör, som haffuer Handelen affstaait och iche will were i Compagnie med oss, de schall och dette Aar mue lade indkreffue deris Gielld, huis derudaf bekommis, schall jligemaade paa wore Schibe udföris paa Frachte, dennem siellff allene thill Beste, och epter dette Aar schall de jngen ydermeere Gielld haffue at kreffue, som de siellff haffuer begieredt och wedgaar. Doch schall huis Gielld som de gaat Follck nu udj Compagniet er bleffuen thillstaar (sic) och iche det neste Aar kand bliffue indkreffuedt och betalldt, herepter maa indkreffuis, doch Compagniet dennem samme Goeds schall betahle effter jsslandsche och ferösche Werd och siden at komme gansche Compagniet thill Beste.

10. Schall iche heller Kiöbmendene paa forneffnte Lande vdborge Compagniens Goeds thill vwiss och bedragelige Follch

Compagniet thill Schade, huilche Kiöbmand sig herimoed forseer, schall stande derfore thill Rette som wed bör.

11. Huiss[1]) Goeds eller Wahre nogen Kiöbmand paa Compagniens Wegne vdborger, da schall hand derpaa tage richtig Handschrifften eller Widnissbyrd förend hand drager aff Landet, saa frembt hand siellff iche will betahle samme Gielld.

12. Kiöbmandenss Husse och Boder paa Jssland schall wurderess af baade worress Kiöbmend tillige, som nu Handelen afstaar och igien anfanger, och betahlis epter som de kand were wærd, eller och af w-willige Dannemend derpaa Landet taxeris. Och derepter at betahle som billigt och rett er.

13. De Reder som nu udj Compagniet ere och haffuer Kramgods och Wahre staaendis enten paa Jssland eller Ferröe schall intedt deraf maa lade sellge och forhandle dennem allene till Beste, mens samme Kramgoedtz schall sellgis thill Compagniet for et billigt Werd det gandsche Compagnie thill Beste, mens huis Fisch eller andere jsslandische eller ferösch Wahre, som förige Reder kand haffue staaendis derpaa Landet i Forraad naar Compagniens Schib ankommer, schall höre dennem till och vdföris for en billigt (sic) Fracht dennem siellff allene till Beste, mens all huis Goeds som sellgis eller forhandlis efter Schibene till Landene ankommer schall komme gandsche Compagniet thill Gaffn och Beste.

14. Item schall hiembföris nerwerende Aar thill Eyermendene huis forderiffuede Goeds och Krambwahre och andet som findis paa Landet och iche kand sellges och forhandles dette Aar.

15. Kiöbmendene schall handle troeligen paa forneffnte Lande med Allmuen epter Taxtens Indholld om ingen af dennem derpaa Landet forwrete[2]) j Kiöb och Sall eller nogen anden Maader, men de schall handle wenligenn oeh sachtmodeligen med en huer som de wille ansuare och were bekient. Befindis nogen Vlempe her imoed, da schall den samme derfor straffis som wed bör. Och schall Kiöbmendene aarligen paa huer Haffn udj Issland paa Compagniens Wegne vdgiffue thill Fattige 1 Thönde Mell och 50 Allen Peckling, som dennem i deris Regenschab schall gaat giöris.

16. Kongl. Maytts. Inventarium paa Westmandöe af Fisch, Thrann och andre Wahre schall nu strax hallffue Pardt föllge Compagniet. Och schall saa megedt thill hanss Maydt. igien

---

1) Svo hygg eg að eigi að vera. Skrifarinn hefur i þess stað ritað »Kiöbmandens Huss«, sjálfsagt i ógáti, því það er upphafið á næstu grein.

2) Svo mun það eiga að vera. Skrifarinn hefur i ógáti ritað »forwete«.

leſſueris naar Handelen nederleggis eller naar hanss Maytt. det haffue will.

17. Kongl. Maydtz Fischerbaade paa Westpenöe schall wurderis och aff Compagniet wed Macht holldes och siden saa goede igien leſſueris som de nu ere annammedt.

18. Skall Kiöbmendene giöre Rede och Regenschab aarligen stöckwiss for huis Goeds och Wahre de till Jssland, Westmandöe, Ferrö eller Nordland förer, sellge och affhende, dessligeste for huis Wahre de igien bekommer, intedt fratagenn i nogen Maader epter Taxtens Indholld och ferösch Kiöb. Wdj ligemaader schall de giöre Rede och Regenschab huorledis Wahrene derfra Landen kommer igien bliffuer leſſueredt, solldt och forhandledt paa de Steder, det bliffuer beslutedt eller forordnedt at henlöbe, sellges och forhandles, huilche Kiöbmends Regenschaber i det allerseeniste en huer Martini Dag som allerede forberördt er schall were færdig och da thill samme Termin aarligen effter richtig Regenschab af alle Lande och Haffne Fortienisten epter Indleg af Advenant at komme den gandscke Compagnie thill Beste och en huer Participant effter hanss Indleg, Gewinst eller Verlust huad Gud will thillföye.

19. Huillche af Compagniens Kiöbmend som befindiss at haffue handledt vrichteligen, vfliteligen eller udj andre Maader vtroeligen schall straffis epter Sagens Leylighed enten paa sin Formue eller Personn som Sagen er thill.

20. Huis Penge Compagniens Kiöbmend schylldig bliffuer enten paa Jssland, Westmandöe, Ferröe eller Nordland thill Kongl. Maytt. Lenssmend eller andre, det schall de strax aaligen naar de hiembkommer giffue thillkiende och da schall Compagniens Forwallter samme Gielld sampt Westpenöes Affgifft och Jsslands Schibstolld med andre Kongl. Mayttz Affgifft och Genant richtigenn och till goede Rede erlegge och fornöye i retter Tiid som det sig bör.

21. Jngen som er i dette Compagnie schall bruge nogen vnderfundig Practicker Compagniet til Schade och Affbreck och sig siellff thill Nötte och Fordell enten udj Kiöb eller Sall i nogen Punct, som det Compagnie anrörer, mens alltingest schall henrettis Compagniet thill Gaffn och Beste. Huem herimoed bliffuer befunden haffue Compagnie Friihed och Privelegier forbrudt, eller och stande till Rette epter Sagens Leylighed.

22. Schall ingen aff Compagnie Udreeder vnderstaa sig nogen hemblig eller forborgene Wahre wed deris Kiöbmend eller andere der till Landet at schicke, som de for sig allene wille haffue forhandlet, were sig enten Gulld, Söllff eller Penge, haffue

samme Goeds till Compagniet forbrut och der till böde epter goede Mends Thillsiegellsse til Compagniet. Meget mindre schall nogen Kiöbmand enten for sig siellff eller nogenn Fremmede bruge slige Stöcker, saa frembt hand iche will stande till Rette som en vtroe Thienere, mens huis som schibes eller sendis schall komme gandsche Compagniet thill Fordeell och Beste.

23. Huilchenn Compagniens Broeder som haffuer lofflige Wahre som thiener thill forbeneffnte Lands Udreedning och Nödtörfft, da maa Compagniens Vdredere och Forwalltere, om samme Compagniens Bröder will giffue saa gott Kiöb som en anden Fremmede, hellst handele och kiöbe med hannem, doch saa at Compagniet iche scheer der offuer forkort.

24. Er nogenn udj Compagniet som will brygge Öell thill samme Seglation och Handell, de schall brygge gott well söden Öell det beste mugeligt kand were som kand were vforderffuedt paa forneffnte Lande omkring, paa det fremmede Öell i den Sted igien kand affschaffes. Befindiss nogen at leffuere ringe Öell som bliffuer paaklagedt och wforsuarligt er, da schall den derfore siellff stande thill Rette.

25. Schall en huer Redere som leffuerer Thönde Goeds thill Compagniens Seglation, were sig Öell, Miöd, Mell, Malldt eller andre saadanne Wahre, forsickre med sit Brendemercke som hand willde forsuare. Befindis anderledis, da schall hand siellff stande derfor thill Rette Compagniet alldeelis uden Schade.

26. Huilche Schibe och Goeds som udj Holland, paa Hamborg eller andere Steder j Wester Söen forordnedt at henlöbe, schall der betahle alld Schibsfrachtenn och huis anden bewisslig och thillbörlig Gielld Compagniet sammesteds schylldig er, dissligeste huis Schibe och Goeds udj Sundet och for Kiöbenhaffn bliffuer forordnedt at losse, da schall och af samme Goeds betahles her Frachtenn och anden Gielld som Campagniet af Rette schylldig er, om fornöden giöris.

27. Naar Compagniens Schibe igien hiembkommer her for Kiöbenhaffn med Compagniens Goeds, da schall Lastenn iche brydis eller det ringeste udföris förend Compagniens Forwallter det boefaller och forordnedt bliffuer, huorledis dermed forhandles schall. Vnderstaar sig nogen herimoed at giöre Kiöbmand eller Schibsfollch, da schall de straffis derfor som for anden Vtroschab.

28. Schipper, Styrmend eller Bodsmend med anden Schibsfollck schall haffue den Hyre och Föring paa Jssland som forordnedt er, och huilchen vnderstaar sig herimoed at giöre, schall staa till Rette och straffis epter Forordning. Paa Ferröe

schall ingen Schipper, Styrmand eller Bodsmand stedis nogen Föring, giffuis Penge till Hyre som sedwanligt haffuer weredt. Huemb sig vnderstaar aff forbeneffnte Ferröe at vdschibe nogen Föring, schall thill Rette stande som for andet vhiemmellt Goeds, och schall alld denne gandsche Compagniens Gewinst och Verlust och alle Participanter epter deris Jndleg och Andeell schall were lige rige i allt huiss Goeds som forhandles paa forneffnte Lande Jssland, Westpenöe, Ferröe eller Nordland, och huis Goeds de igien frakommer och enten forhandles eller sellgis herudj Wester eller Öster Söenn ihuorsomhellst det er eller were kand jntedt fratagen i nogen Maade.

29. Jcke schall epter denne Dag thillstedis nogen Mand at komme eller indtræde udj dette Compagnie jmoed Kongl. Mayttz Mandat och Privelegier och Friihed, vndertagenn det scheer med Höy Offrigheds Befallning och gandsche Compagniens Befallning och Sambtöcke.

30. Dersom nogen af Participanter, som nu er udj forbeneffnte Compagnie ere incorporerte, wed Döden afgick, da schall det were deris Hustruer och Börnn och rette Arffuinger som her udj Kiöbenhaffn boesidendis ere friit for samme dend dödis Anpardt igien at schulle nyde och mue antage, samme Richtighed haffuer och Hanss Kierwert och Jörgenn Gudmanssenn i Hellsingiör sampt Jacoeb Claussen j Mallmöe och deris Arffuinge.

31. Och huo som haffuer Vdarffuinge, och iche ere i By boesidendis, dennem schall Compagniet deris Anpardt betahle, huis de derind haffue, och siden at komme den gandsche Compagni thill Beste och Gaffnn.

32. Jtem om nogen af Participarteren (sic) flytter af Byen, eller och de som ere ledige Persohner giffue dennem hen paa andre Steder at boe, schall iligemaade med dennem holldis efftersom för er melldt.

33. Dersom nogen af oss i Compagniet worres Anpardt at will affstaa och vdrede, da schall den eller de det icke maa sellge eller afthendige thill nogen Fremmede, som icke er udj worris Compagnie, mens thill forplicht were först at thillbyde det Compagniet, som schall betahle den som afftræder alld huiss hand i Handelen haffuer som billigt och thillbörligt kand were. Will och ingen udj Compagnie somme Anpardt igienkiöbe och antage, da schall det were den som affstaar friit fore at sellge och affhende det thill en erlig Borger her udj Kiöbenhaffn huem med hannem handele will. Thraader och nogen af Compagniet, som derudj er, da schall dennem det iche igien indsellies vden gandsche Compagniens Willie och Sambtöcke.

34. Och efterdi dette Compagnie med Seglation, ordentlig Vdredning och Landssens fornöden Thillförssell icke aff en huer Participant och Compagniens Broeder kand saa ordentlige thillige udredis, da paa det Kongl. Maydtz naadigst (sic) Privelegier och Friihed, dette Compagnie er giffuedt, iche schall forsömmis eller samme Seglation i nogen Maade forsueckis, da schll effter dette nerwerendis Aarss Udgang aff Compagniet strax udwellges och thillforordineris en Forwalltere sampt thou Bewinthebbere och en Schriffuere som Handelen schall forrestaae.

35. Forwallterne schall wiide Compagniens Gaffn och Beste j Raad och Daad, Bud och Paabud med Thillsiun, at Compagniens Penge kommer udj goed Forwaring och igien effter Fornödenhed udleffueris thill Bewinthebberne och derpaa annamme deris Bewiss.

36. Bewinthebberne schall staa for Handelen fliitig med Vd- och Indschibning i Kiöb och Sall, saa wiit den gandsche Compagnie och Seglation kand were fornöden och vdkreffue, och schall de derfor aarligen med Schriffuerenn giöre richtig Regenschab som det sig bör, och schall da till giöres naar de aff Compagniet bliffuer forordnedt en billig Salarium, som en huer af dennem schall haffue for sin Vmage och Besuering.

37. Och schall Bewinthebberne, som till samme Compagnies Bestilling bliffuer forordnedt, dertill findis willig och fliitig saa lenge de til forneffnte Bestilling bliffuer betroedt, och schall de udj alle Maader ramme Compagniens Gaffn och Beste, som de willde forsuare och icke ansee herudj nogen Persons Stand eller Willkor, mens lade en huer Compagniens Broeder wederfare ens lige och ret.

38. Schall och Compagniens Brödre her effter were Forwalltere (sic) hörig och lydig huor och naar de thillsigess at móde eller udj andre Maader Compagniens Gaffn och Beste at ramme. Huo som findis vlydige och iche móde will uden lofflige Forfalld, som hand strax schall lade giffue thill kiende med et wiss Bud naar Forwallteren thillsiger, schall giffue huer Gange hans Ferseellsse i saa Maade befindis till Compagniet 1 Dr. och till de Fattige ½ Dlr. Och huem samme Böder epter Forwallterens Befallning iche will godwilligen for sig legge, schall böde dobbelt.

39. Schall aarligen till huer Martini naar Regenschab och Afdeling scheer af gandsche Compagniens Penge giffuis till de Fattige och huiss arme her udj Byen eller til andre fattige Compagniens Thienere eller wedtörfftig, som udj Compagniens Thieniste kand were lemleste eller udj anden Maader af Wanlöcke were kommen for kort jdt hallff Hundrede Dlr. huer Dlr. be-

regnis till 80 Sk. dansche. Alld dette forschreffne wille wj saa troeligen udj worress Compagnie hollde och epterkomme Gud allermechtigste thill Loff och Ære, worriss allernaadigste Herre och Konning till Berömmellsse och Priiss, os siellff och woris Börnn och Effterkommere i Kiöbenhaffn til Gaffn och Goede och en goed Ihukommelsse. Doch wille wj haffue oss forbehollden herepter at forandre huis fornöden kand were och Compagniet kand komme til beste.

Och [i] Bsynderlighed wille wi haffue henstilledt till höybemellte Kongl. Maydt. worres allernaadigste Herre och Konge herudj remediere och forandre eptersom Hanss Maydt. kand siunis gott och gaffnligt at were.

Datum Hafniæ d. 29. Ianuarij Anno 1660(!)[1])

Michell Viibe.	Iffuer Poffuellssönn.
Mathis Hanssenn.	Thommes Lorck.
Peder Karllssenn.	Jens Anderssen.
Reinholldt Hanssen.	Jacoeb Michellssenn.
Petter Kniphoff.	Herman Heyerfelld.

Dirich Badscher paa sin och Hellmer Rods Wegne.

---

1) Smbr. Aths. hér að framan bls. 95.

2.

Hlutafé og hagur Íslenzka verzlunarfélagsins árið 1636.

(Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. J. Sig. 37 fol.)

Handelens Fond var i det förste Compagnies Tid ikkuns 63,000 Rdlr.,[1]) hver til 80 Sk. beregnet. For Aaret 1636 har jeg en Liste paa dets Interessentere og hvormeget enhver interesserede for, som jeg vil lade följe hermed, paa det deraf maa sees nogle af de paa den Tid i Kjöbenhavn værende bedste Borgere, og disse vare:

Borgmester Jacob Michelsen	Rdl. 3000
—»— Reinholt Hansen	— 450
—»— Jörgen Danielsen	— 1500
Raadmand Peter Carlsen	— 4300
—»— Diederik Bardscher	— 900
—»— Peter Petersen	— 300
—»— Jacob Petersen	— 4700
—»— Peter Mortensen	— 1000
Sr. Herman Woyste	— 11000
» Werner Klauman	— 4000
» Hans Thregaard	— 1000
» Hans Frieche	— 300
» Bartholomæus Hansen	— 3050
» Marcus Radebannth	— 1000
» Hans Nichelsen Lundt	— 1000
» Joest Lösekull	— 300
Mad. Ingeborg sal. Borgemester Matthias Hansens . .	— 2250
» Maren von Hambs	— 600

1) Þetta er rangt. Hlutaféð var i öndverðu 66 þús. rd. og var svo enn (smbr. hér að framan bls. 92 og 98), eins og skýrsla þessi ber með sér, því hlutafé einstakra manna er hér talið 63 þús. rd., en sjálft hafði félagið orðið handhafi að 3000 dölum af hinu upprunalega hlutafé.

Mad. Anna Gerdt Meyers	Rdl. 450
» Maren Wibe, Christian Weyners	— 1875
Sr. Johan Wibe	— 1300
» Simon Wibe	— 1500
» Jacob Hansen	— 300
Borgemester Jacob Clausen i Malmöe	— 1000
—»— Hans Kjernodt(!) i Helsingör	— 1500
Raadmand Claus von Busch i Helsingör	— 3000
Sr. Jens Andersen Riber	— 2100
» Christen Jensen Bech	— 1200
» Hans Nansen	— 2200
» Christopher Hansen	— 1333
» Werner Klauman den yngre	— 750
» Hans Matthiesen	— 1500
» Hans Jürgensen	— 300
Raadm. Peder Pedersens Medarvinger efter sal. Niels Jensen Schreiber	— 300
Sr. Johan Steinkuhl	— 1741
Summa Rdl. á 80 Sk.	Rdl. 63,000

Directeurer for denne Handel vare paa den Tid:
Borgemester Jacob Michelsen som Forvalter.
Raadmand Diederich Bardscher.
Raadmand Peter Mortensen og
Sr. Herman Woyste,
samt Bogholder og Kasserer:
Sr. Johan Steinkuhl.

Compagniets hele Handel var ved dette Aars Balance saaledes opgivet:

Beholdne Vare i Island og Feröe	Rdl.	40,955	1 Sk.
Udestaaende Gjeld sammesteder og i Hitland	—	16,453	1 —
	Rdl.	57,408	2 Sk.
Paa Reberbanen i Behold Hamp, Tjære etc.	—	4,775	59 —
Hans Maiest. Kongen skyldig	—	10,461	27 —
Hos Diverse tilgode	—	39,399	33 —
Diverse Fournitur-Vahre	—	13,919	3 —
Skagestrands Ladning som i Dunckerquen er opbragt	—	4,517	40 —
Diverse Vahre som fattedes ved Inventariumet f. A.	—	521	6 —
I Cassen var	—	1,807	27 —
Dalere til 64 Sk.	Rdl.	132,810	5 Sk.
Hvorpaa det var skyldig	Rdl.	38,698	11 Sk.
Var altsaa Capital i Handelen	Rdl.	94,111	58 Sk.

Skibs-Parter	Rdl.	27,349	51 Sk.
Huus i Island	—	1,689	47 —
Reberbahnen	—	51,616	30 —
Compagniets Huus paa Holmen	—	9,777	59 —
Pakhuset i Glückstadt	—	15,597	22 —
Boeskab og 2 Stoele Stader i Kirken der	—	567	43 —
Haandværkstöi paa Reberbahnen	—	1,204	22 —
Ammunition	—	616	14 —
Landgods i Færöe og paa Hitland	—	7984	56 —
I Compagniet kjöbt 3000 Courante Daler á 80 Sk.	—	3750	» —
Endnu i Behold	—	45	60 —
Compagniets ganske Capital Anno 1636 var Rdl. á 64 Sk.	Rdl.	214,312	14 Sk.

Samme Aar finder jeg ved Handelen paa Island at være	Vundet		Tabt	
	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.
Vestmanöe	300	52	»	»
Örebakke	128	8	»	»
Grindevig	1510	6	»	»
Kjeblevig	1678	40	»	»
Havnefjord	1068	26	»	»
Holmen	988	49	»	»
Stappen	413	47	»	»
Rewet	1700	54	»	»
Commervog	693	33	»	»
Stikkelsholm	383	25	»	»
Patrixfjord	»	»	2	46
Bildahl	351	60	»	»
Dyrefjord	»	»	449	4
Isefjord	467	32	»	»
Haabsaas	»	»	477	54
Öefjord	731	18	»	»
Husevig	»	»	609	51
Wapnefjord	»	»	889	10
Rödefjord	»	»	171	49
Berrefjord	»	»	880	»
	10417	2	3480	22
	÷ 3180	22		
Vundet Dlr. á 64 Sk.	6936	44		

3.

Útflutlar íslenzkar vörur og gróði og tap á íslenzku höfnunum árið 1624.

(Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2861, 4to, J. Sig. 37 fol.)

Anno 1624 finder jeg der fra (ɔ: fra Island) *udført:*

5817	Sk℔ Törfisk.
843	Sk℔ Klipfisk.
444½	Tde Torsk.
5½	Tde Lax.
930	Tder Tran.
2537½	Tde Faarekjöd.
184	Tder Oxekjöd.
337	Tder Tallig.
636	Tder Smör.
16219	Stk. Faareskind.
691	Stk. Kalveskind.
77	Stk. Bukkeskind.
20	Stk. Gedeskind.
38	Stk. Sælskind.
19518	Stk. Lammeskind.
231	Stk. Oxehuder.
270	Stk. graae Ræveskind.
364	Stk. hvide dito.
72231	Par Hoser.
12232	Par to Tomme Vanter.
12251	alen Vadmel.
14½	L℔ Fjær.
391 ℔	gammelt Kaaber.

Samme Aar 1624 finder jeg Vinden og Tabens Conto at have været saaledes som efterfölger:

	Vundet		Tabt	
	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.
Vestmannöe Sld.(ɔ:Slette-Daler=Croner)	1494	6	»	»
Örebacke	5044	61	»	»
Grindevig	»	»	258	47
Kjeblevig	4585	32	»	»
Havnefiord	617	39	»	»
Holmen	929	60	»	»
Budenstad	975	60	»	»
Stappen	1840	53	»	»
Rewet	1199	44	»	»
Commerwog	»	»	492	7
Stickelsholm	2401	19	»	»
Patrixfiord	2136	35	»	»
Issefiord	4752	30	»	»
Skagestrand	2023	26	»	»
Haabsaas	3258	27	»	»
Öefjord	3981	54	»	»
Huusevig	1254	37	»	»
Wapnefiord	401	30	»	»
Rödefiord	1817	15	»	»
Berrefiord	»	»	571	6
Sld.	38715	52	1321	60
÷	1321	60		
Vundet Sld.	37393	56		

4.

Aðfluttar og útfluttar vörur árið 1630.

(Bech: Om Handelen paa Island. Gl. Kgl. Saml. 2864, 4to. J. Sig. 37 fol.)

Anno 1630 er didfört (ɔ: til Island):

4501	Tde Rug-Meel.
93	» Skonrogenbröd.
352	» Skibsbröd.
83	» Gryn.
17	» Erter.
38	» Malt.
505	» Spansk Salt.
254	» fransk Salt.
57	» smaae Salt.
61	» Tjære.
24	» Steenkull.
181	Sk℔ 16 L℔ Jern.
5000	Gang Hestesko.
132	Stk. Haand-Öxer.
18	Ambolte med Tænger.
455	Hundrede Söm.
179	Stk. Leer.
64	℔ Jerngryder.
94	Stk. Spader.
13	Rævesaxe.
6636	℔ Kaaber Kiedler.
140	℔ Messing Kiedler.
489	℔ Messing Bækken.
96	℔ Bly.
117	℔ Tin.
23	Stk. Flinte.
156	℔ Krudt.
13¾	Pibe Fransk Viin.

131 Ahmer Brændeviin.
216 Tder Mjöd.
12$^{3}/_{4}$ Tde Eddikke.
258 Fade Lybsk Öll á 6$^{1}/_{2}$ Dler.
348 Tder Do. 4$^{1}/_{2}$ Do.
28 Tder Dansk 4 Rdlrs. Öll.
162 » Do. 3 Rdlrs. —
648 » Do. 6 Marks —
7 Ottinger Pryssing.
750 Stk. 60 Favne Liner.
1542 » 40 Favne Liner.
22120 » Lodliner.
2806 ℔ Netgarn.
90 Nögler Seilgarn.
450 Hundrede Angeltömmer.
114 Stk. Norske 16 al. Træer.
189 » Do. 12 al. Do.
1284 » Do. 10 al. Do.
1176 » Do. 7 al. Do.
78 » Ege Kjöll-Træer.
6 » Fyrre Do.
3330 » Egebord og Vognskud.
43 Par Stævnetræer.
289 Stk. Krumholter.
58$^{1}/_{2}$ Par Havstokke.
396 Stk. Aaretræer.
3540 » Lægter.
4156 » Bræder.
1488 Bundter Splitter.
56 Stk. Kister.
32 » Skriiner.
1992 » Kuttinger.
7943 al. Klæde.
15014 » Lærred.
36201 » Peckling.
124 Stk. Skjorter.
332 ℔ ulden Garn.
4362 Stk. Hatte.
Isenkram af Værdie 546 Rdlr.
8 Stk. Seildug.
4$^{3}/_{4}$ Tde Sæbe.
82 Par Skoe.
51 Par Stövler.

6	Tder Brynestene.
11	℔ Vox.
54	Stk. foerede Huer.
281	» Kraver.
969	Rdl. Specie.

Ligeledes er samme Aar 1630 fra Landet udfört:

2823	Sk℔ Törfisk.
207	» Klipfisk.
142	Tder salt Torsk.
5	» Lax.
1445¼	» Tran.
946½	» Faarekjöd.
163½	» Oxekjöd.
133¾	» Talg.
334½	» Smör.
6215	Stk. Faareskind.
89	» Kalveskind.
21	» Bukkeskind.
4	» Gjedeskind.
122	» Sælskind.
5864	» Lammeskind.
174	» Oxehuder.
122	» graae Ræveskind.
190	» hviide dito.
21694	Par Hoser.
13004	» to Tomme Vanter.
4042½	al. Vadmel.
78	L℔ Fuglefjeder.

5.

Hagur Íslenzka verzlunarfélagsins og aðfluttar og útfluttar vörur árið 1655.

(Lbs. 86 fol. Með hendi Skúla Magnússonar landfógeta.)

Specification over Hovedsummerne af Compagniets Udredning med efterliggende Varer og Omkostninger paa Island, under Nafn af Debet; og de fra samme Land udbragte Varer tillige med Restancer og efterstaaende, under Nafn af Credit, samt Gevinst og Forliis for Aar 1655. (Extraheret af Compagniets original Hovedbog.)

De beseglede Hafner vare	Debet		Credit		Gevinst		Forlis	
	Daler	Sk	Daler	Sk.	Daler	Sk.	Daler	Sk.
Örebach . .	22332	8	21722	35	»	»	609	37
Boesand . .	10185	39	11324	6	838	31	»	»
Kieblevig . .	9198	48	9933	34	734	50	»	»
Hafnefiord .	9235	7	12645	28	3410	21	»	»
Holmen . .	11381	50	13402	8	2020	22	»	»
Stapen . . .	11914	36	11963	40	49	4	»	»
Revet . . .	10505	37	12149	11	1643	38	»	»
Kummervog.	7499	37	8681	58	1182	21	»	»
Stichelsholm	6599	25	7497	28	898	3	»	»
Patrixfiord .	5332	25	6289	8	956	47	»	»
Bildal . . .	5448	6	6206	15	758	9	»	»
Dyrefiord. .	6341	24	3468	2	»	»	2873	22
Isefiord . .	9830	15	6765	9	»	»	3065	6
Skagestrand.	9251	1	9766	37	515	36	»	»
Hofsoes . .	11749	2	11351	56	»	»	397	10
Öefiord . .	13823	37	12136	57	»	»	1686	44
Husewig . .	14972	52	12331	8	»	»	2641	44
Vapnefiord .	5522	33	4614	2	»	»	908	31

De beseglede Hafner vare	Debet		Credit		Gevinst		Forlis	
	Daler	Sk.	Daler	Sk.	Daler	Sk.	Daler	Sk.
Rödefiord. .	6907	22	6155	52	»	»	751	34
Berefiord . .	4978	8	3771	13	»	»	1206	59
Vestmanöe .	11683	62	11527	20	»	»	156	42
Summa	204992	62	203703	15	13007	26	14297	9

Her foruden ere Handelens Huse og Inventarier udj Island uanförte. Her af sees, at ved den Jslandske Handel allene er tabt dette Aar 1289 Daler 47 Sk.

Ved den övrige Compagniets Handel er vundet, tabt eller bekostet, nemlig:

Den *Færöiske Handel*, hvis Capital foruden Huse og Inventarier belöber til 33574 Dre. 55 Sk.	1022	50	»	»
Ved Reeberbanens Tovverk	4107	23	»	»
Ved Dantziger Handel	2125	42	»	»
Ved Glykstader Handel	45	»	»	»
Ved optagen Priisgods, halve Parten imod Kongen	165	27	»	»
Afforhen anseete uvisse Penge inkommet	12	24	»	»
Af Johan Mummes effterladte Inventarium pr. Laxefiskeriet, effter Vurdering 28 rd.	42	»	»	»
Paa Compagniets Skibs-Parter udj 8 Skibe fortient	2481	34	»	»
Priisgods af Matz Matzen erobret . .	5332	47	»	»
Dito af Peder Adevalt erobret. . . .	1086	60	»	»
Interesse-Regnskab som dette Aar er meere annammet end udgivet . . .	1242	4	»	»
Gevinst af Gods og Vahre Bogen hid transporteret	5608	58	»	»
Diverse Udgiffter og Omkostninger. .	»	»	1898	34
Hamborger omtvistet Gield og Rabbat	»	»	940	56
For Compagnie Godsets Afhandling i Hamborg foræret	»	»	150	»
Til Glykstads Handel for Rabbat, Foræring, Reisepenge og Omkostninger .	»	»	1615	44
Fire Compagniets Forvalteres Lön . .	»	»	1000	»

	Gevinst		Forlis	
	Daler	Sk.	Daler	Sk.
En Bogholder og Casserers Lön . . .	»	»	1200	»
Atskillig Udgifft og Foræringer . . .	»	»	1163	50
Til fattige i Pest Huset	»	»	62	32
Til Compagniets Fortog	»	»	2	»
Til Compagniets Vare at ind og udlevere samt for Vognskud at skiære .	»	»	778	25
Ved en afdöd Skipper tabt	»	»	82	16
Til Skibs Regnskab af Emanuel . . .	»	»	115	10
Til Hegerfeld for Amsterdams Handels Direction	»	»	633	26
Til Dito som paa Vexel er tabt . . .	»	»	104	45
Pr. Saldo som er vundet	»	»	12235	48
Summa	36280	11	36280	11

	Mel	Skon-rogen	Skibs-bröd	Gryn	Taffel-kager	Nurnber-gerkager
	Tder	Tder	Tder	Tder	Stk.	Stk.
Örebach	168	36	42	»	200	36
Boesand	193	18	30	»	200	12
Kieblevig.	182	24	30	»	200	24
Hafnefjord	132	36	6	»	300	24
Holmen	252	18½	32	»	500	48
Stappen	384	33	36	»	30	24
Revet	132	20	24	»	400	24
Kumbervog.	162	12	24	»	300	60
Stickelsholm	156	24	12	»	300	12
Patrixfiord	120	12	12	»	200	24
Bildal	120	12	12	»	300	48
Dyrefiord	120	12	16	»	25	72
Jsefiord	144	18	18	»	50	72
Skagestrand.	285	14	15	4	300	»
Hofsaas	264	18	12	»	850	24
Öefiord	213	18	18	6	400	24
Hussevig.	103	18	54	»	50	12
Vapnefiord	132	4	16	»	50	24
Rödefiord	182	4	16	»	100	36
Besefiord.	156	5	12	»	60	36
Vestmanöe	216	10	30	»	50	24
Summa	3816	366½	467	10	4865	660

	Stang Iern			Knaber Kiedeler			Messing Kiedeler	Messing Bechener	Sömm, Hesteskoe og Öxer af Værdie		
	Skpd.	Lpd.	℔	Skpd	Lpd	℔	℔	℔	Dlr.	Mk.	Sk.
Örebach .	32	17	10	1	»	»	»	24	41	»	12
Boesand .	8	1	7	3	10	»	32	»	115	3	14
Keblevig .	8	»	2	3	10	»	22	16	77	1	»
Hafnefiord	10	8	»	3	2	10	»	»	124	3	12
Holmen .	8	11	»	2	10	6	36	36	83	»	»
Stappen .	10	1	12	4	13	12	48	32	169	3	6
Revet . .	12	3	6	3	4	10	30	32	150	3	12
Kumbervog	8	14	11	2	1	3	48	20	127	2	»
Stikelsholm	10	»	»	1	3	12	»	»	63	3	2
Patrixfiord	3	5	8	1	2	1	»	»	51	3	8
Bildal . .	4	»	8	2	3	»	»	»	54	2	14
Dyrefiord .	3	1	14	2	»	12	»	20	26	2	2
Isefiord . .	7	18	2	1	13	9	16	»	25	3	14
Skagestrand	12	5	5	2	11	10	»	54	63	1	12
Hofsös . .	12	1	14	1	2	6	36	32	38	2	14
Öefiord . .	12	8	»	2	1	2	40	8	32	2	18
Hussevig .	5	16	8	2	»	»	»	»	61	3	4
Vapnefiord	5	»	4	1	2	15	»	15	17	1	4
Rödefiord .	7	»	»	1	6	5½	»	»	28	3	6
Berrefiord.	6	2	»	»	16	10	»	»	25	3	14
Vestmanöe	10	2	10	1	10	1	32	19	61	2	15
Summa	198	»	9	44	16	12	340	308	1414	»	7

	20 alen Træer	18 alen Træer	16 alen Træer	12 alen Træer	10 alen Træer	7 alen Træer	Lechter		Dæler
	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Hdr	Stk.	Tylter
Örebak	2	36	96	36	»	»	»	»	»
Boesand	»	»	»	»	12	12	»	»	»
Kieblevig	»	»	»	36	48	48	3	»	10
Hafnefiord.	»	24	»	48	30	48	4	79	»
Holmen.	»	»	96	48	72	72	6	»	20
Stapen	»	»	24	48	48	48	2	»	»
Refet	»	»	72	45	54	72	4	»	17
Kumbervog	»	»	24	»	66	168	7	»	21
Stikkelsholm	»	»	24	60	48	96	4	»	24
Patrixfiord	»	»	24	»	24	24	1	»	»
Bildal.	»	»	»	»	72	12	2	»	12
Dyrefiord	»	»	»	32	96	12	3	»	16
Isefiord	»	44	4	60	48	60	4	»	14
Skagestrand	»	»	»	36	48	48	3	»	25
Hofsös	»	»	»	»	4	»	»	»	25
Öefiord	»	18	»	54	»	146	2	40	36
Husevig.	»	»	»	»	»	»	3	»	12
Vapnefiord	»	»	»	12	24	12	»	60	6
Rödefiord	»	»	»	36	24	24	3	»	16
Berefiord	»	»	»	24	12	24	1	»	4
Westmanöe	»	»	54	36	60	12	1	60	10
Summa	2	122	418	611	790	938	54	119	268

	Aske Træer	Kiöl Træer	Stefne Træer	Hi Stocher	Vogn-skud	Piip Holt	Kister	Skrin	Pahl Recher
	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.
Örebak	20	»	»	»	»	»	24	24	»
Boesand	»	3	12	8	30	»	12	16	»
Keblevig	»	3	8	6	16	»	16	4	»
Havnefiord	»	8	12	6	35	»	16	16	»
Holmen	»	5	6	»	25	»	36	36	»
Stappen	»	3	16	8	32	»	20	14	»
Revet	»	3	16	11	30	»	11	10	6
Kumbervog	»	3	12	8	30	»	18	8	»
Stichelsholm	»	»	8	4	14	»	12	17	»
Patrixfiord	»	»	»	»	2	2	2	6	»
Bildal	»	»	»	»	8	»	14	5	»
Dyrefiord	»	»	»	»	»	»	4	8	»
Isefiord	»	»	»	»	»	»	6	4	»
Skagestrand	»	»	»	»	»	1	12	16	2
Hofsos	»	»	»	»	»	3	14	16	»
Öefiord	»	»	»	»	»	3	12	12	»
Husevig	»	»	»	»	3	5	1	»	»
Vapnefiord	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Rödefiord	»	»	»	»	3	2	3	6	»
Berefiord	»	»	»	»	5	»	3	14	»
Vestmanöe	»	4	»	4	18	»	8	18	»
Summa	20	32	90	55	251	16	244	250	8

	40 Favne Liner	Lod Liner	Netgarn	60 Favne Liner	Angel Tömmer		Angler	Hved Steen	Flönder Garn
	Stk.	Stk.	℔	Stk.	Tus.	Hdr.	Tus	Tde	Stk.
Örebak	100	160	208	200	»	»	»	1	»
Boesand	100	250	32	36	1	»	1½	»	»
Kieblevig	124	144	»	144	3	»	3½	1	»
Hafnefiord	100	200	50	260	»	»	»	1	2
Holmen	140	500	200	220	3	»	3	1	»
Stappen	60	200	244	200	1	»	1	1	»
Revet	»	360	220	180	16	»	20	1	»
Kummervog	100	400	104	120	8	»	8	1	2
Stickelsholm	80	300	308	48	1	»	2	1	»
Patrixfiord	»	300	50	50	6	»	8	»	1
Bildal	24	300	»	60	10	»	10	»	»
Dyrefiord	»	360	110	12	8	»	10	1	8
Isefiord	»	800	840	»	4	»	26	»	»
Skagestrand	80	60	500	50	»	»	»	1	»
Hofsös	97	144	185	75	4	»	8	1	»
Öefiord	60	240	800	50	8	5	12	»	»
Husevig	50	130	432	»	6	»	8	»	»
Vapnefiord	60	84	300	30	4	»	4	»	»
Rödefiord	150	300	100	12	6	5	8	»	»
Berefiord	12	240	153	»	3	»	3	»	2
Westmanöe	»	120	»	120	»	»	»	»	»
Summa	1337	5592	4836	1867	93	»	136	11	15

	Engelsk Klæde	Pach-Laken	Pych Klæde	Bred Tvifel	Saltvedelsk Klæde	Ullzer Lerret	Peckling á 15 Dlr 40 Sk.		
	al.	al.	al.	al.	Stk.	Bolt.	Hdr.	Reeb	al.
Örebak	»	91	973½	104¾	36	35	22	»	5
Bosand	»	119¾	613¾	133¼	18	15	20	1	2
Kieblevig	»	88½	415½	263½	12	16	18	13	7
Hafnefiord	»	29½	314½	»	30	12	»	»	»
Holmen	»	121	224¼	107	40	14	14	11	3
Stappen	»	87½	353	480¼	14	18	18	4	»
Revet	61	90	76	106	40	10	10	9	2
Kumbervog . . .	»	31	161¼	109	22	12	14	18	2
Stikkelsholm . . .	»	87½	123¼	»	24	18	9	9	8
Patrixfiord . . .	»	30	62	78	18	7	10	2	1
Bildal	»	26¾	62¾	53	10	12	»	»	»
Dyrefiord	»	»	197	102	2	8	5	9	5
Issefiord	»	29	316½	213	4	16	7	5	8
Skagestrand . . ,	»	29	334	239½	13	12	19	19	»
Hofsös	»	60½	194½	291	15	10	25	16	5
Öefiord	»	59	386½	159	14	16	40	»	7
Husevig	»	29½	225	185¾	8	»	14	19	5
Vapnefiord . . .	27	»	96	80½	6	6	10	»	»
Rödefiord	»	»	»	104	11	12	10	»	3
Berefiord	»	»	30	51½	12	»	4	3	6
Vestmanöe	»	113½	508½	770¾	»	12	18	15	7
Summa	88	1123	5667¾	3631¾	349	261	295	»	6

	Peekling al. 5½ Sk.	BolteLerred 40 al. a 22 Sk.	Ulden Garn	Buchskinds Punge	Brede Punge	Börne Punge	Ederskiud Huer	Flöiels Halte	Florets Halte
	al.	Bolt.	Bdt.	Stk	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.
Örebak	»	6	40	24	36	48	»	6	»
Boesand	»	5	30	18	24	24	»	6	»
Kieblevig	»	4	20	24	12	12	»	2	»
Havnefiord	3947	6	20	24	36	24	»	»	12
Holmen	620	»	50	24	36	»	»	»	10
Stappen	»	6	20	24	24	24	»	8	12
Revet	1035	6	10	12	12	12	»	4	6
Kumbervog	»	6	24	24	12	»	»	6	»
Stikkelsholm . . .	516	12	10	24	24	36	»	»	30
Patrixfiord	»	3	12	»	6	24	6	»	»
Bildal	1446	8	»	12	24	»	»	6	»
Dyrefiord	»	»	10	»	»	»	»	»	6
Isefiord	2067	10	10	»	»	»	»	6	12
Skagestrand	414	6	50	24	24	»	»	12	10
Hofsös	1027	9	80	36	24	12	»	4	4
Öefiord	»	»	80	12	36	»	»	»	6
Husevig	»	24	30	»	»	»	6	9	8
Vapnefiord	»	»	12	12	»	»	6	4	»
Rödefiord	»	8	20	24	»	12	»	4	»
Berefiord	»	»	12	»	12	»	»	»	»
Vestmanöe	418	8	12	18	12	»	»	»	»
Dito under Navn af *Bolddavit* á Bolten 11 Daler		6							
Summa	11490	133	552	336	354	228	18	77	116

	Hatte med 3 Snorer	Drenge Hatte	Filt Hatte	Trips Hatte	Dvelks Hatte	Varnings Hatte	Spans Salt		Frans Salt		Seebe
	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	Lest	Tder	Lest	Tder	Fiord-ding
Örebak . . .	72	60	48	12	108	360	1	2	1	2	1
Boesand . . .	36	»	36	»	48	72	»	9	»	»	1
Kieblevig . .	36	12	18	»	18	48	»	9	»	»	1
Hafnefiord . .	36	»	12	24	24	120	1	»	»	»	1
Holmen . . .	48	»	12	»	24	48	1	9	1	»	1
Stapen . . .	24	24	12	24	48	72	»	9	1	»	1
Revet	18	»	18	24	30	24	»	9	1/2	»	1
Kumbervog. .	24	»	24	»	8	24	»	12	»	4	1
Stikelsholm. .	»	»	»	»	»	»	»	9	»	»	»
Patrixfiord . .	»	»	»	»	»	6	1	6	»	6	2
Bildal	6	»	»	»		»	1	»	»	»	1
Dyrefiord . .	»	6	12	»	6	6	1	»	1/2	»	1
Jsefiord . . .	24	»	»	3	»	»	»	6	»	»	1
Skagestrand .	12	»	»	12	»	»	6	9	1/2	»	»
Hofsös . . .	12	»	30	9	12	12	9	»	1	»	»
Öefiord . . .	12	6	6	12	24	»	8	»	1	9	»
Husevig . . .	24	»	»	»	»	»	5	10	1/2	10	2
Vapnefiord . .	12	12	18	»	»	»	5	10	»	10	1
Rödefiord . .	30	»	»	30	30	24	3	11 1/2	»	6	1
Berefiord . .	»	»	30	12	24	108	4	10 1/2	»	»	1
Vestmanöe . .	36	12	12	»	18	36	»	15	»	15	2
Summa	462	132	288	162	432	960	54	2	10	8	20

	Spans Vin	Frans Vin	Frans Brendevin	Korn Brendevin	Mød	Lybsk Öl		19 Marks Öl	15 Marks Öl
	Ankere	Oxehov.	Ankere	Tder	Tder	Fade	Tder	Tder	Tder
Örebak	»	5	3	24	12	24	11	»	24
Boesand. . . .	»	1	1	16	6	8	24	»	»
Kieblevig . . .	»	1	1	15	4	10	24	»	»
Hafnefiord. . .	1	2	1	10	8	20	8	»	18
Holmen. . . .	»	2	1	10	10	14½	12	4	»
Stapen	»	2	1	20	6	8	18	»	»
Revet.	1	2	1	16	7	12	12	»	»
Kummervog . .	»	1	2	8	10	8	10	»	»
Stikelsholm . .	»	1	1	6	7	10	7	»	»
Patrixfiord. . .	»	1	1	6	8	8	»	»	»
Bildal.	»	1	1	7	8	7	5	»	»
Dyrefiord . . .	½	1	1	6	6	6	6	»	»
Jsefiord. . . .	½	1	1	6	6	7	6	6	6
Skagestrand . .	»	2	1	16	14	19	10	»	»
Hofsös	»	3	1	12	7	19	8	»	»
Öefiord	»	2	1	16	8	14	12	»	»
Husevig. . . .	»	2	2	9	3	12	4	»	»
Vapnefiord. . .	»	1	1	4	4	5	4	»	»
Rödefiord . . .	»	1	1	5	5	7	4	»	»
Berefiord . . .	»	1	1	»	2	3	2	»	3
Vestmanöe. . .	½	2	1	24	8	10	10	»	»
Summa	3½	35	25	236	149	231½	197	10	51

	3 Dalers Öl	8 og 9 Marks Öl	6 Marks Skibs Öl	Tjære	Contante Daler
	Tder	Tder	Tder	Tder	
Örebak	»	»	48	»	1400
Boesand. . . .	12	»	30	6	700
Kieblevig . . .	»	»	»	»	356
Hafnefiord. . .	6	36	55	6	672
Holmen	»	24	»	4	800
Stapen	12	6	36	4	500
Revet.	12	»	30	2	764
Kumbervog . .	»	»	»	2	341
Stickelsholm . .	8	»	24	3	»
Patrixfiord . .	12	»	24	»	»
Bildal	12	»	18	4	257
Dyrefiord . . .	»	»	»	1	325
Jsefiord	»	»	18	»	342
Skagestrand . .	»	»	36	»	250
Hofsos	4	»	48	»	1541
Öefiord	»	»	»	»	750
Husevig. . . .	»	»	48	»	840
Vapnefiord . .	»	»	»	»	50
Rödefiord. . . .	»	»	»	»	418
Berefiord . . .	3	10	10	»	200
Vestmanöe. . .	»	»	»	4	474
Summa	81	76	425	36	10980

Specification over udgaaende Varer fra Island for Compagniets egen Regning Aar 1655. (Extraheret af samme Aars Hoved Bog.)

	Grov Fisk		Tit-linger		Klip-fisk		Klip-koller		Torsk	Smör
	Vet	f.	Vet	f.	Vet	f.	Vet	f.	Tder	Tder
Örebak	2314	»	»	»	»	»	»	»	»	21
Hafnefiord	3754	24	»	»	11	16	»	»	»	»
Holmen	2930	24	50	16	38	24	»	»	»	»
Revet	2407	36	115	8	»	»	»	»	»	»
Kumbervog	1760	»	358	8	»	»	»	»	3	»
Stikkelsholm	1569	32	153	32	4	32	»	»	»	»
Patrixfiord	886	12	28	24	57	16	40	12	»	»
Bildal	1414	32	103	32	21	4	»	»	»	»
Dyrefiord.	465	»	»	»	»	»	»	»	»	½
Isefiord	1361	4	9	8	»	»	»	»	»	5
Skagestrand.	6	16	»	»	18	»	»	»	1	12
Husevig	36	24	»	»	25	8	»	»	26	36
Vapnefiord	43	16	»	»	148	24	52	»	»	12
Rödefiord	144	»	»	»	144	16	»	»	»	50
Berefiord.	50	»	»	»	177	»	»	»	»	8½
Summa	19144	24	819	8	646	20	92	12	30	145

	Faare Kiöd	Tælge			Oxe Kiöd	Tran	Vadmel	Vanter	Hoser
	Tder	Skpd.	Lpd.	℔	Tder	Tder	Al.	Par	Par
Örebak . .	6	»	7	»	»	5	103	118	141
Havnefiord .	»	»	»	»	»	24	»	»	139
Holmen . .	»	»	»	»	»	27	»	»	»
Revet . . .	»	»	»	»	»	62	»	»	»
Kummervog.	»	»	»	»	»	12	»	»	»
Stikkelsholm	»	»	»	»	»	2	64	»	»
Patrixfiord .	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Bildal . . .	»	»	»	»	»	»	»	»	»
Dyrefiord . .	19	«	19	8	3	5	»	»	»
Isefiord . .	15	1	6	13	»	64	333½	1732	538
Skagestrand .	470½	27	11	12	72	101	752	800	5239
Öefiord . .	»	»	»	»	»	»	»	3000	12800
Husevig . .	427	44	17	10	17	52	129	»	2140
Vapnefiord .	137	10	11	10	8	18	160	200	400
Rödefiord .	93	7	4	5	10	13½	218½	1630	351
Berefiord . .	20	4	18	4	18	2	60	50	»
Summa	1087½	97	16	14	128	387½	1720	7530	21748

	Saltede Faare-Skin	Lamb Skin	Graae Refskin	Hvide Refskin	Kalf Skin	Gammel Kaaber
	Bundt	Stk.	Stk.	Stk.	Stk.	℔
Öreback	27	100	»	»	5	87
Kumbervog	»	80	10	8	»	»
Dyrefiord	55	»	»	»	»	»
Isefiord	58	»	»	»	»	40
Skagestrand	1492	188	5	11	»	»
Husevig	1892	1304	»	»	»	»
Vapnefiord	611	»	»	»	»	»
Rödefiord	601½	»	»	»	»	»
Berefiord	321	»	»	»	»	»
Summa	5057½	1672	15	19	5	127

Een Deel Retour Ladninger fra Jsland bemelte Aaar ere enten bortsolgte heele eller til deels uden Hoved Bogens Forklaring, hvor udj Varene have bestaaet, saa som:

Boesands heele Ladning forhandlet i	Glykstad	pr.	8501	Dlr.	«
Kieblevigs Dito	Dito	—	6749	— 48	Sk.
Stappens Dito	i Amsterdam	—	8419	— 61	—
Hofsaas Dito	i Glykstad	—	10044	— 23	—
Vestmanöes Dito	Dito	—	8885	— 12	—
Af Örebaks Ladninger en Deel i	Amsterdam	—	15790	— 4	—
— Öefiords Dito —— i	Glykstad	—	7131	— 14	—

6.

Útfluttar íslenzkar vörur 1733—1742.

(Lbs. 86 fol.)

Tabell

over alle de Islandske Vare som er hiembragte fra Island udi det gamle Compagniets 10 Forpagtnings Aaringer, nemlig fra Aar 1733 til 1743.[1])

Anno	Grov Platfisk			Middel Platfisk			Plat Titlinger			Grov Hengefisk		
	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd.	pd
1733. . .	3303	8	»	42	9	»	250	10	»	343	»	»
1734. . .	4458	16	4	27	»	8	158	14	12	528	7	4
1735. . .	4149	7	14	10	8	»	151	8	12	213	17	12
1736. . .	4503	18	1	22	14	14	138	1	15	344	14	8
1737. . .	3923	3	4	37	2	»	104	19	10	222	5	10
1738. . .	5460	1	10	32	7	»	108	18	4	189	3	»
1739. . .	6172	10	12	11	17	12	141	8	»	181	4	»
1740. . .	4850	2	3	15	12	8	279	4	12	142	15	»
1741. . .	4114	11	11	33	12	2	450	10	11	265	1	»
1742. . .	4845	1	5	17	5	»	252	5	12	211	8	»
Summa	45781	1	»	250	8	12	2036	2	8	2641	16	2

1) Árið 1743 er eigi talið með hér, því félagið var þá gengið frá verzluninni og Hörmangarar komnir í staðinn.

Anno	Henge Titlinger			Spille Fisk			Törre Langer			Törre Koller		
	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd	pd	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd.	pd
1733. . .	179	»	»	21	10	»	217	17	10	135	12	8
1734. . .	450	16	6	12	5	»	211	»	4	37	7	6
1735. . .	55	5	»	»	»	„	175	10	»	110	14	4
1736. . .	42	9	8	1	12	»	199	11	12	44	18	8
1737. . .	77	8	»	11	10	»	76	12	»	66	5	8
1738. . .	53	3	»	62	18	2	31	5	»	4	5	»
1739. . .	103	1	»	»	»	»	72	7	12	3	18	8
1740. . .	144	2	»	»	»	»	93	1	4	5	8	4
1741. . .	264	2	»	13	11	»	158	14	8	21	11	6
1742. . .	129	5	»	»	»	»	115	3	»	22	15	12
Summa	1498	11	14	123	6	2	1351	3	2	452	17	»

Anno	Klip Torsk			Klip Langer			Klip Raaker			Klip Koller		
	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd.	pd	Skpd.	Lpd.	pd
1733. . .	387	11	»	131	1	»	32	18	8	24	6	14
1734. . .	506	12	6	224	9	10	25	14	2	43	4	13
1735. . .	262	10	4	107	15	2	12	»	»	1	19	8
1736. . .	225	4	8	90	7	6	13	15	4	6	12	»
1737. . .	267	14	6	145	15	»	20	12	4	17	17	2
1738. . .	283	7	6	65	12	»	15	8	14	12	10	2
1739. . .	121	9	6	91	4	6	17	16	»	17	2	6
1740. . .	229	7	4	102	1	4	20	3	»	19	13	8
1741. . .	137	15	10	95	2	8	13	17	4	43	1	8
1742. . .	512	6	14	220	4	15	38	10	12	76	1	6
Summa	2933	19	»	1273	13	3	210	16	»	262	9	3

Anno	Klip Nacker			Grov Torsk		Middel Torsk		Smaa Torsk		Lax
	Skpd	Lpd	pd	Heele Tder	Halve Tder	Heele Tder	Halve Tder	Heele Tder	Halve Tder	Heele Tder
1733 . .	9	13	8	411	24	16	85	74	62	2
1734 . .	12	15	»	384	12	35	181	66	112	4
1735 . .	6	8	11	314	19	27	177	13	73	2
1736 . .	4	14	6	304	23	2	123	2	71	6
1737 . .	6	10	10	370	60	15	134	55	119	2
1738 . .	6	3	8	343	41	13	130	61	144	4 1/2
1739 . .	2	16	4	119	11	22	84	40	91	4
1740 . .	4	11	10	379	71	27	168	47	122	4 1/2
1741 . .	3	11	2	136	16	40	191	41	148	2 3/4
1742 . .	13	9	2	406	69	24	209	42	199	1
Summa	70	13	13	3166	346	221	1482	441	1171	32 3/4

Anno	Saltede Langer	Havkalds Tran	Torske Tran	Oxe-Kiöd	Smaahugget Faare-Kiöd	
	Tönder	Tönder	Tönder	Tönder	Heele Tder	Halve Tder
1733 . .	6	540 1/2	402	72	720	»
1734 . .	7	307	157	89 1/2	91	565
1735 . .	2	287	287 3/4	76 1/2	192	826
1736 . .	3	147 1/4	461 3/4	91 1/2	162	791
1737 . .	4	240 1/2	371 1/2	149	93	664
1738 . .	»	171 1/2	501 1/2	140 1/2	120	802
1739 . .	2	155 3/4	493 3/4	86 1/2	118	891
1740 . .	17	185 3/4	550 1/2	97 1/2	227	810
1741 . .	9 1/2	280 3/4	537 1/4	160	249	1040
1742 . .	5	125 1/4	115 1/4	166	262	1287
Summa	55 1/2	2441 1/4	3878 1/4	1129	2234	7676

Anno	Storhugget Faare-Kiöd		Saltede Faare-Tunger	God Talg			Brending Talg			Stumpe Talg		
	Heele Tönder	Halve Tder	Heele Tder	Skpd.	Lpd.	℔	Skpd	Lpd.	℔	Skpd	Lpd.	℔
1733. . .	3972	»	18	509	5	»	»	»	»	»	»	»
1734. . .	3637	12	15½	325	18	»	66	8	14	»	»	»
1735. . .	3846	20	12¾	375	19	»	40	1	8	17	4	2
1736. . .	4741	37	17	477	17	4	34	10	12	27	1	4
1737. . .	3770	18	13	300	15	14	27	5	»	24	7	3
1738. . .	3337	12	11	309	19	6	29	14	6	7	19	6
1739. . .	3436	12	11½	312	6	9	24	3	14	7	3	9
1740. . .	3669	»	13½	436	12	13	32	9	10	6	2	7
1741. . .	3882	»	14¾	472	3	2	52	9	5	9	4	12
1742. . .	4980	»	16¾	499	5	6	54	6	12	»	»	»
Summa	39270	111	143¾	4020	2	6	361	10	1	99	2	11

Anno	Hviid Uld			Sordt Uld			Meleret Uld			Oxe-huuder	Saltede Faare-skind	Törre Lam-skind
	Skpd	Lpd	℔	Skpd	Lpd.	℔	Skpd	Lpd	℔	Stk.	Bunter	Stk.
1733. . .	»	»	»	»	»	»	367	8	9	40	18999	9622
1734. . .	»	»	»	62	14	1	272	8	3	31	18704½	22126
1735. . .	43	13	14	42	11	7	402	18	15	28	17159½	10687
1736. . .	41	18	6	36	9	13	335	8	14	31	22373	9496
1737. . .	116	7	2	59	1	14	134	»	8	100	18186	22363
1738. . .	46	8	12	23	3	6	71	11	7	103	15180½	5615
1739. . .	42	16	»	17	8	10	67	»	10	70	15479	6458
1740. . .	48	19	4	26	16	12	63	2	7	81	17911	3378
1741. . .	52	15	11	26	19	3	80	2	9	101	19842	4292
1742. . .	47	10	3	»	»	»	174	»	13	101	23123½	5576
Summa	440	9	4	295	5	2	1968	3	»	696	186958	99613

Anno	Bokke Skind	Graae Rævskiud	Hvilde Rævskind	Reen Æderdun	Halvren Dun	Skiden Dun	Fugle Fiæder		Svane Fiædre	Hvalfiske Barder	
	Stk.	Stk.	Stk.	℔	℔	℔	Lpd.	℔	Stk.	Lpd.	℔
1733 . . .	45	195	255	255	20	6628	155	14	22400	54	14
1734 . . .	62	162	266	172	15	5921	185	7	12800	45	4
1735 . . .	12	191	209	162	»	5904	341	5	8000	28	10
1736 . . .	29	197	411	163	12	6103	278	4	7000	23	14
1737 . . .	37	123	278	191	»	5798	306	8	4500	32	8
1738 . . .	12	145	225	197½	»	5251	432	6	9700	22	»
1739 . . .	11	106	193	123	30	5633	468	5	8200	28	12
1740 . . .	15	48	76	145	»	4662	292	6	3000	10	»
1741 . . .	»	88	141	201	»	4292	232	2	4200	11	4
1742 . . .	8	119	126	268	»	4754	125	3	22000	14	6
Summa	231	1494	2180	1877½	77	54946	2817	12	101800	271	8

Anno	Smör			Enkelbaands Hoser og Vanter	Dobbelbaands Gods. Værdie	Toetomme Vanter
	Heele Tder	Halve Tder	Fierdinger	Par	Rdr	Par
1733 . . .	4	131	61	150223	5889	62504
1734 . . .	5	62	44	141415	5655	50074
1735 . . .	»	76	36	162820	3720	45554
1736 . . .	»	66	31	146898	4354	53427
1737 . . .	»	21	23	150401	5148	50882
1738 . . .	»	47	20	138098	3553	51388
1739 . . .	»	54	32	140203	4032	53723
1740 . . .	»	99	43	131035	4409	62282
1741 . . .	4	113	68	145069	4054	74003
1742 . . .	1	50	41	175852	4275	85242
Summa	14	719	399	1482214	45089	589079

Anno	Reen Vadmel	Omslag Vadmel	Inskieft	Omslag Strie	Gammel Kaaber	Raae Svovel
	Allen	Allen	Allen	Allen	℔	℔
1733 . . .	4779	4687	299	1053	254½	»
1734 . . .	6583	4312	89	548	201½	»
1735 . . .	4403	5220	67	12	294½	»
1736 . . .	5478	4700	12	112	278½	»
1737 . . .	5497	4820	»	237	105	»
1738 . . .	3601	4411	»	517	83	»
1739 . . .	3857	4523	»	364	86¼	»
1740 . . .	1952	4031	»	691	69½	392
1741 . . .	1632	4591	»	591	56	»
1742 . . .	1074	4371	»	1681	39	»
Summa	38856	45666	467	5806	1467¾	392

7.

Samþyktir Hörmangarafélagsins 24. febr. 1748.

(Lbs. 93 fol.)

Convention og Foreening jmellem Det Kongelig Octroyerede Islandske og Findmarckske Compagnies Interessentere vedtagne d. 24. Februarij Anno 1748. —

Efter som det allernaadigst har behaget höylovlig Jhukommelse Kong Christian den 6te Anno 1742 den 16de April udj Cammer Collegio til den höystbydende at lade opbyde den Islandske Beseyling udj 10 efter hinanden fölgende Aar, nemlig fra 1te Januarij 1743 til Aarsdagen 1753, efter de ved Auctionen udj Höylovlig Cammer Collegio producerede trykte Conditioner, og Höer Kræmmer Lauget og dets Interessenter blev höystbydende for dend aarlig Afgifft 16100 Rdr. Croner, samt 200 Rdr. Croner aalig for Westmanöe Landskyld, hvor paa strax efter Kongelig allernaadigst Resolution Compagniet den allernaadigste Octroy paa bemelte Lands Beseyling fra Höylovlig Rentte Cammer Collegio blev tilstillet af dato 13de Iulij 1742, saa har Interessenterne der paa i fölge den Kongl. allernaadigste Octroyes 27de Post opretted een Convention imellem sig indbyrdes saa vidt Handelen og Conjuncturerne paa den Tiid tillod.

Siden har det atter allernaadigst behaget allerhöystbemelte höylovlige Ihukommelse Kong Christian den 6te efter bemelte Compagnies allerunderdanigste Andsögning af dato 10. Nov. 1745 allernaadigst at conferere Compagniet den Findmarckske Handel paa 25 Aar, samt at extendere den Islandske Octroy paa liige lang Tiid, efter den derpaa allernaadigste erholdte Octroy dateret Christiansborg den 1. Dec. 1745, hvilken Octroy og af vores nu Regierende Konge og Herre Kong Friderich den 5te under dato 6te Februarij 1748 allernaadigst er bleven confirmeret.

Paa det at disse 2de Handeler nu destoe bedre kunde udbreedes og bestrides, resolverede mand til een Augmentation af Interessenter, at som der til den Tiid ickun var 72 Actier,

samme da til 100 Actier at foröge, hver Actie til 2000 Rdr. Dansk Courant beregnet, hvilket Tall og ved Höye og Respective Interessenters Subscription blev supplered og Actierne fournerede.

Da nu Erfahrenhed i den forbigangne Tiid har viist ey alleene at een og anden Post behövede Forbedring, men end og at disse 2de Handelers Udbreedelse saadant udfordrer.

Saa have vi da i Krafft af ovenmelte udj Den Hellig Tree Eenigheds Navn med hinanden fölgende besluttet, hvor efter vi saa vel som alle de, der efterdags i Compagniet indtræde, samt alle andre, det være sig Direction, Hoved Participanter, Betientere eller andre, hvilke sligt angaaer os samtlig, indtil nærmere Forandring i General Forsamling efter fleeste Stemmer ordentlig giöres ubrödelig ville og skulle rætte og holde, nemlig:

1.

Med Compagniets Fond, som nu bestaaer af 100 Actier á 2000 Rdr., er 200,000 Rdr., drives Handelen af Directionen saa vidt mueligt er, og naar den Capital ey er tilstrækelig, da haver Directionen saadant Interessenterne betimmelig at tilkiende give, som da til nyt Laan eller viidere Jndskud pr. Actie til det manglende kand være betenkt.

2.

Af den aarlig Avance skal eendeel indeholdes til Gieldens af betaling, paa det mand, næst den Aller Höyestes Bistand, her efter kand drive Handelen med Compagniets egne Midler og ey tage Capitaler paa Rentte uden det i Hast og höy nödvendig behövedes, da saadan Fornödenhed dog först af Directeurerne skal proponeres udj en General Forsamling, og der efter i agt tages den da vedtagende Resolution.

3.

Jngen af de nu værende eller her efter kommende Interessenter maae saa længe Handelen eller de Compagniet allernaadigst med deelte Octroyer ved varer, eller indtil samme ere expirerede og Compagniets Effecter forhandlede, til bage fordre, mindre bekomme, lidet eller meget af sin indskudte Capital, under hvad Prætext det end og være maatte, efter som heele Jndskuddet skal forblive i een samlet Massa og fælleds Fond, dog tillades det een hver enten alle eller nogle af sine Actier til andre Kongelig Danske Undersaatter at transportere eller selge, som det best kand foreenes om, naar allene den Sælgende först tilbyder Compagniets Interessentere samme, om nogle i

blant dem maatte værre sindede at tilkiöbe sig slige Actier. Thi i saa Fald skal dend eller de, som allerede ere Interessenter i Compagniet, være præfereret at beholde samme Actier for det Kiöb hand med Sælgeren kand foreenes om; men skulle disse icke kunde blive eenige, haver den Sælgende Friehed at afhendige og selge sin Actier til hvem hand vil.

4.

De Interessentere, som nu ere eller og herefter formedelst Transport eller Actiers Tilhandling i Compagniet interesserede vorder, bliver for directe Interessenter udj Compagniet antagne. Men skulde samme underhaanden have andre Med Interessentere, da haver slige Med Interessenter hverken Stæd eller Vota i Compagniets Forsamling.

5.

Paa det Directionen ey skal vorde underkast nogen Slags Suspition af particulair og egen Interesse ved at levere de Kiöbmands Vahre, som behöver til Landene med fornödne Ting at forsyene, da skall alle de Kiöbmænds Vahre, som reqvireres til Landenes Fornödenhed, ved Auction opbydes for alle og enhver, som til ringeste Priiser vil levere saadanne Kiöbmands Vahre, som befindes at være forsvarlige og gode. Mens de Vahre, som Directionen icke da finder sikker ved Auction at kand bekommes, da andskaffer og besörger Directionen efter deres nöye Overveyende og forsvarlig Anordning forskrevne fra de Steder, hvor de gode Vahre og civile Priiser kand obtinere.

6.

Saa er og vedtaget, at Interessenternes Vota i Proportion af eenhver (sic) Actier saaleedes skal forstaaes og gielde, neml.

Een Actie . . . . . Eet Votum
Trende Actier . . . . . Toe Vota
Sex Actier . . . . . Tre Vota,

og skal ingen, i hvor mange Actier hand end haver, have meere end trende Vota.

7.

Til Compagniets Handel med viidere at dirigere og forestaae skal være en President, trende Directeurer og trende Hoved Participanter af Kiöbmands Standen. Iblant disse afgaaer den förste Directeur hver 3die Aar, og vælges da een af Hoved Participanterne til Directeur og een af Interessenterne, som er be-

qvem, igien til Hoved Participant, og skal nu ved denne förste Indretning dend ælste udj Directionen være den förste Directeur og de andre tvende efter ham, eenhver efter sin Alder i Directionen, den ældre for den yngre. Med Vallet omgaaes liige som ved andre Compagnier med trykte Sedler paa deres Navne, som skal vælges.

Directionen maa ikke heller nogen til Directeur foreslaa uden af Kiöbmands Stand og dend som i det mindste haver 2de Actier i Compagniet, og til saadant Embede er beqvem, hvor ved formodentlig Compagniets almindelige Nytte og Fordeel kand conserveres.

Naar Directionen for indfaldende Forhindringer ikke alle kand komme tilstæde, da skal de tilstædeværende naar de kuns ere 2de samlede lade kalde een af Hoved Participanterne, saa at de altiid maa være 3de og da have Fuldmagt alleting at dirigere og beordre, være sig Ordre til Island og Findmarcken at udstædige, Vahre at ordinere, indkiöbe eller i andre Maader at besörge, samt Skiibe at befragte med viidere.

Directionen skal og forsamles 2de Gange om Ugen paa Compagniets Contoir eller Forsamlings Sahl, nemlig Mandag og Fredag Efftermiddag Klocken 2 Sledt, paa det Compagniets Correspondence eller de som med Compagniet vilde enten kiöbe eller sælge icke formedelst deris Udeblivelse skal liide Ophold. Og skal de af Directionen, som maatte have Forfald, betimmelig om Formiddagen give deris Med Collegis deris Udeblivelse tilkiende, paa det at af Directionen i det mindste kand være trende tilstæde.

Og paa det dend eene icke skal opholde sig efter den anden og Compagniets eller deris egne Affaires icke skulle forsömmes, bör de i det seeniste være i Directionen inden Klocken 3.

8.

Hoved Participanterne deliberérer med Præses og Directeurerne om alle vigtige Forretagender og haver liige Adgang som Directeurerne saa vidt Tilsyen og Underretning om Compagniets Adfær, Tilstand og Væsen andgaar, samt til at raadföre og giöre Forrestilling til Compagniets Velfærd og Beste, men beordrer icke noget enten Indtægt eller Udgifft, ej heller Indkiöb og Forsending eller des liige, saa som saadant ved Presidenten og Directeurerne alleene skal ske.

Disse 3de Hoved Participantere, som af Interessenterne udvælges, skal efter at Bögerne hvert Aar til ultimum Augustij ere sluttede og General Forsamling erholdt Böger og Regenskaber

for sig tage at revidere. Hvad de ved Revision finder fornöde (sic.) at anteigne til Mangel, skal Directionen communiceres, som derpaa deres Besvarelse og Erklæring haver at give, og effter at samme Revisoribus er indhændig, udnævnes 3de af Interessenterne til Decisores og ved deres Decision skal det paa Compagniets Vegne have sit Forblivende, og efter befundne Omstændigheders Confrontation og Rigtigheds Afleggelse skal Revisores og Decisores have Fuldmagt Directionen samt Bogholderen for aflagde Rigtighed at qvittere, liige som og Revideurerne haver Fuldmagt at udstædde gyldig Qvittering paa Interessentskabets Vegne naar intet findes til Mangel at udsætte. Mens hvis Revisores eller Decisores forsömmer Bögerne og Regnskaberne, i fald nogen Mangel eller Urigtighed befindes, inden den nest paa följende ultimum Augustij Maaned at paa anke, da skal Directionen og Bogholderen icke kunde forpligtes at svare der til, men de skal være forpligtede at svare der til, som haver hafft der paa at tale, efter som ingen af Directionen længere skal svare til nogen Administration og hvad i Bogerne findes indskreven naar det for Aar og Dag er passerit. Directionen samt Hoved Participanterne og Bogholderen, som til Bögerne og Regnskaberne frj Adgang haver, skal være forpligtede Compagniets Tilstand i tilbörlig Taushed at holde, at det icke nogen aabenbares. Og paa det ved General Forsamling eenhver Interressent kand have den Fornöyelse at faae Compagniets sande Tilstand at viide, forpligtes eenhver Interressent i Særdeeleshed, og det heele Interressentskab i Almindelighed, icke nogen udenfor Interressentskabet Compagniets Tilstand og Omstændigheder at decouvrere. Presidenten tillige med eenhver af de 3de Directeurer nyder aarlig 400 Rdr., som og af Bogholderen paa Compagniets Vegne inden ultimum Augustij hver Aar udbetales. Og paa det Hoved Participanterne, som og skal være af Kiöbmands Standen, desmeere skal lade sig Compagniets almindelige Tarv og Beste tillige med Directionen være angelegen, da skal de aarlig hver have 100 Rdr.

9.

Directionen tilforpligtes paa gode og ærlige Troe og Love uden nogen particulair Interesse at administrere deres Tienneste til Compagniets almindelige Tarv og Beste, liige som de og skal lade holde rigtig Bog og Protocol over alle deris Resolutioner, Ordres og Beslutninger og alle Ting forandstaltes efter fleeste Stemmer. Og liige som det icke skal være nogen tilladt noget alleene at befale, med mindre det skeer med fælleds Minde, saa

skal og enhvers Ordres, som sligt vil forretage, icke være af nogen Gyldighed, icke heller skal det nogen af Directeurerne eller Hoved Participanterne være tilladt at opiniatrere sig imod de fleeste Stemmer, men naar hands Meening haver icke været liige med de fleestes, maae hand ved sit particulair Votum i Protocollen lade indföre og siiden dog de fornödne og behövende Ordres tillige at expedere og underskrive.

10.

Directionen skal ikke i nogen Maade være forpligtet at svare til Söe Skade, Ildebrand eller hvad dennem ved Fiende Haand eller utroe Folk, under hvad Navn det og forstaaes kunde, maatte blive tilskade föyet, eller og om nogen kommer tilagters og giör Bancqveroute, Opbud eller i andre Maader bliver uvederhæfftig, som de Compagniets Vahre kunde have betroet paa sömmelig Kiöbmands Credit, i eller uden Riiget, naar det ellers i Collegio formelig er besluttet, icke heller skal de værre forpligtede til deris Ordres at svarre, enten de lykkes ilde eller vel til Gevinst eller Forliis, ey heller noget andet Regenskab at giöre end som ellers paa andre Stæder i denne Convention om Regenskaber meldet er.

11.

Bogholderen, hvilken har paa taget sig at forrestaae som Bogholder og Casserer saa vel den Islandske som Findmarckske Handel, bör af legge sin Tröeskabs Eed og stille Caution for 4000 Rdr., og skal hand holde alle Compagniets Böger paa den brugelige saa kaldede Italienske Maade og slutte dem præsis til hvert Aars ultimum Augustij, saa vel som ellers conciepere og forfatte alt det som hörrer til Correspondencen og dends Vedliigeholdelse, samt udfærdige alle de Ordres og Expeditioner, som een Bogholder vedkommer, efter den Instrux, som hannem meddeeles. Baade Directeurerne og Bogholderen skal deres Arbeide forrette paa det for ordnede Sted, nemlig paa Compagniets Contoir, og ingen, hvo det end maatte være, tillade eller give Copier af deres Böger eller Documenter, men paa Stædet hvor de forvares skal det være Hoved Participanterne tilladt Regenskabs Bögerne at efftersee.

12

Og som til de fahrende Kiöbmænds Regninger at revidere, som for Directionen og Bogholderen falder for vitlöftig, antages en erfahren Person, som for sin Troeskab aflegger Æed, og for

nærværende Tiid allereede er antaget Sören Pedersen som en gammel Islandsk Kiöbmand, saa skal hand nyde for sin Umage aarlig 300 Rdr. saa lenge hand lever og forretter hans Tienneste troelig og forsvarlig, men ved hands Afgang skal Directionen forre slaae en anden udj hans Stæd, med hvem de om Belönningen maae accorderes og dette icke være af nogen Forbintlighed, at den nye skal have liige Lön som den nu værende gamle.

13.

Til Compagniets ydermeere Sickerhed for de Contant indlöbene Capitaler, bruger Directionen den hiid indtil brugte Maade med at holde Folio i Bancqven for alle Capitaler som indlöber, og bör for ulykkelige Tilfælde ved Compagniets Contoir eller i den löbende daglige Casse, som Bogholderen er betroet, ey være meere til daglige Udgiffter end 4000 Rdr., og naar viidere reqvireres, da haver Directionen den behövende Summa paa Bancqven at assignere. For det öfrige skal Bogholderen paa alle Udgiffter og Indtegter have Directionens Udgiffts og Jndtegts Ordres i det ringeste hver Maaned, men ugentlig om Leyligheden det tillader.

14.

Som Compagniets sande Tarv og Velstand for een stoer Deel bestaaer der udj at have kyndige og ærlige fahrende Kiöbmænd og Kiöbmænds Folk fra Kiöbmænd til Drenge inclusive, saa haver Direktionen tillige med Hoved Participanterne, som samme Folck og Betientere paa Compagniets Vegne at antage alleene er anfortroet, særdeeles at see derhen, at de ingen til sliige Embeder antager aller promoverer uden de som ere ædruelige og skickelige, samt forstaaer Slagterie og Fiskerie at omgaaes og behandle, saaledis at Compagniet dermed kand være vel betient, og paa det nu hver ærekiær og ærlig Betient udj Compagniets Tienneste kand være forvised, at hands egen Habilite og gode Opförsel er det eeneste, som ham kand recommendere, liige som og dets Contrarium kand forkaste ham af Compagniets Tienneste, saa er besluttet:

a) At naar nogen Vacance forrefalder i Compagniets Tienneste, det da uden Persohns Anseelse efter enhvers Capacite og Merita skal besættes af den, som lengst haver fahret og der til er bedst beqvem.
b) At med Avancen skal forholdes saaledes, at der avanceres:
   1. Fra Under Kiöbmand til Ober Kiöbmand
   2. Fra Arbeids Karl til Under Kiöbmand
   3. Fra den ældste Dreng til Arbeids Karl, da der saaledis

icke antages andre til Compagniets Tienneste end Drenge, som fra Ungdommen af kand opdrages ved Handelen og alt saa fra neden af avancere saa lenge de der til ere tienlige; men skulle det befindes, at de antagne Drenge, som allereede var i Compagniets Tienneste, ved forrefaldende Vacancer icke enten vare saa stoere eller gamle, at de kunde beskickes til Arbeids Karle, da skal i saadanne fornödne Tilfælde en anden fremmede Persohn til Arbeids Karl beskickes, og i dette Fald skal en Höer-Kræmmer eller Bödker Svend antages frem for nogen anden indtil Drængene i dette Tilfælde bliver stoere og til tager i Kræfter.

15.

Naar Directionen inviterer Interessenterne til General Forsamling, som bör skee 4 Dage for ud ved trykte invitations Sedler, hvor paa anföres nogle af de Poster, som skal proponeres, og Interessenterne forseiglet tilsendes, da bör saa mange at möde, som ere her tilstæde, undtagen Svaghed eller lovlig Forfald det forhindrer, og om nogen ey selv kunde möde, da skal han have Friehed sit Votum ved een anden af Interessenterne skrifftlig at lade frem före.

16.

Bogholderen skal i alle Tilfælde Compagniet betreffende gaae Directionen tilhaande og flittig annotere hvad remarqvabelt, som fra en Samlings Dag til en anden passerer, for saadant Directionen ved neste Samling at kunde forrestille til Resolutions Erholdelse i fald Tiiden det tillader. Mens i fald at Sagen icke taaler Ophold, da haver hand strax ved Compagniets Bud at give dem sligt til kiende paa det Compagniets Interesse der over icke skal lide.

Compagniets Böger skal Bogholderen som meldt er slutte efter den hiid indtil brugelige Maade til ultimum Augustij hvert Aar, og der efter saa snart som mueligt skee kand forfatte over Compagniets Böger een ordentlig General Balance under sin Haand, saaledis som hand vil til svare, hvor efter da i General Forsamling resolveres, hvad for det Aar pr. Actie til Uddeeling kand erholdes, eller Interessenterne udbetales, hvor ved og tillige agtes at Uddeelingen saaledis skeer, at den icke skal falde neste Aars Udreedning besværlig.

17.

Skulle Compagniets Böger formedelst Bogholderens Uagtsomhed eller Forsömmelse komme udj nogen slags Ophold og Urigtighed, da bliver hand Compagniet der for ansvarlig til at repondere for ald den Skade, som des formedelst kand have tildraget sig. Til hvilken Ende Bogholderen til forpligtes ordentlig hver Maaned at indföre i Iournal og Hovedbogen ald Compagniets Handel og Negoce, at mand saaledes naar fornöden eragtes alle tiider kand see Rigtighed om Debitores og Creditores og Directionen alle tiider om Cassens og Compagniets Tilstand kand være vidende, og naar Bogholderen saaleedes her efter som hiid indtil forretter sit Embede upaaanket, nyder hand for Fremtiiden den ham aarlig forhen tillagde Gage, neml. 1200 Rdr., — siiger Et Tuusinde og Toe Hundrede Rigsdaler, — samt frie Huuss, Jldebrand og Lyss, paa det Bogholderen stedse kand være ved Haanden og expedere hvad som forrefalder, imod hvilken Gage Bogholderen selv holder de övrige til Contoiret behövende Betientere uden dermed at belaste Compagniet i minste Maade.

18.

De fahrende Kiöbmænd og Kiöbmænds Folk, som fahrer paa Island og Findmarken, hvilke Directionen efter forregaaende 14de Post antager og efter een hvers Capacite promoverer, ere udj deres Instruxer forbundne Compagniets Tienneste med ald Troeskab og Vindskiibelighed at forrette, liigesom de og forpligtes udj deres Handel i Landet med hver Lands Jndbyggere at holde sig de Compagniet for begge Handeler allernaadigst meddeelte Octroyer efterrettelige og icke uden paa deris eget Ansvar af Jndbyggerne at imodtage andre end gode og gilde Vahre efter Taxten af 1702 og ifölge af dend Islandske Octroyes 9de og 10de Post, dend Findmarckske Octroyes 6te Post item 7de Post 2den Periodo, liige som de og noye har at i agt tage, at saa vel Slagterie som Fiskerie vorder vedbörlig med Salt og i andre Maader vel forseet, at Vahrerne icke enten formedelst Bödkernes Forsömmelse udlæcker, eller i andre Maader for nogen slags Efterladenhed vorder bedervede. Skulle Vahrene des formedelst ved lykkelig Retour her til Staden eller andre Stæder findes ved Udlossning beskadigede, da bliver samme Vahre efter Directionens Ordre henlagt for Kiöbmandens Regning, som samme Compagniet efter den her værende Packhuus Taxt bör betale, om hand det formaar; i viidrig Fald haver Directionen Magt icke allene saadanne Kiöbmænd af Fahrten og fra Compagniets

Tienneste at sætte, men end og dennem ved Lands Lov og Ret til vedbörlig Straff og Undgieldelse at lade til tale, og skal ingen Undskylding herimod være antagelig under Paaskud af den eller dens Forsömmelse, siiden Kiöbmanden, som Handelen i Landet er betroet, ved Arbeidet bör have nöye Jndseende og for aldt være andsvarlig. Saa bör og Under Kiöbmanden og öfrige under havende Kiöbmands Folk i alle Maader at være Kiöbmanden hörige og lydige, ingen i nogen Maade at understaae sig under deres Tiennestes Forbrydelse at opiniatrere sig imod Kiöbmandens Ordres, saa vel her ved Udreedningen som i Island og Findmarcken ved Handlingen, saavidt Compagniets Arbeide og Interesse betreffer, paa det Compagniet formedelst Ueenighed icke skal tilföyes nogen Skade eller Handelen derover liide nogen Ophold.

19.

De fahrende Kiöbmænd og Kiöbmænds Folk ere i deres Instruxer til forpligtede ingen slags Föring at have under hvad Prætext det og maalte være, hvor imod dem for Förring og Hyrre er tillagt dend Gage, som for hen. brugelig har været efter Haunens Beskaffenhed. Forseer sig nogen herimod eller betrædes at have hafft Föering, har Directionen saadanne Forseelse hos den Skyldige efter Instruxens Medför at straffe efter befunden Beskaffenhed.

20.

J liigemaade er det og vedtaget, at Skipperne og medfahrende Skibs Folck icke skal eller i Skiibet maa have nogen slags Föering, hvor imod dem i steden for Förring er tilstaaet een viss Penge efter Skibenes Stoerlighed, nemlig

a) Et Skib paa 30 til 50 Cammerce Læster:

Skipperen i Föerings Penge for		16	Sk℔
Styermanden		10	—
Tömmermanden		6	—
Baadsmanden		6	—
Kocken		6	—
Matrosser	à	5	—
Drenge	à	3	—

b) Et Skiib paa 50 til 80 Commerce Læster:

Skipperen i Föerings Penge for		20	—
Styermanden		10	—
Tömmermanden, Baadsmanden & Kokken	à	6	—
Matrosser	à	5	—

Drenge . . . . . à 3 Sk℔

c) Et Skiib paa 80 Commerce Læster og derover:

Skipperen . . . . . 24 —

Styermanden . . . . . 12 —

Tömmermanden, Baadsmanden & Kokken . . . . à 7 —

Matrosser . . . . . à 5 —

Drenge . . . . . à 3 —

d) Effter Certepartiets Jndhold betales Skipperen efter lykkelig Retour og fuldendte Reise den accorderede Fragt baade paa Island og Findmarken, og for den efter hver Skiibs Störrelse vedtagne Föering betales i stæden for Föering in Natura 4 Rdr. pr. Sk℔ af hver Sk℔ Föering saaledes,

e) Naar Skiibet haver halv Last, da betales Skipper og Folck halv Föerings Penge, og for Tre fierde Part Last betales $^3/_4$ Föerings Penge eller Douceurs, hvorved og er vedtaget, at naar et Slagter Hauns Skiib haver 500 Tönder Kiöd med alt Tilbehör, regnes det for fuld Ladning, hvor efter da og betales fulde Douceurs, og saaledes i Proportion af mindre Slagter Hauns Skiibe.

Herimod maae hverken Skipper eller Skiibs Folck have nogen Slags Föering directe eller indirecte, hverken her fra til Island eller Findmarcken, ey heller fra Island eller Findmarcken hiid til Staden eller andensteds, hvor de ere destinerede at losse. Befindes nogen Skipper eller Skiibs Folck herimod at handle og det dem kand overbeviises, da haver Skipperen den fulde Douceur for sig og medfahrende til Compagniets fattige Cassa forbrudt, tillige med det hand i saa Maader betrædes med, hvor i mod Skibs Folcket haver deres Regres til Skipperen for deris Föerings Penge.

21.

Naar Skiibene aarlig under den allerhöyestes Ledsagning fra Island og Findmarcken til deris destinerede Losse Stæder lykkelig ere retournerede og Directionen fra Landene haver erholdet fuldkommen og udförlig Effterretning, hvad Velsignelse dend naadige Gud det Aar har givet saa vel af Slagterie som begge Landes Fiskerie, da skal Directeurerne og Hoved Participanterne indkalde nogle af de i Handelen kyndigste Interessentere og med dennem delibrere om, hvorleedes Taxten det Aar kand sættes baade paa Islandske og Findmarckske Retourer, hvilcken Taxt Packhuus Skriverne holder sig i alle Maader efterretlig, og maae ingen af Compagniets Vahre selges til nogen her i Staden for mindre Priiss end den Taxt de allmindeligen sælges for af Pack-

huusset, Tran og Fisken undtagen naar der af anseelige Parthier kand sælges. Naar de Negocerende maatte vilde tilhandle sig saadanne Vahre i Parthier, for samme til fremmede Stæder at forsende, da deliberérer Directeurerne og Hoved Participanterne til sammen der over og i følge de udenlandske Priiser regulerer og slutter Priisen der om, saaledes at ingen med Billighed sig derover kand besværge.

22.

Til begge Landes Retour Vahre ere antagne 2de Packhuuss-Skrivere, nemlig een som imodtager alle de Islandske Retour Vahre, samme forhandler og der for til Directionen aflegger vedbörlig Regnskab.

Den anden Packhuusskriver imodtager alle fra Findmarcken her til Staden retournerede Ladninger, samme forhandler efter Directionens Anordninger og der for til dem aflegger vedbörlig Rigtighed. Samme Findmarske Packhuusskriver skal og alleene besörge ald Udreedningen til Findmarcken effter som der med de Skiibe icke fahrer nogen Kiöbmænd som paa Island, thi for den Islandske Udreedning sörger hver Ober Kiöbmand self efter Directionens Anordninger til hver sin Havn.

Over alle de Vahre, som Packhusskriverne saaledes annammer, skal de holde rigtig Bog ved Dag og Datum hvad der annammes og hvad der af udleveres, og for det annammede skal de hver Ober Kiöbmand eller Skipper give vedbörlig Quittering til een hver Legitimation ved Compagniets Contoir. Over de Vahre, som de enten contant forhandler eller til visse Folck udborger, skal de holde en af Directionen igiennem dragen og forseglet Bog, hvor i det contant forhandlede strax ved Dag og Datum ved Tönde og L℔ tall skall indföres, og hvad Penge saaledis daglig enten for Kontant solgte Vahre eller i Afslag af Debitorer indlöber, skal hver Dags Afften til Bogholderen indleveres, hvor for eenhver af Packhuus-Skriverne i sær tager Bogholderens qvittering i en der til indrettet Qvitance Bog indtil hver Maaneds Udgang, da en hver af dem for sig til Directionen indleverer deres Maaneds Extracter, hvor udj tydelig maae exprimeres den forrige Maaneds Beholdning, hvad der af i sidste Maaned er solgt og hvad Vahre endelig ved sidste Maaneds Slutning bliver i Behold, samt en udförlig Designation paa een hver Handels Debitorer, hvad hver i sær er skyldig og naar Giælden er giort, paa det Directionen om Compagniets Velfærd stedse kand have udförlig Effterretning. Naar saaledis een hver Packhuusskriver forvalter sit anfortroede Embede og saa lenge hand

der for til Directionen aflegger vedbörlig Rigtighed nyder een hver af samme Packhuusskrivere, dend islandske til aarlig Lön, Huusleie, Lys og Jldebrand samt Skrive Materialier med alt andet viidere in alles 600 Rd., og dend Findmarckske 400 Rd. aarlig foruden frje Huus, hvilken Lön tillige med Presidentens tager sin Begyndelse fra 1mo Septembris 1747.

Samme Packhuusskrivere skal have nöye Indsigt, at intet af de under havende Vahre formedelst deres Forsömmelse kommer til Skade, særdeeles har Packhuus Skriveren for det Islandske Væsen at agte, at hvad Kiöd som til Foraaret bliver i Behold, det i rette Tiide og inden Skiibene begynder at udreede vorder af de fahrende Kiöbmænd forlangt. Een hver af bemelte Packhuus Skriveres beskikkede Packhuuss Bödkere haver de nöye at tilholde, at de idelig og agtsom efterseer, baade Trann, Kiöd og Torsk, at ikke formedelst Bödkernes Forsömmelse enten Trannen udlækker eller Kiöd og Torsk vorder lagelös, saa fremt Packhuuss Skriverne ey self vil svare til Skaden.

Hvert Aar saa snart Skiibene ere borte skal Packhuuss Skriverne lade efter veye og efter tælle deres Beholdninger, hvor ved Töerfisken udkastes og omstables, at den fra Fordervelse kand vorde conserveret; og paa dét Compagniet saa meget meere kand være forvissed, at de angivne Beholdninger efter Opveyningen og virkelig er i Compagniets Packhuuse hos hver især i Behold, da er vedtaget, at Directionen söger at formaae Hoved Participanterne til at være tilstæde ved saadan Opveyning saa lenge den varer og ved Dag og Datum antegne, hvad daglig er veyet og forrettet, til hvilken Ende og saa lenge Opveyningen varer Hoved Participanterne skal have een Nögel til hver Packhuus og Packhuus Skriverne den anden Nögel, og saa lenge Opveyningen varer maae Packhuus Skriverne ikke forretage sig nogen Opveyning eller Efftertælling uden i Hoved Participanternes Over- og Hosværelse, liigesom og Hoved Participanterne icke maae opholde Packhuus Skriverne naar Veyrliget det tillader, at Efterveyningen saa snart muligt kand komme til Ende og Packhuus Skriverne derom til Bogholderen kand indlevere deres Beholdninger og Extrakter inden ultimum Augustij, at Bögernes Slutning des formedelst ikke skal liide nogen Ophold. Viidere skal Packhuusskriverne, som Compagniets Vahres Forhandling er betroet, have nöye Opsigt og bære ald muelig Omsorg for, at intet til insufficante Folk udborges, og hvad de til Huusholdninger udborger, der paa skal de saa snart som mueligt og Leyligheden det tillader give Regning og Penge indcassere og ikke uden Directionens Ordre under deris Bestillings

Fortabelse og ald lovlig Rigeur udborge Partier af Vahre, og skulle Packhuusskriverne faae nogen Slags Efterretning om een eller andens Debitors Insufficance, da skal de uden Ophold andrage det for Directionen, som da drager vedbörlig Omsorg, at Compagniet for saa vidt mueligt for Skade kand konserveres. Pakhuus Skriverne skal og til Compagniet allegge deres Troeskabs Eed, at söge Compagniets Beste i alle Tilfælde, og i det mindste stille Kaution for 2000 Rdr.

23.

Skulle de Pakhuuse, som Compagniet nu self haver i Eye, ikke være tilstrækkelige til at romme Compagniets Effecter udj, da haver Directionen at besörge de manglende, som nödvendig maatte behöves, til billigste Leye og paa de ved Söen beleiligste Stæder, og om mueligt saa convenabel, at Skiibene der ved kan losse og ladde.

Saa antages ogsaa et Bud ved Contoiret, som stedse efter Directeurernes og Bogholderens Ordre kand forrette de fornödne Tilsiigelser med viidere forrefaldende til Compagniets Tienneste, hvilcket Bud derfor udj aarlig Lön nyder 100 Slettedaler.

24.

Hoved Participanterne skal observere saa vidt mueligt er, at alt hvad som losses af Skiibene kommer rigtig i Packhuusene og bliver i Contoiret Compagniet ordentlig til Indtegt beregnet.

Disse vedtagne Conventions-Puncter skal saaledes som de her Ord til andet ere indförte ubrödelig holdes og efterkommes indtil Tiidernes og Omstændighedernes Beskaffenhed deres Forandring og Forbedring maatte udfordre,' da derom, som forhen er meldet, i General Forsamling viidere kand vedtages og besluttes.

Specification
over de som interesserer udj det Kongl. Octroyerede Islandske og Findmarske Compagnie, samt hvor mange Actier een hver haver.

		Actier
Hans Kongel. Mayestet		1
Hans Höy Grevelige Exelentz Grev Berkentin		1
Hendes Höygrevelige Naade Grevinde von Schullin		2
Hans Höygrevelige Exelentz Hr. Ober Hoff Marchalck Motke		1
Hans Exelentz Hr. Geheime Raad Carl von Holstein		1
—»—	Hr. Stadtholder Jacob Bendtsen	3
—»—	Hr. Geime Raad von der Osten	1
—»—	Hr. Geheime Raad og Ober Hovmester Carl Juel	1
—»—	Hr. Geheime Raad Thott	1
—»—	Hr. Geheime Raad Friderich Wilhelm von Holstein	1
—»—	Hr. Cammer Herre Peder Juel	3
Hr. Cammer Herre Christian Berregaard		1
Hr. Conference Raad Lövenörn		1
Frue Conference Raadinde Brandt		1
Hr. Biskop Peder Hersleb		1
Hr. Etatz Raad Holmsted		1
Hr. Etatz Raad Raf		3½
Hr. Etatz Raad Walleur		1
Hr. Etatz Raad Hielmstierne		4
Hr. Etatz Raad Wewer		2
Hr. Etatz Raad von Hemmert		1½
Hr. Etatz Raad Just Fabritius		1
Hr. Etatz Raad Peter von Hurck		1
Hr. Commandeur Capitain Gyntelberg		4
Fröiken Friderica Lovisa Ernst		2
Frue Justitz Raadinde Gregorius Nielsen		2
Ditto & Sön		1
Frue Agentinde Biörn		6
Hr. Ober Krigs Commissair Otto Borthuus		1
Cantzellie Raad Simon Bordthuus		1
Cammer Raad Schumacker		1
Hr. Assessor Jacob Stenderup		1
Secreter Christen Andersen		1
Diderich Munck		4
Carl Hieronimus Gustmeyer		2
Nicolaij Wesling		1
Söfren Elsegaard		2
Oluf Beck		1

Jacob Gregorius Graae	1
Hoff Juveler Christopher Fabritius	1
Madme Sal. Oluf Huulegaards	4
—»— Sal. Jacob Klogs	2
Pettersen & Sönner	3
Hr. David Johan Berentz	3
Peder Hansen Svane	2
Peder Huulegaard	2
Madme Sal. Hendrick Schalck	2
Hr. Jens Klog	1
Peder Johansen Vallentin	1
Jens Lousöe	1
Jens Böckman	1
Povl Hendrich Schalck	1
Peter Bordtman	2
Oluf Mandix	2
Niels Titcken	1
Abraham Pelt	1
Madme Pelt neé de Mushard	1
Johan Sunkenberg	2
	99

8.

Leigugjald í konungssjóð af íslenzku verzluninni 1602—1787.[1])

(Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu 1785 eftir Skúla Magnússon landfógeta. J. Sig. 10 fol. Bls. 212—213.)

---

1) Í riti Skúla fógeta nær taflan eigi lengra en til ársloka 1783 eða yfir 182 ár, en hér eru 4 síðustu árin talin með, svo að hún nær til loka einokunartímabilsins eða yfir 186 ár.

Aar inclusive	Handelsperioderne	Aar	Aar
	Förste Periode: De tre Stæder		
1602—1619	Kiöbenhavn, Helsingöer og Malmöe	»	18
	Anden Periode:		
	Det Islandske, Færöiske og Nordlandske Com-		
1620—1662	pagnie	»	43
	Tredie Periode:		
1663—1683	De fiire Hoved-Participanter	»	21
	Fierde Periode:		
1684—1689	Den separate Handel	6	
1690—1695	Den samme	6	
1696—1705	Den samme	10	
1706—1715	Den samme	10	
1716—1720	Den samme	5	
1721—1732	Den samme	12	49
	Femte Periode:		
1733—1742	De forrige Interessenteres Compagnie	10	
	Siette Periode:		
1743—1758	Hörkræmmer-Compagniet	16	
	Syvende Periode:		
1759—1763	For Kgl. Regning	5	
	Ottende Periode:		
1764—1773	Almindelig Handels-Compagnie	10	
	Niende Periode:		
1774—1787	For Kgl. Regning	14	55
		Til sammen	186

hvoor *af ulige Perioder opstaae.*

Aarlig Afgift	Belöber i Cour.	Af samme eftergivet	Beholden Afgift
3336 Spec. Rd. à 18 Sk. Lagie	7182	Eftergivet formedelst den Svenske Krig og dyre Aar	7182
8332 Spec. Rd. à 18 Sk. Lagie	42484	. . .	42484
Cron. 4000 med 10 % Lagie	92400	. . .	92400
Cron. 7380 med 10 % Lagie.	48708		
— 13670 med Dito	90222		
— 13670 med Dito	150370	104891	681839
— 20190 med Dito	212090		
— 18880 med Dito	103840		
— 15000 med Dito[1])	181500		
— 8000 à 6¼ %	85000	. . .	85000
— 16100 à 6¼ %	273124	25552	247572
7000 Rd. Cour.	35000	. . .	35000
7000 Rd. Dito	70000	. . .	70000
7000 Rd. Dito	98000	. . .	98000
	1489920	130443	1359477

1) Eftir öðrum gögnum virðist þó leigan hafa verið 18000 rd. á árabilinu 1724—1729 og 13000 rd. á árunum 1730—1732. Smbr. hér að framan bls. 174 og 175.

REGISTUR

Acheley, Gabriel konungsfulltrúi 109.
Aðalvík 610.
Adeler, Cort flotaforingi 123, 148.
Adlers, frú 148—150.
Ahlefeld, leyndarráð 236.
Akranes 111, 273.
Akureyri 69, 138, 142—143, 147—148, 204, 208, 212, 229, 260, 291—295, 302—304, 589, 635, 639.
Akurgerði í Hafnarfirði 272.
Albertsen, Kristján kaupm. 90.
Alfons konungur í Aragoníu 12.
Altona 332.
Altonamenn 223, 621, 624.
Amboð 552—553. — Smbr. Sákeröld, Strandasáir, strokkar, trog.
Amsterdam 33, 111—112, 114, 490, 582.
Andarnefjulýsi 489.
Andersen, Jens kaupm. 97.
Andrés Andrésson sýslum. 545.
Ari Guðmundsson kaupm. 237, 240—241, 243—244, 458, 523, 540.
Ari Magnússon í Ögri 86, 360, 363—365, 370—372, 380, 382—383, 403, 419, 431, 441, 455—456, 460, 515, 550.
Arnarfjarðardalir 284.
Arnarfjarðarströnd 284—285.
Arnarfjörður 284, 610.
Arnarstapi sjá Stapi.
Arnfinnur Þorsteinsson hirðstj. 10.
Arngrímur Jónsson lærði 466.
Aron Bjarnason 600.
Atgeirar (Hellebord) 449—450.
Athvarfsstaðir útlendra duggara á Íslandi 610.
Axarfjörður 296.
Axir sjá skóagaröx, smíðunaröx (skaröx).
Ákaviti 148, 463, 465.
Álftafjaðrir 402, 508.
Álftafjörður vestra 52, 286, 610.
Álftahamir 402, 508.
Álftanes (Álftnesingar) 239, 567.
Álnavara 183, 196—197, 422.
Árni Magnússon prófessor 104, 145, 149, 159, 164—168, 174, 176, 183, 263, 265, 272, 276—277, 293, 388, 521, 532, 535—536, 556, 563, 628.
Árni Oddsson lögm. 102, 348, 386, 424, 518, 533, 583—584, 589, 631.
Ásgeir Jónsson 520.
Ásmundajárn (blásturjárn) 367, 448.
Ásmundar 448.

Badskær, Didrik bæjarfulltr. í Kmh. 98.
Baggi, Ólafur umboðsm. 74.
Baj (klæðategund) 455.
Bakkahjáleiga í Austur-Landeyjum 262, 265.
Bakkelav 486.
Balle, Thomas kaupm. 651.
Baltazar hirðstj. 11.
Banfeld, Samuel 600.
Bankaseðlar (islenzkir) 417.
Barnekov, Kristen sendiboði Danakgs. í Englandi 574.
Bartskerar 22, 28.
Basballe konferenzráð 199.
Baunir 397, 443—444.
Bátsandar 17, 29, 32, 54—55, 70—71, 103, 107, 120, 134—136, 147, 149, 151, 182, 195, 212, 225, 243, 266—270, 320, 470, 593, 647.
Bech, Andreas kaupm. 181.
Beck, Hans Christian jústizráð 206, 255, 625, 654.
Bech, Hans Henrik kaupm. 181.
Bech, Jóhann kaupm. 181.
Bech, Ole kaupm. 199, 208.
Beck, Mauritz fógeti Íslandsfara af Hamborg 32, 34.
Becker, Hans lögm. 634—636.
Belgvetlingar 502.
Benedikt Jónsson í Hrappsey 146.
Benedikt Pétursson prestur á Hesti 128, 152.
Benedikt Þorsteinsson lögm. 295—296.
Berkentin greifi 194.
Berufjörður 52—53, 69, 88, 120, 166, 212, 225, 227, 298, 604, 610.
Beruvík á Snæfellsnesi 277, 590, 598—599, 607.
Bessastaðapóstar 560—561.
Beyer, Páll landfóg. 355, 543—544.
Beykirar 308.
Bilde, Eske 39.
Birch, Niels kaupm. 180.
Bitra (Bitrufjörður) 288, 610.
Bitterekstrakt 473.
Bildudalur (Bildudalseyri) 76, 87, 120, 149, 181, 212, 225, 227, 237, 283—285, 611.
Bjarneyjar á Breiðafirði 112, 152, 282, 593, 600.
Bjarnfeldir 42, 512.
Bjarni Bjarnason frá Hesti í Önundarfirði 551.
Bjarni Haldórsson sýslum. 201, 203—205, 207—208, 215, 222—223, 228, 352, 648—649.
Bjarni Hallgrímsson (Harrison) varningssali 592.
Bjarni Jónsson prestur í Gaulverjabæ 525.
Bjarni Nikulásson sýslum. 447, 485.
Bjelke, Henrik höfuðsm. 108—109, 133, 149, 271, 387, 389, 506, 534—535, 546, 587—588, 596—597.
Bjelke, Otti 122.
Bjering (bræður) kaupmenn 177—178.
Bjór (danskur) 366, 459—460.
Björgvin 5—8, 15, 41, 80, 170, 174, 474, 623.
Björgynjarkaupmenn (Björgynjarmenn) 7—8, 10, 15—16, 20.
Björn, Andreas kaupm. 193.
Björn, frú 193—194.
Björn Einarsson Jórsalafari 7.
Björn Gíslason sýslum. 600.
Björn Jónsson borgari í Brimum, sjá Salefeldt, Bernt.

Björn Jónsson á Skarðsá 18, 36, 433, 517, 629—630.
Björn Magnússon sýslum. í Barðastrs. 87, 371.
Björn Markússon lögm. 356, 420, 616, 649.
Björn Péturssón sýslum. á Bustarfelli 548.
Björn Þorleifsson ríki 12—13.
Björn Þorleifsson biskup 142—143, 154—155, 159—160, 521.
Bladt, Hans Pedersen kaupm. 111—113, 115, 118, 127—128, 341, 598, 620.
Bladt, Pétur kaupm. 598.
Blautur fiskur 245, 282, 368, 371, 485—486.
Blichfeld, Klemens Mikael kaupm. á Eyrarbakka 523—524.
Blönduós, 290, 610.
Bockholt, Jóhann höfuðsm. 55, 348.
Bolungarvík 75, 610.
Borðeyri 57, 259, 288—289.
Borðviður 445. — Smbr. Eikiborð, greniborð.
Borgarfjörður eystra 298, 580, 610.
Braspoltar 451.
Braunschweig 4.
Breiðafjarðareyjar 152.
Breiðavík á Snæfellsnesi 277.
Breitt klæði (bred Tvifler) 385, 454.
Brekkur á Snæfellsnesi 280.
Bremen (Breimen) 19, 79.
Bremer, Jakob borgari í Málmey 79.
Brennisteinn 29, 41—43, 509—510.
Brennisteinshafnir 43, 260.
Brennisteinsnámur 42.
Brennisteinsverzlun 41—42.
Brennivín 68, 138, 148, 232, 235, 238, 240, 246, 253, 261, 366, 458, 461—466.
Brennivíns- og tóbaksokur 556—561, 563—568.
Breye, Jóhann enskur kaupm. 17—18.
Brimarar (Breimarar) 17, 19, 22, 51—54, 63, 78—79, 173.
Brimilsvellir á Snæfellsnesi 146, 280.
Bristol 573.
Brock, Hans Kristján kaupm. 189.
Brockenhus, Jörgen 509.
Broddanessókn í Strandasýslu 288.
Brunnastaðahverfi í Gullbr.s. 271.
Brügge 5.
Brynjólfur Sigurðsson sýslum. 205, 215, 322, 327, 329, 330—331, 525.
Brynjólfur Sveinsson biskup 111, 116, 125—128, 264—266, 450—451, 466—467, 471—472, 525—526, 531, 544, 550, 552, 589, 591—592, 594, 596—597.
Brýni 208, 367.
Brýr 548—549.
Bræðradalur (mynt) 413.
Bunkafiskur (búlkafiskur) 480, 486.
Burmester, Nikolai kaupm. 180.
Búðarbók 435.
Búðatollur (hafnartollur, lóðartollur) 265, 274, 281, 289, 291—294.
Búðatóttir (fornar) 283—284, 286, 299—300.
Búðir á Snæfellsnesi 22, 52, 54, 69, 104, 120, 139—140, 178, 182,

212, 225—226, 232, 274—275, 282—283, 288, 320, 333—334, 505.
Búðsetumenn (þurrabúðarmenn) 24—25.
Búseta kaupmanna 237, 321—322, 331, 417, 470.
Byggmjöl 443.
Býjaskerjadómur 433.
Bæjarsókn í Hrútafirði 288.
Bænarskrár af Íslandi faldar kaupmönnum á hendur 531—532.

Carolus gullstykki (mynt) 413.
Charisius, Peter sendiboði Danakgs. í Hollandi 595.
Christensen, Mads kaupm. 134, 138.

Daa, Herluf höfuðsm. 348, 372—373, 533, 541.
Daði Árnason 374, 377.
Dalir (Breiðafjarðardalir) 282.
Dalur með keisaramynt 413.
Danielsen, Jörgen kaupm. 97, 540—541.
Dansvíkurmjöl 443.
Dantzig 4, 22, 157, 443, 456, 475, 488.
Davidsen, Kristján kaupm. 171, 349.
Diðrik frá Brjámstöðum 18.
Diðrik kaupm. á Húsavík 517—518.
Djúpivogur 53, 100, 102, 197—198, 208, 298. 605.
Dobbelsteen, Tómas Jensen kaupm. 134, 149, 151, 270, 389.
Drangavik 610.
Drangey á Skagafirði 610.
Drengir (í verzlunarþjónustu) 305—306.
Dritvík 138, 140, 277, 604.
Duggarales 501, 504.
Duggarasokkar 368, 398, 501—502, 505, 555.
Duggaravetlingar 501, 503.
Dunkarkar (Flandrarar) 606—607.
Dunkirk 606.
Dúkatur (mynt) 410.
Dyrhólaey (Portland) 265.
Dýrafjörður 52, 55, 68, 75, 88, 90, 120, 180, 212, 225, 237, 285, 318, 603, 610.

Eggert Bjórnsson ríki sýslum. á Skarði 116, 451, 470, 525—526, 528, 591.
Eggert Eggertsson kaupm. 332.
Eggert Hannesson lögm. 55.
Eggert Ólafsson varalögm. 551.
Eftirlega sjá vetrarseta.
Eftirlegumenn sjá vetrarsetumenn.
Eiðaþinghá 296—297.
Eiðsvík á Seltjarnarnesi 273.
Eikiborð 367, 446.
Einar Guðmundsson 601.
Einar Magnússon sýslum. 184, 289.
Einar Þórðarson frá Tjaldanesi 593.
Einarshöfn 265.
Einarslón 277, 604.
Einfætlingur (mynt) 413.
Eingirnisles 501.
Einkaup 59, 366, 368. 370, 378—379, 381.
Einkendir ríkisdalir 411, 413.
Einskefta 368, 499.
Einsóladir (eindubladir) skór 367, 456—457.
Einþumladir vetlingar 502—503, 506.

Eir 367, 450.
Eirekur Eyjólfsson prestur á Lundi 128.
Eiríkur frá Pommern 8—11, 13—14, 23, 378.
Eiríkur Magnússon Noregskgr. 474.
Eiríkur Snorrason bóndi á Skjaldvararfossi 551.
Eiríkur Þorgrímsson varningssali 591.
Eirkatlar 450—451.
Elísabet Engladrotning 46—47, 573—576.
Englendingar 9—25, 36, 40, 45—49, 60, 75, 109, 122, 160—161, 173, 261, 272, 286, 289, 392, 299, 318, 361, 418, 485, 498, 573—584, 587, 589—592, 595—596, 598—600, 605—607.
Englot (mynt) 27, 412.
Eriksen, Klaus kaupm. 55.
Erindreki í Kaupmannahöfn 159—160, 163—164.
Erlendur Þorvarðsson lögm. 21.
Eskifjörður 297, 639.
Eyjafjallasveit 262—263.
Eyjafjörður 42—43, 54—55, 84—85, 90, 107, 120, 138, 150—151, 162, 171, 180, 225, 227.
Eyjólfur Jónsson prestur á Völlum 389.
Eyrarbakki 9. 55, 69—70, 72, 79, 82, 88, 103, 107, 120, 132, 137, 147, 151, 180, 182, 205, 212, 225, 227, 237—238, 260, 262—265, 303, 318, 322—323, 326, 332, 334, 424, 647.
Eyri í Kjós sjá Hvalfjarðareyri.

Farmaskip 213, 550—551.
Farmenn (Fahrende Köbmænd) 304.
Farþegaflutningur 155—156, 347 — 352.
Fálkahúsið 510.
Fálkameistari 510—511.
Fálkar 510—512.
Fálkaskipið 511.
Fálkaveiðar 510—511.
Fálkaveiðarar 510—511, 582—583.
Félagssamþyktir elzta íslenzka verzlunarfélagsins 92—95, lausakaupmanna 178—179, Hörmangara 188—194, Almenna verzlunarfélagsins 247—249.
Fell í Norðurmúlas. 296.
Fellsströnd 282.
Fellujárn (stangajárn) 448.
Ferjuflutningur 549—550.
Ferjupóstar 549.
Ferjutollur 147, 263—264, 549—550.
Fiður 402, 508—509.
Fingravetlingar 502.
Finnur Jónsson biskup 649—650.
Finnur Sigurðsson á Ökrum 554—555.
Fiskatalsreikningur 419.
Fiskihafnir 114, 120, 132, 260, 263, 275, 282, 284—285, 287, 302, 381, 390, 397, 501.
Fiskihlutir, bannað að flytja þá úr einu kaupsviði í annað 143—147.
Fiskireikningur 163, 251, 381—382, 393—396, 420—421.
Fiskur 276, 282, 288, 371, 477—489, 513. — Smbr. Bakkelav, bunkafiskur, harðfiskur (skreið), hnakkaflattur fiskur (Hængefisk), Kabliau, Labberdan, malflattur (kviðflattur) fiskur (Platfisk), ráskerð-

ingur, saltfiskur, Spillefisk (Spilefisk).
Fjalviður 366, 445.
Fjeldsted, Þorkell lögm. í Færeyjum 645, 654.
Flatey á Breiðafirði 55, 70, 152, 282—284, 593, 610.
Flatey á Skjálfanda 610.
Flatt smiði 447.
Flensborg 33, 37, 51, 115, 465.
Flensborgarar 223.
Fljót (hérað) í Skagafjs. 152, 606, 608, 610.
Fljótsdalur 296.
Fljótshlið 262.
Flutningshlunnindi (Föring) 79, 305, 312—315, 342, 344—346, 352—356.
Flutningskaup 267—268.
Fnjóskadalur 294—295.
Frakkar 160, 606—607, 611—613.
Frakkland 489.
Franskt brennivín (Cognac?) 465.
Franskt vín (messuvín?) 148, 459.
Friðrik I. Danakgr. 18—19.
Friðrik II. Danakgr. 41, 46, 49—54, 56, 62, 509.
Friðrik III. Danakgr. 108, 116, 411.
Friðrik IV. Danakgr. 153, 176, 626, 628.
Friðrik V. Danakgr. 190.
Friis, Friðrik höfuðsm. 80, 372—374, 533.
Friis, Jóhann kanzlari 29.
Fríflutningur sjá flutningshlunnindi.
Fuhrmann amtm. 416, 531—532, 537—538.
Furufjörður 287.
Fúluvík (Fýluvogur) í Suðurmúlas. 53, 298.
Fyn, Kristján Pálsson kaupm. 144.
Færi 102, 208.
Föt (ílát) 450.

Gamlavík (Ólafsvík) 279.
Garður í Gullbrs. 271.
Gautavík í Suðurmúlas. 298.
Gásafjaðrir 509.
Gásir (Gáseyri) 292.
Gilding 167, 228—230, 307, 357, 368, 430—432, 484—486, 505.
Gildingarbók 435.
Gizur Einarsson biskup 29, 32.
Gizur Freysteinsson 559.
Gísli Hákonarson lögm. 87, 371, 460.
Gísli Jónsson biskup 42.
Gísli Magnússon sýslum. (Vísi-Gísli) 414—415, 509, 631.
Gísli Magnússon biskup 550.
Gísli Oddsson biskup 101, 384—385, 518, 581, 630.
Gísli Þorlákssson biskup 592.
Gísli Þórðarson lögm. 74, 510.
Gjaldavoð (gjaldavaðmál) 368, 498.
Glergluggar 472.
Glückstaður 80, 96, 99, 103, 105, 108, 110, 121, 157, 475, 483.
Godske, Anders borgarstjóri í Kmh. 54.
Gottrúp, Jóhann sýslum. 349.
Gottrúp, Lauritz lögm. 143, 145, 153—163, 319—320, 441, 521, 536, 543, 562—564, 628, 631.
Graah útgerðarmaður 199.
Graah, Jakob Sörensen kaupm. 140.
Grafningur 137, 262.
Gregersen, Mikkel kaupm. 535.
Greifastyrjöldin 28.
Greniborð 367, 446.

Greniviður 111.
Griðalýsing í kaupstöðum 357, 365—366, 405.
Griffenfeld kanzlari 124.
Grindavík 17—18, 52, 68, 70—71, 78, 81, 88, 90, 100, 104, 134, 137, 147, 149, 151, 180, 182, 195, 207, 212, 225, 227, 243, 262, 265—270, 274, 337, 470.
Grímsey 610, 614.
Grjón 205, 246, 366, 391, 397, 443—444, 472.
Grundarfjörður 55, 69—70, 79, 88, 120, 139, 145, 150, 182, 212, 225, 227, 280—281, 322, 610, 639.
Grunnavík 610.
Guðbrandur Þorlákssón biskup 55, 58, 76, 85, 348, 414.
Gudmandsen, Arv sjá Ari Guðmundsson.
Guðmundur Runólfsson sýslum. 241, 243.
Guðmundur Steindórsson sýslu- 593.
Guðmundur Þorleifsson ríki í Brokey 439, 451, 507.
Guðríður Gísladóttir biskupsfrú 473.
Guldberg, Ove Höegh leyndarráð 254.
Gyldencrone barúnn 199.
Gyldenlöve stiftamtm. 154—155, 163, 173.
Gyllini (mynt) 27, 74, 409—410.
Gærur (saltaðar) 497.

Haagen, Jóhann kaupm. 232, 317, 478, 568.
Hafnarfjörður 9, 17, 22, 31, 34, 52, 55, 58, 68, 70—72, 88, 90, 100, 120, 132, 134, 137, 139, 147, 151, 170, 177, 180, 182, 212, 225, 227, 240, 256, 262—264, 271—272, 276, 318, 320, 344, 461, 470, 505, 584, 615, 635, 648.
Hafnir (veiðistöð) í Gullbrs. 268—270.
Hafurstökur 402, 497.
Haldór Brynjólfsson (biskups) 592—593.
Haldór Einarsson sýslum. 521—522.
Haldór Jónsson prestur í Reykholti 127—128.
Haldsnæri (haldfæri) 367, 390, 452—453.
Hallur Bjarnason sýslum. (Harði-Hallur) 458.
Hallur Þorsteinsson 139—140.
Hamborg 4, 19, 22, 32, 51, 55, 63, 77—81, 84, 110, 113, 117, 157, 177, 193, 332, 439, 475, 488, 504, 589.
Hamborgaralin 421. — Smbr. Íslenzk alin.
Hamborgarar 14, 15, 17—21, 25—26, 29, 31—38, 41—42, 50—55, 63, 70—78, 84, 106—108, 158, 177, 270, 275, 298—299, 362, 408—409, 432, 439, 620.
Hamborgarmjöl 441.
Hamborgaröl 459.
Hampur 452.
Handlaugar 450.
Hannes Björnsson prestur í Saurbæ á Hvalfjstr. 128.
Hannes Eggertsson hirðstj. 17, 332.
Hannes Pálsson hirðstj. 11.
Hannes Finnsson biskup 570, 572.
Hans Danakonungur 15, 24.
Hansaborgirnar 3—5, 13, 15, 51, 409.

Hansadagur 4.
Hansakaupmenn 4—5, 8, 13—16, 18, 21—22, 25, 28, 30, 33, 36, 40—41, 54, 62, 67, 73.
Hansamynt 408—409.
Hansasambandið 3—5.
Hansaverzlun 548, 632.
Hansen, Kristófer borgarstjóri og kaupm. 115, 119—120, 122, 128.
Hansen, Matthias (Mads) kaupm. 90.
Hansen, Povl kaupm. og fógeti í Vestmannaeyjum 45.
Hansen, Stefán umsjónarm. konungsverzlunarinnar 225, 231.
Hansen, Wilhelm August etazráð 254.
Hansson, Andrés umboðsm. í Vestmannaeyjum 514.
Harðfiskur (skreið) 397, 473—474, 476, 480—485.
Harðfisksútflutningar 488.
Harðindi 81—82, 151—153, 199, 202—203, 206, 257, 384, 441.
Hartmann kaupm. á Eyrarbakka 524—525.
Harwich á Englandi 573.
Hastfer barúnn 651.
Hattar 366—367, 397, 472.
Háfslýsi 489.
Hákarlslýsi 288, 489.
Hákarlsvaðir (hákarlsfærir strengir) 367, 452.
Hákon háleggur Noregskgr. 6, 8.
Hálfar krónur engelskar 413.
Hálfir dalir hollenzkir 413.
Hálfir ríkisdalir 413.
Hálfmark 414.
Hálfstykkiskaup 366, 370—371, 377—380, 431. — Smbr. Hundraðskaup.
Hálfstykkisklæði 368, 454.
Hárkollur (parruk) 456—457.
Hástokkar 390.
Héðinsfjörður 136, 292, 610.
Hegranes í Skagafirði 610.
Heideman, Kristófer landfóg. 130, 133—134, 137, 149, 155—157, 535—536, 542—543, 560.
Heilagfiski 479, 488.
Heinesen, Magnús sjóvíkingur 44.
Heins, Hans þýzkur kaupmaður 74.
Helga Eggertsdóttir (hins ríka) 451.
Helgafellssveit á Snæfellsnesi 282.
Helgi Grímsson prestur á Húsafelli 128.
Helgi Jónsson prestur á Melum 128.
Hellisvellir á Snæfellsnesi 280.
Hellnar á Snæfellsnesi 277.
Helmingavoð 498.
Helsingjaeyri (Helsingjaeyrarborgarar) 29, 55, 67, 69, 71, 88—89, 92, 95, 124, 460, 475.
Heltzen jústizráð 199, 236.
Henrik Gíslason sýslum. 374—377.
Henriksen, Niels kaupm. 179—180.
Herbúnaður á kaupskipum 340—341, 597—599.
Hersleb Sjálandsbiskup 194.
Hess, Markús borgarstjóri og kaupm. 54—58, 89.
Hestaleiga 147.
Hestar (íslenzkir) 42, 512.
Hestfjörður 610.
Hjallasandur á Snæfellsnesi 57, 146, 280.
Hjaltalín, Hans kaupm. 333.

Hjaltalín, Páll undirkaupm. 333.
Hjaltastaðaþinghá í Norðurmúlas. 297.
Hjalteyri 292.
Hjelmstjerne etazráð 179.
Hjelmstjerne-Rosencrone-sjóður 179.
Hnakkaflattur fiskur (Hængefisk) 483—484.
Hnakkakúlur 488.
Hnífar 367, 449.
Hofsós 43, 50, 54—55, 68, 85, 88, 90, 120, 132, 136, 151, 166, 197, 208, 212, 225, 227, 229, 257, 291—292, 294, 337, 401, 505, 608, 610.
Holberg, Ludvig, skáld og sagnaritari 379.
Holland 157, 454--455, 475, 483, 495, 504.
Hollendingar 40, 105, 109, 114, 122, 160—161, 173, 579—580, 582, 584, 586—587, 589—590, 593, 595—596, 598, 600—602, 604, 606—611, 632.
Holm, Peder Jensen kaupm. 171.
Holst, Hans kaupm. 90.
Holst, Hans skipherra 47.
Holstein greifi 174, 194, 354.
Holt, Andreas bæjarfulltrúi og nefndarm. 645.
Holtgreven, Jóhann þýzkur kaupm. 71.
Holtzmann, Friðrik 509.
Hornafjörður eystra (Hoddenfiord) 57, 298.
Hornstrandir (Hornstrendingar) 551—553.
Hosur 502.
Hólmfastur Guðmundsson hjáleigum. 139, 155, 528, 530.
Hólmurinn (Reykjavík) 55, 69, 79, 104, 120, 134, 166, 176—177, 182, 205, 208, 212, 221, 225, 227, 230, 237, 240—241, 243—244, 256, 264, 273, 299, 317, 337, 424, 466, 470—471, 615.
Hrafnsfjörður 286.
Hreiðar darri sýslum. á Hálogalandi 7.
Hreint vaðmál 499.
Hressingar í kaupstað 148, 404.
Hrísey á Eyjafirði 302, 610.
Hrogn 112, 490.
Hróarstunga 296.
Hrútafjörður 85, 120, 259, 288—289, 610.
Hull á Englandi 573.
Humlar 460, 472.
Hunang 366.
Hundraðskaup 110, 377, 379—381, 385—386. — Smbr. Hálfstykkiskaup.
Húnaflói 58.
Húnaós 290.
Húsatóptir í Grindavík 265.
Húsavíður 445.
Húsavík 42—43, 54, 84—86, 120, 137—138, 142—143, 166, 176, 212, 221, 225, 257, 259—260, 294—296, 332—333, 509, 610, 647.
Hvalfjarðareyri (Eyri í Kjós) 111, 273.
Hvalfjörður 57, 70, 74, 111, 273.
Hvalskíði 491.
Hvalslýsi 489.
Hvaltennur (náhvalstennur) 42, 512—513.
Hveiti 472.
Hveitibrauð (kryddtvíbökur) 366, 444.
Hvítá í Borgarfirði 259.
Hvitfeld, Arild sagnaritari 574.
Hvítfeldur, Kristófer hirðstj. 29.
Hvítfeldur, Páll hirðstj. 39.

Hvítir (mynt) 409, 415.
Hvolhreppur 262.
Högni Sigurðsson prófastur 197—198.
Hördúkar 473.
Hörmangarar 186—210, 214, 220, 223—224, 230, 244, 266, 308, 310, 316, 338, 345, 352, 354, 401, 435, 438, 440, 502.
Höskuldsey á Breiðafirði 282.

Ilskór 473.
Ingjaldssandur 610.
Ingvaldur Sigurðsson varningssali 555—556.
Innanlandssamgöngur 545—550.
Ipswich á Englandi 46.
Írar 9, 286.
Ísa 479, 484, 488.
Ísafjörður 68, 88, 90, 100, 120, 180, 212, 225, 237, 286, 288, 635.
Íslandsfarafélagið í Hamborg 22, 75.
Íslandsfloti Englendinga 574.
Íslendingar í förum með Englendingum 591—593; með Hollendingum 593—594.
Íslendingar í verzlunarþjónustu hjá Dönum 532—535.
Íslendingum boðin hlutdeild í verzluninni 125—126; undirtektir þeirra 126—128.
Íslenzk alin 421—422. — Smbr. Hamborgaralin.
Íslenzkar vörur afturreka í kaupstöðum 633—634.
Ítalía 489.

Jacobi gullstykki (mynt) 413.
Jakob Benediktsson sýslum. 542.
Jakob I. Engla- og Skotakgr. 576—578.
Jarða-afgjöld, bannað að flytja þau úr einu kaupsviði í annað 141—143.
Járn 82, 183, 196—197, 208, 367, 370, 390, 447—449. — Smbr. Ásmundajárn (blásturjárn), ásmundar, fellujárn (stangajárn).
Járngerðarstaðir í Grindavík 18.
Jensen, Bartholomæus borgarstjóri 129.
Jóakimsdalur (mynt) 409—410.
Jón Arason biskup 30, 35—38.
Jón Arnórsson sýslum. 243, 646.
Jón Árnason biskup 439, 461—462, 468, 602.
Jón Árnason sýslum. 215.
Jón Benediktsson sýslum. 228, 650.
Jón Eggertsson frá Ökrum 415, 521.
Jón Eggertsson sýslum. 215, 241, 243—244.
Jón Eiríksson skalli Hólabiskup 7.
Jón Eiríksson konferenzráð 246, 254, 256, 551, 643—645, 654—655.
Jón Eyjólfsson sýslum. 144, 388—389.
Jón Eyjólfsson undirkaupm. 334.
Jón Gentleman, enskur víkingur 605.
Jón Grímsson prestur í Görðum á Akranesi 128.
Jón Haldórsson prestur í Hítardal 146, 149, 523, 556.

Jón Jakobsson sýslum. 522, 616.
Jón Jónsson lögm. 58, 60, 75, 627.
Jón Jónsson prestur í Stafholti 146.
Jón Jónsson prestur á Breiðabólsstað á Skógarströnd 146.
Jón Jónsson sýslum. Rangæinga 243.
Jón Jónsson undirkaupm. 333—334.
Jón Loftsson prestur í Belgsdal 602.
Jón Magnússon á Reykhólum 374, 376—378, 550, 581, 630.
Jón Ólafsson Indíafari 376, 449.
Jón Ólafsson varalögm. 243, 650.
Jón Sigurðsson lögm. 85.
Jón Sigurðsson sýslum. í Bæ 146.
Jón Sigurðsson forseti 553.
Jón Skúlason landfóg. 243.
Jón Snorrason sýslum. 228, 566.
Jón Torfason úr Flatey 349.
Jón Vigfússon biskup (Bauka-Jón) 142, 275, 560, 594, 601—602.
Jón Vigfússon sýslum. 348.
Jón Þorsteinsson 520.
Jude, Anders Madsen kaupm. 54.
Juel, Karl leyndarráð 194.
Julian, Henrik enskur prestur 592.
Júðatóbak 437—438, 468.
Jökuldalur 296.
Jökulfirðir 286, 610.
Jökulsárhlíð 296.
Jörgensen, Jens umboðsm. á Bessast. 543.
Kabliau 486.
Kaffi 470—471.
Kakalofnar 471.
Kaldór (í járni) 448—449.
Kaplacken 346—347.
Karlar (búðarsveinar) 305—306.
Karlmannsskór 367, 456.
Karlsen, Peter kaupm. 97, 515.
Kaupmannahöfn (Kaupmannahafnarborgarar) 29—31, 38—40, 55, 67—68, 70—71, 78, 80, 82, 88—92, 106—107, 112—113, 121, 124. 474—475.
Kaupmenn í embættum á Íslandi 540—545.
Kaupsetningar (alment) 87, 129—130, 133, 162, 164, 167, 182, 242, 357—360, 363—406; kaupsetning í Vestmannaeyjum (c. 1420) 11, 357; kaupsetning Ara lögm. Jónssonar (c. 1531) 59, 378; kaupsetning Magnúsar prúða 59, 358, 370—371; kaupsetning Ara í Ögri (1615) 87, 365—371; kaupsetningin 1619: 88, 91, 100, 129—130, 377—387, 431—432; kaupsetningin 1631: 101, 383—384; kaupsetningin 1684: 133, 157—158, 169, 387—390; kaupsetningin 1702: 159, 162, 167, 250, 390—391, 395, 400—401; kaupsetningin 1776: 250—251, 257, 395—400, 403, 422, 430, 432; kaupsetningarfrv. Orms Daðasonar sýslum. 402—403, 496.
Kaupstefnur (settar) 357, 365, 403—406. — Smbr. Griðalýsing í kaupstöðum.
Kaup verzlunarþjóna 225—226, 305—309, 315—317.
Kálfskinn 497.

Keflavík í Gullbrs. 17, 52, 55, 68, 70—71, 88, 100, 103, 120, 136, 139, 149, 150—151, 155—156, 182, 212, 225, 227, 269—271, 290, 615, 648.
Keflavík í Barðastrs. 284.
Keflavík í Ísafjs. 610.
Kersei (klæðategund) 455.
Kesja sjá atgeirar.
Keysen, Peder kaupm. 161—162, 176, 521.
Kistur 447.
Kjaltré 390.
Kjammar (saltaðir) 488, 513.
Kjær, Niels varalögm. 545.
Kjöt 400, 491—493, 513.
Klakkabók (klattabók) 435.
Klaumand, Peter kaupm. 308.
Klein, Hans kaupm. 534.
Klein, Jóhann kaupm. og fógeti 149, 388—389, 534, 542, 545.
Klerke, Jakob kaupm. 240.
Klingenberg, Hans kaupm. á Krossi á Akranesi 567.
Klippingar (mynt) 409.
Klog, Jakob kaupm. 189.
Klog, Jörgen kaupm. 161—162.
Klow, Oluf Jensen kaupm. og umboðsm. 149—151, 272, 542.
Klæðavoð 498.
Klæði 68, 368, 454—455. — Smbr. Baj, breitt klæði, hálfstykkisklæði, kersei, léttingsklæði, litklæði, mjótt klæði, paklaken, pyklaken, rask, sars, stikuklæði, varningsklæði, þriðjungaklæði.
Knub, Hans kaupm. á Húsavík 521.
Knudsen kaupm. á Eyrarbakka 328, 524.
Kock, Peter sendiboði Danakgs. í Hollandi 587.
Kolbeinsárós í Skagafirði 57, 291.
Kollabúðir við Þorskafjörð 57, 284.
Kollaleira í Reyðarfirði 297.
Konungstekjur leigðar kaupmönnum 30, 133—135, 187.
Konuskór 367, 457.
Korðahnífar (Thesakk) 449.
Kordúanskór 473.
Korn, 211, 252, 438—439, 443—444.
Kornbrennivín 465.
Kostulegt léreft 368, 456.
Kópaskinn 282.
Krag, Niels sagnaritari 574—575.
Kragar (ryktir kragar, rúkragar) 456.
Kragastigvel 457, 472—473.
Kramvara 232, 238, 379, 381.
Kristensson, Niels umboðsm. í Vestmannaeyjum 514.
Kristján I. Danakgr. 11—15.
Kristján II. Danakgr. 20, 409.
Kristján III. Danakgr. 21, 25, 28—29, 33, 36—41, 409.
Kristján IV. Danakgr. 62, 80, 90, 108, 335, 410, 436, 574—582, 625—626.
Kristján V. Danakgr. 124—128, 411.
Kristján skrifari 34—36, 39.
Kristófer konungur frá Bæjaralandi 11.
Krísuvík 268, 509.
Krossdalir (mynt) 413.
Krossvík á Akranesi 273, 594.
Krókakerfi 367.
Króna 411, 413, 415.
Krónrask (klæðategund) 473.
Krónumynt 410—412, 414, 416, 420.
Kruse, Enevold höfuðsm. 71.

Kumbaravogur á Snæfellsnesi 22, 52, 54, 69—70, 78, 120, 150, 182, 280—281.
Kúrantmynt 411—412, 416—417.
Kvennpungar 367, 457.
Kydt (Kiödt), Jörgen kaupm. 44, 55.
Köln 3—4.
Kölnarmark (verðeining) 406—408.
Königsberg 157.

Labberdan 486.
Lafrentz amtm. 356, 538.
Lambskinn 398, 497.
Landaurareikningur 415, 418—420.
Landeyjar 262—263, 265, 275.
Landprang (sveitaprang) 235, 238, 321, 324, 327—330, 553—567. — Smbr. Brennivíns- og tóbaksokur, okur.
Landsnefndin (1770) 244, 333, 432, 547, 552, 612, 645, 650—651.
Landvarnir á Íslandi 47—48, 100, 122, 583, 587, 595—597, 615—616.
Langa 368, 484, 488.
Langanes 296.
Langferðamannstóbak 594.
Lassen kaupm. í Hólminum 317.
Lassen, Jens kaupm. á Eyrarbakka 238—239, 322—331, 519, 524, 540.
Lassen, Jens Christian kaupm. 227.
Launverzlun útlendinga á Íslandi 58, 60, 74—75, 109, 112, 289, 298, 312, 501, 573—614.
Lax 488, 513.
Laxveiði 111.
Lazarus Mattheusson (Skáneyjar-Lassi) 22.
Lásar 367, 397, 449.
Látravík 610.
Látún (draglátún) 367, 450.
Legsteinar 471.
Leira í Gullbrs. 271.
Léreft 68, 197, 366—367, 455—456. Smbr. Kostulegt léreft, óstungið léreft.
Léttavarningur 378—380.
Léttingsklæði 366, 455.
Levetzau stiftamtm. 570—573, 616.
Litklæði (skrúð) 455, 573.
Litunarleir 42.
Líndúkar 454, 473.
Loðmundarfjörður 298, 605.
Londemann, Hans sýslum. 545.
Lóðarsnæri (lóðarstrengir) 367, 390, 452.
Lón 298.
Lund, Kristófer Jensen kaupm. 180, 305.
Lybika 4, 15, 22, 475.
Lybikubjór 366, 459.
Lybikumark (verðeining) 408—409.
Lybikumenn 4, 14, 33, 51—52, 54—55, 63, 78—79, 408.
Lybikuskildingur 408—409, 412.
Lýður Guðmundsson sýslum. 650.
Lyneborg 22.
Lyneborgaröl 459.
Lynn (bær) á Englandi 573.
Lýsi 42, 112, 261—262, 282, 368, 371, 397, 489—490. — Smbr. Andarnefjulýsi, háfslýsi, hákarlslýsi, hvalslýsi, selslýsi, þorskalýsi.
Lýsishöfn 260.
Lömb 368.

Madsen, Oluf kaupm. 44, 47.
Magnús Benediktsson 521.
Magnús Björnsson á Espihóli 292.
Magnús Björnsson sýslum. Snæfellinga 140, 144.
Magnús Einarsson undirkaupm. 334.
Magnús Eiríksson Noregskgr. 8, 41, 476.
Magnús Gislason amtm. 198—200, 206, 215—217, 220, 222, 227, 229—233, 236—237, 240, 356, 429, 479, 487, 539, 565—568.
Magnús Haldóruson varningssali 324.
Magnús Hákonarson lagabætir 5.
Magnús Jónsson prúði 59, 86, 358, 360, 370, 449.
Magnús Jónsson sýslum. í Haga 527, 589—590.
Magnús Jónsson sýslum. í Dölum 388.
Magnús Jónsson lögm. 343, 560—561.
Magnús Jónsson bóndi í Vigur 633.
Magnús Ketilsson sýslum. 242, 379—380, 522—523, 539, 646.
Magnús Magnússon sýslum. 527—528.
Malflattur (kviðflattur) fiskur (Platfisk) 482—484.
Malt 68, 460, 472.
Mandixen, Hans umboðsm. á Bessastöðum 541.
Marcelis, Gabriel 509.
Margrét Haldórsdóttir biskupsfrú 457.
Mark 410.
Markaðir á Íslandi, tillögur um 570—573.
Markús Bergsson sýslum. 180.
Marteinn Rögnvaldsson sýslum. 388.
Matreiðslusveinar 308.
Matthías Guðmundsson sýslum. 544.
Matvara 257, 438—444. — Smbr. Baunir, byggmjöl, grjón, hveiti, hveitibrauð, mjöl, skipsbrauð (svartabrauð), skonrok, sælgætisbrauð.
Málmey (Málmeyingar) 67, 69, 74, 76, 79, 88—89, 92, 95, 460, 475.
Málmey í Skagafirði 610.
Málning 472.
Melrakkaslétta 296.
Merkurvoð 498.
Messuvín 366, 459.
Michelsson, Jens undirkaupm. 427, 518.
Miðfjarðarós 290.
Miðfjörður 610.
Miðnes 269—270.
Mikkelsen, Jakob borgarstjóri og kaupm. 90, 98.
Mjótt klæði (smal Tvifler) 385, 454.
Mjöður 59, 68, 148, 366, 370, 458—461, 464.
Mjöl (rúgmjöl) 59—60, 68, 77, 102, 196—197, 205—206, 238, 240—242, 245—246, 366, 370, 380—381, 390—393, 397, 439—443. Smbr. Byggmjöl, sigtað mjöl.
Mjölbótasjóðurinn 242.
Mogensen, Mads kaupm. á Eyrarbakka 518.
Mogensen, Morten kaupm. 171.
Moltke greifi 194, 199.
Montross, Alexander kaupm.? 520.

Mortensen, Anders kaupm. í Hólminum 424, 446, 518.
Mortensen, Peder bæjarfulltrúi 98.
Munch, Diðrik kaupm. 189.
Munk, Adrian kaupm. 520.
Munk, Eirikur kaupm. 266.
Munntóbak (presstóbak) 467.
Múli, Lárentzius hirðstj. 30—36, 38—39.
Müller, Henrik rentumeistari 115, 117—120, 128, 148, 355.
Müller, Kristján amtm. 118—119, 134, 139, 143, 145, 153—155, 159, 163, 319, 536, 543—544.
Mynt íslenzk, tillögur um 414—416.
Mýrdalur 263.

Nansen, Hans (eldri) borgarstjóri og kaupm. 105, 113—117, 120—121, 262, 264, 340, 525, 528.
Nansen, Hans (yngri) borgarstjóri og kaupm. 121—122, 129, 132—133, 148—149, 151, 168—169, 262, 389, 503, 525, 531.
Naut (nautakjöt) 276, 369—370, 401—403, 491—492.
Nautshúðir 497.
Nebel, Bendix 160, 495.
Nesvogur á Snæfellsnesi 57, 281.
Nielsson, Bastían kaupm. í Rifi 523.
Nielsen, Christen yfirbryti konungs 134.
Nielsen, Find borgarstjóri og kaupm. 115—117, 121.
Nielsen, Hans kaupm. 43, 50, 54.
Nielsen, Lauritz fógeti á Bessastöðum 542.
Nikulás Þorsteinsson klausturhaldari 42.
Njarðvíkur í Gullbrs. 271.
Nobil (mynt) 27.
Norðurvíkur í Barðastrs. 284.
Nótgarn 367, 452.
Nýlenduvörur 469—472.

Oddeyri 292.
Oddur Einarsson biskup 548.
Oddur Jónsson digri klausturhaldari 601.
Oddur Sigurðsson lögm. 139, 349, 462, 469, 551, 610, 632.
Oddur Þórðarson skálds á Strjúgi 517.
Okur 238—240. — Smbr. Brennivíns- og tóbaksokur, landprang.
Olaus Magnus 21.
Ormur Daðason sýslum. 288, 402, 496, 609.
Ormur Ófeigsson prestur í Vestmannaeyjum 514—515.
Ostermand, Jóhann kaupm. 423.
Ostfiordt in Ostfiordt-Süssell 53.
Ostfriederness 57.
Ovesen, Pétur kaupm. 197, 401.
Ólafsfjörður 148, 152, 302, 610.
Ólafsvík 138, 145—146, 176, 182, 212, 225, 227, 278—279, 300—302, 317, 334, 337—338, 343, 610.
Ólafur Pétursson fógeti 102—104, 541—542.
Ólafur Stefánsson amtm. 240—242, 247, 291, 331, 463—464, 479, 539—540, 567—570, 633, 646—649.
Ósló 6.
Óstungið léreft (Ölsinger- eða Ultzerléreft) 385, 455—456.

Pahl, Markús kaupm. 225, 227, 567.
Paklaken (klæðategund) 455.
Papey 610.
Patreksfjörður 52, 69, 76, 88, 120, 149, 178, 181, 212, 225, 227, 237, 283—284, 610—611.
Páll Björnsson prestur í Selárdal 550.
Páll Jónsson á Staðarhóli (Staðarhóls-Páll) 55—56.
Páll Torfason sýslum. 600—601.
Páll Vigfússon lögm. 46, 58.
Pálrekur 367, 449.
Pedersen, Peder borgarstjóri og kaupm. 115, 119—122.
Pedersen, Povl kaupm. 44, 48.
Pedersen, Rasmus kaupm. 43.
Pedersen, Sören kaupm. 191.
Peningareikningur 419—421.
Peningaskortur 183, 413—414.
Peningaslátta 406—407, 414—416.
Pens, Sören kaupm. 227.
Penslar 472.
Peterhof 5.
Pétur Jónsson varningssali 602—603.
Pétur Norðmaður 598.
Pingel amtm. 198—199, 237, 519, 538.
Þingsdómur 16, 24—26, 28, 87.
Piparsveinar (garpar) 5.
Portúgalspeningur (Portugalös) 410.
Póstferðir 550.
Prjónabolir (prjónapeysur) 502, 505.
Prjónles (prjónasaumur) 83, 167, 206, 229—231, 263, 287—288, 296, 500—506, 513. — Smbr. Belgvetlingar, duggarales, duggarasokkar, duggaravetlingar, eingirnisles, einþumlaðir vetlingar, fingravetlingar, hosur, prjónabolir, púlsles, smábandsgóz, smábandssokkar, smáles, tvíbandsles, tvigirnisles, tvíþumlaðir vetlingar.
Prjónlesreikningur 163, 251, 381—382, 393—396, 420—421.
Pros Mundt höfuðsm. 103—104, 533—534, 541—545.
Pryssing (öltegund) 459, 473.
Púlsles 501.
Púlsmenn 309.
Pyklaken (klæðategund) 455.
Pylsur 472.

Raben stiftamtm. 173—174, 537—538, 608—609, 621—623, 632.
Rafabelti (söltuð) 513.
Rantzau stiftamtm. 199, 539.
Rask (klæðategund) 455. — Smbr. Krónrask.
Rasmussen, Matthias rentuskrifari 134.
Rauðablástur 438, 447.
Rauðasmiðja 447.
Rauðbrot (í járni) 448.
Rauðisandur 284.
Raufarhöfn 296, 610.
Ravn, Andrés Ívarsson umboðsm. 134, 543.
Rán og yfirgangur útlendinga á Íslandi 11, 19—21, 67, 100, 261, 579, 605—606, 614—615.
Ráskerðingur 482.
Rechel, Evert kaupm. í Vopnafirði 526, 591.
Regelsson, Andrés kaupm. á Eyrarbakka 525, 531, 594.
Rekaviðarflutningar af Hornströndum 551—552.
Reventlow stórkanzlari 154—155.

Reventlow greifi 655.
Reyðarfjörður 69, 120, 150—151, 162, 212, 225, 227, 257, 297—298, 604, 610, 635.
Reykjarfjörður 120, 149, 151, 162, 171, 184, 195, 207, 212, 260, 271, 287—290, 610.
Reykjavík (Reykvíkingar) 212, 273, 320, 470, 523, 639.
Reyktóbak 468.
Rif á Snæfellsnesi 13, 29, 52, 54—55, 58, 69—70, 75, 79, 88, 107, 120, 136, 138—140, 145—146, 166, 171, 176, 277—280, 300—301, 338.
Riis, Jónas kaupm. á Búðum 524.
Ríkarður (enskur kaupmaður) 9.
Ríkismark 410—411.
Ríkisort 414.
Rínargyllini (mynt) 412.
Rodsten, Jens aðmíráll 125—128.
Romm 464.
Rosencrone greifi 179.
Rosenkrantz, Holger höfuðsm. 80, 99, 533.
Rostock 22.
Rostungstennur 42, 512.
Rósenóbel (mynt) 46, 410, 412—413.
Róstur útlendinga sín á milli á Íslandi 13—14, 16—19, 21, 30—38, 45, 49, 606—607.
Ryberg, Niels umsjónarm. konungsverzlunarinnar 231—233.

Salefeldt, Bernt þýzkur kaupm. 56, 75.
Salt 102, 451; franskt salt 397, 453; grásalt 367, 390—391, 397, 453; Lyneborgarsalt 453.
Saltfisksútflutningar 488—489.
Saltfisksverkun 231, 237, 245, 453, 486—487.
Saltfiskur 480, 486—488.
Saltpétur 42.
Saltvinsla 438, 453.
Samkepni lausakaupmanna 147—148, 166—167.
Samsöe, Mauritz Jörgensen kaupm. 163—164.
Sars (klæðategund) 455.
Sauðabók 435.
Sauðanesþinghá á Langanesi 137, 295.
Sauðatungur (saltaðar) 492—493.
Sauðir (sauðakjöt) 276, 368, 370, 398, 492—493.
Saumur 449.
Saurbær í Dalasýslu 282.
Sákeröld 552.
Scheving, Lauritz sýslum. 609.
Schimmelmann greifi 655.
Schneuelsort (ɔ: Stapahöfn) 277.
Schougaard, Henrik kaupm. 332.
Seglgarn 452.
Seilan (höfn) 100.
Sein skipakoma 108, 339—340, 586, 589.
Selskinn 402, 498.
Selslýsi 489.
Seltjarnarnes (Seltirningar) 239—240, 273, 320, 323, 567.
Selvogur 137, 147, 180, 262—263, 268, 324, 329.
Seyðisfjörður vestra 610.
Siglingarskortur 8, 10—11, 84—85, 170, 195, 228—229, 266—267, 287—288, 339, 586, 589.
Siglufjörður 136, 291—292, 606, 610.
Sigríðarstaðaós 290.
Sigtað mjöl 472.
Sigurður Björnsson lögm. 159—160, 557—558, 560—561.

Sigurður Högnason sýslum. 524.
Sigurður Ingimundarson (Simond Ingram) varningssali 592—593.
Sigurður Jónsson sýslum. Snæfellinga 585.
Sigurður Jónsson undirkaupm. 332.
Sigurður Sigurðsson lausam. á Hjallasandi 554—555.
Silfurverð 417—419.
Silkitröf 457.
Síld (reykt) 472.
Sjávarútvegur kaupmanna 23—26, 28, 31, 38, 45, 238, 320—321, 323, 325, 328, 330.
Skagafjörður 54, 58.
Skagaströnd (Höfðakaupstaður) 69, 71, 74, 85, 120, 136, 149—151, 162, 171, 195, 203, 205, 212, 225, 271, 287, 289—290, 606, 647.
Skarðsströnd 282.
Skarðsvík á Snæfellsnesi 277, 279.
Skata 368, 479, 488.
Skálavík 610.
Skálmarfjörður 284.
Skeggjastaðaþinghá í Norðurmúlas. 296.
Skeifur (hestajárn) 367, 449.
Skibsted, Michael kaupm. 199, 208, 223—224.
Skildingar (myntaðir) 409, 415.
Skinn 473, 497—498. — Smbr. Bjarnfeldir, gærur, hafurstökur, kálfskinn, kópaskinn, lambskinn, nautshúðir, selskinn, tóuskinn.
Skipadómur 26, 31, 357, 431—432.
Skipaleiga 264, 295, 337—338, 347.
Skipaviður 82, 390—391, 445—447.
Skipastóll 77—78, 122—124, 129, 225, 335—338, 622.
Skipsbrauð (svartabrauð) 205, 211, 246, 366, 397, 444.
Skipshafnir 341—347; tala skipverja á Íslandsförum 341, 622.
Skonrok (miðlungsbrauð?) 205, 211, 246, 391, 397, 444.
Skotar 9, 45.
Skógarmannavík 289.
Skógarströnd á Snæfellsnesi 282.
Skógaröx 367, 449.
Skór 367, 473. — Smbr. Einsólaðir (eindublaðir) skór, ilskór, karmannsskór, konuskór.
Skriðdalur 297.
Skrín 447.
Skrúftóbak 467.
Skutulsfjörður (Skutulsfjarðareyri) 55, 286—287, 610.
Skúli Magnússon landfóg. 197—201, 205, 210—218, 220—223, 226, 233, 236—237, 241—244, 256, 281, 321, 332, 353, 392—395, 414, 429, 458, 463, 487, 499, 505—506, 522—523, 539, 572, 611, 637—643, 646, 648, 650, 652.
Skúmstaðir 265.
Skæri 449.
Slátur 263—264.
Sláturhafnir 114, 120, 132, 260, 263, 275, 283, 297, 302, 315, 381, 390, 397, 501.
Sléttdalur (sléttur dalur) 411, 413.
Sléttmark 410—411, 414.
Smábandsgóz 501.
Smábandssokkar 368, 502, 505.

Smáles (smáprjónles) 229, 501—502.
Smámynt (smásilfur) 414—416.
Smávoð 498.
Smíðað tin 450.
Smíðunaröx (skaröx) 367, 449.
Smjör 368, 398, 493—494.
Snæfjallaströnd 610.
Solberg, Hans Jörgen útgerðarm. 180—181.
Spákonufellshöfði sjá Skagaströnd (Höfðakaupstaður).
Spánn 489.
Spánskt vín 459.
Spánverjar 160, 449, 605.
Spegisíld 472.
Spendrup, Jens Madtzen sýslum. 545.
Spesía 410—411.
Spesíumynt 411—414, 416, 420.
Spillefisk (Spilefisk) 482, 484.
Spírur 367, 390, 446.
Staðarhöfn sjá Grindavík.
Staðarsund sjá Grindavík.
Staðarvík sjá Grindavík.
Stademenn 54.
Stafnes 269—270.
Stahlhof 5.
Stapi (Arnarstapi) á Snæfellsnesi 54—55, 69, 78, 120, 136, 138—141, 144, 149, 177, 182, 212, 225—226, 230, 232, 276—278, 333—334, 505, 610.
Steðjar 449.
Stefán Þórarinsson amtm. 540, 616.
Stefni 390.
Steinbítur 479.
Steindór Finnsson sýslumaður á Ingjaldshóli 593.
Steingrímsfjörður 610.
Steinkol (smíðunarkol) 451, 453—454.
Stemann, Christian Ludvig leyndarráð 254.
Stettin 42.
Stikuklæði (tvígilt klæði) 368, 454—455.
Stígsson, Otti hirðstj. 22, 25—26, 28, 30—31, 45, 357, 430.
Stígsson, Páll hirðstj. 51.
Stokkseyri 238—239, 263.
Storm, Knud kaupm. í Hafnarfirði 134, 529—530.
Stralsund 22, 475.
Strandasáir 552.
Straumfjörður á Mýrum 275—276.
Straumur (Straumsvík) í Hraunum 55, 57, 70, 272.
Strigi 366, 368, 370, 385, 456.
Strokkar 552.
Stykkishólmur 69, 79, 88, 112, 120, 145—146, 150, 172, 175, 182, 208, 212, 225, 227, 242, 260, 275—276, 280—283, 288, 333, 337, 343, 508.
Stykkjatólg 494.
Suðurfirðir 284.
Sundmagar 491, 513.
Sunstöl 366, 459.
Surbeck, Símon (eldri) kaupm. 40, 43—46, 58, 90; (yngri) 117.
Súgandafjörður 610.
Svalbarðsströnd 138, 295, 608, 610.
Svalbarðspinghá í Þistilfirði 137, 295.
Svane, Pétur kaupm. 189.
Svarfaðardalsós 610.
Svarfaðardalur (Svarfdælir) 145, 147, 152, 603.
Svartabrauð sjá skipsbrauð.
Sveinn Símonarson prófastur 362.

Sveinn Sölvason lögmaður 231, 421, 649.
Sveitaprang sjá landprang.
Svigar (svigakerfi) 367, 446.
Sviknar vörur 50, 57, 61, 73, 77, 84—86, 99, 196—197, 208, 240—242, 245, 437—438, 441—442, 446—449, 452—453, 455—456, 458, 460—461, 465—466, 468, 476—478, 481—482.
Svínsflesk (reykt) 472.
Sykur 470—472.
Sýslumenn háðir kaupmönnum 532—533.
Sælgætisbrauð 444.
Sæmundur Árnason bóndi 75.
Sænguráklæði 368, 457.
Sörensen, Niels kaupm. 44.

Tala verzlunarþjóna 225, 231, 309—310.
Tanche, Martin sendiboði Danakgs. i Hollandi 586.
Tálknafjörður 284, 607, 610.
Te 469—471.
Teitur Pálsson prestur að Eyri í Skutulsfirði 552.
Teitur Torfason 527, 531.
Thodal stiftamtm. 246, 267, 331, 399, 432, 440, 464—465, 469, 540, 652—653.
Thomesen, Jens kaupm. 271—272.
Thorlacius, Björn kaupm. 333.
Thorlacius, Ólafur Þórðarson undirkaupm. 334.
Thott greifi 194, 199, 220—221.
Timbur 238.
Tin 450. — Smbr. Smíðað tin, tinverk, tvíbrætt tin.
Tintur 450.
Tinverk 590.
Tíu aura voð 498.
Tjara 82, 366, 397.
Tollur, uppástunga um toll í stað hafnaleigu 213, 639, 641—643.
Torfi Erlendsson sýslum. 542.
Torfi Hákonarson skipherra 594.
Torfi Jónsson sýslum. 283.
Tóbak 138, 148, 232, 238, 253, 261, 397, 466—469. — Smbr. Júðatóbak, langferðamannstóbak, munntóbak, reyktóbak, skrúftóbak.
Tólg 402, 494—495. — Smbr. Stykkjatólg, tunnubrædd tólg.
Tómas Konráðsson 140—141, 155, 528.
Tómas Nikulásson fógeti 527, 544, 596—597.
Tóuskinn (melrakkabelgir, skollaskinn) 42, 398, 497—498, 512—513.
Trékyllisvík 151, 610.
Trellund, Jónas kaupm. 111—115, 117, 120, 123, 127, 148, 470, 490, 525, 527—528, 620.
Trjáviður 196, 208, 231—232, 257, 445.
Trog 552.
Trolle, Börge 54.
Tungusveit í Strandasýslu 288.
Tunnubrædd tólg 494.
Túnsberg 6.
Tvíbandsles (tvinnabandsles) 501—502.
Tvíbrætt tin 367, 450.
Tvígirnisles 501.
Tvípumlaðir vetlingar 502—503, 505—506.

Ulfeldt, Korfitz 117—119.
Ull 400, 402—403, 495—496.
Ullarband 496.
Ullarreifi 473.

Umbúðavaðmál 499—500.
Undirkaupmenn 306—307.
Uppbót á mynt (agio) 411—412, 416—417.
Utanbúðarmenn 308—309.
Utrecht 13.

Vaðmál 398, 400, 473, 476, 498—500. — Smbr. Einskefta, gjaldavoð, helmingavoð, hreint vaðmál, klæðavoð, merkurvoð, smávoð, tíu aura voð, umbúðavaðmál.
Vagel, Mathias Jochimsen 635—637.
Valkendorf, Kristófer rentumeistari 44.
Valseyri í Dýrafirði 285.
Varningsklæði 59, 368, 370, 378, 380, 454.
Vatneyri 87.
Vatnsleysa (Vatnsleysuvík, Vatnsleysuströnd) 17, 55, 57, 70—71, 272.
Vax 367.
Vederbor, Richard kaupm. 55.
Vefnaðarvara 454—458.
Vegir 546—548.
Veiðarfæri 238, 391, 451—453.
Veiðileysufjörður 286.
Vellir í Múlasýslu 297.
Verðlag á varningi í innanlandsviðskiftum á Íslandi 560—564, 566, 569.
Verzlun höfuðsmanna og fógeta 534—536.
Verzlun skipshafna og verzlunarþjóna 60, 78—79, 315—316, 342—344, 346, 360—361, 501, 579, 613—614.
Verzlunarhús 261, 265, 269—270, 272—273, 276—277, 279, 285, 289, 291, 293, 297, 299—303; vöktun þeirra 318—319.
Verzlunarkærur 57—58, 81—87, 99, 101—102, 104—105, 183—184, 196, 203—204, 238—240, 244, 253, 359—363, 371, 373, 514, 517, 584.
Verzlunarskuldir 70—75, 95, 179, 198, 253—254, 432—436, 516.
Verzlunarumdæmi (kaupsvið) 120—121, 131—132, 135—141, 163, 181, 225, 260—262, 268—273, 275, 277—284, 286—287, 290—292, 294—298.
Verzlunarþjónar 212, 304—317. — Smbr. Beykirar, drengir, farmenn, Íslendingar í verzlunarþjónustu hjá Dönum, karlar, kaup verzlunarþjóna, matreiðslusveinar, púlsmenn, tala verzlunarþjóna, undirkaupmenn, utanbúðarmenn, yfirkaupmenn.
Vestmannaeyjar 9, 11, 30, 39—40, 42—49, 58—60, 68—70, 102, 120—121, 132, 151, 177, 181, 187, 212, 225, 259, 261, 265, 334, 373, 377, 381, 577, 580.
Vesturfari (strigategund) 366, 368, 370, 390, 455.
Vetrarseta kaupmanna 22—25, 27—28, 31, 33, 37—38, 40, 44, 227, 251, 299, 307, 318—320.
Vetrarsetumenn 72, 111, 121, 237, 262, 307, 318—322.
Vibe, Mikkel borgarstjóri og kaupm. 89—90, 93, 105.
Viður 444—447, 471—472.
Vigfús Hólmur hirðstj. 9—10.
Vigfús Jónsson prestur í Hítardal 372.
Vigfús Þorsteinsson sýslum. 42.
Vigfús Þórarinsson sýslum. 616.

Visby á Gotlandi 4.
Vídalín, Arngrímur Þorkelsson 415—416.
Vídalín, Jón biskup 154, 159, 416, 561, 631.
Vídalín, Jón verzlunarm. 334.
Vídalín, Páll lögm. 145, 154, 159, 164, 415, 445, 455, 521, 561, 564, 631, 643.
Víkingasnekkjur 607.
Víkingsbréf 599, 609.
Vín 59, 68, 458—459.
Vogar í Gullbrs. 271.
Vog og mælir, umkvartanir um 50, 73, 104, 230, 251, 421—430.
Vopnafjörður 52, 55, 69—70, 84, 120, 137—138, 212, 225, 295—298, 344, 604, 610.
Vörupantanir 400—401, 469—473.
Vöruskifti sjávar- og sveitabænda bönnuð 146, 553, 563, 568—569.
Vöruskoðun 182—184, 186—188, 196—197, 240, 242—243, 253.
Vöruskortur 58, 60, 82, 84—85, 99, 102, 183, 196, 206—208, 238—239.
Vöruverð 11, 57—61, 82, 86—87, 100—101, 129—130, 176—177, 183, 246, 252, 257, 357—360, 362—363, 370—373, 377, 381—383, 386—387, 390, 396—399, 417—418.
Wielandt, Pétur kaupm. 134, 145, 150—151, 162.
Wind, Jörgen erindreki konungs á Íslandi 74, 372—373.
Windekilde kaupmaður 317, 328, 524.
Windekilde, Thomas nefndarmaður 645.
Winge, Peter Nikolai kaupm. 171, 280.
Wismar 22.
Wium, Hans sýslum. 646.
Wium, Jens sýslum. 545.
Worm, Óli fornfræðingur 466.
Wulff, Cornelius landfóg. 462.
Wöst, Hermann kaupm. 90, 93, 97, 527.

Yarmouth 591—592.
Yfirkaupmenn 307—308.

Þingeyri í Dýrafirði 285.
Þingsvitni um verzlun einokunarkaupmanna 197, 200—201, 532.
Þistilfjörður 296, 610.
Þjalir 367, 449.
Þjóðverjar 13—14, 16—19, 21—23, 25, 28, 30—31, 35, 40—41, 45, 49, 59—60, 62—63, 67, 70, 72—74, 76—78, 84, 89, 272, 286, 289, 291, 298—299, 318, 419, 459, 485, 498, 509, 579, 632.
Þorbergur Hrólfsson sýslum. 457.
Þorkell Pálmason bóndi 74.
Þorlákshöfn 35, 147, 263, 324, 329, 594.
Þorleifur Kortsson lögm. 560.
Þormóður Torfason sagnaritari 542, 545, 594.
Þorskalýsi 489.
Þorsteinn Benediktsson frá Bólstaðarhlíð 388.
Þorsteinn Eyjólfsson lögm. 7, 549.
Þorsteinn Magnússon sýslum. í Þykkvabæ 374—375.
Þorsteinn Magnússon sýslum. á Móeiðarhvoli 215, 243, 650.
Þorsteinn Sigurðsson sýslum. 344.

Þorsteinn Stefánsson stúdent 350.
Þorsteinn Þorleifsson sýslum. 548.
Þorvarður Árnason prestur á Klyppstað 605.
Þórarinn Jónsson sýslum. 204, 228.
Þórarinn Oddsson 526—527, 591—592.
Þórður Daðason 472.
Þórður Guðmundsson lögm. 81—82, 348.
Þórður Hallsson bóndi 556.
Þórður Henriksson sýslum. 104, 380, 385, 425, 427—428, 441—442, 446, 448—449, 460—461, 465, 518.
Þórður Jónsson prestur á Staðarstað 146, 602.
Þórður Steindórsson á Ingjaldshóli 140, 556, 593.
Þórður Þorláksson biskup 414, 471—473, 557—558.
Þórshöfn á Miðnesi 17, 57, 269.
Þórshöfn á Langanesi 57, 295.
Þriðjungaklæði 368, 454.
Þungavarningur 183, 378, 380.

Æðardúnn 282, 402, 506—508, 513.

Ögmundur Pálsson biskup 20.
Öl 68, 77, 366, 458—461, 464. — Smbr. Bjór (danskur), Hamborgaröl, Lybikubjór, Lyneborgaröl, Pryssing, Sunstöl.
Ölfus 137, 147, 180, 262, 268.
Öndverðarnes á Snæfellsnesi 136, 144, 277.
Önglar 452.
Önundarfjörður 285, 610.
Öræfi 298.

LEIÐRÉTTINGAR.

Bls. 48 nm. l. 13 a. n. im les in.
— 180 l. 16 a. o. Magnús les Markús.
— 224 l. 3 a. o. Skibstad les Skibsted.
— 332 (blaðsíðutalan rangprentuð 232).
— 432 l. 11—12 a. o. niðurtöðu les niðurstöðu.
— 526 (blaðsíðutalan rangprentuð 226).

Á bls. 44 er Jörgen Kydt kallaður landfógeti á Íslandi og er það haft eftir O. Nielsen (Köbenhavn 1536—1660 II, 211). Að líkindum hefur hann þó að eins verið fógeti eða umboðsmaður í Vestmannaeyjum eins og títt var um kaupmenn konungs þar í eyjunum.